Lagafrumvörp feld.

1. Hitun kirkna.

Á 1. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. febrúar, var útbýtt

Frumvarpi til laga um hitun kirkna (stj.frv., A. 9).

Á 3. fundi í Ed., föstudaginn 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg finn enga ástæðu til að fara mörgum orðum um frv. þetta og læt mjer nægja að skírskota til ástæðna biskups, er fylgja frv.

Halldór Steinsson: Jeg teldi auðvitað mjög æskilegt, að hægt væri að hita upp kirkjur, en verð þó að líta á það, að slíkt hefir allmikinn kostnað í för með sjer. Jeg tel mjög varhugavert að íþyngja sveitarfjelögum, er mörg munu vera á heljarþröminni. Jeg álít, að slík till. sem þessi ætti að koma frá hreppunum sjálfum, en ekki frá þingi eða stjórn. Tel frv. ekki tímabært, en legg þó ekki á móti, að því sje vísað til nefndar til athugunar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal ekki tefja með langri ræðu, en vil að eins geta þess, að mjer finst, að frv. slái sæmilegan varnagla við því, að lögin ofþyngi mönnum, þar sem söfnuðurinn hefir það á valdi sínu, hvort hita skal eða ekki; legg þó ekkert kapp á, hvort frv. nær fram að ganga, en bjóst síst við því, að það mundi sæta andmælum frá lækni. Kostnaðurinn yrði aldrei tilfinnanlegur, þó að hann yrði nokkur, og ætti ekki að vera ofvaxinn sveitarfjelögunum.

Björn Kristjánsson: Jeg vil leyfa mjer að koma með þá athugasemd, að þar sem gert er ráð fyrir, að kirkjur þær, sem sett eru í hitunartæki, verði einnig vátrygðar, þá getur orðið órjettlátt, að sama regla gildi um þær allar. Sumar kirkjur eru langtum stærri heldur en þarfir safnaðarins heimta, t. d. Bessastaðakirkja og Grundarkirkja, og mundu verða virtar mjög hátt til brunabóta, enda yrðu hitatækin og dýr. Þetta mundu verða mikil gjöld fyrir eigendur, einkum þar sem kirkjan er bændaeign, og væri nauðsynlegt að sjá kirkjum fyrir auknum tekjum til að standa straum af þessum nýja kostnaði, ef hann verður á lagður.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg álít, að vel mætti taka það til athugunar, hvort vátryggja beri kirkjur að fullu, ef kostnaðurinn verður mjög mikill. Vátryggingargjaldið yrði allhátt af timburkirkj-

um, en lægra af steinkirkjum. Sem stendur er að vísu engin vátryggingarskylda utan Reykjavíkur. En jeg tel þó óhyggilegt að vátryggja ekki timburkirkjur; hættan of mikil að hafa þær óvátrygðar. Vel gæti það komið til greina að vátryggja að eins fyrir þeirri upphæð, sem nægði til að koma upp hæfilega stórri kirkju handa söfnuðinum, þar sem svo hagar til, að kirkjur eru óþarflega stórar og dýrar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. (sjá A. bls. 656) með 8 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., föstudaginn 3. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 52).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Jeg sje ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um frv. þetta. Læt mjer nægja að vísa aðallega til ástæðna þeirra, sem því fylgja frá stjórninni.

Það er einkum kostnaðarhliðin á málinu, sem ýmsum kann að þykja athugaverð. Sá kostnaður er þrennskonar:

1. Hitunartæki.
2. Eldiviður.
3. Vátrygging.

Eftir frv. stjórnarinnar er kostnaðurinn af hitunartækjum kirkjunnar lagður á herðar kirkjueiganda, og sömuleiðis vátryggingargjald. Þetta virðist nefndinni eðlilegt, þar sem þetta hvorttveggja er svo nátengt eigninni í kirkjunni sjálfri. En þar á móti er eldsneytiskostnaður lagður á herðar safnaðarins, og er það gert til þess að ljetta kostnað kirkjueiganda og komast hjá því að ganga of nærri því, sem talist gæti eignarrjettur hans. Þess eru dæmi, að sumir kirkjubændur, sem eiga kirkjur, vilja eigi sleppa eignarhaldi sínu á þeim við söfnuðinn, og eigi heldur leggja á sig aukin útgjöld þeirra vegna, og veitir þá frv. þetta, ef að lögum verður, söfnuðunum rjett á að fá því framgengt, að þær verði hitaðar, og virðist nefndinni það fullkomlega rjettmætt, á ofannefndum grundvelli.

Nefndin felst því á frv. stjórnarinnar og leggur til, að háttv. deild samþykki það óbreytt.

Halldór Steinsson: Eins og hv. þm muna, lagðist jeg á móti frv. þessu við 1. umr., og hefir skoðun mín í því efni haldist óbreytt. Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) taldi undarlegt, að læknir legðist á móti frv. þessu. Leitt, að hann er nú ekki við. En jeg tók fram þá, að jeg teldi víst, að söfnuðir mundu hita upp kirkjur sínar, án þess að til lagaboðs kæmi, enda víða verið gert. Vil ekki láta þvinga þetta fram með lögum. Verð því á móti frv. og býst við, að svo verði um fleiri.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Frv. leggur það algerlega á vald meiri hluta safnaðar, hvort hita skal kirkjuna eða eigi. Um þvingun er því að eins að ræða, ef kirkjueigandi setur sig upp á móti vilja meiri hluta safnaðarins í þessu efni. Og vil jeg telja það ilt, ef bændum, sem eru kirkjueigendur, getur haldist það uppi að setja sig á móti vilja safnaðarins í þessu efni, sem snert getur svo mjög heilsu almennings.

Guðmundur Ólafsson: Það eru aðallega orð háttv. frsm. nefndarinnar (S. F.), er koma mjer til að taka til máls. Jeg get ekki fallist á, að það sje ósanngjarnt að gera kirknaeigendum að skyldu að leggja til ofna í kirkjur sín-

ar, því að til þeirra renna allar tekjur þeirra, sem nýlega hafa verið hækkaðar að góðum mun. Söfnuðirnir eru því þeir, sem fyrir skakkafallinu verða, er þeir eru neyddir til að greiða kirkjugjöld til þeirra kirkna, sem venjulega eru ekki nothæfar, vegna kulda, annan helming ársins.

Reyndar vil jeg ekki mótmæla því, að þessu megi koma í lag án þess að frv. þetta verði að lögum, en samþykt þess mundi þó gera það auðveldara og flýta fyrir því. Þingið hefir líka áreiðanlega oft samþykt ýms frv., er við minni rök höfðu að styðjast. Annars sýnir það sjálfsagt mikla fáfræði hjá mjer, að jeg veit eigi vel, hvað þessar ljenskirkjur eru, sem svo mikið er talað um. Mun svo vera um fleiri hv. þm., því að hjá engum þeirra, er jeg hefi spurt að þessu, hefi jeg fengið skýlaust svar. Væri því gott að fá upplýsingar um það frá hv. nefnd.

ATKVGR.

1. gr. **feld** með 8 : 5 atkv.

2. Prentun umræðuparts Alþingistíðinda.

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 18. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um að fella niður prentun á umræðuparti Alþingistíðindanna (þm.frv., A. 22).

Á 5. fundi í Nd., mánudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Þorgilsson): Það er ekki neitt skrum eða orðagjálfur, þótt sagt sje, að hagur ríkissjóðs standi höllum fæti. Það er, því miður, raunhæfur sannleiki. — Ríkissjóður skuldar tugi miljóna króna, og lánstraust er þverrandi, ef ekki nær þrotið. Árlega vexti og afborganir af þeim skuldum má telja í miljónum. Árleg, áætluð tekjuþörf, þó að nær ekkert sje veitt til verklegra framkvæmda og dregið sem mest að unt er — og sumstaðar meira en unt er — úr lögfestum fjárveislum, verður ætíð hærri en hægt er að áætla tekjurnar. Gjöldin eru áætluð upp undir 10 milj. kr., en svo hátt er ekki hægt að teygja tekjurnar, hvernig sem teygt er. Er því árlegur tekjuhalli á fjárhagsáætlun ríkisins, þrátt fyrir svo þunga skatta á einstaklingum og atvinnuvegum, að öll þjóðin stynur undir. Hagur banka, einstaklinga og fjelaga er svo, að skuldir við erlenda banka og verslunarhús má telja í tugum miljóna króna. Íslenskar afurðir eru flestar fallnar í afarlágt verð, og þó enn fallandi. Afleiðingin af þessu öllu er sú, að fjárhagsástæður ríkisins eru lítilsvirtar og íslenski gjaldmiðillinn stórum fallinn í gengi. Það má því segja, að hagur lands og ríkis sje mjög tæpur.

Það er því ekki að furða, þótt háværar raddir heyrist hvaðanæva um það, að eitthvað þurfi að huga til bjargráða, að stjórn landsins, þing og þjóð verði að grípa til einhverra úrræða. Og þá dettur flestum í hug það ráð að spara sem mest á öllum sviðum. Það er ef til vill ekki alleinasta ráðið, en þó það, sem munar mestu. Við flm. frv. á þskj. 22 erum sammála um, að þessi hugsjón sje rjett. Við lítum svo á, að sú kostnaðargrein — prentun á umræðuparti Alþt. — sje ein af þeim, sem megi og eigi að spara, að svo vöxnu máli.

Almenningsafnot af prentun ræðupartsins eru eigi svo mikilvæg, að stór eftirsjá sje í, en hins vegar er kostnað-

urinn eigi svo lítil útgjaldagrein fyrir ríkissjóð, þar sem það mun nema nálega ¼ af alþingiskostnaðinum. Síðasta ár nam alþingiskostnaðurinn 355 þús. kr., en prentun umræðupartsins rúmum 50 þús. kr. Þykir oss flm. einsætt að spara þennan kostnað, en gildandi lög um þingsköp Alþingis mæla svo fyrir, að umræður þingdeildanna og sameinaðs Alþingis skuli prenta í Alþingistíðindunum. Þessi kostnaður verður því ekki sparaður nema með lagaboði, og í því skyni er frv. fram komið.

Jeg býst við, að frv. kunni að mæta einhverjum mótbárum, en vona þó, að það fái að ganga rjetta boðleið gegnum deildina, og æski þess því, að frv. verði, að loknum umr., vísað til 2. umr. og þá til fjárhagsnefndar.

Bjarni Jónsson: Hv. flm. (E. Þ.) hafði mörg orð um það, hve hagur ríkissjóðs væri illur. Ef jeg hefi skilið hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) rjett, þá er hann lagði fram fjárlagafrv., þá er hagur ríkisins að vísu ekki góður, en þó miklu betri en þessi hv. þm. (E. Þ.) vildi vera láta. Hann kvað lánstraust landsins þrotið, en hæstv. fjrh. hjelt hinu gagnstæða fram, því að hann sýndi fram á, að þau lánskjör, sem vjer hefðum fengið, væru engu verri en annara vel stæðra ríkja. Tekjuhalli hefir oft verið ráðgerður í fjárlögum, en þó ekki orðið fyr en á síðustu árum. (**Fjrh.**: Ekki það?). Nei. (**Fjrh.**: Hvað kallar þm. síðustu ár?). Jeg nefndi ekki síðustu og verstu ár, en annars leiðrjettir hæstv. ráðherra (M. G.), ef mjer skýst.

En annars held jeg, að hv. þm. (E. Þ.) mikli þetta fyrir sjer; hallinn síðasta ár er í mesta lagi ein miljón. Og ef svo er nú, að um verulegar kröggur ríkisins sje að ræða, þá efa jeg mjög, að það sje nokkur bót, þótt hætt sje að prenta þingtíðindin.

Háttv. flm. (E. Þ.) kvað þörf á því að spara bæði ríkisfje og einstaklingsfje, og er það sannmæli. En ef, eins og frv. þetta fer fram á, er sparað ríkisfje það, er ríkissjóður geldur starfsmönnum fyrir vinnu sína, þá er ekki þar með sparað fje þess manns, sem fyrir vinnutjóninu verður. Jeg tel það harla vafasamt, að ríkinu sje hagur að því, að svifta menn atvinnu. Það kemur á herðar ríkisins að lokum að halda lífinu í þjóðinni, og jeg sje ekki til þess annað ráð vænlegra en að ríkið stuðli sem mest að því, að allir geti haft atvinnu. En þetta frv. gengur í gagnstæða átt. Það fer ekki fram á að veita mönnum atvinnu, heldur hitt, að svifta þá menn atvinnu, er áður hafa haft hana. — Ekki getur það heldur talist mikið bjargráð úr fjárkreppu landsins að spara mjög fje innanlands, það, sem gengur manna í millum. Þjóðarhaginn út á við stendur fyrir því jafnrjettur. Fjárkreppan er fólgin í hinu, að fyrir óhófleg vörukaup hefir landið komist í þrot með erlendan gjaldeyri. Það eina, sem sparast mundi í þá átt, ef frv. næði fram að ganga, er pappír og prentsverta, sem vart munu vera svo stórvægilegir liðir, að sparnaður þeirra geti bjargað landinu úr gjaldeyrisvandræðunum.

Jeg hygg því, að þessi sparnaður, sem hv. flm. gera svo mikið úr, sje á misskilningi bygður, þótt jeg hins vegar efist ekki um, að þeir beri þetta frv. fram í góðum tilgangi og telji það hag fyrir land og þjóð, að prentun falli niður, þótt prentarar við það missi atvinnu. En eins og jeg þegar hefi tekið fram, þá hygg jeg það álit þeirra ekki rjett.

Það er og fleira, sem kemur til álita

í þessu máli, en sparnaðurinn einn. Sumt er þannig vaxið, að það er ekki sæmilegt að spara til þess. Og svo er um þetta atriði. Hjer sitjum vjer í Reykjavík, fulltrúar heillar þjóðar, sem kjósendur hafa sent á þing víðsvegar af landinu. Og vjer rökræðum velferðarmál þjóðarinnar. En ef frv. þetta nær fram að ganga, þá geta ekki kjósendurnir, sem eru dómarar vorir, vitað, hverju vjer höldum fram í ýmsum málum, hvort það er oss heldur til sæmdar eða vansæmdar. Vildi jeg síst verða endurkosinn til þings vegna þess, að kjósendur mínir hefðu ekki vitað, hverju jeg hefði haldið fram í ýmsum málum í þinginu.

Þar sem jeg nú hefi sýnt fram á, að sparnaðurinn við að þetta frv. gangi fram er að eins sáralítill, aðallega pappír og prentsverta, og hins vegar, að það er ósómasamlegt, að þm. haldi ræður sínar fyrir sama sem luktum dyrum, þá hygg jeg ekki rjett að láta þetta frv. fara gegnum þingið.

Kostnaðurinn við þetta frv. legst og á metaskálarnar gegn því. Ef það á að ganga gegnum þrjár umræður í hvorri deild, og ef til vill koma fyrir sameinað þing, þá hygg jeg, að saxast fari á limina hans Björns míns.

Það er og vitaður hlutur, að umr. þessa þings verða aldrei lengi saltaðar, því þjóðin vill fá að vita, hve tungur þm. sjeu þarfir limir. Upphæðin, sem sparast í bili, verður því í raun og veru engin, því umr. þessa þings verða áreiðanlega prentaðar seinna.

Magnús Pjetursson: Úr því tekið er að ræða þetta mál þegar við fyrstu umr., þá leyfi jeg mjer að segja nokkur orð, án þess þó að ætla með því að andmæla hinni ágætu stefnuskrárræðu sparnaðarflokksins nýja.

Það hefir alloft áður verið rætt um þetta mál hjer í þinginu og sýnst um það sitt hverjum, sem við er að búast, Og þegar það var hjer síðast til umr., þá kom það fram í umr., að eiginlega væri þetta mál, sem þm. gætu naumlega ráðið til lykta á Alþingi. Hjer væri um að ræða sjerstök hlunnindi til kjósenda, sem ekki væri rjett að svifta þá, nema þeirra samþykki kæmi fyrst til. Jeg býst nú við, að hv. flm. frv. hafi borið þetta mál undir kjósendur og hafi samþykki þeirra. En af því að jeg var svo slysinn að vera ekki í tölu þessara hv. þm., þá vil jeg geta þess, að jeg í mínu kjördæmi hefi einmitt farið þessa leið, að bera málið undir kjósendur. Frá kjósendum komu ýms svör, en þó var samþ. að fresta í svip prentun umræðupartsins, og því er jeg frv. fylgjandi. Annars þætti mjer fróðlegt að heyra, hvort hv. þm. hafa víða farið þessa leið, því það er mikilsvert að heyra vilja kjósendanna um þessi efni, þar sem þetta atriði kemur einmitt svo mjög til þeirra kasta.

Fjrh. (Magnús Guðmundsson): Örfá orð út af þeim ummælum hv. þm. Dala. (B. J.), að ekki hefði komið fram tekjuhalli á fjárlögunum fyr en á síðustu og verstu tímum (**B. J.:** Sagði ekki verstu), og fann jeg, að hann meinti með því þann tíma, sem jeg hefi verið í stjórn.

Þetta er algerlega rangt hjá hv. þm. (B. J.), og til þess að taka af öll tvímæli, vil jeg leyfa mjer að lesa, með leyfi hæstv. forseta, örlítinn kafla úr ræðu fjrh. á þinginu 1919:

„Jeg vil leyfa mjer að minna á, að jeg á sumarþinginu í júlímánuði síðastl. gerði ráð fyrir því, að allmikill tekjuhalli mundi verða á árinu 1918, og nefndi hjer um bil 2 milj. eða meira.

Sú spá hefir því ver og miður ræst og hefir tekjuhallinn orðið, eftir bráðabirgðayfirlitinu, h. u. b. kr. 2500000, eða rúmar tvær miljónir fram yfir hinn áætlaða tekjuhalla fjárlaganna."

Meira þarf ekki til þess að sýna hv. þm. Dala. (B. J.), að hann hefir farið með rangt mál.

Enn fremur eru þau ummæli hans fjarri sanni, að þingið fari fram fyrir luktum dyrum, ef þetta frv. er samþ. Bæði eru ávalt margir áheyrendur að því, sem hjer fer fram, og einnig er gert ráð fyrir, að ræður verði ritaðar upp, eins og áður.

Jakob Möller: Það er að vísu ástæðulítið fyrir mig að standa hjer upp, þar sem till. hefir komið fram um að vísa málinu til þeirrar nefndar, sem jeg á sæti í. En þó virðist mjer rjett að benda hv. þm. strax á eitt atriði, sem ekki sýnist vera þeim enn fyllilega ljóst, en það er, hvað sparnaðurinn er í raun og veru fjarskalega lítill.

Hv. flm. frv. segja, að prentun á umræðuparti þingtíðindanna í fyrra hafi kostað ca. 50 þús. kr. Þetta er vafalaust rjett, en hins ber þá og að gæta, að það þing var eitt með allra lengstu þingum, sem háð hafa verið. Og enginn vafi er á því, að þetta þing verður langtum styttra, að minsta kosti hvað umr. snertir, sem ráða má af því, hve fá stj.frv. liggja fyrir þessu þingi. Í fyrra hafði ein nefnd t. d. um 20 stj.frv. til meðferðar, sem öll voru rædd og afgreidd frá þinginu. Nú eru stj.frv. öll um 20 talsins. Það má því efalaust gera ráð fyrir því, að prentkostnaður umræðuparts nú verði helmingi lægri en í fyrra, eða að eins ca. 25 þús. kr.

Auk þessa er vert að athuga, að þótt svo heiti, sem umræðuparturinn falli úr þingtíðindunum, þá verður þó ekki hjá því komist nú að prenta ýmislegt það í skjalapartinum, sem áður hefir heyrt hinum til, og verður sú prentun þá dýrari en áður og skjalaparturinn lengri en ella.

Loks verður ekki hjá því komist að vjelrita allar umræður í nokkrum eintökum, til afnota bæði handa þm. og öðrum. Þegar allur þessi aukakostnaður er tekinn með í reikninginn, þá fer að koma nokkuð mikið upp í þessar 25 þús. kr. Gæti jeg best trúað, að sparnaðurinn yrði í hæsta lagi ca. 10 þús. kr., og er þá sparnaðurinn meira orðið að sýnast en vera. Og ef svo skyldi fara, að prentun umræðupartsins yrði tekin upp aftur, þá yrðu umr. frá þessu þingi vitanlega prentaðar síðar, og verður þá ekki neitt úr sparnaðinum.

Flm. (Einar Þorgilsson): Hæstv. fjrh. (M. G.) hefir að miklu leyti svarað hv. þm. Dala. (B. J.) því, sem jeg þurfti.

Það er misskilningur hjá þeim hv. þm. (B. J.), að hann segir mig hafa meint svo, að ríkissjóður ætti einn að spara, en meining mín var, að allir ættu að hafa samtök um að spara.

Sami hv. þm. (B. J.) kvað mig hafa gert of mikið úr því, hve hag ríkisins væri komið í ilt efni og að lánstraust ríkissjóðs væri þverrandi eða í þrot komið. Jeg tók svo eftir hæstv. fjrh. (M. G.), þegar hann lagði fram fjárlögin, að lán mundi naumlega fáanlegt eða alls ekki. Og mín skoðun er sú, að hag ríkis og einstaklings sje nú svo komið, að vafasamt sje, að hægt sje að fá lán erlendis.

Sami hv. þm. (B. J.) lagði áherslu á, að sú grein, sem við vildum spara, væri lítilsverð. Jeg viðurkenni það, að út af fyrir sig er þessi sparnaðargrein þess ekki valdandi, að við losnum úr

fjárkreppunni, en ef í þessa átt væri haldið á öllum sviðum, þá gæti það að gagni komið.

Þessi hv. þm. (B. J.) sagði, að ef hætt væri að prenta umræðupartinn, þá væri það sama sem að halda þingið fyrir luktum dyrum. Að vísu er þetta að því leyti rjett, sem þingtíðindin eru lesin úti um land. En mjer er ekki kunnugt um, að Alþingistíðindin sjeu lesin á hverju heimili til uppbyggingar. Getur það að vísu átt heima hjá þessum hv. þm. (B. J.), að ræður hans eru margar betur lesnar en ólesnar, en fallið hafa þó hjá honum þau orð, sem jeg ekki get talið alþýðu til uppbyggingar.

Háttv. þm. Str. (M. P.) sagði, að þetta mál ætti að leggja fyrir kjósendur áður en það yrði lögbundið. Að svo miklu leyti sem það hefir komið til tals milli mín og kjósenda, þá hafa þeir talið þeim kostnaði betur varið til annars. Jeg held þess vegna, að jeg geti af þeirri ástæðu mælt með, að þessi gjaldapóstur verði feldur niður.

Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) reiknaði kostnaðinn við prentun umræðupartsins miklu lægri. En það mun hafa verið að mestu út í bláinn gert. Enginn getur um það sagt, hvort umr. á þessu þingi verði stuttar eða langar.

Eftir ummælum hv. þm. Dala. (B. J.) mætti ætla, að hann teldi þingræður bestu auglýsingu með þm. til þess að ná endurkjöri, og mætti því ætla, að ef prentun umræðuparts Alþingistíðindanna fjelli niður, yrði það til þess, að bæði þessi hv. þm. (B. J.) og aðrir töluðu heldur minna.

Bjarni Jónsson: Jeg hefði ekki þurft að standa upp aftur, ef hæstv. fjrh. (M. G.) hefði ekki tekið til máls. Það að jeg nefndi hans stjórnartíð var bara af glettni; jeg vildi ekki gera upp á milli hans og annara. En annars átti jeg við síðustu ár, þar sem halli hefir verið á fjárlögunum. Auk þess mundi jeg ekki, hve nær hæstv. fjrh. (M. G.) tók við völdum.

Jeg get ekki verið sammála honum, að þing sje ekki háð fyrir luktum dyrum, þótt Reykvíkingar hlusti á. Fyrst er það, að þeir eru ekki svo minnisgóðir, að þeir kunni rjett frá því að segja, er þar gerist; það er af sá sið-ur, sem tíðkaðist á söguöldinni, að menn settu alt á minnið. Auk þess ferðast Reykvíkingar ekki víðsvegar um land, og í þriðja lagi hafa fjarlæg kjördæmi ekki hugmynd um, hvað hjer verður, þótt það sje geymt í handritum hjer; það er ærin leið að koma norðan af Hornströndum eða Langanesi, til þess að kynna sjer það. Það þýðir ekki að þræta um það, að þetta er sama sem þing sje háð fyrir luktum dyrum, og jeg tel það ekki sæmilegt að fela þannig orð og athafnir þm., sem starfa í umboði þjóðarinnar. Jeg er þeirrar skoðunar, að öll launung í stjórnmálum skapi ilt eitt.

Ef sparnaðurinn væri mikill, þá gæti jeg skilið að menn fylgdu þessu fast fram, en það mun láta nærri, að allur sparnaðurinn getur ekki farið fram úr 30 þús. krónum, en frá því getur margt dregist, og þá er sparnaðurinn sára lítill og ekki samanberandi við það, ef prentararnir yrðu að leggja niður iðn sína, sökum þess, að hún borgaði sig ekki, en þetta er viðbúið; en það er háskalegt að skemma fyrir prentarastjettinni.

Jeg get verið hv. flm. (E.Þ.) þakklátur fyrir hnútukast hans, ef hann vildi láta prenta þau, svo kjósendur hans geti sjeð, hversu spakur hann er í tilsvörum öll-

um. Vænti jeg nú þess af honum, að hann snúist frá villu síns vegar, svo jeg fái makleg málagjöld fávisku minnar, en kjósendur hans geti klappað honum lof í lófa, sakir vitsmuna og skarpskygni.

Magnús Jónsson: Jeg skal nú ekki tefja tímann lengi. Í greinargerð þessa frv. er sagt, að það sje borið fram vegna hinnar yfirstandandi fjárkreppu, og því finst mjer, að umr. fari nokkuð fyrir ofan garð og neðan. Jeg mundi vera með þessu, ef jeg áliti, að um nokkuð verulegan sparnað væri að ræða, en á því tel jeg mikla tvísýnu. Það eru tvö atriði í þessu máli, sem ekki hefir verið minst á. Í greinargerðinni er miðað við þingið í fyrra, sem er eitt hið lengsta þing, sem háð hefir verið, svo við það er alls ekki miðandi, því að ekki geta flytjendurnir ætlað á þann hátt að losna við kostnaðinn frá í fyrra. Hv. samþm. minn, 1. þm. Reykv. (Jak. M.), mintist á þetta. En auk þess hefi jeg heyrt, að komast mætti að betri kjörum með prentunina en í fyrra, svo kostnaðurinn ætti að geta minkað að mun af þeim ástæðum.

Þá kemur hitt atriðið. Jeg veit ekki betur en allir sjeu sammála um, að prenta eigi skjalapartinn eftir sem áður. En það er áreiðanlegt, ef hætt verður að prenta ræðupartinn, en skjalaparturinn einn prentaður, þá hlýtur hann að verða mun lengri en hann mundi annars verða, og prentun hans því dýrari. Og auk þess má búast við, að prentun yrði dýrari á hverja örk, þegar ræðupartinum væri kipt burtu. Þegar menn hyggja að þessu, þá sjest fljótt, að þó nokkuð molast úr þessum sparnaði og hann verður ekki eins mikill og virðast mætti í fljótu bragði. Sem sagt, jeg gæti verið með till. þessari, ef jeg áliti, að um nokkurn verulegan sparnað væri að ræða, en hjer hygg jeg, að því sje ekki til að dreifa.

Jakob Möller: Jeg átti von á því, að hv. fjármálaráðh. stæði upp til þess að leiðrjetta misskilning, sem kom fram hjá hv. flm. þessa máls. En hann hefir nú ekki gert það, þótt hann hafi hlotið að heyra, hvað flm. sagði, og því verð jeg að leiðrjetta hann, því að mjer þykir leiðinlegt að láta það sjást ómótmælt í ræðu hans, jafnvel þótt hún komist kannske aldrei á prent. Hann sagði nefnilega, hv. flm., að hv. fjármálaráðh. hefði sagt í ræðu sinni, að ekki hefði verið hægt að fá hærra lán í Englandi en það, sem stjórnin tók. En það er, ef ekki öllum, þá að minsta kosti fjölda manna vitanlegt, að tilboð kom fram um helmingi hærra lán. Jeg vildi að eins leiðrjetta þennan leiða misskilning, úr því að hæstv. fjármálaráðh. hummaði það fram af sjer.

Sveinn Ólafsson: Jeg vil ekki gefa tilefni til þess, að umræðupartur Alþingistíðindanna lengist, ef það á að standa við hin fornu ákvæði. En jeg verð þó að lýsa skoðun minni, og hún er hin sama og 1919. Jeg get því tekið undir með hv. þm. Dala. (B. J.) og hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) um flest. Þó fanst mjer hv. þm. Dala. leggja fullmikla áherslu á þá hlið málsins, sem að prenturunum snýr. Fyrir mjer er það aðalatriðið, að mjer virðist hjer tekið frá almenningi menningargagn, sem hann má ekki án vera. Mjer virðist með þessu seilst í vasa þess, sem minst á og síst má við því. Því það er ómögulegt fyrir almenning úti um land að kynnast störfum þingsins, ef þingtíðindin verða frá honum tekin. Hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) skaut því fram, lauslega þó, að skjalaparturinn mundi vaxa, ef ræðuparturinn fjelli

niður. Jeg veit ekki, hvort menn hafa veitt því eftirtekt, á hvern hátt það má verða, en sú mun þó verða raunin á. Þegar þingnefndir og þingmenn eiga ekki von á því, að umræðurnar verði prentaðar, þá neyðast allir til að hafa greinargerðir og nefndarálit um frumvörpin þeim mun lengri og ítarlegri sem nemur helstu skýringum í framsögu málanna. Jeg held því, að sparnaðurinn verði hverfandi lítill og á kostnað þeirra, sem síst skyldi. Þótt jeg vilji fegins hugar fylgja þeim að málum, sem sparnaðarleiðina vilja fara, þá treysti jeg mjer ekki til að fylgja þeim að þessu máli, og hygg þá vinna fyrir gýg.

Gunnar Sigurðsson: Jeg fjell frá orðinu áðan, en skal þó segja nokkur orð. Jeg er á sama máli og háttv. þm. Str. (M. P.), að þetta mál snerti mest kjósendurna. Þess vegna bar jeg þetta undir kjósendur mína á öllum þingmálafundum, sem jeg hjelt eystra, og þeir samþyktu alstaðar að láta hætta að prenta þingtíðindin. Jeg býst við, að jeg geti sagt það með sanni, að jeg sje ekki mikill kjósendadaðrari, en þó mun jeg greiða atkvæði að þeirra vilja í þessu máli. Að endingu vil jeg skora á hv. deildarmenn að eyða nú ekki meiri tíma í umræður um þetta mál en sem nemur því, sem sparast kynni við að láta ekki prenta umræðupartinn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17: 3 atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 657) með 20 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., mánudaginn 6. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 22, n. 63 og 65).

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Jeg þarf í raun og veru engu við það að bæta, sem í nefndaráliti meiri hl. er tekið fram um þetta mál.

Nefndin hefir rannsakað það allítarlega, hver sparnaður mundi verða að því að fella niður prentun umræðupartsins, og niðurstaða þeirrar rannsóknar hefir orðið, eins og nefndarál. ber með sjer, að sá sparnaður mundi á þessu ári ekki fara fram úr 10 þús. kr., eins og jeg líka staðhæfði við 1. umr. málsins. Öll prentun þingtíð. í fyrra nam rúml. 90 þús. kr., auk pappírs. Ætla má, að þau verði þriðjungi styttri í ár, svo að prentkostnaður allur yrði, að óbreyttu verði, um 60 þús. kr. Prentsmiðjurnar hafa þegar boðið fram 10% afslátt, og nefndin fjekk vilyrði fyrir nokkru frekari afslætti, þó að ekkert tilboð liggi fyrir um það, vegna þess að nefndin gat ekki öll orðið sammála um að semja við prentsmiðjurnar á þeim grundvelli. En fullyrða má, að alt að 10 þús. kr. afsláttur sje fáanlegur á allri prentuninni, miðað við verðlagið í fyrra, en sá afsláttur er því skilyrði bundinn hvað skjalapartinn snertir, að umræðurnar verði einnig prentaðar. Þess vegna má með rjettu draga þessa upphæð frá prentunarkostnaði umræðupartsins. Að óbreyttu verðlagi á prentun og pappír, mundi prentunarkostnaður umræðupartsins nú nema um 30 þús. kr., en að afslætti þessum frádregnum verða eftir um 20 þús. kr. Þar frá mundi dragast verðfall á pappír og nokkur lækkun á öðrum útgáfukostnaði, sem ekki verður áætlað nákvæmlega. Nú er gert ráð fyrir því að afrita umræðurnar í að minsta kosti 4—5 eintökum, og er það allmikið verk. Þann kostnað yrði einnig að draga frá, þegar finna ætti út, hver sparnaður yrði að því að fella niður prentunina. Og loks ber þess að gæta, að við það, að prentun umræðupartsins

yrði lögð niður, mundi skjalaparturinn lengjast allmjög, vegna þess, að í hann yrðu þá tekin úrslit mála, atkvæðagreiðslur allar o. fl., en prentun hverrar arkar í skjalaparti er 70 kr. dýrari en í ræðuparti. Að þessu öllu athuguðu, hika jeg ekki við að fullyrða, að sparnaðurinn við að fella niður prentun umræðupartsins geti ekki farið fram úr 10 þús. kr. á ári.

Nú ber þess að gæta, að það mundi brátt koma í ljós, að vjelrituðu eintökin af umræðunum yrðu algerlega ófullnægjandi. Fyrst og fremst mundu þau ganga svo fljótlega úr sjer, að þau yrði að endurnýja, en auk þess yrði að fjölga þeim stórkostlega. Það er í raun og veru öllum vitanlegt, að með engu móti verður til lengdar komist hjá því að prenta umræðurnar. — Í þessu sambandi leyfi jeg mjer að minna háttv. þd.menn á það, að undir umræðunni um næsta mál á undan á dagskránni varð hæstv. fjármálaráðherra að senda þingsvein inn á skrifstofu eftir umræðuparti þingtíð. frá 1919, til þess að leita þar að skýringum á lögunum um kola- og salttollinn, og það kemur vitanlega oft og einatt fyrir, að fara verður í þingtíðindin til að skýra lög, og það eru ekki að eins þingmenn, sem þurfa á þessu að halda á Alþingi, heldur menn úti um alt land, sjerstaklega dómarar og málafærslumenn. Ef þessari þörf á að verða fullnægt, þá er auðsætt, að vjelrituðu eintökin verða að vera margfalt fleiri en gert er ráð fyrir, og verður þá afritunarkostnaðurinn óhjákvæmilega margfalt meiri en prentkostnaðurinn, svo framarlega sem það er þá bábilja einber, að nokkurt hagræði sje í því að prenta í stað þess að afrita. Niðurstaðan verður því sú, að með því að hætta að prenta umræðurnar og láta í þess stað afrita þær er þingið að taka nokkurra alda stórt skref aftur á bak í menningarlegu tilliti.

Ef þetta er rjett, sem jeg hefi nú sagt, þá getur auðvitað að eins verið um það að ræða að fella niður prentun ræðupartsins um eitt eða fá ár, og þá með það fyrir augum, að ræður frá þeim þingum verði prentaðar síðar. Um sparnað verður þá alls ekki að ræða, þegar til kemur, heldur þvert á móti hinn mesta ósparnað. En þó að gengið væri út frá því, að ekki þyrfti að prenta ræðurnar frá nokkrum þingum, þó að prentun yrði tekin upp aftur, þá yrði sparnaðurinn samt hverfandi. Og þó að vitnað sje í vilja landsmanna, þá verð jeg að segja, að jeg met það einskis, vegna þess, að málið hefir verið rangt skýrt á þingmálafundunum af þingmönnum. Í þingmálafundargerðum er talað um prentunarkostnað, sem nemi 90 þús. kr., og er það skiljanlegt, að menn vildu fegnir spara slíka upphæð. En slíkt kemur ekki til mála, og jeg staðhæfi, að ef almenningur hefði gert sjer það ljóst, hvað lítinn sparnað hjer getur yfirleitt verið um að ræða, þá hefði ekki einn einasti þingmálafundur samþykt að fella niður prentun umræðupartsins.

En fyrir augum meiri hl. nefndarinnar er fjárhagshlið málsins engan veginn aðalatriðið, heldur hitt, að það verður að teljast alveg ósæmilegt að loka þannig þinginu fyrir öllum landslýð. Þó að fáir kaupi nú þingtíð., þá eiga þó allir landsmenn þess kost að fá þau og lesa allar ræður, sem hjer eru fluttar. — Og allir landsmenn eiga fulla kröfu til þess að fá að sjá og heyra alt, sem hjer fer fram. Engum hv. þm. kemur til hugar að leggja það til, að þing verði háð fyrir luktum dyrum, í því skyni að spara kostnað við pallavörslu, ræsting o. fl., sem af því leiðir, að almenningur hefir

aðgang að þinginu. Sá kostnaður nemur þó nokkrum þús. á ári. En hvaða sanngirniskröfu eiga þessir fáu menn, sem komast fyrir hjer á áhorfendapöllunum, umfram aðra landsmenn til þess að fá að sjá og heyra það, sem hjer fer fram?

— Jeg þarf svo ekki að orðlengja þetta frekar. Jeg býst við, að flestir í þessari háttv. deild sjái nú, að spurningin er nú bara, hvort þessir háttv. þm., sem frv. hafa flutt, fást til að játa yfirsjón sína og falla frá því. Frv. er til orðið sökum athugaleysis og fram borið í athugaleysi.

Frsm. minni hl. (Þorleifur Guðmundsson): Háttv. deild hefir nú hlustað á ræðu háttv. frsm. meiri hl., og býst jeg ekki við að hann hafi orkað að sannfæra neinn um skoðun sína. Jeg ætla mjer heldur ekki það að snúa hugum þeirra háttv. þingdeildarmanna, sem þegar hafa tekið afstöðu til þessa máls, en vil að eins lýsa því, á hverju við minni hl. menn bygðum skoðun okkar. Það, sem fyrir okkur vakti með því að vilja fella niður prentunina á umræðuparti Alþingistíðindanna, er sú sparnaðarhugsun, sem ríkir nú með þjóð vorri. Vjer álítum, að það sje ekki nægilegt að hafa þessa hugsun í huga sjer, heldur verði að framfylgja henni þar, sem hægt er, og reyna að spara ríkissjóðinn, eign þjóðarinnar. Og þá virðist sjálfsagt að byrja á því, sem þjóðin má helst án vera, svo sem það, sem hjer er um að ræða. Þessari stefnu er þannig farið, að hún á við alla tíma, hvað þá þessa, sem nú standa yfir. En þótt undarlegt megi virðast, þá eru hjer til menn, sem álíta ríkissjóðinn ótæmandi gullbrunn, sem óhætt sje að ausa úr eftir vild. Þá eru aðrir, sem að vísu segjast vilja spara, nema bara þegar kemur til þeirra eigin launa eða bitlinga; þá rísa þeir öndverðir móti. Og þetta eru einmitt oftast þeir menn, sem minst leggja af mörkum í fjárhirslu ríkisins. — Hv. þdm. hafa nú getað sjeð af greinargerð minni hl. nefndarinnar, á þskj. 22, að 50 þús. kr. hefðu sparast í fyrra, ef umræðupartur Alþingistíðindanna hefði ekki verið prentaður. Er það allmikil upphæð og hefði, að því er jeg hygg, mátt vera varið betur á einhvern annan hátt. Að vísu blandast mjer nú ekki hugur um, að svo mikið sparast ekki, þótt prentun þessa parts verði slept í ár, því nú eru á þingi þeir sparnaðarmenn, sem ekki munu gera þingtímann ⅓ lengri en þörf er á með óþörfum umræðum. En þó að svo verði, þá mun sparnaður sá, sem af þessu leiðir, aldrei nema minna en 30 þús. kr. Að vísu hefir hv. frsm. meiri hl. (Jak. M.) tekist að koma þessari upphæð niður í 10 þús. kr., en það getur, að mínu viti, í mesta lagi kallast spádómur, sem jeg hefi enga von um að mundi rætast.

Hv. frsm. meiri hl. (Jak. M.) komst svo að orði, að ekki væri tiltækilegt að greiða atkv. með því að fella niður prentun á umræðuparti Alþingistíðindanna, sökum þess, að það beri að líta svo á, sem sjálfsagt sje, að allir eigi kost á að vita, hvað gerist á Alþingi. Jeg er honum samdóma í því, enda veit jeg ekki betur en að öllum sje heimilt að koma hingað og hlusta á umr., og jeg veit ekki til, að komið hafi fram nokkrar raddir um að banna það.

Að öðru leyti er í því efni ekki hægt að ganga lengra eða fara nær vilja kjósenda en það sem samþ. hefir verið á þingmálafundum. Hefi jeg leitað vilja þeirra og er mjer kunnugt um, að kjósendur vita fyllilega, hvað það kostar að prenta þetta og keyfa svo með það út um allar sveitir. Er það og alkunna,

að þegar þessar þykku bækur eru loksins komnar út til sveitanna, þá er tæplega hægt að segja, að hreyft sje við þeim. Hefi jeg sjálfur kynt mjer þetta og sjeð með eigin augum, að óskorið hefir verið upp úr fjölda þeirra. Ef maður svo rekst á blað og blað, sem skorið hefir verið upp úr, þá sjer maður brátt, að ástæðan hefir verið sú, að lesandi hefir þar haft veður af skemtieða skammaræðu, og finst mjer óþarft að leggja í mikinn kostnað, bara til að ala á slíkri skemtanafýsn landsmanna.

Hv. frsm. meiri hl. (Jak. M.) sagði, að þessar undirtektir þingmálafundanna stöfuðu af því, að kjósendum hefði verið skýrt rangt frá og þeim talin trú um, að sparast mundu við þetta 90—100 þús. kr. En það er fjarri því, að svo sje. Það hefir jafnan verið tekið skýrt fram, að allur kostnaðurinn við prentun Alþingistíðindanna næmi þessari upphæð, en hitt vita kjósendur fullvel, að skjalapartur og umræðupartur þeirra er ekki það sama.

Jeg skal svo drepa lítið eitt á aðra ástæðu, sem borin hefir verið fram gegn frv. þessu. Það er atvinnuskorturinn, sem þetta baki prenturum. Eins og kunnugt er, þá er fram komið til þingsins brjef frá Hinu íslenska prentarafjelagi, þar sem prentarar barma sjer yfir því atvinnuleysi, sem að þeim muni steðja, ef frv. þetta nái fram að ganga. Tók þessi hv. þm. (Jak. M.) í þann strenginn, er mál þetta var hjer til 1. umr. Fór hann þá um það fögrum orðum, að ekki væri að óþörfu vert að bæta þessum mönnum við atvinnuleysingjahópinn. Þetta væri nú rjett, ef þessu væri svona varið; en nú er það ekki. Auk þess bera prentarar það fyrir, að ef svona færi, þá muni prentsmiðjurnar komast í fjárþröng sökum verkefnisskorts. En jeg geri ráð fyrir, að flestum hjer beri saman um, að það sje ekki ríkissjóðsins að styrkja prentsmiðjur eða launa prentara, enda mun hann hafa ærið nóg á sinni könnu fyrir. Jeg skal taka undir það með hv. frsm. meiri hl. (Jak. M.), að það er sárt fyrir hvern mann, er atvinnuleysi vofir yfir höfði honum. En hins vegar skil jeg ekki, hvernig á því stendur, að prentarar skuli mála framtíðarhimin sinn svo dökkan. Sem betur fer er ástandið með vorri þjóð í þessum efnum enn þá ekki orðið verra en svo, að hver maður, sem fulla krafta hefir og v i l l vinna, hann getur einhversstaðar fengið atvinnu. Það er sauðarskapur fólksins sjálfs, sem kemur því í þetta öngþveiti. Hingað safnast allir til höfuðstaðarins, sem sauðir í rjett, í stað þess að vera úti á heiðum á beit. Jeg þykist þess viss, að ef þessir prentarar, sem kynnu að missa atvinnu við það, að hætt yrði að prenta umræðupart Alþingistíðindanna, færu upp í sveit í vor til þess að leita sjer atvinnu, þá yrðu þeir sjálfsagt vel þegnir sem aðrir vinnumenn. Og ef þeir vildu búa sjálfir, mundu þeir fá nógar jarðir, því þær eru víða í eyði sem stendur. Og ef þeir vildu snúa sjer til sjávarsíðunnar, þá er nóg af bátum þar, sem standa uppi og eru nægilega stórir til að taka 8—10 prentara hver. Og ekki mundi þorskurinn fælast þá frekar en aðra, sem færi menna að renna í sjó, því þegar þeir væru komnir úr prentarasloppunum og búnir að þvo af sjer prentsvertuna, „þá mætti ekki sjá, hver maðurinn væri“, eins og skáldið átti við.

Þessi orð mín ber ekki að skilja svo, að það sje ætlun mín að veitast að prenturum þessa lands. En hinu verð jeg að halda fram, að það sje fjarstæða að ætlast til þess, að ríkissjóður taki þá á sína arma. Og jeg skal taka það

fram, að jeg tel lítinn skaða, þótt prenturum fækkaði svo, að ekki ynnist tími til að prenta ýmislegt af þeim skáldsögum og ljóðarusli, sem árlega er gefið út og gerir ekki annað en að eyða fje og tíma þjóðarinnar. Teldi jeg það vel farið, ef sparnaðarflokkinum auðnaðist, um leið og hann sparar útgjöld ríkisins, að benda einhverjum af þessum villuráfandi lýð heim til föðurhúsanna, upp í sveit eða suður með sjó, til þess að leggja þar starfandi hönd á plóginn, þjóð vorri til viðreisnar. Það er ekki nóg að halda sparnaðarræður bæði utan þings og innan. Það verður að vinna meira en gert er; því sú þjóð, sem lítið vinnur, eignast aldrei mikið, og hefir því ekkert að spara.

Og jeg vil bæta því við, að ef það er rjett, að erlendar skuldir kreppi að þjóðinni, og ef það er rjett, að neyðin kunni að vera á næstu grösum, þá tel jeg fulla þörf að brýna það fyrir hinu háa Alþingi, að því beri að senda þá áskorun til allra stjetta þjóðfjelagsins, að nú verði allir að leggja fram krafta sína til þess beinlínis að framleiða verðmæti, og að þetta sje sjálfsögð skyldufórn, sem hverjum sönnum Íslendingi beri að færa fósturjörð sinni, án þess að taka nokkuð tillit til stjettamunar, — eins og þegar menn leggja fjör sitt á altari fósturjarðar sinnar, til þess að verjast erlendum óvinum.

Nú vil jeg biðja hv. deild að athuga það, sem jeg hefi hjer sagt, áður en hún greiðir atkvæði sitt í þessu máli. Vænti jeg þess svo fastlega, að niðurstaðan verði sú, að hún greiði atkv. sitt með frv. á þskj. 22.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Í raun og veru þarf jeg ekki að svara ræðu hv. frsm. minni hl. (Þorl. G.), og var jeg að bíða eftir því, að meðnefndarmaður hans eða einhver af flm. þessa frv. tækju til máls, til þess að gera hv. deildarmönnum ljóst, að hann hafi ekki talað fyrir munn þeirra. — Ræða þessa hv. þm. (Þorl. G.) hefir nefnilega verið á þá leið, að jeg býst ekki við, að nokkur í þessari hv. deild treysti sjer til að skrifa undir hana.

Jeg skal þá, til að vekja athygli hv. deildarmanna á nákvæmri eftirtekt hv. þm. (Þorl. G.), minna á það, að jeg vjek alls ekki með einu orði að prenturum í ræðu minni áðan eða á atvinnuleysi það, sem af því mundi stafa, ef prentun umræðupartsins yrði feld niður. Ekki er heldur vikið neitt að þessu í nál. — Jeg get þó ekki stilt mig nú um að drepa lítið eitt á þetta, eftir að hafa heyrt hin eftirtektarverðu orð hv. frsm. minni hl. (Þorl. G.) um það efni. Hann komst svo að orði, að ekki mundi saka, þótt prentun legðist niður að miklu leyti hjer á landi. Já, jeg nenni nú ekki að eyða tíma í það að mótmæla slíkri endileysu. Jeg er sannfærður um, að þess gerist ekki þörf.

Þá kvað hv. frsm. minni hl. (Þorl. G.) það ekki geta komið til mála, að ríkissjóður færi að styrkja prentsmiðjurnar, þótt þær yrðu svo illa staddar, að þær ella yrðu að hætta. Jeg þori óhikað að fullvissa þennan hv. þm. (Þorl. G.) um það, að ef svo færi, að til þess yrði að taka, þá mundi hver einasta hönd hjer í salnum verða rjett upp því til samþykkis, nema þá ef vera skyldi hönd hv. frsm. minni hl. (Þorl. G.); því jeg býst við, að öllum hv. þm. sje kunnugt um það, að fyrir löngu hefir verið viðurkent með öllum siðuðum þjóðum, að prentlistin sje og hafi verið einhver öflugasta lyftistöng og máttarstoð menningarinnar, — og hún hefir verið það jafnt hjer sem annarsstaðar. Jeg verð yfirleitt að játa, að það

hrygði mig sárlega að heyra, hvernig hv. frsm. minni hl. talaði áðan. Jeg sje hins vegar ekki, að nein ástæða sje til að ræða málið frá því sjónarmiði, sem hann skoðaði það, enda hygg jeg, að það sje misskilningur, að það sje nokkurt lífsspursmál fyrir prentsmiðjurnar að halda prentun ræðuparts þingtíðindanna. Að vísu er það mikil stoð fyrir þær á erfiðum tímum, og sje jeg í rauninni ekki, að síður sje þá ástæða til að rjetta þeim hjálparhönd en öðrum atvinnuvegum, þegar illa árar.

Þá talaði hv. frsm. minni hl. (Þorl. G.) um, að í rauninni væri enginn atvinnuskortur hjer á landi og að prentarar mundu fá nóg að gera uppi í sveit, ef þeir að eins nentu að bera sig eftir björginni. Jeg verð að segja það, að jeg varð dálítið hissa á því að heyra slík orð frá manni, sem ekki býr lengra frá Reykjavík en þessi hv. þm. (Þorl. G.). Jeg er viss um, að ef þeir menn, sem hafa verið atvinnulausir hjer í mestallan vetur, hefðu getað fengið atvinnu í Árnessýslu eða nærsveitunum, þá væru þeir nú ekki hjer. Það nægir heldur ekki að benda mönnum bara út á sjóinn og segja: „Þarna er þorskurinn. Takið hann og etið ykkur metta.“ Það vita allir, þótt ekki sjeu sjómenn, að þorskurinn verður ekki veiddur með tómum höndum. Menn verða að hafa skip og áhöld til veiðanna.

Jeg get ekki stilt mig um að drepa lítið eitt á þessa ótrúlegu frásögn hans um uppskurðarleysi Alþingistíðindanna. Jeg á satt að segja bágt með að trúa, að margir af þeim, sem á annað borð kaupa Alþt., skeri ekki upp úr bókunum. Og hvað fæð kaupendanna snertir, þá verða það þó að meðaltali 5—6 menn í hverju kjördæmi, sem kaupa þau, og er það alls ekki svo lítið, því það er vitanlegt, að þetta eru þeir menn í kjördæminu, sem mestan áhuga hafa á landsmálum, og leggja þar af leiðandi drýgstan skerf til þeirra mála. Er sá fróðleikur, sem er að finna í Alþt., vel niður kominn hjá þeim, og seitlar auk þess út frá þeim til annara landsmanna.

Frsm. minni hl. (Þorleifur Guðmundsson): Jeg held helst af orðum hv. frsm. meiri hl. (Jak. M.), að hann hafi alls ekki hlustað á alla ræðu mína. Annars man jeg ekki, hvort jeg gat um það — en það var meining flutningsm. þessa frv. — að Alþt. yrðu í framtíðinni alls ekki prentuð, nema þá að Alþingi síðar meir sæi sjer fært að taka prentunina upp aftur. Við getum ekki betur gert en að leggja brautina, en komandi Alþingi verða sjálf að ákveða, hvort það skuli vera haldið áfram á þeirri braut.

Það er annars ekki rjett, að jeg segði, að jeg vildi helst, að öll prentlist legðist niður í landinu. Það sagði jeg aldrei, en hitt sagði jeg, að það mundi lítið saka, þótt svo drægi úr henni, að ekki væri hægt að gefa út hvert og eitt af þessum svo nefndu sögu- og ljóðabókum, sem eru frekar til niðurdreps en uppbyggingar þjóðinni.

Hv. frsm. meiri hl. (Jak. M.) sagði, að jeg hefði látið í ljós, að eigi ætti að styrkja prentsmiðjurnar. Þetta atriði kom alls ekki til mála. Jeg sagði, að það væri ekki ætlast til, að prentsmiðjurnar lifðu á styrk af almannafje, að prentarar heyrðu ekki til launaliði ríkisins. Jeg hefi þessi orð mín upp aftur af því, að jeg býst við, að hv. frsm. meiri hl. (Jak. M.) hafi ekki heyrt þau.

Hv. frsm. meiri hl. (Jak. M.) sagði, að þessir 115 kaupendur Alþt. hlytu að minsta kosti að skera upp úr þeim. En um það efast jeg stórlega. Jeg þekki að minsta kosti þrjá menn í minu bygð-

arlagi, sem eru áskrifendur og skera ekki upp úr nema þeim einum köflum, þar sem þeir búast við, að talað hafi einhver þeirra manna, sem taldir eru ræðumenn. En oft vill verða, að það er hvorki skynsamlegast eða heillavænlegast, sem þeir segja.

Eins og áður er tekið fram, eru áskrifendur ekki fleiri en 115, en Alþt. kosta ekki meira en 3 krónur, eða sem svarar burðargjaldi og umbúðum. Ef menn kærðu sig nokkuð um ræðurnar, mundu því áskrifendurnir skifta þúsundum.

Hv. frsm. meiri hl. (Jak. M.) hefir með ýmsum krókaleiðum þóst finna út, að kostnaðurinn við prentun ræðupartsins næmi ekki meira en 10 þús. kr. — Þó svo væri, væri samt töluverður sparnaður að því að hætta við prentun á honum. En jeg játa ekki, að kostnaðurinn fari niður úr 30 þús. kr., meðan prentarar halda því kaupgjaldi, sem nú tíðkast. En sístur allra ætti ríkissjóður að verða til þess að halda kaupinu uppi, þar sem það er hæst.

Auk þess er ekki öll sagan sögð, þó talin sje prentun og pappír. Þar við bætist útsending, umbúnaður og umbúðir, og þó að það skifti ekki þúsundum, skiftir það að minsta kosti hundruðum.

Því er oft haldið fram, að ekki taki að spara hundruð eða smáupphæðir í fjárlögum, en gæta ber þess, að ef aldrei er sparað í smáu, þá verður lítið úr sparnaðinum, sökum þess að hinar stærri upphæðir eru flestar lögbundnar.

Jeg skal svo ekki lengja meira umr. um þetta mál, enda er jeg sannfærður um, að hv. deild muni fallast á till. minni hl. nefndarinnar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: Ó. P., P. O., P. Þ., S. St., Þorl. G., Þorl. J., Þór. J., E. Þ., Gunn. S., H. K., Ing. B., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G.

nei: M. K., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., B. J., E. E., Jak. M., J. B., M. J., B. Sv.

Einn þm. (M. P.) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 15 : 7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 6 atkv.

Á 17. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Nd., fimtudaginn 9. mars, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 22).

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Vegna þess að hv. frsm. minni hl. (Þorl. G.) sagði við 2. umr., að sparnaðurinn af þessu frv. yrði 30 þús. kr., hvernig sem alt færi, en jeg hjelt því fram, að hann mundi aldrei verða yfir 10 þús. kr., þá ætla jeg að rökstyðja þessa staðhæfing mína og sýna hv. deild, að jeg hefi rjett fyrir mjer.

Báðir hlutar nefndarinnar hafa gert ráð fyrir, að kostnaðurinn við prentun umræðuparts Alþt. frá því Alþingi, sem nú situr, muni nema um 30 þús. kr., að pappír meðtöldum. Þetta fjekk hún með því að gera ráð fyrir því, að þetta þing yrði ⅓ styttra en síðasta þing, sem stóð í 99 daga, en prentun á umræðum þess þings kostaði rúmar 50 þús. krónur.

Þess ber nú að gæta, að hægt er að fá afslátt á prentuninni, sem nemur samtals 9 þús. kr. á skjala- og umræðu-

parti, en sá afsláttur er því skilyrði bundinn hvað skjalapartinn snertir, að umræðurnar verði prentaðar líka, eins og jeg tók fram við 2. umr. Annars fæst enginn afsláttur, og ekki heldur af prentun skjalapartsins. Þar við bætist svo lækkun á pappír og ýmsum kostnaði, sem jeg tel varlega áætlað 3 þús. kr. Þá er lenging skjalaparts, fyrst vegna lengri nál. og greinargerða, og auk þess öll úrslit mála og atkvgr. Þessa viðbót hyggur skrifstofa þingsins, að eigi muni mega minna áætla en 25 arkir. Nú kostar prentun á hverri örk skjalaparts 240 kr., og verður þá viðbótin öll 6 þús. kr. Þá er afritun á fjórum eintökum eða fleiri, sem hv. minni hl. telur þó þurfa. Það áætla jeg 2 þús. kr., og er síst of hátt. Skrifstofa þingsins tjáir mjer, að það muni vera alt að 8 mánaða verk fyrir einn mann, og mundi þó þurfa annan mann til aðstoðar þessum, en þá aðstoð mundi skrifstofa þingsins ef til vill geta lagt til, og því reikna jeg hana ekki. Pappír í þessi afrit má ætla 500 kr. og samlestur afrita og frumrita 500 kr. Þetta verður þá samtals 21 þús. kr., og þá upphæð má draga frá þessum 30 þús. kr., sem giskað er á, að prentun umræðupartsins mundi kosta, að öllu verðlagi óbreyttu. Eftir verða þá að eins 9 þús. kr. á ári, og fer væntanlega lækkandi ár frá ári, eftir því sem kostnaður allur minkar, þegar vörur og vinna falla. Og ef prentun umræðnanna verður tekin upp aftur síðar, þá hrekkur þessi sparnaður skamt.

Loks vil jeg geta þess að mjer er tjáð, að eftirspurn eftir Alþt. hafi farið vaxandi á síðustu árum, og það svo, að síðasta ár varð að synja mörgum, er vildu fá þau keypt, vegna þess að þrotið var upplagið, en það er 700. Nú hefir einnig verð Alþt. verið hækkað upp í 10 kr., svo að ekki mun hjer eftir verða hægt að segja, að verðið borgi ekki útsendingarkostnaðinn.

Jeg þykist nú hafa rökstutt þá skoðun mína, að sparnaðurinn verði varla meiri en 10 þús. kr. á ári, en aðrar mótbárur gegn frv. þykist jeg ekki þurfa að endurtaka. Þær voru taldar hjer í hv. deild við 2. umr.

Frsm. minni hl. (Þorleifur Guðmundsson): Hv. deild hefir nú hlýtt á, hvernig hv. frsm. meiri hl. (Jak. M.) hefir þynt út 30 þús. kr., eytt þeim og gert nær því að engu. Þó hefir hann ekki haft á neinni reynslu að byggja nje vissu, heldur ágiskunum og spádómum. Á þann hátt geta þeir að vísu komist langt, sem skáldmæltir eru, en jeg býst þó ekki við, að hv. þm. (Jak. M.) hafi talið deildinni hughvarf með þessum spádómum sínum.

Það eina, sem hægt er að byggja á á þessu stigi málsins, er það, að prentsmiðjurnar hafa boðið 10% afslátt. Nú kostaði prentun umræðna í fyrra 50 þús. kr., og ⅔ af því eru 33333,33 kr., og þótt gefinn sje 10% afsláttur, þá fer það þó aldrei lægra en í 30 þús. Nú vil jeg náttúrlega ekki neita því, að þessi afrit kunni að kosta eitthvað, en meira en 4—5 þús. kr. verður það aldrei, þótt illa sje á haldið. Að öðru leyti get jeg ekki verið að fara út í þennan spádómsreikning hans.

En hjer er auðsjeð, hvað fara gerir. Þetta er að eins til þess að ráðast á sparnaðarstefnuna og þá, sem eitthvað vilja fara betur með landsfje en aðrir.

En þar sem hv. þm. (Jak. M.) var að tala um, að nú mætti hafa meira en áður upp úr Alþt., þá datt mjer rjett til svona í hug, hvort ekki væri þá rjett að gefa einhverri prentsmiðjunni einkarjett til útgáfu Alþt. Jeg get vel unt henni þess að græða á því. Og ef það

þarf ekki að kosta neitt fyrir ríkissjóð, þá er jeg ekki á móti því, að umræðurnar verði prentaðar.

Jeg hefi nú litla trú á því, að spádómsreikningarnir rætist, enda vona jeg, að hv. deildarmenn fari sína leið fyrir þeim við atkvgr. þessa máls.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Hv. deild verður að fyrirgefa, þótt jeg kunni að viðhafa miður þingleg orð. Jeg verð sem sje að leyfa mjer að kalla það helbera heimsku hjá þeim hv. þm. (Þorl. G.), sem var að setjast, er hann segir, að andstaða mín og annara hv. þdm. gegn þessu frv. sje eingöngu sprottin af mótþróa gegn allri sparnaðarviðleitni annara hv. þm. Hv. þm. (Þorl. G.) getur athugað nöfn þeirra, sem atkv. greiddu gegn frv. við 2. umr., og uggir mig, að meðal þeirra muni hann finna þó nokkra, sem hann treystir sjer ekki til að brígsla um bruðl á landsfje. Um mig getur hann sagt það sem hann vill.

Hann (Þorl. G.) kvað mig ekki styðjast við neina reynslu í áætlunum mínum. Jeg tók það fram, að margt af því, sem jeg taldi fram, hefði jeg frá skrifstofu þingsins, og helst er þó að leita til þeirra, sem að þessu hafa unnið ár eftir ár.

Bæði honum og mjer er kunnugt um, að meiri afsláttur er fáanlegur á prentuninni en þessi 10%, sem hann nefndi, og eins hitt, að allur afsláttur á prentuninni er því skilyrði bundinn, að ræðuparturinn verði prentaður. Það er því bein blekkingartilraun, er hann lætur sem ekki komi til greina nema 10% afsláttur af 33 þús. Annars fór hann að eins út í eitt atriði í áætlun minni. Það var um afritin. Jeg áætlaði, að þau mundu kosta 3 þús. kr., en hann 4—5 þús. kr. Ekki græðir hann á þeim samanburði.

Um einokunartillögu hans þarf jeg ekki að fjölyrða. Allir sjá, hve heppilegt það væri að gefa einstakling einokun á slíkri bók, sem hið opinbera mundi vitanlega þurfa að kaupa mikið af. Það væri laglegur sparnaður!

Frsm. minni hl. (Þorleifur Guðmundsson): Jeg sje, að það þýðir ekki fyrir mig að vera að berja höfðinu við steininn. En jeg vona, að hv. deild samþ. frv.

Skrifstofa þingsins hefir enga reynslu í þessu máli, því að þetta hefir aldrei komið fyrir áður. En það traust ber jeg til hæstv. forseta þingsins, að þeir láti ekki kúga sig eða setja sjer afarkjör um prentun skjalapartsins. Það má þá gjarna koma fram með frv. um að fella niður prentun hans líka. En jeg vil ekki láta eina stjett ráða alveg, og ef ein stjett á að ráða yfir Alþingi, þá er það annað en jeg hafði hugsað mjer.

Jeg viðurkenni það, að prentlistin er göfug list, en hinu má ekki gleyma, að mörgu illu hefir prentlistin komið inn hjá þjóðinni.

Og ef þetta frv. verður felt, þá megum við búast við að hrapa aftur á bak af sparnaðarbrautinni niður í eyðsludýkið.

Jón Þorláksson: Það var ilt, að þessar tölur, sem hv. frsm. meiri hl. (Jak M.) las nú upp, voru ekki teknar upp í nál. Það er ekki nærgætnislegt að ætlast til þess, að vjer getum áttað oss á löngum talnareikningi í mörgum liðum, þótt lesinn sje upp í flýti. Slíkt þarf að standa í nál., svo að hægt sje að rannsaka það.

Það, sem gerist í þessu máli, er dæmi um það, hvernig fer, þegar reynt er

að spara. Allir þykjast vera sparnaðarmenn, því að þeir vita, að það er vinsælt af þjóðinni. En þegar til einstakra tilrauna kemur, sem ganga í þá átt að spara, þá koma ótal mótbárur gegn hverri slíkri tilraun.

Jeg ætlaði nú ekki að fjölyrða um þetta mál, en jeg vildi nota tækifærið til að benda hv. sparnaðarnefnd á, að óstæða kynni að vera til að rannsaka alla prentun, sem framkvæmd er fyrir hið opinbera, og sjá, hvort ekki mætti þar spara eitthvað. Jeg skal geta þess, að jeg varð einu sinni svo frægur að vera ½ ár meðeigandi í prentsmiðju, og þá kyntist jeg því, hvernig komið var fram gagnvart hinu opinbera. Þá höfðu prentsmiðjurnar samtök með sjer og voru þung viðurlög við, ef ein prentsmiðja bauð í fast verk, sem önnur hafði haft. Þessi samtök munu hafa haft í för með sjer mjög mikla hækkun, einkum á því, sem unnið var fyrir hið opinbera. Jeg veit ekki, hvort svo er enn, en þessi tilboð um afslátt á afslátt ofan benda þó fremur í þá átt. En hitt veit jeg, að hve nær sem gengið er að því með alvöru, þá er hægt að fá opinbera prentun fyrir sæmilegt verð.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Jeg verð að benda hv. deild á það, að vjer verðum að líta svo á, að óhætt sje að treysta hæstv. forsetum til þess að annast um hag þings og ríkissjóðs, svo að þeir hafi ekki gengið að óhæfilegum kjörum um prentun fyrir þingið. Jeg hygg, að óhætt sje að treysta því, að þeir standi á verði fyrir þingið, bæði í því og öðru. En þótt svo sje, þá getur verið eðlilegt, að prentsmiðjurnar geti nú gefið nokkurn afslátt, án þess beinlínis að tapa á verkinu. Það er svo margvíslegur rekstrarkostnaður, sem á slíkum fyrirtækjum hvílir, sem er sá sami hvort sem mikið er að gera eða lítið. Fyrir þeim kostnaði verður að sjálfsögðu að leggja nokkuð á hvert verk. Og verður þess ekki krafist, þó að um prentun fyrir það opinbera sje að ræða, að hún beri ekki að sínum hluta slíkan kostnað. En vel getur það verið tilvinnandi fyrir prentsmiðjurnar að slá af sem þeim kostnaði nemur, heldur en missa vinnuna og þurfa að segja upp mönnum sínum. Og yfirleitt er það kunnugt, að atvinnurekendur vilja vinna talsvert til að geta haldið fyrirtækjum sínum starfandi á þessum erfiðu tímum.

Um útreikning minn er það að segja, að hann er svo einkar einfaldur, að auðvelt er að átta sig á honum. Enda góð undirstaða og sumar tölurnar í nál., og mátti þá bera þær saman við það, sem jeg sagði. Og hverjum hv. þm. hefði átt að vera það auðvelt að setja upp slíkan reikning, þó að hann hefði ekki haft neitt annað en nefndarálitið fyrir sjer, og fara þó nærri því rjetta.

Jeg veit að minsta kosti, að hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) er svo reikningsglöggur maður, að honum veitir ekki erfitt að átta sig á þessum tölum mínum. Sá hv. þm. (J. Þ.) talaði um það, að prentsmiðjurnar hefðu samtök um það að okra á prentun fyrir það opinbera, og má vera að það sje að einhverju leyti rjett, og síst skal jeg deila við hann um það, hvað átt hafi sjer stað í því efni meðan hann var í tölu prentsmiðjueigenda. En hitt er víst, að þau samtök eru nú orðið ekki sjerlega öflug, og ekki öflugri en svo, að forsetum þingsins ætti að vera auðvelt að vinna bug á þeim. Sönnun þessa er það, að í fyrra fjekk ný prentsmiðja hluttöku í prentun Alþingistíðindanna án þess þó að gera undirboð. Þá undraðist hann afsláttinn og taldi það vott

þess, að gróðinn mundi mikill. Jeg skal játa það, og vitna þar um til síðustu ræðu minnar, að það mun hafa verið hægt að prenta fyrir minna en gert hefir verið, en þess ber jafnframt að gæta, að prentsmiðjurnar vilja vinna nokkuð til, svo að þær þurfi ekki að vísa mönnum úr vinnu, og hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) veit það vel, að oft getur staðið svo á, að atvinnufyrirtækin kjósi heldur engan ágóða en þurfa að hætta eða draga saman seglin að mun. Hv. frsm. minni hl. (Þorl. G.) talaði um það, að hagsmunir einnar stjettar ættu ekki að hafa áhrif á úrslitaúrskurði Alþingis, en þetta eru ósæmilegar getsakir, því að honum má vera það vel ljóst, að það er ekki hin fjárhagslega hlið málsins, á einn eða annan veg, sem vakir fyrir meiri hl. fjhn., heldur það, að hann telur það ekki sæmilegt að hætta að birta umræðurnar, og í raun og veru heldur ekki gerlegt til frambúðar.

Jón Þorláksson: Það er ekki rjett hjá háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), að jeg teldi ágiskun hans nærri lagi, en það er satt, að litlu skiftir þótt sparnaður verði á einhverju, ef umráð þess fjár eru í höndum þeirra manna, sem ósýnt er með fje að fara, en ella skiftir það miklu.

Annars verða hv. þm. að gæta þess, að afstaða okkar til þessa máls má ekki eingöngu miðast við þau tilboð, sem nú liggja fyrir. Verði þetta frv. nú felt, þá verða umræðurnar prentaðar í ár og áfram, og má þá vel vera, að prentsmiðjurnar hafi góðan hagnað af prentuninni, enda þótt þær tapi á henni í þetta eina skifti. Kemur þetta vel heim við það, sem háttv. þm. (Jak. M.) sagði, að atvinnufyrirtæki veldu oft þann kostinn að reka atvinnu með tapi í bili.

Jeg skal játa það, að það er leitt að þurfa að svifta menn atvinnu, en þess er hjer að gæta, að prentun umræðupartsins fellur aðallega á sumartímann, og þá hefir það verið venja, að fjöldi handiðnarmanna hjer í Reykjavík hefir leitað sjer annarar atvinnu úti um sveitir. Man jeg það, að á meðan jeg hafði stjórn vegamálanna á hendi, þá rjeði jeg fjölda þessara manna í vinnu hjá mjer, og þótti þeim það gagnlegt heilsunni að fá sjer útivinnu um stundarsakir.

Frsm. minni hl. (Þorleifur Guðmundsson): Mjer skilst, að þýðingarlaust sje að þrátta lengur um þetta mál. Afstaða hv. þm. til þess breytist ekki úr þessu. En jeg vil að eins vekja athygli á því, að enda þótt spádómar háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) um að eins 10 þús. króna sparnað rættust, hvað ynnist þá, og hvað tapaðist? Það, sem tapaðist, væri það, að almenningur fengi ekki þessi þingtíðindi, sem sárfáir kaupa og enn færri lesa, og því síst sjer til gagns eða mentunar, en það sem ynnist væri 10 þús. krónur, og yrði prentunin ekki tekin upp aftur, mundi þessi upphæð nema hundruðum þúsunda að nokkrum árum liðnum. Hv. þm. verða vel að gæta þess, að tugirnir gera hundruð, hundruðin þúsundir og þúsundir miljónir.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Jeg verð að fá að gera örstutta athugasemd að eins til að bera ámæli af heiðarlegum atvinnurekendum þessa lands. Hv. samþm. minn (J. Þ.) gaf í skyn, að þegar atvinnurekendur kysu heldur að reka atvinnu sína með tapi heldur en leggja árar í bát, þá væri það venjulega með það fyrir augum eða í þeirri von, að þeir mundu geta okrað þess geypilegar á viðskiftamönnum sínum síðar. Þessu

mótmæli jeg og þori óhikað að gera það fyrir hönd allra atvinnurekenda, að hv. samþm. minum (J. Þ.) meðtöldum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. S., J. Þ., M. G., M. P., P. O., P. Þ., S. St., Þorl. G., Þorl. J., Þór. J., B. H., E. Þ., Gunn. S., H. K., Ing. B., J. A. J.

nei: J. B., M. J., M. K., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., B. J., E. E., Jak. M., B. Sv.

Einn þm. (Ó. P.) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Ed.

Á 17. fundi í Ed., föstudaginn 10. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 22).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. -- Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 654) með 12 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., föstudaginn 24. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 22, n. 133).

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg veit, að háttv. þm. deildarinnar hafa kynt sjer þetta mál talsvert, því að umræður hafa orðið allmiklar um það í háttv. Nd. Fyrir deildinni liggja einnig skýr rök um þetta mál. Það er því óþarft að fjölyrða um það hjer. Jeg hirði því ekki um að lesa upp eða athuga sjerstaklega tölur þær, sem sýna eiga sparnaðinn við að fella niður prentun á umræðupartinum. Jeg geri ráð fyrir, að háttv. deildarmenn hafi kynt sjer þær rækilega. Aðalatriðið er, að hægt mun vera að spara 14—16 þús. krónur með þessu frv.

Það, sem hver háttv. þm. þarf því fyrst og fremst að gera, er að athuga, hvort þessi umgetni sparnaður muni vega á móti þeim óþægindum, sem frv. óhjákvæmilega hefir í för með sjer.

Nefndin gerði tilraun til að draga úr kostnaði við prentun Alþingistíðindanna með því að fara þess á leit, að prentsmiðjan lækkaði prentunina um vissan prósentufjölda frá því í fyrra. Enn þá hefir nefndin enga yfirlýsingu fengið frá prentsmiðjustjórunum, enda láta þeir að líkindum ekkert til sín heyra fyr en eftir atkvgr. deildarinnar. Annars er óþarft að ræða mikið um þetta mál, nema ráðist verði á einstaka töluliði í útreikningnum. Jeg verð þó að geta þess, að mjer finst hæpið, að hægt verði að komast af með 5000 krónur til að borga afritun umræðupartsins, ef eintökin væru frá 15—20. Aðrir hafa að vísu lagt til, að eintökin væru að eins 5. En það finst mjer alt of lítið. Mega þau alls ekki vera færri en 15, því að það væru hreinustu vandræði, ef hvergi væri hægt að sjá þingræðurnar, nema með því móti að fara suður til Reykjavíkur. Þær verða að vera víðar til sýnis. — Auðvitað

ákveða forsetar þingsins, hvað afritin eigi að vera mörg.

Það er gert ráð fyrir, að kostnaður við prentun skjalapartsins verði ¾ af kostnaðinum í fyrra, en þetta er að eins áætlun. Skrifstofan heldur, að kostnaðurinn verði ekki nema ½ móts við í fyrra, og er ekki gott að segja með vissu, hvað rjett reynist, en eftir því sem nefndin hefir komist næst, sparast við þetta 14—16 þús. krónur.

Forsætisráðherra (S. E.): Jeg býst við, að þessar umræður hafi lítil áhrif á úrslit málsins. Jeg geri ráð fyrir því, að frv. verði samþ. En jeg vil þó lýsa afstöðu minni, og hún er eins og hún hefir altaf verið. Jeg get ekki verið með því að spara 14—16 þúsund krónur og loka með því Alþingi fyrir þjóðinni. Jeg sje ekki, hvernig þjóðin á að geta fylgst með störfum Alþingis, ef hætt verður að prenta Alþingistíðindin, því að þó að blöðin flytji frjettir af Alþingi, þá gefa þær mjög ófullnægjandi mynd af því, sem hjer fer fram, og minst af öllu er hún sönn, því þeir, sem ekki eiga upp á pallborðið hjá blöðunum, mega ýmist eiga von á því, að orð þeirra sjeu ranghermd eða þá þagað yfir öllu, sem þeir segja, sem af viti er, ef það kynni að lækka þá í áliti hjá þjóðinni. Jeg veit að því er haldið fram, að Alþt. sjeu lítið lesin, en allir þeir, sem hafa áhuga á landsmálum og vilja fylgjast með, lesa þau, og þetta eru vanal. leiðandi mennirnir hjá þjóðinni. Jeg fæ ekki betur sjeð en að frv. þetta fari fram á það að útiloka þjóðina frá því að hafa eftirlit með fulltrúum sínum, og að því get jeg ekki stuðlað. Þetta er hættuleg braut og er í góðu samræmi við þá till., sem einu sinni kom hjer fram á Alþingi, að hafa leyniatkvgr. um ýms stórmál í þinginu.

Sigurður Jónsson: Jeg reyndi að fylgjast með umr. um þetta mál í Nd., og sá jeg ekki betur en að mikill munur væri á því, hvernig meiri og minni hl. þeirrar nefndar, sem um það fjallaði, litu á kostnaðarhlið þess. En jeg vil þó ekki fara nánar út í þær tölur hjer. Mjer skilst svo á nál. þessarar deildar, að nefndin vilji láta prenta þingtíðindin, ef 20% afsláttur fæst hjá prentsmiðjunum, og munar þar um 10% frá því, sem kostur var á, þegar málið lá fyrir hv. Nd., og munar það töluverðu. Jeg vil þó styðja till. nefndarinnar, í þeirri von, að hún verði frekar til þess, að umræðuparturinn verði prentaður. Jeg get því greitt frv. atkv. til 3. umr., en þá áskil jeg mjer rjett til að haga atkv. mínu eftir því, sem málið liggur þá fyrir. Annars vil jeg nú þegar lýsa yfir því, að jeg er því mótfallinn, að prentun á umræðuparti þingtíðindanna verði hætt.

Einar Árnason: Jeg ætla að eins að taka það fram, að jeg get greitt frv. atkv. til 3. umr., en lengur vil jeg ekki binda mig, því að fram geta enn komið þær tilslakanir frá prentsm., sem geri það að verkum, að jeg greiði atkv. á móti því að lokum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 : 3 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 : 2 atkv.

Á 33. fundi í Ed., fimtudaginn 30. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 22).

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Við síðustu umr. þessa máls hjer

í deildinni var á það bent, að með því að samþ. þetta frv., sem hjer liggur fyrir, mætti spara eða mundi mega spara 14—16 þús. kr.

Hinsvegar var engin fjöður dregin yfir það, að það væri verulegum vandkvæðum bundið að hætta prentun umræðuparts Alþingistíðindanna, og það mundi víða vera óvinsælt, að landsmenn ættu engan aðgang að því, sem sagt væri hjer í þinginu.

Að vísu er því haldið fram af ýmsum, að Alþingistíðindin sjeu mjög lítið lesin, en ekki felst í því nein úrslitasönnun þess, að hætta beri að gefa umræðurnar út. Umr. koma venjulega alt of seint út, þá fyrst er áhugi manna á þeim málum, er þau ræða um, er mjög farinn að dofna, og þetta veldur mjög miklu um það, að þingtíðindin koma ekki að fullum notum. Úr þessu þarf að bæta og byrja prentun umræðupartsins þegar á þinginu og hraða henni sem mest, en til þess þyrftu að vera til aðgengilegir samningar um þessa prentun í byrjun hvers þings.

En nú verður ekki sagt, að þessi áhugi á efni þingtíðindanna sje svo afar lítill með þjóðinni. Á það bendir það, að stöðva varð útsölu tíðindanna frá fyrra ári nú fyrir nokkru, af því upplagið var á þrotum.

Það skiftir hins vegar miklu máli, að spara sem mest allan útgáfukostnaðinn, bæði pappír og prentun. Skrifstofa þingsins hefir nú með ráði forsetanna tekið sjálf pappírskaupin til þingtíðindanna í sínar hendur, og hefir orðið að því stór sparnaður á þeim lið, en örðugra gekk að fá hæfilega niðurfærslu á prentuninni. Við síðustu umr. hjer í deildinni gat þó nefndin lýst því, að fengist hefði 5% afsláttur á allri prentun þingtíðindanna — líka skjalapartsins — frá því, sem fengist hafði meðan málið var til meðferðar í hv. Nd. Þetta þótti nefndinni þó ekki nóg, og vildi fá enn þá 5% afslátt, eða alls 20% afslátt frá því, sem var í fyrra. Nú hefir þetta tekist, og liggur fyrir um það skjalleg yfirlýsing frá prentsmiðjustjórunum.

Auk þess má ekki um of líta á hinn geypilega útgáfukostnað þingtíðindanna síðastliðið ár, sem stafaði af því, að þingið var með lengsta móti og hafði til meðferðar stóra lagabálka, sem þá voru flestir afgreiddir. Eftir því, sem jeg hefi komist næst, má gera ráð fyrir, að útgáfukostnaður þingtíðindanna þurfi ekki að þessu sinni að fara neitt verulega fram úr helmingi tilkostnaðarins 1921, og munar okkur um minna. Þingtíðindin verða nú miklu styttri, — skjalapartur alt að helmingi styttri —, pappír er miklu ódýrari en í fyrra, og við þetta bætist 20% afsláttur á allri prentuninni.

Sú viðleitni til sparnaðar, sem hjer hefir verið sýnd, hefir því orðið til mikils gagns og bendir til þess, að hægt muni vera að spara á fleiri liðum prentunarkostnaðarins fyrir almanna fje.

Þykir oss nefndarmönnunum sem nú sje sæmilega í hóf stilt og ekki sje ástæða lengur til þess að grípa til þess örþrifaráðs að hætta prentun umræðupartsins með öllu, enda hefir það verið sýnt og sannað með fullum rökum, að mikill aukakostnaður yrði því samfara, svo gróðinn yrði lítill, en óhagnaður og óþægindi veruleg.

Jafnvel gæti svo farið, að gróðinn yrði miklu minni en enginn, ef einhverntíma yrði farið að prenta þær umræður síðar, er menn nú af fjárhagsástæðum ljetu falla niður að prenta.

Nefndin telur því, að vel og hagvæn-

lega hafi skipast um þetta mál, og leggur því til, að frv. þetta verði felt.

Sigurður Jónsson: Jeg er hv. frsm. (S. H. K.) sammála í öllum aðalatriðum. Þó að jeg sje sparnaðarmaður, þá vil jeg síst spara almenna fræðslu þjóðarinnar, hvort sem það er með því að leggja niður barnafræðslu eða t. d. að hætta að prenta þær umræður, sem hjer fara fram.

Annars er þessi sparnaður tvísýnn, og hefir á ýmsu mátt sjá merki þess. Nál. hafa verið lengri vegna þess, að menn óttuðust, að umr. yrðu ekki prentaðar, og eins hafa menn viljað láta kjósendur sína sjá, hvernig þeir snerust við ýmsum málum, og hefir því oftar farið fram nafnakall en venja er til.

Jeg þarf ekki að benda á óhagræði það, sem leiðir af þessu frv., ef það verður samþ. Það hefir verið gert áður, en jeg vil hjer að eins benda á, að oft þarf að leita í umr. hjer á þingi að lagaskýringum, og væri því hagalegt, ef ekki væri greiður aðgangur til þess. Jeg mæli því með því, að frv. verði felt.

ATKVGR.

Frv. **felt** með 10 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jóh. Jóh., S. F., G. Guðf., H. St.

nei: H. Sn., K. E., S. E., S. H. K., S. J., B. K., E. Á., G. G., G. Ó., G. B.

---

3. Bæjarstjórn í Reykjavík.

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn 27. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 49, frá 30. nóv. 1914 [Bæjarstjórn í Reykjavík] (þm.frv., A. 43).

Alþt. 1922, C. (34. löggjafarþing).

Á 11. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg þykist í greinargerðinni hafa skýrt frv. þetta svo og aðalbreytingar þær, sem það gerir á gildandi lagaákvæðum um þetta efni, að ástæðulítið er að hafa um það mörg orð nú að þessu sinni.

Hitt vildi jeg benda á, að það virðist ekki ástæðulaust að breyta skilyrðum fyrir kosningarrjetti hjer í Reykjavík, í fyrsta lagi af því, að þau eru talsvert þrengri heldur en skilyrði fyrir kosningarrjetti til Alþingis, og í öðru lagi eru þau þrengri en skilyrði fyrir kosningarrjetti í öðrum kaupstöðum landsins, að einum undanskildum.

Jeg get hugsað mjer, að það, sem helst kynni að vera haft á móti þessu frv., sje það, að með þessari rýmkun, sjerstaklega að því er aldurstakmarkið snertir, komist meira los á alt. En ef vel er að gáð, er sú ástæða ekki mikils virði. Mörgum þykir nú vera fullmikið los á ýmsu í þjóðfjelaginu og um hreinar línur í landsmálum er naumast að tala. Hefir hið háa Alþingi jafnvel hlotið ámæli í þessu efni, og eru þó flestir háttv. þm. ráðnir og rosknir. Í aths. við frv. er á það drepið, að unga fólkið muni vera áhugasamara um opinber mál en hinir eldri. Hygg jeg að þessu verði ekki í *móti mælt*. Unga fólkið hefir tekið að sjer ýms nauðsynjamál og borið þau uppi. Vil jeg t. d. benda á ungmennafjelögin. Þau hafa mikið gert til þess að glæða áhuga fyrir mörgum þjóðþrifamálum, og mesta nauðsynin er, að menn skipi sjer í fylkingar málefnanna vegna, og þar stendur unga fólkið áreiðanlega feti framar mörgum hinna eldri. Það er því síður en svo, að meira los komist á, þó þessi rýmkun á aldurstakmarkinu verði

gerð; miklu fremur er ástæða til að vona, að skipulag og festa verði fremur ráðandi, að því er til opinberra mála kemur.

Hið háa Alþingi hefir bæði með berklaveikislögunum og breytingu fátækralaganna frá síðasta þingi viðurkent rjettmæti þess að láta menn ekki missa borgaraleg rjettindi, þó að þeir þurfi á hjálp þess opinbera að halda. Og nú er í þessu frv. ætlast til, að feti framar sje stigið og að sveitarstyrkur alment svifti menn ekki rjettindum. Enda verður nú allmikið misrjettið, þegar maður, sem að læknisráði fer á sjúkrahús, missir einskis í, en hinn, sem liggur heima hjá sjer og þiggur styrk vegna veikindanna, er gerður rjettlaus. Aldraðir einstaklingar, hversu mikið gagn, sem þeir hafa unnið sveit sinni, sæta líka sömu kjörum, ef þeir þurfa á hjálp að halda, og er slíkt herfilegt ranglæti. Þá er ómegð oft orsök þess, að menn missa rjettindi sín. Eru allmargir þeirrar skoðunar, að fremur beri að verðlauna barnamenn heldur en að hegna þeim með rjettindamissi, enda mun líka ein mesta menningarþjóðin hafa gert það.

Má fyrir þessu öllu enn færa margar ástæður, en jeg sleppi því að þessu sinni fyrir þá sök, að þetta var allítarlega rætt á síðasta þingi og þessi hv. deild afgreiddi þá frá sjer mjög frjálslegt frv. um kosningar í bæjar- og sveitarmálefnum. Vænti jeg því, að hv. deild taki þessu frv. vel, og vil jeg, að lokinni þessari umr., leggja til, að því verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. (sjá A. bls. 660) með 13 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., föstudaginn 17. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 43, n. 92).

Frsm. (Jón Þorláksson): Það er svipað að segja um þetta frv. og hið fyrra, að efni þess er til athugunar hjá bæjarstjórninni í Reykjavík og hefir verið vísað þar til nefndar, en nefndin hefir ekki skilað nál. enn, því að tími sá, er hún hafði, er enn ekki liðinn.

Þetta eitt var nú nægilegt til þess, að meiri hl. allshn. sá enga þörf á því að afgreiða þetta frv. nú, enda sýnist fara best á því, að bæjarstjórnin fái að undirbúa þau lög, sem hana varða, áður en þau eru borin undir Alþingi. En auk þess voru allir nefndarmenn ósammþykkir um efni frv., sem gerir allmiklar breytingar á núgildandi lögum.

Nefnd manna í bæjarstjórninni var falið að semja frv. um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar, en frv. þetta náði ekki samþ. bæjarstjórnarinnar, en af því má ráða, hvernig meiri hl. nefndarinnar leit á þetta mál. Aðalatriðið var það, að kosningarrjettarskilyrðin væru hin sömu og til Alþingis. Hefir þetta allmikla þýðingu og mikil þægindi í för með sjer. Nægir þá að semja eina kjörskrá á hverju ári, og er það til talsverðs sparnaðar og mikill vinnuljettir, því að samning kjörskrár er erfitt verk, einkum ef kosningarrjettarskilyrðin eru mjög mismunandi. Nefndin hefir öll verið sammála í því að leggjast gegn frv., en einn af nefndarmönnum hefir skrifað undir með fyrirvara, vegna einstakra atriða.

Jeg finn ekki ástæðu til að ræða um hvert kosningarrjettarskilyrði nú, og geri það ekki nema einhverjir gefi mjer tilefni til þess.

Jón Baldvinsson: Í fyrra lá hjer fyrir þinginu frv. um þetta efni. Var það

samþ. í deildinni, en þó raunar mikið breytt frá því, sem það var, er það var lagt fyrir þingið, þannig, að það tók til alls landsins, í stað þess, að þetta frv. snertir að eins Reykjavík eina.

Breytingarnar, sem frv. gerir á núgildandi lögum, eru talsverðar. Fyrst er það, að aldurstakmarkið er fært niður í 21 ár. Bendir margt á, að löggjafinn telji menn þá hafa náð sæmilegum þroska, því að þá eru menn orðnir fjárráðir, mega kvongast og geta tekið að sjer kenslu samkvæmt fræðslulögunum. Sýnist því engin ástæða til þess að meina mönnum að þessu leyti að taka þátt í meðferð opinberra mála.

Önnur breytingin er sú, að eftir frv. sviftir veittur sveitarstyrkur manninn ekki kosningarrjetti.

Löggjafinn hefir nú líka áður viðurkent þetta, bæði með berklavarnalögunum frá síðasta þingi og breytingu þeirri á fátækralögunum, sem þá var gerð, en þetta nær að eins til nokkurra manna, en ekki nærri því til allra, sem nú eru sviftir þessum rjetti, t. d. þeirra, sem missa hann sökum elli, vanheilsu og ómegðar. Veit jeg, að flestir hv. þm. eru samþ. breytingum í þá átt, sem frv. fer fram á, að eins ef hægt er að búa nógu hyggilega og tryggilega um.

Þá hefir einnig verið feld niður klausan, sem nú stendur í öllum kosningalögum, að þeir skuli ekki hafa kosningarrjett, sem sekir hafi orðið um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

Hv. allshn. hefir nú skýrt þessi orð svo, að þá sje óspilt mannorð ekki lengur kosningarrjettarskilyrði. Má vel vera, að þessi skýring sje lögfræðilega rjett, en allur almenningur á bágt með að gera sjer fulla grein þessarar skýringar. Alþýða manna áfellir oft þá, sem ekki hafa verið dæmdir af dómurum landsins, og þeir eru líka oft sýknaðir af almenningsálitinu, sem dæmdir hafa verið af yfirvöldunum, svo að það virðist ákaflega erfitt, frá almennings sjónarmiði, að gera sjer grein fyrir, hve nær menn ættu að missa borgaraleg rjettindi eftir þessum ákvæðum kosningalaganna. Mætti rekja hjer til mörg dæmi og sýna og sanna, hversu heimskuleg þessi ákvæði eru.

Um skattgjald til bæjarsjóðs er það að segja, að það er að vísu skilyrði fyrir kosningarrjetti nú sem stendur, að mönnum sje gert að greiða skattgjald til bæjarsjóðs. En það sýnist fullkomlega sanngjarnt, að þetta skilyrði sje felt niður, bæði sökum þess, að ekkert gjald er heimtað sem skilyrði kosningarrjettar til Alþingis, og oft getur líka staðið svo á, að gamlir og góðir borgarar, sem mikið hafa goldið til bæjarsjóðs, verði ófærir til þess að bera útsvar vegna fátæktar.

Á þá ástæðu hv. allshn., að frv. sje flutt gegn vilja meiri hl. bæjarstjórnar, get jeg alls ekki fallist. Jeg sje ekki, að jeg sem þm. sje á neinn hátt bundinn við vilja bæjarstjórnarinnar í þessu máli. Og út af brjefi borgarstjóra, viðvíkjandi hinu frv., sem hjer var áðan til umr., skal jeg geta þess, að jeg læt ekki borgarstjóra fyrirskipa mjer, hvað jeg skuli gera í málum, er snerta Reykjavík, heldur fer þar eftir sannfæringu minni.

Skal jeg svo láta þetta nægja, en legg áherslu á það, að hjer er um rjettlætiskröfu að ræða, sem á engan hátt á að bíða uns lokið er væntanlegri endurskoðun á löggjöf Reykjavíkur.

Gunnar Sigurðsson: Jeg skrifaði undir nál. með fyrirvara. Er afstaða mín sú til máls þessa, að menn eigi ekki að missa kosningarrjett sinn, þó að ósjálfbjarga verði sökum elli eða veikinda.

Um óflekkaða mannorðið skal jeg ekki ræða að þessu sinni. Enn vil jeg láta þess getið, að jeg tel engu skifta, hvort meiri hl. bæjarstjórnar er með málinu eða móti, en jeg er á móti þessu frv. nú vegna þess, að jeg treysti bæjarstjórninni til að koma með betur undirbúið frv. fyrir næsta Alþingi.

Frsm. (Jón Þorláksson): Jeg hefi litlu við að bæta það, sem jeg hefi áður sagt, og finn ekki ástæðu til þess að gera miklar athugasemdir við ræðu hv. 2. þm. Reykv. (J. B.), en þó vil jeg gera þá leiðrjettingu við greinargerð hans, að frv. þessu er á alt annan veg farið en frv. því, sem bæjarstjórnin flutti. Hvað 21 árs aldurinn snertir, vil jeg láta þess getið, að till. um hann var feld í bæjarstjórninni í fyrra. Mun jeg svo láta útrætt um málið.

ATKVGR.
Frvgr. **feld** með 15 : 5 atkv.

4. Fjárhagsár ríkissjóðs.

Á 7. fundi í Nd., fimtudaginn 23. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um fjárhagsár ríkissjóðs (þm.frv., A. 33).

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorláksson): Jeg hefi litlu við greinargerðina að bæta.

Núverandi fyrirkomulag hefir svo mikið óhagræði í för með sjer fyrir öll vinnubrögð Alþingis, að mikið væri til vinnandi, að hægt væri að komast hjá því. —

Fyrirkomulag það, sem jeg legg til, á og næg fordæmi í öðrum löndum. Víðast hvar er fjárhagsárið annað en almanaksárið. T. d. hefir fjárhagsárið í Danmörku um langan aldur byrjað 1. apríl.

Þar eð málið snertir mörg önnur atriði en fjárhaginn, skal jeg leyfa mjer að leggja til, að því að lokinni umr. verði vísað til allsherjarnefndar.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg hefi oft um það hugsað og til þess fundið, að reikningsár vort er óhentugt vegna samkomudags Alþingis. En ástæðan til þess, að jeg hefi ekki komið með till. eða frv. um að breyta þessu, er sú, að jeg hefi ekki verið viss um, nema bráðlega mundi aftur verða breytt um þingtímann. Nú hefir mjer heyrst á ýmsum háttv. þm., að þetta muni ólíklegt vera, því að hinn núverandi þingtími falli vel í geð. Að þessu athuguðu get jeg lýst því yfir, að jeg muni fylgja frv., en jeg er hræddur um, að nauðsynlegt verði oftast nær fyrir stjórnina að nota heimild stjórnarskrárinnar um að kalla þing saman fyr á árinu en 15. febrúar, því að þegar fjárlögin þurfa að vera staðfest fyrir 1. apríl, leiðir þar af, að þau þurfa að vera samþ. af þinginu nokkru fyr, til þess að tími sje til að fá konungsstaðfestingu á þeim, en til þess þarf að senda þau til Kaupmannahafnar.

Jeg veit nú ekki, hvernig háttv. þm. þykir það að geta átt von á því, að Alþingi byrji t. d. um miðjan janúar, en það get jeg búist við að verði afleiðing frv., ef samþ. verður. Mjer hefir dottið í hug, til að forðast þetta, að hafa reikn.árið frá 1. júlí—30. júní, en að öllu athuguðu, mun það reikningsár, sem frv. ráðgerir, vera heppilegra, þótt það hafi að sumu leyti sömu galla og reikningsárið 1. júlí—30. júní, sjerstaklega um undirbúning allra verklegra framkvæmda.

Jeg hafði hugsað mjer, að málið ætti heima í fjárhagsnefnd, en ef hv. deild kýs heldur allshn., geri jeg það ekki að ágreiningsatriði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 : 1 atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 660) með 12 : 7 atkv.

Á 19., 20., 21. og 23. fundi í Nd., dagana 10., 11., 13. og 15. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., fimtudaginn 16. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 33, n. 78).

Frsm. (Jón Þorláksson): Jeg hefi litlu við að bæta greinargerð frv. og nál. Ástæðan fyrir framkomu þess er sú, að á síðastliðnu þingi komu fram sama sem tvenn fjárlög, fjáraukalög að eins með útgjaldahlið og fjárlög bæði með tekjuhlið og útgjaldahlið. En þetta kom til af því, að nærri heilt ár var á milli þingtímans sjálfs og þess tímabils, er það setti fjárlögin fyrir. Útgjaldahlið þessara fjáraukalaga nam sem næst 1 milj. kr., en engar tekjur til þar á móti. Þegar annað eins og þetta kemur fyrir, fer ekki hjá því, að slíkt geri mikla röskun á hag ríkissjóðs, eins og líka greinilega sýndi sig í fyrra. Í ár hefir að vísu verið sneitt hjá þessu með því, að stjórnin lagði ekkert frv. til fjáraukalaga fyrir þingið. Og munu líklega allir hv. þm. vera á einu máli um, að það hafi verið rjett gert af stjórninni, eins og fjárhagsvorum er nú komið. En ef lagaákvæðum um þetta mál verður haldið óbreyttum, og ef fjárhagur ríkissjóðs kann að rýmka, þá er ekki ólíklegt, að aftur verði það upp tekið að bera fram frv. til fjáraukalaga. Allshn. lítur svo á, að mjög örðugt sje að halda fjárhag ríkissjóðs í sæmilegu horfi undir núverandi fyrirkomulagi, jafnvel þó eitthvað kunni að rætast úr fjárhagsvandræðunum. Að vísu sjer nefndin, að nokkur óþægindi geta af þessu hlotist fyrir einstaka menn, en hún telur þau óþægindi ekki svo tilfinnanleg, að hún þess vegna vilji leggjast á móti frv., ef menn á annað borð vilja halda því grundvallaratriði að halda þing á hverju ári og að vetrinum.

Önnur nefnd hjer í þinginu hefir borið fram þál. í Sþ., sem ekki hefir enn komið til umræðu. Sú till. fer fram á það að taka upp endurskoðun á stjórnarskránni, þannig, að Alþingi skuli að eins háð annað hvert ár. Og ef þingið hverfur að því ráði, þá er ekki gott að segja, hvaða breytingu slíkt kunni að hafa í för með sjer, einnig um þetta mál. Þessi breyting er miklu víðtækari en sú, sem frv. þetta fer fram á, og því er ekki tímabært að afgreiða þetta frv. nú, ef menn hugsa til slíkra breytinga, sem þál. í Sþ. fer fram á.

Jeg hygg mig vera í samræmi við hv. meðnefndarmenn mína, þó að jeg segi, að okkur er ekkert kappsmál að halda frv. áfram, ef þál. verður samþ., en við sjáum ekkert á móti því, að því verði leyft til 3. umræðu og stöðvað þar, þar til útsjeð er um hvort þál. í Sþ. verður samþ. eða ekki.

Fjármálaráðherra (Magn. J.): Það er auðsýnilega til bóta, að gengið sje frá fjárlögunum sem næst þeim tíma, er þau taka gildi. En eins og hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) tók fram, má kippa þessu í lag einnig með því að breyta þingtímanum.

Út af fyrir sig er það aldrei til gagns að breyta um reikningsár, hvort heldur farin verður sú leið, sem lagt er til í

frv., að taka 3 mánaða tíma fyrir sig sem eitt fjárhagstímabil eða hin, að telja 5 ársfjórðunga eitt reikningsár. Að breyta reikningsárinu hlýtur ávalt að hafa allmikinn rugling í för með sjer, og tölur verða þá ekki eins sambærilegar og ella. Það ætti því ekki að breyta um reikningsár, nema brýn nauðsyn beri til. Og auðvitað er það skilyrði fyrir því, að þessi breyting verði til bóta, að þingið komi saman einhverntíma á þessum þrem mánuðum, nóvember, desember eða janúar. Annars líður jafnlangur eða lengri tími milli þings og gildistöku fjárlaganna, og er þá ekkert unnið við breytinguna.

Þá vil jeg minnast á það, að um leið og flutt er fjárhagstímabilið, þá hljóta og öll reikningsskil líka að flytjast fram á árið, og þar með koma 3 mán. síðar fram. En verulegasti kosturinn við þessa breytingu ætti einmitt að vera sá, að menn hefðu einu ári yngri landsreikninga til þess að styðjast við við samningu og meðferð fjárlaganna. Þá vil jeg og geta þess, þó ekki sje það höfuðatriði, að allmargir þeir embættismenn, sem mest hafa með reikningsskilin að gera, hafa talið ýms tormerki á breytingunni.

Eins og jeg hefi þegar tekið fram, er um tvær leiðir að ræða í þessu máli, annaðhvort að breyta reikningsárinu eða færa þingtímann. Færsla þingtímans dregur engan dilk á eftir sjer, að því er best verður sjeð, en breyting á fjárhagsárinu getur verið mjög varhugaverð, og algerlega ófært að breyta til um slíkt oftar en einu sinni.

Sveinn Ólafsson: Mjer kom í hug áðan þessi gamli málsháttur: „Hverjum þykir sinn fugl fagur.“ Mjer sýnist sem hann hafi ræst á hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Segi jeg þetta vegna þess, að mjer finst þessi hv. þm. hafi einvörðungu talið upp kostina, sem þó eru fáir og ljettvægir, við það að færa fjárhagsárið og miða við aprílok í stað nýárs, en algerlega gengið fram hjá ókostunum. Suma af þessum ókostum hefir nú hv. fjrh. (Magn. J.) nefnt, en þó ekki nærri alla.

Það undrar mig raunar ekki svo mjög, þótt hv. flm. (J. Þ.) hafi dregið mjög fram kosti þessa frv., og þá suma mjög vafasama, en hitt furðar mig, að allshn. skuli ekki hafa sjeð ókosti frv. og athugað þá.

Jeg skal benda á það, að þó fjárhagsárinu verði breytt í það horf, sem frv. fer fram á, þá er ekki þar með algerlega girt fyrir, að aukafjárlög komi fram. Ýmislegt getur komið fyrir, sem gerir það nauðsynlegt að fara út fyrir ramma fjárlaganna og koma með fjáraukalög. Jeg nefni þetta einmitt vegna þess, að það hefir verið notað sem aðalástæðan fyrir breytingunni. En sá kostur frv. er eftir minni hyggju að miklu leyti ímyndaður.

Aðalókostirnir við breytinguna virðast hafa að mestu gleymst hv. flutningsmanni og nefndinni. Fyrst er sá, og eflaust sá stærsti, að með þessu móti yrði að færa þingtímann aftur á bak, nær sólhvörfunum, nær skammdeginu, óhentugasta og hættulegasta tímanum til þinghalds og ferða. Nú muna háttvirtir þingdeildarmenn, að vetrarþing var fyrst tekið upp eftir aldamótin síðustu, en stóðu þá að eins nokkur ár. Var þeim þó ekki hætt sökum þess, að ísar og ill veðrátta hamlaði ferð þm., því svo hittist á alla þessa vetur, að góð var tíð þá mánuði, sem þing stóð yfir. En alt öðru máli hefði orðið að gegna suma veturna bæði fyrir og eftir þetta árabil. Skal jeg til dæmis taka veturinn 1918. Ef vetrarþing hefði verið háð þann vetur, hygg jeg að margur þm. hefði fengið nauðsynleg kynni af því, hvernig þau

geta gefist. Þá var svo ástatt bæði janúar- og febrúarmánuð, að skipagöngur fyrir Norður- og Austurlandi urðu að hætta, en þau skip, sem á ferð voru, lágu föst vikum saman á höfnum sökum hafísa og illviðra. Það er ljóst, að ef þingtíminn yrði fluttur nær sólhvörfunum, þá verða skipaferðirnar kringum landið til þings enn hæpnari í myrkri og hríðum en þegar dag lengir, og jafnvel fyrirsjáanlegt, að þinghald gæti farist fyrir með öllu á lögákveðnum tíma.

Mjer virðist þá líka, að nefna megi mannhættu þá, sem oft er samfara þessum miðsvetrarferðum. Mætti telja upp marga skipreka, bæði fyrir og eftir aldamótin síðustu, sem orðið hafa af ísreki um þetta leyti árs, og er sú hætta jafnan opin, þótt hún hafi enn þá ekki orðið neinum þm. að tjóni. Er þetta eitt næg ástæða til að vera á móti þessu frv.

Ef breyta á til á annað borð, þá hygg jeg að besta úrlausnin verði sú, sem hæstv. fjrh. benti á, nefnilega að þoka til þingtímanum til haustsins, en lofa fjárhagsárinu að vera eins og það nú er. Er það fyrir margra hluta sakir hentugra að láta það og almanaksárið falla saman, eins og verið hefir. Hins vegar væri þá sjeð við þeim vandkvæðum, sem jeg gat um áður, með því að færa þingtímann aftur fyrir áramót, og þá svo mikið, að þingslit gætu orðið fyrir jól. Veit jeg engin dæmi þess hjer á landi, að ísrek hafi hamlað göngum skipa 3 síðustu mánuði ársins, en iðulega hafa þær tepst á 3 fyrstu mánuðunum og jafnvel lengur.

Fyrir þetta, sem jeg hefi nú getið um, hefði jeg helst viljað fella þetta frv. þegar í stað, svo það þyrfti ekki að tefja okkur lengur. Jeg get þá vel sætt mig við, að sú aðferð sje höfð, sem háttv. flm. hefir stungið upp á, að láta það bíða 3. umr., þar til sjeð er, hvernig fer um þál. þá. sem fram var borin af sparnaðarnefndinni í sameinuðu þingi, um breytta þingskipun eða stjórnarskrárbreytingu.

Frsm. (Jón Þorláksson): Ummæli hæstv. fjrh. gefa mjer ekki neitt tilefni til svara. Hann viðurkendi nefnilega grundvallar-ástæðurnar fyrir þessu frv. og benti að eins á aðra leið til að ná því takmarki, sem frv. er ætlað, sem sje þá leið að færa þingtímann. Jeg er sammála honum um það, að óviðeigandi væri að breyta fjárhagsárinu nú, ef menn væru ekki sannfærðir um, að ekki þyrfti að breyta því aftur af nýju. Því tíðar breytingar í slíkum efnum eru mjög óheppilegar.

Út af þeim orðum háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að það væri hjer sem oftar, að hverjum þætti sinn fugl fagur, skal jeg láta þess getið, að mjer er það ekkert kappsmál, hvort farin verður sú leið, sem jeg hefi nú bent á, eða önnur. En mjer þótti þetta mál svo mikils vert, eftir reynsluna í fyrra, að jeg vildi gera það, sem unt væri, til að afstýra því, að svo haldi áfram. Það hefir verið bent á það, að með þessu verði fjáraukalög ekki útilokuð. Jeg skal játa, að svo er, enda er það ekki markmið frv. En hinu held jeg fram, að með þessu móti verður hægara að útiloka þau fjáraukalög, sem eru hættulegust fyrir ríkissjóðinn. Það þarf enginn að óttast þessar smærri óhjákvæmilegu fjárveitingar, sem stjórninni þykir sjálfsagt að gera upp á væntanlegt samþ. þingsins og teknar eru í fjáraukalög eftir á. Þær ríða ríkissjóði aldrei á slig. En hitt hlýtur að verða hættulegt fyrir ríkissjóðinn, þessar stærri fjárveitingar, sem núverandi afstaða fjárhagsársins við þingtímann gerir óhjákvæmilegar, og þessi yfirgripsmiklu fjáraukalög, sem þingið verður árlega að staðfesta, án þess að

geta sett upp neina tekjuhlið til mótvægis.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) þykir það ókostur á frv., að af því leiði, að færa verði þingtímann nær skammdeginu, en hann færði engin rök fyrir sínu máli. Alt, sem hann sagði um það, var, að ókleift gæti orðið að komast á þing, ef þingtíminn yrði færður fram í janúar. Jeg býst við að öllum, sem nokkuð þekkja til Norðurlandsins, sje það kunnugt, að þetta er einmitt þveröfugt. Samkvæmt reynslunni er hverfandi lítil hætta á því, að ísrek tefji skipaferðir í janúarmánuði, en í febrúar þó nokkur. Ætti því sú breyting, sem frv. fer fram á í þessu efni, að eins að vera til bóta.

Jeg skal viðurkenna, að vilji menn taka upp haustþing, þá eru allar ástæður frv. gersamlega burtu fallnar. Að jeg í frv. stakk upp á þessari aðferð, stafar af því, að jeg bjóst við, að menn vildu halda áfram vetrarþingunum. Er það annars atriði, sem þeir þm., sem eru frá fjarlægari landshlutum, ættu að fá að ráða mestu um. En til þess að háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) haldi ekki að mjer sje þetta neitt sjerstakt keppikefli, skal jeg geta þess, að jeg fyrir mitt leyti kysi heldur, að þing væri háð á haustin en á þeim tíma, sem nú er.

Þá er einnig annað atriði, sem nefndinni kom saman um, en það er, að eigi á annað borð að halda vetrarþingunum, þá muni óheppilegt að hafa þau svo seint. Það getur auðveldlega komið fyrir, að of áliðið verði orðið vorsins, þegar þingi slítur, fyrir margan þingmanninn utan Reykjavíkur. Getur það orðið miklum annmörkum bundið fyrir bændur að vera um þann tíma fjarri búum sínum, einkum ef harður vetur og vor leggjast að. Er vonlegt, að þeim verði órótt í brjósti, að sitja hjer fram í maímánuð; enda er ekki langt að minnast, að svo var.

Tel jeg því einnig af þessum rökum heppilegra að halda þing mánuði fyr en nú er gert.

Gunnar Sigurðsson: Jeg ætla mjer ekki að taka fram fyrir hendurnar á háttv. frsm. nefndarinnar (J. Þ.), en get þó ekki látið ómótmælt, að allshn. hafi ekki athugað frv. ítarlega og þær breytingar, sem það hefir í för með sjer. Oss var það ljóst, að þörf yrði að breyta jafnframt þingtímanum, þótt jeg fyrir mitt leyti hafi óttast, að það kynni að verða frv. að fjörlesti.

Annars tel jeg það höfuðkost á frv., að ýtt er með þessu undir starfsmenn ríkisins að gera fljót reikningsskil. Er það að mínu áliti mikils virði fyrir bæði starfsmenn ríkisins og sjálft ríkið. Annars hefi jeg ávalt búist við því, þótt mikið vit sje í þessu frv., að breyting þingtímans yrði því að fjörlesti, enda hefir það komið ljóst fram hjá hv. 1. þm. S.-M.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 12: 3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15: 2 atkv.

Á 34. fundi í Nd., þriðjudaginn 28. mars, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 33).

Þorleifur Jónsson: Jeg var ekki við 2. umr. þessa máls, og vildi því með nokkrum orðum gera grein fyrir atkvæði mínu nú. Það er ekki hægt að neita því, að það er að sumu leyti óhentugt að þurfa að semja fjárlög löngu fyrirfram. Afkoma hins líðandi árs í verslun og atvinnuvegum er óþekt og að sumu leyti ófyrirsjáanleg, þegar fjárlögin eru í smíðum, eins og hv. frsm. (J. Þ.) tekur

fram í greinargerðinni. En það er nú svo, að allar áætlanir, sjerstaklega um tekjur þær, sem búist er við að greiðist, eru meira og minna spádómar. Og hvort spáð er um það nokkrum mánuðum fyr eða síðar, gerir ekki svo mikið til. Það sem mest hefir bjargað okkar fjárhag, eru varlegar tekjuáætlanir. Það var venja áður, og jeg vona að sú venja sje ekki aldauða enn, að hafa vaðið fyrir neðan sig og ætla tekjurnar ekki sjerlega hátt. Þó ýmislegt virðist mæla með því, að fjárhagsárið byrji skömmu eftir þingslit, þá virðist mjer athugavert að breyta til um það atriði. Bæði einstaklingum, stofnunum og fjelögum er venjulega þægilegast að miða sitt reikningsár við almanaksárið. Býst jeg við, að þeim mörgu, sem verða að gera ríkissjóði reikningsskil ráðsmensku sinnar, væri gert óhagræði með því að miða sitt reikningsár við annan tíma en nýárið. Það eru að eins hreppsreikningar, sem nú eru miðaðir við fardagaár; hafa menn fundið meira og meira til óþæginda við það og vilja nú breyta til.

En það, sem mestu veldur, að jeg get ekki aðhylst þessa till., er það, að þá verður að færa þingtímann á enn óheppilegri tíma en nú. Sje nú gert ráð fyrir, sökum þessa nýja ákvæðis um að miða reikningsárið við 1. apríl, að þing megi ekki hefjast síðar en um miðjan janúar, þá er frá mínu sjónarmiði ekki hægt að velja verri tíma. Þeir, sem í fjarlægð búa, verða að hefja ferð sína til þings um hátíðir eða ekki síðar en um nýár. En það vita allir, hversu gott það er að vera á ferðalagi hjer á landi í háskammdeginu. Það er nógu slæmt eins og er með vetrarferðirnar, og þó er dag allmikið farið að lengja um mánaðamót janúar og febrúar, þegar þm. þurfa nú að hefja ferð sína. Jeg álít það mestu vitleysu að hafa þing á þeim tímum, sem langverstir eru fyrir ferðalög. Það er mikil heppni, að ekki skuli hafa orðið mikil slys í þessum lögboðnu vetrarferðum.

Ef brýn nauðsyn ber til þess, að fjárhagsárið byrji ekki löngu eftir þingslit, þá má taka upp gamla siðinn og halda sumarþing, sem gætu þá byrjað svo sem 1. ágúst eða svo.

Svo er enn eitt, sem kemur til greina, en það er það, að þm. heima í hjeruðum eru oft bundnir við ýms störf, sem þeir geta ekki hlaupið frá um áramót, áður en þeir hafa fengið færi á að gera ársreikninga, svo sem sýslumenn eða bæjarfógetar, kaupsýslumenn, þeir sem forstöðu veita sparisjóðum, o. fl., og er slæmt að hlaupa frá því óköruðu.

Þá er ein ástæða háttv. flm. og reyndar nefndarinnar líka, að ef þessu verði breytt, þá sjeu meiri líkur til, að ekki verði fjáraukalög. Það getur verið. En fjáraukalög eru ekki ný hjer hjá okkur. Við höfum haft þau um marga áratugi og þau hafa ekki aflagað fjárhaginn svo mikið. Ef stjórn og þing hefðu vit og vilja á því að sníða útgjöldin eftir tekjunum, þá ætti að mega vænta hins sama, þótt hafa yrði fjáraukalög. Jeg hefi litla trú á því, þótt fjárhagsárinu verði breytt, að það, út af fyrir sig, geri okkur nokkuð ríkari. Jeg sje mjer ekki fært að vera með frv. eins og það nú er úr garði gert.

ATKVGR.

Frv. **felt** með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: J. S., J. Þ., M. G., P. O., P. Þ., St. St., Þorl. G., Þór. J., E. Þ., Jak. M., J. A. J.

nei: J. B., M. J., M. K., M. P., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. J., B. H., E. E., H. K., Ing. B., B. Sv.

Tveir þm. (Gunn. S. og Ó. P.) fjarstaddir.

5. Frestun fræðslulaga.

Á 13. fundi í Nd., föstudaginn 3. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um frestun á framkvæmd laga um fræðslu barna, 22. nóv. 1907, og laga um breyting á þeim lögum, 24. sept. 1918, og laga um skipun barnakennara og laun þeirra, 28. nóv. 1919 (þm.frv., A. 58).

Á 15., 16. og 17. fundi í Nd., dagana 6., 7. og 8. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Nd., fimtudaginn 9. mars, var frv. enn tekið til 1. umr. (A. 58).

Frsm. (Bjarni Jónsson): Það hefir orðið hlutskifti mitt að lýsa því í fám orðum, hvað vakir fyrir fjvn., er hún ber fram þetta frv.

Nefndin sjer, að fjárveitingin til barnafræðslunnar er orðin ærið há og býst við, að hún fari vaxandi. Þó telur hún fjárveitinguna eigi á neinn hátt hærri en þörf krefur, meðan því fræðslukerfi er haldið, sem nú er.

En tilgangur nefndarinnar er einmitt sá að breyta fræðslukerfinu. — Áður en jeg tel ástæður hennar fyrir þessu, verð jeg að láta undrun mína í ljós yfir umræðum þeim, sem orðið hafa um þetta mál áður en það kom fram. Þótt einhverjar agalegar frjettir hefðu gengið um fyrirætlanir nefndarinnar, þá hefðu menn átt að gefa rúm reiðinni og sjá, hvort fregnirnar reyndust rjettar. Því að komið hefir það fyrir, að ekki væri allskostar rjett hermt frá.

Þá sný jeg mjer að ástæðum nefndarinnar til þess að vilja breyta fræðslukerfinu.

Höfuðástæðan er sú, að nefndin vill auka að miklum mun þekkingu almennings, og þetta er í sjálfu sjer næg ástæða og raunar hin eina ástæða nefndarinnar.

Sú þekking, sem nú er heimtuð af alþýðu manna, er þessi: 1) lestur, að geta sagt frá kunnu efni, málvillu- og ritvillulítið, nokkur ættjarðarkvæði; 2) skrift (snarhönd); 3) það, sem heimtað er í Kristsfræðum; 4) fjórar höfuðgreinar reiknings í heilum tölum og brotum og kunna að reikna með þeim flatar- og rúmmál einfaldra hluta; 5) ýmislegt hrafl úr landafræði, eðlisfræði (eðli hefi jeg í sömu merkingu sem er í formála Snorra-Eddu, um jörðina: gömul at aldartali ok máttig í eðli; aðrir kalla á latnesku náttúrufræði), og atvinnuvegaþekking; 6) nokkur lög. Þetta eiga allir að kunna 14 vetra, og eru nú greiddar til þessa nálega 400 þús. kr. úr ríkissjóði, og til þess að veita börnunum þessa fræðslu eru hafðir 115 fastir kennarar og 92 farandkennarar. Þetta fyrirkomulag þykir nefndinni minna helsti mikið á það, sem umskiftingurinn sagði: „Jeg er nú svo gamall sem á grönum má sjá, og hefi jeg þó aldrei sjeð svo langan gaur í svo lítilli grýtu.“ Milliþinganefnd hefir starfað nú undanfarandi að þessum málum og leggur hún til, að bætt sje við kunnáttukröfurnar tvennu: byrjun í dráttlist og þjónustubrögðum, svo sem að hirða skó,

festa hnapp, staga sokk, sauma bót á fat, þvo úr flík. En jafnvel þótt þessu yrði bætt við, telur nefndin það ófullnægjandi alþýðumentun. Hún telur, að hjer eftir verði að koma nám eftir kynþroskaaldur, eða að minsta kosti samfara honum, enda telur hún mestu nauðsyn fyrir hvern mann að hafa velviljaða og viturlega handleiðslu góðra kennara um umskiftaaldurinn, gleðjandi, þroskandi og göfgandi sambúð við samferðamenn á þroskabrautinni, með hollu kappi og metnaði, samfara gagnkvæmri hjálp innbyrðis og vist á fyrirmyndar heimili.

Þetta telur hún mega verða í ungmennaskólum fyrir eina og eina sýslu eða tvær og tvær, eftir staðháttum, og á fyrirmyndarheimilum á sama stað sem skólarnir væru og í sambandi við þá. —

Nefndin telur, að hjer verði að kenna allar þær námsgreinar, sem heimtaðar eru til staðfestingar, til fyllri og dýpri skilnings, og auka allmiklu við. Það tel jeg fyrst, að móðurmálskunnátta hvers manns verður að vera drjúgum meiri en heimtuð verður af börnum til staðfestingar: sæmileg þekking á íslenskri málfræði, og yrði þá auðvitað að fá einhverja til að semja viðunanlega bók til þessarar kenslu; lestur helstu Íslendingasagna, með fullum skilningi, og leikni í því að rita sæmilega gott mál; lögmál íslenskrar kveðandi, einkum að týna eigi hljóðstafssetning, svo sem hin yngri skáld virðast ekki kunna, eða þykjast svo ofurhlaðin andagift, að þau hirða eigi að hlíta því lögmáli, sem aðrir á undan þeim, svo sem Jónas Hallgrímsson, hafa gert. — Þá tel jeg, fyrir hönd nefndarinnar, reikninginn. Þar þarf ekki að eins að lesa upp og dýpka skilning á hinu lærða, heldur bæta talsverðu við. Fjórar höfuðgreinar reiknings í heilum tölum og brotum nægja engum manni til æfinestis í þeirri grein, er menn nefna talnafræði. Þar þarf hver maður við að bæta líkingum með einum óþektum í fyrsta veldi, að minsta kosti, þ. e. a. s. hlutfallareikningi (bein hlutföll og öfug), vaxtareikningi, árgjaldareikningi og helstu setningum um flatarmál og teningsmál. Enn þarf hver maður að læra og kunna svo mikið um reikningshald, að hann geti haldið búreikninga, svo í lagi sje, og aðra reikninga þar á borð við. Þá tel jeg hið þriðja, að hver maður þarf að kunna sæmilega landafræði Íslands og jarðfræði, eðli grasa og dýra, svo og það, er lýtur að atvinnuvegum landsins, sögu Íslands rjett sagða, en ekki eftir bókum þeirra, sem ljelegast rita og engan skilning hafa á sögu; þar með vil jeg telja stjórnarfar og bókmentir, og ætti því að kenna hverjum manni stutt og greinilegt ágrip af þessu öllu, svo að kunnátta í þessu yrði hyggindi, sem í hag koma. Enn tel jeg teikningu, söng og íþróttir, að synda, glíma, fara á skíðum og skautum, og svo alls konar fimleika.

Þessum þekkingarauka mætti ná í unglingaskólum á tveim vetrum, með 8 mánaða kenslu. Þá mætti heita, að ríkið byggi þegnana sæmilega undir æfistarf þeirra, ef það skildist eigi við uppeldi manna fyr en að minsta kosti þessu takmarki væri náð. En þá þyrfti það þó enn að auka fjárframlagið um á að geta 200 þús. kr., ef bætt yrði ofan við það kerfi, sem nú er, og yrðu þá þessi fjárframlög 600 þús. kr., og mundu fara vaxandi.

Þá kem jeg að því atriði, sem þarf að skýra, því, hvers vegna fjvn. ber þetta frv. fram. Það er fyrir þá sök, er nú skal greina.

Fjvn. verður að gera till. um fjárframlög ríkisins til almenningsfræðslu, sem aðra liði fjárlaganna. Og hjer var henni einmitt bent til af stjórninni, þar sem lagt er til í frv. hennar, að styrkur til unglingaskóla lækki úr 40 þús. niður í 25 þús. kr. Nú hafði fjvn. síðasta þings hækkað styrk þennan úr 28 þús. upp í 40 þús. kr. og ætlast til þess, að það yrði til fjölgunar slíkum skólum, og styrkurinn færi síðan hækkandi eftir þörfum, jafnóðum sem slíkum skólum fjölgaði. Og þótt nú sjeu fjórir nýir menn í nefndinni, þá er hún öll á sama máli og nefndin í fyrra. Nefndin sjer á þessu, að gengið er þvert úr leið, og þá einnig hitt, að stjórnin vill eigi auka fjárveitingar til almenningsfræðslu. Og það þykist nefndin og vita, að torsótt muni vera að skeyta ofan við barnaskólana. Þess vegna afrjeð nú nefndin að gera tilraun til að losa landssjóðsfje úr barnafræðslunni, til þess að eiga þá hægara um vik með að sjá fyrir lokamentun almennings. Nefndin sjer nú eigi annað en að þetta megi vel framkvæma, og þeir meinbugir, sem á eru, stafa ekki af því, að kenslan geti ekki orðið jafngóð. Það er engum efa undirorpið, að sveitaheimili geta með hjálp og eftirliti prestsins kent mönnum það, sem heimtað er til staðfestingar. Og við það vinst afarmikils verður menningarauki fyrir landslýðinn, þar sem er sú andlega starfsemi, sem heimilin inna af hendi, er fólkið rifjar upp fornan lærdóm sinn og bætir við sig til þess að geta kent börnunum. „Docendo discimus", sögðu Rómverjar, og mun sú raun verða á hjer einnig, að menn læra á því að kenna. Mundu menn þá og meta lærdóminn meira, er þeir ættu að vinna að honum sjálfir og kosta hann og bera á byrgð á honum. — Í bæjunum verður svo sem verið hefir. Skólarnir verða þar nauðsynlegt böl, sem ekki verður af ljett. Kenslan verður þar hin sama, með sömu mönnum.

Frá þessari hlið er því engum vandkvæðum bundið að framkvæma þessa till. vora. En sökum þess, að fræðslukerfið eftir lögunum frá 1907 hefir nú staðið allmörg ár, þá er komin upp ný stjett í landinu, harla fjölmenn, þar sem er kennarastjettin. Og á undanförnum þingum hefir verið hugsað fyrir því að láta kennarana hafa eigi verri kjör en útigangshestar hafa. Þar eru einu vandkvæðin, sem á eru í framkvæmdinni. Raunar hafa kennararnir að eins verið settir hingað til, og má því vera, að þeir geti eigi látið dæma sjer laun eða skaðabætur, en á það vill nefndin eigi líta. Bæði lögin og setning í tvö ár verður að telja jafngilt föstu loforði til stjettarinnar. Þess vegna tók nefndin það ráð að gera barnaskólum, sem kunna að verða haldnir, að skyldu að gjalda kennurum kaup samkvæmt kennaralaunalögunum. Það getur Alþingi því fremur gert sem það mun halda áfram að veita nokkurn styrk til þeirra. En sennilega eru kennararnir eigi trygðir nema því að eins, að stjórnin veiti embættin, og ætti því að bæta því ákvæði inn í lögin. Vera má og, að fleira vanti enn í lögin, t. d. ákvæði um, að kenslumálastjórnin hafi sama eftirlit með skólunum sem nú. Vænti jeg, að það komi fram í umræðunum, og mun nefndin fús að taka viturlegar bendingar til greina, og koma þá með brtt. við 2. umr.

Jeg hefi þá í stuttu máli talið ástæður fjvn., og mega menn sjá á því, að hjer er ekki um neitt sláturfjelag að ræða, því að við viljum skylda hið opinbera til að sjá fyrir því, að farandkennarar missi einskis í. Menn munu og sjá,

að höfuðástæðan er ekki sú að spara svo mjög fje ríkissjóðs, heldur hitt, að þurfa eigi að auka fjárframlagið, og komast þó að betri niðurstöðu; með öðrum orðum, verja fjenu betur, fá meira fyrir jafnmikið eða minna.

Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um þetta. Menn hafa haft í heitingum við mig og nefndina, að láta okkur gjalda þessa frv., og býst jeg við, að þeir hinir sömu muni nú hyggjast að efna þau heit. Vænti jeg þess þá, að einhverjir aðrir úr fjvn. standi upp til andsvara, svo að jeg standi ekki einn uppi.

Þorsteinn Jónsson: Það var svo að heyra á endi ræðu háttv. þm. Dala. (B. J.), sem menn væru vondir mjög út af frv. þessu, og mjer skildist svo, sem hann væri allskelkaður yfir gerðum sínum, því hann hjet á nefndarmenn til hjálpar sjer, ef í hart færi. En jeg skal nú lofa honum því að vera ekki harðorður. Annars skal jeg geta þess, að mjer virðist frv. þetta allflausturslega fram borið; það mátti þó varla minna vera en að ítarlegt nál. fylgdi því, þar sem um svo mikilsvert mál er að ræða. Það er hægara fyrir hv. þm. að átti sig á nál. en framsögu, og það þótt meira sje á þeim að græða en framsögu hv. þm. Dala. (B. J.).

Mjer kom það ærið undarlega fyrir, þegar jeg frjetti fyrir nokkrum dögum, að fjvn. hefði í smíðum frv. um frestun á lögum um fræðslu barna og frestun á lögum um laun og skipun barnakennara. Jeg hafði litið svo á, að mentamálin heyrðu undir verksvið mentmn. en ekki fjvn., nema þá ef um nýjar fjárveitingar til þeirra væri að ræða. En jeg þóttist vita, að fjvn. hefði hafið þessi afskifti vegna sparnaðar. Að hún með þessu ætlaði að spara landsfje að miklum mun, þrátt fyrir það, þótt sá sparnaður mundi verða talinn tvísýn ráðstöfun. Þegar svo frv. birtist, sá jeg, að hjer var um nýja stefnu í fræðslumálunum að ræða, en frv. alls ekki flutt af sparnaðarlegum ástæðum. Fjvn. hefir með þessu viljað sýna, að hún væri nokkurskonar yfirnefnd í þinginu. Ef til vill hefir orsökin til þessara afskifta hennar af fræðslumálunum verið sú, að hv. þm. Dala. (B. J.), sem áður hefir verið í mentmn., var nú ekki lengur í henni. En hann hefir samt ekki kunnað við annað en blanda sjer með þessu móti inn í verksvið mentmn. Í frv. felst hans stefna í mentamálunum, og jeg efast um, að sumir aðrir fjvn.-menn hefðu sætt sig við frv. þetta, ef þeir hefðu nokkuð um það hugsað.

Það kannast allir við það, að hv. þm. Dala. (B. J.) ann öllu því, sem þjóðlegt er, jafnframt því sem hann er hugsjónamaður og brautryðjandi á ýmsum sviðum í stjórnmálum vorum. Það fer nú stundum svo á merkum tímamótum, þegar nýjar stefnur og hugsjónir ryðja sjer til rúms, að brautryðjendurnir líta til einhvers fyrri tíma, sem þeim finst að hafi að ýmsu leyti staðið langt framar sinni samtíð. Vilja þeir þá byggja endurreisnina á því að taka þá tíma til fyrirmyndar. Svo var í byrjun 19. aldar um þá menn, er hófu endurreisnarbaráttuna hjer á landi. Þeir litu til þjóðveldistímans gamla, vegsömuðu hann og vildu láta, að svo miklu leyti, sem fært var, byggja endurreisn málsins, endurreisn menningarinnar og endurreisn sjálfstæðisins á honum, — færa málið í forna búninginn, Alþingi á Þingvöll o. s. frv. Og þjóðin hagnýtti sjer þessar bendingar, þar sem hún sá, að þær áttu við. Þá kem jeg aftur að hv. þm. Dala. (B. J.). Hann lítur með aðdáun til horfinna tíma, þegar

engir barnaskólar voru til hjer á landi, þegar heimilin og prestarnir voru ein um að menta börnin. Og það er auðsjáanlegt, eftir frv. að dæma, að þeir tímar, sem hann vill að vjer tökum oss til fyrirmyndar, er fyrri hluti 18. aldarinnar. Samkvæmt frv. því, sem hjer liggur fyrir, sjest það, að hann vill taka til fyrirmyndar barnafræðslufyrirkomulag eins og það var ákveðið í „Forordning um húsvitjanir á Íslandi, 27. maí 1746". Þessi húsvitjunartilskipun er að ýmsu leyti merkileg, og sannarlega fá prestarnir hjer talsverð viðbótarstörf. Og svo framarlega, sem þeir eiga að fara eftir henni, og sama hegning liggur við vanrækslu á húsvitjunum og þar er ákveðin, þá er sannarlega ekki gott fyrir prestana að vanrækja skyldur sínar í þessu efni. En vitanlega ætlar hv. fjvn. ekki að vera mildari við prestana en foreldrana, ef um vanrækslu er að ræða á skyldum viðvíkjandi barnafræðslunni. Nefndin ætlast til, að sekta megi foreldrana um alt að 1000 kr. fyrir vanrækslu á fræðslu barna þeirra. Húsvitjunartilskipunin, sem nefndin byggir frv. á, mælir svo fyrir meðal annars, með leyfi hæstv. forseta:

> „Finnist nokkur prestur vanræksinn þar á, þá áminnist hann í fyrsta sinni af prófasti, en verði það annað sinn, þá múlkterist hann eftir síns kalls inntekt af sinni formegun, hverri peningamúlkt að víxla skal til fátækra barna uppfræðingar.",

Margt er annars merkilegt í þessari tilskipun, en að meiri hluti Íslendinga á 20. öldinni geti felt sig allskostar við hana, það efast jeg um. Auðsjáanlega ætlast hv. fjvn. til þess, að vegur og veldi prestanna vaxi nú mjög. Þeir eiga að vera yfirkennarar og þeim eiga allir að sýna meiri virðingu en alment tíðkast, að nokkrum mönnum öðrum sje sýnd nú á dögum. Í hinni umræddu tilskipun stendur, meðal annars, með leyfi hæstv. forseta:

> „Allir þeir, sem eru við sjósíðuna til fiskjar eða Vestmannaeyjum eða svokallaðir lausamenn, skulu um þann tíma, sem þeir dvelja þar, í tilliti til þessara húsvitjana, álítast sem prestsins eigið sóknarfólk, auðsýna honum alla hlýðni og virðing og vera við, þá það er ekki öldungis ómögulegt. Sýni þeir sig á nokkurn hátt mótþróanlegir prestsins kristilegu áminningum, þá straffist þeir af þess pláss verslega valdi, svo sem í 5. articula ákveðið er."

En í 5. articula stendur, að þessi lýður eigi að standa opinberar skriftir og straffast þar að auki á kroppinn. Í sama anda og þetta eru auðsjáanlega sektarákvæðin í hinu umrædda frv. Sú stefna, sem kom þessari húsvitjunartilskipun 1746 af stokkunum, var hin svo kallaða „pietista"-stefna, sem Ludvig Harboe flutti hingað til landsins. Um hana má vitanlega ýmislegt gott segja, en að hv. þm. Dala. (B. J.) þætti hún svo þjóðleg, sem nú er raun á orðin, það furðar mig stórum. Annars hefir honum láðst að geta um í frv. húsagatilskipunina frá 1746. Hún kom fram viku síðar en húsvitjunartilskipunin og var flutt fram af sömu mönnum og sömu stefnu. Í henni var mönnum bannaður fornsagnalestur og rímnakveðskapur.

Jeg vil þá fara nokkrum orðum um rjett þann og órjett, sem frv. þetta veitir. Með því er numin úr gildi skólaskylda barna og að miklu leyti skylda ríkisins að kosta hana.

Nú berast þær fregnir utan úr heimi

hvaðanæva, að þjóðirnar kosti kapps um að efla og auka barnafræðsluna, og leggi jafnvel meiri alúð á barnaskólana en nokkra aðra skóla. Þær þjóðir, sem fyr höfðu ófullkomna barnaskóla og skólaskyldu, efla nú sem mest barnaskólana, fjölga þeim og herða á skólaskyldunni og leggja fram miklu meira fje til barnafræðslunnar en nokkru sinni fyr, þó að margar þeirra sjeu í mestu fjárþröng, svo sem Austurríkismenn. Á aukinni barnafræðslu ætla þær að byggja endurreisn sína, og alstaðar er það að ryðja sjer til rúms, að ríkin kosti barnafræðsluna að mestu leyti. En hjer á landi gerast nú þeir undraverðu atburðir, að fjvn. Alþingis vill koma barnafræðslunni af ríkinu á sveitirnar og heimilin og hætta að skylda ríkið og sveitirnar til að kosta fræðslu barna En hvar mun þetta koma harðast niður? Að sjálfsögðu á fátæklingum, sem ekki hafa fje til þess að kosta fræðslu barna sinna. Ríkir menn eða efnaðir munu halda kennara til að kenna börnum sínum. Stefna nútímans virðist þó vera sú að hjálpa börnum fátækra manna sem ríkra til þess að ná sem mestum þroska og undirbúa þau svo vel, að þau gætu orðið sem nýtastir borgarar þjóðfjelagsins. Jeg veit, að hátv. fjárveitinganefnd muni svara því, að í kaupstöðunum verði það gert, því að þar verði barnaskólar. Sjálfsagt munu kaupstaðirnir halda uppi barnaskólum, en ef þeir einir eiga að kosta skólana, mundu þeir vilja setja skólagjöld fyrir þau börn, sem í þá ganga; enda ber þeim ekki skylda til að halda þeim uppi, ef þetta frv. yrði að lögum, og mundi finnast það óbærilegur kostnaður án slíkra skólagjalda. Sveitirnar yrðu þó enn harðar úti. Það er hreinasta óhæfa að skylda heimilin til þess að kenna börnunum, eins og hjer er gert, því að fæst þeirra hafa tök á því, nema að litlu leyti. Víða vantar menn til þess og víða eru menn svo önnum kafnir, að þeim veitist fullörðugt að kenna börnunum að lesa og skrifa. Heimafræðslan er notadrjúg, það sem hún nær og að því leyti sem heimilin geta látið hana í tje.

Mótstöðumenn barnaskólanna halda því fram, að þeir dragi úr eða drepi heimafræðsluna; en þetta eru hinar mestu öfgar. Skólarnir styðja heimafræðsluna og heimafræðslan skólana. Þetta tvent þarf að haldast í hendur, ef vel á að fara.

Hvernig stendur á, að fræðslulögin 1907 voru lögleidd? Það var vitanlega af því, að löggjafarnir þá sáu, að heimilin gátu eigi látið í tje þá fræðslu, sem var ákveðið að hvert barn skyldi fá.

Háttv. deild veit, að hún hefir sjálf skipað svo fyrir, að landsstjórnin skyldi skipa milliþinganefnd til að rannsaka og gera till. um fræðslumálin. Nú hefir sú nefnd þegar afrekað talsverðu; safnað skýrslum og umsögnum manna um alt land.

Hæstv. landsstjórn lagði í byrjun þessa þings fram frv. um fræðslu barna, sem samið var af þessari nefnd, og hafa hv. meðlimir fjvn. — sem aðrir þm. — fengið í hendur álit milliþinganefndarinnar um barnafræðsluna. Milliþinganefndin sendi út um alt land fyrirspurnir um það, hvernig fræðslulögin hefðu gefist, og leitaði álits um barnafræðsluna hjá öllum skólanefndum, kennurum og prestum. Samnefnari af áliti allra þessara manna er frv. það, sem stjórnin lagði fyrir þingið. Engir þeirra, sem svöruðu fyrirspurnum þessum, vildu láta afnema skólaskylduna, eins og ætlast er til með þessu frv. fjvn., og allir vildu þeir láta bæta barnafræðsluna. Að mínum dómi hefir

milliþinganefndinni tekist mætavel í till. sínum um barnafræðsluna. Þær eru að vísu allar bygðar á þeim grundvelli, sem þegar var lagður, auk þeirrar reynslu, sem fengin er, en þær horfa allar til bóta. Og þær hafa einn kost, sem jeg hugði, að hv. fjvn. metti mikils, og hann er sá, að af þeim leiðir enginn kostnaðarauki fyrir ríkissjóð. Jeg efast að vísu um það, að allir þeir, sem skipa fjvn., hafi lesið till. og nál. milliþinganefndarinnar, því að þá hygg jeg, að þeir hefðu ekki komið fram með annað eins vansmíði eins og frv. það er, sem nú er rætt um. Slík hroðvirkni, hugsunarleysi og hringlandi í löggjöf, sem það sýnir, er þinginu til lítils sóma.

Jeg vil nú með fáum orðum minnast á lögin um skipun kennara. Samkvæmt þeim eru kennararnir starfsmenn ríkisins og settir í störfin af ríkisstjórninni. Jeg efast um, að ríkið hafi rjett til að segja þeim upp og skuldbinda sveitarfjelögin til þess að gjalda þeim. Þessi lög eru nú tæpra þriggja ára gömul, en með þeim er kennurum lofað æfilöngu starfi, ef þeir reynast nýtir og staða þeirra verði eigi óþörf. Í þeirri trú, að ríkið stæði við gerðan samning, hafa þeir tekið að sjer þessi störf.

Ekki munu sveitarfjelögin þakka fulltrúum sínum það, ef þeir þyngja svo byrðar þeirra, sem ætlast er til með frv. þessu, og síst allra munu mæður í þessu landi þakka það, að numin verði úr lögum hjálp sú, er ríkið hefir áður lofað þeim til fræðslu og uppeldis barna þeirra. — Mentmn. hefir nú frv. stjórnarinnar til athugunar. Virðist mjer, að fjvn. hefði átt að bíða með sínar till. þangað til það var komið inn í þingið aftur.

Jeg er ekki trúaður á það, að þingið samþykki frv. þetta, sem nú er rætt um, því ef það yrði að lögum, mundi leiða af því aukinn kostnað fyrir þjóðfjelagið. Kraftarnir mundu sundrast, heimiliskennarar mundu verða fjöldamargir og kenslan mundi yfirleitt kosta miklu meira en nú, en fátæk börn yrðu út undan hvað fræðslu snertir.

Jeg ætla ekki að ræða um einstakar greinar þessa frv. Það bíður samkvæmt venju til 2. umr., ef það annars lifir svo lengi. Jeg teldi rjettast, að deildin stytti því stundir nú þegar, til að eyða ekki tíma þingsins í langar umræður um það.

Slíkar stökkbreytingar sem þær, er hjer er ætlast til að gerðar verði á fræðslulöggjöf þjóðarinnar, veit jeg að þingið felst ekki á. Væri ekki hægt að gera þær nema eftir rannsókn og ítarlega athugun, enda mun flaustur og tíðar breytingar í löggjöf hvergi vera óheppilegri en í skólalöggjöfinni. —

Einn hinn allra fróðasti maður um kenslumál, sem hefir kynt sjer fræðslumál bæði utan lands og innan, og er auk þess prófessor við háskóla vorn, hefir kallað þetta frv. „frv. til laga um útburð barna“. (B. J.: Hvaða prófessor?). Jeg vona, að háttv. þm. Dala (B. J.) verði aldrei svo þjóðlegur, að hann vilji halda slíkum lögum til streitu. Jeg held að hann hafi verið hræddur um, að þetta þing yrði stutt og ekki væri nægilega margt til að tala um, og hafi þess vegna samið frv. þetta. Enda mun hann ekki geta ætlast til þess, að þingið semji langa lagabálka, sem það ríf-ur niður næsta ár, að það láti landsstjórnina setja menn til starfa svo hundruðum nemi og lofa þeim æfilöngu starfi, og segja þeim upp vistinni þegar á næsta ári eða skipa einhverjum öðrum að gjalda þeim laun. Jeg trúi því ekki heldur, að ljóminn frá miðri 18. öld sje svo mikill í augum hans,

að hann vilji í alvöru rifa það niður, sem reist var á 20. öldinni í landi voru, að því er við kemur fræðslumálum. — Það hlýtur annars að vera mikil aðdáun hans á húsvitjunartilskipuninni og húsagatilskipuninni frá 1746.

Þegar talað var um breytingu mentaskólans, vildi háttv. þm. Dala. (B. J.) að vísu láta færa hann í forna farið, en það var ekki frá 18. öld, heldur að eins nokkru fyrir síðustu aldamót.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) sagði í ræðu sinni, að gjald ríkissjóðs til barnafræðslunnar mundi fara hækkandi. Jeg sje enga ástæðu til þess, að svo verði. Eina ástæðan til þessa gæti verið sú, að fólkinu fjölgaði í landinu, þannig að setja yrði fleiri kennara. En þess ber að gæta, að það er ákvarðað með lögum, hve mikið skuli gjalda til barnafræðslunnar, en hins vegar greiða sveitarfjelögin vissan hluta af launum kennara. Aftur á móti eru allar líkur til þess, að dýrtíðin minki og í samræmi við það kaup kennaranna. Hv. þm. Dala. (B. J.) virtist hafa áhuga á því að auka almenna þekkingu unglinganna. Það er nú ekki auðvelt að sjá það af frv., en látum svo vera, að það hafi vakað fyrir háttv. fjárveitinganefnd. Skólaskylda unglinganna er þar að sjálfsögðu ekki heldur tekin fram, en þm. Dala. (B. J.) tók það fram, að hann vildi láta unglingana ganga í skóla í 2 ár og gerir ráð fyrir því, að á þeim tíma nái þeir sæmilegri þekkingu; en mín skoðun er sú, að með þessu móti mundu unglingaskólarnir verða að barnaskólum, eða kæmu í stað þeirra, því að ef barnaskólana vantaði, mundu unglingaskólarnir aldrei ná tilgangi sínum. Ef þeir eiga að vera góðir, verða þeir að byggjast á góðri barnafræðslu.

Þm. Dala. (B. J.) reyndi að snúa út úr tilgangi fræðslulaganna frá 1907 og því, hve mikil þekking væri heimtuð af 14 ára börnum. Þar er auðvitað átt við hina minstu þekkingu, sem hægt er að heimta, og annað ekki. Eftir því, sem jeg veit best, er í reglugerðum barnaskóla ákveðin miklu meiri kensla og viðtækari, sem lágmark, en fræðslulögin heimta.

Eitt þykir mjer furðulegt um jafngáfaðan mann og háttv. þm. Dala. (B. J.), að hann virðist ekki líta á annan tilgang skólanna en þann að auka kunnáttu, en ekki þann tilgang þeirra að hafa bætandi áhrif á skap, hugsun og framferði barnanna eða þá mentun, sem þau hljóta af áhrifum góðs kennara. Jeg tel það aðaltilgang skólanna að hafa áhrif til bóta á sálarlíf og lund barnsins og liðka þau til náms, yfirleitt að gera þau að betri og þroskaðri mönnum en ella.

Jeg veit, að háttv. þm. Dala. (B. J.) muni vera mjer sammála um það, að tvent sje lærdómur og mentun. Hið fyrra er viss forði til að muna, en hið síðara er þroskun, er gerir menn betri, gáfaðri, víðsýnni og hæfari til að lifa lífinu. Hvorttveggja er nauðsynlegt. Ef unglingur, sem er illa að sjer í þeim undirstöðugreinum, sem heimtaðar eru til fermingar, er illa læs, illa skrifandi o. s. frv., kemur í unglingaskóla, fer ekki hjá því, að annaðhvort verður honum námið til lítilla nota eða að þessi unglingaskóli verður að starfa að miklu leyti eins og barnaskóli. Um hitt vil jeg ekki deila, að unglingar sjeu hæfari til að læra og leggja á minnið en börnin.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) tók það skýrt fram, að það væri ekki meining sín eða fjárveitinganefndar að slá nokkurn mann af. Það hefir nú víst

enginn skilið svo, en hitt liggur í hlutarins eðli, að menn, sem ekki þarf lengur við í þjónustu ríkisins, verður annaðhvort að setja af með launum eða án launa. Nefndin ætlast nú ekki til þess, að ver verði farið með kennarana en aðra embættismenn ríkisins, en hitt er aðalatriðið, að hún vill skylda aðra aðilja til að gjalda þeim en þá, sem lögum samkvæmt eiga að gera það.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg verð að segja það, að mjer fanst, að fjöllin tæki jóðsótt, þegar hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) hjelt, að jeg væri hræddur við sig. **(Þorst. J.:** Hann óttast ef til vill einhverja aðra en mig).

Háttv. þm. N.-M. (Þorst. J.) gat þess í ræðu sinni, að þetta mál, sem nú er rætt hjer, heyrði undir mentmn., en ekki fjvn.; en það er þá yfirsjón af þeirri háttv. nefnd að hafa ekki borið fram nein slík frv., þannig að fjvn. gæti sniðið till. sínar eftir því.

Hv. þm. (Þorst. J.) segir sömuleiðis, að þar sem þm. Dala. sje ekki lengur í mentmn., hafi hann ekki lengur tillögurjett um mentamálin, en þm. Dala. mun nú samt sem áður gerast svo ósvífinn, og spyr háttv. mentmn. ekki um leyfi, enda tel jeg þessa nefnd ekki hafa neitt einkaleyfi á því að gera till. um þau.

Jeg þóttist hafa skýrt til fulls í fyrri ræðu minni, hvers vegna fjvn. kom fram með þetta frv., áður en hún leggur síðustu hönd á fjárlögin, og mun ekki fjölyrða það mál.

Jeg sje hjer, að háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) hefir talað um þm. Dala. og 18. öld. Jeg veit ekki vel, á hverju það er bygt, af því að jeg var svo óheppinn að þurfa að fara frá, en jeg hefi frjett, að það sje vegna þess, að í frv. er vísað til tilskipunar frá 18. öld um húsvitjanir. Fjvn. vísar til hennar af því, að hún er enn þá í gildi, og engin önnur lög um þá hluti. Mjer er ókunnugt um, hvað hann hefir spunnið út af þessu, en það var gott, að við gáfum honum eitt ártal til að byggja á, svo að ekki var alt í loftinu, sem hann sagði.

Hitt hafði jeg haldið, að það væri ekki ofætlun hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) að vita, að þetta eru hin einu húsvitjunarlög, sem enn eru í gildi, og jeg vildi þá minna hann á það um leið, sem sparnaðarmann, hvort það mundi fjarri sanni að nota til fræðslunnar ekki lakari krafta en prestarnir eru, því það hefir nú einu sinni verið svo á umliðnum öldum, og 18. öldinni líka, sem hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) þorir ekki að nefna, að það voru prestarnir, sem voru menningarfrömuðir þessarar þjóðar og hjeldu að mestu leyti uppi allri fræðslu í landinu, og jeg treysti prestunum líka betur til þess enn heldur en t. d. þessum mönnum, sumum þeirra að minsta kosti, er koma frá kennaraskólanum. Jeg treysti prestunum betur og tel þá færari, því að þeir hafa þó að viðbættri heimafræðslunni gengið í gegnum sex bekki mentaskólans, síðan farið í háskólann og sumir bætt við sig, að því loknu, aukanámi. — Um þetta þykist jeg geta borið af eigin reynslu, því flestir prestar þessa lands eru annaðhvort skólabræður mínir eða nemendur. Ætti því engan að furða, þó að fjvn. vilji hefja til gengis þetta starf, því að þetta er sá þáttur uppeldismála þjóðarinnar, sem á engan hátt má vanrækja nje stinga undir stól.

Þá þótti sama hv. þm. (Þorst. J.) kynlegt að kæra þá menn til sekta, sem vanrækt hefðu að kenna börnum sínum þá undirstöðu, sem fræðslulögin heimta af fermingarbörnum, og fer þá að verða erfitt að fylgja hugsanagangi

háttv. þm. (Þorst. J.). Það er ekkert kynlegt við það, þó að mönnum haldist ekki uppi að þrjóskast við að kenna börnum sínum. Væri ekkert sektarákvæði, mætti búast við, að ýmsir ljetu sig litlu skifta um uppfræðslu barna sinna. En nefndin lítur svo á, að það sje ekki ríkisins verk að kenna börnum þessi undirstöðuatriði, svo sem lestur, skrift, reikning o. s. frv. Og það er langt frá því að sýna nokkra harðýðgi að ætlast til þess, að foreldrar eða heimilin annist slíkt uppeldi. Þetta er skylda, sem hlýtur að hvíla á heimilunum, eins og t. d. það, að fæða börnin, klæða þau og skæða þau. Og sje þessi uppeldisskylda að engu virt af þeim, sem eiga hana að annast og geta það, þá er rjett að sækja slíka menn til sekta, eins og líka ætlast er til að koma þeim mönnum til hjálpar, sem einhverra hluta vegna geta ekki sjálfir haft þessa fræðslu með höndum.

Jeg sje, að þm. (Þorst. J.) hefir lesið eitthvað upp eftir Harboe, en jeg var ekki inni, svo jeg þakka honum ekkert fyrir þá fræðslu, sem jeg þykist vita að hann hafi ætlað að veita mjer. En það hefir víst átt að vera fyndni, eftir því sem mjer skilst, og ætti þm. (Þorst. J.) því að þakka mjer fyrir að hafa bent honum á þetta. En þessi fyndni hans hefði tæplega verið hrumlegri, þó að þm. hefði fæðst á 18. öld og lifað þangað til nú.

Þá hefir háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) sagt, og hefir það eftir þm. Dala. (B. J.), að skólarnir drepi heimafræðsluna. Úr þessu verður honum svo mikill matur, að hann fleygir út mörsiðrinu. Hans rökfimi verður á þessa leið: Það er að styðja heimilisfræðsluna að taka hana af foreldrunum og heimilunum og fá hana óreyndum og ókunnugum mönnum í hendur. Það er að styðja heimilisfræðsluna, að annar ábyrgist það, sem hinn gerir. Hvað segja hv. þm. um aðra eins rökfærslu og þetta?

En um þetta atriði þarf ekki að deila. Allur almenningur veit, að heimilisfræðslunni hefir hnignað stórum síðan farið var að senda börnin í skólana og heimilin hætt að hafa eftirlitið.

Hann sagði, þessi oftnefndi sami þm. (Þorst. J.), að fræðslulögin væru komin af því, að heimilin hefðu ekki verið fær um að annast fræðsluna. Það má vera, að slík heimili hafi verið til. En þó að jeg sje nú ekki fæddur á 18. öld, þá man jeg og þekki fjölda heimila, bæði á undan og eftir að fræðslulögin voru sett, og þau voru aldrei ófær um að annast þessa uppeldisskyldu, en þó er þetta verra nú. Því alt skólakák með ljelegum kennurum og litlum launum er niðurdrep í hverju þjóðfjelagi sem er. Enda virðist nú svo komið, að markmið fræðslulaganna sje að ala upp menn, sem ekki sjeu færir um að ala upp sín börn. Fræðslan hefir verið tekin af þeim mönnum, sem áhuga höfðu á starfinu, og fengin öðrum, sem ekki voru menn til að taka hana að sjer.

Þá sagði sami þm. (Þorst. J.), að milliþinganefnd fræðslumálanna hefði sent fyrirspurnir um ágæti fræðslulaganna út um allar sveitir, og engar umkvartanir borist. Jeg þykist nú vita, að ýmsum fleiri en mjer komi undarlega fyrir sjónir, að úr því játað er, að þjóðin sje svo menningarsnauð orðin, að heimilin geti á engan hátt haft þessa litlu fræðslu með höndum, sem um er deilt, þá geti þó almenningur gerst ráðunautur stjórnarinnar og milliþinganefndar um þau atriði, er að heimilisfræðslunni lýtur; eftir að fólkið er ófært til þess að annast heimilisfræðsluna, þá sje sjálfsagt að byggja á svörum þess, hvernig haga skuli fræðslumálunum.

Það er dáfallegur hugsanagangur þetta, og ekki nema von, að ætlast sje til, að ríkissjóður haldi áfram að styrkja og ala upp menn með slíkri rökvísi!

Jeg hjelt aldrei fram, að þetta fyrirkomulag, sem frv. fer fram á, kostaði minna, enda benti jeg á það, að frv. væri ekki sparnaðarfrv. Það er fram komið til þess að losa fje ríkissjóðs og láta það þar, sem vænta má að það beri meiri og betri ávöxt. Jeg tel nóg, ef ríkissjóður borgar framhaldsnám unglinganna, en undirstöðu námsins er skylda foreldranna að annast. — Jeg myndi sem foreldri þakka fyrir að koma drengjum mínum í framhaldsskóla, en tel mjer engan hátt ofvaxið að annast um undirstöðuatriðin.

Þá varð hátty. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) skrafdrjúgt um flaustur það, er gripið hefði okkur nefndarmennina í undirbúningi þessa máls. En jeg vil spyrja hann: Hvað var langur undirbúningstími, þegar fræðslulögunum var flaustrað inn á þing? Þau komu óboðin. Engar kvartanir höfðu borist um heimilisfræðsluna, og prestarnir höfðu getað fermt allan þorra manna. Nei, þessi lög voru upphaflega hugsuð í flaustri. Þau voru samin og sett í flaustri og hafa síðan verið rekin í flaustri.

Fræðslulögin voru fyrirfram dauðadæmd. Þau voru útburður frá öðrum þjóðum og komu í bága við hætti lands og þjóðar. Það er hörmulegt að sjá þessa beitarhúskofa, sem nefndir eru skólahús, dreifða út um sveitirnar, sem svo langur vegur er til, að endast mundi fullröskum manni til bana að fara þá leið, ef um íslenskan manndrápsbyl væri að ræða. Og það er ekki flausturslögum þessum að þakka, heldur miklu fremur guðs mildi, að þetta fyrirkomulag skuli ekki hafa kostað tugi barna lífið. Þeir, sem þekkja til íslenskra bylja, þá furðar á, að líf barna skuli ekki hafa sópast burt í heilum sóknum, þar sem um jafnlangan veg er að ræða og sumstaðar er til þessara heimangönguskóla.

Þess vegna verður að semja upp alt fræðslukerfið, og það verður að byggja það á þjóðlegum grundvelli eftir landsháttum og veðráttufari því, er við eigum við að búa. Og jeg hefi ekki getað sannfærst um, að þessu eigi að skjóta á frest, enda hefi jeg þann stuðning í þessu máli, að jeg mikla ekki fyrir mjer að mæta hátty. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) á hösluðum velli, jafnvel þótt hann verði ægilegur ásýndum.

Háttv. sami þm. (Þorst. J.) var að vitna í gamanleik, sem jeg átti við þm. ýmsa á öndverðum þessum fundi, en af því að þm. (Þorst. J.) er svo óvitur að skilja ekki fyr en skellur í tönnum, þá vil jeg segja honum það, að þetta var fram borið í glensi og vegna þess, að jeg ætlaði mjer ekki að eiga þátt í umr. um sjálfan mig í máli því, er næst er á dagskrá. En óþarft var honum að gera mjer neinar getsakir, því þó að þingseta hans sje ekki löng, þá má honum þó kunnugt vera, að jeg hefi fullkomna alvöru sýnt í fræðslumálum þjóðarinnar og látið mig þau skifta framar öðru.

Þá sagði sami hv. þm. (Þorst. J.), að ef um skólaskyldu væri ekki að ræða á 10—14 ára aldrinum, þá yrði skólaskyldan á unglingsárunum. — Þessi rökvísi þm. verður öðrum lík í ræðu hans, því eftir okkar frv. er það sama heimtað af heimilunum og fræðslulögin gera. Það hlýtur að mega standa á sama, hvaðan barnið fær fræðsluna, hvort heldur það sje á heimilinu eða hjá prestinum, eða kennari tekinn; lögin ákveða, hvað það sje mikið, sem börn-

in eiga að kunna undir staðfestinguna. Annars myndi það ekki skelfa mig, þó að unglingaskólinn yrði að bæta einhverju við sig, því honum mundi takast furðu fljótt að fullnægja þessu 4—5 mánaða káki, sem nú tíðkast í sveitum víða.

Hann kallar útúrsnúning hjá mjer á kröfunum, en það er rangt. Jeg nefndi að eins sem dæmi flaustursorðalag greinarinnar. Ef hann, þm. og barnakennarinn, kann að reikna flatarmál og rúmmál með fjórum höfuðgreinum og brotum, þá kennir hann sjálfsagt öðrum það. Jeg kann það ekki og veit ekki til, að nokkur kunni það, en þetta sýnir, hve greinin er flaustурslega samin. Hann mintist líka á í þessu sambandi, að kröfur þær, sem lögin settu um kunnáttu barna, væri lágmark. Nefndin gerir líka ráð fyrir, að svo sje, en hún vonast eftir, að börnunum verði samt kent langtum meira heldur en nú tíðkast með þessu kákfyrirkomulagi, sem helsti lengi hefir staðið.

Þá var það ein af höfuðástæðum hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) með fræðslulögunum, að kennarar samkvæmt þeim hefðu bætandi áhrif á skapgerð barnanna. Þarna kom hann að því, að skólarnir hefðu bætandi áhrif á skapgerð barnanna! Það má nú svo að orði kveða, að þar legði hann smiðshöggið á alla þekkingu sína til þessa máls og rökvísi. Það er einmitt í ungmennaskólunum, sem hafa má áhrif á skapgerð nemendanna, en alls ekki í barnaskólum. Góður maður getur altaf haft áhrif, en reynslan hefir sýnt, að það vill þó ekki hepnast í stórum barnaskólum. Þetta vita menn, og þetta gæti þm. t. d. kynt sjer í Reykjavík. Þar rjúka áhrifin út í 5-mínútunum. Ef honum er alvara að bæta skapgerð barnanna, þá ætti hann ekki að forðast heimilin. Þeim hefir hingað til betur tekist að móta börnin heldur en skólunum. Barnaskólar eru böl, en jeg skal játa það, að þeir eru böl, sem ekki verður hjá komist þar, sem mikið fjölmenni er saman komið á einum stað. Þetta er viðurkent um allan heim; þó getur það verið nauðsynlegt að hafa skóla í kauptúnum, en að fara að reka þá upp um allar sveitir þessa lands, hversu strjálbygðar sem þær eru og fámennar, það er eftir viti þeirra manna, sem ekki vita um uppruna sinn og þekkja ekki lengur tungu þjóðarinnar og sögu. Slíkir menn eru erlendar eftirhermur, sem vita ekki lengur, hvað þessari þjóð er fyrir bestu. En jeg hefi oft rekist á þessa útlendinga, sem lifa á erlendum snöpum og þykjast miklir af. Þeir geta sagt og sungið: „Jeg apaköttur er!“ — Enda ætti það að vera formáli, texti, meginmál og eftirmáli í ræðum þeirra og ritum og upphaf og endir á æfi þeirra og allri starfsemi.

Þá virtist sama þm. undarlegt og djarft teflt, ef löggjafarvaldið ákvæði um borgun til barnakennaranna, enda þótt ekki væri greitt úr ríkissjóði. — Jeg sje ekki, að það sje neitt djarft að ákveða með lögum að borga einhverjum eitthvað. Hvað getur þm. (Þorst. J.) haft á móti því, að sett sjeu lög, er tryggja þessum mönnum kaup? Þeim sjálfum má standa á sama, hvaðan þeir fá borgunina fyrir starf sitt. Hjer er því ekki um nein svik að ræða við kennarana, heldur hitt, að láta rjetta aðilja borga þeim.

Jeg efast ekki um, að margt er það fleira í ræðu háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.), sem vel mætti svara, en læt þó þetta nægja.

Fjvn. var neydd til að bera þetta frv.

fram sjálf, áður en hún legði síðustu hönd á fjárlögin, og hún hefir með því viljað skifta um fræðslukerfi, þannig að fræðslan yrði bæði betri og ódýrari.

Jeg veit, að frv. þetta verður hiklaust samþykt, en hitt má vel vera, að því verði breytt og það auki ýmsum ákvæðum, sem í það vanta nú. En til þess sýnast mjer aðrir líklegri en sá háttv. þm., sem síðast lagðist svo djúpt og stökk svo hátt, því jeg man ekki til, að hann hafi, í sinni löngu ræðu, bent á nokkuð það, sem verða mætti frv. til bóta.

Umr. frestað.

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 10. mars, var f r a m h a l d i ð 1 u m r. um frv.

Sigurður Stefánsson: Jeg hlýddi með athygli á ræður hv. þm. í gær um þetta mál, en skoðun mín á þeim ræðum er sú, að þær hafi allmjög farið fyrir ofan garð og neðan hjá frv., en ekki snert kjarna þess. Jeg tel þær því hafa verið óþarfar og lítið á þeim að græða.

Meðal annars var talað um, að frv. þetta kollvarpaði grundvelli gildandi fræðslulaga. En slík er alls ekki meining frv. Þarf ekki lengra að lesa en fyrirsögn frv. til þess að sjá, að svo er. Fyrirsögnin er um f r e s t u n á framkvæmd fræðslulaganna, og ættu allir að geta sjeð, að eitt er að fresta og annað að kollvarpa. Það mun alls ekki hafa verið meining hv. fjvn. með frumvarpi þessu að ráðast á grundvöll fræðslulaganna eða gera á þeim gagngerðar breytingar nú þegar, heldur hitt, að spara fje ríkissjóðs. Hv. deild hefði því vel getað sparað sjer umr. þess vegna, að hjer er ekki um neinar grundvallarbreytingar að ræða, heldur um smábreytingar, sem eru nauðsynlegar meðan frestun laganna stendur. En Alþingi hefir óbundnar hendur um það, hve fresturinn verður langur, hvort heldur eitt ár eða fleiri.

Það er vafalaust, að aðaltilgangur hv. fjvn. með frv. þessu er sá, að spara fje. Og jeg tel tvímælalausan sparnað að frv. Hitt er annað mál, hvernig fer með barnafræðsluna sjálfa, hvort hún bíði verul. hnekki af samþykt frv. eða ekki. Og jeg skal játa það, að þetta frv. kemur allhart niður á landsmönnum, en eftir því orðspori, sem jeg hefi heyrt utan af landi, hygg jeg, að þeir sjeu fáir, sem ekki sjá nú þörfina á því að spara fje ríkissjóðs, og það jafnvel þótt einhverjir þykist við það verða hart úti. Í þessu sambandi má einnig minna á það, að stjórnin hefir nú í fjárlagafrv. sínu klipið af ýmsum bráðnauðsynlegum framkvæmdum, t. d. ýmsum síma- og vegalagningum o. fl. Kemur þetta vitanlega hart niður á ýmsum, en nauðsyn brýtur lög, hjer sem annarsstaðar. Segi jeg þetta alls ekki til þess að álasa fyrverandi stjórn, heldur hefir hún miklu fremur með þeim sparnaðartill. reist sjer góðan minnisvarða.

Um ræðu hv. þm. Dala. (B. J.) vil jeg leyfa mjer að geta þess, að mjer fanst hún fara nokkuð í aðra átt en meining fjvn. hefir verið, eftir því, sem jeg hefi heyrt, því að fyrir henni mun aðallega hafa vakað sparnaðurinn. Jeg veit það vel, að það er ilt verk að skamta ríkissjóðinn nú, þegar svona þröngt er í búi, og jeg vil þakka hv. fjvn. fyrir þessa tilraun til þess að komast hjá því að skila fjárlögunum með halla, því síst veitti nú af því að skila þeim fremur með tekjuafgangi, því jeg er í raun og veru hræddur um, að sumar upphæðir í fjárlagafrv. geti farið allmikið fram úr áætlun, landinu í óhag. Vil

jeg þar nefna t. d. afborganir og vexti af erlendum lánum, sem hljóta að verða hærri en áætlað er, vegna gengismunarins.

Jeg hygg, að okkur gangi illa að verja það fyrir þjóðinni, ef við nú skellum skolleyrum við frv. eins og þessu, sem sparar fje landsins til mikilla muna, þó að það valdi nokkrum kostnaði og óþægindum fyrir landsmenn.

Jeg hefi heyrt það undir væng, frá hv. fjvn., að ef frv. þetta næði fram að ganga, mundi sparast alt að ¼ milj. kr., og getur því oltið á samþykt frv., hvort fjárlögin verða afgreidd með halla eða hallalaus. Og ef með þessu frv. má koma í veg fyrir halla á fjárlögunum, þá get jeg ekki skilið það, að kjósendur stökkvi upp á nef sjer, þó að þingið samþ. nú þær sparnaðarráðstafanir, sem vel má verja.

Að lokum get jeg ekki stilt mig um að drepa á eitt atriði í ræðu hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.). Hann hjelt því fram, að ef fyrirkomulagi barnafræðslunnar væri breytt í það horf, sem frv. þetta fer fram á, þá mundi fara svo, að unglingar yrðu svo illa undirbúnir, að þeir gætu ekki gengið inn í æðri skóla, svo sem gagnfræðaskóla og ýmsa sjerskóla. En jeg vil í þessu sambandi benda á Möðruvallaskólann gamla. Engin var þá barnafræðsla lögskipuð í landi hjer, en þó mun reynslan hafa sýnt það ótvírætt, að til þess skóla komu síst ver undirbúnir nemendur en þeir, sem nú leita í gagnfræðaskólana. Og þeir, sem útskrifuðust í þann tíð úr Möðruvallaskóla, eftir að eins tveggja vetra nám, munu síst hafa reynst ónýtari menn en þeir, sem nú útskrifast úr gagnfræðaskólum eftir þriggja vetra nám.

Það er alls ekki rjett hjá hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.), að hjer sje verið að vekja upp gamlan draug með frv. þessu. Tilskipunin frá 1746, sem hann vitnar í, hefir aldrei verið afnumin og er því enn í fullu gildi. Jeg get vel fallist á, að prestarnir hafi fræðsluna á hendi í bráðina, en jeg tel ekki sanngjarnt að leggja slíkt á herðar þeirra fyrir fult og alt. Það hefir margt breyst síðan 1746; prestunum hefir síðan stórum verði fækkað, og sum prestaköll eru nú orðin svo stór og víðlend, sökum hóflausra sameininga, að presturinn getur ekki haft fullkomið eftirlit með fræðslunni; þess vegna get jeg ekki hallast að þessu fyrirkomulagi til frambúðar, en jeg er ekki á móti því um stutta stund, meðan reynt er að finna annað heppilegra.

Jeg held því, að hv. deild drýgði ekkert ódæði, þó að hún samþ. frv. Okkur er nauðugur einn kostur að spara nú, þegar ríkissjóður er á heljarþröminni. Og með þessum formála mun jeg hiklaust greiða atkv. með frv.

Sveinn Ólafsson: Jeg hygg, að það orki allmjög tvímælis, að háttv. fjvn. stefni til sparnaðar með þessu frv. Mjer virðast ástæður hv. fjvn. sýna, að fyrir henni vaki ekki sparnaður, heldur hitt fyrst og fremst, að fá með frv. færi til þess að bíða eftir betri og hagfeldari skipun fræðslumálanna. Segi jeg þetta vegna þess, að í frv. eru ákvæði um, að kennarar skuli ekki missa neins í við lögfesting frv. Þetta mundi hafa horft annan veg við, ef fjvn. hefði ætlað sjer fyrst og fremst að spara með frv., og þó að ríkissjóði sparaðist eitthvert fje við lögfesting frv., þá kæmi þunginn af barnafræðslunni þeim mun þyngra niður á hjeruðunum, svo framarlega sem kennarar eiga einskis í að missa af launum sínum. Sparnaðurinn er því eins og að taka frá einni kirkjunni og gefa annari.

Um hitt atriðið get jeg verið fjvn. sammála, að heppilegast væri að geta frestað framkvæmd fræðslulaganna að nokkru, og laga um skipun og laun barnakennara frá 1919, úr því að skipuð hefir verið milliþinganefnd til þess að athuga mentamálin og nýja skipun þeirra. Það er ekki nema eðlilegt, að menn vilji sjá niðurstöður milliþ.nefnd. og meðferð þingsins á þeim. Í ástæðum frv. er sagt, að núverandi fyrirkomulag megi ekki festast. Jeg skil það vel. Þetta er tekið fram vegna þess, að nefndin hefir sjeð, að fyrirkomulagið er í raun og veru orðið fast, þegar lögin um skipun og laun barnakennara eru komin í framkvæmd og kennarastöðurnar veittar. Þá er óhægt að breyta til í þá átt, sem frv. fer fram á, þó menn gjarnan vildu.

Jeg skal kannast við það, að jeg stend mjög nærri skoðun hv. þm. Dala. (B. J.) í því, að heimilin geti tekið að sjer mikinn hluta þeirrar undirbúningsfræðslu, sem barnakennarar veita nú. En jeg get ekki gengið inn á það með hv. þm. (B. J.), að skólarnir hafi spilt börnunum eða valdið öðru tjóni, nema þá að því leyti, sem þeir hafa tekið ábyrgðartilfinninguna af heimilunum og vanið þau af kenslustörfum. Nú virðist mjer, að ef það fyrirkomulag kemst á um unglingafræðslu, sem milliþinganefndin leggur til að komið verði á, þá verði oss ofurefli að bæta því ofan á barnafræðsluna, svo dýra og umfangsmikla sem hún er. Enda rekur oss enginn nauður til þessa, því það tel jeg efalaust, að heimilin til sveita geti að miklu leyti tekið að sjer barnafræðslu þá, sem krafist er til staðfestingar.

Jeg get ekki sjeð, að frv. þetta, eins og það liggur nú fyrir, leiði til nokkurs sparnaðar nje heldur, að það nái í þessari mynd tilætluðu marki. Mjer hefir því komið það til hugar, hvort eigi megi ná takmarki frv. með annari leið, nefnilega þeirri, að binda sig ekki við fræðslufyrirkomulagið núverandi, en breyta því í nokkrum atriðum til rýmkunar um skólaskyldu, og láta óveittar kennarastöðurnar, þar til tími hefir unnist til að endurskoða lögin frá rótum. Mjer hefir því komið til hugar að bera fram svo felda dagskrá:

> **Í því trausti, að stjórnin fresti veitingu á kennarastöðum þar til lög um skipun kennara og laun þeirra, frá 28. nóv. 1919, hafa verið endurskoðuð í sambandi við breytta skipun alþýðufræðslu og samband barnafræðslunnar við fyrirhugaða unglingafræðslu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.**

Jeg þykist hafa gert nægilega grein fyrir því, hvers vegna jeg hefi komið fram með þessa rökstuddu dagskrá, og þarf því ekki að fara fleiri orðum um þetta að sinni.

Forsætisráðherra (S. E.): Sökum þess, hve stutt er síðan við tókum við stjórninni, hefi jeg enn þá ekki haft tíma til að rannsaka þetta mál ítarlega. Jeg verð því að láta mjer nægja að tala stuttlega um það nú, en áskil mjer rjett til þess að fara ítarlegar út í það síðar.

Jeg fæ ekki betur sjeð, er jeg lít á ástæðurnar fyrir þessu frv., en að hjer geti alls ekki verið um neina sparnaðarráðstöfun að ræða. Það er tekið fram í aths. við frv., að ætlast sje til, að þeir kennarar, sem missa kynnu atvinnu sína sakir þessara ráðstafana, fái aðra atvinnu jafngóða, og sje landsstjórn og hjeraðsstjórnum skylt að sjá fyrir því. Jeg á bágt með að skilja, hvernig stjórnin geti annast þetta, án

þess af leiði mikinn kostnað fyrir ríkissjóð. Á sama þskj. stendur svo, að fje því, sem sparist við þessar breytingar, skuli varið til aukningar unglingafræðslunni. Af þessu er auðsætt, að hjer er ekki að ræða um neinar sparnaðarráðstafanir, heldur um breytingar á grundvallarfyrirkomulagi fræðslumálanna. Það liggur því beinast við að snúa sjer að því, hvort þetta nýja fyrirkomulag sje æskilegra en það, sem fyrir er.

Jeg verð þá fyrst að geta þess, að mjer finst það næsta óeðlilegt, að sú nefnd í þinginu, sem mestum og erfiðustum störfum hefir að gegna, skuli, auk annara starfa sinna, geta komið fram með gerhugsaðar till. um það, hvernig fræðslumálunum skuli fyrir komið í landinu. Þetta er þeim mun undarlegra, sem hjer er um að ræða þau mál, er mikilvægust eru talin með öllum menningarþjóðum. Býst jeg við, að þessu sje einnig þannig varið með vora þjóð, og tel jeg óráðlegt að viðhafa fljótfærni í slíkum málum.

3. liður ástæðnanna fyrir frv. þessu byrjar svo: „Kerfi það, sem nú er, má eigi festast, og er allilt, að þetta frv. kom eigi fram fyrir nokkrum árum.“ Við þessu verð jeg að segja það, að kerfi það, sem hjer er talað um, er þegar orðið fast, og það fyrir löngu. Það hefir verið að festast alt frá 1907, og hlýtur þessi ástæða því að teljast einskisverð.

Jeg skal taka það fram í sambandi við þetta, að jeg hefi heyrt, að ein af ástæðunum fyrir frv. þessu sje sú, að mönnum hrjósi hugur við að greiða barnakennurum þau miklu laun, sem ákveðin voru 1919, og vilji þess vegna fyrirbyggja, að þeim verði veittar þessar stöður. — En jeg vil nú biðja hv. deild um að athuga 14. gr. þessara laga. Þar stendur:

„Verði sú breyting gerð á fræðslueða skólahjeruðunum eða fræðslumálunum yfirleitt, sem gerir stöðu kennarans óþarfa, skal hann eftir löglega uppsögn láta af henni endurgjaldslaust.“

Hjer er sá varnagli sleginn, að ef Alþingi síðar meir kæmist að þeirri niðurstöðu, að fræðslufyrirkomulag þetta væri óheppilegt eða of dýrt, þá ættu kennarar þessir enga lagalega kröfu til skaðabóta.

Jeg drap á það í upphafi ræðu minnar, að ekki væri hægt að sjá af frv. þessu, að það sje fram borið af sparnaðarástæðum. En það er ekki einasta, að svo sje ekki, heldur er hjer krafist meira fjár en í fræðslulögunum frá 1919. Því hjer er það tekið fram, sem ekki er í þeim lögum, að kennarar þeir, sem missa kunni stöður sínar, skuli halda launum sínum eða fá aðra atvinnu jafngóða þeirri, sem þeir mistu.

Jeg verð einnig að endurtaka það, að óhugsandi er með öllu, að nefnd, sem svo miklum störfum er hlaðin sem fjvn., sje treystandi til að koma fram með viðunandi till. um breytingu á fræðslufyrirkomulagi landsins. Fræðsla barna og unglinga er svo þýðingarmikið mál, ekki síst á þeim tímum, sem nú standa yfir, að ekki má með nokkru móti hrapa að neinu í þeim sökum. Það er langt frá, að heimafræðsla sje útilokuð með þessu fyrirkomulagi, sem nú er. Það er þvert á móti ætlast til þess, að hún fari fram til 10 ára aldurs. Þá taka barnaskólarnir við til 14 ára aldurs, og því næst koma unglingaskólarnir, sem styrktir eru af ríkissjóði. Þeir unglingaskólar, sem nú starfa hjer á landi, eru:

Núpsskóli, sem er tveggja ára skóli,

Hvítárbakkaskóli, einnig tveggja ára,
Hjarðarholtsskóli,
Eiðaskóli, sem einnig má telja með unglingaskólunum, þó að búnaðarnámsskeið sje þar haldið á vorin.

Þá er Þingeyingaskóli, sem er tveggja ára skóli, og að síðustu Víkurskóli.

Jeg skal nú ekki fara langt inn á grundvallaratriði fræðslumálanna, en jeg verð að líta svo á, að það sje mjög varhugavert að leggja barnaskólana, sem nú starfa, niður. Jeg skal að vísu játa, að mörg heimili hjer á landi eru fær um að veita börnum þá fræðslu, sem þau fá nú í skólunum, en fræðslukerfið má ekki miðast við nokkur heimili; það verður að ná til allra, jafnt fátækra sem ríkra, og það gera einmitt þau fræðslulög, sem nú eru í gildi. Jeg lít svo á, að þetta fyrirkomulag sje það rjetta. Hitt er annað mál, hvort ekki mætti gera það kostnaðarminna eða hagfeldara á einhvern hátt. Jeg skal játa, að það er æskilegt, ef hægt væri að auka unglingafræðsluna og fjölga þeim skólum, en ef velja á milli þess að sleppa barnaskólunum og fjölga hinum, þá álít jeg, að hiklaust beri að velja það fyrra.

Jeg verð enn að endurtaka það, að ekki komi til nokkurra mála, að önnum kafin þingnefnd geti fundið upp það rjetta fyrirkomulag í þessum efnum. Þetta er þeim mun fjarstæðara, sem önnur nefnd hefir einmitt verið skipuð til að athuga þessi mál. Hafa hennar till. stefnt í sömu átt og fræðslulögin 1907 og 1918. Að vísu hefir þar verið aukið við lítið eitt, svo sem um leikfimi, söng og fleira, en í aðaldráttunum hefir hún samt fallist á það fyrirkomulag, sem er. Þegar litið er á það, að þetta fyrirkomulag hefir nú staðið um 15 ár, og svo fyrir skömmu verið endurskoðað af reyndum og „fag"-fróðum mönnum, án þess að lagðar sjeu til breytingar í nokkrum aðalatriðum, þá virðist það varla ná nokkurri átt að rjúka nú alt í einu upp og fara að breyta þeim með slíkri hvatvísi.

Jón Þorláksson: Frv. það, sem hjer er á ferðinni, snertir svo mjög kjördæmi mitt, að jeg get ekki leitt hjá mjer að gera grein fyrir því, hvað hjer er verið að gera.

Þetta frv. fer fram á að fella niður þann lagalega grundvöll fyrir fræðslu barna, sem nú er, án þess að setja neitt í staðinn, sem framkvæmanlegt er, að minsta kosti ekki hjer í Reykjavík. — Eins og menn sjá, er það ætlunin hjer að leggja alla umsjá barnafræðslunnar hjer á herðar prestanna. Það má vera, að þetta geti átt við í sveitunum, þar sem söfnuðirnir eru fámennir, en hjer í Reykjavík og öðrum fjölmennustu kaupstöðum landsins er slíkt fyrirkomulag með öllu óhugsanlegt. Hjer eru að eins tveir sóknarprestar og einn fríkirkjuprestur, og hafa þessir þrír menn svo mikið starf að vinna, að með öllu er óhugsandi, að þeir geti á sig bætt. Það virðist nú líka svo, sem höfundar frv. hafi haft eitthvert hugboð um þetta, því þeir gera ráð fyrir því, að barnaskólar starfi eftir sem áður í bæjunum, og svo yrði það líka að vera, að minsta kosti hjer og í hinum stærri kauptúnum á landinu.

Flest af því, sem hjer hefir verið sagt um ágæti heimilisfræðslunnar, á að eins við um sveitirnar. Í sjávarþorpunum er það meiri hl. heimilanna, sem ekki hefir tök á því að veita börnum þá fræðslu, sem gert er ráð fyrir í frv. Það yrði því óhjákvæmilega að halda áfram skólahaldinu þar. En sjeu menn ásáttir um þetta, þá er mjer það með öllu óskiljanlegt, hvers vegna kippa á

burt lagagrundvellinum undan því skólahaldi, sem nú er. Jeg fæ ekki sjeð, að nokkuð geti áunnist með því að kippa burtu skólaskyldunni; en það er viðbúið, að mikið tapist við það. Jeg er þess fullviss, að ef svo stæði lengi, yrði þriðji hver maður í Reykjavík hvorki læs nje skrifandi á fermingaraldri. — Og hvað þær 500—1000 króna sektir snertir, sem talað er um í frv., þá hefi jeg heldur litla trú á þýðingu þeirra. Þær sektir yrðu alls ekki heimtar inn af alþýðumönnum hjer, af þeirri einföldu ástæðu, að þeir gætu ekki borgað þær.

Þá bætist hjer við, að með þessu frv. yrðu þær breytingar á, að engin lög væru til um stjórn eða reglur þeirra barnaskóla, sem áfram hjeldu, nema þá þær, sem hlutaðeigandi bæjarstjórnir settu, sem eigendur skólanna.

Nú gæti samt verið álitamál, hvort ekki væri rjett að gera á þær breytingar, sem hjer er um að ræða, ef knýjandi nauðsyn bæri til, eins og t. d. af sparnaðarástæðum. En enn þá hefir engin slík ástæða komið hjer fram, því jeg hugsa, að enginn af þeim, sem hjer eru, sje svo blindur að telja það sparnað, þótt sömu gjöldin gangi í gegnum einn sjóð í stað annars, þótt fjeð til barnafræðslunnar sje tekið úr sveitar- og bæjarsjóðum, í staðinn fyrir úr ríkissjóði, úr því að sömu mennirnir gjalda fjeð í þessa sjóði. Það fer jafnmikið af fje þjóðarinnar í þetta eftir sem áður. Um raunverulegan sparnað er þá fyrst að ræða, þegar fje losnar frá einhverju tilteknu sviði, svo að hægt sje að nota það á öðru sviði, þar sem þjóðin þarf þess frekar við. — Þó skal jeg ekki bera brigður á, að einhver ofurlítill sparnaður yrði að þessu til sveita, með því móti þá, að farkensla legðist niður, en prestarnir tækju við kenslunni. En jeg held, ef málið yrði nákvæmlega rannsakað, að sparnaðurinn yrði langtum minni en hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hjelt fram. Einnig finst mjer verða að taka tillit til kaupstaðanna, ef á annað borð á að kosta til kenslu þar til móts við það, sem áður hefir verið.

Jeg neita ekki, að það geti orðið einhver sparnaður að þessu fyrirkomulagi til sveita, en jeg held þó, að þær sveitir finnist, sem þurfi engu minna að leggja til barnafræðslunnar en áður hefir verið. Árangurinn yrði eingöngu sá, að kostnaðurinn kæmi meira niður á barnaeigendum, en minna á þeim, sem fá eða engin börn eiga. — Mjer finst ekki rjett að ráða þessu atriði málsins til lykta áður en rannsakað er, hvort breytingin mundi reynast sveitunum hagkvæm.

Hvað snertir kaupstaðina, hefi jeg áður tekið fram, að þar yrði líklega að stilla svo til, að breytingin, sem af frv. leiddi, yrði sem allra minst. En þó mundi ilt að ráða við, að börn fátæklinganna, sem síst mættu fyrir því verða, færu að miklu leyti á mis við fræðslu.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) kom með rökstudda dagskrá, sem fer í rjetta átt. En jeg skýt því til hv. þm. (Sv. Ó.), hvort hann sje ekki fáanlegur til, eftir upplýsingar þær, sem komið hafa frá hæstv. forsrh. (S. E.), að fella niður fyrirvarann um veitingu kennaraembætta. Hann er þýðingarlaus, hvað þetta mál snertir, því samkvæmt lögunum má segja kennurunum upp, ef þörf krefur. En á hinn bóginn líta kennarar svo á, að drátturinn á veitingunni þýði, að það eigi að halda opnum dyrum til að geta skift um menn. Það

er þegar búið að draga skipunina ári lengur en heimilað er í lögunum, og er því ilt að draga hana eitt ár enn, eins og vakir fyrir hv. 1. þm. S.-M.

Þorsteinn Jónsson: Í lok síðasta fundar hjelt hv. þm. Dala. (B. J.) alllanga ræðu til að svara því, sem jeg hafði sagt. Hann hóf mál sitt með því að segja, að hann sæi fyrir sjer ýmislegt, sem jeg hefði sagt, en hann hafði farið út, eins og hans er vandi, þegar hann hefir slæmt mál að verja. En hann hefir því hlotið að hafa „diktafón" til að taka á móti því, sem jeg sagði, og látið hann svo skýra sjer frá máli mínu. En sá „diktafónn" hefir ekki verið af bestu tegund, því að hann hefir rangfært orð mín eigi alllítið.

Hv. þm. Dala. (B. J.) kom eigi með neinar nýjar röksemdir, máli sínu til stuðnings, en ljet sjer að eins nægja að láta hv. deild skilja á sjer, að hann einn hefði visku að geyma til að miðla af, í þessu máli sem öðrum.

Jeg skal samt taka til athugunar einstök atriði í ræðu hans.

Hann hjelt því fram, að fræðslulögin frá 1907 hefðu verið flaustursverk, samin undirbúningslaust. Hann virðist halda, að þingið hafi þá farið líkt að ráði sínu og fjvn. ætlar nú að gera, flana að málinu rannsóknar- og undirbúningslaust. — En sannleikurinn er sá, að fræðslulögin frá 1907 höfðu ekki haft minna en 20 ára undirbúning, eða alt frá 1887, er Alþingi kaus milliþinganefnd, er skyldi vinna að þessu máli. Hlutu sæti í henni þeir Hallgrímur biskup Sveinsson, sjera Þórarinn Böðvarsson, sjera Eiríkur Briem, Jón Ólafsson og Jón Þórarinsson, núv. fræðslumálastjóri. Þegar hún hafði lokið starfi sínu, kom hún fram með frv. það, sem lagt var til grundvallar undir lögin frá 1907. Orsökin til þess, að þingið ekki þá þegar samþykti lögin, var ekki sú, að þingið áliti, að tekin væri upp röng stefna, heldur strandaði alt á fjárskorti. Það var peningaleysið og ekkert annað, sem varnaði málinu framgangs. — Undir aldamótin tók kennarafjelagið málið að sjer, þ. e. a. s. ekki barnakennarar, heldur latínuskólakennarar og kennarar við æðri stofnanir, sem hv. þm. Dala. (B. J.) ef til vill metur nokkurs hvað segja. Var þá mikið um málið rætt og ritað. Þrem árum fyrir aldamótin var skipuð nefnd til að semja frv., er Alþingi skyldi taka upp. Þá var málið lagt undir dóm margra manna, sem Alþingi áleit að mest hefðu vit á þessu máli, t. d. margra presta, gagnfræðaskólakennara, latínuskólakennara o. fl. Áður hafði stjórn kennarafjelagsins sent fyrirspurnir um málið út um sveitirnar. Ein af fyrirspurnunum, sem út voru sendar, var um það, hvort menn álitu, að fræðslu í sveitum hefði hnignað eftir að kennarar tóku við henni, og ef svo væri, þá hvers vegna. Jeg skal geta þess, að farkennarar voru þá víða um sveitir. En svörin, sem komu, voru einróma þess efnis, að fræðslan hefði aukist síðan kennarar komu, og ástæðan til þess væri, meðal annars, að meiri alúð væri lögð við kensluna á heimilunum en áður hefði verið.

Eins og jeg tók fram í gær, er nauðsynlegt, að skólafræðsla og heimafræðsla haldist í hendur, ef vel á að vera um fræðslu barna okkar.

Ein spurningin hljóðaði um, hvort menn undir nokkrum kringumstæðum álitu, að skólakenslan gæti dregið úr heimafræðslunni, en því var einróma neitað.

Síðasta spurningin var um, hverjir væru helstir agnúar á barnaskólum og

hvernig væri vænlegast að nema þá burt.

Hvað umferðakenslu snertir, voru agnúarnir taldir helstir, hversu ilt væri að sameina börn til kenslunnar, þar sem kenslustaðirnir væru svo margir. Hygg jeg, að ekki sje hægt að bæta úr því svo að verulegu gagni komi, nema með því að setja á stofn fasta sveitaskóla.

Til þess að sýna almenningsálitið um þetta efni fyrir 1907 skal jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp nokkur orð úr brjefi stjórnar Kennarafjelagsins, sem sent var út um landið með fyrirspurnunum, sem áður eru nefndar:

„Það er mjög fjarri því, að heimilin sjeu, eins og nú er komið, einfær um að leysa uppeldisstarfið af hendi. Altaf eykst þörfin á utan að komandi hjálp meira og meira."

Þá þegar, fyrir 20—30 árum síðan, álitu menn, að heimilin væru ekki einfær um að uppfræða börnin, heldur þyrftu þau hjálpar með, ef vel ætti að vera.

Sá árangur varð af starfi kennarafjelagsnefndarinnar, að málið kom fyrir þing 1905. Þótti þá ekki rjett að útkljá málið þegar, heldur rannsaka betur hugi manna úti um land, áður en endanleg ákvörðun yrði tekin. Var málið þá rætt á hjeraðsfundum, og sýslunefndir, gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum og latínuskólinn höfðu það til meðferðar. Öll þessi rannsókn og umsagnir, sem fram höfðu komið, var svo lögð til grundvallar, er lögin frá 1907 voru samin.

Jeg vona því að hv. deild sjái, að hv. þm. Dala. (B. J.) hafi ekki farið með rjett mál í gær, er hann sagði, að málið hefði verið óundirbúið 1907, er fræðslulögin voru samþykt, svo að ef þekking hans á öðrum sviðum er jafnmikil og jafnsamviskusamlega með hana farið, býst jeg við, að menn byggi ekki eins á henni og áður, og enda þótt sá góði maður hafi mikinn fróðleik til að bera, skortir hann samt algerlega vit á þessu efni, og farnast því líkt og mjer myndi fara, ef jeg ætlaði að fara að segja honum, hvernig hann ætti að kenna grísku við háskólann.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) tók fram, að hann tryði betur prestunum til að fara með fræðslumálin, jafnvel þó þeir gætu ekki tekið þau að sjer. Ef prestarnir eiga að taka barnafræðsluna að sjer, þá yrði að fjölga þeim svo mjög, að þeir yrðu þrefalt fleiri en nú. Auk þess sagði hann margt, sem átti að vera fyndið og sanna, að tillögur mínar væru á litlu viti bygðar. Hann ætlaði að sýna, að ómögulegt væri að reikna út einfalt rúmmál, t. d. að reikna út stærð kassa, ef menn kynnu ekki reikning nema með heilum tölum og brotum. En jeg hygg, að enginn ætli, að það þurfi neinn afskapavísdóm til að reikna út kassarúmmál eða önnur einföld rúmmál og einföld flatarmál. Þá sagði hann, að það væri ókostur við skólana, að gáfuð börn og treggáfuð væru látin vera þar saman. Er það rjett, og sá ókostur er þeim mun meiri, sem skólarnir eru stærri, en þessi ókostur fylgir öllum skólum, æðri og lægri.

Einnig tók hann fram, að við værum svo ólíkir öllum öðrum þjóðum, að skólar okkar yrðu líka að vera það. Við höfum að vísu búið hjer í þúsund ár, en erum samt líkir frændum okkar í flestum greinum, að minsta kosti ekki ólíkari þeim en hv. þm. Dala. (B. J.) er öðrum Íslendingum. Þá lagði hann mikið út af því, hversu skólarnir spiltu heilsu barnanna og siðferði þeirra. Viðvíkjandi heilsunni skal jeg svara því, að óhraust barn hefir auðvitað ekki gott af að ganga í skóla, en það er ekki alment

hjer, að skólar spilli heilsu barnanna, eins og háttv. þm. Dala. (B. J.) hjeli fram. En um það mál er erfitt að deila með nægilegum röksemdum, því að til þess þyrfti skýrslur um heilsu barna í öllum skólum landsins. En slíkar skýrslur eru eingöngu til frá Sauðárkróki. Skólastjórinn þar, Jón Björnsson, hefir um nokkur ár gefið skýrslur, sem sýna framför barnanna á vetrar- og sumarmánuðum, hvað snertir hæð, þyngd, efling, brjóstvídd og andaukning.

Mjer til mikillar undrunar hefir það sýnt sig þar, að skólabörn hafa ekki þroskast minna þá 6 mánuði, sem þau ganga í skóla, heldur en hina mánuðina, heldur þvert á móti.

Jeg hefi hjer hjá mjer tölurnar um þroskun barna í Sauðárkróksskóla frá árinu 1920, og kemur þar í ljós, að börnin hafa litið eitt minna hækkað vetrarmánuðina en sumarmánuðina, en þyngd, efling, brjóstvídd og andaukningu hefir aftur á móti farið mun meira fram um vetrarmánuðina heldur en á sumrin. Leikfimikensla hefir auðvitað átt mestan þátt í þessum framförum. Vitanlega er ekki með þessu sagt, að skólagangan g e t i ekki haft einhver ill áhrif á heilsufar barna. Jeg man t. d. eftir því, að læknir einn varð var við hryggskekkju í nokkrum börnum í einum barnaskóla. Þetta g æ t i verið skólagöngunni að kenna og stafað af því, að of veikluð börn væru látin ganga í skóla, eða þá af því, að sæti væru óhentug og börnin ekki látin sitja rjett. Börn mega heldur ekki sitja mjög lengi í skóla á hverjum degi. Það getur orðið hættulegt fyrir heilsu þeirra.

En sú hætta vofir alveg eins yfir, ef börnunum er haldið mjög strangt að náminu á heimilunum. Og það verður einmitt miklu fremur, ef þessi breyting kemst á. Jeg man eftir því áður en fræðslulögin komu, að þá voru oft teknir kennarar á heimilin, en óvíða nema stuttan tíma í einu, og var þá oft lagt hart að börnunum, til þess að nota þann stutta tíma, sem um var að ræða. Og ekki var nú alstaðar góðum húsakynnum nje heilbrigðisháttum fyrir að fara þá á heimilunum, frekar en í skólunum nú; miklu frekar hið gagnstæða.

Í þessu sambandi má minnast þess, að skólaskyldan hjá oss er ekki ströng móts við það, sem er víða í öðrum löndum. Og eitthvað má þó víst marka af reynslu annara þjóða í þessu efni. Sú þjóð, sem fremst hefir verið talin um marga hluti hjer í álfunni, sem er Þjóðverjar, hefir einmitt haft skólaskyldu lengst allra þjóða. Þar eru kennaraskólar búnir að standa á 4. hundrað ára. Ef það væri nú þeirra reynsla, að skólaskylda og skólaganga skemdi börnin, hví mundu þeir þá ekki fyrir löngu vera hættir við slíkt? Varla eru þó heimilin svo gersamlega ófær þar, fremur en hjer, til þess að fræða upp börnin. Þeir mundu að minsta kosti ekki setja það fyrir sig að leggja skólana niður, ef þeir hefðu sannreynt það, að börnin spiltu þar heilsu sinni, glötuðu siðferði sínu og yrðu heimskari en ella.

Þá vildi jeg með fáum orðum minnast á ræðu hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Hann kvað frv. eiga í engu að raska fræðslugrundvelli vorum, og væri það eingöngu fram komið sparnaðar vegna. Það virðist þá svo, sem hv. frsm. (B. J.) hafi alveg misskilið sitt eigið afkvæmi. Hann sagði sem sje, hv. frsm., (B. J.), að frv. væri eingöngu komið fram til þess að breyta fræðslukerfinu í landinu, og það er rjett. Og um sparnaðinn segja ástæður frv. skýrast. Enginn má missa neins í við það af þeim, sem að kenslu vinna, og það ríkisfje, sem losnar, þykist hv.

fjvn. ætla að setja í unglingaskóla. Niðurstaðan verður því sú, að hreppar og einstakir menn verða að kosta meiru til en áður, en ríkissjóður hinu sama. Hvar er þá sparnaðurinn? Jeg verð því að gera ráð fyrir, að hv. frsm. (B. J.) hafi ekki sagt annað nje meira en hann mátti segja, og þá hefir hann hrakið þessa röksemd samherja sins, hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) Og satt að segja efast jeg um, að sá sparnaður, að taka svo sem ¼ milj. kr. af ríkissjóði og demba á hreppana, yrði alstaðar með þakklæti þeginn.

Þá vildi hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) halda því fram, að menn hefðu áður komið betur undirbúnir í skóla en nú, og nefndi í því sambandi Möðruvallaskóla. Jeg veit vel, að margir ágætismenn voru í þeim skóla, en talsvert hygg jeg að þeir hafi orðið að bæta við sig að námi frá því, sem alment var hægt að fá á heimilum, til þess að komast inn í skólann. Annars held jeg, að sumum hv. þm. hætti við að líta fullbjörtum augum á þessa gömlu tíma. Sjálfir eru þeir margir frá bestu heimilunum í landinu, og hættir við að miða alt við þau, en gleyma því, að flest önnur heimili í landinu áttu ekki eins hægt með að láta börnum sínum sæmilega fræðslu í tje.

Nokkuð af andúð manna gegn barnaskólunum kann líka að liggja í því, hve nýir þeir eru. Áður var það almannarómur, að þeir, sem færu í Möðruvallaskóla og búnaðarskólana, yrðu letingjar, sem ekki vildu vinna ærlegt handtak. Þá níddu menn gagnfræðaskólana og búnaðarskólana af því, að þeir þektu þá ekki. Nú er það hætt, en röðin komin að barnaskólunum.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði, að fjvn. mundi leggja til, að fimm alþýðuskólar yrðu styrktir af ríkisfje. Þar við er það að athuga, að sumir þeirra eru nú eingöngu reknir fyrir ríkisfje, svo sem Eiðaskólinn, og ríkinu er skylt að kosta hann að öllu leyti.

Ef frv. nær fram að ganga, þá kemur sú breyting, er af því leiðir, mest niður á þeim fátækustu. Þeir hafa minstan tíma og tækifæri til þess að fræða sjálfir börn sín. Þeir eru einyrkjar og hafa ekki ráð á að hafa vinnufólk til þess að vinna heimilisstörfin, og þeir hafa ekki efni á að halda kennara. Svo þegar vorið kemur og presturinn á að fara að prófa, ef það verður þá, eins og hv. nefnd ætlast til, eitthvað meira en nafnið, þá reynast þessi veslings börn of fákunnandi. Þá eiga foreldrarnir að sæta sektum, — alt að 1000 krónum. Er þá hætt við, að eignir sumra fátæklinganna hrykkju skamt, jafnvel til þess að greiða sektina, og hvað þá líka fyrir því, sem á eftir kemur. Því að sagan er ekki úti enn. Þessu næst á að taka barnið af heimilinu og láta kenna því, — vitanlega á kostnað foreldranna. En hvar á að kenna því? Frv. skipar svo fyrir, að börn skuli tekin af heimilunum, ef heimilin kenna þeim ekki lögboðin fræði, en það gerir enga ráðstöfun til þess, að hægt sje að koma börnunum fyrir. Þess vegna hefir það verið nefnt „frumvarp til laga um útburð barna“.

Jeg þykist nú hafa sýnt fram á það, að fræðslulögin voru ekki sett á án undirbúnings nje rannsóknar, eins og hv. frsm. (B. J.) hjelt fram. Ennfremur er öllum hv. þm. það vitanlegt, að síðasta rannsóknin, sem þeir gerðu próf. Guðm. Finnbogason og próf. Sig. Sívertsen, er ekkert smáræði, og árangur hennar bendir einróma í þá átt, að halda beri fræðslulögunum með smávegis breytingum. Jeg verð því að telja það næsta djarft af einni nefnd á þingi að ákveða það á einum fundi og umræðulaust, að sagt er, að kasta fram þessu frv. Slíkt

flaustur verður ekki til þess að vekja traust manna á þinginu.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) lagði hjer fram till. til rökstuddrar dagskrár og hafði um leið við nokkur ummæli, sem jeg verð að vekja athygli hv. deildar á.

Þessi hv. þm. (Sv. Ó.) er hinn mesti sparnaðarmaður, svo sem hv. þm. muna, nema þegar um er að ræða hreppstjóra nokkra í S.-Múlasýslu. Þess vegna furðar mig á því, að hann skuli ekki meta það neins að spara 200 þús. kr. En þá upphæð mun samþykt þessa frv. spara ríkissjóði. Þetta tel jeg gott fyrir sparnaðarmennina að athuga. Jeg nefndi þetta að vísu ekki í gær sem höfuðástæðu nefndarinnar, heldur hitt, að bæta fræðslu í landinu, og það er rjett. En þó hefir hitt vitanlega vakað fyrir nefndinni líka.

Nú vill hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) spara líka, svo sem vitanlegt var. En sá munur er á honum og nefndinni, að hann vill spara með því að kasta öllum kennurum út á gaddinn, en það vill nefndin ekki. Hún telur þá aðferð, að láta alt bitna á kennurunum einum, ekki samandi, hvorki sjer nje Alþingi. Veit jeg það, að þetta er hægt að gera, vegna þess, að stjórnin hefir beitt kennara órjetti, með því að setja þá ár eftir ár. Hún átti að skipa þá síðara árið. En þann órjett á ekki að bæta með því að níðast á þeim.

Fjárveitinganefndin gerir engar tillögur um þessa liði fjárlaganna fyr en hún hefir sjeð atkvgr. hjer í deildinni um þetta. Hv. þm. sýna nú með atkv. sínum, hvort þeir meta nokkurs 200 þús. kr. sparnað eða eigi. Verður einkum veitt athygli þeim, sem altaf láta hæst um sparnað. Því að það má jeg vel segja, að þetta verður sá sparnaður, sem jeg hefi nefnt, enda þótt lagt verði drjúgum meira til unglingafræðslu en nú er. Þá fæst sama fræðsla fyrir staðfestingu og nú er, en miklu meiri eftir þann tíma, — og sú fræðsla er miklu haldbetri, — og þó þarf ríkissjóður ekki að leggja fram nema helming þess, sem nú er. Jeg hefi vitanlega ekkert á móti því, ef menn vilja leggja 200 þús. kr. fram í viðbót til unglingaskólanna og halda barnaskólunum líka. En jeg tel því fje betur varið, sem fer í unglingaskólana. Það er því tilgangur þessa frv. að fá betri árangur fyrir minna fje.

Annars er það að segja um þessa dagskrártill. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að það er tilgangslaust að vísa þessu máli til stjórnarinnar. Hún hefir ekkert meira vit á því en fjárveitinganefnd eða þá hv. deild **(Forsrh. (S. E.):** Stjórnin hefir betur vit á því en hv. þm. Dala.). Jeg get nú ekki farið að ganga í mannjöfnuð við hæstv. forsætisráðherra (S. E.); hygg jeg þó, að jeg geti tekið hann á knje mjer og kent honum sitt af hverju. En úr því að hann treysti sjer til að vera kenslumálaráðherra, þá skal hann ekki láta sig undra, þótt jeg treysti mjer til að bera fram þetta frv. við sjöunda mann.

Úr því að jeg er að tala við hæstv. forsrh. (S. E.), þá er rjett, að jeg minnist á eitt atriði í ræðu hans í gær. Hann kvaðst ekki skilja það, hví svo er kveðið að í greinargerð frv., að núverandi skipun fræðslumálanna megi ekki festast. Telur hann kerfið þegar fast orðið. Jeg verð nú að minna hann á, að þessum lögum, sem sett voru 1907, var frestað í tvö ár 1909, og síðan hafa breytingar á þeim altaf legið við borð. Tvisvar hafa hjer á Alþingi verið samþ. þál.till. um það efni. Hin síðari þeirra leiddi til þeirrar rannsóknar og endurskoðunar, sem fram fór á síðasta ári.

Festan er þá í því fólgin, að altaf hefir verið gert ráð fyrir breytingum.

Einhver hv. þm. sagði, að allar þjóðir yki nú fjárframlög til barnafræðslu. Ekki kemur það heim við gerðir sparnaðarnefndarinnar ensku. Hún leggur til, að sparað verði stórfje einmitt á þessu sviði.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) talaði nokkur orð, og var það hið eina, sem af rökum hefir verið mælt gegn frv. Vel getur svo farið í mannmörgum bæ, að einhverjar skorður þurfi að setja, svo að eigi fari eins og hann spáði, við afnám skólaskyldunnar. Þó vil jeg gera meira en hv. þm. (J. Þ.) gerði úr því, sem þrír prestar hjer í Reykjavík geta gert. Þeir geta notað heimild þá, sem í frv. er, til þess að taka vanrækt börn af heimilunum og koma þeim þá í skólann.

Hins vegar tel jeg sjálfsagt, að nefndin muni fallast á þær endurbætur á frv., sem kæmu í veg fyrir þessa hættu. Annars talaði þessi háttv. þm. (J. Þ.) mjög rólega; hann sagði að vísu eina fyndni, en henni nenni jeg ekki að svara.

Eitt atriði kom fram í ræðu þessa hv. þm. (J. Þ.), sem jeg get að mörgu leyti verið honum samdóma um. Hann kvað ekki í frv. vera að ræða um sparnað á þjóðarfje, því sá kostnaður, sem ríkissjóður þyrfti ekki að svara samkvæmt frv., kæmi á bæjar- og sveitarfjelögin. Hjer væri því að eins um það að ræða að sækja fjeð til barnafræðslunnar í annan vasa. En á þessa skoðun hefir þingið ekki hingað til viljað fallast, t. d. hefir það endilega viljað láta sýslurnar sjálfar annast viðhald á sýsluvegum, og sýnist þó nær, að ríkissjóður bæri þann kostnað en kostnaðinn við barnafræðsluna, sem er miklu meira einstaklingsmál. Og úr því nú að þingið hefir tekið þessa stefnu upp, þá sje jeg ekki ástæðu til annars en að fylgja samnefndarmönnum mínum í því að gera mun á þessu tvennu, þótt í raun og veru standi þjóðarhagurinn jafnrjettur, úr hvorum vasanum sem tekið er.

Þá vil jeg víkja fáeinum orðum að því, sem hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) talaði yfir mjer. Hann sagði, meðal annars, að jeg hefði gengið af fundi undir ræðu hans, eins og vandi minn væri, er jeg hefði illan málstað. Jeg vildi nú helst kjósa að þurfa ekki að gefa þá sönnu skýringu á fjarveru minni hjer í heyranda hljóði, því jeg óttast, að það yrði ekki talið þinglegt. En ef hv. þm. (Þorst. J.) er mjög áfjáður að fá að vita þá sönnu ástæðu, þá er velkomið, að jeg segi honum það einslega.

Þá talaði hv. þm. (Þorst. J.) lengi um það flaustur, sem jeg kvað verið hafa í fræðslulöggjöf vorri, og vildi ósanna það mál mitt með því að breiða sig út yfir þann afarlanga undirbúning, sem það mál hafði fengið. En það er ekkert aðalatriði, hvað langur undirbúningurinn er, heldur í hverju hann er fólginn. Og í hverju hefir undirbúningurinn verið fólginn? Hann hefir verið fólginn í eintómum fyrirspurnum, og engu öðru. Og hverjir voru svo spurðir? Einmitt þeir menn, sem óhæfir voru taldir til þess að fræða börnin sjálfir. Og eftir þeirra umsögn er svo farið. Þetta er óneitanlega ágætur undirbúningur! Og það sæmir vel þessum hv. þm. (Þorst. J.) að tala digurbarkalega um hann.

Enn fremur gerði þessi sami hv. þm. (Þorst. J.) mjög lítið úr þekkingu minni á fræðslumálum. Jeg þykist ekki hafa hælt mjer af þeirri þekkingu umfram það, sem jeg get staðið við og fært rök að.

Jafnframt sagði þessi hv. barnakennari (Þorst. J.), með sinni venjulegu skarpskygni og rökvísi, að það væri jafnheimskulegt af mjer að ætla að kenna honum barnafræðslu eins og ef hann ætlaði að fara að kenna mjer grísku.

Þetta væri rjett, ef hann hefði fyrst sannað, að hann væri sjálfur eins vel að sjer í grísku eins og jeg er í þeim greinum, sem börnum eru kendar meðan þau eru innan fermingaraldurs. En ef hann getur ekki sannað það, þá hefði verið rjettara af honum að láta svona ástæður bíða.

Hann hjelt og langan fyrirlestur um heilsufar barna, og vildi helst halda því fram, að jeg hefði talið, að skólarnir spiltu heilsu barnanna. En öllum hv. þm. mun vera það vel kunnugt, nema þá þessum makalausa hv. þm. (Þorst. J.), að jeg sagði aldrei eitt einasta orð í þá átt. Jeg mintist á það, að hætta gæti af því stafað að hafa heimangönguskóla í sveitum, því það gæti svo farið, að börn yrðu úti á leið til skólans eða frá, ef snöggan byl gerði. En jeg mintist á siðferði barna og sagði, að börn lærðu oft margt misjafnt í skólum, og það stend jeg við. Jeg sagði það af því, að hv. þm. (Þorst. J.) var þá nýbúinn að hæla sjer af því að geta haft mikil áhrif á skapgerð barnanna. Jeg efast satt að segja um slík áhrif kennarans í skóla á skapgerð barnanna. Það er eins og kerlingin sagði: „10 toga að neðan en 12 að ofan, og þó sígur.“

Jeg hygg, að einn götustrákur geti haft og hafi meiri áhrif á skólabræður sína en 10 kennarar, og það jafnvel slíkir kennarar sem hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.).

Jeg hefi þá svarað lauslega því, sem einkum hefir verið fundið þessu máli til foráttu. Jeg hefi tekið það fram, að þó að nefndin hafi ekki borið fram frv. sjerstaklega af sparnaðarástæðum, þá muni þó sparast mikið fje. Jeg hefi einnig sýnt fram á, að það er gersamlega ástæðulaust að segja, að nefndin vilji minka barnafræðsluna; hún vill þvert á móti auka hana og koma henni í betra horf. Ef heimili getur ekki kent barni, þá verður það tekið af því heimili, og ef heimilið getur þá ekki borgað með barninu, gerir hreppurinn það.

Að lokum mintist hv. þm. (Þorst. J.) á fyndni um barnaútburð, í sambandi við frv. þetta, sem hann hefir heyrt úti í bæ. Byggist hún á því, að ekki er sagt í frv., hvert fara skuli með börnin, er þau eru tekin af heimilunum. Og af því dregur svo hv. þm. (Þorst. J.) þá ályktun, að þá hljóti að eiga að bera þau út. En þessa margtugðu fyndni hefði hann fremur átt að geyma. Eða hefir hann ekki enn lesið frv.? Í 4. gr. frv. stendur svo:

„Nú getur maður eigi goldið kostnaðinn, er barn er tekið af heimili hans til kenslu, og skal þá dvalarhreppur greiða kostnaðinn,“ o. s. frv.

Kostnaðinn við hvað? Eða á þá að kenna útburðinum? Hvernig stendur það í barnafræðsluheilanum? Annars hlýtur hver meðalgreindur maður að sjá, að ekki er gott að ákveða vissa bæi í frv. sem þessu. En líklega munu prestarnir oft taka börnin á heimili sín undir slíkum kringumstæðum.

Að svo mæltu vil jeg afhenda háttv. deild þetta frv. Hún má bera það út, ef hún vill, en þá verða hv. þm. líka að taka á herðar sjer þann sóma, er slíku verki fylgir.

Forsætisráðherra (S. E.): Að eins örstutt athugasemd út af ræðu hv. þm. Dala. (B. J.). — Hv. þm. gat um það, sem jeg hafði í raun og veru ekki heyrt

áður, að sparnaður við frv. þetta mundi nema alt að 200 þús. kr. En þegar nú litið er á ástæður frv., þá er mjög erfitt að skilja þennan sparnað.

1) Er gert ráð fyrir að nota mikinn hluta af sparnaðarfjenu til aukinnar unglingafræðslu,

2) Nefndin gengur út frá því, að sjá kennurunum fyrir nýjum stöðum, svo að þeir missi einskis í við þessar ráðstafanir. En hvernig er hægt að gera slíkt nú í atvinnuleysinu, án útgjalda fyrir ríkissjóðinn?

Þar sem nú þetta tvent fylgir með í ástæðum frv., þá er mjer algerlega óskiljanlegt, að hjer sje um nokkurn sparnað að ræða.

Hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að sjer þætti furðulegt, að jeg teldi fjvn. ekki færa til þess að koma fram með till. um eitt atriði í skólamálunum, þar sem jeg hefði treyst mjer til að verða kenslumálaráðherra.

En jeg vil endurtaka það, að hjer er ekki um neitt smáatriði að ræða, heldur grundvallaratriði og gerbreyting á núverandi fræðslukerfi. Jeg stend fyllilega við það, að nefnd, sem er svo störfum hlaðin sem fjvn., hafi ekki tíma til þess að gera till. um slíkt stórmál, sem hjer er um að ræða.

Þá vildi sami hv. þm. (B. J.) neita því, að barnafræðslufyrirkomulagið hjer væri fast orðið. Þar til er því að svara, að fyrirkomulag þetta er frá 1907, og það er orðið svo fast, að þó að hv. þm. Dala. (B. J.) hafi hvað eftir annað komið fram með brtt. við það, þá hafa þær ekki náð fram að ganga.

Enn fremur sagði hv. þm. Dala. (B. J.), að eftir að kennararnir væru búnir að fá veitingu, þá væri afarörðugt að segja þeim starfinu upp. Þetta er að vísu rjett, en jeg vil bæta því við, að það getur líka verið hart að segja þeim upp stöðunni nú, því kennararnir hafa verið settir með von um að fá að halda starfa sínum. En slíkt kemur auðvitað ekki til greina hjá hv. fjvn., úr því að hún ætlar að sjá kennurunum fyrir nægum stöðum öðrum. En svo framarlega sem slíkt er meining hv. nefndar, þá er sparnaðurinn enginn, eins og jeg hefi þegar bent á. Þá er hjer eingöngu að ræða um gerbreytingu á fræðslukerfi þessa lands, og við því ætti þingið ekki að gleypa að óröunsökuðu máli.

Þórarinn Jónsson: Það er ef til vill óþarfi af mjer að lengja hjer umr., úr því jeg er í fjvn. En jeg get ekki stillt mig um að segja nokkur orð, því að mjer hefir fundist, að umr. hjer í hv. deild hafi í raun og veru snúist um alt annað en frv., því að í frv. felst ekki annað en það að fresta framkvæmd fræðslulaganna um 1—2 ár.

Það, sem varð til þess, að jeg fylgi þessu frv., er aðallega tvent:

1) Er það öllum mönnum vitanlegt, að síðan fræðslulögin komu í gildi hefir mikil óánægja ríkt yfir þeim víða um land. Margir hafa hugsað um að koma þeim lögum í breytt og betra horf. En þau mál hafa þó ekki til þessa verið rædd svo opinberlega, að úr hafi skorið. Sumir hafa viljað færa skólaskylduna upp í 14—16 ár; öðrum hefir þótt gefast illa að kasta burtu heimilisfræðslunni og láta börn sín í hendur ýmsra kennara, sem auðvitað eru mjög misjafnir, ekki síður en aðrir menn. Mjer sýnist því sjerstaklega hentugur tími til að bera þetta frv. fram einmitt nú, áður en kennarar eru skipaðir, og fá með því frest fyrir þjóðina til þess að rannsaka og láta uppi álit sitt á fræðslumálunum.

Jeg get alls eigi skilið þær móthár-

ur frá andstæðingum frv., að heimilisfræðslan þurfi nú að verða verri en áður. Til hvers hafa þá þessi fræðslulög staðið um margra ára skeið, ef þau hafa orðið til þess, að ekki finnist lengur neinn maður á heimilunum, sem fær sje að leiðbeina börnum undir fermingu undir eftirliti prests. Og sjerstök ástæða sýnist vera til þess að nota prestana til þessara starfa.

Hin ástæðan er sparnaðurinn, sem af frv. leiðir. Það má gera ráð fyrir, að hann verði um 240 þús. kr., og er það ekki lítil upphæð. Og þó að þetta atriði hafi ekki af háttv. frsm. (B. J.) verið talið aðalatriðið, þá hafa þó margir nefndarmenn talið það mjög mikilsvert.

Fjvn. hefir kynt sjer betur fjárhagsástandið en flestir aðrir hv. þm. Og þegar gera má ráð fyrir, að tekjuhalli fjárlaganna verði um ½ milj. kr., þá er slíkt svo óglæsilegt, að það er ekki nema von, að menn reyni að leita í fjárlögunum, hvort ekki sje hægt að spara þar fje, sem nokkru nemi. Nú eru útgjöldin til barnafræðslunnar um 480 þús. kr., og er það mikið fje, og ekki lítilsvert, ef hægt væri að lækka þau útgjöld að stórum mun, án tilfinnanlegs tjóns fyrir landsmenn.

Jeg vil leggja áherslu á það, að frv. þetta er engin röskun á fræðslukerfi landsins; það er ekki framtíðarfyrirkomulag, heldur bráðabirgðafyrirkomulag og frestun, þangað til þjóðin segir vilja sinn um skipun þessara mála í framtíðinni.

Fyrir mjer er þetta líka aðallega sparnaðarráðstöfun.

Í frv. þessu er farið fram á það, að fje það, sem ríkissjóður leggur til bæja og kauptúna, sparist að miklu leyti, og bæirnir greiði það úr sínum eigin vasa. Þessi styrkur, sem veittur er eftir núverandi lögum, hefir komið mjög ranglátlega niður síðan lögin um laun kennara komu í gildi. Fyrst og fremst hefir hann mestmegnis lent í kaupstöðum og kauptúnum, að undanskildum þeim sveitahjeruðum, sem hafa 6 mánaða kenslu, en þau eru ekki mörg. Þetta er þess vegna fyrir sveitir þessa lands lítill skaði, því til þeirra hefir ekki gengið nema 9. hluti þess fjár, sem ríkissjóður leggur til. Þó að það hafi komið fyrir, að styrkur hafi verið veittur til annara hjeraða en þeirra, sem hafa þessa lögskipuðu 6 mánaða kenslu, þá hefir það oft sýnst vera mjög mikið handahóf. Jeg þekki tvo hreppa, sem þannig fengu styrk, og mjer er óhætt að segja, að aldrei hafi verið verri kensla í öðrum hreppnum en það ár, sem hann fjekk styrkinn; þá var hún gersamlega ómöguleg. Menn eru hjer mikið að tala um ágæti þess fyrirkomulags, sem nú er, og um það, að skólarnir sjeu góðir. Jeg hygg, að alt annað yrði uppi á teningnum hjá þessum mönnum, ef þeir kyntu sjer skólafyrirkomulagið í sveitunum. Jeg álít, að sumstaðar hagi svo til, þar sem skólar eru, að öldungis óforsvaranlegt sje að troða börnum þar til kenslu. Við höfum að vísu læknisskoðun og læknisvottorð. En jeg legg ekki svo mikið upp úr því. Mjer finst það ekki undarlegt, þó að læknar sjeu ekki sjerlega strangir í þessum efnum, þar sem það getur varðað fræðsluhjeruðin styrk, og sveitarfjelögin leggja ærið á sig.

Það hefir verið talað um þetta fyrirkomulag, sem felst í þessu frv., eins og það ætti að vera frambúðarskipulag. En eins og jeg hefi áður tekið fram, er það alls ekki meiningin. Það er ætlast til, að það verði í svo sem 1—2 ár, meðan verið er að rannsaka ástandið og komast niður á eitthvert

heppilegt frambúðarskipulag. Mjer finst það því ekki ósanngjarnt, að bæirnir greiði eitthvað til kenslunnar næstu 1—2 árin, meðan á þessu stendur. Og ef yfirstandandi tímar eru ekki heppilegir til þess að taka þetta mál til íhugunar, þá eru þeir ekki til.

Jeg er að sumu leyti sammála háttv. frsm. (B. J.), en þó ekki að öllu. Hvað snertir kennarana, þá get jeg ekki fallist á, að hjeraðsstjórnum verði gert að skyldu að útvega þeim aðra atvinnu jafngóða, eins og hann virtist halda fram. Og hygg jeg, að meiri hl. nefndarinnar sje á þeirri skoðun.

Mjer virðist því, að þessar umr. hjer hafi farið nokkuð fyrir ofan garð og neðan, og því óþarfi að halda þeim lengur áfram.

Sveinn Ólafsson: Hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) beindi til mín þeirri fyrirspurn, hvort jeg sæi mjer ekki fært að fella úr hinni rökstuddu dagskrá minni þann þátt, er lýtur að því að fresta veitingu kennaraembættanna, samkvæmt lögum 28. nóv. 1919, um laun og skipun barnakennara. Jeg treysti mjer ekki til að verða við þessari ósk, vegna þess, að jeg álít, að það sjeu einmitt þessi lög, sem best rótfesta gamla fyrirkomulagið, og jeg er ekki með öllu sannfærður um, að kennararnir hafi nú lagalega sama rjett eins og ef embættin væru veitt þeim. En annars er þetta lögfræðileg spurning, sem aðrir eru mjer færari um að skera úr. Í annan stað vil jeg ýta undir, að þessi lög verði endurskoðuð. Ef fara á að breyta fræðslufyrirkomulaginu þannig, að hið opinbera kosti unglingafræðsluna, en heimilin og hjeruðin barnafræðsluna til staðfestingaraldurs, þá þarf einmitt að endurskoða þessi lög, því að þá eiga þau ekki við lengur.

Hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) talaði um sparnað í sambandi við þetta frv. Jeg kannast ekki við, að það geti verið rjett, að fje sparist með þessu; það getur ekki verið, ef maður les ástæðurnar fyrir frv. þessu. Yfirleitt finst mjer alt sparnaðartalið koma í baksegl við ástæðurnar fyrir frv. Sami hv. þm. (Þór. J.) tók það fram, að till. nefndarinnar væru ekki röskun á fyrirkomulaginu sem nú er, heldur að eins frestun, meðan þjóðin áttaði sig á málinu. En það er þó altaf röskun á fyrirkomulaginu, meðan á fresti þessum stendur.

Hv. þm. Dala. (B. J.) er ekki viðstaddur. Jeg finn heldur ekki hvöt hjá mjer til að fara að togast á við hann; þótt hann viki nokkrum hnútum að mjer, þá snerti það ekkert málið. Mjer þótti það undarlegt, að hann talaði um fullan 200 þús. kr. sparnað af frv. í sömu andránni og hann taldi það miða til aukinnar og bættrar fræðslu, með því móti þó, að efnd væru öll þau loforð, sem nefndin ætlaðist til, að efnd væru við kennarana. Það er þá eins og einhver loforð sjeu til, sem hún ætlast til, að ekki verði efnd.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar; jeg stóð að eins upp til að gera grein fyrir því, hvers vegna jeg sje mjer ekki fært að breyta rökstuddu dagskránni.

Jón Þorláksson: Mjer þykir leiðinlegt, að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) skuli ekki vilja fella þetta óviðkomandi atriði úr dagskrá sinni, en verð þó auðvitað að sætta mig við það.

Hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) hefir nú gert grein fyrir sínu máli, og jeg verð að segja það, að jeg hygg, að umr. um þetta mál hefðu snúist nokkuð á annan veg, ef þessi hin síðari framsaga hefði verið hin fyrri. Mjer virt-

ist ræða hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) bera vott um það, að hjer væri aðallega um það að ræða, að fjvn. hefði þótt ríkissjóður taka of mikinn þátt í kenslukaupi kaupstaða og kauptúna, samanborið við sveitahjeruðin. Það má vel vera, að svo sje, en þetta hefði þá mátt taka upp sjerstaklega og ræða um í bróðerni, án þess að sópa burt allri barnafræðslulöggjöf þessa lands. Það, hvort kaupstaðirnir fái meira af styrknum og sveitahjeruðin minna, er algerlega óviðkomandi grundvelli fræðslulöggjafarinnar. Þessi hv. þm. (Þór. J.) lýsti því yfir, að þetta væri að eins frestun um 1—2 ár. En um þetta er það segja, að flm. frv. ráða engu um það, hversu langur frestur þetta verður, úr því að ekki er á það minst í frv. Það getur því eins orðið frestun um 10—20 ár eins og 1—2. Hefðu þeir viljað hafa einhvern ákveðinn tíma, þá átti að setja slíkt inn í frv. — Jeg skal ekki fara út í það að ræða um það, hversu sanngjarnt er, að ríkissjóður taki eins mikinn þátt í barnafræðslu í kaupstöðunum og hann gerir nú, samanborið við sveitirnar. Til þess að hægt væri að gera sjer grein fyrir því, þyrfti að leggja fram tölur, er sýndu mismuninn, en það hefir ekki verið gert. Sami hv. þm. (Þór. J.) sagði, að það væri hægt að halda í sama horfinu í kaupstöðunum, meðan á frestuninni stæði. En svo er ekki. Það eru að vísu mörg heimili, sem jafnt mundu senda börn sín í skóla eftir sem áður, en ekki öll. Þeir, sem erfiðastar heimilisástæður hafa, mundu heldur halda sjer til baka, þar sem þeim ber engin skylda til að senda börnin í skólana, og skólunum heldur ekki skylt að taka við börnunum. Jeg skil ekkert í því, hvers vegna þeir menn, sem ætlast til, að ástandið verði óbreytt í kaupstöðunum, vilja endilega kippa burt öllum þeim lagagrundvelli, sem vilji þeirra byggist á.

Sami hv. þm. (Þór. J.) talaði einnig um, að rannsaka þyrfti, hvort barnafræðslunni yrði ekki betur fyrir komið. En þetta hefir verið gert. Það hefir verið lagt hjer fyrir þessa hv. deild stjórnarfrv. þessa efnis, og deildin hefir vísað því til mentmn. Þetta frv. þurfti því ekki að koma fram af þessari ástæðu. Mjer hefði fundist það best að láta þetta mál bíða þangað til mentmn. skilar nál. sínu um það mál.

Þórarinn Jónsson: Út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) gat um, að fresturinn geti orðið 10—20 ár eins og 1—2, sem jeg sagði að hann mundi verða, þá má vera, að það sje rjett hjá honum, að rjettara hefði verið að taka það fram í frv., og mun nefndin gera brtt. um það. Ekki skil jeg í því, að ekki sje hægt að halda uppi barnafræðslu í kaupstöðum, þó að þetta frv. nái fram að ganga, og ber slíkt ekki vitni þess, að hið gamla fyrirkomulag sje búið að ná slíkri festu, sem látið er. Það virðist ekki þurfa annað en samkomulag um það, eða að borgarafundur samþykki að halda kenslunni uppi; en þyki ekki hlýða annað en lögbinda þetta, er hægurinn hjá að láta fræðslulögin gilda fyrir bæi og kauptún, að því er skólaskyldu snertir.

Þar sem jeg talaði um rannsókn á máli þessu, þá átti jeg ekki við þá rannsókn, sem fram hefir farið hjer á þinginu nú, heldur átti jeg við rannsókn hjá þjóðinni og álit hennar að henni lokinni.

Magnús Jónsson: Jeg vil gera það að till. minni, að máli þessu verði vísað til mentmn. Jeg fæ ekki annað sjeð

en að þetta heyri undir verksvið hennar, og því sjálfsagt að fá umsögn hennar um það, úr því að hv. fjvn. hefir ekki leitað hennar álits áður en hún bar málið fram.

Forsætisráðherra (S. E.): Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) kvaðst ekki vera viss um, að segja mætti kennurum upp stöðum þeirra, eftir að búið væri að veita þeim, án þess að þeir hefðu lagalegan rjett á endurgjaldi. En það stendur ótvírætt í 14. gr. laganna frá 1919, að ef breyting verði gerð á fræðslu- eða skólahjeruðum eða fræðslumálum yfirleitt, sem geri stöðu kennarans óþarfa, þá skuli hann láta af henni endurgjaldslaust, eftir löglega uppsögn. Það er enginn vafi á því, að lagaskylda er engin til þess að greiða endurgjald; um það geta allir lögfræðingar verið sammála. Það er þá að eins „mórölsk" skylda, ef um skyldu er að ræða í því efni. Annars virðist mjer alt önnur skýring hafa komið fram hjá háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) en hjá hv. þm. Dala. (B. J.). — Hv. þm. Dala. hjelt fram fjárhagshliðinni sem ástæðu frv., eins og jeg, en hv. 2. þm. Húnv. hjelt fram öðru.

Pjetur Ottesen: Hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) hefir gert till. um það að vísa þessu máli til mentmn. Sem einn af flm. þessa frv. vil jeg leyfa mjer að mæla á móti því, þar sem jeg tel, að það sje gersamlega á móti venju og jafnvel á móti anda þingskapanna, að vísa máli, sem komið er frá nefnd eða verið hefir í nefnd, til annarar nefndar.

Umr. frestað.

Á 20. fundi í Nd., laugardaginn 11. mars, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg ætla mjer ekki að halda langa ræðu og vildi óska, að málið yrði nú ekki rætt öllu lengur.

En um leið og jeg þakka fyrir undirtektirnar, þá vil jeg minna hv. þm. á það, að þótt það sje kjarni þessa máls, að fjvn. vill breyta um fræðslukerfi og auka þekkingu í landinu, þá er þó einnig um mikinn sparnað að ræða frá því, sem verið hefir. Munu því landsmenn sjá af atkvgr., hverjir eru sparnaðarmenn og hverjir ekki.

Og hvort sem heldur verður, að menn drepa mál þetta þegar með rökstuddri dagskrá eða fá það annari nefnd, sem þó mun vera á móti allri þingvenju, þá verður fjvn. að gera till. um þessa liði fjárlaganna, og sníða þær þá eftir því, að menn vilja ekki spara ríkissjóði þessar 200 þús. kr.

Magnús Jónsson: Háttv. þm. Borgf. (P. O.) tók hart á meinlausri till. frá mjer, þess efnis, að mentamálum væri vísað til mentamálanefndar. En jeg vil benda þessum hv. þm. (P. O.) á það, að það er annað, sem er gagnstætt þingvenjunni, og það er að nefndir komi með mál, sem heyra undir aðrar nefndir. Er það jafnfráleitt af fjvn. að bera fram þetta frv. og það væri, ef mentmn. kæmi fram með frv. um frestun síldarmatslaganna. Hv. fjvn. á því upptökin að því að breyta hjer móti þingvenju, og verður að þola, að því sje haldið áfram.

Háttv. frsm. (B. J.) sagði, að fyrir nefndinni vekti eingöngu breyting á fræðslukerfinu, en það væri ekki fram komið fjárhagsins vegna. — Sýnist því

dálítið einkennilegt, að mentmn. fái ekki að segja álit sitt um málið.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Út af ummælum hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) vil jeg fyrst láta þess getið, að fjvn. var nauðsyn á því að fá atkvgr. um mál þetta áður en hún afgreiddi fjárlögin frá sjer. Einnig vil jeg láta þess getið, að það hefir aldrei verið venja að vísa máli, sem kemur úr nefnd, til annarar nefndar.

Annars vil jeg láta þennan hv. þm. (M. J.) vita það, að það mun vera eins mikil mentamálaþekking í fjvn. eins og í mentmn.

Magnús Pjetursson: Jeg hafði kvatt mjer hljóðs áður en háttv. frsm. B. J.) tók síðast til máls, því jeg þóttist vita, að jeg mundi verða að hlaupa í skörðin, er hann gat eigi lengur haldið uppi sókninni. Mál þetta hefir margar hliðar, en það er aðallega ein þeirra, sem jeg ætla að gera að umtalsefni, — sparnaðarhliðin. En þar verð jeg að fara dálítið aftur í tímann. Fjöldi þm. mun hafa haldið þingmálafundi áður en þeir fóru á þingið, og munu þeir minnast, að á þeim fundum var það höfuðatriðið að knýja þm. til sparnaðar. Síðan er á þing kemur hefst sparnaðurinn þegar, og það svo mjög, að þm. hafa ekki s a m v i n n u um hann, heldur s a m k e p n i.

Yfirboð eru gerð og nýjar og nýjar leiðir reyndar — auglýsingaleiðir — sbr. „hjer fást bestar og ódýrastar vörur". Þm. hafa hengt á sig auglýsingaskilti, sem áttu að sanna, að þeir væru mestu sparnaðarmennirnir.

Alt þetta mætti nefna sem nokkurs konar erindisbrjef fjvn., ef hún annars hefði nokkuð.

Þegar nefndin nú byrjaði á störfum sínum, var henni það þegar auðsætt, að erfitt var að spara nokkuð að mun; til þess var fjárlagafrv. alt of nærskorið. Hún sá einnig, að ómögulegt mundi verða að komast hjá halla, þó að einn og einn maður væri skorinn niður. Eina ráðið var að ráðast á garðinn, þar sem hann var hæstur, og til þess voru þessar leiðir helstar: fyrst sú, að fresta öllum verklegum framkvæmdum eða leggja niður æðri stofnanir í bili, og enn var sú leið til, að fresta framkvæmd fræðslulaganna um stund, og þar sem við það sparaðist stærsti liður fjárlaganna, var eigi nema eðlilegt, að nefndin athugaði þessa leiðina sjerstaklega. En eins og margsinnis hefir verið tekið fram, bæði af háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), hefir nefndin ætlast til, að þessi frestun væri að eins í bili. Öll nefndin var sammála um það, að fræðslukerfið stæði til bóta, og því væri litið tjón að því, þótt framkvæmdum þess væri frestað í bili, meðan betur væri rannsakað, hvað best mundi og sýnt, hvað þjóðin vildi.

Það hefir annars verið minst á það. að fjvn. væri að sletta sjer fram í það, sem henni kæmi ekkert við, en hjer til er því að svara, að það mundi erfitt verða fyrir fjvn. að starfa, ef hún mætti ekki fást við neitt annað en tölur. Enda er það sannast, að það er ómögulegt fyrir fjvn. að skifta sjer að minsta kosti af stærri upphæðum, nema með því að ganga inn á, jeg vil segja verksvið allra nefnda þingsins.

Að síðustu vil jeg vekja athygli á því, að nefndinni er nauðsynlegt að vita stefnu þingsins nú við atkvgr., áður en fjárlagafrv. kemur frá nefndinni til 2. umr.; má nú vita, hver hugur fylgir máli hjá háttv. þm., en það mega þeir vita, að verði þetta frv. felt, þá neyðist nefnd-

in til að ráðast að því, sem mörgum mun enn viðkvæmara og lýtur að viðreisn og eflingu framleiðslunnar, en það eru hinar verklegu framkvæmdir. Atkvgr. um þetta mál verður því góður prófsteinn á sparnaðarhug og sparnaðareinlægni hv. þm.

Hvað viðvíkur till. um að vísa þessu máli til mentmn., er það að segja, að það er einungis grímuklædd banatilraun og hindrar það, að hægt verði að fá hreinar línur um þetta mál fyrir 2. umr. fjárlaganna.

Magnús Jónsson: Það er satt hjá hv. þm. Dala. (B. J.), að það er algengt, að nefndir beri fram mál um ýms efni, en að hitt sje ekki algengt, að máli sje vísað frá einni nefnd til annarar. En það er af því, að nefndir halda sjer í till. sínum venjulega innan sinna eigin vjebanda, en eru ekki að grauta í fjarskyldum málum. En ef þær gera það, þá er ekki nema rjett, að viðkomandi nefnd fái að líta á málið. Að minsta kosti hefði hv. fjvn. getað leitað umsagnar hv. mentmn., áður en frv. kom fram. En svo er ekki.

Það mætti æra óstöðugan að þrátta um það, hvor nefndin, mentmn. eða fjvn., hefir meira vit á mentamálum, en þess eins er að gæta, að það er hlutverk mentmn., en ekki fjvn., að fást við mentamálin, enda hefir fjvn. ærið nóg að starfa, þótt hún fáist ekki við þau, svo að þó að hana bresti ekki vitið, þá brestur hana tímann til að fást við þau. Er það og góð regla að leita álits viðkomandi nefndar, en það mun ekki hafa verið gert hjer.

Annars er það dálítið einkennilegt, að hv. fjvn.menn skuli vera sinn á hverju máli um tilgang frv. Hv. þm. Dala. ber það fram vegna mentamálanna, en hv. 2. þm. Húnv. sparnaðarins vegna, og nú lýsir hv. þm. Str. yfir því, að fjvn. hafi gert það í þeim tilgangi helst, að hún hafi viljað taka þátt í sparnaðarauglýsingunni. — Hún hafi ekki getað setið þar hjá.

Pjetur Þórðarson: Það var hv. þm. Str. (M. P.), sem kom mjer til þess að standa upp. Hann lagði aðaláhersluna á sparnaðinn, og það er þessi sparnaðarhugsun, sem í fljótu bragði hefir komið mjer í mesta vandann um það, hvernig jeg láti atkv. mitt falla.

En við nánari umhugsun sýndist mjer sem óheppilegt mundi að byrja hjer sparnaðinn og á þennan hátt, því að í raun og veru sparaðist hjer að eins í fjárlögum, en sá sparnaður vinst upp annarsstaðar á þjóðinni, þar sem frv. gerir ákveðið ráð fyrir því, að ekki verði slakað á fræðsluskyldunni. — Er hjer ólíku saman að jafna eða frestun á byggingu brúa, vita o. s. frv., en aftur á móti væri það hliðstætt, ef hv. fjvn. fjellist á það, að rjett mundi að brúa einhverja ána, en segði um leið, að það mætti ekki gera það á kostnað ríkissjóðs, heldur skyldu bændur bera þann kostnað sjálfir. Hjer er því í raun rjettri hvorki um frestun nje sparnað að ræða, heldur að eins það að knýja þjóðina til að bera þann kostnað, sem ríkissjóður bar áður; kostnað, sem á þennan hátt yrði síst minni og kæmi miklu misjafnar niður, og mundi koma harðast við þá, er síst skyldi. En þetta er óneitanlega dálítið einkennileg aðferð, því ástæðan til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs hlýtur að vera sú, að ekki dugi að íþyngja landsmönnum með gjöld til hans, en ekki sýnist það koma að neinu leyti ljettara niður, þó að gjaldið sje

tekið úr vasa þeirra svona, enda þótt það renni ekki í ríkissjóðinn.

Þessa greinargerð vil jeg láta fylgja mínu atkv., og hirði jeg eigi um það, hvort jeg verði talinn meiri eða minni sparnaðarmaður eftir en áður.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vildi leyfa mjer að beina einni fyrirspurn til hv. fjvn., áður en jeg greiði atkv. um frv. þetta, og hún er sú, að hve miklu leyti nefndin hefir hugsað sjer að hlaupa undir bagga með kaupstöðunum til barnaskólahalds.

Sje svo, að hv. nefnd sjái sjer ekki fært að leggja fram fje til barnaskóla í kaupstöðum, þá get jeg ekki fylgt frv., því að það er kaupstöðunum um megn að halda uppi skólunum af eigin ramleik, og öllum má ljóst vera, að án þeirra verður þar ekki af komist. En vel má vera, að þeir geti tekið meiri þátt í kostnaðinum en þeir hafa hingað til tekið. Annars skal jeg láta þess getið, að jeg er hlyntur því fræðslukerfi, sem hv. frsm. (B. J.) gat um, en í kaupstöðum getur það ekki átt við, og það fyrst og fremst af því, að þar eru engir til á heimilunum til þess að kenna börnunum. Konurnar hafa nóg að starfa innanhúss og mennirnir eru oft á sjó úti heila mánuðina. Í sveitunum er þessu aftur á móti á alt annan veg farið, og þar hygg jeg, að fræðslunni sje eins vel borgið hjá heimilunum sem skólunum.

Þessu vil jeg beina til hv. fjvn., svo að hún viti mína afstöðu til málsins.

Magnús Pjetursson: Út af fyrirspurn hv. þm. Ísaf. (J. A. J.), þá skal jeg skýra frá því, að hv. fjvn. hefir ekki tekið aðra ákvörðun um þetta efni en þá, að veita allháa upphæð til kaupstaða- og kauptúnaskóla, en hefir enn ekki tekið ákvörðun um það, hve há hún skuli verða.

Forsætisráðherra (S. E.): Jeg benti á það í ræðu minni seinast, að eftir frv. þessu og ástæðunum fyrir því að dæma, gæti alls ekki verið þar um neinn sparnað að ræða. Síðan hafa komið fram raddir meðal flm. frv., sem benda í þá átt, að ekki beri að lesa ástæðurnar eins og þær eru orðaðar. Frv. verður ekki skilið öðruvísi en að ekki sje meining þess, að fje verði lagt fram úr ríkissjóði til barnaskóla í kaupstöðum. En nú vilja sumir flm., að þetta sje gert í kaupstöðum og kauptúnum, en ekki í sveitunum. Mjer skilst nú, að erfitt muni vera að gera þannig upp á milli sveita og kauptúna. Þess verður yfirleitt ekki dulist, hver ringulreið er á allri framsögu þessa frv. Kemur hún ljósast fram í því, að frsm. (B. J.) leggur ástæður frv. til grundvallar, en hinir flm. frv. alt aðrar ástæður.

Magnús Kristjánsson: Jeg hefi áður látið mjer þau orð um munn fara, að frv. þetta sje andvana í heiminn borið, og jeg hefi styrkst í þeirri trú við þær umr., sem fram hafa farið um það. Það er ekki ætlun mín að fara nú að ræða um fræðslumálafyrirkomulagið yfirleitt, enda hefir það nú verið gert allítarlega. En mjer hefir dottið í hug, að ekki mundi vera úr vegi að reyna að gera sjer grein fyrir því, hvernig þetta mundi verða í framkvæmdinni, ef það yrði að lögum.

Jeg lít svo á, að óviðeigandi sje að koma með slíkt mál sem þetta nú, þar sem vitanlegt er, að Alþingi hefir þegar gert ráðstafanir til þess, að þetta mál verði rannsakað til hlítar. Þar sem þeirri rannsókn er enn þá ekki að fullu

lokið, getur ekki komið til nokkurra mála, að hv. þm. geti greitt þessu frv. atkvæði sitt, eins og það nú liggur fyrir. Slíkt væri að móðga bæði þing og stjórn, og svo þá menn, sem falið hefir verið að rannsaka, hvort ástæða sje til að breyta núverandi fræðslufyrirkomulagi. Jeg tel því sjálfsagt að víkja þessu frv. þegar til hliðar, og verður þá sú leiðin best að samþ. þá dagskrá, sem nú liggur hjer fyrir.

Það hefir þegar verið gerð grein fyrir því, að þetta sje að eins skollaleikur, því hjer geti ekki verið um neinn sparnað að ræða. Það er ekki einu sinni að ræða hjer um sparnað á pappírnum, hvað þá í reyndinni. Það er auðsjáanlegt, að ef þetta frv. verður samþykt, þá koma þessi útgjöld, sem menn látast hjer ætla að spara ríkissjóðnum, mjög þungt niður á sveitar- og bæjarfjelögum landsins. —

Hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) gat þess í ræðu sinni, að hjer væri að ræða um sparnað, sem næmi ¼ milj. kr. Jeg hafði þá í bili ekki athugað þetta svo nákvæmlega, að jeg vildi mótmæla því þegar í stað, en heldur ljet það undarlega í eyrum mínum. Enda sje jeg nú, við nánari athugun, að þessi áætlun er algerlega í lausu lofti bygð. — Þessi hv. þm. (Þór. J.) sagði, að litlu munaði í sveitunum, þótt þessu væri breytt þannig, því þær hefðu lítils notið af því fje, sem veitt hefir verið til barnafræðslunnar. Sje þetta rjett hjá hv. þm. (Þór. J.), þá hlyti þetta að koma þyngst niður á kaupstöðunum.

Ýmislegt fleira mælir fastlega á móti því, að frv. þetta nái fram að ganga. Það mundi meðal annars koma mjög hart niður á fjölda manna, sem með ærnum kostnaði hafa gert barnakenslu að lífsstarfi sínu. Hefir ríkið einmitt með löggjöfinni ýtt undir þessa menn að búa sig undir starfann. Virðist því heldur ósanngjarnt að kippa nú að sjer hendinni og draga úr því, að þessir menn hafi not af þeirri fyrirhöfn og fje, sem þeir hafa varið til þessa. Kemur þetta og heldur í bága við þá stefnu, sem nú hefir ríkt, að landið leggi fram fje til kennaraskólans, til að efla hann og bæta. Það er því mjög undarlegt, að samtímis skuli slíkt frv. sem þetta koma fram hjer á þingi.

Það er gert ráð fyrir því í athugasemdunum við frv., að ef þetta nái fram að ganga, þá skuli því fje, sem sparast, varið til aukinnar unglingafræðslu. Það má deila um það, hvort eigi að sitja í fyrirrúmi, ef ríkið hefir ekki efni á hvorutveggja, að styrkja unglingaskólana á kostnað barnaskólanna. Jeg vil álíta, að það beri fyrst og fremst að sjá um, að barnaskólarnir sjeu reknir með alúð og dugnaði. Það verður hjer sem oftar áríðandi, „að undirstaðan sje rjett fundin“, og auk þess er það vitanlegt, að mikill fjöldi þjóðarinnar verður að láta sjer nægja þessa undirstöðu, sem menn hljóta í barnaskólunum. Á síðustu tímum hefir því verið að því stefnt, að fræðslan á þessu aldursstigi yrði sem allra best. Það er líka auðsætt, að hægara verður fyrir þá menn, sem komnir eru á þroskastig, að afla sjer framhaldsfræðslu heldur en fyrir fátæka heimilisfeður að sjá börnum sínum fyrir þeirri fræðslu, sem til er ætlast samkvæmt þessu frv. — Fjöldi heimila hjer á landi eru svo stödd, að þau eiga engar leiðir til þessa nema þær, sem opnaðar voru með lögum þeim, sem nú er verið að hugsa um að gera að engu.

Af þessum ástæðum, sem jeg nú hefi komið fram með, get jeg ekki fallist á þetta frv., og er sama, af hve mikilli mælsku það er varið. Jeg vona fast-

lega, að það fari ekki í gegn um þessa hv. deild, þó vera kynni að það lifði af þessa umr. Jeg vil þó leggja mitt atkv. til þess, að það fái ekki að fara lengra.

Þorsteinn Jónsson: Jeg leyfi mjer að koma fram með svohljóðandi rökstudda dagskrá:

Með því, að frv. um fræðslu barna er nú til athugunar í mentamálanefnd, og með því þingið hefir ekki tekið afstöðu til till. þeirra, er fram hafa komið um alt fræðslukerfi landsins frá milliþinganefndinni, er skipuð var til rannsóknar mentamálanna, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) feld með 17 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., Ing. B., M. J., M. K., P. Þ., St. St., Sv. Ó.
nei: Þór. J., B. J., B. H., Gunn. S., Jak. M., J. A. J., J. B., J. S., J. Þ., M. G., M. P., P. O., S. St., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv.

Þrír þm. (E. E., E. Þ. og Ó. P.) fjarstaddir.

Rökstudda dagskráin frá 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) feld með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. Þ., M. J., M. K., P. Þ., St. St., Þorst. J., Gunn. S., Ing. B., J. B., B. Sv.
nei: M. G., M. P., P. O., S. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þór. J., B. J., B. H., H. K., Jak. M., J. A. J., J. S.

Þrír þm. (E. E., E. Þ. og Ó. P.) fjarstaddir.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. P., P. O., S. St., Þorl. G., Þorl. J., Þór. J., B. J., B. H., Jak. M., J. A. J., J. S., M. G., B. Sv.
nei: P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Gunn. S., H. K., Ing. B., J. B., J. Þ., M. J., M. K.

Þrír þm. (E. E., E. Þ. og Ó. P.) fjarstaddir.

Till. um að vísa málinu til mentamálanefndar feld með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. Þ., St. St., Þorst. J., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. B., J. Þ., M. J., M. K.
nei: P. O., S. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þór. J., B. J., B. H., J. A. J., J. S., M. G., M. P., B. Sv.

Fjórir þm. (E. E., E. Þ., Ing. B. og Ó. P.) fjarstaddir.

Á 22. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 58, 88, 97, 105).

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg gat þess í framsögu þessa máls, að nefndin lítur á það sem höfuðatriði þessa frv. að breyta fræðslukerfi landsins. Vitanlega duldist henni eigi, að hún gat það ekki af fullveldi sínu, þar sem svo

eru margir fróðir menn hjer á þingbekkjum, en hún vildi hreyfa málinu, og helst fá fram þessa frestun á framkvæmd núgildandi fræðslulaga. Vakti það fyrir henni, að frestunin gæti verið fram yfir næstu kosningar, og gæti þá nýtt þing tekið ákvörðun um málið og ráðið fram úr því, hvort kerfið skyldi hafa. Eru þá annars vegar sömu kröfur og nú til staðfestingar, en ekki nema hálfur kostnaður á við það, sem nú er, og þó aukið mikilli fræðslu ofan við í unglingaskólum. Hins vegar yrði það kerfi, sem nú er, breytt eða óbreytt, með einhverri viðbót eða án. Þess vegna ber nefndin fram brtt. við 1. gr. á þskj. 97, í þá átt, að þessi frestur sje settur til fardaga 1924. Þessi frestur ætti að vera nægur til þess, að landsmenn vöknuðu og athuguðu málið og gæfu hinum nýkjörnu fulltrúum til Alþingis 1924, hverjir sem þeir verða, eitthvert veganesti. Því að efalaust mundi málið þá rætt á þingmálafundum og frambjóðendur verða að láta uppi skoðun sína á því.

Um 2. gr. vil jeg geta þess, að það væri nóg hegning á þann, sem vanrækti fræðslu barns síns, ef prestur neitar að staðfesta barnið. Til sektar á þá fyrst að koma, er maðurinn þverskallast og vill ekki láta staðfesta barnið, og ætlar þannig að skjóta sjer undan fræðsluskyldunni.

Jeg heyrði útundan mjer við 1. umr., að mönnum þótti sektin há. Það er hún nú ekki, því að sektin má þó ekki vera minni en sem svarar þeim kostnaði, er flyti af uppfræðingu barnsins. Annars væri hagur fyrir þrjótinn að greiða sektina.

Í sambandi við 3. gr. vil jeg geta þess, að nefndin telur eins rjett, og jafnvel fult eins gott, fyrir prestinn að stefna börnunum saman á hentuga stað síðari hluta vetrar og sjá, hvernig kent hefir verið, í stað reglulegrar húsvitjunar.

Við 5. gr. ber nefndin fram vatill., vegna þess, sem hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) benti á við 1. umr. Virtist nefndinni rjett að gefa fjölmennum kaupstöðum og kauptúnum heimild til þess að fyrirskipa skólaskyldu með reglugerð. Þetta slær þá varnagla við því, sem hv. þm. (J. Þ.) var hræddur við.

Jeg býst nú við, að þetta mál sje orðið svo þrautrætt, að ekki þurfi að fjölyrða um það. Þó get jeg ekki stilt mig um að benda á það, að ummæli hafa þegar komið fram um þetta mál, sem vel má veita athygli. Þar á meðal grein í „Vísi“ eftir prófastinn síra Ólaf Ólafsson frá Hjarðarholti. Hann var búinn að vera prestur lengi áður en fræðslulögin voru sett, og hafði því tækifæri til að bera saman. Skoðanir hans koma heim við skoðanir fjvn., svo að ekki er vist, að nefndin sje eins fylgissnauð í landinu og hv. andstæðingar hennar halda. Prófastur þessi, sem jeg nefndi, hefir sjálfur fengist mikið við kenslu, eins og kunnugt er, en auk þess veit jeg til þess, að annar prestur, sem líka er talinn ágætur fræðari, hefir ritað grein, sem nú mun vera í prentun, og fer hún í sömu átt.

Jeg vil nú fela hv. deild þetta frv., og vona, að hún samþykki það. Ef hún ber gæfu til þess, tel jeg vel farið.

Um. brtt. hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) er það að segja, að þær eru alveg nýtt frv., á alt öðrum grundvelli, og getur fjvn. ekki mælt með þeim. Sumt í þeim er, meira að segja, þess eðlis, sem nefndin vildi helst varast.

Magnús Guðmundsson: Jeg sje það af síðustu orðum hv. frsm. (B. J.), að jeg hefi misskilið meiri hl. fjvn., ef hún

legst mjög móti þessum brtt., sem jeg hefi leyft mjer að bera fram á þskj. 88. Að vísu var nú nokkur tvískinnungur í nefndinni við 1. umr., en þó virtist mjer aðallega vaka fyrir mönnum að spara. Nefndarmenn eru sammála um niðurstöðuna, en ósamþykkir um forsendurnar. Hv. frsm. (B. J.) fylgir frv. vegna þess, að hann vill breytingu á fræðslukerfinu, en aðrir nefndarmenn virtust mjer leggja mesta áherslu á að firra ríkissjóð gjöldum í bili, eða fyrst um sinn.

Fyrir þessar sakir hefi jeg ráðist í að bera fram gagngerðar brtt. við frv., til þess að reyna að beina málinu inn á þá braut, sem jeg hygg, að hafi vakað fyrir sumum hv. flm. Og jeg trúi ekki fyr en jeg hefi tekið á, að jeg hafi misskilið þá svo mjög, sem halda mætti af orðum hv. frsm. (B. J.).

Eins og hv. þm. hafa veitt eftirtekt, þá er efni þessara brtt., að aldurshækkun og dýrtíðaruppbót barnakennara greiðist af sömu aðiljum og í sömu hlutföllum og föstu launin, í stað þess, að nú greiðist þetta hvorttveggja að öllu úr ríkissjóði. Þessi regla virðist mjer í alla staði sanngjörn og hygg jeg, að vandfundin verði rjettmæt ástæða fyrir því að láta ríkissjóðinn greiða uppbót á laun, sem viðurkent er, að aðrir eigi að greiða.

Á Alþingi 1919 kom jeg með brtt. í sömu átt og þessar, en þær voru feldar vegna þess, að kaupstaðir, kauptún og sveitir þyldu ekki þessa byrði, en auðvitað átti hið breiða bak ríkissjóðs að þola þetta, eins og alt annað, sem Alþingi 1919 dembdi á ríkissjóðinn, svo að segja fyrirhyggju- og athugunarlaust. En nú er fróðlegt að sjá, hvort hv. þdm. vilja halda áfram á sömu braut, og hvort þeir halda, að bak ríkissjóðs þoli, að af því sjeu ristar jafnbreiðar lengjur og hjer er um að ræða. Þingið 1919 fór í ýmsu inn á nýjar brautir og raskaði þeirri verkskiftingu, sem verið hafði milli ríkissjóðs, sýslusjóða og sveitarsjóða. Jeg reyndi að aftra því þá, en árangurslaust.

Ef þessar till. mínar verða samþ., þá telst mjer svo til, að sparist 150 þús. kr. af ríkissjóðsfje, ef reiknuð er sama uppbótarhæð, 80% af öllum launum, og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Þetta er miðað við sama skólahald og nú er. Ef það minkar, vex sparnaðurinn. Til þess opnar till. á þskj. 105 leiðir, ef samþykt verður, en það var líka í frv. því um breytingar á núverandi fræðslulögum, sem stjórnin lagði fyrir þingið, en það frv. hefir ekki verið rætt hjer enn. Það verð jeg að játa, að talsvert af þessu fje verður að koma annarsstaðar að; en svo er einnig um annan sparnað. Þótt embætti sjeu lögð niður, verða þeir, sem gegndu þeim, að lifa eftir sem áður, og fá þá fje til þess annarsstaðar en úr ríkissjóði. Þetta er því engin ástæða gegn brtt. minum.

Í þessum brtt. er ekkert, er rýrir kjör kennaranna, annað en það, að jeg legg til, að uppbót verði ekki greidd á aldurshækkunina, en ef það skyldi valda ágreiningi, vona jeg, að hæstv. forseti sjái sjer fært að bera það upp sjerstaklega, svo að það þurfi ekki að verða hinum till. að falli. Annars verð jeg að taka það fram, að t. d. kennari við barnaskólann hjer, getur með rúml. 7 mánaða vinnutíma komist upp í 5750 kr. árslaun eftir gildandi reglum og 100% uppbót. Í fyrra, þegar uppbótin var hærri, komust launin hátt á 7. þús. kr. Þetta hygg jeg, að flestum þyki ríflega borgað, t. d. einhleypum stúlkum, þegar þær hafa frí nærri hálft árið. Ráðherralaun þola ekki samanburð, enda fylgir þeim ekki önnur uppbót en

riflega úti látnar skammir. Jeg vona því, að jeg þyki ekki of nærgöngull við kennarana með þessari brtt.

Landssjóðshluti af launum barnakennara er nú nálægt því, sem hjer segir:

1. Kennarar við kaupstaðaskóla ca. 40000,00 kr.
2. Kennarar við fasta barnaskóla, utan kaupstaða, ca. 52000,00 kr.
3. Aldurshækkun þeirra (ef brtt. minar verða samþ.), ca. 10000,00 kr.

Þetta verða alls ca. 102000,00 kr.; þar við bætist 80% uppbót á tvo fyrstu liðina, 73600,00 kr.; þá geri jeg ráð fyrir 80 farkennurum og 300 kr. til hvers að meðaltali, 24000,00 kr. — Þetta verða þá alls 199600,00 kr., sem ætti að verða því sem næst framlag ríkissjóðs til barnakenslunnar, ef minar till. verða samþ., í stað 350 þús. kr., sem áætlað er í fjárlagafrv. Munurinn er því ca. 150 þús. kr., eins og jeg gat um. Þessi breyting kemur vitanlega langþyngst niður á kaupstöðunum, en þar næst á kauptúnum og skólahjeruðum, sem hafa heimangönguskóla, en ljettast á sveitunum, sem farkenslu hafa. Fyrir Reykjavík eina munar þetta um nærri 50 þús. kr., og hina kaupstaðina frá 1 þús. til 10 þús. kr., eftir kennarafjölda, en fyrir sveit, sem hefir farkennara, munar þetta ekki meira en 150 kr. að meðaltali, en fyrir aðra barnaskóla ca. 800 kr. á ári fyrir kennara hvern. Nú geri jeg ráð fyrir, að farskólum fækki til muna, enda er beinlínis gefið undir fótinn með það í fræðslulagafrv. því, sem hin fráfarandi stjórn lagði fyrir þetta þing og sennilegt virðist að nái fram að ganga.

Jeg veit vel, að till. minar leggja talsvert þungar byrðar á kaupstaðina, en mjer finst að ekki sje órjettlátt að skifta launabyrðinni milli ríkissjóðs og hlutaðeigandi sveita eða bæja, en jeg hefi ekki fundið aðra skiftingu sanngjarnari en þá, sem till. minar gera ráð fyrir.

Jeg tók það fram strax 1919, að lög þessi væru hvatvíslega sett, sjerstaklega að því leyti, að bæir og sveitir áttu að geta ráðið kennarafjölda og kenslutíma, en ríkissjóður að borga brúsann að mestu. Í þetta hlaut að koma afturkippur, en allra hluta vegna vil jeg gera þann afturkipp sem hóflegastan. Það mun öllum vera fyrir bestu.

Ingólfur Bjarnarson: Jeg á hjer brtt. á þskj. 105. og vildi jeg með fáum orðum skýra hana, og þá um leið skoðun mína á málinu yfirleitt.

Frv. eins og það upphaflega kom fram gat jeg ekki verið fylgjandi, og greiddi atkv. gegn því við 1. umr. hjer í deildinni. Fanst mjer grundvöllur sá, er það bygðist á, ófær, sjerstaklaga að því leyti, að þar með var í raun rjettri kaupstöðum og þorpum gert ómögulegt að halda uppi barnaskólum hjá sjer á svipuðum grundvelli og verið hefir, þó hins vegar væri gert ráð fyrir því í ástæðum frv., að svo mundi verða. Hefir þetta atriði verið greinilega skýrt af hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), svo eigi þýðir að endurtaka það. Að öðru leyti virðist og dálitið óljóst, hvort frv. stefnir einkum að því að spara útgjöld ríkissjóðs eða hinu, að breyta fyrirkomulagi fræðslumálanna gagngert. Virðist mjer, eftir því sem fram hefir komið, að hvorttveggja þetta hafi vakað fyrir háttv. flm. frv. Treysti jeg mjer ekki til að styðja þá stefnu, er jeg nefndi síðar, eins og hún kemur fram. Álít, að hún sje of róttæk til þess, að fyrirvaralaust og undirbúningslaust megi skella henni á. Brtt. þær, sem fyrir liggja frá hv. fjvn., játa jeg að vísu, að sjeu til mikilla bóta, en þó ekki fullnægjandi.

Þá liggur hjer fyrir brtt. frá hv. 1. þm.

Skagf. (M. G.), sem er í rauninni gagngerð breyting á frv. Hefir hún verið rækilega skýrð af hv. flm. till. (M. G.). Með henni eru barnafræðslulögin látin óbreytt, en kostnaðurinn af barnafræðslunni að nokkru leyti færður af ríkissjóði á sveitarsjóðina.

Er þetta fyrst og fremst ákveðin sparnaðartilraun fyrir ríkissjóð, og lít jeg svo á, að eins og ástandið er nú á þessum sviðum, sje þörfin afarbrýn, að leitað sje eftir sem flestum leiðum. sem miði í þá átt, og eru víst flestir sammála um það. Og fyrir mitt leyti get jeg fallist á, að ekki sje ósanngjarnt að færa nokkuð af kostnaðinum við barnafræðsluna yfir á sveitarfjelögin, frekar en nú er, en þó að eins með því skilyrði, að ekki sjeu eins bundnar hendur fræðsluhjeraðanna um það og nú er, á hvern hátt þær sjá börnunum fyrir fræðslu, og því hefi jeg leyft mjer að koma með brtt. í þá átt, að þeim sveitarfjelögum eða skólahjeruðum sje heimiluð undanþága frá skólahaldi, sem geta sjeð börnunum fyrir fullnægjandi fræðslu á annan hátt. Skal jeg taka fram, að þar sem máske kynni að orka tvímælis, hvað meint væri með fullnægjandi fræðslu, er þar vitanlega miðað við fullnæging þeirra krafna, sem fræðslulögin ákveða. Tillagan er miðuð við þekking mína á ástandinu víða í sveitum. Er töluverð óánægja með fyrirkomulag fræðslumálanna. Kenslan kostar sveitarsjóðina ærið fje. En lágmarkskenslutíminn er í mörgum tilfellum ónógur til þess að börnin öðlist þá fræðslu, sem lögmælt er. En hinsvegar bryddir mjög alment á þeirri skoðun heimilanna, að með skólagöngunni sje ljett af þeim ábyrgðinni af kenslu barnanna, — henni varpað að mestu, ef ekki öllu, á þessa skóla, og er auðsjeð, hve affarasælt það muni vera. — Hjer er opnaður vegur til þess að reyna, hvort í mörgum fræðsluhjeruðum mætti eigi takast að örva svo og styðja heimilisfræðsluna, að hún gæti tekið að sjer hlutverk farskóla þeirra, sem nú eru, og þó að jeg viti vel, að við ýmsa örðugleika er að stríða, svo sem fólksfæð heimilanna o. m. fl., þá hefi jeg fulla trú á, að víða geti þetta fyrirkomulag fullkomlega komist til jafns við fræðslu þá, er fæst með núverandi skólahaldi, og vil enda vona, að það geti reynst vísir til þess, að heimilisfræðslan nái í framtíðinni meiri framgangi og festu hjá þjóðinni en nú er, svo hægt yrði að byggja barnafræðsluna á henni að meira eða minna leyti. Vona jeg, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja brtt. á þskj. 105 og fallist á, að engin hætta stafi af henni.

Forsætisráðherra (S. E.): Jeg læt mjer nægja að mestu að vísa til þess, sem jeg sagði við 1. umr. þessa máls. Jeg vil leyfa mjer að taka fram, að síðastliðið ár var lagt úr ríkissjóði til kennara við fastaskóla í kaupstöðum 223000 kr., til kennara við fasta skóla í kauptúnum 231000 kr. og til farkennara 49300 kr. — Jeg var spurður um, hverjar þessar upphæðir væru við síðustu umr., en hafði þær þá ekki á takteinum, og nefni jeg þær því nú.

Jeg fæ nú ekki betur sjeð en að fyrir hv. þm. Dala. (B. J.) vaki algerð breyting á fræðslukerfinu, en mjer sýnist, að fljótfærnislegt sje að breyta svo lítt íhugað um fræðslukerfi, og þessi breyting er jeg viss um, að mundi draga úr menningu hinnar íslensku þjóðar. Menn eru að vitna til ágætrar heimafræðslu áður, en það eru eingöngu hillingar, sem skáldhneigðir menn sjá fortíðina í. Það er víst, að það er betur sjeð fyrir fræðslunni nú en áður var. Hitt

er annað mál, að vel má vera, að einstakir skólar sjeu ekki svo góðir sem skyldi, en þá er að bæta þá.

Það ætti öllum að vera vitanlegt, bæði að ótal heimili eru því ekki vaxin að sjá fyrir menningu barnanna, og þau heimili, sem ráða yfir svo mikilli þekkingu, að þau sjeu fær um að fræða börnin, hafa svo litlum vinnukrafti á að skipa, að þau hafa ekki tíma til að annast heimilisfræðsluna.

Brtt. hv. fjvn. á þskj. 97 sýnir það best, að alt er enn í lausu lofti hjá þessari hv. nefnd. Sumstaðar á að vera skólaskylda og sumstaðar ekki o. s. frv. Brtt. á þskj. 88, frá hv. 1. þm. Skagf. (M. G.), haggar aftur á móti ekki við fræðslukerfinu, heldur snýst eingöngu um það fjárhagslega, og heyrir það atriði aðallega undir hæstv. fjrh. En það eitt er auðsætt, að yrði þessi brtt. samþykt, þá mundi hún þó spilla alþýðufræðslunni, því að bestu kenslukraftarnir mundu falla frá, ef launin væru of lítil. — Eigi að breyta þessu 15 ára gamla kerfi, þá á ekki að gera það snögglega, heldur vísa málinu til stjórnarinnar, svo að það fái rækilegan undirbúning, en sá hringlandaháttur má aldrei verða, að verið sje að breyta fræðslukerfinu á hverju þingi. Það er þjóðinni stórhættulegt.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg skal ekki þreyta hv. þm. lengi. En þess vil jeg láta getið, að jeg mun ekki og kom ekki til hugar að koma fram með þær mótbárur, sem hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) var að búast við, að brtt. hans sættu.

Fjvn. lætur brtt. hans afskiftalausar, því að þær koma hennar frv. ekkert við, heldur eru annað frv., sem koma ekkert nálægt því, sem er höfuðatriði hjá nefndinni, frestuninni, svo að unt verði fyrir þjóðina að átta sig á málinu til næstu kosninga og ráða því, hvort þetta kerfi, sem nú er, á að ríkja áfram eða ekki.

Allir nefndarmenn eru á því að skifta ætti um kerfi. Hefi jeg nú látið prenta framsöguræðu mína, svo að menn geti ekki lengur efast um það, að jeg hafi talað í fullu umboði nefndarinnar. — Annars undrar mig það, að menn skuli hafa leyft sjer að tala um tviskinnung hjá nefndinni. Hún hefir altaf verið á einu máli. Annars er enginn harmagrátur hjá nefndinni yfir því, þó að alþýðumentunin yrði eigi bygð á neinum sjerstökum lögum, enda er heldur ekki nú um neina menning að ræða. — Menn eru ver mentir nú en var áður; lögin hafa verið menningarspillir, sökum þess, að kerfið er skakt. Kennararnir hafa verið bestu menn, en þeim hefir verið það ómáttigt að troða í börnin á þessum aldri, með 6—8 vikna kenslu, því, sem lögin heimta.

Ekkert þýðir að vísa þessu máli til stjórnarinnar, því að hún hefir ekkert vit á því. Hæstv. forsrh. (S. E.) sagðist raunar hafa meira vit á þessu en þm. Dala., en þm. Dala. getur tekið hann á knje sjer og kent honum að minsta kosti það, að hann beri ekkert skynbragð á þetta mál.

Þorsteinn Jónsson: Hv. þm. þurfa ekki að vera lengur í vafa um „prógram"-mál við næstu kosningar. Háttv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að tilgangurinn með frv. væri sá, að þjóðin berðist um það við næstu kosningar, hvora stefnuna hún kysi heldur. Hann hefir einnig margtekið það fram, að þessi mál sjeu órannsökuð, svo að þjóðin verði að kynna sjer þau.

Við 1. umr. sýndi jeg fram á, hvað mikill hefði verið undirbúningur fræðslulaganna frá 1907. Og milliþinga-

nefndin, sem hefir starfað undanfarandi ár, hefir sent út fyrirspurnir til allra þeirra manna, er fást við kenslu í landinu, og til allra skólanefnda. Hafa þær fyrirspurnir verið um álit á skólaskyldu og hvaða fyrirkomulag menn kysu helst. Þessum fyrirspurnum var svarað af 210 mönnum. Skólaskyldu á bernskualdri álitu allir rjettmæta, nema einir 4. Annars má sjá það á svörunum, að nær því allir vilja byggja á því fyrirkomulagi, sem er, en margir vilja auka kennaramentun, breyta kosningu skólanefnda og leggja meiri rækt við að bæta barnaskólana en áður hefir verið gert.

Jeg álít, að miklu meira sje að byggja á skoðun og umsögn þessara manna en á fundum, sem haldnir eru rjett fyrir kosningar, þar sem þingmannaefnin oft reyna að æsa menn upp og hafa áhrif á skoðanir þeirra. Auk þess er venjulega ekki nema lítill þorri kjósenda á slíkum fundum, og ekki ávalt þeir, sem mest skyn bera á þessi mál. Jeg trúi því tæplega, að háttv. þm. Dala. (B. J.) haldi því fram í alvöru, að skera eigi úr þessum málum á kosningafundum. Jeg hygg, að til þess þurfi rólegar rannsóknir þeirra manna, sem bestar ástæður og föng hafa til þess. Mjer finst það vera móðgun við þjóðfjelagið, ef þingið fer nú að hringla með þetta mál, eftir að þjóðin hefir látið í ljós álit sitt í margvíslegum svörum, sem millilinganefndinni hafa borist.

Það mætti nú margt segja um hinar einstöku greinar þessa frv., sem hjer ræðir um, en jeg skal þó ekki fara mikið út í þá sálma, því að frv. er alt svo lítt hugsað, að jeg veit, að hv. þm. Dala. (B. J.) sjer það sjálfur, að á því sjeu svo miklar glompur, að það sje ógerningur fyrir þingið að samþykkja það eins og það er úr garði gert, þótt þingið annars vildi ganga inn á stefnu þá, sem í því felst.

Það hefir verið svo hingað til, að kennararnir hafa verið settir í stöðurnar af stjórnarráðinu. En í þessu frv. er ekkert tekið fram um það, hvort veitingar- eða setningarvaldið á að vera hjá stjórnarráðinu eða ekki. Mjer hefir að vísu skilist á hv. þm. Dala. (B. J.) í „privat"-samtali, að það ætti að vera áfram hjá stjórnarráðinu, en um slíkt getur ekki í frv. Annað atriði er um lífeyrissjóð barnakennara. Ef þeim lögum, sem nú eru um barnafræðslu og laun og skipun barnakennara yrði frestað, þá er ekkert vit að halda lögunum um lífeyrissjóð barnakennara. Það er engin meining í því, að þeir peningar, sem kennararnir hafa látið í þann sjóð, sjeu látnir vera þar kyrrir, eftir að þeir hafa verið flæmdir úr stöðunum, heldur á að greiða þeim þá aftur.

Ein af höfuðröksemdum háttv. þm. Dala. (B J.) var það, að 2 prestar væru á skoðun fjvn. í þessu máli. Jeg álít nú ekki mikinn stuðning í þessu. Tveir prestar eru á sömu skoðun og háttv. fjvn., en allir aðrir menn, sem best hafa vit á þessum málum, eru móti nefndinni; hvorir munu betur vita? Ef prestar þessa lands ættu að taka að sjer umsjón með barnafræðslunni, þá yrði að minsta kosti að fjölga þeim um helming. Það sjer hver heilvita maður, að þegar prestaköllin eru svo stór og umfangsmikil og þau eru nú, þá er engin von til þess, að prestarnir geti sint hinu nýja starfi, svo í lagi sje, nema þeim verði fjölgað um helming eða meira. Þá fyrst væri hægt að gera sjer von um einhvern árangur af fræðslustarfi þeirra í sveitum, en annars væri það ógerningur.

Sú var tíðin, að prestum var falið

að sjá um og líta eftir, að börn í sóknum þeirra væru vel læs og skrifandi. Það mun hafa verið eftir lögum frá 1880. En nú vil jeg spyrja: Þekkir nokkur hv. þm. dæmi þess, að prestur hafi vísað barni frá fermingu, þó að það væri lítt lesandi og illa skrifandi, ef það kunni einföldustu undirstöðuatriði kristinna fræða, sem heimtuð eru til fermingar? Jeg held við þekkjum varla dæmi til þess.

Hv. þm. Dala. (B. J.) tók það fram, að núverandi barnafræðslufyrirkomulag væri stór menningarspillir, vegna þess, að kennararnir gætu ekki troðið inn í börnin á þessum stutta tíma öllu því, sem heimtað væri í fræðslulögunum. Mjer þykir nú þessi hv. þm. (B. J.) hafa ærið kynlegar hugmyndir um barnafræðslu, ef hann álítur það aðalmarkmið hennar að „troða" sem mestu inn í börnin. Á þeim grundvelli get jeg ekki rökrætt við hann. Jeg er þeirrar skoðunar, að ekki sje hægt að búast við því, að börnin taki við miklum fróðleik á þessum aldri, heldur sje þetta undirstöðu- og undirbúningskensla til að læra meira. Nú vil jeg spyrja hv. þm. Dala. (B. J.), og þá aðra, sem halda því fram, að menningarástandið hafi verið betra á undan fræðslulögunum, á hverju þetta sje bygt. Hvort það hafi verið fleiri skrifandi áður en nú, eða betur skrifandi. Jeg hygg, að því geti enginn svarað játandi, hvort sem hann byggir á skýrslum eða tali gamalla manna. Við höfum einhverjir heyrt mæður okkar og ömmur tala um það, að þær hafi ekki átt kost á að læra að skrifa sæmilega, og hafa þær harmað það í elli sinni. En nú heyrum við engar slíkar umkvartanir, og þegar börn vor eru orðin 8—10 ára, eru þau farin að geta skrifað okkur brjef.

Þá er önnur spurning: Voru menn betur lesandi fyr en nú? Jeg skal í því sambandi geta þess, að það er einn skóli, sem hefir lagst niður, sem sje sá, að lesið var upphátt í sveitunum á kvöldvökunum. En það er ekki barnaskólunum að kenna, að hann hefir lagst niður. Jeg tel það mjög miður farið, að þessi gamli, góði siður skuli hafa lagst niður, og ef slíkt væri barnaskólunum að kenna, þá væri þeirra sök ekki lítil. En því er ekki til að dreifa. Aðalorsökin til þess er sú, að nú er mikið fólksfærra í sveitunum en áður, og baðstofuvinna, sem áður var mikil á kvöldvökunum í sveitum, er nú að mestu lögð niður. Þarna var óneitanlega góður skóli, og því var það, að svo margir voru vel lesandi í gamla daga. En þegar nú þessi siður er niður lagður, og þar á ofan ætti svo að leggja barnaskólana niður, þá er jeg vondaufur um, að menn verði eins vel lesandi og áður. Það er næsta undarlegt, að margir hv. þm. skuli halda, að barnaskólarnir losi heimilin undan allri fræðsluskyldu. En það hvílir jafnmikil skylda á heimilunum eftir sem áður; skólarnir eru þeim að eins til hjálpar. Mjer er líka kunnugt um það, að það er álitið víða í sveitum, að skólafræðslan hafi aukið heimilisfræðsluna.

Jeg hefi nú sýnt, að fræðslan hefir síst verið betri í þessum tveimur námsgreinum, sem jeg hefi nú minst á; en þá er að líta á hinar aðrar námsgreinar. En um þær er það að segja, að í þeim áttu börn áður fyr engan kost á að fá nokkra fræðslu, nema þá á einstaka heimilum, svo sem hjá prestum og öðrum mentamönnum. Svo um það þarf alls ekki að ræða.

Þá skal jeg snúa mjer að hv. 1. þm. Skagf. (M. G.). Um hann má segja, að hann sje sjálfum sjer samkvæmur, því að hann hjelt sömu skoðun fram 1919

og nú. Eftir brtt. hans er um enga stefnubreytingu í fræðslumálunum að ræða, og er hann að því leyti ólíkur fjvn. Till. hans ganga mest út á að draga úr gjaldskyldu rikissjóðs til barnafræðslunnar og koma henni á sveitar- og bæjarsjóði. Það mætti nú ef til vill segja, að sama væri, úr hvorum sjóðnum tekið væri, því að sömu mennirnir borga í þá; en svo er þó ekki. Þegar almenn skólaskylda er, þá borga hinir efnuðu meira til fræðslunnar en þeir fátæku, því að þeir gjalda meira til hins opinbera. Þegar svo landssjóðsstyrkurinn skiftist milli fræðsluhjeraðanna, kemur hann hinum illa stæðu og fátæku hjeruðum að meira gagni en hinum efnaðri; ljettir meira undir með þeim. Jeg tók fram við 1. umr. þessa máls þá hlið, sem að fátæklingum snýr, og get tekið það fram enn, að þegar allri skólaskyldu er ljett af, þá geta hinir efnaðri menn látið kenna börnum sinum, þó að það verði dýrara en áður, en fátæklingarnir geta það ekki hjálparlaust. Alþingi sýnir það með atkvgr. í þessu máli, hvort það vill taka upp þá stefnu að ljetta undir fræðslu hinna máttarminni í þjóðfjelaginu, eða láta gáfuð og efnileg börn gjalda fátæktar foreldra sinna.

Mjer virðist brtt. hv. þm. S.-Þ. (Ing. B.) stefna í sömu átt og ein grein í frv. stjórnarinnar. Þar er annað orðalag, en enginn skoðanamunur. Jeg álít, að það sje í raun og veru rjett, að hjeruðin, sem telja sjer það fært að taka fræðsluna í sínar hendur, fái að gera það, en verði svo látin sanna með skylduprófum, að þeim hafi ekki mistekist það.

Jeg man svo ekki eftir fleiru, sem jeg þarf að svara í svipinn.

Forsætisráðherra (S. E.): Hv. þm. Dala. (B. J.) fullyrti nú í síðustu ræðu sinni, að hann talaði í umboði allrar nefndarinnar, og sje jeg ekki ástæðu til að efa það. Það hefir mikið verið talað um sparnað í sambandi við þetta frv., en jeg vil halda því fast fram, að hjer geti ekki verið um nokkurn sparnað að ræða. Það sjest best á athugasemdunum, sem fylgja frv., því þar er tekið fram, að til þess sje ætlast, að allir þeir, sem stöðu missa samkvæmt því, fái fulla uppbót, annaðhvort með nýjum stöðum eða bættum tekjum. Sami hv. þm. (B. J.) gerði lítið úr viti stjórnarinnar á fræðslumálum. Mjer kom það nú ekki á óvart, því að það er ekki nýtt, að hann þykist einn hafa vit á öllu því, er að mentamálum lýtur; því hefir hann oft hampað hjer í þessari hv. deild. Ekki veit jeg, hver rök liggja til þessa, en tel þó líklegt, að það sje vegna þess, að hann hefir aldrei gengið í barnaskóla sjálfur, og því ekki fengið undirstöðuatriðin barin inn í sig.

Þá, sem halda því fram, að mentunin hafi verið betri áður en nú, vil jeg minna á, að það var oft miklum örðugleikum bundið í gamla daga að fá oddvita og hreppstjóra í sveitum, því að menn voru ekki færir til þess. En nú er mjer kunnugt um það, frá því jeg var sýslumaður, að nú er úr miklum fjölda að velja til slíkra starfa. Jeg álít, að undir núverandi fræðslufyrirkomulagi hafi menningin tekið stórstígum framförum, og að stórt skref væri stigið aftur á bak, ef við hyrfum nú frá því og breyttum því á þann veg, sem hjer er um að ræða.

Magnús Kristjánsson: Þetta frv. var mikið rætt við 1. umr., og sje jeg ekki þörf á að þessu sinni að auka þar miklu við. Jeg mun því ekki tala um

málið alment eða fyrirkomulag fræðslumálanna. En jeg get ekki látið ómótmælt nokkrum ummælum háttv. þm. Dala. (B. J.). Jeg veit ekki, hvort hann hjelt því fram í alvöru, að núverandi fræðslufyrirkomulag væri stórt spor, sem stigið hefði verið aftur á bak. — Þetta getur naumast verið í alvöru talað, en ef nokkur skyldi verða til þess að leggja nokkuð upp úr þessum orðum, þá vil jeg benda á mikinn fjölda af gömlu fólki, sem kvartar sáran undan því, að hafa ekki fengið í æsku einföldustu og nauðsynlegustu undirstöðufræðslu. Fólk þurfti að vera að stelast til að reyna að afla sjer með einhverju móti lítilsháttar þekkingar, jafnvel þótt það mætti heita óframkvæmanlegt, eins og þá var ástatt. Þetta ástand, sem áður var, er mörgum enn svo í minni, að það má heita furðu djarft að telja núverandi fræðslufyrirkomulagið spor aftur á bak.

Jeg vil svo snúa mjer að brtt. þeim, sem fram eru komnar, og skýra afstöðu mína til þeirra. — Brtt. á þskj. 97 er ómerkileg tilraun nefndarinnar til þess að bæta eitthvað úr fljótfærni sinni, en ekki hefir þó úr því orðið annað en kák eitt, og get jeg því ekki aðhylst hana. Þetta hefir engan sparnað í för með sjer og bætir ekki málið að neinu leyti. Jeg mun því greiða atkv. á móti tillögunni.

Þá er brtt. á þskj. 88, frá háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.), og eru þær eins og við er að búast, svo úr garði gerðar, að um þær má ræða. Þær eru óneitanlega bót frá frv., og gæti margur hugsað sem svo, að betri sje hálfur skaði en allur. Þessar till. eru að vísu spor aftur á bak frá því, sem nú er, en þó bera þær svo af frv., að mjer þykir rjett að greiða þeim atkv. við þessa umr. Ef svo slysalega vill til, að frv. eigi eftir að komast í gegnum deildina, þá er það betra með brtt. þessum en að hafa það óbreytt.

Þá vil jeg skjóta því til hv. 1. þm Skagf. (M. G.), að hann taki aftur brtt. við fyrirsögn frv. Jeg vænti þess, að hann athugi það, og þá býst jeg við, að hann komist á þá skoðun, að jeg hafi rjett fyrir mjer í því.

Jeg hefi svo ekki meira að segja um frv. Jeg sje ekki mikla ástæðu til að óttast það, því að jeg vona, að hv. Ed. veiti því hægt og rólegt andlát, þó að svo illa vildi til, að það yrði afgreitt frá þessari deild.

Eiríkur Einarsson: Mjer er það í raun og veru ógeðfelt að taka hjer til máls, en þar sem jeg er í nefnd þeirri, sem frv. flytur, og ágreiningur hefir orðið um tilgang nefndarinnar með frv., ætla jeg að gera grein fyrir afstöðu minni. Jeg játa það fúslega, að frv. hefir galla, enda væri það ofætlun nokkurri nefnd að gera slíkt stórmál úr garði á skömmum tíma, svo ekki yrði að því fundið. Það er t. d. órannsakað mál, hvernig eigi að nota þá kenslukrafta, sem losna við frv., hvernig eigi að nota þá sem best til þess starfa, sem þeim er ætlaður, að uppfræða æskulýðinn, svo að gagni komi. Mjer er það einnig fullljóst, að þó að gert sje ráð fyrir að hverfa aftur til gamla skipulagsins, með yfirumsjá prestanna, þá er það langt frá því að vera fullnægjandi. Prestarnir munu reynast svo á þessu sviði sem öðrum, að sumir eru ágætir, aðrir í meðallagi og enn aðrir pokaprestar. Eins má benda á, að þessi tvöfalda húsvitjun mun reynast prestunum erfið vegna þess, hve prestaköllin eru orðin mannmörg og umfangsmikil. Þá má einnig benda á það, að um það er deilt í öllum löndum, hvort heppilegt sje

að láta uppfræðslu barna vera háða kirkjulegum skoðunum. Jeg vil ekki leggja dóm á það hjer; að eins benda á þetta sem íhugunarvert atriði. Þá voru það líka íhugunarverð orð, sem hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) ljet sjer um munn fara, að með þessu fyrirkomulagi, sem stofnað er til, yrðu fátæk börn útundan, efnaðir menn einir gætu veitt börnum sínum sæmilega fræðslu. En þetta er þegar orðið svo. Það hefir reynst erfitt að fá farkennara á fátækari heimili, og er mikið um það kvartað í mörgum fræðsluhjeruðum. Hjer er því að ræða um galla á núgildandi fræðslufyrirkomulagi, og því ekki úr háum söðli að detta. Annars lít jeg svo á, að eins og allir eiga heimtingu og rjett á nauðsynlegu lífsframfæri með sveitarstyrk, ef ekki vill betur, þannig eigi að vera trygð einskonar andleg fátækraframfærsla, ef ekki vill betur. Þetta þarf vitanlega ekki að vera með sama sniði og sveitarstyrkur; það mætti losa það við skuggahliðar hans, en halda hinum. Fátækir menn eiga nú heimtingu á fötum og fæði fyrir sig og sína, og ekki má setja andlegu þarfirnar neðar.

Jeg hefi bent á marga ágalla frv., og þykir mönnum þess vegna ef til vill undarlegt, að jeg hafi gerst flm. þess. En þessir gallar eru allir svo, að úr þeim má bæta. Aðalatriðið fyrir mjer er að auka heimafræðsluna. Jeg var einn af hvatamönnum þess, að á síðasta þingi var samþ. þingsályktunartill. um styrk til hjeraðaskóla, og jeg fjekk því skotið inn í till., að barnafræðsla heimilanna skyldi studd af opinberu fje. — Barnafræðslan á að komast inn á heimilin. Það er meginatriðið. Sparnaður hverfur í skugga fyrir þessu, enda má síst spara á þessu sviði. Jeg er fús til að ganga inn á skynsamlegar breytingar á frv., því að nefndin hefir ekki átt kost á því að ræða það til hlítar. Og mjer þykja þeir menn furðu einstrengingslegir, sem tefla vilja á fremsta hlunn, fella eða samþykkja, þó að vitanlegt sje, að frv. stendur til bóta, ef hyggilega er að farið. Jeg lýsi yfir því, að jeg er fús til að taka höndum saman við alla þá, sem færa vilja frv. í betra snið.

Jeg lít svo á, að of mikið sje að því gert að líta á form þessa máls, lögformlegt skipulag þess og ytri aðstæður, en menn hafa ekki lagt eins mikla rækt við anda málsins, sem þó er aðalatriðið. Menn virðast leggja áherslu á það eitt, að æskulýðurinn sje læs og skrifandi og kunni eitthvað í svo og svo mörgum skóla-„fögum“. Það er að vísu mikilsvert, en það í sjálfu sjer hefir ekkert menningargildi í sjer fólgið; það er að eins lykill til menningar. Jeg get vel hugsað mjer læs og skrifandi flón, enda munu þau ekki fá á þessu landi. En jeg veit líka um fjölda hinna gömlu manna, sem vart eða ekki kunna að lesa nje skrifa, en eru þó gæddir menningu, sem hefir annað og æðra gildi. Þeir eru gæddir þjóðlegum menningaranda. en hann virðist ekki hafa aukist að sama skapi og skólamentunin. Nú ber þess að gæta, að forstjóri kennaraskólans, sem býr kennara undir starfa þeirra, er maður, sem einskis lætur ófreistað til þess að veita nemendum sínum kjarnmikla, þjóðlega menningu, og má þá nærri geta, hvernig fara muni, þegar hans missir við, ef skarðið verður ekki fylt. Yfirleitt virðist los og menningarleysi hafa auðkent síðustu tíma, og þó að eigi sje hægt að kenna barnaskólamentuninni um það, þá hefir hún þó sýnt vanmátt sinn til að vega þar á móti og gæða ungdóminn nauðsynlegri, andlegri

festu. Eina ráðið, sem mjer virðist tiltækilegt, er að hverfa aftur til heimilanna, því þar er sá grundvöllur, sem traustastur reynist, þegar til lengdar lætur. Náttúrlega verður að sjá svo um, að fátæk heimili verði ekki afskift, og ef þar er vel um hnútana búið, býst jeg við, að þessi leið verði happadrýgri. Jeg efast ekki um það, að íslenskar þjóðsögur og sagnir hafa eins mikið menningargildi og landafræði og fleira, sem troðið er í börnin, án tillits til þess, hvort þau eru fær um að tileinka sjer það eða ekki. En hvað þessi þjóðlegu fræði snertir, hafa heimilin löngum verið skólinn.

Jeg vil að endingu endurtaka það, að þó að frv. hafi galla, þá er meginmál þess svo mikilsvert, að jeg vil ljá þeirri viðleitni fylgi mitt. Um sparnað er ekki að ræða í þessu sambandi. Hann verður aukaatriði, þegar um fræðslu barna er að ræða. Aðalatriðið er fræðsla heimilanna, er hlýtur, að minsta kosti fyrst um sinn, að hafa kennara og kostnað í för með sjer.

Jeg er bundinn við að vera með frv. og get því ekki stutt þær brtt., sem samrýmast því ekki. Svo er t. d. um till. háttv. þm. S.-Þ. (Ing. B.), um að sveitunum sje gert mögulegt að taka að sjer barnakensluna í sínu hjeraði. Jeg verð því að vera á móti henni og öðrum brtt., sem vikja enn meira frá frv.

Jón Þorláksson: Þessar umr. hafa staðið það lengi, að jeg býst við, að flestir hv. deildarmenn sjeu orðnir sjáandi og sannfærðir um það, að deildin er að reyna að vinna verk, sem að eins verður unnið í nefnd. Hjer er verið að reyna að koma í lögformleg orð og till. hugsunum þeim, sem fyrir mönnum vaka í þessu máli. Jeg tel það illa farið, að málinu skyldi ekki vera vísað til nefndar, þó að það væri borið fram af nefnd. Sú nefnd, sem bar það fram, hefir yfirleitt annarskonar mál til meðferðar, en þetta mál á í raun og veru heima í mentmn., og þangað hefði átt að vísa því. Þar hefðu orðið happadrýgri vinnubrögð en þau, sem nú eru reynd, að heil deild tefji sig á því árangurslaust dag eftir dag að vinna verk, sem að eins nefnd getur unnið. Jeg hefi ekki borið hjer fram till., því að mentmn. mun koma með frv. um þetta efni, en jeg vildi fara örfáum orðum um brtt. þær, sem fram eru komnar.

Jeg vil þá fyrst og fremst snúa mjer að brtt. nefndarinnar. Hv. frsm. (B. J.) gat þess, að þær væru komnar fram til þess að bæta úr göllum á frv., sem jeg hafði bent á við 1. umr. Tilgangurinn er að vísu lofsverður, en honum er á engan hátt náð með brtt. Það er fleira en skólaskylda, sem frestað er með frv., fleira, sem ómissandi er fyrir kaupstaðina. Frv. verður ófullnægjandi, þó að brtt. verði samþ. í þá átt, að kaupstaðirnir geti haldið skólaskyldu. Og það er efasamt, hvort það næst með brtt., því að hún er svo frámunalega illa orðuð, að ómögulegt er að sjá, hvaða vald eigi að hafa þessa ákvörðun á hendi. Þetta er ekki eingöngu formsatriði, því að mörg stjórnarvöld eru til, sem hjer gætu komið til mála. Spurningin er þessi: Er það sveitarstjórnin, hreppsnefndin eða skólanefndin, sem getur sett þessar reglur? Um þetta atriði gefur till. engar bendingar. Þá vantar og ákvæði um, að staðfesting stjórnarráðsins skuli til koma, sem altaf er þó nauðsynlegt að hafa, því að það gefur reglugerðum, hverjar svo sem þær eru, meira gildi. Einnig vantar alla heimild fyrir því að setja viðurlög, ef reglugerðin er brotin, en

til hvers er að setja reglugerð, ef engin viðurlög fylgja?

Af þessu er auðsætt, að brtt. er allsendis ófullnægjandi um það eina atriði, sem henni er ætlað að ná til, hvað þá um þau atriði, sem hún kemur ekki nærri, og var þó full þörf á að taka fram. Þess vegna verð jeg að lýsa yfir því, að þessum breytingum get jeg ekki greitt atkv. mitt.

Þá kem jeg að brtt. hv. 1. þm. Skagf. (M. G.). Í raun og veru er þar um nýtt lagafrv. að ræða, svo að ættu þær breytingar að ná fram að ganga, þá hlyti þetta frv. fjvn. að falla. Það er ýmislegt í þessum brtt. á þskj. 88, sem er talsverð breyting frá því, sem nú er, og kemur illa við. T. d. mundi það koma fullhart við bæjarsjóð Reykjavíkur og þykja viðbrigði frá því, sem nú er, en vitanlega kæmi það eins hart við aðra í samanburði við getu þeirra. Aðalmótbáran mundi verða sú, að löggjafarvaldið hefir 1919 sett launakjörin án tillits til þess, hvort sveitarfjelögin geta borið þau eða ekki. Það væri því óviðkunnanlegt, að Alþingi kæmi til sveitarfjelaganna eftir á og segði þeim að borga, því að þinginu 1919 hefði orðið sú skissa að gera þessi útgjöld svo há, að landssjóðurinn risi ekki undir þeim. Að þessu leyti get jeg því tekið undir það, sem hv. þm. Ak. (M. K.) sagði í sambandi við þessa till.

Þá er brtt. á þskj. 105. Jeg sje ekki að hún samrýmist brtt. á þskj. 88, eins og henni er ætlað, enda á hún efnisins vegna ekki heima þar. Jeg get vel skilið afstöðu hv. flm. (Ing. B.). Honum þykir varhugavert að velta yfir á sveitarsjóðina, ef ekki er hægt að slaka á kröfunum. En jeg held að rjett væri að lofa brtt. á þskj. 88 að ganga til 3. umr. án þess að brtt. á þskj. 105 væri hnýtt aftan í. Og mjer er óhætt að lofa hv. þm. S.-Þ. (Ing. B.) því, að till. í líka átt sem hans mun koma frá mentmn. í sambandi við frv. um fræðslu barna, sem nefndin hefir haft til athugunar um stund. Jeg get heldur ekki fylgt algerlega brtt. á þskj. 105. Þar vantar líka skýra heimild um það, hverjir eigi að setja reglurnar, hvort það sje fræðslunefnd eða hreppsnefnd. Ef það er fræðslunefnd, þá er sanngjarnt að heimta eftirlit af henni. En ef hreppsnefndin leggur niður skólahald og fræðslunefnd er á móti því og treystir sjer ekki að framkvæma fræðsluna án skólahalds, þá veit jeg ekki hvernig fer. Hjer verður því að kveða betur að og skýrara. Sje það hreppsnefndin, sem fara á með völd þessi, þá er of langt gengið, og samkv. brtt. á þskj. 88, þá er freistingin hættuleg, einkum í fátækum en fjölmennum þorpum.

Jeg þarf engu við að bæta út af því, sem hv. þm. hafa nú sagt, en skal þó benda á það í sambandi við orð hv. 1. þm. Árn. (E. E.), er hann þakkaði fjvn., að brtt. á þskj. 105 væri fram komin, — að sú brtt. hefði aldrei komið, hefði ekki verið hróflað við málinu, þá er það ekki rjett. Einmitt slík breyting hefði komið frá mentmn. og getur komið enn frá henni, ef hv. þdm. ætla ekki að hrifsa fræðslumálin úr höndum hennar, áður en hún leggur síðustu hönd á verkið.

Þorleifur Jónsson: Þó að hv. þdm. hafi mjög veist að fjvn. fyrir að koma með frv. þetta, þá er engin vissa fyrir því, að menn viðsvegar úti um land sjeu sama sinnis, eða þeirrar skoðunar, að engin þörf sje að endurskoða fræðslulöggjöfina og bæta hana. Þetta frv. átti að eins að vera bráðabirgðaskipun, og því hefir nefndin nú komið með brtt. um að skipun þessi eigi fyrst um sinn að gilda um tveggja ára skeið. Á þeim tíma ætti að vera hægt að athuga þessi

mál, svo að menn gætu sagt um, hvort þessu kerfi skyldi haldið áfram eða annað upp tekið, sem betur mætti fara.

Hv. þdm. verða að gæta þess, að æðsta boðorðið, og það sem hver einasti þm. fjekk í vegarnesi, er hann fór til þings, var það að reyna að koma jafnvægi á tekjur og gjöld ríkissjóðs. Þetta hafði fjvn. í huga, er hún fór að fást við fjárlögin. Og innan nefndarinnar var enginn ágreiningur um það, að þetta boðorð, sem þingmönnum var gefið, eigi að reyna að uppfylla. Þess vegna er ekki að vita, að þjóðin yfirleitt sje á öndverðum meið við fjvn.

Þegar fjvn. fór að lesa fjárlagafrv. og athuga hvað mætti helst spara, þá komst hún að raun um það, að það var ekki ýkjamargt. Að vísu sá hún, að í 13. gr. voru stórar upphæðir til vegagerðar, síma o. fl., sem talsvert munaði um að skera niður. En yrði gengið inn á þá braut að skera slíkar fjárveitingar niður, býst jeg við að landslýð þætti súrt í broti, þó jeg hins vegar geri ráð fyrir, að þjóðin sætti sig við að fresta verklegum framkvæmdum í bili, ef með því yrði bættur hagur ríkissjóðs. En hví myndi þjóðin þá ekki taka því, þó að dregið væri til muna úr þeirri gífurlegu upphæð, sem nú er veitt til barnafræðslunnar? Mjer finst. eftir þeim kynnum, sem jeg hefi af þjóðinni, mega fastlega gera ráð fyrir því, að hún sætti sig við þessar breytingar, og ekki síst fyrir það, að hjer er að eins bráðabirgðaskipun um að ræða.

Enda er þetta ekkert nýtt, hvorki á þingi nje annarsstaðar. Það er ekki langt að minnast, að kom til tals að fresta allri skólagöngu í landinu. Meira að segja var frv. hjer á ferðinni fyrir nokkrum árum, þess efnis að fella niður alt skólahald um tíma, ekki að eins barnaskóla, heldur alla æðri skóla líka. Þetta hugsuðu menn sjer þá, til þess að draga úr kostnaðinum við skólahaldið vegna hinnar yfirvofandi dýrtíðar, sem þá var farin að kreppa að þjóðinni. Þess vegna finst mjer ekkert óeðlilegt, þótt tekið sje til athugunar nú, hvort ekki sje vegur að draga eitthvað úr kostnaði ríkissjóðs til barnafræðslu um eitt eða tvö ár.

Auk þess sem fjvn. vildi draga eitthvað úr þessum mikla kostnaði við barnafræðsluna, var hún á einu máli um það, að vafi ljeki á, hvort fræðslukerfi það, sem lögleitt var fyrir 15 árum, sje það hagkvæmasta fyrir menningu þjóðarinnar. Nefndin efar það mjög, að sá grundvöllur, sem lagður var 1907, sje hinn eini heppilegi, og vildi því gefa þingi, stjórn og þjóðinni yfir höfuð tækifæri til þess að athuga það nánar.

Jeg neita því ekki, að jeg gerði mjer miklar og bjartar vonir um, að fræðslulögin myndu hefja þjóðina í mentun og manndómi. En eftir þessi 15 ár, sem liðin eru síðan fræðslulögin gengu í gildi, þá finst mjer að þessar vonir mínar hafi ekki ræst.

Það hefir verið talað um það hjer í deildinni, að nú væri alt fólk orðið svo mætavel að sjer, en mjer finst satt að segja, að það fólk, sem nú er um og innan við þrítugt og hefir haft þá barnaskólamentun, sem fræðslulögin fyrirskipa, sje ekki neitt betur að sjer en fólk um fertugt eða fimtugt, sem ekki hafði þessa lögskipuðu fræðslu. Hitt er annað mál, að fjöldi af ungu fólki hefir fengið mikla mentun á alþýðuskólunum.

Það vita allir, að heimilisfræðslunni til sveita hefir mjög hrakað þessi 15 ár. Menn segja, að það sje fólksleysinu að kenna, að enginn tími fáist til fræðslunnar frá öðrum störfum. En jeg hygg nú samt, að hægt væri að grípa nógan tíma á okkar löngu vetrarkvöldum, til

þess að viðhalda heimafræðslunni, ef það væri ekki inn komið að varpa allri ábyrgð upp á kennarana og skólana, en það hafa bæði heimilin og prestarnir gert. En til þess að fræðslan komi að fullum notum, þarf að vera náin samvinna á milli heimilanna, prestanna og farskólanna.

Það hefir mikið verið rætt um það, að með okkar frv. yrðu fátæku börnin útundan og þeim meinað að njóta fræðslunnar eins og áður. En það er alls ekki rjett. Og hvað kauptún og sjávarþorp snertir, þá geng jeg út frá því, að þar verði skólum haldið uppi að eins með þeirri breytingu, að ríkissjóður þurfi minna að leggja til en áður.

Jeg fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að heppilegra sje að hafa 1 góðan unglingaskóla í hverri sýslu, sæmilega útbúinn af ríkinu. Unglingar eftir fermingaraldur læra meira á einum vetri heldur en á öllum skólaskyldualdrinum. Og unglingamentunin verður haldbetri en það, sem börnin fá nú, ef ekkert er bygt ofan á það síðar.

Það var ekki allskostar rjett hjá hv. frsm. (B. J.), að frestur þessi væri ákveðinn með það fyrir augum, að kjósa mætti um fræðslumálin við næstu kosningar. En hitt var okkur nefndarm. ljóst, að að loknum þessum fresti væri nýtt þing saman komið, og þá hægurinn hjá að breyta um kerfið, ef þjóðin vildi.

Hina brtt. okkar, um skólaskylduna, tel jeg til bóta, þó að hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) telji vafa á því.

Út í brtt. á þskj. 88 og 105 skal jeg ekki fara. Þó gæti jeg að ýmsu leyti verið með brtt. á þskj. 88, frá hv. 1. þm. Skagf. (M. G.), en verð þó að telja okkar till. betri.

Fleira þykist jeg ekki þurfa að taka fram, og læt því staðar numið.

Umr. frestað.

Á 24. fundi í Nd., fimtudaginn 16. mars, var frv. tekið til f r h. 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., fimtudaginn 30. mars, var f r a m h a l d i ð 2. u m r. um frv. (A. 58, 88, 97, 105, 168).

Pjetur Ottesen: Þetta mál hefir verið allmikið rætt hjer í hv. deild, en hæstv. forsætisráðherra skildi svo við það, að jeg gat ekki látið þar við sitja án þess að hreyfa andmælum. Hann sagði, að frv. hefði engan sparnað í för með sjer, þrátt fyrir það, þó bæði hv. frsm. og aðrir úr nefndinni hafi sýnt fram á það, að við það sparast um ¼ milj. króna af útgjöldum ríkissjóðs, þó veittur yrði ríflegur styrkur til skólahalds í kaupstöðum og kauptúnum, og styrkur til alþýðufræðslu aukinn verulega, eins og nefndin hefir lagt til. Þessu hefir hæstv. forsætisráðherra samt sem áður leyft sjer að mótmæla í margendurtekinni ræðu, og bygði hann mótmæli sín aðallega á því, að það yrði að bæta þeim kennurum upp skaða þann, sem þeir biðu, sem mistu atvinnu sína. En í lögunum frá 1919 er beinlínis gert ráð fyrir, að það megi leggja niður kennaraembættin án nokkurs endurgjalds handa kennurum. Nefndinni þótti þetta, ef svo snögg breyting yrði gerð á fræðslufyrirkomulaginu, — nokkuð harkaleg meðferð, og ljet þess getið í athugasemdum sínum við frv., sem bending til fræðslu og skólanefnda, að sjá yrði að einhverju leyti fyrir þeim kennurum, sem atvinnu mistu við breytinguna, fyrir atvinnu, eða stuðla til þess, að þeir kæmust að atvinnu. Nefndin gerði sem sje ráð fyrir

því, að skólum yrði eftir sem áður haldið uppi í kaupstöðum og kauptúnum. En vel gæti svo farið, að þar yrði nokkur breyting á; t. d. að sumstaðar yrði það fyrirkomulag tekið upp að láta börnin koma sinn daginn hvert í skólann, börnin þannig flokkuð eftir aldri og þroska. Þetta annarsdagsskóla fyrirkomulag hefir verið töluvert rætt um nú upp á síðkastið, og er það að áliti lækna og uppeldisfræðinga gott og heilsusamlegt fyrir börnin, því langar og daglegar skólasetur hafi veiklandi og sljófgandi áhrif á þau. Það hefði því mátt búast við því, að það hefði orðið ein afleiðing hins frjálsa og óbundna fyrirkomulags, að þessi skólagönguaðferð hefði verið upp tekin. En með henni spöruðust kenslukraftar. En með þessu fyrirkomulagi í kaupstaðaskólum mundu heimilin þar aftur á móti finna meira til þeirrar skyldu, sem á þeim hvílir til að uppfræða börnin, sem skólafyrirkomulagið, eins og það nú er, hefir óneitanlega sljófgað og lamað mjög. Í sveitunum ylli frestun á framkvæmd fræðslulaganna ekki miklum breytingum frá því, sem nú. Víða er ekki haldið uppi neinum farskólum, og annast heimilin þar fræðsluna, sumstaðar með eftirliti kennara, en sumstaðar eftirlitslaust, og ber ekki á öðru en að þau börn sjeu eins vel að sjer, svona yfirleitt, og þau sem ganga í farskólana. Sveitirnar dregur því ekki neitt sem um munar um það fje, sem til þeirra fer úr ríkissjóði, enda er það ekki nema örlítill hluti þess mikla fjár, sem til barnafræðslunnar fer árlega, og sem var síðastl. skólaár full ½ miljón króna. Sveitirnar missa því sannarlega ekki mikils í, þó þetta frv. yrði samþ.

Það er því ekkert nema fyrirsláttur og staðlaust fleipur hjá hv. forsætisráðherra að halda því fram, að ekkert sparaðist við breytinguna, því það, sem í athugasemdum er sagt um þetta, og forsætisráðh. er alt af að flagga með, er að eins bending eða tilmæli til fræðslu- og skólanefnda, og getur, samkv. eðli sínu, ekki verið annað, þar sem engin ákvæði eru sett um það í frumvarpið, að fara svo að við þá kennara, sem atvinnu mistu við breytinguna, en það mundi, í öllum tilfellum, verða þannig í framkvæmdinni, að nefndirnar greiddu fyrir þeim með atvinnu, sem þess þyrftu með, án þess að þurfa neitt fje að leggja fram beinlínis í því skyni.

Það er því enginn vafi á, að verulegur sparnaður yrði að frv. — Það mundi spara ríkissjóði um ¼ milj. króna, um það er ekki hægt að deila, og þar með væri nú náð takmarkinu, að láta aftur ríkisbúskapinn bera sig, og yrði jafnvel einhver tekjuafgangur upp í væntanleg skakkaföll.

Þegar um fjárhag ríkissjóðs er að ræða, ber stjórninni, ef hún skilur skyldu sína, að hugsa um að fjárhagnum sje ekki stofnað í hættu og sporna af fylsta megni á móti því, að fjárlögum sje skilað með tekjuhalla. Það er heilög skylda stjórnarinnar að vera samtaka um það. Jeg man, að hæstv. forsætisráðherra hjelt fram þessari skoðun fyrir nokkrum árum síðan, er hann var fjármálaráðherra. Það kemur mjer því þeim mun undarlegar fyrir sjónir, hversu hann nú snýst við þeim tillögum, sem fram koma og beinlínis eða óbeinlínis stefna að þessu, því það er alkunnugt, að hann er nú erfiðasti þröskuldur í vegi þeirra manna, sem berjast fyrir því að draga úr útgjöldum ríkissjóðs.

Þá hefir hæstv. forsrh. (S. E.) lýst því með mjög átakanlegum orðum, að börn fátæklinga mundu, eftir að þetta skipulag yrði komið á, fara algerlega á mis

við alla fræðslu. Er það hvorttveggja, að margir efnalitlir foreldrar eru engu síður færir um það sjálfir að segja börnum sínum til, kenna þeim að lesa og skrifa, en þeir, sem betur eru efnum búnir, og svo, þar sem þetta brestur, eru beinlínis ákvæði um það í frv., að úr þessu sje bætt á þann hátt, sem þar segir, og greiði dvalarhreppurinn kostnaðinn. Þetta sýnir meðal annars, að hæstv. forsrh. (S. E.) hefir bara aldrei lesið frv.; ekkert nema ástæðurnar fyrir því, — þær virðist hann kunna utan bókar.

Hann heldur því fram, hæstv. forsætisráðherra, að barnafræðslan mundi fara í kaldakol, ef frv. næði fram að ganga; en jeg held fram hinu gagnstæða. Framtíðin sker úr, hvort rjettara er, en þótt þetta frv. verði nú að lúta í lægra haldi, skyldi það ekki undra mig, að þeir tímar kæmu, er heimilisfræðsla og unglingaskólar yrðu taldir heppilegasta aðferðin.

Það eru þó ótaldar enn þær ástæðurnar, sem hæstv. forsrh. (S. E.) hefir lagt allra mesta áhersluna á gegn þessu frv. Önnur var sú, að það mætti best sjá, hversu mentunarástandið hefði verið slæmt fyrr á tímum á því, hve fáfróður og mentunarsnauður hv. þm. Dala. (B. J.) væri. Það væri svo sem auðsjeð, að hann hefði ekki orðið fyrir þessum áhrifum á skapgerð og uppeldi barnanna, sem hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) var að lýsa, að börnin yrðu nú fyrir í skólum. Það væri svo sem auðsjeð, að þm. Dala. (B. J.) hefði ekki gengið á barnaskóla. — Hin var sú, að áður fyrri hefðu verið hin mestu vandræði að finna menn úti um sveitir, sem gætu gegnt hreppstjórastörfum og því um líku, en nú lægju erfiðleikarnir aðallega í að velja á milli allra þeirra, sem færir væru til þess. Svona væri breytingin mikil og áhrifin af fræðslufyrirkomulaginu góð. En mig langaði til að spyrja hæstv. forsrh. (S. E.), hvað hann hjeldi, að þeir væru margir, sem nú eru hreppstjórar, sem hefðu gengið í barnaskóla undir því fræðslulagafyrirkomulagi, sem nú er og lögfest var 1907 og hann tileinkar alla þessa miklu framför. Jeg veit svo sem, að það stendur ekki á svarinu.

Þetta voru þá aðalástæður hæstv. forsrh. (S. E.), sem hann greip til, þegar alt annað var þrotið, og sýna þær, vona jeg, hversu djúpt hann hefir grafið sig niður í málið, eins og hann sjálfur komst að orði á dögunum, þegar hann var að setja sig inn í fjárhaginn.

Það voru að eins þessar athugasemdir, sem jeg vildi gera, út af þessum margendurteknu fullyrðingum hæstv. forsrh. um það, að enginn sparnaður væri að frv. og með því væri barnafræðslunni stefnt norður og niður.

Um brtt. þær, sem við hv. 2. þm. Skagf. höfum leyft okkur að koma fram með við brtt. 1. þm. Skagf. við þetta frv., skal jeg ekki fjölyrða, því háttv. meðflutningsm. minn mun gera grein fyrir þeim.

Forsætisráðherra (S. E.): Jeg hefi svo oft talað um þetta mál, að jeg hjelt, að jeg mundi ekki þurfa að gera það oftar. En háttv. þm. Borgf. (P. O.) hefir vaðið fram á vígvöllinn með miklum móð, og verð jeg að svara honum nokkrum orðum. Það hneykslaði hann mjög, að jeg skyldi segja, að enginn sparnaður væri að frv., en þegar jeg sagði það, voru ekki komnar fram neinar brtt. við það. Jeg gat því ekki dæmt eftir öðru en ástæðunum fyrir frv. og því, sem háttv. frsm. sagði, en hann hafði lýst því yfir, að hann talaði í umboði nefndarinnar.

Í ástæðum háttv. nefndar stendur, að sýnilegt sje, að töluvert fje muni losna

við þessa ráðstöfun, og megi nota það til framhaldskenslu. Af því er þá augljóst, að það fje sparast ekki, heldur verður notað til unglingaskóla. — En haldi maður áfram, stendur, að kennurum þeim, sem verði fyrir atvinnutjóni, skuli bæta það að einhverju leyti.

Leggi maður þetta tvent saman, sjá allir, hver sparnaðurinn verður, ef menn þá á annað borð ætla sjer að efna loforð sín.

Háttv. þm. Borgf. (P. O.) kvaðst ekki hafa fengið neinar ástæður fyrir, að það væri enginn sparnaður að frv., en það þarf ekki annað en að vera læs og lesa ástæðurnar fyrir frv. sjálfu. Þær eru algerlega nægilegar.

Það kemur því ekki þessu máli við, að jeg reyndi alt af, er jeg var fjármálaráðherra, að halda fjárlögunum tekjuhallalausum.

Jeg er mjer þess ekki meðvitandi, að hafa gert neinar till., sem gætu orðið til þess að auka tekjuhallann. En sem kenslumálaráðherra skoða jeg mig skyldan til þess að vera á móti öllu því, sem jeg hygg munu verða til að draga úr alþýðumentun og fræðslu í landinu, jafnvel þótt eitthvað ofurlítið kynni að sparast við það.

Og það er mín skoðun, að barnafræðslan verði drýgst. Sagan sýnir það, að eftir því, sem meira hefir verið hugsað um barnafræðsu, því meiri menning hefir verið með þjóðunum. Vitanlega er þó aldrei hægt að gera ástandið svo bölvað, að þeir, sem eru sólgnir í fræðslu, þeir, sem hungrar og þyrstir eftir fróðleik, og eru auk þess gæddir þreki og krafti, komist ekki eitthvað áleiðis. Jeg er nú viss um, að ekki verður langt þar til margir verða ólæsir og óskrifandi hjer í landi, ef þetta frv. verður samþ. Þessi dómur minn hygg jeg, að sje á rökum bygður. Með þessu er þó ekki sagt, að jeg sje viss um, að ekki megi finna betra fyrirkomulag en nú er; jeg er viss um, að þessi breyting verður ekki til batnaðar.

Jón Sigurðsson: Jeg á hjer brtt. á þskj. 168, ásamt hv. þm. Borgf. (P. O.). Um hana ætla jeg að tala, en ekki að blanda mjer í aðrar umr. um frv.

Þessi brtt. gengur í þá átt að breyta ákvæðum kennaralaunalaganna og koma á meira samræmi milli þeirra og almennu launalaganna. Launalögin eru mjög gölluð frá margra sjónarmiði, en þó hygg jeg, að barnakennaralaunalögin sjeu enn verri. Og það, sem einkennilegast er, er það, hve mikið ósamræmi er milli þessara laga í ýmsum efnum, og þó voru þau afgreidd á sama þingi.

Þegar ákveða skal, hve há laun þurfi að greiða starfsmönnum hins opinbera, þá er það aðallega þrent, sem mjer virðist koma til greina. Það er:

1. Kröfur um undirbúning fyrir starfið eða embættið.
2. Lengd starfstímans.
3. Fjármunaleg ábyrgð, sem embættinu fylgir.

Jeg mun nú til athugunar og skýringar bera saman laun kennaranna við laun nokkurra annara starfsmanna ríkisins, sem líkt stendur á um. Þó kemur þriðja atriðið, sem jeg nefndi, varla til greina, og mun jeg því líta mest á tvö hin fyrnefndu atriði í þeim samanburði, sem hjer fer á eftir.

Skólastjórar við barnaskóla hafa 2000 kr. lágmarkslaun, og auk þess ókeypis húsnæði, ljós og hita. Það mundi kosta hjer í Reykjavík 180 kr. á mánuði eða meira, en jeg vil gera það 2000 kr. á ári. Það eru þá alls 4000 kr. Til þess að geta fengið þetta embætti, þarf maðurinn að hafa útskrifast úr kennaraskólanum. Það er 18 mánaða nám, og svo geri jeg

ráð fyrir, að hann væri ytra einn vetur, til þess að fullnuma sig. Fyrir þessum launum þarf hann að vinna 6 mánuði á ári, en stundafjöldi á dag er óbundinn, þó ekki yfir 5 stundir. Nú tek jeg til samanburðar aðstoðarverkfræðinga þá, sem eru í þjónustu landsins, hjá vegamálastjóra og vitamálastjóra. Þeir fá í laun 3500 kr. Námstími þeirra er 11½—12½ ár, eða þrefalt lengri en hjá hinum. Þeim munu ætlaðar álíka margar vinnustundir á dag og hinum, en í alla 12 mánuði ársins, svo að starfstíminn er alls og alls helmingi lengri. Þó eru launin 500 kr. lægri.

Annar flokkur embættismanna er þó skyldari kennurunum. Það eru prestarnir. Þeirra starf er líka fræðslustarf að öðrum þræði. Prestar fá í laun 2000 kr. Námstími þeirra er 9—10 ár og starfstíminn alt árið. Ef jeg legg nú aukatekjur þeirra móti þeim friðindum, sem skólastjórar hafa, sem þó nær óvíðast nokkurri átt, þá verður útkoman sú, að þeir hafa 2000 krónur fyrir 12 mánaða starf, en hinir hafa 2000 kr. fyrir 6 mánaða starf. Daglegan starfstíma prestanna er ekki unt að áætla, en það er með þá eins og kennarana, að þeir geta ekki bundið sig við nokkur veruleg föst eða bindandi störf, því að þeir verða að gegna kalli hvenær sem er. Jeg veit, að sumir segja, að prestarnir hafi ekkert að gera. Þetta er nú mjög misjafnt, og svo vel þykist jeg þekkja til, að mjer sje óhætt að segja, að prestar alment eru svo skylduræknir, að það er ekki þeim að kenna, þótt starf þeirra sje ekki þegið. Jeg tel ekki rjett að bera fram neinar getsakir í þeirra garð.

Jeg vil taka annað samanburðardæmi. Kennarar í kaupstöðum og forstöðumenn skóla utan kaupstaða hafa 1500—1600 kr. Námstíminn er 3 ár, vinnan 5 stundir á dag í 6 mánuði. Þar má taka til samanburðar aðstoðarmenn í stjórnarráðinu. Þeir eru flestir lærðir lögfræðingar. Launin eru 2000 kr. og vinnutíminn 5 stundir á dag, alt árið. Aðstoðarmennirnir hafa því að eins 400—500 kr. hærri laun en þessir kennarar, þrátt fyrir helmingi lengri starfstíma og þrefalt lengri námstíma. Fleiri dæmi gæti jeg nefnt, sem sýna það, að ekkert samræmi er milli þessara tveggja launalaga.

Nú er að vísu ekki rjett að miða alveg við vinnutímann. Venjulega mætti gera ráð fyrir, að hærra yrði að borga þá vinnu hlutfallslega, sem ekki er unnin nema hluta úr árinu, því að ekki er víst, að hægt sje að sæta jafngóðri atvinnu hinn tímann. Hjer má þó taka tillit til þess, að kennarar hafa besta tíma ársins sjálfir, og margir þeirra vinna þá arðsama vinnu, svo sem eðlilegt er. Sumir þeirra eru jafnvel starfsmenn hjá hinu opinbera, aðrir búa fyrir sjálfa sig o. s. frv. Það virðist því liggja í augum uppi, að kennarar bera hlutfallslega gildari hlut frá borði heldur en fjölmargir aðrir af embættis- og sýslunarmönnum hins opinbera. En þetta ósamræmi veldur óánægju. Hinir segja: Hvers eigum við að gjalda, sem kostað höfum meiru til og meira starf er heimtað af?

Til þess að bæta úr þessu ósamræmi launalaganna eru tvær leiðir fyrir hendi. Í fyrsta lagi að hækka launin hjá öllum opinberum starfsmönnum nema kennurunum, og það mundu kennararnir helst kjósa. Í öðru lagi að lækka laun kennaranna.

Að því er snertir fyrri leiðina, þá getur hún alls ekki komið til greina, vegna þess, að launin eru yfirleitt svo há, að þar er ekki á bætandi, en að taka einstök embætti og hækka launin, mundi raska öllu samræmi launalaganna. Eina lausnin verður því sú, að lækka laun

kennara, þó ekki meira en svo, að þeir fái sanngjarna borgun fyrir starf sitt. — Í þessa átt gengur brtt. okkar hv. þm. Borgf. (P. O.). Vitanlega má alt af deila um, hvort mátulega langt sje gengið, en jeg leyfi mjer að fullyrða, að hjer er ekki farið neðar en sanngirni og samræmi heimta. Og þetta er vel framkvæmanlegt, og það án þess að gera neinum manni rangt til, því að allir kennarar eru settir en ekki skipaðir, eins og hv. þm. er kunnugt.

Loks vil jeg geta þess, að þessar breytingar spara ca. 70 þús. kr., ef gengið er út frá 80% dýrtíðaruppbót, — þar af koma í hlut ríkissjóðs ca. 45 þús. kr., og bæjar- og sveitarsjóða ca. 25 þús. kr. Á þetta ber líka að líta á þessum vandræðatímum. Jeg vona því, að hv. deild taki þessum brtt. vel.

Magnús Guðmundsson: Af því svo langt er liðið, síðan háður var fyrri hluti 2. umr. um þetta frv., þá vil jeg leyfa mjer að minna menn aftur á brtt. mínar á þskj. 88 og rifja upp sumt, sem jeg sagði þá. Jeg benti á, hver sparnaður væri fyrir ríkið, að þær yrðu samþyktar. Miðað við 80% dýrtíðaruppbót, yrði það ca. 200 þús. kr. Meginhlutinn af þessu kemur niður á kaupstöðum, nokkuð á skólahjeruðum utan kaupstaða, en minst á fræðsluhjeruðum þar sem ekki er nema farkennari. Þegar litið er á þetta og líka hitt, að tekjuhallinn á fjárlagafrv., sem vjer vorum að afgreiða úr deildinni fyrir skemstu, er horfinn, ef þessar breytingar mínar ná fram að ganga, þá þykir mjer líklegt, að hv. deild fallist á brtt. á þskj. 88.

En af því að þetta kemur hlutfallslega þyngra niður á kaupstöðunum, þá er eðlilegt, að fulltrúar þeirra sjeu ragari við að samþykkja þetta heldur en fulltrúar sveitahjeraðanna. Þó vil jeg leyfa mjer að benda á það, að verði frv. það, sem næst stendur á dagskránni (á þskj. 129) að lögum, þá er opin leið fyrir sveitir, og enda kaupstaði líka, að draga heldur úr skólahaldinu, og jeg er viss um, að það verður gert.

Jeg tel svo ekki ástæðu til að fjölyrða um málið, en vona, að hv. þdm. sýni, að þeim sje alvara að afgreiða fjárlögin tekjuhallalaus og samþykki brtt. mínar.

Þorsteinn Jónsson: Mál þetta hefir nú þegar verið mikið rætt, en nú hafa komið fram 2 nýjar brtt., frá hv. 2. þm. Skagf. og þm. Borgf., sem gefa tilefni til nokkurrar umræðu. Jeg vil lítið ræða þá hlið þessa máls, sem snýr að kennurunum, heldur aðallega víkja að þeirri hliðinni, sem snýr að þjóðfjelaginu. Þó vildi jeg leyfa mjer fyrst að fara nokkrum orðum um fyrri hliðina.

Aðalástæðan, sem til er færð fyrir lækkun á launum barnakennara, er sú, að hjer sje hægt um vik, sökum þess, að nú sjeu allir barnakennarar settir. Fyrverandi landsstjórn hafði sem sagt brotið lögin og sett alla barnakennara, í stað þess að skipa þá, eins og lögin mæltu skýlaust fyrir. Var þetta alleinkennileg aðferð hjá fyrv. stjórn, og skal jeg engar getur að því leiða, hvers vegna hún gerði þetta, þar eð kenslumálaráðherrann, sá sem á sök á máli þessu, er nú ekki lengur til varnar, en nokkuð mætti ráða þetta af orðum fyrv. fjrh. (M. G.), en út í þau skal þó ekki farið, þar eð hann bar ekki ábyrgð á framkvæmd laga þessara.

Sný jeg mjer þá að ástæðum hv. 2. þm. Skagf. (J. S.). Taldi hann fyrst og fremst, að kennaralaunin væru of há, borin saman við laun annara starfsmanna ríkisins. Sannast hjer sem oftar, að sínum augum lítur hver á silfrið. Munu fleiri líta svo á, að ef laun barna-

kennara sjeu of há, þá sjeu laun flestra annara starfsmanna ríkisins ærið há.

Þessi sami hv. þm. (J. S.) sagði, að það yrði að taka tillit til þess, er launin væru ákveðin: 1) hve mikinn undirbúning starfið heimtaði, 2) hve mikil hin fjármunalega ábyrgð væri, og 3) lengd starfstímans. Þetta er rjett; hefi jeg fyr hjer í hv. deild bent á það, að ekki væri krafist nægilega mikils undirbúnings til kennarastarfa nú, og vildi jeg, ef fært væri fjárhagsins vegna, að krafist væri 3 ára náms á kennaraskóla, að aflokinni gagnfræðamentun. Er það ekki að þakka undirbúningnum, þó að yfirleitt gegni góðir menn og færir þessu starfi nú, heldur áhuga þeirra á starfi sínu. Þá sagði hann, að launin ættu að fara eftir hinni fjármunalegu ábyrgð. Þetta er líka rjett, en hinn hv. þm. (J. S.) verður að gæta þess, að til er önnur ábyrgð, sem er enn þýðingarmeiri en fjármunaleg ábyrgð. Það er ábyrgðin á uppeldi þjóðarinnar. Sú ábyrgð er allri annari ábyrgð meiri.

Sjerstaklega fanst þessum sama hv. þm., að laun skólastjóranna við kaupstaðaskólana væru of há. — Þeir hafa mun hærri laun en aðrir kennarar, en hitt er ekki rjett hjá hv. þm., að þeir hafi 2000 kr. um árið, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita. Þeir hafa einungis ókeypis húsnæði, því að heimavistarskólar eru enn engir til, en þeir einir skólastjórar áttu að hafa ókeypis þetta tvent. Þessi hlunnindi mat þm. 2000 kr., en það er auðsætt, að þetta er alt of hátt metið, þar sem um húsnæðið eitt er að ræða, nema ef til vill hjer í Reykjavík, en í öðrum kaupstöðum landsins er húsaleiga ekki svona mikil, en enn er þess að gæta, að húsnæðið er þó aldrei nema húsnæði, og þá verða þessar 2000 kr. að duga til alls annars framfæris kennarans.

Þegar tekið er tillit til þess, hvaða starf skólastjórinn við barnaskólann í Reykjavík hefir, þá má fullyrða, að laun hans sjeu miklu lægri en annara embættismanna í jafnábyrgðarmiklu embætti. Hann á að hafa umsjón með 40 kennurum og 2 þúsund börnum. Mun öllum foreldrum í þessum bæ ljós hin afskaplega ábyrgð, sem þessu starfi fylgir.

Þá sagði sami hv. þm. (J. S.), að taka yrði tillit til þess, að starfstíminn væri ekki nema 6 mánuðir. Þetta er rjett, en jafnframt verður að gæta þess, að þjóðfjelagið hefir engan fastan starfa til þess að bjóða þessum mönnum. Veit jeg, að sagt muni, að þeir sjálfir geti útvegað sjer starf. Má vel vera, að þeir geti það stundum, en oft getur það brugðist. En sjerstaklega vil jeg leggja áherslu á það, að starf skólastjóranna við kaupstaðaskólana er svo mikið, að þeim veitir ekkert af því að hafa sumarið til undirbúnings.

Þá sagði hv. þm. einnig, að starfstími skólastjóranna væri stuttur á degi hverjum, lengstur 5 tímar. Skólastjórinn hjer í Reykjavík kennir ekki nema 1 tíma á viku, svo að hv. þm. mun ekki finnast hann eiga að hafa há laun. En þó að skólastjórinn kenni ekki meira, hefir hann samt nóg að gera. Umsjón með skólanum hvílir á honum. Jeg hefði haldið, að hv. þm. (J. S.) þekti svo mikið til kenslu, að hann vissi, að kennarar þyrftu að vinna lengri tíma en þann, sem þeir sitja í tímum. Heimavinna þeirra er eins mikil; leiðrjetting stíla og heimadæma. Og hver sæmilegur kennari býr sig undir kenslustundirnar. Þá kom þm. (J. S.) með samanburð á launum kennara og annara embættismanna.

Skal jeg nú athuga hann nokkru nánar og sýna fram á það, að kennararnir

eru ver launaðir en aðrir starfsmenn. Tökum t. d. prestana. Árslaun þeirra eru 2000 kr., en kennarar við fasta skóla hafa þetta 1600, 1500 og 1300 kr. Hinir 7 skólastjórar kaupstaðaskólanna hafa að vísu hærri laun, en við laun þeirra miðar þm. laun ýmsra undirtyllustarfsmanna, og svo laun prestanna. Það er rjett, að það er heimtaður meiri undirbúningur undir prestsembætti en kennarastöðu við barnaskóla, en hver leggur meira á sig, kennarinn eða presturinn? Meiri hluti prestanna hefir sáralítið að gera. Þjóðin notar þá ekki. Og enn er þess að gæta, að prestar fá borguð sjerstaklega öll sín aukastörf. Þær tekjur nema miklu í kaupstöðum. Sveitaprestar fá þar að auki til ábúðar úrvals jarðir gegn litlu afgjaldi. Laun þeirra er ekki hægt að bera saman við laun manna, sem búa í kaupstöðum. Það er hægt að taka farkennarana sem hliðstæður við sveitapresta. Laun þeirra hefði hv. 2. þm. Skagf. (J. S.) átt að bera saman. Þá hefði mátt sjá, hve rök hans um há kennaralaun eru rjettmæt. Farkennarar hafa 300 kr. laun, auk fæðis, húsnæðis, ljóss og hita. — En svo er líka hægt að nefna starfsmenn, sem þurfa ekki að verja löngum tíma til undirbúnings starfi sínu, en hafa þó miklu hærri laun en kennarar. Póstmeistarinn í Rvík hefir t. d. 4000 kr., og póstmeistararnir á Ísaf. og Akureyri 3000 kr. Að vísu hafa þessir menn mikla fjármunalega ábyrgð, en hættuleg er hún ekki, ef mennirnir eru vandaðir. Ekki kosta heldur fiskimatsmenn miklu til undirbúnings starfs síns; þó hefir fiskimatsmaðurinn í Rvík 3000 kr. og aðrir 2400 kr. Stöðvarstjóri landssímans í Rvík hefir 3000 kr. og stöðvarstjórar annara aðalstöðva 2600 kr., og auk þessa eru aldurslaunauppbætur miklu hærri en kennara utan kaupstaða. Og svona mætti lengi telja. En athugum nú, hverjar afleiðingarnar yrðu, ef launalækkun kennara yrði að lögum. Afleiðingin yrði sú, að bestu mennirnir hættu að starfa, því að þó mennirnir hafi löngun til að gefa sig að starfanum, þá geta þeir það ekki, efnanna vegna. En mundu þá engir fást til starfans? Jú. Það fengjust lausamenn og lausakonur, sem hlypu til þessa starfa, þegar aðra atvinnu væri ekki að fá.

Nú má vel vera, að sú ástæða fyrir launalækkun vaki fyrir mönnum, að kennararnir sjeu ekki færir til starfans eins og nú er. Og þetta er ástæða, sem er vel þess verð, að sje athuguð. Jeg hefi nú athugað þetta eftir því sem föng eru á, aðallega af skýrslum prófdómenda og umsögnum. Má undantekningarlítið sjá af þeim umsögnum, að kennarar frá kennaraskólanum hafa rækt starfann með samviskusemi, en undan öðrum er talsvert kvartað (**M. G.**: Líka undan hinum.), sjerstaklega kenslu þeirra í reikningi og móðurmáli. Má vera, að það sjeu aðallega þessir kennarar, sem þeir þm. þekkja til, sem telja barnakenslu lítils virði. Hefi jeg sjerstaklega aflað mjer rækilegra upplýsinga um umsagnir prófdómara í einu kjördæmi. Er þar einkum kvartað undan barnafræðslunni í einum hreppi, sem þm. er búsettur í. Segir prófd. þar meðal annars, að menn sjeu mjög daufir í dálkinn með það að leggja nokkuð í kostnað til barnafræðslunnar. Sami prófdómari segir, að í öðrum hreppi í þessu hjeraði hafi ekkert barn verið hæft til þess að taka fullnaðarpróf. Þar er kennarinn búfræðingur. Í einum hreppi þessa sama kjörd. er óskað eftir því, að kenslunni sje haldið lengur áfram. Kennarinn sje illa valinn og heimilin ekki fær um það að annast kensluna. Sjerstaklega lítil þekking barna í móðurmáli og reikningi. Út-

koman þarna er ekki góð, enda ekkert sóst eftir kennurum með kennaramentun. Jeg vil nú fara nokkrum orðum um kennaraval í nokkrum fræðsluhjeruðum í þessu kjördæmi. Hefi áður minst í búfræðinginn. Einn kennarinn hafði fengist við kenslu í 15 ár, fór síðan á kennaraskólann og hætti þar próflaust. Einn stundaði nám við gagnfræðaskóla og fjell þar við próf. Og enn má nefna einn, sem tekinn var fyrir kennara, eftir að hafa fallið við 1. bekkjar próf í kennaraskólanum. Er ekki von til þess, að útkoman verði góð, þegar ekki er hugsað meira um að velja hæfa menn til starfans. Má vel vera, að þessir menn sjeu góðir til annara starfa, en þeir hafa lent á rangri hillu. Slíkum mönnum sem þessum mun fjölga í kennarastöðunum, ef laun kennara verða lækkuð. Þeim mun líka fjölga, ef lög verða samþykt, sem koma meira losi á fyrirkomulag barnafræðslunnar.

Aðalskilyrðið til þess, að barnafræðslan verði í góðu lagi, er það, að fá menn til kenslunnar, sem eru starfi sínu vaxnir og hafa fengið rjettan undirbúning undir starfið. Gildir hjer hið sama og með önnur störf í þágu hins opinbera. Engin stjett heldur áliti sínu, ef hún hefir marga óhæfa menn innan sinna vjebanda til að gegna starfi stjettarinnar. Tökum t. d. prestana, hvernig færi með álit þeirra, ef söfnuðurnir tækju upp á því að gera leikprjedikara vestan úr Ameríku eða annarsstaðar að að prestum; prjedikara, sem lært hefðu hjá mormónum eða öðrum sjertrúarflokkum þar vestra. Jeg gæti trúað, að mesti glansinn færi af prestastjettinni, ef þannig væri farið að. Hvernig færi um álit dómaranna, ef til dómarastarfa væru valdir ólögfróðir menn, þótt hámentaðir væru, t. d. útlærðir guðfræðingar eða læknar, sem kynnu öll veraldarinnar vísindi í sinni fræðigrein? Hvernig skyldi lögfræðingum lítast á þetta, og hvaða orð ætli færi af þeim sem dómendum? Leyfi jeg mjer að taka eitt dæmi enn. Verslunarmaður í Reykjavík er þreyttur á starfi sínu, vill fá sumarfrí og dvelja í sveit, en efnahags vegna þarf hann að hafa atvinnu í sveitinni, meðan hann dvelur þar í sumarfríinu. Þá tekur hann það ráð, að hann fær verkaskifti við búfræðing, vanan jarðabótamann, sem á heima hjá hv. 2. þm. Skagf. (J. S.). Búfræðingnum þykir skemtilegt að bregða sjer til Reykjavíkur, og heldur það þægilegt starf að vera þar skrifstofumaður. En hvernig ætli hv. 2. þm. Skagf. (J. S.) þyki skiftin? En ekki mundi sá dómur hans þykja rjettlátur, ef hann teldi jarðabótavinnu allra jarðabótamanna lítils virði, þótt hinn nýi jarðabótamaður hans, verslunarmaðurinn frá Reykjavík, verði ekki sem lægnastur við jarðabótastörfin. Þannig mætti lengi telja upp, en þetta sýnir, að ef ekki er lagt kapp á undirbúningsmentun manna, sem gegna eiga ábyrgðarmiklum störfum, þá fer alt í handaskolum.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. Jeg er víst „dauður" núna; jeg talaði einu sinni í þessu máli fyrir hálfum mánuði; þá var sama umr. og nú, en þá þótti ekki tiltækilegt að bera þessar till. undir atkv., því að þá vantaði einhverja hv. þm. á fund, er líklegir þóttu til stuðnings við þær, en nú munu þeir vera viðstaddir, og má því vænta þess, að það dragist ekki lengur, að atkv. verði greidd um frv. þetta.

Ingólfur Bjarnarson: Jeg ætlaði að eins að lýsa yfir því, að með því að hv. mentmn. leggur fram hjer í deildinni frv.,

sem hefir að geyma ákvæði um sama efni og fram á er farið í brtt. minni á þskj. 105, þá tek jeg hana aftur.

Jón Þorláksson: Jeg ætla að minnast örfáum orðum á brtt. á þskj. 168. Jeg býst við, að skilja megi hana svo, sem flm. hennar sjeu fallnir frá frv. því, sem fjvn. sem heild bar fram um frestun á barnafræðslulöggjöfinni. Þessi brtt. ásamt brtt. á þskj. 88 búa til nýtt frv., sem bægir frv. fjvn. frá, ef samþ. verða. Jeg mun því leiða hjá mjer að ræða frv. fjvn., en snúa mjer að brtt. á þskj. 88 og 168, sem koma eiga í staðinn.

Brtt. á þskj. 88 gengur út á að breyta lögunum um laun og skipun barnakennara, frá 28. nóv. 1919. Það er tvenskonar breyting; stefnir önnur í þá átt að lækka laun barnakennara, en hin að færa greiðsluskylduna af ríkissjóði og yfir á sveitarsjóðina frekar en nú á sjer stað. Brtt. á þskj. 168 fer lengra í þá átt að lækka laun barnakennara en brtt. á þskj. 88. Hv. 2. þm. Skagf. (J. S.) gerði tilraun til að sanna, að með þessu væri betra samræmi fengið milli kennaralaunanna og launa annara opinberra starfsmanna. En það er flóknara mál en svo, að hægt sje að gera grein fyrir því í þingræðu, í von um að komast að rjettri niðurstöðu. Sem dæmi þess, hve hv. 2. þm. Skagf. (J. S.) mistókst þetta, má benda á það, að hann gleymdi einu höfuðatriði, er miklð tillit verður að taka til, er laun eru ákveðin. Hann nefndi 3 atriði, en hann gleymdi að gera mun á því, hvort launin eiga að gilda fyrir stöðu, sem hver meðalmaður í sinni stjett getur gegnt, eða hvort þau eiga að vera fyrir stöðu, sem úrvalsmennirnir einir innan stjettarinnar eru færir um að gegna. Þetta var áberandi, er hann tók til samanburðar forstöðumenn barnaskóla í kaupstöðum og aðstoðarverkfræðinga landssjóðs. Forstöðumenn barnaskóla í kaupstöðum, svo sem við barnaskólann hjer í Reykjavík, geta ekki orðið aðrir en úrvalsmenn kennarastjettarinnar, en allir, sem verkfræðipróf hafa, geta orðið aðstoðarverkfræðingar landssjóðs. Þetta er atriði, sem mjer virðist verða að leggja mikla áherslu á. Jeg get yfirleitt ekki fallist á það, að barnakennarastjettin verði tekin út úr og laun hennar lækkuð, án raunverulegs samanburðar, hvort lækkun þessi sje rjettmæt, samanborið við laun annara opinberra starfsmanna.

Þá er jeg nú kominn að því, sem aðallega kom mjer til að standa upp, en það var, hvernig hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) vísaði hv. þm. til atkvæða um sínar brtt. Hann sagði, að fulltrúar kaupstaðanna mundu greiða atkv. á móti þeim, en fulltrúar sveitanna ættu að vera með þeim. Út af þessu vil jeg segja það hjer, sem jeg hefi oft sagt, þegar stjórnmál hafa borið á góma, að hið versta pólitíska verk, sem hægt er að vinna, er að ala á stjettarig milli manna við sjávarsíðuna og sveitanna, eða egna þá hvora upp á móti öðrum. Það er vitanlegt, að hið pólitíska vald er nú hjá íbúum sveitahjeraðanna, og menn unna sveitunum þess vel, því það dylst engum, að menning sú, sem nú er hjer í landinu, er upprunnin úr sveitunum. En sá góði vilji gildir ekki lengur en meðan sveitirnar fara vel með þetta vald sitt. Þær hafa farið vel með það hingað til, en þær fara að misbeita því, ef það á að fara að nota það til þess að gera fjárhagslega upp á milli þessara tveggja aðilja. Það er skammsýni hin mesta af fulltrúum sveitanna, ef þeir ætla að láta stundarhagnað teyma sig inn á þá braut. Sá tími kann að

koma, að valdið færist úr sveitunum til sjóplássanna, því að, svo sem kunnugt er, er íbúum sveitanna að fækka og dragast til kaupstaðanna. Þeir, sem óska þess, að pólitískt vald haldist áfram í höndum sveitanna, ættu því að forðast að láta svona hagsmunaskiftingu milli sveita- og sjávarmanna hafa áhrif á atkv. sitt í landsmálum.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg tala hjer varla sem frsm. fjvn., því að hjer hafa komið fram brtt. frá sumum úr fjvn., sem ekki hafa verið bornar undir nefndina. Jeg skal nú ekki hefja neinar kappræður um þennan stjettarig, sem hjer hefir verið minst á, en vildi að eins minna á, að tilgangur fjvn. var að losa fje landssjóðs til aukningar unglingamentun, fyrst af því, að nefndin áleit, að of miklu fje væri varið til þess að kenna lestur og skrift, og í öðru lagi vegna þess, að hún áleit, að fræðsla sú, sem börnin fá í skólunum, væri algerlega ónóg undirbúningsmentun og óviðunandi. En okkur heyrðist það á máli manna hjer, að fjárhagur ríkissjóðs væri svo góður, að þeir vildu bæta mikiu ofan á það fje, sem nú er veitt til barnafræðslu, svo að unglingaskólar gætu starfað svo að í lagi væri. Ef jeg hefði haldið, að hv. þm. vildu bæta ofan við, þá hefði jeg verið með því, en á því hafði jeg enga trú. Þetta var tilgangur nefndarinnar. Ef menn vilja ekki aðhyllast höfuðástæður þessa frv., þá tel jeg einskisvert um aðrar greinar þess. Jeg er á móti brtt. á þskj. 168. Jeg vil eigi breyta nýjum lögum um laun og skipun barnakennara, og tel það eigi samkvæmt tilgangi nefndarinnar að koma með till. um að lækka laun starfsmanna þessara, ef halda á þeim á annað borð. Jeg lýsti yfir því, að nefndin væri öll á móti þessum till. hv. 1. þm. Skagf. (M. G.), af því að hann tekur fyrir jaðar málsins, en ekki kjarna þess; vill lækka laun kennara, en ekki breyta fræðslukerfinu. Jeg mun greiða atkv. með frv. fjvn., en á móti öllum brtt.

Magnús Guðmundsson: Jeg undrast það, hvernig hv. þm. hafa snúist við þessum brtt. mínum. Hvað snertir þá hlið þeirra, sem fer fram á að skifta dýrtíðaruppbótinni milli ríkissjóðs og sveitarsjóða, þá tók jeg það fram við aðra umr. þessa máls, að jeg teldi enga sanngjarna ástæðu til þess að láta dýrtíðaruppbótina hvíla óskifta á ríkissjóði, aðra en þá, að menn álitu, að ríkissjóðurinn væri færari um að bera hana en sveitarsjóðirnir. Þetta kann nú að hafa verið rjett 1919, en nú á það ekki lengur við. Það er því rangt, að jeg sje með þessum brtt. að ala á nokkrum rig milli sjávarsíðunnar og sveitahjeraðanna. Jeg fer ekki fram á annað en það, sem sanngjarnt er. Er jeg gat þess, að jeg gæti skilið, að íbúar kaupstaðanna ættu bágt með að fallast á mínar till., þá var það ekki gert í því skyni að ala á neinum rig, eins og hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) virtist halda, heldur til þess að draga úr honum, með því að viðurkenna, að kaupstaðirnir hefðu nokkuð til síns máls. Jeg er honum alveg sammála um það, að það sje ilt verk og óþarft að ala á slíku ósamlyndi.

Umr. frestað.

Á 37. fundi í Nd., föstudaginn 31. mars, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 58, 88, 97, 105, 168).

Jón Sigurðsson: Það bar hjer nokkuð á deilum í deildinni í gær, þó að það væri í bróðerni að vísu, en samt get jeg ekki látið hjá líða að svara nokkrum hv. ræðumönnum, og þá helst

þeim, sem síðast andmælti brtt. okkar, hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.). Hann taldi okkur hafa gleymt einu meginatriði í kröfum okkar og launareikningum, en það væri, að í sumar stöður þyrfti afburðamenn. Tók hann sem dæmi, að jeg hefði borið saman skólastjóraembætti við barnaskólann hjer í Reykjavík og stöðu aðstoðarverkfræðings. Jeg vil nú benda á, að ef gerður væri að skólastjóra maður, sem kominn væri nýlega frá prófborðinu, hefir enginn maður sönnun fyrir því, að hann sje afburðamaður, meðan engin reynsla hefir fengist á starfshæfileikum hans; svo er og um aðstoðarverkfræðinginn.

En jeg skal nú látast fallast á þetta, honum til geðs, og tek þá t. d. aðra stöðu, sem jeg hygg að hann muni telja þörf á, að sje skipuð úrvalsmanni. Þessi staða er embætti vegamálastjóra. Laun vegamálastjóra eru 5000 kr. föst laun. Hann þarf 11½—12½ — eða að meðaltali 12 — ár til undirbúnings undir þessa stöðu, en starfstími hans 5 stundir á dag, og þó oft meira. Auk þess hefir hann mikla ábyrgð á höndum fjárhagslega.

Ef maður ber nú þessa stöðu saman við skólastjórastöðuna við barnaskóla Reykjavíkur og dregur frá launum skólastjórans 2000 kr. í ljós og hita, sem jeg hefi áður ofreiknað, hefir hann 3500 kr. í föst laun. Ef nú ætti að launa vegamálastjóra þeim mun hærra, sem hann hefir varið lengri tíma til náms en skólastjórinn, ætti hann að fá þrefalt hærri laun, en ef miðað væri við starfstíma, ætti hann að fá helmingi hærri laun. En þar sem hann hefir hvorugt, er rjett að álykta, að samræmisreglan um laun embættismanna sje hjer brotin.

Jeg get vel skilið, að háttv. 3. þm. Reykv. (J. þ.) og aðrir hv. þm., sem taka í sama strenginn, vilji að þetta mál sje rannsakað. En hvað mundi það þýða? Það mundi þýða það, að þá ynnist hæstv. stjórn tími til þess að skipa mönnum öll embætti, og geta þá þeir, sem nokkuð þekkja til, hugsað sjer, hvernig málið þá horfi við.

Þá vil jeg ekki eyða fleiri orðum að þessu, en snúa mjer að hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.), sem því miður er nú „dauður", og skal jeg því taka sem vægilegast á ávirðingum hans. Hann sagði, að ef kennaralaunin væru of há, væru flest embætti oflaunuð. Þetta er vitanlega ekki annað en sleggjudómur, og þykist jeg áður í þessari umr. hafa sýnt fram á hið gagnstæða. Í öðru lagi hjelt hann því fram, að á kennurunum hvíldi meiri ábyrgð en á flestum embættismönnum, þar sem þeir hefðu með höndum uppeldi æskulýðsins. Þetta er nú að vísu fagurlega mælt, en skyldu ekki prestarnir hafa meiri ábyrgð, þar sem þeir þó hafa andlega ábyrgð okkar allra? Jeg skal engan veginn neita því, að mikil ábyrgð hvíli á kennurunum, en það fylgir ábyrgð velflestum eða öllum embættum og opinberum störfum, og mjög þung á sumum.

Enn hjelt þessi hv. þm. (Þorst. J.) því fram, að margir kennarar yrðu að hafa sig alla við að framfleyta sjer og fjölskyldu sinni fjárhagslega, og væri ekki að marka, þó að einhleypir kennarar hefðu góða afkomu fjárhagslega.

Jeg þekki aftur mörg dæmi þess, að kennarar sjeu efnaðir, þó að fjölskyldumenn sjeu. Launin eiga ekki að miðast við það, hvort Pjetur eða Páll getur með þeim nurlað saman fje, eða hvort Pjetur eða Páll kunna að geta komið þeim í lóg, heldur að eins í samræmi við launakjörin alment.

Þá bar þessi hv. þm. (Þorst. J.) sam-

an kennara og lækna. Jeg vil í því sambandi leyfa mjer að benda á það, að það er ólíkt að vera á ferðalögum í vondum veðrum að vetrarlagi eða sitja í upphitaðri skólastofu. Það hlýtur hv. deild að sjá. Enn fremur þóttist hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) hafa bent á embættismann, sem væri launaður hærra en kennarar, eftir minni meginreglu; þessi maður er póstmeistari. Jeg hygg nú, að hv. þm. (Þorst. J.) hafi verið mjög óheppinn að nefna þennan mann til dæmis þessa, því það er alkunna, að hann hefir afarmikla ábyrgð á peningum, því að árlega greiðir hann inn og út mörg hundruð þúsundir króna, og verður oftast að láta aðra telja, þó að hann hafi sjálfur alla ábyrgð. Auk þess mun hann vinna 10 stundir á dag eða meira. Sama má og segja um stöðvarstjórann í Reykjavík o. fl.

Þá er næst fræðslufyrirkomulagið. Jeg skal nú ekki verða langorður um það, en fyrir þá sök, að háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) beindist að Skagfirðingum sjerstaklega, vil jeg leyfa mjer að votta honum þakklæti, fyrir hönd skagfirskra kennara, fyrir góð meðmæli. (**Þorst. J.:** Nefndi jeg Skagfirðinga sjerstaklega?). Nei, en allir vissu, við hverja var átt. Jeg tek annars þetta sem það eigi við alt landið, því að þessi hv. þm. (Þorst. J.), hefir áður nefnt til skóla Skagfirðinga sem fyrirmyndarskóla.

Þá nefndi hv. þm. (Þorst. J.) kennarana ýmsum undarlegum nöfnum; líkti þeim við skottulækna og annað þess háttar. (**Þorst. J.:** Þetta er misskilningur). Jeg er enginn málsvari kennarastjettarinnar, en þó tel jeg þetta ekki rjett. Annars fanst mjer nú dýrðin á fræðsluástandinu vera farin að dvína undir lokin á ræðu hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.), því að þegar hann beindist að fræðsluástandinu í mínu kjördæmi með fremur niðrandi lýsingum. gætti hann þess ekki, að með því reif hann niður stein eftir stein það, sem þeir hæstv. forsrh. (S. E.) og aðrir höfðu bygt upp, svo að lokum stóð þar ekki steinn yfir steini.

Frv. sjálft er nú komið í þá kreppu, að ræða hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) getur ekki bjargað því, en jeg harma það mjög, að hann skyldi ekki halda hana fyrir hálfum mánuði, því að þá væri okkar frv. með brtt. komið í gegnum deildina, og líklega orðið að lögum.

Jakob Möller: Jeg hefi ekki hugsað mjer að halda langa ræðu, enda er nú varla á bætandi. En mjer þótti hlýða að gera grein fyrir atkv. mínu.

Jeg greiddi atkv. með frv. til 2. umr., en af því að mjer finst skoðanir manna allmjög á reiki, og flm. þess sumir hafa jafnvel gengið inn á aðra braut en frv. sjálft í fyrstu benti á, hefi jeg ákveðið að greiða nú atkv. á móti því við þessa umr. Jeg hefði getað fylgt frv. með það fyrir augum að auka unglingafræðsluna, eins og flm. þess virtust í fyrstu gefa í skyn, að aðaltilgangurinn væri, og flytja skólaskylduna yfir staðfestingaraldur. Jeg gæti trúað, að það væri betra, þó að hins vegar sje málið svo lítið rannsakað, að ekki sje rjett að hrapa að því. Það var tilgangur minn, er jeg greiddi frv. atkv. til 2. umr., að því yrði síðan vísað til mentmn., en það var felt. En þó að frv. hefði nú verið samþykt eins og það var flutt í upphafi, þá átti það þó að eins að vera tilraun; mátti þá hverfa aftur að gamla fyrirkomulaginu að þeirri tilraun gerðri, ef það hefði þá þótt betra. Á þeim grundvelli hefði jeg sennilega ljeð því fylgi mitt, en þar sem jeg sje nú, að margir hv. þm., og þar á meðal sumir flm. frv., vilja gera

þetta til þess eingöngu að spara, sje jeg, að við eigum ekki samleið, því jeg er þeirrar skoðunar, fyrst og fremst, að á þessu sviði sje allra síst hægt að spara. En auk þess efast jeg um, að það fyrirkomulag, sem frv. ráðgerir, verði ódýrara í framkvæmdinni, ef í lagi ætti að vera. Þó að meira yrði lagt á sveitirnar af barnafræðslukostnaðinum, þá yrði enginn sparnaður að því, allra síst, ef síðan ætti að auka unglingafræðsluna á kostnað ríkissjóðs sem því svaraði. En nú er svo mikið farið að tala um sparnað í sambandi við þetta, að jeg óttast, að ef þetta frv. væri samþykt, yrði niðurstaðan að eins sú, að skólaskyldan á 10—14 ára aldri yrði afnumin og látið svo við það sitja, en ekkert kæmi í staðinn. Þess vegna hefi jeg ákveðið að greiða atkv. á móti frv.

Forsætisráðherra (S. E.): Jeg hefi talað svo oft um þetta mál, að jeg skal láta mjer nægja örstutta athugasemd viðvíkjandi brtt. á þskj. 168. Jeg hefi átt tal við fræðslumálastjóra og bað hann um álit hans um, hvort kennarar mundu geta komist af með laun þau, sem gert er ráð fyrir í brtt., og hvort nægir kennarar mundu fást í stöðurnar með þeim launum. Ljet hann það álit í ljós, að að eins þeir, sem einskis annars ættu úrkosta, mundu sætta sig við þessi kjör, en úrvalsmennirnir mundu snúa sjer að öðrum verkefnum. Taldi hann því, að fræðslumálunum mundi stafa stórhætta af því, ef till. yrði samþ. Mjer þótti sjálfsagt, að hv. deild gæfist kostur á að heyra álit þess manns, er kunnugastur er fræðslumálum landsins.

Eiríkur Einarsson: Það er kominn svo mikill glundroði á þetta mál, síðan fyrst að fjvn. hleypti því af stokkunum, tíminn orðinn svo langur, sem það er búið að vera á ferðinni hjer í háttv. deild, að mjer finst ekki ástæðulaust, þó jeg geri nú dálitla grein fyrir atkvæði mínu.

Það var aldrei höfuðástæðan fyrir mjer, við flutning þessa máls, sparnaðarhliðin, eins og svo mörgum hefir orðið skrafdrjúgt um, heldur var það hitt, eins og jeg tók fram um daginn, að reyna að breyta fræðslukerfinu til bóta, með því að róta upp í málinu.

Jeg held því fram, og leiddi rök að því um daginn, að síðan þetta fræðslukerfi var upp tekið, hafi allri heimafræðslu stórum hrakað, einkum þó til sveita, eftir að farið var að glápa á þessa tildurbarnafræðslu með gleraugum, og ef til vill lituðum gleraugum, og alt kallað gott, sem aðfengnir kennarar og próídómendur komu sjer saman um að segja fólkinu. Og úr því ríkissjóður styrkir almenna fræðslu í landinu, þá vil jeg heldur, að fjenu sje varið til þess að menta unglingana eftir 14 ára aldurinn, en að heimilin sjái um fræðsluna þangað til, og þau styrkt til þess, ef nauðsyn krefur.

Þetta tel jeg höfuðástæðuna, en ekki sparnaðinn, sem af þessu kann að leiða í bili. Fyrir mjer er hann aukaatriði, meðal annars vegna þess, að um sparnað í almennum fræðslumálum þjóðarinnar á ekki og getur ekki verið að ræða, á meðan þing og þjóð afnemur ekki alla mentun í landinu, og telur sparaðan eyri meira virði en skynsemi og manndóm þjóðarinnar; þar verður að enda, en ekki byrja, er til sparnaðarins kemur.

Aftur á móti er sparnaðurinn auðsær sem höfuðeinkenni, þegar litið er á brtt. á þskj. 88 og 168. Þar er hinum gamla grundvelli fræðslukerfisins í engu hagg-

að, en reynt að spara ríkissjóði allálitlega fúlgu, með því að lækka laun kennaranna, eða yfirfæra launaskylduna á þann aðiljann, sem kenslunnar nýtur. eða m. ö. o., skuldbinda sveitar- og bæjarsjóði til þess að launa kennarana, og verða þá kaupstaðirnir sjerstaklega fyrir barðinu, eins og bent hefir verið á.

Hvorugri þessari brtt. get jeg ljeð fylgi mitt. Mjer finst þær báðar jafnfráleitar.

Ef setja á kennarastjettina á með óbreyttu kenslufyrirkomulagi, þá mun hún ekki ofhaldin af þeim launum, sem hún hefir. En með brtt. er hún svelt, og þá finst mjer nokkuð langt gengið á sparnaðarbrautinni, ef Alþingi, til þess að spara ríkissjóði talsverða fúlgu, vinnur til að svelta heila stjett í landinu, er allir verða þó að játa, að hefir mikilsvert ætlunarverk, hvernig svo sem það álist leyst af hendi.

Þá er hin hliðin, að yfirfæra kostnaðinn á kaupstaðina eða stærri þorp; það get jeg ekki sjeð, að nokkur sanngirni mæli með. Þó jeg ætlist alls ekki til, að farið sje sjerstaklega að hlaða undir kaupstaðina, þá verðum við þar að gæta hófs. Við megum ekki vera svo miklir sveitamenn, að við sjáum ekkert annað en okkur og okkar þörf. Við verðum líka að muna eftir því, að í kaupstöðunum eru börn, sem þarfnast fræðslu. Þess vegna þurfa allir að taka saman höndum um barnafræðsluna, að hún megi sem best úr höndum fara, með því fyrirkomulagi, er eigi verður hjá komist. Um það mál verður öll þjóðin að taka höndum saman og sjá um, að engum sje ofþyngt.

Að lokum eru það fáein orð út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) sagði í gær. Jeg er honum fyllilega sammála um það, að máli þessu beri að halda utan við alla hreppapólitík. Komist hjer á magnaður reipdráttur milli sveita og kaupstaða, þá er mikil hætta á ferðum. En þar sem sami hv. þm. (J. Þ.) vjek að viðkomu kaupstaðanna og í sambandi við fólksfjölgunina gat þess, að forystan væri og hlyti að færast þangað, jafnt í þessu máli sem öðrum velferðarmálum þjóðarinnar, þá get jeg ekki verið honum samnála þar. Og meira að segja heyrðist mjer hann tala um þessa forystu sem nauðsynlega. En þar er jeg á gagnstæðri skoðun. Jeg treysti kaupstöðunum miklu síður til þess að hafa þessa forystu á hendi, og furðar mig á því, að maður eins og hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), sem annars trúir á framtíð sveitanna og landbúnaðarins, skuli kasta öðru eins fram. Þetta er óþarfa uppgjafarstefna, að gera endilega ráð fyrir, að sveitirnar h l j ó t i að draga saman seglin og geti á engan hátt rönd við reist fólksstraumnum þaðan, og að kaupstaðirnir h l j ó t i að aukast og dafna.

Ef við hugsum þetta þannig, verðum við að leggja öll spilin á borðið. Við verðum þá að hugsa okkur, að landbúnaðurinn sje svo óviss orðinn, að bankarnir vilji á engan hátt styrkja hann með heppilegum lánum, heldur styðji þeir að húsbyggingum í Reykjavík eða öðrum kaupstöðum, þar sem fólkið vill heldur slá tjöldum sínum. Svona er hægt að hugsa sjer það, en jeg er nú svo bjartsýnn, að jeg trúi fremur að stjórn og bankar beini straumnum heim í sveitirnar með því að auka jarðrækt í landinu og með bættum samgöngum og öðrum þægindum. Það á að beina fje og atfylgi til ræktunar þeim jarðvegi, sem er bestur, og þar á maður að vænta fjölgunar og forstöðu í málum þjóðarinnar.

Þorsteinn Jónsson: Báðir hv. þm. Skagf. tóku til Skagfirðinga sumt af því, sem jeg sagði í gær. Sömuleiðis

sögðu þeir, að jeg hefði fyrir nokkru síðan tekið skólann á Sauðárkróki til fyrirmyndar. Það er satt, að jeg mintist á þann skóla í sambandi við rannsóknir, sem þar hafa verið gerðar í heilsufræðislegu tilliti og líkamsþroska barna. En um kensluna talaði jeg ekkert, hvorki þá nje heldur í gær, og mintist ekki einu orði á skólahald í Skagafirði, enda er mjer það ekki sjerstaklega kunnugt. Þess vegna get jeg ekki að því gert, þó að ýmislegt það, sem jeg taldi ábótavant, hafi rumskað svo við þm. Skagf., að þeir þættust þekkja dæmin.

Jeg sagði heldur ekki, að það eitt væri nóg til þess að vera góður kennari, að hafa lokið prófi á kennaraskólanum.

En á það benti jeg, að umsagnir þeirra prófdómara, sem jeg hefi sjeð, ljúka alment lofi á þá kennara, sem lokið hafa prófi í kennaraskólanum. Og í sambandi við það sýndi jeg svo fram á, hve ilt það væri til afspurnar og óhæfa að taka þá menn til kenslustarfa, sem ekki hefðu búið sig undir það. Þeir menn geta verið liðtækir á öðrum stöðum og átt þar heima, þó að þeim. af eðlilegum ástæðum, sje ekki hent að fræða ungmenni, svo í nokkru lagi sje.

Og jeg lagði aðaláhersluna á það, að óheppilegt væri nú að koma þessu losi á fræðsluna, en því verður ekki á móti mælt, að þessar breytingar, sem nú liggja fyrir, hljóta að verða þess valdandi, að fræðslan sumpart lendi í handaskolum eða falli algerlega niður. En við því má þjóðin ekki, því ástandið er ekki svo glæsilegt, að minsta kosti hvað farkensluna snertir, að koma megi meira losi á hana eða rýra hana enn til muna. Um þetta hafa margir prófdómarar víðsvegar á landinu látið til sín heyra og meira að segja, svo að jeg nú vitni sjerstaklega í Skagfirðinga, þá hafa prófdómarar í Skagafirði stungið upp á að hafa farkensluna lengri tíma, ef ske kynni, að með því mætti bæta úr þeim misbrestum, sem á henni hafa orðið.

Undanfarið hefir ástandið verið „ónormalt", og það hefir spilst ár frá ári, með öllum þeim undanþágum, sem búið er að veita.

Lengri athugas. má jeg víst ekki gera, enda hefi jeg ekki miklu að svara.

Pjetur Ottesen: Við könnumst allir við það, sem kallað er að grípa dauðataki á einhverju. Einkum er þess getið um þá menn, sem eru að drukna, að nái þeir handfesti á einhverju í andarslitrunum, þá sje örðugt að losa um slík tök.

Eins finst mjer að farið hafi fyrir hæstv. forsrh. (S. E.). Hann hefir gripið dauðahaldi í ummæli þau, sem fylgdu frv. fjárveitingan. í öndverðu og bitið sig fastan í greinargerðina.

Hann hjelt því seinast fram í gær, að af þeirri greinargerð mætti ekki annað ráða en verja ætti öllu því fje, sem sparaðist í barnafræðslunni, til unglingafræðslu í landinu, og með því yrði fjeð fest um óákveðinn tíma. En það er, að því er virðist, eitur í beinum kenslumálaráðherrans að heyra talað um að veita fje til kenslu eða menningar, þegar unglingarnir eru orðnir svo þroskaðir, að þeir geti fyllilega notið mentunarinnar. Hann álítur unglingafræðsluna einskis virði, í samanburði við þá barnafræðslu, sem nú tíðkast, en úr henni höfum við viljað bæta.

Þessi ummæli gat auðvitað enginn lesið eða þýtt út úr greinargerðinni á þennan veg, eins og hæstv. forsrh. (S. E.), nema þá að lesa þau eins og sagt er, að viss herra lesi bibliuna, og hjelt jeg að kenslumálaráðherra ríkisins myndi síst taka hann til fyrirmyndar.

Í greinargerð frv. fjvn., sem er frem-

ur stutt, er þess getið, að nánara verði gerð grein fyrir þessu í framsögu málsins. Það kom líka skýrt fram þar, að þó að fjeð til unglingaskólanna yrði hækkað um helming og skólar í kauptúnum og kaupstöðum fengi ríflegan styrk, þá mundi þetta leiða af sjer um 200 þús. kr. sparnað á útgjöldum ríkissjóðs á árinu 1923. Hv. frsm. (B. J.) greip ekki dýpra í árinni en þetta, að hann nefndi að eins 200 þús. kr., en þegar nefndin gerði svo endanlegar till. um þennan lið við fjárlögin, kom það í ljós, að sparnaðurinn á útgjöldum ríkissjóðs varð um 250 þús. kr.

En hæstv. forsrh. (S. E.) vildi ekki spara þetta fje. Raunar vildi hann þó koma því yfir á kenslumálaráðherrann, en um það mætti nú kannske segja, að það sje skylt skeggið hökunni. Hann afsakaði sig líka þá — við 1. umr. þessa máls — með því, að hann væri ekki búinn að grafa sig ofan í fjárhaginn, en eftir framkomu hans síðan, þá er fjárhagurinn líklega svo góður í hans augum, að engin þörf er á sparnaði í þessu efni, og það er fleira í framkomu hæstv. forsrh. (S. E.), sem virðist benda til að svo sje.

Hann vildi heldur ekki nota starfskrafta prestanna, sem víða eru lítið notaðir nú. En prestarnir eru skyldir til þess að lögum að hafa eftirlit með barnafræðslunni. Þeir eiga að fara tvær húsvitjunarferðir á vetri um sóknir sínar og líta eftir og gefa ráð og leiðbeiningar um heimafræðsluna. En með því fræðslufyrirkomulagi, sem við höfum átt við að búa, hafa prestarnir lagt eftirlitið á hilluna og álitið, að skyldan hafi færst yfir á farkennarana eða skólana, og þetta hefir gengið svo langt, að þess eru dæmi, að prestar hafa lagt niður að húsvitja og taka manntal, og hefir það sumstaðar valdið erfiðleikum og orðið bagi að.

En þessa starfskrafta vill nefndin nota, enda á ríkið kröfur til þess. Prestarnir fá há laun og háværar raddir berast frá þjóðinni um það að nota vel það starf, sem fullborgað er. Þetta eftirlit með fræðslunni er og samstætt aðalstarfi prestanna og undirstöðu þess, en það er að vera meðalgöngumenn á milli guðs og manna.

Þegar prestarnir hættu að hafa náið samband við söfnuði sína, dofnaði trúarlífið svo, að nú má víða um það segja, að það sjeu að eins kulnaðar glæður.

Þess vegna finst mjer íhugunarvert, hvort ekki sje hægt að auka þetta samband og koma því í það horf, sem áður var, og mjer finst það næsta undarlegt, að sjálfur kenslumálaráðherrann skuli leggjast á móti því, að þetta sje reynt. Hans var þó fyrst og fremst skyldan að ganga á undan með góðu eftirdæmi.

Fyrir okkur vakir líka að bæta heimafræðsluna, því hún hefir jafnan verið sterkasti mentunar- og menningarþáttur þjóðfjelagsins, og þó að henni hafi hrakað um stund, þá er sú afsökun til þess, að fólkið hefir reitt sig á kennarana og skólana. En það mun heilladrýgst í framtíðinni, að á heimilunum sje sáð þeim frækornum í barnssálirnar, sem bera eiga ávöxt fyrir lífið síðar meir. Og þegar það er alment viðurkent, að heimilin hafi áður haft heillavænleg áhrif með fræðslu sinni, og það játar hæstv. forsrh. (S. E.), þá er enn undarlegra að vantreysta þeim fremur nú og hamast með hnúum og hnefum á móti því að auka einmitt þessi heillavænlegu áhrif.

Hæstv. forsrh. (S. E.) hjelt því fram, að það væri argasti skrælingjaháttur að

fresta fræðslunni um tvö ár. En hvar er þá öll þessi mentun, sem nýju skólarnir hafa skapað, ef öll fræðsla í landinu ætti að komast í kaldakol, þó að framkvæmd fræðslulaganna yrði frestað um 2 ára skeið? Ef það kæmi ekki fram á heimilunum, hvar gætir þess þá? Jeg þykist vita, að svarið verði, að þeir, sem fræðslunnar hafa notið, sjeu foknir út í veður og vind, og mun þetta satt vera. En þá komum við aftur að annari hlið þessa máls, sem sje þeirri, að skólarnir hafa komið losi á hugsunarhátt manna, svo þeir hafa leitað burt úr sveitunum, undir eins og þeir sáu sjer fært. Og sú hliðin er engu síður alvarleg en sumar aðrar. En til þess að tryggja fólkið í sveitunum, tel jeg víst, að heimafræðslan mundi heppilegust, samfara því að koma á fót og styrkja unglingaskóla í sveitum. Og sá, sem er elskur að heimili sínu og hugsar um hag þess, hann mun uppfylla fleiri skyldur við þjóðfjelagið.

Þá hefir og hæstv. forsrh. (S. E.) bitið sig fastan í það, að bæta þurfi á einhvern hátt þann halla, sem kennararnir bíða við frestun laganna. En ef ástandið er nú víða eins og hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) lýsti því í gær, þá held jeg, að ríkinu beri lítil skylda að sjá þeim kennurum farborða, er á engan hátt voru starfi sínu vaxnir. Að vísu mun hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) aðallega hafa átt við þá kennara, sem ekki höfðu lokið kennaraprófi, en ætli það hafi ekki getað líka náð til sumra kennaraskólamannanna? (**Þorst. J.**: Vitanlega eru undantekningar þar líka). En hv. þm. (Þorst. J.) er nú „dauður“ og jeg vil ekki leggjast á náinn, með því að hefja deilur við hann að nýju. Hann er vanur að mála með sterkum litum málstað sinn, og býst jeg við, að hann hafi ekki brugðið frá þeirri reglu í þessari lýsingu sinni. Við höfum líka áður átt orðastað um þetta, og læt jeg því úttalað um það nú.

Hæstv. forsrh. (S. E.) hefir lagst á móti þessu frv., af því að hann telur það sparnaðarfrv. Það er það, sem okkur skilur. Jeg hefi litið svo á, að full þörf væri að draga saman seglin hvað útgjöld ríkissjóðs snertir og reyna að spara sem allra mest. — Þó segja megi máske, að við fjárveitingamenn höfum lagt misjafnlega mikla áherslu á ýms atriði þessa máls, þá vakti sparnaðurinn jafnframt fyrir öllum, og auk þess að hægt væri að miðla einhverju til unglingaskólanna, fram yfir það, sem nú er. Furðar mig því mikið, að hæstv. forsrh. (S. E.), enda þótt hann sje nú líka kenslumálaráðherra, því að skylt er þó skeggið hökunni, þar sem sama persónan er hvorttveggja, skyldi taka svona í málið, því að samkvæmt „prógram“-ræðu sinni, þeirri, er hann hjelt hjer á dögunum, sællar minningar, ljest hann þó vilja spara. Jú, það átti svo sem að spara. Gafst honum nú tækifæri, og þau hafa reyndar gefist fleiri, á því að sýna hug sinn í verkinu, en þá fór sem fór. Hefi jeg að gamni mínu talið saman um 300 þús. kr., sem hæstv. forsrh. (S. E.) hefir lagst á móti, að sparaðar yrðu af útgjöldum ríkissjóðs árið 1923. (**S. E.**: Hvað er það?). Jú, úr því hæstv. forsrh. (S. E.) langar til að jeg rifji það upp fyrir honum, þá er það velkomið, og skal jeg lesa hæstv. ráðherra (S. E.) það, honum til skemtunar.

Stærsti liðurinn er 250 þús. kr., sem fjvn. lagði til, að sparaðar yrðu með frestun fræðslulaganna. Þá er næsti liður 12 þús. kr. til sendiherrans. Mætti raunar reikna þessa upphæð hærri, því að sendiherrann hefir tjáð, að honum dygði ekki þessi upphæð til viðbótar,

svo að búast má við, að hækka verði hana, sennilega um helming. Þá eru 9 þús. kr. til þess hagnýta. En jeg ætla að gera honum ⅔ í biðlaun, svo að það verða 3 þús. kr. Þá er grískudócentinn með 7200 kr. Var þar engin skylda til biðlauna, svo að reikna má þá upphæð alla. Þá er eftir prentun Alþt., sem nema mun lágt reiknað 20 þús. kr., laun dr. Alexanders Jóhannessonar 6300 kr., og loks eru skólagjöldin, sem mun mega áætla um 15 þús. kr. Verður þetta samtals um 314300 kr. Allar þessar upphæðir hefði hæglega mátt spara á útgjöldum ársins 1923.

Hv. 1. þm. Árn. (E. E.) fanst kenna glundroða í málinu, og vildi halda fram, að við flm. brtt. á þskj. 168 ættum þar hlut í. Það er ekki. Við komum með þessar brtt. þegar útsjeð var um, að frv. í sinni upprunalegu mynd mundi ná fram að ganga. Annars skal það viðurkent, að þessi hv. þm. (E. E.) hefir engan glundroða sýnt í málinu, því að hann hefir nú, samkvæmt ræðu hans áðan, algerlega kúvent í málinu og er nú þverófugur orðinn við það, sem hann var í nefndinni.

Forseti (B. Sv.): Jeg vil minna á það, út af ræðu hv. þm. Borgf. (P. O.), að málið liggur nú fyrir til 2. umr. Á því, samkvæmt þingsköpum, að ræða einstakar greinir frv., en ekki gera eldhúsdag að stjórninni, eins og mjer virtist hv. þm. (P. O.) byrjaður á.

Forsætisráðherra (S. E.): Jeg hefi sannarlega ekki neitt á móti eldhúsdegi, áskil að eins, að hæstv. forseti leyfi mjer að segja nokkur orð til andmæla.

Háttv. þm. Borgf. (P. O.) fanst jeg lesa ástæður frv. fjvn. eins og viss herra les biblíuna, en það verð jeg að segja, að hafi þessi herra lesið biblíuna eins vel og jeg ástæðurnar, þá er hann orðinn vel heima í henni og getur ekki borið fyrir sig vankunnáttu í henni! Hv. þm. (P. O.) hefir ekki tekist að hrekja minn skilning á ástæðunum. Það er ómótmælanlegt, að það stendur í ástæðunum, að ef fje losni, þá skuli því varið til styrktar alþýðuskólunum.

Þá sagði hv. þm. (P. O.), að í ástæðunum stæði, að nefndin ætlaðist til, að kennurunum yrði að einhverju leyti sjeð fyrir uppeldi, en í ástæðunum stendur, að nefndin telur sjálfsagt, „að kennurunum verði goldið, svo að þeir missi einskis í". Þarna sýnist mjer háttv. þm. (P. O.) hafi sjálfur lesið ástæðurnar á líkan hátt og hann telur herrann þar neðra lesa biblíuna. En eigi kennararnir einskis í að missa, og skuli enn fremur því, sem sparast, varið til aukinnar unglingafræðslu, þá er auðsætt, að sparnaðurinn er enginn. Hv. 1. þm. Árn. (E. E.) og hv. frsm. fjvn. (B. J.) hafa líka viðurkent, að fyrir þeim vekti ekki sparnaður.

Þá sagði sami hv. þm. (P. O.), að jeg hefði ekki trú á unglingafræðslunni. En þetta er rangt; jeg hefi mikla trú á henni. Og til þess að sýna, að þetta eru meira en orð, skal jeg benda hv. þm. á, að þegar jeg var sýslumaður í Skaftafellssýslu, þá barðist jeg af alefli fyrir því, að stofnaður yrði unglingaskóli í Vík í Mýrdal, og ferðaðist um hjeraðið til þess að hvetja menn til að sækja hann, svo að skólinn gæti orðið styrks aðnjótandi. En þó að jeg sje með unglingafræðslunni, þá vil jeg ekki afnema barnafræðsluna, því að með því yrðu unglingaskólarnir að barnaskólum. En jeg hefi þá trú, að heimilin sjeu sumpart ekki fær um að hafa kenslu-na á hendi og sumpart vanti þau starfskrafta til þess. Afleiðingin mundi

því verða sú, að ríku heimilin, eins og t. d. heimili þessa vinar míns, hv. þm. Borgf. (P. O.), mundu lítils í missa, en fátækari heimilunum gerð öll fræðsla ómöguleg. En þetta yrði rothögg á alla fræðslu í landinu. Jeg held, að jeg hafi þá sýnt fram á það, að fræðslumálabiblía hv. þm. (P. O.) er dálítið einkennileg í laginu. Eitt atriði í þessu máli er þó enn eftir, sem jeg vil fara um nokkrum orðum. Hv. þm. (P. O.) vill nota prestana til kenslunnar. En við þetta er það að athuga, að prestaköllin eru stór og nóg í að snúast. Það opinbera má því með engu móti varpa þessum vanda á herðar prestanna.

Þá ætla jeg að snúa mjer að eldhúsdeginum í ræðu hv. þm. (P. O.), þar sem hann kom með þá lofsverðu viðleitni að reyna að sanna eyðslusemi mína. Vík jeg þá fyrst að þessum 250 þús. kr. Hefi jeg margsýnt það, að þar var um engan sparnað að ræða, því að það átti að auka unglingafræðsluna með því fje, sem sparaðist við barnafræðsluna, og halda kennurunum á fullum launum. En þó að sparnaður væri, hefði jeg samt sem kenslumálaráðherra ekki getað verið með því að leggja alla fræðslu í landinu í kalda kol. Hv. þm. (P. O.) getur því strikað þennan stóra lið út.

Þá eru 20 þús. kr. til prentunar á Alþt. Jeg skal játa, að jeg var á móti þessum sparnaði, sem raunar var ekki líkt því svona mikill, en jeg var á móti honum vegna þess, að jeg álít, að það eigi ekki að loka þinginu fyrir þjóðinni, og mun slíkt hvergi eiga sjer stað í hinum siðaða heimi, að halda þing fyrir luktum dyrum. Mestu áhugamennirnir í hverri sveit og leiðandi mennirnir lesa þingtíðindin, og það er ekki lítilsvirði, að þeir fái nokkurn veginn rjetta mynd af því, sem fer fram á þinginu. Frásagnirnar í blöðunum eru oft æði litaðar og fara nokkuð eftir því, hver í hlut á, og lítillar sanngirni mega þeir oft vænta þaðan, sem lítinn hafa blaðastyrkinn.

Þá var launahækkun til sendiherrans. Jeg hefi nú svo margoft sýnt fram á nauðsyn þessa starfs, og atkv.greiðslur í þinginu hafa sýnt, að mikill meiri hl. þingsins lítur nú líkt á. Skírskota jeg að eins til þess, að 20 þm. hjer í deildinni voru mjer sammála um þetta. — En nú kem jeg að dálitlu skrítnu. Fyrverandi stjórn, sem hv. þm. (P. O.) studdi, hafði alveg sömu afstöðu og jeg til þessa atriðis; gerði enga till. um að lækka laun barnakennaranna, lagði sjálf til hækkun sendiherralaunanna o. s. frv. En hv. þm. (P. O.) vefur hana í rósablæju fyrir það sama, sem hann telur óhæfu hjá mjer. Það eru hillingarnar, sem villa.

Þá reiknar hann grískudócentinn með með 7200 kr. En þann reikning fæ jeg ekki skilið. Maðurinn ætti að hafa 2500 kr. biðlaun og dýrtíðaruppbót af þeim. Þetta gerir um 5000 kr. Og auk þess kemur svo tímakensla í grísku, sem vitanlega hefði orðið heimtuð, sem mundi varla hafa numið minna en 2200 kr. Og hvers virði er svo það, ef jeg kem í veg fyrir það, að há eftirlaun, eins og þessi, verði aftur innleidd á móti vilja þjóðarinnar? Annars verð jeg að segja, að meira vináttuþel hefir ekki verið sýnt nokkrum embættismanni en þessum, með eftirlaunaákvæðinu, og þeir, sem greiddu dagskránni atkv., gerðu honum sannkallaðan Bjarnargreiða. Hann hefði getað grætt stórfje, hefði hann farið frá embættinu með 5000 kr. í eftirlaun og haft svo allan vinnutíma sinn óbundinn. (S. St., lágt: Það efast jeg um).

Þá telur hann mjer til syndar 3000

kr. af launum Guðmundar Finnbogasonar. En hjer við er það að athuga, að margir af bestu lögfræðingum líta svo á, að hann hefði getað fengið sjer dæmd þessi laun til lífstíðar. Og hvar væri þá sparnaðurinn?

Þá skal jeg ekki fara um þetta fleiri orðum, en þakka að eins hv. þm. (P. O.), að hann gaf mjer tækifæri til þess að hrekja lið fyrir lið allar dylgjurnar um eyðslusemi mína. Þakka honum einnig, að hann ljet mig njóta sannmælis og viðurkendi, að jeg sem fjármálaráðherra hefði jafnan barist gegn halla á fjárlögunum.

Eiríkur Einarsson: Það er alger misskilningur hjá hv. þm. Borgf. (P. O.), að mjer hafi snúist hugur í þessu máli. Það, sem fyrir mjer vakti með frv. þessu, var aldrei sparnaðarráðstöfun, heldur breyting til heppilegra fyrirkomulags. Brtt. hv. þm. Borgf. (P. O.) miðar að eins til sparnaðar, en breytir kenslukerfinu að engu leyti. Fyrir því er jeg á móti henni, því eins og jeg hefi áður tekið fram, þá tel jeg ekkert unnið við það, ef fyrirkomulag þetta stendur að öðru leyti óbreytt, að draga svo úr launum barnakennara, að þeir geti ekki orðið nema hálfir menn við starfann. Kæmi þessi launalækkun einkum óþyrmilega niður á kennurum í kauptúnum landsins, og fæ jeg ekki sjeð, að þeir fengju undir risið slíkum kjörum. Býst jeg ekki heldur við, að það sje í raun og veru löngun hv. þm. Borgf. (P. O.) að leggja meiri byrðar á neina stjett manna eða nokkurn kaupstað en hún eða hann er fær um að bera. En það er auðsætt, að þetta verður, sje brtt. hans samþ. Ætla jeg annars ekki að fjölyrða frekar um þetta, enda mun það ekki þýða, því að ætla sjer með rökum að þoka hv. þm. Borgf. (P. O.) frá þeirri skoðun, sem hann hefir einu sinni sett sjer í höfuðið, er eins og að berja með bitlausum ljá í snarrótarþúfu.

Björn Hallsson: Það er einkennilegt, að svo lítur út, sem umr. þessar ætli að snúast upp í eldhúsdag stjórnarinnar. En jeg ætla, hvað sem öðru líður, ekki að taka þátt í þeim búverkum.

Jeg vildi að eins segja nokkur orð um frv. það, sem hjer hefir verið svo lengi á leiðinni. Jeg veit eiginlega ekki, á hverju þetta frv. er bygt, þar sem ætlast er til, að frestað sje framkvæmd fræðslulaganna, en þó verður að halda uppi skólum í kaupstöðum eftir sem áður. Flm. þess ber ekki saman um, hvert sje aðalmarkmiðið með því. Hefir þó verið að skilja á 3 hv. flm. þess, að sparnaðarástæður standi þar aðallega að baki, og tel jeg það eflaust vaka fyrir þeim, en það vill frsm. fjvn. (B. J.) ekki heyra nefnt. Tók hann það ítarlega fram, að fje því, sem sparaðist með þessu, skyldi varið til aukinnar unglingafræðslu, og að kennarar ættu að fá full laun annarsstaðar frá, það sem ríkissjóður sparaði af launum þeirra. Finst mjer yfirleitt, að öll framsaga málsins beri vitni um of lítinn undirbúning og mikið ósamræmi milli flm.

Í mjer hafa barist tvö öfl viðvíkjandi þessu frv. Annarsvegar að spara ríkissjóðinn, en þyngja hinsvegar ekki um of á sveitar- og bæjarsjóðum landsins. Þetta fræðslubákn kostar landssjóð 350 þúsund krónur árlega, og er það mikil upphæð. En nú vill fjvn. spara 250 þús. af þessari upphæð úr ríkissjóði. Að nokkur útgjöld ríkissjóðs sparast með þessu frv. í bili, er því augljóst, og mætti ætla, að það nægði til þess, að jeg legði eyra við því, að

ljett yrði með þessu á ríkissjóðnum. En eftir frv. og framsögu málsins er hjer um engan sparnað að ræða fyrir þjóðina, heldur færslu á útgjöldum frá ríkissjóði til sveitar- og bæjarsjóða, og sje jeg ekki svo mikið unnið við það. Efast jeg um, að bæjarsjóðirnir þoli þau útgjöld. Jeg er ósammála frsm. (B. J.) um það, að rjett sje að færa skólaskylduna yfir á unglingsaldurinn, því eins og menn kannast við, þá er fjöldi manna ekki fær til náms, og því algerlega misráðið að skylda þá hina sömu í skóla eftir fermingu. Þá þurfa líka margir að fara að vinna sjer brauð á eigin spýtur, og því rangt að binda menn við skólaskyldu. Hinsvegar er auðvitað nauðsynlegt, að til sjeu góðir unglingaskólar, sem taki þá unglinga, sem óska inngöngu þar. Jeg tel því rjettara að leggja aðaláhersluna á undirbúninginn til staðfestingarinnar. Álít jeg frv. það til bóta, sem er 5. mál nú á dagskrá og miðar að því að færa heimilisfræðsluna upp til 12 ára aldurs og hafa skólaskylduna að eins 2 ár. Það hafa nú komið fram 2 brtt. við hið upphaflega frv. Er önnur á þskj. 88, en hin á þskj. 168. Jeg hallast frekar að brtt. á þskj. 88 en að frv., eins og það er, því hún er vægari í garð þorpa og bæja. Með henni er ætlast til, að ríkissjóði sparist 200 þúsund krónur, og fellur meiri hluti þess á sveitar- og bæjarfjelögin, en hitt á barnakennarana. Nú hefir komið fram ný brtt. við þetta, þess efnis að lækka laun barnakennara. Jeg skal játa það, að barnakennarar hafa ef til vill tiltölulega hærri laun en aðrir starfsmenn ríkisins, en með þeirri lækkun, sem þessi brtt. ákveður, þykir mjer þó tekið of djúpt í árinni. Vildi jeg að þar gæti komist miðlun á.

Jeg er alls ekki viss um, að jeg fylgi frv. þessu út úr þinginu, en í hinu er jeg ráðinn, að greiða því atkv. til 3. umr. — Það er ljóst, að ef verulega á að muna um það, sem ljett er á ríkissjóði, þá verður það að koma niður á bæði sveitarfjelögunum og barnakennurunum. Hinsvegar er mjer kunnugt um það, að margir kennarar í kaupstöðum gera ekki betur en komast af með laun þau, sem þeir hafa nú, og verður því að fara gætilega í launalækkun þeirra, svo að það verði þeim ekki um of tilfinnanlegt, og jafnframt fæli ekki betri hluta þeirra frá starfinu.

Mjer komu annars dálítið á óvart ummæli hv. 1. þm. Skagf. (M. G.), þar sem hann mintist á, að þm. sveitakjördæmanna ættu að geta greitt breytingum hans atkv. Sje það meining háttv. þm. (M. G.), sem hann sagði þar, þá get jeg ekki fallist á hana. Jeg lít fyrst og fremst á mig sem þm. fyrir alt landið, en að eins í þrengri merkingu fyrir kjördæmið, og vona jeg, að flestir hv. þm. geri það sama. Auk þess eru flestir hv. þm. bæði þm. bæja og sveita í þrengri merkingunni, og verða því að vega afstöðu beggja þessara aðilja í þessu máli og ýmsum öðrum. Hjer má því engin „partiska“ koma til greina, þótt sveitir kæmist betur af eftir þessu frv. en þorp. En hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) dró nú úr þessu seinna, og sást þá, að hann meinti þetta ekki eins bókstaflega og út leit fyrir eftir orðum hans.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar og greiði atkv. með frv. til 3. umr.

Pjetur Ottesen: Jeg hefi þegar talað tvisvar í þessu máli, og hefi því ekki leyfi til að gera nema örstutta athugasemd; hefði þó óneitanlega verið skemtilegra, að mjer hefði ekki verið svo markaður bás, svo mjer hefði gefist færi á að gagnrýna dálítið varnir

þær, sem hæstv. forsrh. (S. E.) hefir fært fram til afsökunar baráttu sinni móti sparnaði á þeim póstum, sem jeg nefndi. Hann sagði, að svo liti út, sem jeg hefði í hyggju að halda eldhúsdag yfir stjórninni. Svo var ekki, heldur vildi jeg að eins minna hæstv. forsrh. (S. E.) á loforð hans í „prógram"-ræðunni. Hann kvaðst þakka mjer fyrir, að hafa gefið sjer tilefni til að leggja sinn góða málstað fram til sýnis. Jeg þakka hæstv. forsrh. (S. E.) líka fyrir það, að hann gaf mjer og öðrum tækifæri til að sjá í rjettu ljósi, hvað stjórnin meinar með því, þegar hún talar um sparnað. Þetta kom sem sje fullskýrt fram í því, er hann telur það hreinasta hjegóma að spara ríkissjóði 314 þús. krónur.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Árn. (E. E.) sagði, að jeg hefði ekki haft rjett eftir sjer það, sem hann hafði sagt í ræðu sinni áður, þá verð jeg að gruna hann um það að hafa ekki skilið sjálfan sig. Jeg skrifaði upp það, sem hann sagði, svo þar er ekkert um að villast.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg verð, eins og aðrir till.menn, að minna á brtt., sem fjvn. hefir gert við frv.

Fyrst er þá breyting á 1. gr. frv. um frestunina, og þarf jeg ekki að ræða hana. Svo er sú breyting við 5. gr., að heimila skólahjeruðum að setja á hjá sjer skólaskyldu. Veit jeg ekki hvað það á að þýða, því í rauninni eru barnakennarar í bæjum að eins yfirheyrslu- og eftirlitsmenn við námið. Börnunum er sett fyrir í skólanum og hlýtt yfir, en kent heima. Og þau börn, sem ekki er kent heima, læra heldur ekkert, þegar í skólann kemur; því að það er ekki hægt í sama kenslutíma að kenna sumum og hlýða öðrum yfir. Niðurstaðan verður því sú, að nokkrum börnum er kent, en hin verða út undan. Þetta er sannleikurinn um hið núverandi fræðslukerfi landsins. Það, sem við viljum með frv. þessu, er að fá ábyrgð kenslunnar aftur yfir á heimilin. Er það að vorri hyggju sæmra, að menn í tómstundum sínum sitji við að kenna börnum sínum heldur en flaksast iðjulausir út um allar götur. En það lítur svo út sem menn vilji þetta ekki. Þeir nenna ekki að segja börnum sínum til. Þeir halda, að þeim beri ekki eins skylda að sjá fyrir þeim andlega sem líkamlega. Mig skyldi ekki furða á því, þótt einhverjir vildu líka bráðum fá ríkið til að skipa sjerstaka menn til að skeina börnin. En hjer er ekki einasta að ræða um börnin, heldur og þá þýðingu, sem kenslan hefir fyrir heimilin sjálf. Jeg veit ekki, hvort það þýðir nokkuð að rifja enn þá upp fyrir mönnum hjer latneska málsháttinn: Docendo discimus. Menn virðast nú á dögum fremur lítiltrúaðir á þessa gömlu visku. En jeg trúi þessum talshætti. Jeg veit, að enginn maður lærir neitt til hlítar, fyr en hann kennir það. Heimilisfræðslan mentar bæði þá uppvaxandi og fullorðnu kynslóð, og verður að flestu leyti áhrifadrýgri en skólakenslan. „En verði þinn vilji." Hv. deild verður nú að ráða þessu máli til lykta eftir því sem hún er deildin til. Jeg fylgi að eins brtt. á þskj. 97. Aðrar brtt. vil jeg ekki hafa, svo hvað sem við bætist, þá snýst jeg á móti frv. sjálfu.

ATKVGR.

Brtt. 168 feld með 18 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: H. K., J. A. J., M. G., P. O., P. Þ., S. St., Þór. J., B. H., E. Þ.

nei: E. E., Gunn. S., Ing. B., Jak. M., J. B., J. Þ., L. H., M. J., M. K., M. P., Ó. P., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. J., B. Sv.
Einn þm. (J. S.) fjarstaddur.

Brtt. 105 tekin aftur.
— 88 feld með 19 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: M. G., P. O., S. St., Sv. Ó., Þór. J., B. H., H. K., Ing. B.
nei: J. Þ., L. H., M. J., M. K., M. P., Ó. P., P. Þ., St. St., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. A. J., J. B., B. Sv.
Einn þm. (J. S.) fjarstaddur.

Brtt. 97,1 samþ. með 15 : 11 atkv.
1. gr., svo breytt, **feld** með 18 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. E., H. K., J. S., M. G., M. P., P. O., S. St., Þorl. J., Þór. J., B. J.
nei: Gunn. S., Ing. B., Jak. M., J. A. J., J. B., J. Þ., L. H., M. J., M. K., Ó. P., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorst. J., B. H., E. Þ., B. Sv.

6. Hagnýt sálarfræði.

Á 14. fundi í Nd., laugardaginn 4. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um afnám kennaraembættis í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands (þm.frv., A. 61).

Á 15., 17., 18., 19. og 20. fundi í Nd., dagana 6., 8., 9., 10. og 11. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., mánudaginn 13. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg býst við því, að ekki verði færri ljón á vegi þessa frv. en þess, sem rætt hefir verið hjer í deildinni næst á undan. Það hefir verið rætt mikið um það frv., með og móti, og sje jeg því enga ástæðu til þess að rekja ástæður þessa máls, því þær eru hinar sömu; yrði það því að eins til þess að lengja umr.

Það hefir oft verið svo, er ný embætti hafa verið stofnuð, að þá hefir ráðið meira hagsmunir einstakra manna en þörf þjóðarinnar. Þegar háskólinn var stofnaður, mun engum hafa komið til hugar, að eftir fá ár yrði þörf á að fjölga prófessorum í sálarfræði, en árið 1912 eða 1913 kom út bók eftir ungan og efnilegan heimspeking, sem heitir „Vit og strit". Bókin var liðlega samin, eins og annað eftir höfund þennan, og efni hennar var sálarfræðileg kensla á verklegum vinnubrögðum. Þetta þótti hin mesta nýlunda, og jafnvel stórkostleg uppgötvun. Eftir það fóru að heyrast raddir um það, hvort ekki mundi þörf á embætti til þess að koma fram þessari hugsjón. Af því leiddi þá þegar, eða skömmu þar á eftir, að þessum efnilega heimspeking var veittur allríflegur styrkur úr landssjóði, mig minnir 3 þús. kr., til þess að gera þjóðinni kunna þessa merkilegu uppgötvun.

Flestir skildu styrkveiting þessa á þann veg, að þessi ungi heimspekingur ætti að kenna verkalýðnum til sjós og sveita vissar líkamsstellingar og hagnýt handtök við algeng vinnubrögð, og menn bjuggust við, að hann mundi ferðast um landið þvert og endilangt til þess að útbreiða ágæti hinnar hagnýtu sálarfræði.

Fyrstu árin mun hann hafa ferðast eitthvað lítið eitt í þessum erindum, og fyrirlestra flutti hann víst nokkra.

En svo nægir honum ekki þessi fjárlagastyrkur, og 1915 fer hann þess á leit, að stofnað sje nýtt embætti við háskólann og hann gerður að prófessor í þessari svo nefndu hagnýtu sálarfræði. Þó varð ekkert af því í það skifti. En 1917 kemur hann aftur til þingsins í sömu erindum. Ekki hafði háskólaráðið þó meiri trú á þessu en það, að ekki vildi það á nokkurn hátt hafa frumkvæði að stofnun þessa embættis. Hefir ef til vill litið svo á, að almenn vinnubrögð þjóðarinnar mundu ekki græða mikið á fyrirlestrum hans við háskólann fyrir embættismannaefnum, sem flestir ganga lítt að algengri vinnu, er þeir koma út í lífið.

Undirtektir þingsins voru ekki betri en það, að embættisstofnun þessi marðist í gegn með eins atkv. mun, í hvorri deild, og bundin við nafn, rjett eins og Alþingi ætlaðist til, að embættið mætti leggja niður, þegar þessa manns nyti ekki lengur við.

Jeg skal játa, að mig skortir þekkingu til þess að dæma um gagnsemi þessarar hagnýtu sálarfræði, en það þykist jeg þó skilja, að notadrýgri mundi hún verða þessi fræðsla með persónulegri návist kennarans við verkalýðinn sem víðast á landinu, í staðinn fyrir að flytja nokkra fyrirlestra í háskólanum á ári. Einnig finst mjer að ætla megi, að háskólinn hefði síður átt heimtingu á þessu embætti heldur en t. d. búnaðarskólarnir. Við slíka skóla virðist mjer þessi kensla hefði átt að bera einhvern ávöxt, því búnaðarskólarnir búa menn undir hið verklega líf.

En svo er rjett að athuga, hvern árangur þessi kensla hefir borið, og hver hefir reynslan þá orðið? Eftir því, sem jeg veit best, þá hefir áheyrendum þessa prófessors fækkað svo ár frá ári, að nú er aðalerindi hans í tímana að fullvissa sig um, að kenslustofurnar sjeu tómar og bekkirnir auðir. Stúdentarnir hafa engan áhuga á hinni hagnýtu sálarfræði.

Þetta hefir valdið prófessornum mestu leiðinda, eins og von er, því að hann er maður á ljettasta skeiði og áhugamikill. Og til þess að reyna að bæta úr þessu og fjölga áheyrendum, hefi jeg heyrt, að hann hafi jafnvel neyðst til að lesa fyrir stúdentum óskylda grein sálarfræðinnar, svo sem glæpamannasálarfræði. Jeg er ekki að segja þetta þessum heiðursmanni til lasts; það er ekki nema von, að hann þreytist, og grípi þá til einhverra örþrifaráða, en svo hefi jeg líka fyrir satt, að aðsókn í þessa tíma hafi líka orðið mjög endaslepp. En það, sem mjer þykir verst við stofnun þessa embættis og rekstur þess frá öndverðu, er það, að hin verklega kensla prófessorsins í vinnuvísindum úti um landið hefir minkað ár frá ári.

Og nú verður mjer að spyrja: Getur nú ekki komið til mála að leggja niður þetta embætti? Og hefir þjóðin ekki meira að gera við sitt litla fje heldur en viðhalda embætti, sem eftir fárra ára reynslu sýnir, að óþarft er með öllu? Og er ekki rjettara að breyta um í tíma, á meðan maðurinn er á ljettasta skeiði? Því jeg efast alls ekki um, að gáfum og starfskröftum þessa alkunna heiðursmanns mundi sannarlega betur varið til annars gagnsmeiri starfa fyrir þjóðina.

Það eru því sömu ástæður fyrir þessu frv. og hinu, sem næst var afgreitt á undan. Embætti þetta var upphaflega stofnað af litilli forsjá og hefir reynst óþarft og gagnslaust.

Nauðsyn þjóðarinnar og fjárþröng ríkissjóðs heimtar, að öll óþarfa embætti sjeu lögð niður. Og það á vera

hverjum einasta þm. ljóst, að hagur þjóðarinnar verður að skipa öndvegið í hverju einasta máli.

Bjarni Jónsson: Þessi háttv. þm. (S. St.), er nú settist niður frá sparnaðarhjali sínu og embættismannadrápi, barðist nýlega fyrir fjölgun presta hjer í þessari hv. deild. Varð jeg til þess og fleiri að leggja honum liðsyrði, fyrir þá sök, að við hjeldum, að þar væri um nauðsynjamál að ræða, enda leit jeg svo á, að þjóðin ætti kröfu á að fá þá embættismenn, er hún óskaði.

En nú leyfir þessi sami hv. þm. (S. St.) sjer að fara með vísvitandi ósannindi um Guðm. Finnbogason prófessor, og það á Alþingi Íslendinga. Hann segir, að Guðmundur hafi eigi annað erindi í háskólatíma sína en að fullvissa sig um, að sætin í kenslustofunum sjeu auð. En sannleikurinn er sá, að engin stofa hjer á þingi mundi rúma áheyrendur hans. Svo eru fyrirlestrar hans sóttir.

Þessi hv. þm. (S. St.) nefndi að eins eitt atriði, sem honum þótti fánýtt og einskisvert í starfi Guðmundar Finnbogasonar, og reyndi að gera sjer mat úr því, þótt óhöndulega tækist til. Og það var einmitt það atriðið, sem jeg lagði áherslu á við flutning þessa máls 1917, að yrði eitt af rannsóknarefnum Guðmundar, og á jeg þar við rannsókn á sálarfræði glæpamanna, og nú finst mjer jeg ekkert oftala, þó að jeg segi, að rannsókn Guðmundar gæti komið víðar að liði, t. d. um sálarástand hinnar svo nefndu sparnaðarnefndar.

Jeg taldi það nauðsynlegt og tel það enn, að menn þeir, sem ætla að gerast dómendur, læri að athuga sálarástand þeirra manna, sem eru þann veg gerðir og frábrugðnir öðrum, að þeir eiga bágt með að lifa eftir þeim lögum og reglum, er þjóðfjelagið byggist á. Það verður að álítast nauðsynlegt þeim mönnum, er síðar ætla að dæma rjetta dóma, að fá leiðbeiningar um að athuga eftirtektarskekkjur manna, minnisskekkjur og vitnisburðarskekkjur. Og þessar rannsóknir hefir Guðmundur Finnbogason rækt með sjerstakri alúð og samviskusemi, eins og búast mátti við, því að hann er lærður vel og áhugasamur vísindamaður, auk þess sem hann hefir orðsins mátt, talar ágætlega og skortir aldrei áheyrendur.

En eins og jeg nefndi áður, geta rannsóknir Guðmundar komið víðar að gagni. T. d. verð jeg að álíta nauðsynlegt þingi og þjóð, að rannsakað sje sálarástand þeirra þm., sem bera fram jafnfánýt frv. og þetta, sem nú er til umr. Þeir telja það sparnaðarfrv., en það er það alls ekki, heldur mætti það miklu fremur kallast eyðslufrv., því það gerir bæði að eyða dýrmætum tíma frá nauðsynlegum þingstörfum og kostar ríkissjóð mikið fje.

Að slátra einum eða tveimur embættismönnum getur ekki bjargað fjárhag ríkissjóðs. Mun því nær sanni að líta á frv. þetta sem kosningabeitu, og tilætlunin, að hrekklausir menn láti ginnast af því. Á annan veg er ekki hægt að skilja framkomu þessara sparnaðarmanna. Ef þeim kæmi til hugar að bjarga ríkissjóði, þá mundu þeir hafa reynt að gera till. um einhvern sparnað, auk þessara tveggja kennaraembætta, sem þeir vilja leggja niður.

Hefðu þessir menn ætlað að bjarga landinu, þurftu þeir að rannsaka orsakir þær, er liggja til fjárkreppunnar.

En það er alls ekki fjárhagur landsins eða gjaldeyrismálið, sem þessir sparnaðarpostular hafa tekið á stefnuskrá sína. Annars myndu þeir hafa grenslast eitthvað eftir því, hvernig bankarnir hafa búið við atvinnuvegi

landsins, rannsakað gengismuninn og reynt að gera einhverjar till. um eitthvað til styrktar atvinnuvegunum, athuga um sölu afurðanna og viðhjálp á því sviði.

En alt þetta hafa þeir vendilega varast, þessir sparnaðarmenn, og þó segja megi, að laun embættismanna sjeu fjöður af fati ríkisins, þá bæta þó ein eða tvenn embættismannslaun ekki mikið fjárhaginn út á við.

Það er því auðsætt, að sparnaðarmennirnir hefðu þurft að lesa „Vit og strit", svo þeir hefðu lært að strita með dálitlu meira viti.

Það er fjarri mjer að neita því, að spara eigi sem kostur er, og jeg hefi aldrei sýnt það, að jeg vildi bruðla með landsfje. En jeg hefi viljað og vil enn að sparað sje af skynsamlegu viti, eins og líka hitt, að jeg hefi talið sjálfsagt að láta þá menn njóta styrks af almannafje, sem væru þess maklegir. En þetta hefir verið talin mín höfuðsynd og jeg fengið eyðsluorð, af því jeg hefi viljað styrkja unga og efnilega gáfumenn, svo sem Þorstein Erlingsson, Einar Jónsson og Kjarval. Þessir menn voru lítt kunnir, er jeg bar þá fyrst fram, en þeir hafa ekki brugðist þeim vonum, sem jeg gerði til þeirra, eins og sjest á því, að nú vilja allir styrkja þá.

Fyrir þetta hafa skammsýnir menn nefnt mig eyðslusegg.

En vildi jeg gera upp að öðru leyti sakir þessar og benda á, hvaða till. jeg hefi gert um fjármál, þá mun það sýna sig, að jeg hefi gert góðar till., þó að þær hafi ekki allar fundið náð fyrir augum þessara fjármálavitringa. Og það mega þeir vita, að þó hagur landsins sje ekki góður, þá hefði hann þó getað verið betri, hefði mínum till. verið fylgt.

En hvað á helst að spara og hvað er dýrmætast? Hvort er þjóðinni nauðsynlegra menn og mannvit eða aurarnir, fjármunir hennar?

Jeg gat þess einmitt við flutning þessa máls á Alþingi 1917, að þegar fertugum manni með ágætis vísindamannshæfileikum væri varnað þess að starfa að áhugamálum sínum, eða settur í eitthvað það, sem andstætt væri skaplyndi hans og hugsun, þá væri þar með eyðilagður allur betri helmingur af æfi mannsins.

Og það er gert meira. Það er kastað niður öllum þeim styrk, sem maðurinn hefir fengið frá því fyrst, að mentun hans hófst, bæði hjá foreldrum sínum, frændum og öðrum styrktarmönnum. Með þessu er ekkert sparað. Öllu er fleygt í sjóinn, vonum mannsins líka, er átti þann stóra draum að verða þjóðnýtur maður, ef hann fengi að njóta sín og vinna að áhugamálunum. Hann vissi hvers virði þau gátu orðið fyrir þjóðina og landið.

En þessu er öllu kastað á glæ.

Og til hvers?

Líklega til þess, að menn trúi frsm. (S. St.), að það sje ekki hagnýt sálarfræði að rannsaka sálarfræði glæpamanna.

Það eru ekki aurar, sem á að spara, þegar svona stendur á. Þegar þing og þjóð fleygir frá sjer slíku dýrmæti, sem jeg nefndi, þá drýgir hún aulastrik.

Það minnir á söguna um hrútana og bóndann. Tveir hrútar börðust á klettabrún og horfði bóndi á. Bardaganum lauk svo, að annar hrúturinn fjell niður fyrir hengiflugið. Þegar bóndi sá það, seig honum í skap, greip hrútinn, sem eftir stóð, og mælti: „Það er best þú farir á eftir," og fleygði honum fram af.

Og nú neyðist jeg til að spyrja þessa

sparnaðarmenn: Hvort á heldur að spara smáfjárhæðir eða lánstraust landsins? Hvort á heldur að spara laun eins eða tveggja manna eða heiður landsins?

Menn, sem fara eins að og þessir svo nefndu sparnaðarmenn, þeir vinna einmitt á móti lánstrausti landsins og heiðri þess. Það er ekki langt að muna, að í sumar, þegar verið var að semja um lántöku okkar hjá Englum, þá var reynt að spilla lánstrausti landsins með því að vitna í þennan alkunna lánsgrát einhvers þm., sem fullyrti hjer á þingi í fyrra, að landið væri á hausnum fjárhagslega. Það þykja ef til vill hörð orð þetta, en enginn skal efast um það, að jeg fari með rjett mál. Og það ættu þm. að vita, að gagnvart þjóðinni bera þeir ábyrgð á orðum þeim, er þeir láta falla hjer í þingsalnum.

Jeg hefi heyrt hann, þennan sparnaðarpostula, háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) standa hjer upp ár eftir ár, dag eftir dag, og stundum oft á dag, til þess eins að lýsa því yfir í deildinni, að fjárhag landsins sje þann veg komið, að hann eigi litla eða enga viðreisnarvon. Og það er ekki lengra síðan en hjer á dögunum, að hæstv. þáverandi fjrh. (M. G.) vítti slíkt barlómshjal að makleikum. Því vil jeg í þessu sambandi lýsa því yfir, að enginn skal hafa orð mín til að spilla heiðri landsins eða lánstrausti. Slíkir menn sem háttv. frsm. (S. St.) eru þeir óþörfustu landi og þjóð, hvort sem heldur er á Alþingi eða annarsstaðar. Þeir eru alls engir sparnaðarmenn, en reyna með óvitahjali sínu að spilla heiðri lands og þjóðar.

Og hvort á nú heldur að spara laun Guðm. Finnbogasonar eða heiður Alþingis?

Jeg ætla ekki að svara þessu beinlínis, því svarið hlýtur að verða gefið með atkvgr.

En á það vildi jeg þó benda, að með því að samþ. frv. þetta, þá gengur Alþingi á bak orða sinna og frá gefnu loforði um það að nota starfskrafta mannsins í þjónustu ríkisins.

Jeg skal með leyfi hæstv. forseta lesa upp lögin, þau eru ósköp stutt og auðskilin. Fyrirsögnin hljóðar svo:

„Lög um að skipa dr. phil. Guðmund Finnbogason kennara í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands."

Og fyrsta grein laganna hljóðar svo:

„Við Háskóla Íslands skal stofna kennaraembætti í hagnýtri sálarfræði, bundið við nafn dr. phil. Guðmundar Finnbogasonar."

Jeg skal ekki fara út í það, hvort hægt er að leggja niður embætti, sem bundið er við nafn, á meðan viðkomandi maður vill gegna því, en jeg efast alls ekki um það, hvernig dómstólarnir dæmdu það mál, og þangað hlyti það að fara, yrði frumv. samþ.

En að embætti þetta er bundið við nafn, er einmitt viðurkenning fyrir því, að hjer sje um vísindamann að ræða, sem eigi rjett á því að lifa og vinna að áhugamálum sínum.

Háskólinn er ekki embættismannaverksmiðja fyrst og fremst, heldur stofnun til viðhalds og eflingar vísindum í landinu. Og það er tvent ólíkt, að hlýða nemendum yfir, eða hitt, að vinna að vísindum. Að því síðartalda starfi verður ekki hlaupið eins og að moka fjós.

Ef Alþingi, samkvæmt till. meiri hl. sparnaðarnefndar, því hún mun ekki vera algerlega óskift um málið, leggur nú niður þetta embætti, þá er það þessu þingi fullkomin skömm og svívirða, óskammfeilni gagnvart því þingi, sem samþykti lögin, og svik við þjóðina. Því

jeg er þess fullviss, að ef hin alvísa sparnaðarnefnd ætti fund með alþjóð um þetta mál, þá mundi ekki 1/10 hluti þjóðarinnar fylgja henni að málum um slík lagasmíði sem þetta frv. er.

Skal jeg svo ekki orðlengja frekar að sinni, en ef hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) gerir sig digran í svari sínu, þá mun jeg standa upp aftur.

Forsætisráðherra (S. E.): Jeg skal ekki þreyta hv. deild með langri ræðu; vil að eins geta þess, að jeg var á móti því, að þetta embætti væri stofnað, með því, að jeg taldi það ekki nauðsynlegt. Hinsvegar var mjer kunnugt um að embættismaður sá, sem embættið var stofnað fyrir, var hæfileikamaður. Nú varð það ofan á í þinginu að stofna embættið og binda það við ákveðið nafn, og því furðar mig á því, að nú skuli, svo skömmu á eftir, eiga að leggja embættið niður og kasta hlutaðeigandi embættismanni fyrirvaralaust út á klakann.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg tók það fram í fyrri ræðu minni, að sömu ástæður ættu við þetta frv. og hitt, sem síðast var rætt um; þess vegna mun jeg fylgja heilræði hv. þm. Dala. (B. J.), að eyða ekki dýrmætum tíma þingsins í langar umræður. Þó get jeg ekki hjá því komist að drepa á nokkur atriði í ræðu hv. þm. (B. J.).

Hann lýsti það ósannindi hjá mjer, að þessi maður (Guðm. F.) hefði litla aðsókn, en jeg hefi góð gögn til að ósanna orð hans sjálfs í því efni. Vil jeg þó síst bregða þessum manni um það, að hann ræki illa starf sitt, heldur mun hinu um að kenna, að lærisveinarnir sækja illa kensluna, og þjóðin skilur ekki það verklega gagn, sem af þessari kenslu mætti verða. Því stendur þessi maður nú sem kennari, en sem lærisveinalaus kennari. Þó ef til vill megi segja, að hjer sje ekki um stórfeldan sparnað að ræða, þá sýnist þó full ástæða fyrir þing og þjóð að gefa því gaum, hvort launa eigi menn í embættum, þar sem ekkert er að gera.

Annars var ræða hv. þm. Dala. (B. J.) að mestu leyti lof um sjálfan hann, og nenni jeg ekki að hryggja hann með því að gera athugasemdir við sjálfshól hans.

Jeg vil taka það fram, að hafi þingræður spilt fyrir tántökunni, eins og hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, þá eru það ekki ræður þm. N.-Ísf. (S. St.). Hitt hefi jeg frá góðum heimildum, að það hafi einmitt verið ræður lánspostulans, hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) **(Gunn. S.:** Ástæður!). Jeg kæri mig ekki um að færa ástæður fyrir því nú.

Það er satt, að jeg vil spara, og ekki að eins peninga, heldur einnig lánstraust landsins. Og það þykist jeg gera best með því að andæfa lántökunum, því þá varðveitist lánstraustið, sem er besti dýrgripur þjóðarinnar.

Að lokum vil jeg geta þess, án þess í nokkru að vilja kasta steini að þessum heiðursmanni, sem hjer er um að ræða, að stærsta sparnaðarfrv., sem fram hefir komið á þessu þingi, fer einmitt fram á það að fresta og breyta þeim lögum, sem beinlínis eru gerð eftir till. og forsögn þessa heiðursmanns, en það eru fræðslulögin.

Jeg vil geta þess, af því hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að nefndin mundi ekki vera sammála, að hún er fyllilega á einu máli um þetta frv.

Að svo mæltu skal jeg hlíta heilræði hv. þm. (B. J.) og setjast niður.

Jón Þorláksson: Það er eins ástatt um þetta frv. og hið fyrra, að það fer

einnig fram á afnám kennaraembættis við heimspekisdeild háskólans. Þar sem þessi frv. eru bæði borin fram af sömu nefnd, hefði sýnst rjettara, að þau hefðu bæði falist í einu frv., en slíkt gerir ekki svo mikið til, þar sem þau eru bæði samferða gegnum háttv. deild. En mjer hefir fundist vanta í ástæðurnar skýringar um heimspekisdeild háskólans yfirleitt. Og það er þess vegna, að jeg hefi leyft mjer að tína saman úr árbók háskólans á síðari árum nokkrar tölur til skýringar. Hefi jeg byrjað á árinu 1914—15, því þá var fyrra embættið stofnað, þeirra, sem rætt hefir verið um í dag. Og niðurstaðan hefir orðið þessi, að árið 1914—15 hafa verið í heimspekisdeild enginn nemandi, en 4 kennarar, þrír alt árið, en þeim fjórða bætt við á árinu.

	nemendur	kennarar.
Ár 1915—16	0	6
— 1916—17	1	7
— 1917—18	6	8
— 1918—19	8	8
— 1919—20	5	6
— 1920—21	9	6

Um nemendatöluna verður þó að gera þá athugasemd, að þeir eru ekki allir fastir í deildinni, t. d. 1919—20 voru 3 nemendur eldri, en að eins tveir nýir, og af þessum 5 eru árið 1920—21 eftir 2, en 7 nýir. M. ö. o. það, að nemendatalan er þó þetta há, stafar af því, að nemendurnir hafa látið innrita sig í heimspekisdeildina að eins 1 ár, og síðan horfið þaðan aftur.

Þess ber þó að geta, til þess að skýra að öllu leyti rjett frá, að einn kennaranna hefir það verkefni með höndum að búa nemendur annara háskóladeilda undir próf í forspjallsvísindum, en slíkur undirbúningur átti sjer hjer einnig stað áður en háskólinn var stofnaður. Enn fremur annast einn kennari heimspekisdeildarinnar um að kenna prestaefnunum undirstöðuatriðin í grískri tungu, eða það, sem kent var og lært áður í 2. og 3. bekk lærða skólans.

Þessar tölur, sem jeg nú hefi nefnt, sýnast bera þess órækan vott, að hjer er ekki að ræða um reglulega háskóladeild með nemendum og kennurum. Nemendatalan er svo lág, að ekki sýnist geta til mála komið, að hægt sje að halda henni uppi sem sjerstakri háskóladeild. Ástæðurnar fyrir því að halda henni uppi er því sá stuðningur, sem aðrar deildir hafa af henni og fyrirlestrahald fyrir almenning.

Fyrirlestra hefir Guðmundur Finnbogason haldið fyrir almenning um undanfarna vetur. Samkvæmt Árbók háskólans hefir hann á næstliðnum vetri haldið einn fyrirlestur á viku, um áhrif loftslags á sálarlíf manna, og haft allmikla aðsókn. Auk þess hefir hann kent þrjár stundir á viku, en í þeim greinum, sem að eins eru ætlaðar þröngum hring nemenda, og hafa þeir tímar því eðlilega verið miklu fásóttari. Í þessu hygg jeg liggja skýringuna á því, hve illa þeim hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) og hv. þm. Dala. (B. J.) hefir borið saman um aðsóknina að fyrirlestrum þessa kennara.

Jeg hefi gert þetta yfirlit yfir nemenda- og kennaratölu heimspekideildarinnar, til þess að hv. þm. gæfist kostur á að gera sjer ljósari hugmynd um málið frá víðara sjónarmiði. Annars þykir mjer ekki ástæða til þess að orðlengja þar um frekar.

Bjarni Jónsson: Yfirlit hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) var alveg rjett, svo langt sem það náði, en þar er ekki sagður allur sannleikurinn. Þess vegna verð jeg að bæta örlitlu við. Jeg vil þá fyrst geta þess, að nú er hægt að taka embættis-

próf í tveim greinum við deild þessa. En í upphafi var engum ætlað að taka þar próf, og því ekki von, að nemendafjöldi væri þar mikill. Síðar hefir svo verið samin reglugerð fyrir prófi í íslensku og einnig reglugerð um embættispróf í heimspeki.

Hitt er öllum ljóst, að þessi deild var stofnuð til þess að veita stúdentum fræðslu í íslenskum fræðum, og ekki að eins stúdentum, heldur öllum þeim, lærðum og ólærðum, er fræðast vildu um þessi efni. Og þessum aðaltilgangi hefir deildin einkum hugsað sjer að ná með fyrirlestrahaldi fyrir almenning. Bæði dr. Björn M. Ólsen og Sig. Nordal hjeldu fyrirlestra fyrir almenning, og nú heldur Sigurður Nordal afarfróðlega fyrirlestra um Völuspá.

Þetta er því aðaltilgangur deildarinnar, en auk þess hafa ýmsir kennarar þar það hlutverk á hendi að búa menn úr öðrum deildum undir embætti. Má þar nefna, að Guðm. Finnbogason hefir haft það verk á hendi að undirbúa nemendur lögfræðideildar í glæpamannasálarfræði, athugunarskekkju, minnisskekkju, framburðarskekkju o. fl.

Þar sem þessi deild hefir það ekki að aðalmarkmiði að unga út embættismönnum í þeim greinum, sem þar eru kendar, þá er síst að undra, þó ekki sje hún mannmörg að föstum nemendum. Einnig hafa erlendir stúdentar numið hjer við deildina stuttan tíma, og horfið síðan burtu aftur, og eins hefir verið um nokkra íslenska nemendur, að þeir hafa komið frá Khöfn og lært hjer, en hafa síðan farið utan til að ljúka námi og sumir hætt. Nemendatalan er því lág, af þessum ástæðum, sem nú hefi jeg nefnt, og einnig af því, að þetta eru námsgreinar, sem fáir lesa, enda ekki verið hægt að taka í þeim embættispróf hjer til skamms tíma, eins og jeg hefi áður drepið á.

Enn var eitt, sem hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) gleymdi í upptalningu sinni, og það er, að á mjer hvílir skylda að kenna miðaldalatínu. En sú kensla er ekki til þess að kenna mönnum að skrifa bækur á latínu, eins og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) vildi halda fram, heldur til þess að kenna mönnum að nota latnesk heimildarrit.

Það mun að nokkru leyti rjett, hvernig hv. þm. (J. Þ.) skýrði frá meiningarmun okkar hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Það er rjett, að fyrirlestrar þessa manns (Guðm. Finnbogasonar) eru svo vel sóttir, að húsið rúmar ekki tilheyrendurna. En það er einnig rjett, að aðrir tímar hjá þessum manni eru líka sóttir af fleiri mönnum en þeim, sem nauðsyn rekur til. Einnig hafa til mín leitað til gríniskunáms aðrir en þeir, sem til þess voru skyldir að lögum. — Þetta eru vísindi vísindanna, sem G. F. kennir. Það er fjarri því, að hjer sje um að ræða nein matarvísindi sjerstaklega. Þessi vísindi þroska andann meira en flest önnur. — Þá sagði háttv. frsm. (S. St.) líka, að þessi maður ynni ekkert að því að undirbúa embættismenn. Það er undarlegt að heyra mann jafnan klifa á því, að enginn starfi við slíka stofnun, sje hann ekki „manuductör“ eða prófteinjari. Það er svo sem engin furða, þótt till. komi fram frá þeim hv. þm., sem þannig líta á málið, um það að fá þessum mönnum einhvern aukastarfa. Kæmi mjer ekki á óvart, þótt einhver háttv. þm. stingi upp á því snjallræði að láta prófessorana við háskólann vera pósta líka. En þess er jeg fullviss, að meiri hluti þjóðarinnar vill, að þessir menn, sem við háskólann starfa, verði vísindamenn. Hafa sjerstaklega komið

fram raddir um það víðsvegar af landinu, að mjög æskilegt væri, ef við gætum eignast góða vísindamenn í íslenskum fræðum og íslenskri lögfræði.

Þá vildi háttv. frsm. (S. St.) gera þennan slátursauð óvinsælan, með því að benda á, að hann hafi verið höfundur fræðslukerfisins, sem nú er, og tekist illa þar. Jeg vil nú benda háttv. þm. á það, að þessi maður þarf ekki endilega að vera góður að semja fræðslulög, þótt hann sje góður heimspekingur. Staðfestir þetta bara það, sem jeg hefi löngum sagt, að best fer á því, að hver maður fái að starfa á því sviði, sem hann hefir sjerstaklega undirbúið sig undir.

Þá sagði háttv. frsm. (S. St.), að þetta yrði að gera til að spara fje landsins. Fórust honum svo orð sem landið væri nú hálft í kafi í skuldafeninu, og myndi þegar sokkið, ef hann hjeldi ekki í hárið á því. — Ja, jeg gæti nú trúað því, að ef það frjettist út í lönd, að ekkert annað haldi nú landinu uppi en hinn sterki armleggur hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), þá muni það ekki eiga alllitlu lánstrausti að fagna. Er þjóðinni ekki ónýtt að eiga slíka ræðumenn hjer að, til að styrkja lánstraust sitt erlendis. Er jeg viss um það, að þótt annar háttv. þm. hafi í þeirri grein skarað fram úr þessum á síðasta þingi, þá verður hann nú viss með lárviðarsveiginn næst. Að svo fór síðast, var og ekki sökum þess, að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hafi minna látið um mælt en hinn, heldur af því, að ekki var eins tekið mark á orðum hans. Það hefir nú verið síðustu árin fult af þessu í hverri einustu ræðu, sem þessi háttv. þm. hefir haldið. — Í alvöru talað, verður tæplega annað sagt en að **þessir** menn **spari** ekki lánstraust landsins. Að minsta ekki er það áreiðanlegt, að svo lengi sem þeir eiga sæti á Alþingi, þá veit hver sá maður, sem spilla vill fyrir landinu erlendis, hvert hann á að snúa sjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15: 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Ing. B., J. A. J., J. B., J. S., J. Þ., M. G., Ó. P., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., B. H., E. Þ.
nei: Gunn. S., Jak. M., M. J., M. K., Þorst. J., B. J., E. E., B. Sv.

Fjórir þm. (H. K., M. P., Þorl. J., Þór. J.) fjarstaddir.

Á 23. og 24. fundi í Nd., dagana 15. og 16. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., þriðjudaginn 21. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 61).

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg þykist ekki þurfa margt að segja, og læt mjer nægja að vísa til framsöguræðu minnar við 1. umr. þessa máls, En þó vil jeg taka fram, vegna hv. 4. þm. Reykv. (M. J.), að þetta mál mun ekki verða látið fara út úr deildinni án þess að álit háskólaráðsins verði áður birt.

Annars er hv. þdm. guðvelkomið að leika áfram þessa komediu, sem þeir nú hafa byrjað á við atkvgr. um síðasta mál, en vita mega þeir það, að alt slíkt spyrst út til þjóðarinnar.

Bjarni Jónsson: Það var gott, að hann nefndi „komediu“, þessi hv. sparnaðar-

maður (S. St.), sem nú settist niður, því hann er einmitt sjálfur höfuð-„komediant“ deildarinnar, eins og jeg skal þegar færa rök fyrir.

Hann sagði enga þörf á þessum tveim embættum, sem nú er á dagskrá að skera niður, en jeg mun nú sanna, að full þörf er á því embættinu, sem nú er um rætt. Af hinu hefi jeg ekki skift mjer annað en það að greiða atkv. á móti fyrirsögn þess ágæta frv. En svo er nú um starf þess manns, er aftekinn var, að grísku og latínu verður að kenna eftir sem áður, og eitthvað verður að borga fyrir kensluna. Og hvað sparast þá, þegar við lausakensluna bætast eftirlaun þess mannsins, sem af var tekinn? Það er reikningsdæmi handa þeim, þessum sparnaðar-fjármálavitringum.

Við slíka ráðstöfun sem þessa mundi landið spara sjer það að þurfa að taka við vinnu mannsins, en borga fyrir það jafnmikið og á meðan maðurinn vann fyrir launum sínum.

Þetta er sparnaðurinn.

Þetta er að leika gamanleik, og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) má vita, að þótt hann sje hlaupinn úr sæti sínu, þá spyrst það til Norður-Ísfirðinga, hvernig hann leikur.

Hann sagði líka, að haldnir væru allir samningar við þessa menn, og er það alldrjúglega mælt í garð Guðmundar Finnbogasonar, sem allir dómstólar myndu dæma, að svikin væru loforð á, því þetta embætti, sem um er að ræða, er við hans nafn bundið.

Jafnvel þótt Alþingi ákvæði að greiða Guðm. Finnbogasyni full laun, þá bregður það loforði við hann samt. Honum var veitt þetta embætti til þess að hann fengi þar að starfa og njóta sín, og það er það, sem hann vill gera einnig framvegis. Þetta frv. er því svo langt frá því að vera efndir á loforðum þingsins, er það gaf þegar embættið var stofnað, að það eru miklu fremur svik af versta tagi.

Jeg býst að vísu við, að þótt þetta þing láti sjer sæma að svifta þennan ágæta mann tekjum sínum, og þótt því tækist það, að hann deyi ekki fyrir það úr hungri, en slík óorðheldni sem þetta er ekki sæmandi neinum einstökum manni, hvað þá Alþingi Íslendinga. En ef hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) telur rjett og sæmilegt, að Alþingi verði talinn sá aðili, sem verst heldur orð sín, þá hann um það og þeir hv. þingm., sem honum fylgja að málum. En hitt veit jeg, að bændur kjósa ekki það orð á Alþingi, að það haldi ekki gefin loforð. Og hann má vera viss um, að svona mál frjettist, og mun hvergi mælast vel fyrir.

Þá þarf jeg einnig að reka ofan í hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) illmæli nokkur um Guðm. Finnbogason, er hann ljet falla við 1. umr. þessa máls. Hann sagði, að aðalstarf þessa manns við háskólann væri að koma þangað til þess að fullvissa sig um, að kenslustofurnar væru tómar. Þetta eru hörð orð um fjarverandi mann, jafnvel þótt sönn væru. En harðari eru þau samt, þar sem enginn flugufótur er fyrir þeim, eins og jeg brátt mun sanna, og ekki síst þar sem það er bæði þingöldungur og prestur, sem ber sjer þau í munn. Og það gæti orðið honum hættuspil, ef það frjettist, og það mun frjettast, að hann hafi skrökvað á saklausan mann hjer í deildinni.

Jeg skal nú, til þess að sanna mál mitt, gefa stutt yfirlit yfir starf Guðm. Finnbogasonar síðan hann var skipaður í embættið:

Ár 1917—18: a) Las með nemendum guðfræðideildar trúarbragðasálarfræði, og lagði þá til grundvallar „Varieties of religious Experience“, og hafði 7—8 á-

heyrendur stöðugt. — b) Hafði sálarfræðitilraunir, með sama nemendafjölda. — c) Hjelt almenna fyrirlestra um gáfnapróf fyrir fullu húsi. — d) Hjelt almenna fyrirlestra um fagurfræði, er hafa komið út og kallast: Frá sjónarheimi.

Ár 1918—19: a) Las hann með stúdentum og hjelt fyrirlestra um frásögn og vitni (Psykologie der Aussage), og hafði ávalt 7—8 áheyrendur, enda er lögfræðingum svo að segja lífsnauðsyn að kynna sjer slíkt og þekkja það. — b) Hjelt almenna fyrirlestra um sálarfræði námsins fyrir fullu húsi. — c) Hafði æfingar með stúdentum í notkun bóka og bókasafna, og voru þær æfingar mjög vel sóttar. — d) Kendi stúdentum um samband sálar og líkama og lagði til grundvallar „Body and Mind" eftir McDougall, og mun þar aldrei hafa haft færri en 10 áheyrendur.

Ár 1919—20: a) Hjelt almenna fyrirlestra um skipulag vinnunnar, vel sótta að vanda. — b) Hjelt áfram að lesa með stúdentum „Body and Mind". — c) Veitti lögfræðingum kenslu í glæpamannasálarfræði, þeirri grein, sem hv. frsm. (S. St.) hjelt ekki vera hagnýta sálarfræði. En flestir hv. þm. munu kunna skil á því, að þetta er sálarfræði, og það sálarfræði, sem öllum dómurum er nauðsynlegt að kunna, þótt hv. frsm. viti ekki slíkt.

Ár 1920—21: a) Hjelt almenna fyrirlestra um áhrif veðráttu og loftslags á sálarlíf manna, sem hann hefir síðan gefið út sem fylgirit háskólabókarinnar. Hafði hann fult hús að vanda. — b) Hafði sálarfræðitilraunir og gáfnapróf með nokkrum stúdentum háskólans. — c) Las aftur með stúdentum trúarsálarfræði og lagði til grundvallar „Varieties of religious Experience", sömu bók sem 1917—18.

Nú heldur hann fyrirlestra um samlífið og þjóðarandann, og hefir mikla aðsókn. Einnig hefir hann tilraunir með einu kandidatsefni og kennir honum tilraunasálarfræði o. fl.

Þá heldur hann og fyrirlestra: Yfirlit yfir hagnýta sálarfræði.

Það er svo langt frá því, að orð hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sjeu sönn, að altaf hefir verið mikil aðsókn til þessa manns og að sumum fyrirlestrum hans hefir hún verið afarmikil.

Út af þeim reikningi, sem færður hefir verið fram hjer í Nd. um það, hve fáir sjeu fastir nemendur hjá þessum manni, vil jeg minna á það, að við erlenda háskóla, sem eru mörgum sinnum stærri, eru oft fáir nemendur. Skal jeg geta þess, að kennarinn í slafneskum málum í Kaupmannahafnarháskóla hafði um tíma að eins 2 nemendur, og var annar þeirra Íslendingur. Og þegar jeg gekk til grískuæfinga undir próf, vorum við að eins 6 saman. Jafnvel við slíkt háskólabákn sem Berlínarháskóla, eru oft ekki meira en 15—16 nemendur viðstaddir fyrirlestra, sem eru sjerstaklegs efnis.

Jeg vil bæta því við, að þótt svo hefði mátt segja, að embættið hafi ekki verið nauðsynlegt, þegar það var stofnað, þá verður slíkt ekki sagt nú, þar sem háskólinn er búinn að setja reglugerð um próf í þeirri grein, sem þessi maður kennir. Og þó að ekki sje þar nema einn nemandi nú sem stendur, þá geta þeir fljótlega orðið fleiri. Er ekki ólíklegt, að efnaðir menn, sem ekki kæra sig um að lesa til embættis, muni einmitt lesa í þessari deild, sjer til menta, og jafnvel taka þaðan próf.

Jeg hygg, ef frv. háttv. sparnaðarnefndar verður samþ., að þá megi ætlast til þess, að háskólinn fari að gefa út bækling með sama titli og einhver

sjúklingur á Vífilsstöðum, sem kallar sig Holt. Rit hans hjet „Stýfðir vængir". Sparnaðarnefndin vill stýfa af háskólanum fjaðrirnar. Og fulltrúar þjóðarinnar láta sjer sæma að horfa á og rjetta hönd að því göfuga verki.

Þá sagði hv. frsm. (S. St.), að Guðmundur Finnbogason hefði ekkert gert fyrir vinnubrögð í landinu síðan hann varð prófessor. Jeg veit, að þetta eru ósannindi hjá hv. frsm. (S. St.), og jeg hygg, að það sjeu vísvitandi ósannindi. Jeg hefi hjer í höndum „Lögrjettu" frá 1918, þar sem er grein um móvinslu eftir þennan mann og Gísla Guðmundsson. Er það stórmerkileg grein. Og ef hv. þm. halda, að hún sje heimska ein, af því að hún er eftir íslenska menn, þá vil jeg benda á, að í Noregi hafa menn síðar gert þessar sömu uppgötvanir, sem getið er um í greininni. Árið eftir samdi hann leiðbeiningar um kappslátt og gekst fyrir kappsláttumótum á ýmsum stöðum. Þá dvaldi hann og um tíma á Siglufirði og rannsakaði aðferðir við síldarvinnu, og skrifaði bækling um það efni.

Árið 1920 ritaði hann í Skírni ítarlegar greinar um ráðningaskrifstofur og um kapp og met. En síðastliðið sumar gat hann ekki sint þessu starfi, vegna þess, að hann hafði þá ærið að starfa í mentamálanefndinni. Nú er því starfi lokið, enda hefir Guðmundur nú komist að samningum við Fiskiþingið og útgerðarmannafjelagið um að þau, hvort um sig, skipuðu einn mann til þess, ásamt honum (Guðmundi), að rannsaka alla fiskvinnu á landinu. Hafa fjelögin orðið vel við þessari málaleitun og skipað þá Jón Bergsveinsson og Þorgeir Pálsson í þessa nefnd.

Jeg endurtek það því, að hv. þm. N.-Ísf. hefir farið með vísvitandi ósannindi, einnig um þessa hlið á starfsemi Guðmundar Finnbogasonar. (**Forseti** hringir.) Jeg veit ekki til, að jeg hafi hagað mjer hjer óþinglega á nokkurn hátt. En þótt hv. þm. vilji ekki hlusta á sannleikann í þessu máli, þá vona jeg, að skrifarar hafi náð svo orðum mínum, að hægt sje af þeim að sanna, að á hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sje hjer borin lögmæt sök.

Jeg er sannfærður um, að þeir hv. þm., sem greiða atkv. með afnámi þessa embættis, gera það á móti einhverri skárri rödd í brjósti sínu, því að það eru svik við þennan mann, svik, sem hljóta að frjettast og setja blett á þetta þing og þá menn, sem hafa ljeð þessu atkv. sitt.

ATKVGR.

1. gr. frv. samþ. með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Ing. B., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., B. H., H. K.

nei: Jak. M., J. B., M. J., M. K., Ó. P., Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. E., Gunn. S., B. Sv.

Þrír þm. (E. Þ., M. P., Þór. J.) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 13 : 5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., B. H., H. K., Ing. B., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., P. O., P. Þ.

nei: Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. B., M. J., M. K., Ó. P., B. Sv.

Þrir þm. (E. Þ., M. P., Þór. J.) fjarstaddir.

Á 36. fundi í Nd., fimtudaginn 30. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 61.)

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg hefi engu við það að bæta, sem jeg hefi sagt við fyrri umr. þessa máls. Vil jeg þó geta þess, að sparnaðarn. hefir alls ekki breytt skoðun sinni, þó hún hafi fengið í hendur álit háskólaráðsins um málið. Sjer hún ekki í því áliti færð nægileg rök fyrir þörf þessa embættis. Þessi ummæli læt jeg nægja um málið.

Forsætisráðherra (S. E.): Jeg vil aðeins leggja áherslu á það atriði, sem háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) mintist lauslega á, að háskólaráðið hefir fengið mál þetta til meðferðar og sent álit sitt. — Samkvæmt því áliti telur háskólaráðið ótvírætt embættið nauðsynlegt. Og upp úr því áliti ætti eitthvað að vera leggjandi. Annars skal jeg ekki fara um málið fleirum orðum; það er þegar mikið rætt, og jeg tel óþarfa að endurtaka hjer það, sem jeg hefi áður sagt um þetta frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., Ing. B., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þór. J., B. H., E. Þ.

nei: Gunn. S., Jak. M., J. B., L. H., M. J., M. K., M. P., Ó. P., Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. E., B. Sv.

Frv. afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., fimtudaginn 30. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 61).

Á 35. fundi í Ed., mánudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Eins og hæstv. forseti tók fram, þá er frv. þetta komið frá sparnaðarnefndinni og hefir nú gengið í gegnum hv. Nd.

Það hafa margir haft orð á því, að þingið væri óspart á stofnun nýrra embætta. Þingið hefir nú fundið mjög til þess, hve launabyrðin hefir vaxið óðfluga, svo nú er svo komið, að mjög stór hluti af tekjum ríkisins gengur til að launa embættis- og starfsmönnum þess. En þá er það ekki síður alþýðan, sem hefir fundið til þessa. Þannig hefir það komið ljóst fram á þingmálafundum víðsvegar á landinu, og á okkur þm. Húnv. hefir verið skorað að fylgja fram fækkun embætta, og hefir þá einkum verið litið til þessa embættis o. fl. af þeim, sem komið hefir verið á fót á síðastu þingum, sem kjósendur telja, að leggja megi niður, án þess skaði sje að, og að sömu niðurstöðu hefir hin hv. Nd. komist.

Saga þessa embættis, sem hjer er til umr., er ekki löng. Það var stofnað á þinginu 1917, með hörðu atfylgi þeirra manna, sem minst orð hafa á sjer fyrir forsjá eða gætni í fjármálum. Lítil meðmæli komu fram með embættisstofnun þessari, og þess má geta, að háskólinn lagði eigi til með stofnun þess. Stofnun embættisins var svo samþykt í þinglok, með afbrigðum frá þingsköpum og í mesta flaustri, með 1 atkv. mun. Að öðru leyti vil jeg ekki lýsa gangi þess hjer í deildinni. Ekki hefir heldur verið mikið látið af nauðsyn þessa embættis síðan, nje reynslan sýnt mikinn

árangur af því, enda hefir sá maður, er í því situr, í ýms önnur horn að líta, eins og ekki er ótitt. Gagnsemi þess fyrir háskólann sjest ljóslega af því, hve örfáir nemendur hafa þar hlýtt á fyrirlestra hjá þessum prófessor.

Jeg álít óþarft að tala meira um þetta. Háttv. þm. Ed. hafa fylgst með gangi þess í Nd. Frv. þetta er eitt af þeim fáu frv., er sparnaðarnefndin hefir borið fram í Nd. og komist hafa gegnum deildina, og eru það óneitanlega meðmæli með því. Þar sem frv. þetta er borið fram af nefnd, geri jeg ekki ráð fyrir, að því verði vísað til nefndar hjer, en leyfi mjer að óska þess, að hv. deild visi því til 2. umr., að umr. lokinni.

Sigurður Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að máli þessu verði vísað til nefndar, þrátt fyrir það, þó það sje komið frá nefnd. Jeg tel sem sje fulla þörf á því, að það verði vel athugað hjer í deildinni, og verður líklega rjettast að vísa því til fjhn.

Halldór Steinsson: Jeg verð að lýsa undrun minni yfir orðum hv. 3. landsk. þm. (S. J.), og virðist mjer till. hans fela í sjer vantraust til sparnaðarnefndar. Legg jeg á móti því, að frv. þessu verði vísað til nefndar.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg er sammála hv. þm. Snæf. (H. St.) um það, að óþarfi sje að vísa þessu máli til nefndar. Hitt er annað mál, hvort afnema beri þetta embætti. Það er nú svo, að hægara er að stofna embætti, enda oft gálauslega gert, heldur en að leggja þau embætti niður, sem þegar hafa verið stofnuð. Þetta embætti hefir verið veitt upp á nafn, og því er alveg óvíst, hvort nokkuð er hægt að spara með því að leggja það niður. Jeg býst við, að sá maður, sem í því situr nú, geti haldið launum sínum áfram. Það er hægt að banna honum að kenna í háskólanum, en ekki hægt að banna honum að taka launin.

Jeg greiði atkv. bæði móti nefnd og móti frv.

Forsætisráðherra (S. E.): Jeg greiddi atkv. á móti stofnun þessa embættis á þinginu 1917. En þar sem embættið er nú stofnað og bundið við ákveðið nafn í lögum, þá sje jeg mjer ekki fært að mæla með frv., enda vafasamt, hvort hlutaðeigandi embættismaður kynni ekki að eiga rjett til launanna, þó að embættið yrði lagt niður.

Rjett held jeg sje, að nú þegar við þessa umr. komi það fram, hver örlög frv. eigi að verða, svo ekki sje verið að eyða tíma í óþarfa umr. um það.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Hv. þm. S.-M. (S. H. K.) vottaði það, að gálauslega hefði verið stofnað til embætta. Á það víst ekki síst við þetta embætti, og sjálfsagt fleiri. En hann áleit ilt að leggja þau niður. Jeg er alveg sammála hv. þm. (S. H. K.) um fyrra atriðið, að gálauslega hafi verið til þeirra stofnað, en reynslan sýnir, að ávalt hafa nógir verið til að mæla með þeim, og sumum finst sennilega aldrei nóg af embættum. Man jeg ekki eftir, að hann tæki annað fram.

Hæstv. forsrh. (S. E.) tók það rjettilega fram, að hann hefði verið á móti stofnun þessa embættis í fyrstu, en nú væri hann móti afnámi þess, vegna þess, að hann bjóst eins vel við því, að dómstólarnir myndu dæma manninum full laun. En um það vildi hann, sem þó er lögfræðingur, ekki segja neitt ákveðið. Það er nú auðvitað ekki fært fyrir mig að segja neitt um lögfræðishlið

þessa máls, sem lögfræðingarnir deila um. En jeg hefði þó gaman af að sjá úrskurð dómstólanna um það atriði, hvort maðurinn, sem hefir embættið, getur gert fyllri kröfur en halda bið launum í 5 ár. Þetta atriði orkar tvímælis, og mjer finst, að hæstv. forsrh. (S. E.) ætti ekki að vera frv. andvígur, þar sem hann hefir lýst því yfir, að hann álíti þörf að ljetta launabyrði landsins.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg get lýst yfir því, að jeg ber í raun og veru virðingu fyrir störfum hv. sparnaðarnefndar. En á hitt verð jeg þó að líta, að mjer finst hún eigi verið hafa sem hepnust í störfum sínum og tillögum. Hún hefir höggið strandhögg hingað og þangað, og till. hennar hefir slegið niður úr háa lofti.

Jeg lít nú svo á, að starf sem hennar sje ekkert áhlaupaverk, og ilt sje að taka svona mál út úr samhengi. Tel jeg því heppilegast, að því sje vísað til stjórnarinnar, þar sem hún hefir lýst yfir því, að hún sje fylgjandi fækkun embætta. Fer þá um þetta mál líkt og fór um annað mál samskonar í Nd. Tel jeg það heppilegustu úrslit málsins.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Að eins örfá orð út af ræðu háttv. 2. þm. Rang. (G. Guðf.). Hann sagði, að starf og till. sparnaðarn. hefðu komið úr háa lofti og höggvið strandhögg hjer og þar. Mætti taka þetta til greina, ef hv. þm. (G. Guðf.) hefði sýnt, að hann vildi nokkuð spara, en hann hefir nú ekki komið fram með neinar sparnaðartillögur enn. Að vísu hældi hann sparnaðarnefndinni, en jeg álít, að það hafi þó eigi síður verið skammir, er hann sagði um hana. Nefndin veit það vel, að það er vanþakklátt verk að leggja til, að sparað sje eða dregið úr útgjöldum ríkisins á nokkru sviði hjer í hv. deild, en það mun jeg láta mjer liggja í ljettu rúmi. En eitt er víst: Það er víðar hugsað og talað um sparnað nú á tímum heldur en innan þinghúsveggjanna.

Halldór Steinsson: Jeg get sagt hið sama og hæstv. forsrh. (S. E.), að jeg var á móti stofnun þessa embættis á þingi 1917; en svo skilja leiðirnar. — Skoðun mín er óbreytt. Jeg álít þetta embætti óþarft enn, eins og þá.

Að vísa þessu máli til stjórnarinnar, er að vísu kurteis aðferð við að fella það, því eftir undirtektum hæstv. forsrh. (S. E.), þá er naumast við því að búast, að frá stjórninni komi till. um að leggja þetta embætti niður.

Forsætisráðherra (S. E.): Jeg hefi aldrei talað um, að embætti þetta væri nauðsynlegt, og því í engu breytt skoðun minni um það atriði. En jeg álít, að þingið hafi gefið loforð, er eigi megi rifta, nema hlutaðeigandi embættismanni sje þá sjeð fyrir öðru embætti, er hann vilji taka.

Aftur efast jeg ekki um, þótt embætti í hagnýtri sálarfræði sje ekki nauðsynlegt, að auðvitað verði gagn að sálarfræðifyrirlestrum hins mjög svo vel gefna og sjálfsagt lærða prófessors.

Guðmundur Guðfinnsson: Þar sem tvísýnt er, hvort nokkur sparnaður verður að frv. þessu, þó að fram gangi, en stjórnin hins vegar vill rannsaka þetta mál, ásamt öðrum, þá leyfi jeg mjer að koma með svo felda rökstudda dagskrá:

Með því að deildin lítur svo á, að því megi óhætt treysta, að lands-

stjórnin taki til nákvæmrar yfirvegunar alla embættaskipun landsins, og leggi fyrir næsta Alþingi ákveðnar tillögur um það, á hvern hátt megi gera hana einfaldari og þá um leið ódýrari, þykir henni ekki að þessu sinni ástæða til að taka neina ákvörðun hvað þetta embætti snertir, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Einar Árnason: Jeg get sagt eins og hv. þm. Snæf. (H. St.), að jeg var á móti stofnun þessa embættis frá upphafi. Átti jeg þá sæti í Nd. og greiddi atkv. á móti því við allar umr. þar. Áleit jeg stofnun embættis þessa vanhugsaða og gagnslausa. Hefi jeg í engu skift um skoðun síðan, og mun því hafna dagskránni, en samþ. frv. Hefi jeg hjer engu lofað, og því engu að rifta.

En þar sem hjer er um mjög mikilhæfan mann að ræða, þá er eigi loku fyrir það skotið, að hann geti unnið mikið gagn á öðrum sviðum. Vænti jeg þess einmitt, að hann fái tækifæri til þess áður mjög langt líður. Er þá vel, að hann sje laus við þetta embætti, svo hann geti tekið við öðru starfi, sem gefur honum betra tækifæri til að nota hæfileika sína, þjóð og landi til gagns.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 2. þm. Rang. (G. Guðf.) feld með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jóh. Jóh., S. E., S. J., B. K., G. Guðf., G. B.
nei: K. E., S. H. K., S. F., E. Á., G. G., G. Ó., H. Sn., H. St.

Frv. **felt** frá 2. umr. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. J., E. Á., G. Ó., H. St., H. Sn.
nei: S. F., B. K., G. G., G. Guðf., Jóh. Jóh., K. E., S. E., S. H. K., G. B.

7. Kosning þingmanns fyrir Hafnarfjörð.

Á 7. fundi í Nd., fimtudaginn 23. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um kosning þingmanns fyrir Hafnarfjarðarkaupstað og skifting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi (þm.frv., A. 34).

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn 27. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Þorgilsson): Ástæðurnar fyrir þessu frv. eru nægilega teknar fram í greinargerðinni. En vegna þess að nokkrar breytingar hafa orðið í kjördæminu síðan gildandi fyrirkomulag komst á, skal jeg láta nokkur orð til skýringar fylgja frv. úr hlaði.

Þá höfðu Gullbringu- og Kjósarsýsla óskiftan fjárhag og Hafnarfjarðarkaupstaður var ekki til. Við Hafnarfjörð var þá að eins samnefnt kauptún með 3—4 hundruð íbúum. Atvinnuvegurinn var útgerð með opnum bátum frá hausti til sumars, en á sumrin smáþilskipaútgerð.

Nú er Hafnarfjarðarkaupstaður næststærsti kaupstaður á landinu, þegar Reykjavík er undanskilin. Áhugamál Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðarkaupstaðarbúa eru á mörgum sviðum ólík nú orðið og mjög ólík því, sem þau voru fyr, þar eð atvinnuvegir

hafa breyst, einkum í Hafnarfjarðarkaupstað. Þar eru nú allmargar verslanir og atvinnuskifting, svo sem fjölment verkamannafjelag og fleiri atvinnustjettir, sem ekki eru svo teljandi sje í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Ástandið er nú eins ólíkt og framast má verða því, er þá var, er lögin voru sett, sem nú eru í gildi um kjördæmaskiftinguna.

Kjósendur, einkum í Hafnarfirði, hafa krafist þess á þingmálafundum, að hv. Alþingi skifti kjördæminu, svo sem farið er fram á í þessu frv., Hafnarfjörður fái sinn þingmann, en Gullbringu- og Kjósarsýsla hvor sinn þm. fyrir sig.

Jeg býst við, að frv. þetta sæti andmælum, einkum af því að það baki ríkissjóði aukin útgjöld. Jeg skal ekki bera á móti því, en jeg vona, að hv. þd. líti svo sanngjarnt á þetta mál, að eigi beri að setja það fyrir sig, með tilliti til annara kaupstaða landsins, sem allir hafa sjerstakan þm. fyrir sig og flestir eru, eins og jeg hefi áður tekið fram, miklu fólksfærri.

Og þó að menn vilji fækka starfsmönnum og minka útgjöldin sem mest, mætti spara alþingiskostnaðinn, sem þessu næmi, á öðrum sviðum.

Önnur mótbára, sem jeg býst við að komið verði með, er, að nú standi til að gerbreyta kjördæmaskiftingu landsins, með því að í þál.till. frá 1920 er ætlast til, að stjórnin taki til athugunar, hvort gerlegt sje að fækka kjördæmunum og viðhafa hlutbundnar kosningar. En þá mótbáru ætti ekki að taka til greina, því þótt þetta frv. næði fram að ganga og bætt yrði við einum þm. fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, gæti það út af fyrir sig aldrei orðið til neinna óþæginda, þótt að því ráði væri horfið að gerbreyta kjördæmaskiftingunni. En með því að ekkert hefir verið gert í því máli enn, og líklegt, að það dragist um nokkur ár, er krafa sú, sem í frv. felst, bygð á mestu sanngirni.

Jeg vona, að frv. verði vísað annaðhvort til fjárhagsnefndar eða allsherjarnefndar; stendur á sama, hvor þeirra fær það til meðferðar.

Við frv. hefir komið fram brtt. á þskj. 38, en jeg ætla ekki að fara orðum um hana að þessu sinni, því hún hnekkir ekki framgangi málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. (sjá A. bls. 660) með 15 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., laugardaginn 18. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., þriðjudaginn 21. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 34, 38, n. 109 og 114).

Stefán Stefánsson: Brtt. á þskj. 38 hefi jeg flutt eftir eindregnum og endurteknum áskorunum Siglfirðinga.. — Bæði í fyrra og aftur nú í vetur skoruðu þeir, með öllum atkv. á fundi, á okkur þm. Eyf. að koma því til vegar, að Siglufjörður yrði gerður að sjerstöku kjördæmi. Jeg hreyfði þessu ekki í fyrra, af því að þá var ekkert reynt að hreyfa við kjördæmaskipuninni í landinu, en úr því að nú var farið að eiga við það mál, þá þótti mjer sjálfsagt að sitja ekki hjá aðgerðalaus.

Siglufjörður er, eins og hv. þm. vita, mjög afskekt hjerað, og samgöngur eru þaðan eða þangað mjög litlar, nema sjóleiðina. Áhugamál þeirra, sem kaupstaðinn byggja, eru og önnur og ólík

annara íbúa kjördæmisins, og valda því að ýmsu leyti ólíkir atvinnuvegir. Síldveiðin er sjerkennilegasti atvinnuvegur Siglfirðinga og um leið sá helsti. Safnast þangað fólk svo hundruðum skiftir víðsvegar að, meðan veiðin stendur, til þess að starfa að þessum atvinnuvegi, og mikill fjöldi kaupstaðarbúa vinnur að honum. Annarsstaðar í kjördæminu er þessi veiði lítið stunduð. Skipaútgerð er einnig talsverð á Siglufirði, en hvergi neitt að ráði annarsstaðar í kjördæminu. Árið 1920 voru verslanir þar 19 að tölu, en eiginlega ekki nema 4 annarsstaðar í kjördæminu.

Af þessu má sjá, að erfitt er fyrir þm. Eyf. að vinna fyrir kjördæmi sitt, án þess að það komi að einhverju leyti í bága við hina aðra hluta kjördæmisins, og miðað við fólksfjölda hafa Siglfirðingar sanngirniskröfu til að vera sjerstakt kjördæmi, þar sem við síðasta manntal var þar 1128 manns, en t. d. á Seyðisfirði að eins um 870, og í Norður-Þingeyjarsýslu eitthvað líkt og á Siglufirði. Þetta, og svo hin sjerstöku áhugamál kaupstaðarins, sýna, að hann á kröfu til þessa.

Þá má og láta þess getið, að þarna búa mjög svo mikilshugar og dugandi menn, sem hafa bæði mörg framfarafyrirtæki að vinna að og hugsa sjer að leggja út í þau enn stórskornari, þegar sjer fram úr mestu fjárkreppunni, og svo mikið er víst, að jafnaðarreikningur bæjarsjóðsins er margfaldur móts við reikninga ýmsra sýslna.

En um aðalfv. er það að segja, að jeg tel fulla sanngirni á því, að Hafnarfjörður fái sjerstakan þm. Þar er tvöfalt fleira fólk en á Siglufirði, og auðvitað með öllu sjerskilinn fjárhagur og þar af leiðandi sjerstök og sjerskilin áhugamál, sem annara kaupstaða, en aftur eru staðhættir og atvinnuvegir eigi eins sjerstæðir og á Siglufirði, og er því auðsæilega rjett, að sama verði látið yfir báða ganga. Jeg vona því, að háttv. deild samþ. frv. með brtt. minni, á þskj. 38.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Sigurðsson): Jeg tel ekki rjett að eyða miklum tíma í þetta mál. Svo sem sjá má af nál., sá meiri hl. nefndarinnar sjer ekki fært að leggja til við hv. deild, að frv. verði samþ. Er það meðfram af sparnaðarástæðum. Hver nýr þm. kostar nýjar fjárhæðir. Enn fremur þótti nefndinni varhugaverð fjölgun þm. í einstökum kjördæmum, þar sem alla kjördæmaskipunina á að endurskoða (sbr. þál. frá 1920).

Nefndin viðurkennir, að krafa Hafnarfjarðar er sanngjörn, en mörg hjeruð hafa svipaðar kröfur fram að bera. Má þar til nefna Árnessýslu, sem hefir yfir 6000 manns, og eru þar á meðal tvö kauptún með hátt á annað þúsund manns.

Mjer virtist hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) gera það mest af kurteisi við kjósendur sína á Siglufirði að vera að bera fram brtt. á þskj. 38. En þá verð jeg að segja, að Hafnarfjörður stendur nær. Hann hefir t. d. meira en tvöfalda íbúatölu á við Siglufjörð.

Fleiri orðum hefi jeg ekki hugsað mjer að eyða að þessu máli.

Jón Baldvinsson: Háttv. flm. þessa frv. og frsm. minni hl. allshn. (E. Þ.) er veikur í dag og getur því ekki mælt fyrir frv. sínu. Hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) hefir nú lítils háttar minst á rjettarkröfu Hafnarfjarðar til þess að hafa þm., og vildi jeg taka í þann streng líka.

Það er engin ástæða gegn þessu frv., þó að talað hafi verið um að endurskoða alla kjördæmaskipun landsins.

Það er aldrei rjett að fresta því að gera rjett. Þar við bætist og, að fyrverandi forsrh. (J. M.) taldi nokkrum vandkvæðum bundið að koma þeirri endurskoðun fram.

Hafnarfjörður er nú orðinn einn af stærstu kaupstöðunum, næstur Reykjavík að stærð, og er í örum vexti. Hann er þannig í sveit settur, að menn hafa þar alls eigi sömu áhugamál og aðrir íbúar kjördæmisins.

Hjer er um ekkert annað að ræða en fullkomið sanngirnismál og rjettlætis, og jeg vona, að hv. deild hafi ekkert annað fyrir augum, þegar hún nú fellir atkv. um þetta mál.

Björn Hallsson: Jeg skrifaði undir nál. með fyrirvara, og fyrir þeim fyrirvara vildi jeg gera grein.

Jeg var ekki ósamþykkur niðurstöðu nál., en mjer líkaði ekki orðalag þess. Mjer fanst, að út úr því mætti draga það, að meiri hl. væri samþykkur fjölgun þm. yfirleitt, þegar hin væntanlega endurskoðun kjördæmaskipunarinnar fer fram.

Það vildi jeg ekki gefa í skyn.

Jeg er á móti fjölgun þm. Það veldur kostnaðarauka, bæði vegna launa og líka vegna langra umr. Umr. virðast verða því lengri, sem fleiri eru saman í deild, og er líklega eðlilegt. Aftur eru lítil líkindi til, að fjölgun þm. bæti meðferð mála eða niðurstöður, eða verði þess valdandi, að meiru verði afkastað á skemri tíma. Í þessu sambandi má benda á þm.-fjölda í hvorri deild. Hjer í hv. Nd. eru helmingi fleiri þm. en í hv. Ed. og verður ekki um það deilt, að hjer er miklu meira en helmingi meira flutt af óþörfum, eða að minsta kosti mismunandi þörfum, ræðum en í Ed. Aftur á móti verður ekki sagt, að Ed. vinni ver að niðurstöðum mála en við hjer í Nd. Yfirleitt hefir allur ræðufjöldinn hjer í deildinni lítil áhrif á úrslit málanna. Það er margreynt.

Þó er jeg ekki á móti þessari umræddu endurskoðun kjördæmaskiftingarinnar, og teldi jeg þá breytingu heppilegasta, að tvímenningskjördæmum væri skift og landið alt gert að tómum einmenningskjördæmum, og væri þá reynt að láta þá lenda saman, er skyldasta atvinnuvegi stunda. Þyrfti þá ekki endilega að binda sig við sýslutakmörk eða takmörk gömlu kjördæmanna. Þetta mundi verða til hagræðis á margan hátt. Kjördæmin yrðu minni og auðveldari yfirferðar til fundahalda, og þá væri líka úr vegi rutt þeim örðugleika, sem oft hefir brytt á í tvímenningskjördæmunum, að illa hefir gengið að fá samstæða frambjóðendur. Þó að hlutfallskosningar þyki að ýmsu leyti góðar, þá hafa þær þó ókosti; t. d. yrðu kjördæmin, vegna viðáttu, erfið fyrir þm. og frambjóðendur til fundarhalda o. fl.

Annars er það venjulega kjósendafjöldinn, sem fram er færður sem aðalástæða fyrir þm.-fjölgun, en á það má ekki eingöngu horfa. Verður í því sambandi einnig að athuga, hvernig hjeruðum er í sveit komið. Hafnarfjörður er vel settur. Hann er skamt frá þingstaðnum, en Siglufjörður langt í burtu og hefir auk þess nokkra sjerstöðu sem útgerðarstaður. Væri því frekar ástæða til að láta Siglufjörð fá þm. en Hafnarfjörð.

Magnús Jónsson: Af því að það hefir nú komið tvisvar fyrir með stuttu millibili, að hv. allshn. hefir lagst á móti smábreytingum sökum þess, að við borð liggi breytingar og endurskoðun á stærri lagabálkum, er þetta heyri undir, þá vil jeg nota þetta tækifæri til þess að mótmæla þessari röksemd. Ef breyting-

in er til bóta og vafalaust er um það, að hún verði tekin upp í lögin, þá er lítið vit í að draga að gera hana. Held jeg, ef rannsakað væri, hvað mikið stjórninni hefir undanfarið verið falið með dagskrám og þál.till., að koma mundi í ljós, að þeir væru allmargir lagabálkarnir, sem koma eigi bráðum, og að flestum smáumbótum mætti granda með þessari röksemd, að stærri lagabálkur um þetta efni væri á döfinni. En það er nú reynslan, að það hefir stundum dregist æðilengi, að nokkur gangskör væri gerð að málunum. Jeg mun því ekki hagga mínu atkv. vegna þessara röksemda.

Annars vil jeg taka það fram, að jeg er með frv., en móti brtt., þó ekki af sömu ástæðu og hv. allshn., heldur af því, að jeg er á móti málinu í sjálfu sjer, því að jeg býst ekki við því, þó að kjördæmaskipunin væri endurskoðuð, að Siglufjörður fengi þm., nema ef um stórkostlega fjölgun þm. væri að ræða. Öðru máli gegnir um Hafnarfjörð. Hann er 2. eða 3. fjölmennasti kaupstaðurinn og fengi því áreiðanlega þm., enda mesta ranglæti, að Seyðisfjörður, sem að eins hefir 900 íbúa, skuli hafa þm., en Hafnarfj. engan. Þetta mundi því áreiðanlega koma í einn stað niður. Hafnarfjörður fengi þm., þó að hann væri dreginn á því, nema því að eins, að alveg nýtt kjördæmaskipulag væri upp tekið, t. d. fá, afarstór kjördæmi með hlutfallskosningum, en þá yrði hvort sem er öllu að umturna, og gæti engan skaða gert, þó að búið væri að uppfylla þessa rjettlætiskröfu Hafnfirðinga. Tel jeg því, að ekki sje rjett að fella þetta frv.

Jón Þorláksson: Það er misskilningur hjá hv. 4. þm. Reykv. (M. J.), ef hann hefir fengið það út úr nál. eða ummælum frsm. (Gunn. S.), að meiri hl. allshn. sje ekki á móti málinu að efni til. Fyrir mitt leyti get jeg sagt, að jeg er ekki mótfallinn því, að Hafnarfjörður fái þm., en því er jeg mótfallinn, að jafnmannfá sýsla og Kjósarsýsla er verði sjerstakt kjördæmi. — Sveitahjeruðin standa vel að vígi eins og nú er með þm.-fjölda, og væri miklu meiri ástæða til að bæta við þm. fyrir kaupstaðina, t. d. Siglufjörð, því að sjávarútvegurinn er nú fyrir borð borinn um fulltrúatölu í þinginu.

Forsætisráðherra (S. E.): Jeg vil að eins láta þess getið, að jeg er fylgjandi meiri hl. hv. allshn. í því að láta þetta frv. ekki ná fram að ganga. Sannast að segja lít jeg svo á, að þm. þurfi ekki að vera fleiri en þeir eru nú, en hins vegar þarf að koma rjettlátari skipun á kjördæmin. En eigi ávalt að bæta við þm.töluna, ef óánægja heyrist úr einhverju horni, þá getur sú tala með tímanum orðið feikilega há.

Stefán Stefánsson: Hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) virtist ætlast til þess, að jeg, sem sparnaðarmaður, flytti ekki svona lagaðar till., en jeg vil segja honum það, að jeg er ekki svo mikill sparnaðarmaður, að jeg hiki við að flytja fram rjettmætar og sanngjarnar kröfur kjósenda, þó að þær kunni að hafa einhver útlát í för með sjer. Sami hv. þm. (Gunn. S.) gerði þess engan mun, þó að kaupstaðurinn hefði sjerstaka bæjarstjórn, og fanst hann í engu eiga meiri rjett en Árnessýsla til þess að bæta þm. við. Það er þó auðsætt hverjum skynsömum manni, að hjer stendur alt öðruvísi á. Auk þess, sem kaupstaðurinn hefir sjerstaka stjórn og aðskilinn fjárhag, eru atvinnuvegir hans alt aðrir en hins hluta kjördæmisins, en í Árnes-

sýslu eru atvinnuvegirnir hinir sömu um alla sýsluna.

Jeg vil þakka hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) hans góðu undirtektir, og raunar hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) líka, en þó ekki nema að nokkru leyti, því að hann tjáði sig mótfallinn brtt. minum. Háttv. 2. þm. N.-M. (B. H.) talaði um þann geipikostnað, sem mundi leiða af þessu við prentun Alþt., umræðupartsins, en það verð jeg að segja, að eigi bærnir rjettlætiskröfu á því að fá þm., þá eru svona röksemdir fánýtar.

Magnús Jónsson: Jeg sje það af ræðu hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að við erum í raun rjettri sammála. En þess hefði jeg óskað, að hann hefði beitt áhrifum sínum í nefndinni, svo að þetta sæist í nál. Nefndin gat hæglega mælt með frv., en á móti brtt., en í stað þess hefir hún skorið þann rjettláta niður með hinum rangláta.

En þeirri fyrirspurn vil jeg beina til hæstv. forsrh. (S. E.), hvort nokkur líkindi muni vera til þess, að Hafnarfjörður fengi ekki þm., þegar endurskoðun kjördæmaskipunarinnar fer fram.

Jón Baldvinsson: Hv. 2. þm. N.-M. (B. H.) hafði ekki trú á því, að niðurstaðan mundi verða neitt betri, þó að þm. yrði fjölgað, en hann verður að gæta þess, að viðfangsefnum fjölgar stöðugt, og mörg stór vandamál bætast við, svo að ekki er óeðlilegt, þó að þm. fjölgaði, og þegar gætt er hinna auknu starfa þingsins á síðustu árum, hygg jeg, að ekki verði sagt með nokkrum sanni, að þm. starfi minna eða ver en áður.

Jeg skal leiða hjá mjer að tala um einmenningskjördæmin, sem hv. þm. (B. H.) var svo hrifinn af, en rjettara hygg jeg, að kjördæmin sjeu höfð fá, en stór.

Afstaða hæstv. forsrh. (S. E.) þótti mjer leiðinleg, og ekkert nefndi hann, að stjórnin mundi gera gangskör að því að endurskoða kjördæmaskipunina. Fyrv. stjórn gerði ekkert í því, en jeg vona nú samt, að þessi hv. stjórn geri betur en ætla mátti af orðum hæstv. forsrh. (S. E.) og leggi fyrir næsta þing breytingu á kjördæmaskipuninni, sem bæti úr verstu göllunum á núverandi skipulagi.

Jón Þorláksson: Jeg vil að eins láta þess getið, hvers vegna jeg flutti ekki brtt. við frv., í þá átt, að Hafnarfjörður yrði eitt kjördæmi og Gullbringu- og Kjósarsýsla annað. Jeg gerði það ekki vegna þess, að jeg áleit mig þar ekki rjettan aðilja þeirra mála, og einnig vegna þess, að það mun vera á móti vilja meiri hl. kjósenda þeirra kjördæma, sem farið er fram á að skifta.

Allshn. hefir sýnt það, að hún er ekki á móti því að skifta tvímenningskjördæmi í einmennings, ef kjósendur æskja þess, en hitt er alt annað, ef skifta á tvímenningskjördæmi í 2 kjördæmi að nauðugum meiri hl. kjósenda kjördæmisins.

Björn Hallsson: Hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) hneykslaðist mjög á því, að jeg skyldi minnast á það, að umræðuparturinn yrði lengri, ef þm. yrði fjölgað, en hins gætti hann eigi, að þetta var að eins aukaatriði fyrir mjer, en aðalatriðið var það, að jeg bjóst ekki við betri niðurstöðu í málunum við það, en kostnaðaraukinn auðsær.

Hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) sagði, að viðfangsefnunum hefði fjölgað; þetta er rjett, en jeg held, að það sje ekki því að kenna, að þm. sjeu of fáir, þó að

niðurstaðan sje stundum eigi svo æskileg sem skyldi. Hins vegar sýnir reynslan, að málæði er því meira, sem fleiri menn eru saman komnir, og meiri vandkvæði á góðri niðurstöðu.

Jakob Möller: Jeg er sammála háttv. 2. þm. N.-M. (B. H.) um það, að vafasamt sje, hvort betri niðurstaða í málum fáist, þó að fjölgað væri þm. En það er ekki þetta, sem hjer er um að ræða, heldur hitt, hvort gefa eigi einstökum landshlutum sama rjett til áhrifa í þinginu sem öðrum.

Það hefir verið viðurkent með kjördæmaskiftingunni nú, að hvert lögsagnarumdæmi eigi rjett til að vera kjördæmi út af fyrir sig. Var og slegið mjög á þá strengina, er frv. um fjölgun þm. fyrir Reykjavík var borið fram, að til þess væri ekki full ástæða, vegna þess, að um nýtt, sjálfstætt kjördæmi væri ekki að ræða, en fólksfjöldinn einn gæti ekki komið til greina.

Nú eru Hafnarfjörður og Siglufjörður sjerstök lögsagnarumdæmi og hafa því sömu rjettlætiskröfu til að vera sjerstök kjördæmi eins og hin. Hv. þm. eru því ekki í samræmi við sjálfa sig, ef þeir fella þetta frv. Er það fullkomlega rjettmæt krafa, að þessir kaupstaðir fái þm. En þyki ekki fært að skifta Gullbringu- og Kjósarsýslu, þá þarf ekki að gera það, heldur einungis fella 2. gr. frv., því að þá er Hafnarfirði trygður 1 þm., án þess að sýslunni sje skift í tvö kjördæmi. Mæli jeg fyrir mitt leyti eindregið með því, að Hafnarfjörður fái þm. Hann hefir fullan rjett til þess sökum mannfjölda. Hann er nú orðinn svo mannmargur, að hann á að því leyti meiri rjett til sjerstaks þm. en að minsta kosti tveir kaupstaðir aðrir, sem nú eru sjerstök kjördæmi, að engar líkur eru til þess, að hann verði innlimaður aftur í annað kjördæmi, þótt kjördæmaskiftingin yrði endurskoðuð. Og sama má raunar segja um Siglufjörð líka. — Einn háttv. samþm. minn gat þess við mig hjerna á dögunum, er þetta frv. kom fram, að nú væri tækifæri fyrir okkur þm. Reykv. að fá þm. fjölgað hjer í Rvík. Jeg andmælti því þá og gat þess, að það mundi verða til þess að spilla fyrir þessu frv., því að maður veit, að hið háa Alþingi vill heldur smáskamta rjettlætið en veita það alt í einum skerf. En annars er jeg hræddur um, að hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) hafi gert Siglfirðingum og Hafnfirðingum bjarnargreiða með því að bera fram brtt. sína um Siglufjörð nú á þessu þingi, því að mig grunar, að það verði frv. að falli. En jeg mun greiða atkv. með því.

Stefán Stefánsson: Það eru að eins nokkur orð út af ræðu háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.). Hann gat þess, að sjá mætti ráð við því, að Gullbringu- og Kjósarsýsla væru gerðar að tveimur kjördæmum, en það væri að fella 2. gr. þessa frv. En mjer skildist á framsöguræðu hv. flm. þessa frv. (E. Þ.), við 1. umr. þessa máls, að það væri áhugamál Gullbringu- og Kjósarsýslubúa, að sýslufjelögin skiftist í tvö kjördæmi. Jeg hygg því, að honum væri gerður bjarnargreiði með því að fella 2. gr. þessa frv., svo jeg viðhafi orð hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.). Jeg hygg, að hann mundi heldur taka frv. aftur en þannig væri farið með það, því að hann lagði mjög mikla áherslu einmitt á þetta atriði.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Sigurðsson): Hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) sagði, að Hafnarfjörður og Siglufjörður ættu sanngirniskröfu á því að fá sjerstakan

þm. Það má vel vera, að það sje rjett, en jeg vil benda honum á það, að það er hægt að veita einum rjett þannig, að öðrum sje órjettur gerður um leið. Ef Hafnarfjörður og Siglufjörður eiga rjett á því að fá sjerstaka þm., þá eiga Eyrarbakki og Stokkseyri það ekki síður.

Hv. 2. þm. N.-M. (B. H.) vil jeg segja það, að óþarft var fyrir hann að skrifa undir nál. með fyrirvara. Í því er ekkert ákveðið um heildartölu þm., og öll allshn. var á móti því að fjölga þm. í einstökum kjördæmum. Jeg er á móti fjölgun þm. yfirleitt. Án þess að jeg vilji beint heimfæra orð Ólafs pá upp á Alþingi, þá finst mjer fyrirgefanlegt, þó að mönnum fljúgi þau stundum í hug, orðin, „að því ver munu oss gefast heimskra manna ráð, er þau koma fleiri saman.“

Hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) kvaðst ekki vera svo mikill sparnaðarmaður, að hann vildi ekki sinna rjettmætum kröfum kjósenda sinna. Þetta held jeg að allir hv. deildarmenn geti undirstrikað, því að það er alkunna, að þessi háttv. þm. (St. St.) lætur sjer svo ant um hina trúu og heittelskuðu kjósendur sína, að hann mundi ekki láta sjer fyrir brjósti brenna að berjast fyrir órjettmætum kröfum þeirra, hvað þá ef þær eru nú rjettmætar.

ATKVGR.

Brtt. 38 feld með 17 : 5 atkv.

1. gr. **feld** með 19 : 4 atkv.

8. Þingfararkaup alþingismanna.

Á 26. fundi í Nd., laugardaginn 18. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 36, 28. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna (þm.frv., A. 120).

Á 27. fundi í Nd., mánudaginn 20. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., laugardaginn 1. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Magnús Pjetursson): Jeg geri ráð fyrir, að öllum hv. deildarmönnum sje nú löngu kunnugt, hverjar ástæður þær voru, er knúðu mig til að bera fram þetta frv., enda eru þær að mestu skráðar í greinargerð frv. Samt sem áður vil jeg nú rifja þær upp í fáum orðum.

Hv. meiri hl. fjvn. hafði orðið ásáttur um að fella niður helming dýrtíðaruppbótar þeirra, kvenna og karla, sem styrks njóta samkvæmt 18. gr. fjárlaganna, eins og sýnt var með brtt. nefndarinnar. Mjer var og kunnugt um, að nærfelt helmingur nefndarinnar vildi fella hana niður með öllu. Vænti jeg, að hv. meðnefndarmenn mínir taki ekki hart á mjer, þó að jeg skýri frá þessu síðasttalda úr nefndinni, enda hygg jeg það ekkert launmæli verið hafa. Gat jeg jafnvel búist við, að sú till. kæmi fram í deildinni og næði þar samþykki. En þar sem jeg taldi slíka till.

mundu verða langt frá því að auka veg þingsins, heldur mundi hún hvarvetna mælast illa fyrir utan þingsins, taldi jeg það skyldu mína að reyna af fremsta megni að sporna við því, að þetta næði fram að ganga. Þar sem nú þessi till. var borin fram af sparnaðarástæðum, gat jeg varla búist við, að fallið yrði frá henni, eða hún feld í deildinni, nema hægt væri að benda á, að á annan sómasamlegri hátt væri hægt að spara að minsta kosti jafnmikla upphæð. En er um það var að ræða, fann jeg í fljótu bragði enga upphæð skyldari hinni en þessa, sem hægt væri til að taka, enda er það nú þegar sýnt, að jeg hefi þegar náð tilgangi mínum með þessu frv., þar sem hv. fjvn. hefir, eftir því sem mjer er frá skýrt, látið lýsa yfir því, að hún tæki áðurnefnda till. aftur, í því skyni að fallast á þetta frv.

Það má sjá á ýmsum þingmálafundagerðum, sem liggja fyrir Alþingi, að kjósendur víðsvegar úti um land hafa skorað á Alþingi að afnema allar dýrtíðaruppbætur; jeg get búist við, eftir því sem áður hefir komið fram hjer í hv. deild, að það sjeu engar getsakir, að ýmsir hv. þm. hafi bent kjósendum sínum á þessa sparnaðarleið.

Jeg segi þetta af því, að jeg er ekki að reyna til þess að bera þetta frv. fram af því, að jeg telji dýrtíðaruppbótina órjettláta, heldur þvert á móti tel jeg hana rjettlátasta hluta launanna.

Reynt var til þess á síðasta þingi að breyta ákvæðum dýrtíðaruppbótargreinarinnar í launalögunum, en náði ekki fram að ganga vegna þess, að eftir dómi skýrustu lögfræðinga áttu embættismennirnir eftir sem áður lagakröfu til þeirrar uppbótar, er í launalögum er ákveðin. Taldi jeg þetta rjettan dóm. Að vísu er jeg sömu skoðunar enn, að Alþingi geti ekki breytt lögskipaðri dýrtíðaruppbót nema með samþykki hins aðiljans, og svo munu lögfræðingar líta á málið. Og sama er að segja um þá menn í 18. gr., sem svifta átti dýrtíðaruppbótinni, að laun þeirra eða eftirlaun helga þeim uppbótina á meðan dýrtíðaruppbót á launum manna er ekki algerlega úr lögum numin.

Nú mun einhver segja, að eins sje ástatt um dýrtíðaruppbætur til þm., að þær sjeu lögum samkvæmt, og ætla jeg ekki að neita því. En benda vil jeg á, að hjer er þó ólíku saman að jafna, því að það er hægurinn hjá fyrir Alþingi að komast í samband við hinn aðiljann, þar sem þm. geta sjálfir komið sjer saman um þetta atriði og tekið afstöðu til þess með atkv. sínu. Hins vegar gæti orkað tvímælis, hvort þeir hv. þm., sem atkv. greiddu á móti frv. þessu, ættu heimting á dýrtíðaruppbótum eða ekki.

Annars býst jeg við, að frv. þetta valdi ekki miklum deilum; geri fremur ráð fyrir því, að mikill meiri hl. hv. þdm. verði því fylgjandi, svo um það ætti ekki að þurfa að eyða fleiri orðum.

En þó bið jeg þá menn að athuga, er taka vildu dýrtíðaruppbæturnar af þeim launalægstu í 18. gr., að það eru einmitt mennirnir, sem ekki geta á nokkurn hátt borið hönd fyrir höfuð sjer, sem aðallega átti að níðast á. Um embættismenn þjóðarinnar er alt öðru máli að gegna. Þeir geta sett stólinn fyrir dyrnar og lagt niður vinnu sína, finnist þeim, að þeir sjeu rangsleitni beittir. Embættismennirnir geta hafið verkfall, en fyrir hinum liggur ekkert annað en að hola sjer niður í gröfina. Hjer var því um mikið ranglæti að ræða í garð þeirra aumustu og það sumra þeirra, sem slitið hafa öllum kröftum sínum í þarfir lands og lýðs.

Nei, „maður, líttu þjer nær, liggur

í götunni steinn.“ Það mun meiri sómi þm. að byrja á sjálfum sjer. Það geta þeir. Og þegar þm. hafa gengið á undan með góðu eftirdæmi, er hægra aðstöðu fyrir þá að bera annarsstaðar niður á eftir.

Mjer finst, að hv. þdm. geti útkljáð þetta mál hjer á þingbekkjunum, og sje jeg því enga ástæðu til, að frv. verði vísað til nefndar.

Jón Sigurðsson: Jeg stend ekki upp til þess að andmæla frv. þessu, heldur vegna þess, að hv. flm. (M. P.) dró vissa menn úr fjvn. inn í framsögu sína og gat þess, að frv. væri fram komið vegna þess, að þessir menn hefðu ætlað að svifta það fólk dýrtíðaruppbót, er nyti ólögmæltra eftirlauna í fjárlögunum, en fyrst farið er að draga fram gerðir okkar nefndarmanna, verð jeg að skýra nánar frá því, sem þar gerðist. Ástæðan til þess, að við fluttum þessa brtt., sem komið hefir frv. þessu af stað, var sú, að búið var að fella fyrir okkur í fjvn. tillögu um, í fyrsta lagi að fella niður eftirlaun og eftirlaunauppbætur hjá ýmsum efnamönnum, er engin ástæða var til að veita sjerstök eftirlaun eða uppbætur á þeirra lögboðnu eftirlaun, því nokkrir þeirra hafa auk þess hæstu eftirlaun frá ríkinu. Þegar þetta var felt, bárum við fram till. um að fella niður dýrtíðaruppbótina af þessum launum, en hún náði heldur ekki samþykki í nefndinni; var þá komið kapp í málið, og þess vegna var breytingartill. sú, er flm. (M. P.) gerði að umræðuefni, borin fram, þó við raunar byggjumst eins við, að hún mundi aldrei ná fram að ganga, eins og líka komið er á daginn.

Það var að eins þessi grein, sem jeg vildi gera fyrir afstöðu okkar. Að endingu vil jeg taka það fram, að við, sem að till. stóðum, erum einhuga um að styðja þetta frv., og hafi hv. flm. (M. P.) búist við að gera okkur óleik eða gramt í geði með þessu frv., þá hefir honum algerlega mistekist.

Magnús Jónsson: Það eru að eins örfá orð viðvíkjandi því, sem hv. flm. (M. P.) sagði, að hann teldi óþarft, að frv. færi til nefndar. Með því ætlast hann víst til, að frv. sigli í gegnum þingið á spjehræðslu þingmanna. En mjer finst þetta mál þess vert, að það sje athugað í nefnd.

Þegar þm. ákveða sjer kaup, þá skilst mjer, að fleira liggi til grundvallar en ágirndin ein. Það er annað mikilsvarðandi atriði, sem allir verða að hafa í huga, og það er það, að fátækir menn geti eins gefið sig að þingstörfum og þeir ríku.

Á Englandi var það svo, að fram eftir öldum voru þingmenn launalausir og að eins efnamönnum einum kleift að gefa sig að þingstörfum. Þetta þótti óþolandi er stundir liðu, og tóku Englendingar það ráð að launa þingmönnum sínum vel.

Að vísu má svo segja, að frv. þetta snerti okkur ekki, eða þá þm., sem búsettir eru í Reykjavík, eins mikið og aðra hv. þm., og því get jeg einnig verið óhræddur að minnast á það.

En fátækir menn, víðsvegar um landið, geta átt erfitt aðstöðu að sækja þing, ef kaupið er lækkað. Þess vegna lít jeg á mál þetta sem þjóðþrifamál, er ekki má hrasa að í neinu, og því sjálfsagt að vísa því til nefndar. Það á líklega heima í allsherjarnefnd. (**Margir:** Fjárhagsnefnd). Mjer er sama; jeg geri það þá að till. minni, að því verði vísað að þessari umr. lokinni til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 : 2 atkv. og til fjhn. (sjá A. bls. 657) með 14 : 9 atkv.

Á 52. fundi í Nd., laugardaginn 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 120, n. 266 og 267).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nefndarálitanna. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. P., Ó. P., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl.J., Þorst. J., B. H., E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., Ing. B., J. A. J., J. B., J. S., M. G., M. J., B. Sv.

nei: Jak. M.

Sex þm. (Þorl. G., Þór. J., B. J., J. Þ., L. H. og M. K.) fjarstaddir.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller) Jeg hefi í raun og veru litlu við það að bæta, sem sagt er í nál. meiri hl. Meiri hl. lítur svo á, að þeir starfsmenn þjóðarinnar, sem hjer eiga hlut að máli, verði að teljast jafnverðir launa sinna og allir aðrir starfsmenn hennar, sem sæta launakjörunum frá 1919, og jeg skal láta þess getið milli sviga, að 4 af nefndarmönnum þeim, sem nú skipa fjhn., áttu þá ekki sæti á þingi. Þingfararkaupið var þá ákveðið í samræmi við laun annara starfsmanna ríkisins. Með því nú að lækka þingfararkaupið sjálft eða dýrtíðaruppbót þm., sem einnig er í fullu samræmi við dýrtíðaruppbætur annara starfsmanna ríkisins, mundi þingið fella þann dóm, að laun þessara starfsmanna allra, bæði þm. og annara, væru nú of há yfirleitt. Þetta getur nefndin, eða meiri hluti hennar, ekki fallist á. Hann getur ekki fallist á það, að launakjör starfsmanna ríkisins sjeu óhæfilega há, og hann getur ekki fallist á, að dýrtíðaruppbótin sje að nokkru leyti ósanngjörn, en með því að fella nú niður dýrtíðaruppbót þm. telur meiri hl., að þingið gefi ekki einungis höggstað á sjer, heldur og öllum embættismönnum þjóðarinnar, og þann höggstað sje því ekki sæmandi að gefa, enda óverðskuldað. Það er og alment vitað, að fáar kröfur hafa komið fram um það að lækka þingfararkaupið, enda er bæði, að það er að fullu lögákveðið, svo er það og fyllilega sanngjarnt. Um þm. má nú vitanlega segja það, að ýmsir þeirra taka laun sín fyrir þingsetuna, án þess að sagt verði, að þeir missi mikils í tekjum, þó þeir sitji á þingi, en haldi sínum venjulegu launum fyrir því. En þó að þess sjeu dæmi, verður meiri hl. nefndarinnar þó að líta svo á, að ekki megi láta þorra þm. gjalda þeirra.

Það er og vitanlegt, að mikill hluti þm. verður að kosta miklu til að rækja störf sín, oft svo, að þingkaupið hrekkur ekki fyrir þeim útgjöldum. Dæmi þessa eru mörg og meðal annara hv. flm. frv. (M. P.). Og þingfararkaupið má ekki miða við hag þeirra þm., sem best eru settir, því með því væri öðrum, og líklega flestum, gersamlega bægt frá þingsetu.

Því verður ekki neitað, að með því að samþ. þessa launalækkun sýndu þm. ósjerplægni, og hana eigi alllitla, en meiri hl. fjhn. getur eigi látið það ráða afstöðu sinni til þessa máls, heldur aðeins það, sem í raun og veru er sanngjarnt, einkum þegar á það er litið, að fjárhagsatriði málsins er ekki svo stórvægilegt, að nefndin álíti, að það geti ráðið úrslitum málsins.

Þess ber enn að gæta, að þau ákvæði. sem gilda nú um launakjörin, og þar með þingfararkaup, gilda að eins til 1. janúar 1925; þá koma öll launamálin til endurskoðunar á ný. En til þess tíma eru þau bindandi fyrir ríkið.

Af öllu þessu leggur meiri hl. fjhn. til, að frv. verði felt.

Einn hv. nefndarmaður, hv. þm. Ísaf. (J. A. J.), gat ekki orðið okkur hinum samferða í þessu máli. Hefir hann samið sjerstakt álit og komið fram með brtt. við frv., sem fer í þá átt að miðla málum, þannig að þm. fái hálfa dýrtíðaruppbót hlutfallslega við aðra starfsmenn þjóðarinnar. Meiri hl. nefndarinnar hefir ekki getað skilið til fulls, hver ástæða geti verið til þess að fara þennan milliveg, hvort það muni vera meiningin hjá þessum hv. nefndarmanni (J. A. J.), að hann telji þingfararkaupið orðið of hátt nú, en þó ekki svo, að það nemi því, sem frv. fer fram á, og sje því sanni næst að fara þennan meðalveg. Eða hvort það sje meining hans að telja fara vel á því, að þm. gefi eftir nokkuð af kaupi sínu, þó hins vegar frv. gangi of langt í því efni. Meiri hl. nefndarinnar vill ekki fást við þvílíkar bollaleggingar, en heldur aðeins við það, sem jeg hefi þegar tekið fram, að þm. eigi að sitja við sömu launakjör og aðrir starfsmenn landsins. Enn má geta þess, að þar sem brtt. gengur helmingi skemra en frv., er sá sparnaður, sem af henni gæti leitt, því minni, og því minni þýðingu hefði það fyrir ríkissjóð, að hún væri samþ.

Meiri hl. fjhn. gerir þetta álit sitt vitanlega ekki að neinu kappsmáli, en honum þótti sjer skylt að láta það hispurslaust í ljós, hvort sem það kann að falla í góðan jarðveg eða ekki.

Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson): Það er ekki af því, að jeg telji laun þm. of há í hlutfalli við laun annara starfsmanna ríkisins, að jeg ber fram brtt. mína. Því þó þeir sætu á þingi árið um kring, mundu laun þeirra ekki nema meiru en á níunda þúsund kr., og er það engan veginn of hátt í samanburði við aðra. En jeg hefi litið svo á, að nú, þegar tekið er að draga úr dýrtíðinni, sjeu launin með dýrtíðaruppbót orðin talsvert of há í samanburði við það, sem þau voru 1919.

Það má nú ganga að því vísu, að er dýrtíðin minkar, græði starfsmenn ríkisins ekki óverulega á þessu fyrirkomulagi, er launabæturnar eru reiknaðar að haustinu fyrir alt árið. Þess vegna lagði jeg það til á þinginu í fyrra, að uppbæturnar væru reiknaðar tvisvar á ári og taldi, að á því mundi sparast talsvert, ef dýrtíðin minkaði.

Önnur ástæða brtt. er sú, að jeg tel óhugsandi, að hægt sje að koma í veg fyrir, að ýmsir þm. bíði talsvert fjárhagslegt tap við þingsetuna, ef þeir hafa mikilsverðum störfum að gegna utan Reykjavíkur. Það verður því ekki miðað við þá menn, en þingkaupið á að miðast við það, að þeir þm., sem hafa ljelega atvinnu eða eru fátækir, sjeu ekki útilokaðir af þeirri ástæðu, að þeir bíði fjárhagstjón við þingsetu. En jeg tel engan þeirra verða útilokaðan af þeirri ástæðu, þó að dýrtíðaruppbótin væri lækkuð um helming.

Það má nú segja, að það sje engin veruleg upphæð, sem ríkissjóði sparist með brtt. minni. Dýrtíðaruppbótin er ákveðin með launalögunum frá 1919 til ársins 1925. Með brtt. minni hygg jeg að sparaðist á þessum tveim árum 30 þús. kr., og þá upphæð tel jeg svo stóra, að vert sje að spara hana, ef ekki kemur fram knýjandi nauðsyn á móti því, að svo verði gert. En jeg hefi ekki heyrt

minst á neitt slíkt. Hin eina frambærilega ástæða á móti þessu væri sú, að þingfararkaupið yrði þá svo lágt, að ómögulegt væri fyrir fátæka þm. að sitja á þingi, en það hefir ekki komið fram enn í ræðum hv. meiri hl.

Jeg skal játa það, að jeg legg ekkert sjerstakt kapp á, að brtt. mín verði samþ. Læt mjer annars nægja að vísa í nál. mitt.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Það voru að eins örfá orð út af ræðu hv. frsm. minni hl. (J. A. J.).

Hv. frsm. (J. A. J.) gerir ráð fyrir því, að sá sparnaður, sem fengist við að helminga dýrtíðaruppbótina, mundi nema um 30.000 kr. Þetta tel jeg mjög vafasamt, því að bæði er, að hv. þm. (J. A. J.) hefir komist að talsvert hærri upphæð en meiri hl., og auk þess hefir hann bygt á því, að dýrtíðaruppbótin yrði hin sama næsta ár og nú. En þar sem hún hefir lækkað um nálega þriðjung frá 1921 til 1922, virðist harla ósennilegt, að hún haldist óbreytt 1923 og 1924. En á því byggir hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) sinn útreikning.

Það kom í ljós í ræðu hv. frsm. minni hlutans (J. A. J.), sem jeg hafði einmitt óttast, og það var, að hann teldi þá ástæðu til að bera fram brtt. sína, að dýrtíðarbætur embættismanna væru yfirleitt of háar, og vildi þannig láta þingið staðfesta það með því að samþ. frv. eða brtt. Á síðasta þingi voru bornar fram till. í þá átt að lækka dýrtíðaruppbótina. En eins og lá í hlutarins eðli, náðu þær till. ekki fram að ganga, því að embættismenn mótmæltu og ljetu í veðri vaka, að þeir mundu illa una því. En með því að samþ. þetta frv. eða brtt. hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) væri embættismannastjettin þannig sett í gapastokkinn, því að á það yrði bent, að embættismenn hefðu í engu viljað slaka til um dýrtíðaruppbætur, þrátt fyrir hina miklu þörf ríkissjóðs, og þó að þeir mættu vel við því, sem sjá mætti af því, sem þm. hefðu gert. Sumum háttv. þm. kann nú að þykja þetta fýsilegt, en jeg held þó fast við það, sem jeg hefi áður sagt. Jeg held fast við það, að launakjörin sjeu ekki of há og dýrtíðaruppbótin sanngjörn, og þá sitji það síst á þm., sem sjálfir hafa lögákveðið þetta, að gefa annað í skyn.

ATKVGR.

Brtt. 267 feld með 14 : 11 atkv.

1. gr. **feld** með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. O., S. St., St. St., Þór. J., B. H., E. Þ., F. E., H. K., J. A. J., J. S., M. G., M. P., Ó. P.

nei: P. Þ., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Ing. B., Jak. M., J. B., J. Þ., L. H., M. J., M. K., B. Sv.

Tveir þm. (B. J. og Gunn. S.) fjarstaddir.

9. Hæstirjettur.

Á 11. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett (þm.frv., A. 49).

Á 13. fundi í Nd., föstudaginn 3. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pjetur Ottesen): Þegar lög um hæstarjett voru til meðferðar á þingi 1919, þótti ástæða til, að hæstirjettur yrði skipaður 5 mönnum. Það var hvorttveggja, að búist var við, að starf

hans yrði umfangsmeira en raun hefir á orðið, og á þeim árum var eigi horft í skildinginn, sem sjá má meðal annars af stofnun nýrra embætta og sýslana frá þeim tíma. Það vakti þá auðvitað fyrir þm., að búa bæri þannig um hnútana, að þeim, sem skytu málum sínum til hæstarjettar, væru sem best trygð sanngjörn úrslit mála sinna. En það má segja, að þessu sje best náð með því tvennu, að dómararnir væru heldur fleiri en færri, því að betur sjá augu en auga, og hinu, að þeir gæfu sig lítið við öðrum störfum, væru sem óháðastir.

Jeg skal játa það, að það er hægt að halda því fram, að það geti ef til vill verið skerðing á þessari tryggingu, sem með núverandi skipulagi á að ná, að þessu leyti, að fela hæstarjettardómendunum að hafa jafnframt á hendi lagakensluna við háskólann, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Það er ef til vill hægt að halda þessu fram, segi jeg, þó að jeg þykist þess hins vegar fullviss, að svo verði það alls ekki í framkvæmdinni. Þess ber að gæta, að í hæstarjettarlögunum er svo um hnútana búið, að þeir, sem dómaraembætti hljóta, hafi áður um ákveðinn tíma gegnt embætti, og veitingarvaldið þarf því ekki að renna blint í sjóinn með það, hvort viðkomandi maður hafi þá hæfileika til að bera, trúmensku og heiðarleik, sem til þess útheimtist að fela honum jafnmikilvægt og ábyrgðarmikið starf sem hæstarjettardómarastarfið er.

En það er fleira, sem kemur til greina í þessu máli.

Eins og tekið er fram í greinargerð þessa frv., hefir hæstirjettur haft mjög lítið að gera í þessi 2 ár, sem hann hefir starfað. 1920 voru dæmd þar 34 mál, en 1921 ekki nema 26, eða að meðaltali 30 mál á ári. Það getur því engum dulist, að þetta er nauðalítið starf fyrir 5 dómendur, sem auk þess hafa sjötta manninn sjer til aðstoðar, sem er hæstarjettarritarinn.

Til samanburðar skal jeg geta þess, að bæjarfógetinn í Reykjavík dæmdi síðastl. ár um 400 mál.

„Praktiskt“ sjeð er þetta fyrirkomulag nauða óhaganlegt og lítt viðunandi, fyrst og fremst af því, að það er öldungis óhæft í jafnfámennu þjóðfjelagi að binda starfshæfileika svona margra og mikilhæfra manna við svo lítið starf; við þurfum sannarlega á því að halda að geta notið allra okkar starfskrafta sem mest og best, og síst af öllu megum við við því að leggja að miklu leyti fyrir óðal hæfileika og starfskrafta þeirra manna, sem eru að einhverju leyti afburðamenn á sínu sviði, eins og að sjálfsögðu ber að líta á um þá menn, sem með framkomu sinni sem embættismenn hafa aflað sjer þess trausts að vera skipaðir hæstarjettardómarar.

Enn er ein hlið þessa máls, sem eigi má láta órannsakaða á þessum tímum. Það er kostnaðurinn.

Jeg gat þess áðan, að þegar hæstarjettarlögin voru samþykt, var ekki horft í það að auka útgjöld ríkissjóðs, enda var þá auðveldara en nú að fá tekjur, sem gætu vegið á móti útgjöldunum. En þetta horfir öðruvísi við nú. og nægir að benda á skýrslu hæstv. fjrh. (M. G.) um fjárhag landsins sem áþreifanlega sönnun fyrir því, að ástandið í þeim efnum er engan veginn glæsilegt. Hvað þjóðarbúskapnum viðvíkur, þá virðist því ekki vera um nema tvær leiðir að ræða. Hin fyrri er sú, að draga úr útgjöldum ríkissjóðs svo sem framast má. Hin er sú, að láta vaða á súðum, eins og verið hefir, og stofna til útgjalda og safna skuldum á skuldir

ofan, í trú á lánstraust ríkisins. Jeg vona, að flestir muni vera mjer sammála um, að taka beri hinn fyrri kostinn.

Í greinargerðinni er það tekið fram, að ef frv. næði fram að ganga, mundu sparast, þegar þessi breyting væri að fullu komin í kring, um 33 þús. kr. á ári, og tel jeg það eigi alllitla fúlgu á þessum eina pósti. Jeg vil ekki að neinu ráði við þessa 1. umr. ræða einstaka liði frv. 1. gr. inniheldur aðalbreytingarnar; í henni er og kveðið á um það, hvernig að skuli farið meðan þetta er að komast í kring.

Það má nú segja, að þar sem við, sem flytjum þetta frv., erum allir bændur, þá sje ef til vill ekki næg trygging fyrir því, að hin rjettarfarslega hlið þessa máls sje nægilega rannsökuð, eða með öðrum orðum hver áhrif þessi breyting hefir á rjettarfarið. En þar til er því að svara, að við höfum leitað álits lögfræðinga um þetta, sem eru þektir hæfileikamenn, og þeir eru þeirrar skoðunar, að þetta megi vel gera, og sjeu þessi störf mætavel samrýmanleg og fyrirkomulagið jafnvel „praktiskt". Það má telja líkur til þess, að kenslan yrði haganlegri, raunhæfari og meira lifandi, ef kennararnir fást við dómarastörf jafnframt, því að þá kemur fleira fyrir þá, þannig að þeir hafa altaf nýtt og nýtt til brunns að bera, en aftur ef til vill hætt við, að menn verði ekki eins víðsýnir í þessum efnum eða glöggir á hina „praktisku" hlið kenslunnar, sem löngu eru hættir dómarastörfum eða hafa ef til vill aldrei neitt við þau fengist.

Þessir lögfræðingar álitu heldur ekki þessi störf svo umfangsmikil, að þau geti ekki auðveldlega samrýmst þess vegna; svo að frá þeirri hlið málsins er þessari sameiningu alls ekkert til fyrirstöðu. Jeg hefi kynt mjer umr. á Alþingi 1903 um stofnun lagaskóla. Lögfræðingar, sem þar töluðu, höfðu nokkuð skiftar skoðanir um þetta mál, að láta dómarana í yfirrjettinum jafnframt hafa á hendi lagakensluna. — Sumir voru á móti, en aðrir álitu, að þessi embætti gætu farið vel saman.

4. gr. frv. mælir svo fyrir, að þegar hæstarjettarritaraembættið losnar næst, sje það lagt niður. Er það álit kunnugra manna, að svo megi vel vera, að embættið megi leggja niður að skaðlausu. En þó er ráð fyrir því gert, að þar til fullnaðarskipulag er á komið um hæstarjett, eftir frv., þá megi dómsmálaráðherra fela einum af fulltrúum stjórnarráðsins þetta starf, ef þurfa þykir. En þegar fult skipulag er komið á hæstarjett samkvæmt þessu frv., þá er það tilætlunin, að sá, sem yngstur er dómaranna, hafi á hendi upplestur skjala í dóminum og yfirleitt það, sem hæstarjettarritari gerir nú.

5. gr. er komin fram fyrir sjerstök atvik. Samkv. 28. gr. í hæstarjettarlögunum hefir dómsmálaráðh. leyfi til þess að veita mönnum rjett til að áfrýja málum, þótt 3 ár sjeu liðin frá því að sá frestur er útrunninn, sem ákveðinn er í lögunum, ef hann lítur svo á, að aðilja hafi eigi verið unt að áfrýja málinu fyr, enda verði honum eigi um kent. Dómsmálaráðherra á að skera úr, hvort þessi skilyrði sjeu uppfylt, áður en hann selur umsækjanda leyfið. Mjer er kunnugt, að í eitt skifti, er dómsmálaráðherra hafði veitt þvílíkt leyfi, ónýtti hæstirjettur það og vísaði málinu frá. Að slíkt geti komið fyrir er öldungis ótækt. Fyrst verður leyfisbeiðandi að borga leyfið til áfrýjunar dýrum dómum, því næst að leggja í þann kostnað, sem af undirbúningi þeim leiðir að leggja málið fyrir hæstarjett, en svo

þegar alt þetta er komið í kring með ærnum kostnaði og fyrirhöfn, þá ónýtir hæstirjettur áfrýjunarleyfi dómsmálaráðherrans og vísar málinu frá af þeim sökum. Breytingin á 5. gr. á að fyrirbyggja, að þetta geti komið fyrir aftur. Enda hefi jeg heyrt, að sú sje reyndin á, að þessi ákvæði hæstarjettarlaganna sjeu nú dauður bókstafur og hafi verið það síðan þessi árekstur varð; dómsmálaráðherra hafi ekkert leyfi veitt, þó að um hafi verið sótt.

Þar sem þetta frv. er borið fram í því skyni meðfram að spara, hefði það átt að því leyti til að fara í sparnaðarn. Við flm. höfðum upphafl. hugsað okkur eina slíka nefnd í hvorri deild, en þar sem niðurstaðan varð sú, að þessi nefnd var kosin í Sþ., er ekki hægt að vísa málinu til hennar; þykir okkur því rjett, að málinu verði vísað til allshn., og er það till. mín, að því verði vísað þangað að þessari umr. lokinni.

Forsætisráðherra (J. M.): Hv. frsm. (P. O.) hefir að nokkru leyti tekið af mjer ómakið með því að benda á það, sem gæti verið athugavert í frv.

Hjer er um mjög alvarlegt mál að ræða, er um er að fjalla gerbreytingu á einum lið ríkisvaldsins, dómaskipuninni. Geri jeg ráð fyrir, að allshn. athugi það.

Jeg vil benda á það, að þegar um er að ræða svo miklar breytingar sem hjer, þurfa þær sjerstakan undirbúning og athugun.

Jeg veit, að bæði hv. flm. og prófessor sá, sem þeir ráðfærðu sig við, muni hafa athugað málið vel, en þó hygg jeg það þannig vaxið, að það beri að hlusta á till. fleiri manna, og einkum stofnananna sjálfra, er hjer eiga hlut að máli, hæstarjettar og háskóla, og að fyrst eigi að fá till. þeirra og álit um málið, áður en lengra er farið.

Það kann að vera, að hægt sje að breyta þessu án þess að skerða tryggingu fyrir góðum dómi, og það kann að vera, að þessi breyting komi ekki í bága við stjórnarskrána, en hitt tel jeg þó víst, að hún muni eigi vera samrýmanleg hugsun hennar, um að tryggja dómsvaldið og gera það sem óháðast.

Það er rjett hjá hv. flm. (P. O.), að það kom oftar en einu sinni fram á Alþingi áður fyr að láta yfirdómendurna kenna við lagaskóla, en þetta er þó eigi fullkomlega sambærilegt, því að yfirrjetturinn var að eins miðstig dóms, en hæstirjetturinn er efsti dómur og óriftanlegur. Þess ber og að gæta, að meðan verið var að reyna að stofna lagaskólann, í stríði við útlent vald, var þetta skoðað aðeins sem bráðabirgðaráðstöfun, sem dómararnir og margir þm. töldu óheppilega.

Það er alkunna, að þegar stjórnarskrárnefndin á sínum tíma ræddi um það að banna dómurum sæti á þingi, þá var það einmitt þetta, sem hún hafði í huga, að gera hinn æðsta innlenda dómstól óháðan, ekki einungis umboðsvaldinu, heldur að öllu leyti, og búa svo um, að hann veitti sem besta tryggingu fyrir þá, er dómum hans þyrftu að hlíta. Þá var þetta þó ekki nema miðdómstóll. Nú á að gera hæstarjett háðan umboðsvaldinu.

Að því er viðkemur háskólanum, er þetta tæplega leyfilegt án þess, að það sje fyrst borið undir prófessorana. Það hefir verið skilningur stjórnarinnar, að hann skyldi sem mest ráða gerðum sínum sjálfur eða hafa sem mest „autonomi“. Það virðist ætti að vera mönnum ljóst, að fyrst við höfum fengið háskóla, verðum við að kosta

kapps um að gera hann eins veglegan og unt er, en þetta hlýtur að vera nokkur skerðing á því.

Jeg hefi fylgt þeirri reglu að láta háskólaráðið óskorað ráða sínum málum. En það liggur í augum uppi, að slík breyting sem þessi, að háskólinn fái hálfa kennara fyrir heila, er svo mikilsverð, að hún má ekki ná fram að ganga án þess að leitað sje að minsta kosti álits háskólaráðsins.

Jeg skal að vísu játa það, að jeg get verið hv. flm. (P. O.) sammála um það, að æskilegt sje að fækka embættismönnum landsins að því leyti sem hægt er og reyna að nota starfskrafta hvers einstaklings eftir því sem kostur er. En þó má ekki ganga svo langt í þessu efni að draga úr tiltrú þeirri, sem þjóðin verður að bera til embættismanna sinna; t. d. er það mjög alvarlegt í þessu sambandi að rýra á nokkurn hátt álit það, er þjóðin verður að bera fyrir hæstarjetti, en það er þó óbeinlínis gert með því að ætla honum að eins hálfa starfskrafta.

Að hæstirjettur hafi haft lítið að starfa og fá mál með höndum síðan hann fluttist inn í landið, er ekki nema rjett. En ástæðan til þess held jeg að sje sú, að of fljótt hefir verið breytt frá því fyrirkomulagi, sem áður tíðkaðist við landsyfirrjettinn, að sækja og verja mál skriflega. Þessi munnlegi málflutningur, eins og honum er nú hagað við hæstarjett, er líka miklu kostnaðarsamari, svo varla mundi ástæðulaust að athuga nákvæmlega, hvort ekki væri rjett að hverfa aftur að því, sem áður var, sem sje að taka upp skriflegan málflutning í staðinn fyrir munnlegan.

En þar sem frv. þetta er nú fram komið, tel jeg rjett, að það haldi áfram og komist til nefndar, sem athugi það rækilega, og þá að sjálfsögðu í samráði við háskólaráðið og dómendurna í hæstarjetti. Á þeirra áliti og umsögn virðist mjer afdrif frv. byggjast.

Jeg viðurkenni, að líklegt sje, að eitthvað megi spara í þessu efni, án þess þó að skaða hæstarjett eða rýra álit hans. T. d. þykir mjer sennilegt, að hægt væri að spara hæstarjettarritarann að mestu leyti. Má vera, að fækka megi dómendum, og taka þá um leið upp skriflegan málflutning.

Magnús Jónsson: Eiginlega ætlaði jeg mjer ekki að mæla á móti frv. þessu, þó að jeg hins vegar telji mig ekki fylgjandi því, heldur hafði jeg ætlað mjer að gera smáathugasemdir við það, en hæstv. forsrh. (J. M.) benti einmitt á sumt af því, sem jeg hafði ætlað mjer að taka fram, svo þess vegna get jeg verið stuttorður.

Jeg verð að líta svo á, að frv. þessu sje að nokkru leyti hnuplað frá sparnaðarnefndinni, sem skipuð var á öndverðu þessu þingi, því það hlýtur einmitt að vera í hennar verkahring að koma með till. í sparnaðaráttina, eins og þær, sem hjer er um að ræða, enda sje jeg það á frv., sem verið var að útbýta núna og einmitt kemur frá sparnaðarnefndinni. Er því auðsætt, að sparnaðarmennirnir ætla ekki að láta hugsjón sína vera í skýjunum, þó að orkað geti tvímælis, hvort þessi aðferð þeirra miði til sparnaðar.

Af þessu, sem jeg hefi nú sagt, þykist jeg ekki kveða of hart að, þó að jeg segi, að flest bendi til, að frv. þetta hafi ekki verið gerhugsað. Og vil jeg þá fyrst taka fyrir þá hliðina, sem að háskólanum snýr. — Dettur mjer þá í hug, hvort þessir nýju embættismenn eigi heldur að heita háskólakennarar eða dómendur. Eftir frv. að dæma virð-

ist það nokkurn veginn tekið skýrt fram, að þeim sje ætlað að heita hæstarjettardómarar en ekki prófessorar. Eftir háskólalögunum eru kennarar hans prófessorar, docentar eða aukakennarar, en með frv. þessu verður hvorki að ræða um prófessora eða docenta við lagadeildina. Að vísu gætu þeir þá skoðast sem aukakennarar, en þá kemur það til athugunar, að aukakennarar geta hvorki verið háskólarektorar eða deildarforsetar, samkvæmt háskólalöggjöfinni, og verður þá lagadeildinni meinað að hafa nokkra íhlutun um stjórn háskólans. En hvað sem öllu þessu líður, þá virðist það hverjum auðsætt, að frv. þetta geti ekki náð fram að ganga, nema háskólalögin sjeu jafnframt endurskoðuð og þeim þá breytt, svo frv. verði í samræmi við þau.

Það má vel vera, að fleira sje að athuga við frv. þetta, enda skal jeg fúslega játa það, að mjer hefir ekki unnist tími til þess að gagnrýna það til hlítar.

Þó er ein mótbára enn, frá minu eigin sjónarmiði, er jeg vildi bæta við.

Það er mín skoðun og hefir einatt verið, að heppilegast sje, þegar veita á embætti við háskólann, að skipa í það unga menn og efnilega. Og þessi skoðun mín byggist á því, að fremur megi treysta ungum mönnum til þess að verða vísindamenn heldur en þeim, sem komnir eru til ára, þó að þeir geti góðir verið, sumir þeirra. Hvort sem heldur er að ræða um lækna, guðfræðinga eða lagamenn, þá gerir maður sjer altaf betri vonir um þá, sem yngri eru og kunnir að áhuga, enda standa þeir betur að vígi til allra vísindaiðkana, og meiri árangurs af starfsemi þeirra að vænta eftir því sem þeir geta fyr hlýtt köllun sinni. En það er einmitt markmið hvers háskóla að eignast sem flesta og besta vísindamenn, hvern á sínu sviði.

Nú er svo háttað, eins og kunnugt er, að embættismenn yfir höfuð geta ekki gefið sig að vísindastörfum, aðrir en háskólakennararnir; þess vegna er illa farið, ef löggjafarvaldið setti skorður við því, að þessir fáu menn, sem hjer er um að ræða, gætu þroskað vísindahæfileika sína. En hvað hæstarjett snertir, þá held jeg, að þar geti ekki komið til mála að skipa nema nokkuð roskna menn að jafnaði, menn, sem auk þess að vera góðir lagamenn hafi þá lífsreynslu og gætni til að bera, sem hver góður dómari verður að hafa. Þetta tvent samrýmist því illa.

Sigurður Stefánsson: Fyrsti flm. þessa frv., hv. þm. Borgf. (P. O.), tók rjettilega fram, að aðstaða sparnaðarnefndar væri ill og hún bundin bæði á höndum og fótum, þar sem starfsemi hennar yrði öll að miðast við sameinað þing.

Þó vil jeg geta þess, að nefndin hefir einmitt um þetta mál hugsað. En hvort sem væri um að ræða breytingu á hæstarjetti eða háskólalöggjöfinni, þá ætlaði hún sjer ekki þá dul að koma fram með þær án þess að ráðfæra sig fyrst við rjetta málsaðilja. Henni er það fyllilega ljóst, að hjer er um mikið vandamál að ræða, sem ekki má hrapa að í neinu; þó hvarf nefndin frá því að setja sig í samband við háskólann, en sneri sjer eingöngu til dómendanna í hæstarjetti með þá spurningu, hvort ekki mætti spara ríkissjóði talsverð útgjöld með breytingu á skipun hæstarjettar. Nefndin sjálf taldi ekki fært upp á sitt eindæmi, með ólögfróðum mönnum, að ráða þessu máli til lykta, en þóttist hins vegar mega

byggja nokkuð á till. sjálfra hæstarjettardómendanna.

Jeg skal játa, að mjer og fleiri þm. þótti of fljótt undið að því að flytja hæstarjett inn í landið, og fljótfærnislegt af stjórninni að leita ekki til dómendanna við yfirrjettinn við undirbúning þess máls.

Álit hæstarjettardómendanna höfum við ekki enn fengið, en von er á því bráðlega; þess vegna vil jeg ekki á þessu stigi málsins láta neitt uppi um till. þær, sem nefndin hefir hugsað sjer.

En þó vil jeg skjóta því fram, að nefndin hefir ekki að eins hugsað sjer að spara fyrir ríkissjóð, heldur hefir hún og ætlast til, að sparnaðurinn næði til allra einstaklinga þjóðarinnar, sem rjettar síns leita fyrir hæstarjetti. Eins og nú hagar til, eru svo fá mál rekin fyrir hæstarjetti, með því að málflutningur þar er svo dýr, eins og honum er hagað, að ekki er fært nema efnamönnum einum að skjóta þangað málum sínum.

Eins og þetta frv. ber með sjer, þá hefir það engan bráðan sparnað í för með sjer. En till. okkar um að fækka dómendum og breyta málflutningi, afnema munnlegan málflutning, en hverfa aftur til þess, er áður tíðkaðist í landsyfirrjetti, getur von bráðar sparað ríkinu útgjöld.

Þess vegna vona jeg, að sú nefnd, sem þetta frv. fær til meðferðar, ráði engu um afdrif þess fyr en hún hefir við okkur talað, sem sæti eigum í sparnaðarnefndinni.

Það dugir ekki að hrapa í neinu að þessu máli bara af eintómum sparnaðarástæðum, heldur verður að vanda sem best til breytinganna, og er þá sjálfsagt að leita til þeirra manna um allar upplýsingar, sem lífsstöðu sinnar vegna bera best skyn á þetta mál.

Bjarni Jónsson: Þau tíðkast nú svo mjög hin breiðu spjótin, að jeg hefi ekki annað að gera á þingi hjer en að standa upp og lýsa yfir því, að jeg eigi ekki og geti ekki átt neinn þátt í jafnfáránlegri lagasmíð og þeirri, er nú berst frá þm. eins og skæðadrífa.

Það er gott til þess að vita, að sparað sje fje ríkissjóðs. En á að spara sjer í hag eða til skaða? Það er sú spurning, sem hv. þm. verða fyrir sig að leggja áður en þeir kollvarpa þeim grundvelli, er hið unga, íslenska ríki hefir verið reist á. Þetta mátti og skilja af orðum þess sparnaðarþm. (S. St.), er síðast talaði, og þykir mjer ekki nema gott til þess að hyggja, að honum sje ekki alls varnað.

Þær eru næsta einkennilegar, þessar breytingar á hæstarjetti, sem frv. fer fram á. Íslendingar höfðu um 50—60 ára bil heimtað hæstarjett inn í landið, og endalokin urðu þau, eins og kunnugt er, að þeir fengu hann.

En svo, þegar hann er fenginn og aðeins sestur á laggirnar, hvað verður þá? Þá á að afnema hann, því hvað getur það kallast annað en afnám hæstarjettar, eins og frv. ætlar honum að starfa? Á dögum Jóns Sigurðssonar hefði annað eins og þetta þótt fyrirsögn.

Einn háttv. þm. sagði, að það hefði verið fljótfærnisverk að flytja hæstarjett inn í landið. Því verð jeg að mótmæla. Það hefði eflaust þótt hlægilegt, ef við eftir 50—60 ára baráttu okkar bestu manna hefðum hafnað hæstarjetti, er hann stóð okkur til boða, og lagst á meltuna. Og hver hefði svo sem ástæðan átt að vera? Varla þó sú, að innanlands fengist engir hæfir menn, er dæmt gæti dóma jafnrjett og hinir dönsku?

En hefðum við hafnað hæstarjetti, þá var það í andstöðu við stjórnarskrána,

eins og hæstv. forsrh. (J. M.) rjettilega benti á.

En það var fleira en hæstirjettur, sem við börðumst fyrir og heimtuðum líka að flyttist inn í landið.

Við vildum fullkominn prestaskóla, læknaskóla og lagaskóla og vorum lengi að basla fyrir því, að svo mætti verða. Að lokum tókst okkur að koma upp okkar eigin háskóla, og þá urðum við fegnir, því þá höfðum við þann metnað til að bera, að við vildum engir eftirbátar vera í menning og vísindum.

Saga okkar, lagasmíð og svo að sjálfsögðu tungan, eru þær greinar, sem við getum skarað fram úr í og orðið frægir fyrir. Í þessum greinum stöndum við betur að vígi en allar aðrar þjóðir, af því að hjer er um vísindaiðkun okkar eigin mála að ræða. Og það er eitt af starfsemi háskólans að vinna að því, að svo megi verða.

En þá verður mjer að spyrja: Hvað halda hv. þdm. að háskólakennarar í lögfræði geti starfað að vísindum, ef þeir eru líka dómendur í hæstarjetti?

En þingið verður að gæta þess, að vísindalaus getur þjóðin ekki lifað, og verður þá síst sparnaður með þessu frv., því þá yrði að kosta stórfje til sjerstakra vísindamanna.

Háskólakennarar eiga ekki að vera það, sem á erlendu máli er kallað „manuduktörar". Þeir eiga ekki að toga út úr háskólastúdentunum utanaðlærðar þulur, eða stunda það eitt að unga út embættismönnum, heldur er þeim ætlað að vera vísindamenn.

Annars er það óhugsandi, að þetta frv. nái fram að ganga á þinginu. Það er meira að segja óhugsandi, að það næði fram að ganga á nokkru þingi í heimi. Og hver er þá sparnaðurinn, að bera fram frv., sem þegar er dauðadæmt? (P. O.: Við sjáum til.) Þetta frv. á líka að drepa flm. sína — þó ekki líkamlega, sem kallað er — heldur mega flm. vita það, að ekkert, sem þeir hafa gert, og ekkert, sem þeir eiga ógert látið, mun mælast eins illa fyrir og þetta tiltæki þeirra.

Jakob Möller: Jeg ætla mjer ekki að tala um efni þessa máls, og ekki get jeg heldur rætt það frá vísindanna sjónarmiði. Jeg er yfirleitt allsendis óviðbúinn að ræða það; það eitt er mjer þegar ljóst, að ekki getur komið til mála að afgreiða slík lög á þessu þingi. Það væri fásinna að ætla þingnefnd það verk að gera slíkar gerbreytingar á embættaskipun landsins. Því meiri fjarstæða er það að taka til umræðu slíka flaustursmíð einstakra þm. sem þetta frv er. — Það þarf mikinn undirbúning, og er því rjettast að vísa þessu máli til stjórnarinnar. Annars verð jeg að segja það, að sparnaðarkapphlaup háttv. þm. fer að verða næsta hlægilegt, ef þessu heldur áfram. Kunnugt er, að skipuð hefir verið sjerstök sparnaðarnefnd, einmitt til þess sjerstaklega að íhuga embættaskipunina. Háttv. flm. þessa frv. hafa þó ekki getað setið á sjer að taka fram fyrir hendur hennar og bera fram þetta frv., þó að sjálfir eigi þeir nú ekki hugmyndina. Þeir afsaka nú þetta flan sitt með því, að sparnaðarn. sje þannig skipuð (í Sþ.), að hún eigi illa aðstöðu um að bera fram frv. En jeg verð að líta svo á, að sú nefnd hafi verið skipuð þannig einmitt með það fyrir augum, að hún ætti ekki að koma fram með tillögur til deildanna eða þingsins, heldur til stjórnarinnar, til frekari athugunar.

Mun jeg afhenda hæstv. forseta rökstudda dagskrá um það, að málinu verði vísað frá nú þegar.

Flm. (Pjetur Ottesen): Mjer kom það ekki á óvart, þó að það yrði nokkuð kastvindasamt í deildinni, ef einhver gerðist svo djarfur að koma með eitthvað, sem til sparnaðar heyrði, og þá allra helst ef það miðar að því að leggja niður eða sameina embætti. En jeg læt mjer það í ljettu rúmi liggja, þó að fyndnir menn skemti deildinni með slagorðum. Alvara málsins og nauðsyn er er mjer aðalatriðið. Hæstv. forsrh. (J. M.) var okkur flm., að því er hann ljet, sammála um sparnaðarnauðsynina, en ekki um frv., taldi það ekki nægilega undirbúið. Frv. er þó búið til af einum prófessornum við háskólann, og ætti það að vera næg trygging þess, að ekki fælist í því stjórnarskrárbrot, eins og hæstv. forsrh. (J. M.) var jafnvel að tæpa á. — Það ætti enn fremur að vera trygging fyrir því, að ekki væri stefnt með þessu til óvirðingar við háskólann, því að þessum manni er virðing hans viðkvæmt mál.

Annars er það einkennilegt, að stjórnin skyldi ekki bera fram frv. um breytingu á hæstarjetti, úr því að hún viðurkennir þörfina á því, og auðvitað hefði það verið æskilegast, því að stj.-frv. eru að jafnaði og geta verið best undirbúin, og yfirleitt ætti stjórnin að hafa frumkvæði að sem flestum málum. En fyrst að stjórnin kom þessu ekki í verk, þá var eigi önnur leið fyrir hendi en að einstakir þm. hlutuðust til um það.

Þá hefir verið fundið að því, að frv. hafi ekki verið borið undir viðkomandi stofnanir. Þessi mótbára er nú slegin niður hvað háskólann snertir, en það mætti æra óstöðugan að bera frv. undir alla þá, sem þau kunna að snerta að einhverju leyti. — Hefir það og stundum litla þýðingu; t. d. man jeg það, að hæstarjettarfrv. 1919 var borið undir yfirrjettinn, en tillögum hans var lítið fylgt, eða að mig minnir helst að engu hafðar. Annars vona jeg það, að málið komist í nefnd, þrátt fyrir dauðadóminn, sem búið er að kveða yfir því hjer, jeg ætla að það væri af hv. þm. Dala. (B. J.). Það var nú svo sem auðvitað, að það hefði ekki þurft að nefna svona mikinn sparnað eins og af þessari sameining gæti leitt, til þess að það væri dauðasök að hans dómi. Gæti nefndin þá, ef henni sýndist svo, leitað álits hæstarjettar um málið. Jeg skal fúslega viðurkenna, að það væri ef til vill æskilegt, að umboðsvald og dómsvald sje sem mest aðskilið, en þetta frv. gengur ekkert í berhögg við það, því kensla er alt annars eðlis en venjuleg umboðsstörf, og lítil hætta held jeg stafi af því, að dómar verði litaðir, þó að hæstarjettardómendur hafi kynni af nemendum lagadeildarinnar.

Um ástæður hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) þarf jeg ekki mikið að ræða. — Það er að eins deila um orð. En spurningin er einungis um það, hvort þetta verði gott í framtíðinni, en hitt skiftir engu máli, hvaða nöfnum mennirnir eru nefndir. Er enda ekkert því til fyrirstöðu, ef þurfa þykir, að þeir kallist prófessorar í háskólanum, en hæstarjettardómarar í hæstarjetti. Annars tekur 1. gr. frv. af öll tvímæli um þetta, því þar er sagt, að hæstarjettardómendurnir komi að öllu leyti í stað prófessora lagadeildarinnar.

Þá taldi sami hv. þm. (M. J.), að heppilegra mundi, að ungir menn veldust að háskólanum í prófessorsstöður, en það væri ekki tilfellið með hæstarjett og rækjust því hagsmunirnir hjer á.

Í hæstarjettarlögunum er nú aldurstakmarkið að neðan 30 ár, og fyr eru menn tæpast búnir að ná þeim þroska, sem nauðsynlegur er í kennarastöður,

svo þessi mótbára hefir við ekkert að styðjast. Þá átaldi hann okkur fyrir það, að við værum með þessu að hnupla frá sparnaðarnefndinni, en rjettast er honum að láta okkur um það, og jeg geri ráð fyrir því, að undirtektir hans undir málið hefðu verið þær sömu hver sem flutti það.

Þá er það einnig sagt, að þetta sje ekki bráður sparnaður. — Það er rjett, hann verður ekki strax, en það verður það ekki heldur, þótt dómendunum sje fækkað. En sparnaður getur komið strax þegar embætti losnar, og með þessu frv. er lagður grundvöllur til þess sparnaðar, er jeg fyr nefndi.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) þarf jeg fáu að svara. Allar till., sem í sparnaðaráttina hníga, finnast honum fáránlegar og hin mesta fjarstæða, og sama mun mega segja um hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.). Er því ekki ómaksins vert að eltast við að svara fjarstæðum og fleipri slíkra manna.

Magnús Jónsson: Það var að eins eitt atriði í ræðu minni, sem halda mátti að hv. frsm. (P. O.) svaraði í alvöru — og það misskildi hann. Jeg sagði, að heppilegra mundi að veita fremur roskn-um mönnum dómaraembætti, en aftur á móti þyrftu menn að koma fremur ungir í kennaraembætti. Þetta verður ómögulegt að samræma, ef sömu mönn-um verða falin bæði störfin.

Þá var það heldur enginn orðaleikur hjá mjer um það, að ekki gætu aðrir orðið kjörgengir til rektors eg deildar-forseta en prófessorar. — Þetta er að vísu form, en því er nú svona varið samkvæmt háskólalögunum, og því verður eigi hjá því komist að breyta þeim. Háttv. frsm. (P. O.) sagði, að einn háskólakennaranna hefði samið frv. Þetta má vel vera, en það kemur hvergi í ljós. Og hafi hann gert það, þá held jeg næstum því, að hann hafi verið að skemta sjer að því, að spila með þessa hv. þm.

Forseti (B. Sv.): Mjer hefir borist svo hljóðandi rökstudd dagskrá frá hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.):

> **Í því trausti, að stjórnin íhugi mál þetta til næsta þings, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.**

Er dagskrá þessi þá einnig til um-ræðu.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg er hissa á því, hversu kaldar móttökur þetta frv. hefir fengið, og jeg get tekið það fram, að jeg mun greiða því mitt atkv. Það ætti öllum að vera auðsætt, að 100 þús. þjóð má ekki haga sjer svo í öllu, sem þjóðir, er skifta miljónum. — Það er því fyllilega rjettmætt, að fela sömu mönnum fleiri störf. — Það er alt of mikið að hafa 8 færustu lögfræð-ingana bundna við jafnlítið starf, sem alment er sagt að hjer sje um að ræða. Og mjer er kunnugt um það, að einn prófessorinn hefir beinlínis kvartað um atvinnuleysi. Þá er það sagt, að þeir geti og eigi að gefa sig við vísinda-mensku, en þó er það öllum vitanlegt, að um slíkt getur eigi verið að ræða, því að vísindarit verða eigi gefin út sökum fátæktar okkar og mannfæðar.

Sú mótbára háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.), að frv. fari í bága við háskólalög-in í því, að með frv. sje fyrirmunað, að kennarar lagadeildarinnar verði rek-torar eða deildarforsetar, er ekki rjett, því að í frv. stendur „....enda komi þeir að öllu leyti í stað prófessora við háskólann.“ Hjer verður því um ekkert viðrinisástand eða neina „svo sem“ prófessora að ræða.

Tel jeg sjálfsagt, að frv. verði vísað til nefndar, og má þá fá álit rjettra hlutaðeigenda.

Bjarni Jónsson: Jeg vil ekki hverfa frá því, sem jeg fyr sagði, að sú er tilætlunin, að prófessorar í lögum við háskólann stundi lagavísindi íslensk, forn og ný, og geri það svo vel, að stúdentar utan úr heimi sæki hingað, til fræðslu um íslensk lögvísindi. En til þess, að þetta megi verða, þurfa prófessorarnir að vera meira en yfirheyrsluvjelar og handleiðslumenn. Þeir verða jafnframt að vera vísindamenn.

Um bókaútgáfuna er það að segja, að vel geta þau árabil komið, að eigi sje fært að gefa út vísindabækur, en það varir eigi til langframa, og hygg jeg, að menn verði eigi svo hraðvirkir, að eigi megi bíða á meðan.

En vísindastarfsemin verður þó ætíð aðalatriðið. Hún getur ein aukið sæmd landsins og vakið eftirtekt á því hjá stærri þjóðum.

Það er sagt, að hún gefi eigi tekjur af sjer, en það er þó ekki svo fráleitt sem margur hyggur, að vitið verði látið í askana. Þjóð, sem er þekt fyrir vísindastarfsemi sína, hún á greiðari aðgang á heimsmarkaðinum að selja sinn fisk og sitt smjör. Jeg hefi fyr sagt það hjer, og segi það enn, að danska smjörið á mikið að þakka Albert Thorvaldsen. En komist þetta skipulag á, fellur öll vísindastarfsemin alveg niður, því að enginn er sá verkmaður til, að hann fái annað þessu öllu. Auk þess er verkaskifting hjer sjálfsögð, því það er alt önnur andleg starfsemi að kveða upp dóma eða rannsaka fortíð og nútíð. Sami maðurinn hefir ekki tíma til að gegna þessum óskyldu störfum. Að breyta þessu á þennan veg væri sama sem að gera meðalfje úr ágætisfje, en það hygg jeg að góðum fjármönnum þætti allilla búhnykkur. Auk þess væri annað eins tiltæki og þetta hreinasta dauðasynd gegn heiðri þjóðarinnar og andlegri velferð.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að þjóð, sem ekki væri 100.000, gæti ekki í öllum efnum hagað sjer eins og miljónaþjóðirnar. Það er hverju orði sannara, en jeg held líka, að það sje allfjarri því, að vjer Íslendingar höfum hagað oss svo.

Annars furðar mig á því, að hæstirjettur skuli vera sumum mönnum þessi þyrnir í auga. Jeg veit ekki betur en að meiri hlutinn af dómurum hans hafi átt sæti í yfirrjettinum gamla, og var þá ekki talið eftir kaup þeirra. Jeg skal játa, að það væri ef til vill vinnandi vegur að fækka þeim um tvo, svo að þeir yrðu að eins þrír, eins og var í yfirrjettinum áður; það gæti að minsta kosti ekki talist nein hneisa. Annars er ekki gott um það að segja, hve mikið starf þetta verður í framtíðinni. Þessi dómstóll er svo ungur enn, að tæplega verður í því efni bygt á reynslu þeirra fáu ára, sem hann er búinn að starfa hjer. Auk þess vantar mig, og jeg hygg fleiri hjer, þekkingu í þessu máli til að geta lagt rjettan úrskurð á það, og hygg jeg, að rjettast væri að leita álits dómaranna sjálfra um það.

Einhver nefndi það hjer áðan, að einn af prófessorum lagadeildarinnar hefði verið í verki með að semja frv. þetta. Það má vel vera, að hann hafi hjálpað til að orða það, en hafi hann gert þar meira að, þá vil jeg minna á danska talsháttinn: „Skomager, bliv ved din Læst!“, og væri honum betra að stunda sinn starfa en að sitja við að semja slíkt.

Annars hefir því verið hreyft fyrir

skömmu, hvort ekki myndi rjettast að bæta við þriðja dómnum á milli undirrjettar og hæstarjettar. Virðist því þessi hreyfing ganga heldur í öfuga átt við það, sem ætla mætti. Skal jeg fyrir mitt leyti lýsa því yfir, að jeg myndi fúsari að ljá sliku frv. fylgi mitt heldur en því, sem hjer er á ferðinni. Jeg tel það nauðsynlegt, eftir því, sem kostur er á, að tryggja landsmönnum að geta fengið rjettan úrskurð mála sinna. Hafði jeg satt að segja, vænst þess, að sparnaðarmennirnir svo nefndu hyggju áður strandhögg sín á öllum öðrum sviðum en dómsmálasviðinu. Auk þess hníga þessi sparnaðaráform ekki í rjetta átt. Landssjóður er nefnilega ekki neitt sjerlega illa staddur, því eins og menn vita, þá sparast samkv. fjárlagafrv. stjórnarinnar alt að því ein miljón króna í verðstuðulslækkun, og rennur það í ríkissjóðinn. Í því efni er ekki nein ástæða til ótta. Það er heldur ekki þetta, sem hefir krept mest að þjóðinni á síðustu tímum, heldur örðugleikarnir á að ná í erlendan gjaldeyri. Það er ekki svo mikið undir því komið, hvernig peningarnir velta á milli Pjeturs og Páls, hvort Þorleifur vinnur í þetta sinn það, sem Jóhannes tapar, eða hvort landssjóður sparar fje á kostnað einstakra manna. Þessi sparnaður hefir ekki sömu þýðingu eins og það, ef hægt er að spara eitthvað, sem kaupa verður frá öðrum löndum. Munurinn er sá, að það er þjóðarsparnaður, en þetta er landssjóðssparnaður. Og jeg held, að það sje áreiðanlega talað of mikið um þennan sparnað, en of lítið um hinn.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni. Þessi orð hefi jeg sagt til þess, að eftirtíminn geti ekki, hvernig sem fer, blandað mjer í skömmina.

Fjármálaráðherra (M. G.): Hv. þm. Dala. (B. J.) segir, að enginn maður sje slíkur afkastamaður, að hann geti gegnt þessum þrem störfum, og með þessu frv. sje þessari vísindastofnun spilt. Nú skulum við athuga málið lítið eitt nánar. Statistik hæstarjettar sýnir, að aðeins 30 mál hafa verið afgreidd þaðan á ári. (**B. J.:** Hve gömul er sú statistik?). Hún nær að vísu ekki yfir meira en tvö ár, en er lægri seinna árið. Með því að tala dómaranna haldist, kemur að eins eitt fag í lagadeildinni á mann, og fæ jeg ekki skilið, að það verði svo ýkjamikið verk að setja sig inn í það og taka þátt með 4 mönnum öðrum í uppkvaðning 30 dóma. Og illa mun þetta þola samanburð við t. d. störf bæjarfógetans í Reykjavík, sem kveður upp 3—400 dóma á ári. Þeirri hlið vísindastarfseminnar, sem á að miða að því að draga menn hingað til háskólans utan úr heimi, legg jeg heldur lítið upp úr.

Það má vel vera, að hægt sje að fækka dómurunum niður í 3. Jeg hygg, að rjett væri að taka það líka til athugunar; að minsta kosti tel jeg nauðsynlegt, ef hægt er, að draga úr kostnaðinum við þennan dómstól. Jeg á annars bágt með að skilja, hvers vegna hv. þm. Dala. (B. J.) vill endilega fella þetta frv. strax, en þó jafnframt spyrja dómarana ráða í þessu efni. (**B. J.:** Jeg hefi hvorugt sagt). Jú, hvorttveggja. Það er og næsta undarlegt að halda því fram, að minni líkur verði fyrir rjettum dómum, ef dómarar kenna við háskólann. Ætli það sje verra fyrir dómarana að þrautkynnast þeim vísindum, sem þeir eiga að dæma eftir? Jeg held ekki.

Gunnar Sigurðsson: Jeg skal verða mjög stuttorður. Jeg er ekki í sparn-

aðarflokknum, en jeg sje þó, að nauðsynlegt er nú að spara alstaðar þar, sem hægt er. Þó að eins þar, sem sparnaðurinn verður til hagnaðar — því að öllu má of mikið gera — og jafnvel sparnaður getur orðið til ills, ef hann gengur út í öfgar eða beinist í skakka átt. En á einu verð jeg að furða mig á þessu þingi. Flestir hv. þm. ganga í tvo sparnaðarflokka, kjósa nefnd til að koma fram með sparnaðartill., en hundsa svo allar sparnaðaruppástungur einstakra manna og sparnaðarnefndar, þegar þær koma fram. (**Jak. M.:** Þetta frv. er ekki borið fram af sparnaðarnefndinni). (**B. J.:** Það er þvert á móti gripið hjer fram fyrir hendur hennar). Jeg tel víst, að þessu máli verði vísað til allshn., en einn úr sparnaðarnefndinni er þó í þeirri nefnd. Jeg skal annars taka það fram, að jeg tel það ekki ógerlegt, að dómurunum við hæstarjett verði fækkað niður í 3, sjerstaklega ef miðdómstóll verður settur, því að það álít jeg bráðnauðsynlegt að gert verði bráðlega. Annars skal jeg ekki ganga neitt inn á málið við þessa umr., en vil að eins leggja það eindregið til að vísa málinu til nefndar.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 1. þm. Reykv. (Jak. M.) feld með 22 : 3 atkv., og sögðu

já: Jak. M., B. J., B. Sv.

nei: J. A. J., J. B., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. K., Ó. P., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., Ing. B.

Einn þm (M. P.) fjarstaddur.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. (sjá A. bls. 660) með 20 shlj. atkv.

Á 45., 46. og 47. fundi í Nd., dagana 10., 11. og 12. apríl, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., laugardaginn 15. apríl, var frv. enn tekið til 2. u m r. (A. 49, n. 161 og 209).

Frsm. meiri hl. (Jón Þorláksson): Eins og sjá má af nál. á þskj. 161, hefir meiri hl. allshn. fallist á þetta frv. og mælir með því, að það gangi fram með litlum breytingum. Meiri hl. viðurkennir rjettmæti þeirrar viðleitni, sem frv. ber vott um, til þess að fækka þeim embættum, sem hjer um ræðir, þ. e. dómendum í hæstarjetti og kennurum í lagadeild háskólans, og telur þá leið, sem frv. gerir ráð fyrir, heppilega. Meiri hl. viðurkennir það einnig, að reynslan hefir sýnt, að störf hæstarjettar eru ekki meiri en svo, að vel mun hægt að finna menn, sem annað geta störfunum á þann hátt, sem frv. greinir.

En þá er að athuga þær mótbárur, sem helst geta komið til greina. Má líklega treysta því, að hið helsta af því tæi sje tínt til í nál. minni hl., á þskj. 209.

Það er fyrsta mótbáran, að frv. fari í bága við stjórnarskrána. Jeg vil nú halda því fram, að það fari hvorki í bága við anda stjórnarskrárinnar nje orðanna hljóðan. Það mun líklega helst vera 30. gr., sem hv. minni hl. telur að frv. brjóti. Þar er sem sje gert ráð fyrir því, óbeinlínis þó, að einhverjir sjeu þeir dómarar í landinu, sem eigi

hafi líka umboðsstörf með höndum. Þetta var nú svo, þegar stjórnarskráin var sett, og það er eins um hana og önnur lög, að hún mótast af því ástandi, sem er, þegar hún er sett, en þó er ekki til þess ætlast, að hún viðhaldi því að eilífu. Hún er miðuð við sjerháttu þess tíma, þegar hún er sett, en er þó jafnframt allsherjarregla. Þó að svo hafi nú verið, að dómendur hafi verið, sem engin umboðsstörf höfðu á hendi, þegar stjórnarskráin var sett, þá er ekki bundið við, að þeir verði hinir sömu og jafnmargir upp frá því. Mætti ekki t. d. aðskilja umboðsvald og dómsvald meira en gert hefir verið og fjölga þeim dómendum, sem engum umboðsstörfum gegna, án þess að breyta stjórnarskránni? Brtt. meiri hl. flytur nú þetta líka nokkru nær, með því að undanþiggja dómstjórann kenslu. Auk þess þótti meiri hl. rjett að gera meðdómendurna sem óháðasta umboðsvaldinu, og vill því láta ákvæðin í 57. gr. stjórnarskrárinnar ná til þeirra eftir sem áður, svo að eigi megi setja þá af, nema eftir dómi, og þeir verði eigi fluttir í annað embætti nauðugir, nema verið sje að koma nýju skipulagi á dómstólana. Þetta er einmitt leyft og gert ráð fyrir því í 16. gr. stjórnarskrárinnar. Með þessu ætti að vera girt fyrir það, að hjer geti verið um stjórnarskrárbrot að ræða.

Þá er það önnur mótbáran, að dómarahæfileikar og kennarahæfileikar fari ekki saman. Þar til er því að svara, að þessi störf eru ekki ólíkari en altítt er hjá þeim, sem verða að gefa sig við fleira en einu starfi innan sömu fræðigreinar. En þeir eru nú margir, bæði starfsmenn hins opinbera og aðrir, og eru sumir beint skyldaðir til þess. Og þetta eru það góð embætti, að ekki ætti að vera hætta á, að þröngt yrði um menn, og væri þá óþarfi að velja þá, sem að vísu kynnu að hafa annan hæfileikann, en væru gersneyddir hinum. Jeg tel einmitt líkur til, að jafnan mætti velja svo úr mönnum, að hægt væri að fá þá, sem hafa báða hæfileikana í bestum mæli. Annars höfðu flm. frv. gert grein fyrir því, að margt mælir með því, að sömu menn hafi störfin á hendi Dómandanum er góður lærdómur kennarans og vísindamannsins, en kennaranum er líka notadrjúg lífsreynsla dómarans.

Þá er það loks þriðja mótbáran, að þetta sje stórmál og vanti undirbúning. Undirbúningstíminn hefir nú verið síðan hæstirjettur var stofnaður, og þótt að því væri þá gengið með nokkru fljótræði, þá ætti nú orðið að vera hægt að átta sig á málinu.

Aðrar nje fleiri mótbárur eru ekki í nál. minni hl., á þskj. 209, og mun þar þó tínt til það, sem hægt er, enda prentað upp það úr svörum hæstarjettar og háskólans, sem helst þótti matarbragð að. — Síðast vil jeg geta þess, fyrir hönd meiri hl. allshn., að ekki er með þessu sagt, að hún vilji ekki aðrar breytingar á hæstarjetti, ef þetta verður samþ. Það hefir verið talað um að reyna að draga úr málskostnaði, og t. d. breyta fyrirkomulaginu og taka upp aftur skriflegan málflutning. En þetta er annað mál, sem kemur þessu ekki við.

Jeg vona svo, að hv. deild láti frv. ganga fram með brtt. á þskj. 161.

Frsm. minni hl. (Gunnar Sigurðsson): Jeg minnist þess nú, að hv. frsm. meiri hl. (J. Þ.) sagði við mig utanþings, að jeg hefði spilt fyrir máli með því að fara of geyst. Það var sameining Árnes- og Rangárvallasýslna, sem hann átti við. Það er þá víst af því, að jeg hefi ekki lært að temja mjer þenn-

an varasemis veiðitón, sem svo margir hv. þm. nota. Nálgast þar stundum, að við eigi það, sem Finnur Árnason sagði um Kálf bróður sinn: „Það er til marks um Kálf, er hann mælir vel, þá er hann ráðinn í að gera illa.“ Jeg kann nú ekki að mæla svo um hug mjer. Jeg hlýt að nefna það fjarstæðu, sem er fjarstæða í mínum augum, svo sem þetta er. En þó mun jeg nú af stillingu mæla, eins og hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) gerði líka.

Það hefir eflaust verið sparnaður, sem vakti fyrir háttv. flm. þessa frv.; þann tilgang vil jeg síst lasta, enda þótt bersýnilegt sje, að enginn sparnaður getur orðið að því strax. En þótt sparnaður sje góður, þá verður að gæta þess, hvað missast kann við hann. Hjer er nú um að ræða ekki minna en allverulega rýringu á einum sterkasta þætti stjórnvaldsins, og það þeim, sem síst má rýrast; það er dómsvaldið. Að þessu finst mjer varhugavert að hlaupa athugunarlítið og gegn skoðun og áliti þeirra, sem hlut eiga að máli. Það er að vísu sagt, að einn kennaranna hafi samið frv. En hann mælir gegn því, eins og hinir aðrir, enda hefir hann víst samið það eftir beiðni flm., svo sem hann hefir oftar samið frv. fyrir ýmsa þm.

Þá vil jeg minnast á samband þessa frv. við stjórnarskrána. Jeg fæ ekki betur sjeð, þrátt fyrir ummæli hv. frsm. meiri hl. (J. Þ.), en að frv. komi í bága við stjórnarskrána, ef ekki beint í bága við skýlaus ummæli hennar, þá samt við anda hennar. Hv. meiri hl. hefir ekki neitað því, að stjórnarskráin geri ráð fyrir því, að æðstu dómendur fari ekki með umboðsvald, og ekki heldur hinu, að hjer sje verið að blanda saman umboðsvaldi og dómsvaldi, en þá er líka andi stjórnarskrárinnar brotinn, og skal jeg nú sýna fram á það.

Stjórnarskráin byrjar á því að skifta stjórnvaldinu í landinu í þrjár greinar, löggjafarvald, umboðsvald og dómsvald. Sögulega undirstöðu þessarar skiftingar þarf jeg ekki að rekja fyrir hv. þm., en þeim er kunnugt, að stefnan hefir verið sú, að gera dómsvaldið sem hreinast og óháðast hinum greinum valdsins. — Vjer urðum lengi að hlíta því að hafa æðsta dómstólinn í öðru landi, en þó reyndum við að halda í þessa átt. Launamálanefndin frá 1914 gerði till. um að aðgreina alveg umboðsvald og dómsvald, og með stjórnarskrárbreytingunni 1915 voru yfirdómendurnir gerðir ókjörgengir. Þetta frv. aftur á móti, ef samþ. verður, veldur því, að allir dómendur í hæstarjetti verða kjörgengir, að undanskildum dómstjóranum einum. Það fullyrði jeg, að hv. meiri hl. allshn. hefir ekki athugað, því að það er full fjarstæða að gera hæstarjettardómendur kjörgenga. En það eru ýmsar aðrar greinar stjórnarskrárinnar, sem frv. heggur allnærri. Má þar nefna 56. gr., sem kveður svo á, að dómendur skuli skera úr um embættistakmörk yfirvalda. Bæri nú svo við, að ágreiningur yrði á millum lagadeildar og hæstarjettar, þá yrði niðurstaðan sú, að hæstarjettardómendurnir yrðu óhæfir til að dæma um þann ágreining, og á mörg fleiri dæmi, þessu hliðstæð, mætti benda.

Þá er og þess að gæta, að það er mjög óheppilegt, að sömu menn fáist við kenslu og dómstörf. Til hins fyrra eru ungir menn best fallnir, en til hins síðara menn með lífsreynslu að baki sjer.

Eitt dæmi til sönnunar nægir.

Hugsum okkur, að bæjarfógetinn hjer í Reykjavík yrði hæstarjettardómari.

Mundi honum ekki reynast örðugt að setja sig inn í undirstöðuatriðin og „teoriurnar“ í lögfræðinni, sem nauðsyn er á við kensluna, og þó vita allir, að hann er hæfur dómari.

Nei, slíkum stórmálum og þessum má ekki flaustra af; þau krefjast vandlegrar íhugunar. En það eitt er víst, að við megum ekki hafa dómaskipun okkar mjög frábrugðna því, sem hún er hjá stærri þjóðunum, svo framarlega sem við viljum, að þær beri traust til æðsta dómstóls vors. Og á því ríður mest, að dómstóllinn sje algerlega sjálfstæður og óháður.

Þá er enn þess að gæta, að enginn sparnaður er við þetta. Hann fengist, ef sú leiðn væri farin, að fækka dómendum um 2. Gæti jeg sennilega fallist á það, en vildi þá um leið fá miðdómstól, en kostnaður við hann þyrfti ekki að verða mikill, því að bæjarfógetinn hjer gæti átt sæti í honum, og ef til vill prófessorar háskólans; til þess mætti miklu fremur nota þá en í æðsta rjettinn.

Þá hefir verið um það talað, hve kostnaðarsamt það væri að reka mál fyrir hæstarjetti. Þetta er satt, en frv. bætir ekkert úr þessu; það mundi fyrst verða, ef skriflegur málflutningur yrði upp tekinn. Jeg er þó þeirrar skoðunar, að heppilegast mundi að halda áfram munnlegum málflutningi við hæstarjett, en hafa hann skriflegan við miðdómstólinn.

Þá er það ýmislegt við frv. sjálft, sem þarf að athuga, bæði við form og efni.

Í 2. gr. er t. d. talað um, að ef autt verði sæti dómstjóra, þá skuli sá dómari, er lengst hafi gegnt því embætti, stýra dómi. Jeg skil ekki, hvernig á að „praktisera“ þetta, þar sem allir dómendur eru skipaðir jafnsnemma.

Þá er það algerlega ófært, að yngri menn en 30 ára skuli geta orðið hæstarjettardómendur.

Það, sem helst þurfti að breyta, hefir frv. aftur á móti ekki tekið; jeg á þar við 1. einkunn sem skilyrði fyrir því, að geta orðið hæstarjettardómari. Þetta er ósanngjarnt skilyrði og veitir enga tryggingu, því að alkunna er, að dómhæfileikar manna og lagaskýrleikur fer ekkert eftir því, hvora einkunnina þeir hafa hlotið, enda er eitt aðalskilyrðið, að dómarar sjeu rjettlátir menn.

Að öllu þessu athuguðu verð jeg að skora á hv. deild að fella þetta frv. Kysi jeg heldur, að hæstirjettur yrði fluttur út en frv. þetta yrði að lögum. Vil jeg að síðustu minna menn á, að það hefir altaf þótt ilt að heita griðníðingur, og svo þótti Grautar-Halla forðum, en þó er enn verra að vera eiðrofi. Nú vil jeg ekki segja, að menn rjúfi stjórnarskráreið sinn beinlínis með því að gefa þessu frv. atkv. sitt, en það er víst, að það gengur í bága við sögulegan tilgang og anda stjórnarskrárinnar. Og hv. þm. hafa ekki síður unnið eið að þessu. Óska jeg ekki, að málinu verði vísað til stjórnarinnar, heldur þess eins, að það verði steindrepið.

Forsætisráðherra (S. E.): Jeg óska að gera nokkra grein aðstöðu minnar við þetta frv.

Það er vitanlegt, að hjá öllum þjóðum er lögð hin ríkasta áhersla á það, að dómaskipuninni sje tryggilega fyrir komið, og þá sjerstaklega æðsta dómstólnum. Það er einnig kunnugt af stjórnmálasögu vorri, að mikill áhugi var á því að ná æðsta dómsvaldi inn í landið. Benedikt heitinn Sveinsson og ýmsir aðrir skörungar börðust fyrir því og komu fram með frv. í þá átt.

En eftir að þetta var fengið, fóru að heyrast einstaka raddir um það, að við hefðum fengið hæstarjett of fljótt inn í landið, en jeg vona, að þessar raddir hafi ekkert bergmál hjer á Alþingi, því jeg vona, að öllum hv. þm. sje ljóst, hversu þýðingarmikið það er að fá úrslit mála sinna hjer heima, og þá líka að þýðingarmikið sje, að vel sje um þennan æðsta rjett búið.

Af þessum sökum er það mjög varhugavert, að Alþingi fari að gera stórkostlegar breytingar á hæstarjetti, undirbúningslítið.

Þessar breytingar, sem hjer er um að ræða, eru mjög miklar. Í fyrsta lagi er trygging sú, sem dómsvaldið nú nýtur, mjög rýrð. Nú er dómarastaðan trygð gegn umboðsvaldinu með beinum stjórnarskrárákvæðum, en samskonar tryggingu á nú, eftir þessu frv., að eins að gefa með einföldum lögum. Í öðru lagi fá dómendur samkvæmt frv. kjörgengi til Alþingis. Veit jeg að vísu, að sumir hafa verið þeirrar skoðunar, að þeir ættu að hafa það, en stjórnarskrárgjafinn hefir álitið nauðsynlegt að sviftа þá því, og hygg jeg, að ekki sje rjett að kippa þessari tryggingu í burtu rannsóknarlaust.

Samkvæmt frv. er ætlast til þess, að dómendur kenni við háskólann. Dómarastörfin mundu því verða aukastörf, en kenslan aðalstarfið. En það, sem verst er, störf þessi samrýmast ekki. Þeir menn, sem eiga að vera kennarar við háskólann, verða að temja sjer vísindastarfsemi, en til þess að ná fram verulega á þeirri braut, verða þeir að byrja ungir á þessu og gera það að lífsstarfi sínu. Aftur á móti er sjerstaklega nauðsynlegt, að dómararnir, auk sjálfsagðrar lagakunnáttu, sjeu reyndir menn í skóla lífsins. Auk þess getur orðið árekstur milli hinna þráðbeinu kenninga vísindamannsins og þeirrar niðurstöðu, sem lífið gerir kröfur til að dómarinn komist að, og þetta getur orðið til þess, að hvorki vísindamaðurinn nje dómarinn, ef sameinaðir eru í einni persónu, njóti sín.

Sparnaðurinn að frv. þessu er enginn, en þótt hann væri, mundi jeg samt vera á móti því. Nær lægi að spara með því að fækka dómendum, en þó vil jeg ekkert fyrirheit gefa um það, að jeg væri því fylgjandi. Jeg hefi heyrt því fleygt, að jeg hafi breytt á móti þessari skoðun minni, með því að setja hæstarjettardómara Lárus H. Bjarnason kennara við háskólann. En þó að fordæmi sjeu nú fyrir þessu, þá skal jeg samt játa, að jeg hugsaði mig lengi um, áður en jeg afrjeð það.

En jeg gerði það vegna þess, að nauðsyn bar til að fella ekki niður kenslluna, en þessi maður gat tekið við starfinu undirbúningslaust, sem naumast nokkur annar hefði getað. En jeg vil taka það fram, að þetta er að eins til bráðabirgða, og mun jeg fljótlega gera ráðstafanir til þess, að annar taki við kenslunni.

Jeg spurði prófessorana, hvort þeir vildu taka við kenslunni, en þeir kváðust ekki geta það, og því var þessi einn kosturinn, þótt mjer fjelli hann illa.

Bjarni Jónsson: Þetta mun vera eitt af þeim frv., sem hv. þm. hafa þóst þurfa að koma með, til þess að spara fje ríkissjóðs. En því mun vera líkt varið sem öðrum frv., er komið hafa fram á þessu þingi í því skyni að spara, að það mun lítt fallið til bjargráða í svipinn, því að það vita allir, að ekki er hægt að reka þessa menn úr embættunum, nema með dómi, og það er því undir þeirra vilja komið, hvenær sparnaðurinn kemst í framkvæmd. Þetta

stendur líka í frv., og það er að því leyti hóflegra en önnur slík frv., sem hjer hafa komið fram. Mjer hefði því fundist, að þetta frv. hefði mátt bíða, þangað til stjórnin kemur fram með sparnaðarkerfi það, sem hún hefir á prjónunum. Það gæti þá hugsast, að hún kæmist að þeirri niðurstöðu, að hæstirjettur sje óþarfur, eða þá lagadeild háskólans. Það var að eins í einu sparnaðarfrv., sem fólginn var sparnaður frá þeim degi, sem það hefði verið samþykt, en það var frv. um að leggja starf mitt við háskólann niður. Jeg var alveg rjettlaus, að undanskildum þeim rjetti, er þm. vildu veita mjer.

En jafnvel þótt sparnaður væri í þessu frv. fólginn, þá fæ jeg ekki sjeð, á hvern hátt þingið ætlar að komast fram hjá stjórnarskránni. Jeg lít svo á, sem stjórnarskráin sje grundvallarlög, sem önnur lög megi ekki fara í bága við. En það er hægt að sýna fram á, að þetta frv. fer tvímælalaust í bága við stjórnarskrána. Flestir þeir, sem hjer eru, og að minsta kosti þeir, sem sátu á þingunum 1913, '14 og '15, vita, að til þess tíma höfðu æðstu dómararnir átt sæti á Alþingi. En með stjórnskipunarlögunum frá 1915 var þessu breytt og þeir undanþegnir kjörgengi, og það ákvæði er og í núgildandi stjórnarskrá. Þetta var gert til þess að koma í veg fyrir það, að æðstu dómendur landsins tækju þátt í opinberum stjórnmáladeilum, og fengist þar með trygging fyrir því, að æðsti dómstóll landsins yrði hlutlaus dómstóll og óháður. Þetta var þrautrætt í nefndinni; jeg var á móti því í fyrstu að taka af nokkrum manni jafnskýlausan rjett sem kjörgengið er, en fjelst þó á það, að meira væri um það vert, að æðsti dómstóllinn yrði hlutlaus en þótt kjörgengið yrði tekið af dómendunum. Það er því ekki neinum vafa undirorpið, hvers vegna þetta ákvæði er komið inn í stjórnarskrána. Það er einungis sett til þess að fá fulla trygging fyrir því, að æðsti dómstóll landsins verði hlutlaus og áreiðanlegur. En hvað verður, ef þetta frv. nær fram að ganga? Þá fá dómararnir aftur kjörgengi og fara að taka þátt í stjórnmáladeilum og dægurþrasi, ef þeir vilja. En þetta er þvert ofan í tilgang, orð og anda stjórnarskrárinnar. Þá verður enginn hlutlaus dómstóll lengur til í þessu landi. Dómendur allir eru háðir umboðsvaldinu, nema þessi eini, sem undanskilinn er í frv. Það er alveg rjett, sem sagt hefir verið hjer, að það má láta þessa kennsludómara eða dómkennara vera undanþegna því, að konungur víki þeim frá embætti, en hjá hinu verður ekki komist, að um leið og þeir takast umboðsstörf á hendur, þá fá þeir kjörgengi.

Þá er önnur grein stjórnarskrárinnar, sem þetta frv. rekst óþægilega á. Það er 56. grein. Þar stendur: „Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda.“ En til þess að geta dæmt um þetta, þá má dómarinn ekki fást við löggjafar- eða umboðsstörf. Þá getur hann ekki talist óhlutdrægur dómari. Hann verður þá dómari í sjálfs sín sök.

Svo er enn eitt. Þar sem þetta frv. er bein breyting á stjórnarskránni, þá ætti þess að vera getið í fyrirsögn frv., ef það ætti að geta verið til umræðu á þessu þingi. En með því að svo er ekki, þá er frv. dautt frá upphafi, ef rjettum þingsköpum er fylgt.

Það getur verið gott og má vera, að þjóðin sje þeim mönnum þakklát, sem spara vilja fje og fækka embættum, en jeg hygg þó, að henni muni þykja fullmikið fyrir sparnaðinn gefið, ef hún vegna hans getur ekki verið örugg um

að hún fái uppskorið fult rjettlæti, er um líf og æru er að tefla. Jeg er þess fullviss, að þjóðin vill fúslega gefa krónunni meira til þess að vera viss um það, að æðsti dómstóllinn sje hlutlaus og dómendurnir óháðir stjórnmáladeilum og flokkavaldi. Því að það er lífsskilyrði fyrir þjóðir, sem hafa þingbundna konungsstjórn, að til sje einhver dómstóll, sem sje fyrir utan allar stjórnmáladeilur, en það verður sá dómstóll aldrei, sem tekur á einhvern hátt þátt í umboðsstörfum.

Annars eru ýmisleg ákvæði í greinum þessa frv. næsta óskiljanleg. Eitt af skilyrðunum til þess að geta orðið hæstarjettardómari er t. d. það, að hafa verið 3 ár dómari í yfirrjetti. Jeg veit ekki um nokkurn mann á landinu, sem það ákvæði getur gilt um, fyrir utan þá, sem þegar eru komnir í dóminn. Annað skilyrði er að hafa verið skrifstofustjóri í stjórnarráðinu. Ekki fæ jeg sjeð, að menn, sem slíkum störfum hafa gegnt, sjeu dómhæfari eða rjettdæmari en aðrir menn. Þá á og að leggja hæstarjettarritaraembættið niður og fela yngsta dómaranum bókunina. Hjer er stigið spor aftur á bak. Ekki getur staðið á sama um bókunina, og hæstarjettarritarinn er hlutlaus gagnvart dómurunum, en þeir geta hins vegar oft verið ósammála innbyrðis. Ef einn dómarinn á svo að bóka, þá getur hann vilt málin fyrir meðdómendum sínum.

Nú hefi jeg sýnt fram á það, að í þessu frv. felst enginn sparnaður á næstu árum, að það fer beint í bága við stjórnarskrána, svo og, að þjóðin vill heldur fá tryggingu fyrir því, að æðsti dómstóllinn sje hlutlaus, en spara nokkur hundruð króna. En þá vil jeg að síðustu benda á eitt atriði. Þetta þing byrjar og endar með árás á háskóla Íslands. Þingið ræðst eins og stefnivargur á þessa nýju stofnun. Háskólinn er ungur og byrjaði með þeim kröftum, sem fyrir hendi voru. Af þeim, sem byrjuðu kenslu þar, voru þá engir þektir vísindamenn nema einn. En nú hefir reynslan sýnt, að þeir eru allir nýtir kennarar og efnilegir vísindamenn. Jeg undanskil mig vitanlega, sem er undirbúningskennari; jeg býst við, að jeg sje eins og jeg var, er jeg var kennari við latínuskólann. En hinir hafa allir reynst ágætlega.

Hjer er ráðist á tvær deildir, lagadeild og heimspekisdeild, en einmitt á þessu sviði byggja landsmenn allar vonir sínar á hinum unga háskóla í framtíðinni. Jeg hálfskammast mín fyrir að endurtaka það nú, jeg er búinn að segja það svo oft hjer, en það á þó við í þessu sambandi, að íslensk fræði er sú vísindagrein, sem Íslendingar geta best rakið og orðið best að sjer í, án þess að vera gáfaðri en aðrir menn. Þar eiga þeir að geta skarað svo fram úr, að hingað streymi allir þeir menn utan úr heimi, sem leggja vilja stund á íslenska tungu eða fornnorræna fræði. Íslendingurinn lærir hjer meira af móður sinni en hálærður háskólakennari getur kent úti í heimi. Íslendingar eiga því hægari aðstöðu og þurfa því litlu við sig að bæta, til þess að verða afburðamenn í þessari grein. En hið háa Alþingi skilur þetta ekki betur en svo, að hjer átti að skera niður ungan mann, sem kennir samanburðarmálfræði við þessa deild, afarduglegan vísindamann og efnilegan.

Þá er hin greinin, íslensk og norræn lögspeki. Hverjir ættu að vera hæfari til að lesa hana og kenna en einmitt Íslendingar? Hjer ætti að geta orðið besti staður í heimi fyrir þau fræði, ef Íslendingar kunna rjett með að fara. En hvað græða Íslendingar á þessu, kunna sumir að spyrja. Verða þeir

nokkuð auðugri eða sælli fyrir þetta? Hjer kemur einmitt fram munurinn milli manns og sauðar. Það er auðvelt að færa rök að því, að það er andlegt atgerfi forfeðranna, sem haldið hefir hinni íslensku þjóð uppi til þessa, og fyrir þá sök hefir hún fengið sjálfstæði sitt. Og það verður í framtíðinni andlegt atgerfi, sem heldur henni uppi, ef menn gera sig ekki seka í þeim misskilningi að halda, að það sje á hinu sviðinu, sem menn eiga að skara fram úr. Þar eiga menn að hugsa um það að hafa nóg fyrir sig og þurfa ekki að vera upp á aðra komnir, en hins vegar kosta kapps um að verða afburðamenn á hinu andlega sviði. Það er hið eina, sem heldur smáþjóðunum uppi.

Þess vegna tel jeg þetta frv. dauðasynd. Það er einn þáttur í snöru þeirri, sem rjett er að hinni íslensku þjóð, í þeirri von, að hún láti ginnast til þess að drýgja sjálfsmorð.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorláksson): Eins og vænta mátti, hafa mótbárurnar gegn þessu frv. ekki verið teljandi annað en endurteknar málalengingar á þeim tveim mótbárum, er jeg gat um í framsögu minni, að koma mundu fram. Hæstv. forsrh. (S. E.), hv. frsm. minni hl. (Gunn. S.) og hv. þm. Dala. (B. J.) hjeldu, með mismunandi orðalagi, sömu ræðu að efni og niðurstöðu, að viðbættum eftirmála, um óviðkomandi efni, hjá hv. þm. Dala. (B. J.). — Jeg get því verið fremur stuttorður og svarað þeim öllum í einu lagi.

Vilji menn ekki láta hæstarjettardómara eiga þingsæti, ætti það að koma fram á þann hátt, að þeir fyndu sjálfir, að það væri í ósamræmi við stöðu þeirra, og ef einhverjum dómaranum skyldi glepjast sýn um það, ættu kjósendurnir ekki að kjósa hann. En ef hvorki dómarinn nje kjósendur finna til þess, held jeg, að ekki sje rjett að svifta þá kjörgengi. Þetta mál var mikið rætt þegar stjórnarskráin var sett, og telur meiri hl. nefndarinnar rjett að láta orð stjórnarskrárinnar halda sjer óbreytt, en reyna ekki að teygja þau út yfir stærra svið en þau ná.

Það mætti færa ýmislegt því til sönnunar, að ekki sje hættulegt, að dómarar sjeu kjörgengir; meðal annars það, að það mun hjer um bil einsdæmi í stjórnarskrám ríkja, sem hafa samskonar stjórnarskipun og við, að slík ákvæði sjeu sett þar.

Annars hefir ekki verið bent á neitt með rökum til stuðnings því, að dómarar mundu verða að nokkru leyti háðari umboðsvaldinu, þó að þetta frv. yrði að lögum, og er því staðlaust að vísa í 56. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem stendur „dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda“. Það er fjarstæða að halda, að þeir verði miður færir til þessa, þó að þeir hafi á hendi lagakenslu í háskólanum, ef þeim er jafnvel trygt, að umboðsvaldið geti ekki gert á hluta þeirra, þó að það yrði óánægt með úrskurði þeirra. En höfuðatriðið er þó það, að menn sjeu ánægðir með dóma þeirra.

Þá var það önnur fjarstæðan, sem hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, og þarf ekki annað en hafa upp hans eigin orð, til þess að sýna það. Hann sagði, að dómendur hæstarjettar mættu ekki vera meðstarfandi við nokkra grein aðra, ef þeir ættu að vera óhlutdrægir. — Það hlýtur nú hver maður að sjá það, að þó að dómendur segi stúdentum til, er það svo fjarlægt því, að geta haft áhrif á rjettlætistilfinningu þeirra, að röksemdir sem þessar ná engri átt.

Því hefir verið hreyft af öllum, sem talað hafa á móti þessu frv. nú, háttv.

þm. Dala. (B. J.), háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) og hæstv. forsrh. (S. E.), að best færi á því, að til kennarastarfsins veldust ungir menn, en til dómarastarfsins eldri menn með sem mesta lífsreynslu. Það má vel vera, að það sje óheppilegt, að ungir menn verði dómendur í hæstarjetti, en hitt er erfitt að skilja, að það geti orðið til meins við lagakensluna, þótt kennararnir hafi svo mikla lífsreynslu, að þeir teljist færir um að vera dómarar í hæstarjetti. Jeg sje enga ástæðu til, að veitingarvaldinu mundi skjótast svo, að það veldi unga menn fyrir dómara, af því að líkur væru til, að þeir yrðu góðir kennarar. Hjer yrði fyrst og fremst að líta á þann kostinn, sem gagnlegur er annari stöðunni, en nauðsynlegur hinni. Það er lífsreynslan. Enda er það vitanlegt, að hægt er að finna þá menn, sem eru í senn góðir dómarar og kennarar, en hafa þó lífsreynslu til brunns að bera.

Þá var minst á það, að nauðsynlegt væri, að lagakennarar legðu fyrir sig vísindastarfsemi, en dómarar þyrftu enga hæfileika að hafa í þá átt. Það er þessu máli alveg óviðkomandi. Það er vitanlegt, að kennararnir í lagadeildinni eru ekki vísindamenn fremur en aðrir, þannig, að vísindastarfsemi sje nokkur verulegur þáttur í starfi þeirra. Starfið er og verður kennarastarf.

Hæstv. forsrh. (S. E.), sem hefir talað gætilegast þeirra manna, sem eru frv. andvígir, hjelt ekki, að það eða brtt. við það færu í bága við stjórnarskrána. En hv. frsm. minni hl. (Gunn. S.) ljet sjer sæma að nefna eiðrof í sambandi við þetta, þannig, að þeir, sem greiddu atkv. með þessu frv., gæfu tilefni til að minnast á eiðrof, þótt hann að vísu tæki fram, að þeir brytu ekki beinlínis stjórnarskráreið sinn með því. Jeg kann því illa, að þessi háttv. þm. (Gunn. S.) geri sig sjerstaklega út til þess að verja stjórnarskrána, af þeirri ástæðu, að af öllu því, sem hjer er hugsað, talað eða gert, hygg jeg, að ekkert gangi nær stjórnarskránni en það, að hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) skuli sitja hjer. (**Gunn. S.**: Jeg krefst frekari skýringar á þessu). Jeg vil að eins vísa hv. þm. (Gunn. S.) á 29. gr. stjórnarskrárinnar; getur hann svo lesið sjálfur það, sem þar stendur.

Þá fer þó ólíkt betur á því, að hv. þm. Dala. (B. J.) gerist kennari um þetta efni, en hæstv. forseta er þó best trúandi til að gæta þess, sem gæta ber hjer í deildinni.

Hæstv. forsrh. (S. E.) sagði, að ánægjan með heimflutning æðsta dómstólsins væri ekki eins mikil og vænta mætti, en hjelt þó, að sá ánægjubrestur mundi ekki eiga neitt bergmál hjer í deildinni. Jeg verð nú að segja það, að það mun vera býsna alment álit, að heimflutningur hæstarjettar hafi verið tilefnislaus, og því óþarfur. Því að það er eini tilgangur hæstarjettar að dæma rjetta dóma, og það mun enginn bera brigð á, að þau skilyrði hafi verið fylt, meðan hann var í Danmörku. Jeg er því einn þeirra, sem halda því fram, að það hafi verið fljótræði og gert að ástæðulitlu, ef ekki ástæðulausu, og hefði vel mátt bíða betri athugunar.

Jeg get vel viðurkent það, að breyting slík sem þessi á löggjöfinni, hefði átt að koma frá stjórn landsins, eins og hæstv. forsrh. (S. E.) hjelt fram, en hitt skiftir þó í raun og veru meira máli, að hún komi fram undirbygð af reynslu og umhugsun frá þjóðinni. En jeg hygg, að mikið sje talað um þetta mál manna á milli og mörgum þyki ilt, að 5 menn væru að jafnlitlu verki sem þessir hæstarjettardómarar. Hefir

þeim því þótt æskilegt, ef hægt væri að sameina þessi dómarastörf einhverjum öðrum störfum.

Það hefir verið talað um, að það megi spara jafnmikið og frv. fer fram á, með því að fækka hæstarjettardómurunum niður í 3. Það eru nú skiftar skoðanir um það, hvor leiðin muni vera betri, en jeg og meðnefndarmenn mínir í meiri hl. nefndarinnar lítum þannig á, að tryggingin fyrir góðum dómi muni minka meira, ef dómurunum væri fækkað niður í 3, heldur en þeir hefðu á hendi lagakenslu í háskólanum. Að vísu er ekki hægt að leggja fram sannanir í þessu máli, en það munu þó flestir skilja, að nauðsyn er á því, að dómarar í hæstarjetti sjeu ekki of fáir.

Hæstv. forsrh. (S. E.) afsakaði það, að hann hefði sett hæstarjettardómara sem kennara í lögum. Frá mínu sjónarmiði er þessi afsökun óþörf, því að jeg hygg, að enginn muni halda því fram, að hann muni dæma lakari dóma á meðan hann gegnir þessari kenslu en á undan og eftir.

Þá gat hv. þm. Dala. (B. J.) þess, að þjóðin mundi ekki vilja spara fje til þess að fá óhlutdræga dóma. Það er nú enginn efi á því, að menn vildu kosta nokkru til þess, en það vantar allar sannanir fyrir því, að dómar hæstarjettar yrðu á nokkurn hátt lakari en áður, þó að þetta frv. yrði að lögum. Það hefir enginn hreyft neinu atriði í þá átt, að lakari menn mundu veljast í dómarasætin fyrir því. en rýrnun dómanna getur raunverulega ekki bygst á öðru en því. En hinu munu fáir halda fram, að sömu mennirnir mundu dæma verri dóma, þó að þeir segðu stúdentum til.

Um niðurlagið á ræðu hv. þm. Dala. (B. J.) þarf jeg ekki að tala, utan um eitt atriði, þar sem hann sagði, að í frv. fælist árás á lagadeild háskólans. Það hefði að vísu staðið nær flm. en frsm. allshn. að svara þessu. En jeg þori þó að fullyrða það, að ekkert slíkt felst í frv. Jeg held naumast, að því verði haldið fram í alvöru, að óvirðulegri menn hefðu þá kensluna á hendi, ef dómararnir gerðu það, heldur en nú er, þegar þeirri reglu er fylgt að veita ungum mönnum prófessorsembætti í lögum. Jeg held þvert á móti, að það væri virðing fyrir lagadeildina, að þetta frv. yrði að lögum, og kenslan fengin í hendur jafngöfugum mönnum og hæstarjettardómurum, og drægi það þannig síst úr virðingu hennar.

Að því er snertir hið raunverulega atriði, kensluna, láðist mjer að geta þess, fyrir hönd meiri hl. allshn., að hann gerir ráð fyrir því, að ef til vill yrði að kaupa kenslu deildinni til handa, sem svaraði kenslustarfi hins elsta dómaranna, sem hann lagði til, að ekki hefði á hendi kenslu, en flm. frv. höfðu talið með til kenslunnar. En nefndinni þótti þó ekki þurfa að gera till. um það nú, vegna þess, að auðvelt væri að koma því í kring, þegar þörfin kallaði að.

Forsætisráðherra (S. E.): Það er nú viðurkent í þessu máli, að ef frv. þetta yrði samþ., þá er dregið úr eða slept ýmsum tryggingarákvæðum, sem löggjöfin hefir sett til þess að tryggja hæstarjett. Þannig yrðu dómararnir kjörgengir til Alþingis, vegna þess, að þeir samkvæmt frv. hafa umboðsstörf á hendi.

Það er rjett hjá hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að um það hefir verið deilt, hvort rjett væri að svifta dómara hæstarjettar kjörgengi, en sú varð þó niðurstaðan, að þetta var ákveðið í stjórnarskránni.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) fjelst á, að það væri ekki rjett, að ungir menn væru skipaðir dómarar í hæstarjetti, og jeg skildi hann svo, að hann teldi lífsreynsluna það undirstöðuatriði fyrir dómarana, sem ekki mætti frá víkja. Jeg geri nú ekki ráð fyrir því, að ungir menn yrðu settir í hæstarjett, þó að þetta frv. yrði að lögum, enda sjest á hæstarjettarlöggjöfinni, að slíkt getur ekki komið til nokkurra mála, þar sem skilyrðin fyrir að verða hæstarjettardómari eru svo þröng, þar sem menn áður verða að hafa haft embætti á hendi, sem menn venjulega ekki komast í fyr en eftir langa reynslu. En einmitt af þessu leiðir, að gamlir menn mundu verða kennarar í lagadeild háskólans. En þá er spurningin: Hvernig fer um lagadeildina? Hvernig fer um kensluna þar? Þetta atriði vil jeg biðja hv. deild að athuga grandgæfilega. Jeg skal benda á eitt dæmi: Áður en Lárus H. Bjarnason tók við kenslu í lagaskólanum, þótti beinlínis nauðsynlegt og sjálfsagt, að hann stundaði lögfræði um vissan áratíma erlendis; þó þótti hann mesti áhugamaður í sinni grein. Þetta sýnir greinilega, að mönnum var þá ljóst, og ætti að vera það enn, að gamlir sýslumenn og aðrir reyndir lögfræðingar hafa engin skilyrði til að taka við prófessoraembættum, án sjerstaks undirbúnings. Og með þessu móti hefir háskólinn, eða lagadeild hans, engin skilyrði fyrir að geta nokkurn tíma eignast vísindamenn.

Mjer skildist á hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að hann virti vettugi þessa hlið málsins, en teldi mest um það vert, að lögin væru kend praktiskt. En ef lagakenslan yrði aðeins hrein og bein manuduktion, þá er jeg hræddur um, að lögfræðingum okkar færi brátt að hraka. Aðalmarkmið kenslunnar er auðvitað að kenna mönnum hinar vísindalegu aðferðir til þess að skýra lögin og þroska hugsun þeirra. Því hin praktisku tilfelli lífsins eru svo óteljandi, að enginn getur lært þau. Aðalatriðið er að læra að skýra lögin. Og hin vísindalega kensla hjálpar aðallega til þess.

Prófessorar eiga ekki að vera manuduktörar, heldur sjálfstæðir og vísindalega starfandi menn, og jeg veit líka, að prófessorarnir við háskóla vorn skilja embætti sín á þann hátt.

Nei, þá vil jeg margfalt heldur fækka dómendunum í hæstarjetti, og jafnvel prófessorunum við lagadeildina líka, heldur en að eyðileggja bæði háskólann og hæstarjett með þeirri sameiningu, sem hjer er að ræða um.

Það myndi líka reka að hinu sama og þegar lagaskólinn var stofnaður hjer í landi. Þá varð að veita sýslumönnunum, sem settur var fyrir lagaskólann, sjerstakan námsstyrk til undirbúnings.

Mjer þótti leiðinlegt að heyra, að hv. 3. þm. Reykv (J Þ.) skuli vera sammála þeim röddum, er til sín hafa látið heyra um það. að það hafi ekki verið rjett að flytja hæstarjett inn í landið. Um þetta ætla jeg þó ekki að deila, en benda að eins á það. að flutningur hæstarjettar inn í landið var eitthvert stærsta áhugamál þjóðarinnar í sjálfstjórnarbaráttunni.

Með þessu var þó ekki, og er ekki heldur nú, verið að efast um, að hæstirjetturinn danski sje góður dómstóll. Hitt er kunnugt, að örðugt þótti að fara með málin fyrir hæstarjett, enda það eitt, að málin þurfti að þýða á aðra tungu, mjög svo mikill galli, því ekki þarf mikla ónákvæmni í þýðingu til þess að það beinlínis hafi áhrif á úrslit málsins. Það þótti líka dýrt á þeim árum að flytja mál í Danmörku.

Auk þess er og hverri þjóð eðlilegast

að hafa sinn æðsta dómstól í landinu sjálfu.

Jeg man eftir því, að um það leyti, sem sjálfstæðismál okkar var til lykta leitt, þá var jeg staddur niðri í Danmörku og átti þar tal við merkan og lærðan mann danskan, sem hjelt því eindregið fram, að þá yrði nú lítið úr sjálfstæði Íslands, ef við ljetum það dragast lengi að flytja hæstarjett inn í landið.

Þetta er nú orðið, og óþarfi að deila um það frekar, enda býst jeg við, að þeir muni fáir verða, sem vilja nú flytja hann út úr landinu.

En það er satt, að málaflutningur fyrir hæstarjetti hefir orðið nokkuð dýr, og jafnvel óþarflega dýr, enda var lítill undirbúningur málsins og kannske ónógur. En þetta getur alt staðið til bóta, og því sjálfsagt að endurskoða alt fyrirkomulagið. Held jeg því, að miklu væri rjettara, að stjórnin undirbúi málið í ráði við rjetta aðilja, en þingið fari ekki að útkljá það nú, enda er það beint á móti till. hæstarjettar og prófessoranna við lagadeildina.

Frsm. minni. hl. (Gunnar Sigurðsson): Eins og vænta mátti, hafa engin rök komið á móti því, sem jeg og samherjar mínir hafa haldið fram gegn sameiningu þeirri, er frv. fer fram á.

En svo er ýmislegt ótalið enn, sem gerir sameiningu þessa fullkomlega fjarstæða. T. d. mætti búast við því, að málaflutningsmennirnir væru lærisveinar dómaranna, en það munu fáir vefengja, að kennurum verður mishlýtt við í sína lærisveina, og gæti það að sjálfsögðu haft áhrif á dómana.

Þá mintst hv. frsm. meiri hl. (J. Þ.) á það, að fá mál hefðu verið dæmd í hæstarjetti undanfarin ár, og er það satt. En til þess er því að svara, að sveiflur eru ávalt á málafjöldanum, og fer það einkum eftir árferði og afkomu manna. Hæstirjettur tók til starfa á veltiárunum, þegar alt ljek í lyndi, nú eftir að fjárkreppan fór að þröngva kosti manna, hefir málatalan aukist til muna, eins og sjest á því, að árið 1921 voru það 26 mál, sem rekin voru fyrir hæstarjetti, en á fyrsta ársfjórðungi þessa árs eru þau orðin 14, og með sama áframhaldi mætti gera ráð fyrir, að þau kæmust upp í 56 á árinu.

En málafjöldinn er ekki fyrir mjer neitt sjerstakt atriði. Einna stærsta ágalla frv. tel jeg þann, að dómarar fái kjörgengi, enda fullyrði jeg, að hv. frsm. meiri hl. (J. Þ.) hafi ekki athugað þetta, þegar hann upphaflega tók afstöðu til málsins. Því að í jafnlitlu þjóðfjelagi sem okkar er það stórhættulegt, og enda óverjandi, að láta dómara vera að vasast í pólitík. Þetta skilur hvert einasta mannsbarn á landinu, nema þá hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), og er það undarlegt, því hann er þó af sumum talinn meðalgreindur maður.

Þá varði hv. frsm. meiri hl. (J. Þ.) miklum tíma í að reyna að sanna, að enginn munur væri á kennara- og dómarahæfileikum. Því neitar enginn, að kennarar og dómarar þurfi að hafa sem allra bestan undirbúning. En því hefi jeg og fleiri haldið fram, að best sje, að kennararnir byrji sem yngstir á starfi sínu, og í þessu sambandi hljóp hann yfir dæmi, sem jeg nefndi, og sem sýnir glögglega þennan mikla mismun: Núverandi bæjarfógeta í Reykjavík, sem enginn neitar að muni vera hæfur og þaulæfður dómari, en hinsvegar mundi hann miður fær til að kenna mönnum undirbúningsatriði lögfræðinnar.

Það kom að vonum mjög við tilfinningar þm. (J. Þ.), er jeg mintist á stjórn-

arskráreið í sambandi við þetta mál. Það er áreiðanlegt, að þó að kannske megi segja, að sameining sú, sem frv. þetta fer fram á, komi ekki beinlínis í bága við beinan bókstaf stjórnarskrárinnar, þá þverbrýtur hún á móti sögulegum tilgangi hennar og anda. En þar skjátlast hv. frsm. meiri hl. (J. Þ.), ef hann álítur, að þm. vinni aðeins eið að formhlið stjórnarskrárinnar, en ekki tilgangi hennar og anda. Jeg vil þvert á móti snúa því við og fullyrða, að þm. fyrst og fremst vinni eið að anda hennar og tilgangi. Það var því eðlilegt, að „eiðrofanafnið" kæmi illa við hann, enda leiddi það hann út í mestu ógöngur, og svo barnalegur gerðist hann í rökfimi sinni, að rothöggið móti því, sem jeg hafði talað um stjórnarskrárbrot, var lúalegar dylgjur um, að jeg muni ekki fullnægja öllum skilyrðum 29. gr. stjórnarskrárinnar, sem jeg lýsi fullkomna fjarstæðu. Enda þó svo væri, sjá allir fullvita menn, að það kemur ekki stjórnarskráreiði þm. að minsta leyti við. Ef það er fjárhagur minn, sem hann er að dylgja um undir rós, þá er mjer engin launung á, að eins og stendur mun jeg ekki eiga fyrir skuldum. En jafnframt fullyrði jeg líka, að svo sje um fleiri menn hjer í hv. deild. Jeg veit vel, að jeg hefi tapað á því að leggja fje mitt í ýmiskonar fyrirtæki, eins og t. d. síldarútveg. Þetta hafa margir góðir menn gert, og jeg skammast mín ekkert fyrir það.

En ef við eigum annars, hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) og jeg, að fara í samanburð, þá er það guðvelkomið frá minni hlið. Við höfum báðir verið framkvæmdamenn og lagt í mörg fyrirtæki, en sá er munurinn, að jeg er ungur og byrjaði ekki með mikið, en á sama tíma hefir hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) komið undir sig fótunum, vegna aðstöðu sinnar í þjóðfjelaginu. Hann hefir verið í þjónustu landsins, og það er sögn manna, að hann hafi ekki tapað á viðskiftum sínum við hið opinbera. Hann hefir átt sæti í bæjarstjórn Reykjavíkur langalengi, sjeð um margar framkvæmdir bæjarins, en þó jafnhliða gætt eigin hagsmuna furðanlega. Hann er hluthafi í Eimskipafjelagi Íslands, og á þeim árum, sem fjelagið reisti sína miklu höll, útvegaði hann alt sementið í þetta mikla og ódýra(!) hús. Annars væri rjett að athuga, hvers vegna ekki var boðið út efni í húsið, eins og vanalegt er, þegar um opinberar byggingar er að ræða, því hitt lítur óneitanlega illa út, að láta einn af stærri hluthöfunum hafa einkarjett á því, er til byggingarinnar þarf.

Þetta eru aðeins smáglefsur til samanburðar. Vilji hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) halda áfram eins og hann hefir byrjað, þá er guðvelkomið, að jeg sýni honum sömu skil, með því að koma með ítarlegri skýrslu um þetta efni.

Annars býst jeg ekki við, að það sje af umhyggju fyrir efnahag mínum, að frsm. meiri hl. (J. Þ.) kemur með dylgjur þessar, heldur mun honum hafa sárnað hitt, að mjer hefir tekist að stöðva allar stærstu og mestu vitleysurnar, sem hann og fylgifiskar hans hafa ætlað að unga út í allshn. Að vísu hefir það reynt á þolrifin að koma fyrir þá vitinu. En að þeir hafa samt flutt hjer inn í deildina endileysu og fjarstæðu, eins og t. d. till. um þetta mál, það er ekki mjer að kenna. (**Forseti** hringir).

Jeg hefði nú að vísu ýmislegt fleira að athuga við þennan hv. „þing-Jón", en skal þó við svo búið láta standa að sinni; og þó að jeg hafi dálítið farið út fyrir efnið, vona jeg, að hæstv. forseti viðurkenni, að það var ekki jeg, sem upptökin átti.

Forseti (B. Sv.): Mjer þykir nú örvar hv. þm. taka að geiga nokkuð langt frá settu marki, því að deildina varðar lítt um værur þær, sem orðið kunna að hafa innan allshn. Jeg vil að vísu kannast við það, að þótt háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) yrði allþungorður um stund í garð hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), þá var sú vörn í því máli, að háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hafði vegið óþyrmilega að honum áður, með tilvísun sinni í 29. gr. stjórnarskrárinnar, en því ljet jeg þau ummæli þá ógrátt, að mjer var eigi ljóst, hvert þm. (J. Þ.) stefndi. Jeg býst nú við, að þessum brösum muni lokið að sinni.

Bjarni Jónsson: Hv. frsm. meiri hl. (J. Þ.) vildi ekki fallast á nema sumt af því, er jeg hafði fram borið á móti frv. þessu, og er það ekki nema von, þó að hann ljeti ekki að öllu sannfærast við fyrstu atrennu.

Hann virðist nú hafa gengið inn á, að með frv. sje 30. gr. stjórnarskrárinnar brotin, enda andmælti hann ekki hið minsta minni skoðun á þessu efni. Aftur á móti var hann að reyna að færa sönnur fyrir því, að 56. gr. stjórnarskrárinnar væri ekki brotin með frv., en rökin rugluðust eitthvað í höfði honum, þegar hann vitnaði í það, sínum málstað til styrktar, að ekki þyrfti annað en að hafa eftir mín orð, en þau voru á þá leið, að 56. gr. stjórnarskrárinnar væri ótvírætt brotin.

Ef dómarar eiga að skera úr ágreiningi um embættistakmörkun yfirvalda, þá þurfa þeir að vera óháðir. En það eru þeir ekki, ef þeir eiga að skera úr deilu milli háskólans annarsvegar og ríkisstjórnarinnar hinumegin, því að þá eru þeir málsaðiljar fyrir háskólans hönd. Samkvæmt þessu verða dómararnir óhæfir til dóms eftir 56. gr. stjórnarskrárinnar, og er ekki nema eðlilegt. Þó að dómararnir verði ekki settir af, þá verður ekki bygt fyrir það, að þeir geti orðið hlutdrægir einhverri stjett. — Háttv. frsm. meiri hl. (J. Þ.) afsannaði því ekkert af því, sem hann vildi þó gera, og jeg hafði haldið fram, enda er það fullkomlega sannað, að báðar þessar gr. stj.skr., sem jeg nefndi, eru brotnar.

Þá þóttist hv. frsm. meiri hl. (J. Þ.) einn mega af viti mæla og þekkingu í þessu efni. Þetta þykir mjer undarlega mælt og drjúglega, af því að jeg þekki að nokkru þann mentunargraut, sem hann hefir notið, og veit, hver okkar er færari að dæma í þessu máli.

En þó að þekking hans sje takmörkuð, ætti hann þó, sem skólagenginn maður, að vita, að kennara og dómara er ekki hægt að velja eftir einni og sömu reglu. Kennari, þótt ágætur sje, getur orðið ljelegur dómari, eins og líka hitt, að góður og margreyndur dómari getur verið að öllu leyti óhæfur kennari. Þetta veit líka háttv. frsm. meiri hl. (J. Þ.), þó að hann hafi kosið nú um stund að halda öðru fram. Og hann veit líka, að kennarar verða að skilja hlutverk sitt og að prófessorarnir í lagadeild háskólans eiga jafnframt að vera vísindamenn. Þetta hafa þeir skilið prófessorarnir Einar Arnórsson og Ólafur Lárusson. Þeir hafa aldrei skoðað kensluna sem aðalhlutverk sitt, enda eru báðir ágætir vísindamenn.

Annars hafa engin köpuryrði hrotið í minn garð, svo jeg þarf ekki að gjalda neinum rauðan belg fyrir gráan. En það læt jeg segja mjer þrisvar, ef annað eins frv. og þetta nær fram að ganga.

Pjetur Ottesen: Jeg ætlaði mjer ekki

að kveðja mjer hljóðs að þessu sinni, því að hv. frsm. meiri hl. (J. Þ.) hefir haldið svo vel á máli þessu og sýnt ljóslega fram á rjettmæti þessarar sameiningar, og að þessi störf sjeu vel samrýmanleg, og yfirleitt hefir hann hrakið svo vel og tætt í sundur andmæli þeirra manna, sem vilja bregða fæti fyrir frv. þetta, að þar stendur ekki steinn yfir steini.

Eins og jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, erum við flm. þessa frv. ekki einir um þá skoðun, að þessi sameining sje í alla staði rjettmæt og sjálfsögð, því þetta styðst við skoðun ýmsra lögfræðinga, og þar á meðal þess mannsins þeirra á meðal, sem einna færastur er talinn, og á jeg þar við Einar Arnórsson prófessor. **(Gunn. S.:** Hann er á móti sameiningunni.) Mótmæli hans gegn því að frv. þetta nái fram að ganga nú á þessu þingi, í brjefi því, sem hv. frsm. minni hl. (Gunn. S.) er að vitna í, byggjast á því, að launin sjeu ekki sett nógu há í frv. Hv. frsm. minni hl. (Gunn. S.) má gjarna draga upp brjef prófessorsins, ef hann vill, því það mun síst sýna annað en það, sem jeg nú segi og hefi áður sagt um álit hans á sameiningunni.

En það er aðallega vegna þess, að því er óspart haldið hjer fram, og það með miklum hávaða og látum, bæði af hv. frsm. minni hl. (Gunn. S.) og hv. þm. Dala. (B. J.), að með þessu sje verið að brjóta stjórnarskrána, að jeg gat ekki orða bundist og kvaddi mjer hljóðs.

Það er svo sem augljóst öllum heilvita mönnum, að þetta er argasta fjarstæða og staðleysa einber, og hlýtur þessu því að vera haldið fram af ærnum óheilindum og beinlínis móti betri vitund. Því það er þó alla daga vitaður hlutur, að hv. þm. Dala. (B. J.) er svo viti borinn, að hann kann að greina hjer rjett frá röngu, hvað sem hv. frsm. minni hl. (Gunn. S.) líður.

Eins og hv. þdm. hafa heyrt, hefir hæstv. forsrh. (S. E.), — sem einnig er lögfræðingur, þó að hv. frsm. minni hl. (Gunn. S.) vildi áðan ekki gera mikið úr honum sem slíkum, eða helst ekki telja hann með í því fríða liði. **(Gunn. S.:** Það gerði jeg nú ekki.), — þá hefir hæstv. forsrh. (S. E.) lýst því yfir, sem sinni skoðun, að þetta sje alls engin skerðing á stjórnarskránni, og hann hefir gert meira, því hann hefir einnig sýnt það í verkinu, að þetta sje sannfæring hans, því, eins og menn vita, hefir hann sett einn hæstarjettardómarann, **Lárus H. Bjarnason**, til þess að kenna við lagadeild háskólans.

Enn fremur hefir Eggert Briem hæstarjettardómari á hendi kenslu í kirkjurjetti við guðfræðideild háskólans, og er það einnig stjórnarráðstöfun.

Þetta sýnir ljóslega skoðun bæði núverandi og fyrverandi stjórnar á málinu, og svo líka það, að þessir mikilsmetnu hæstarjettarardómarar líta eins á þetta, því jeg ætla, að enginn vilji væna þessa menn, þessa æðstu verði rjettar og laga landsins, um það, að þeir láti nota sig sem verkfæri til þess að brjóta stjórnarskrána.

Þessi röksemd hv. andstæðinga frv. er því vissulega vegin og ljettvæg fundin. Það var þetta, sem jeg gat ekki leitt hjá mjer að benda á, en að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða frekar um málið.

Jakob Möller: Jeg er fullviss þess, að ef háttv. flm. frv. hefði verið það ljóst, að hæstarjettardómendum væri veitt kjörgengi með frv. þessu, þá mundu þeir aldrei hafa borið frv. fram. Og hins vegar getur enginn vafi verið á því, að þetta frv. er brot á stjórnar-

skránni. Ákvæði 30. gr. stj.skr., um að dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi, skuli ekki vera kjörgengir, er þar öllum vitanlega sett fyrst og fremst í þeim tilgangi að gera einmitt hæstarjettardómendurna ókjörgenga. Ákvæðið þýðir beinlínis það, að hæstarjettardómendur sjeu ókjörgengir til Alþingis. Með þessu frv. er því verið að fara í kring um það, og er það vitanlega óheimilt.

Það er ekki rjett hjá hv. þm. Borgf. (P. O.), að hæstarjettardómari Lárus H. Bjarnason sje skipaður lagaskólakennari. Hann er að eins settur, svo að hjer er um ekkert brot á stjórnarskránni að ræða, því að ákvæði hennar fyrirbyggja það ekki, að umboðsstarfalausir dómarar gegni umboðsstörfum í bili; en hins vegar öðlast þeir vitanlega ekki kjörgengi, þó að þeim sje falið slíkt starf um stundarsakir. Eitt atriði er það í máli þessu, sem mjer þykir ekki hafa verið lögð nægileg áhersla á, og það er traustið á dómstólnum út á við. Það er mjög hætt við því, að það minkaði, ef það fyrirkomulag kæmist á, að dómarastörfin yrðu beinlínis „að lögum" unnin í hjáverkum, sem þau hlytu að verða með þessu fyrirkomulagi, því að kenslan útheimtir starfskrafta mannsins alla, ef hún er vel stunduð, og dómararnir mundu aldrei fá heilan dag, allan ársins hring, til þess að gefa sig óskifta við dómarastörfunum. En mistu útlendingar traustið á æðsta dómstól vorum, gæti það orðið okkur óendanlegt tjón.

Pjetur Ottesen: Mjer sýnist, að það sje ekki um það að villast, að þeir, sem halda því fram, að sameining þeirra starfa, sem frv. ræðir um, sje brot á stjórnarskránni, verði þá líka að viðurkenna, að það sje einnig stjórnarskrárbrot að fela hæstarjettardómendum kenslu við lagadeild háskólans, eins og nú hefir verið gert, þó um stuttan tíma sje. Út af því, að því hefir verið haldið hjer fram sem sjálfsögðum hlut, að með þessari breytingu mundu hæstarjettardómendur, aðrir en dómstjórinn, öðlast kjörgengi, þá vil jeg taka það fram, að jeg lít svo á, að kenslustörf verði ekki talin til umboðsstarfa þeirra, sem stjórnarskráin hefir í huga, sem aðallega er tollheimta og því um líkt, og því fái hæstarjettardómendur alls ekki kjörgengi með frv. þessu. Ekki get jeg fallist á það, og tel það beinlínis fjarstæðu, að vera að halda því fram, að breyting þessi mundi verða til þess að minka traustið á dómstólnum. Líkt fyrirkomulag þessu er í Bandaríkjunum, eins og prófessor H. Hermannsson hefir bent á í blaðagrein nýlega, þar sem hann mælir með þessu fyrirkomulagi. Dómarar þar halda fyrirlestra við háskólana, og hefir ekkert þótt athugavert við það, heldur þvert á móti talið mjög hagkvæmt og gott fyrirkomulag.

Jakob Möller: Hv. allshn. hefir viðurkent, að kenslustörfin teljist til umboðsstarfa, enda sje jeg ekki til hvers annars þau ættu að teljast. Dómararnir, sem tækju við kenslustörfunum sem embættisstörfum, yrðu því ekki lengur umboðsstarfslausir, eins og 30. gr. stjskr. gerir ráð fyrir, og ákv. þeirrar greinar næðu þá ekki til þeirra. Lögin yrðu því samþykt með þeim skilningi, og hv. þm. Borgf. (P. O.) má ekki ætla sjer þá dul að leggja alt annan skilning í þetta en bæði nefndin og allir aðrir, sem um þetta hafa rætt. Fyrirkomulagið í Bandaríkjunum er ekki sambærilegt við þetta. Það er alt annað, þótt dómarar þar haldi fyrirlestra á háskólanum öðruhverju; þeir eru ekki fastir kennarar, eins og hjer er ætlast til að þeir verði.

Magnús Jónsson: Mjer virtist, að hv. frsm. allshn. (J. Þ.) legði fullmikla áherslu á það, hversu andvíg bæði lagadeildin og hæstarjettardómendur væru þessu frv., og hefðu því talið alt til, sem á móti getur mælt. Mjer finst þvert á móti, að ástæða hefði verið til, að þeir menn, sem í þessum stöðum eru, hefðu verið með sameiningunni í hjarta sínu, því að hún getur orðið þeim til hagsmuna persónulega, og það ber því vott um mikla ósjerplægni og umhyggju fyrir landsheill, að þeir skuli samt hafa lagt á móti. En þá er þess ekki neitt sjerstaklega að vænta, að þeir hafi verið svo nákvæmir í upptalningu þess, sem á móti mælti, eins og hv. frsm. (J. Þ.) sagði.

Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) tók af mjer ómakið að minnast rækilega á, hversu afaráríðandi það er, að dómstóllinn njóti fulls traust út á við.

Sökum þess að við erum smáþjóð, verður það að vera okkar eina vörn, að rjettarmeðvitund annara þjóða hafi ekkert út á æðsta dómstól vorn að setja. Þýðir hjer ekkert að vitna til Ameríku. Er hvorttveggja, að um slíka samsteypu er þar ekki að ræða, sem hjer er farið fram á, og svo hitt, að stórveldin geta haldið uppi sínum dómum, enda þótt aðrir geti fett fingur út í skipulag þeirra og fyrirkomulag, en fyrir okkur, smáþjóðina, er alt undir því komið, að dómarnir sjeu sem sannastir og tryggastir og fyrirkomulag dómstólsins svo, að enginn efi geti kviknað um áreiðanleik hans.

Er og enn þess að gæta, að dómaskipunin í Bandaríkjunum þykir lítil fyrirmynd, einkum sökum þess, að dómendur eru þar kosnir. Hafa hæstarjettardómar þar margir verið mjög vefengdir.

Um það, hvort kenslan er umboðsstarf, held jeg að sje svo augljóst, að ekki taki því að þrátta um það.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorláksson): Út af ummælum háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) vil jeg taka það fram, að jeg var ekki að saka hann um neitt sjerstakt brot á stjórnarskránni, eins og hann virðist ætla, heldur sýndist mjer að eins, að hann mundi ekki öðrum betur fallinn til þess að skýra stjórnarskrána fyrir háttv. þm. Brigslyrði hans um ósæmilegan fjárdrátt í atvinnu minni læt jeg mjer liggja í ljettu rúmi, af því að í þeim efnum hefi jeg algerlega hreina og góða samvisku. Þess vegna get jeg líka leyft mjer að vera ómyrkur í máli og óhlífinn við aðra, hvenær sem mjer býður svo við að horfa, af því jeg veit að á því sviði, sem hann nefndi, er jeg ósæranlegur. En ef jeg vissi mig veilan fyrir þar, mundi mjer eins auðvelt og hverjum öðrum að fá mjer silkitungu og tala það eitt, sem gæti aflað mjer velvildar.

Það hefir nokkuð verið deilt um það, hvort kensla teldist til umboðsstarfa eða ekki. Nefndin ræddi þetta og var sammála um það, að kenslan teldist til þeirra, enda þótt að óefað sje, að stjórnarskrárgjafinn hafði önnur umboðsstörf í huga, er hann setti ákvæðið. Er því ekki efi á því, að hæstarjettardómendur fá kjörgengi, ef frv. þetta verður að lögum. En það er hvergi bannað í stjórnarskránni, að hæstarjettardómendur sjeu kjörgengir. Í 30. gr. stendur aðeins, að þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi, skuli ekki vera kjörgengir. Hjer er því um ekkert stjórnarskrárbrot að ræða og í engu brotið í bága við skýr orð stjórnarskrárinnar.

Háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) var að tala um hina miklu ósjerplægni hjá

prófessorum og dómendum í því að leggjast á móti frv. Þetta lá ekkert fyrir til umræðu og enginn neitt að því vikið, en úr því að hann mintist á þetta, má geta þess, að það er víst, að hvenær sem tiltekinn embættismannaflokkur er spurður um það, hvort hann vilji auka við sig störfum, þá legst hann á móti því. Hvað viðvíkur traustinu á æðsta dómstól vorum út á við, sem margir hafa spáð að mundi minka ef sameining þessi yrði, skal jeg taka það fram, að jeg er ekki svo vel að mjer í stjórnarfyrirkomulagi veraldarinnar, að jeg treysti mjer til að segja um þetta eða benda á alveg hliðstætt dæmi, en þó veit jeg ekki betur en að í Englandi sje æðsta dómsvald í ýmsum flokkum mála í höndum manna, sem hafa dómarastarfið í hjáverkum, og veit jeg ekki til, að þetta hafi veikt traustið á rjettlæti dómanna í þeim málum.

Bjarni Jónsson: Viðvíkjandi orðalagi 30. gr. stjórnarskrárinnar vil jeg benda á, hvernig það er til komið.

Hugir þeirra manna, er stjórnarskrána sömdu, beindust að því, að rjett væri að aðskilja umboðsvald og dómsvald. Kusu þeir því að hafa orðalag gr. svo rúmt, að hægt væri einnig að taka lægstu dómstólana þar undir, ef svo sýndist gerlegt síðar, og því var enginn viss dómstóll undanskilinn. En það var aldrei tilgangurinn, að umboðsstarfalausum dómendum yrði fækkað, heldur var einmitt búist við, að þeim mundi fjölga með því að aðgreina umboðs- og dómsvaldið niður á við. Vegna þessa er orðalag greinarinnar svo sem það nú er. Enginn efi er á því, að kenslan er umboðsstarf. Skiftir engu, þótt stjórnarskrárgjafinn hafi aðallega haft fyrir augum umboðsstörf sýslumanna, en því tók hann ekki sjerstaklega fram um kensluna, að honum kom ekki til hugar, að gera þyrfti ákvæði um slíkt, líkt eins og Sólon ákvað enga refsingu við föðurmorði, sökum þess, að hann vildi ekki minna menn á þann voðaglæp með því að ákveða refsingu við honum.

Jeg er samþ. hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) um það, að kapp verði að leggja á það, að æðsti dómstóll vor njóti hinnar mestu virðingar út á við sem unt er, en um nauðsynina á trausti landsmanna sjálfra til hans hefi jeg áður talað, svo að jeg fjölyrði ekki um það nú.

Jakob Möller: Jeg gleymdi því alveg áðan að þakka hv. þm. Borgf. (P. O.) fyrir hreinskilni hans. Með því að andmæla því, að kenslustarfið væri umboðsstarf, játaði hann það óbeint, sem jeg hafði haldið fram, að hann hefði aldrei borið þetta frv. fram, ef hann hefði gert sjer það ljóst, að hæstarjettardómendurnir fengju kjörgengi, ef það yrði að lögum. En hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) talaði nú síðast, að mjer fanst, eins og það væri eitthvert aðalatriði, hvaða umboðsstörf dómendur þessir hefðu með höndum. En svo er vitanlega ekki. Ákvæði 30. gr. stjórnarskrárinnar er ekki til orðið vegna umboðsstarfanna, er undirrjettardómararnir gegna, ekki af því, að ekki hafi þótt fært að svifta undirrjettardómarana kjörgengi vegna þess, hvaða umboðsstörfum þeir gegna, og ekki heldur af því, að umboðsstarfalausir dómarar eigi að vera ókjörgengir vegna þess, að þeir hafa engin umboðsstörf á hendi. Tilgangurinn með þessu ákvæði var vitanlega í raun og veru eingöngu sá, að gera æðstu dómendur landsins ókjörgenga, vegna dómarastarfanna.

Frsm. minni hl. (Gunnar Sigurðsson): Jeg sje ekki ástæðu til að troða

frekar illsakir við hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), úr því hann dró aftur saman seglin. Lasta jeg og ekki, þótt menn tali eigi altaf með silkitungum, enda mun hvorugum okkar hætt við því um of. Jeg fullyrði, að hvergi í nálægum löndum sje slíkt dómarafyrirkomulag, sem hjer er um að ræða, við æðstu rjetti. Það má þó vera, að það sje svipað í Ameríku, en engan hefi jeg heyrt hæla dómstólum þar sem neinni fyrirmynd, enda verðum við að semja löggjöf vora eftir löggjöf þeirra landa, sem við stöndum næst. Jeg ætla að minsta kosti að vænta svo mikils af hv. deild, að hún samþ. þetta ekki án þess að það sje ítarlega rannsakað. Það væri óheyrð endileysa, ef þrem ólöglærðum mönnum tækist að koma slíku frv. sem þessu í gegnum þingið. Enda eru gallarnir á því svo augljósir, að slíkt ætti að vera með öllu óhugsandi. Það er engin ástæða með málstað meiri hl., ekkert sannað með því, þótt Lárus H. Bjarnason tæki við þessu kennarastarfi í bili, því svo stóð á, að enginn annar var undirbúinn að taka við kenslunni, þar sem hann hafði áður verið prófessor í þeim fræðum, og þar að auki samið frv., er samþ. var í fyrra, um sifjalöggjöf. Það er engin sönnun fyrir því, að hjer sje um framtíðarfyrirkomulag að ræða.

Forseti (B. Sv.): Hv. frsm. minni hl. (Gunn. S.) og hv. þm. Dala. (B. J.) hafa vikið að því alleindregið, að frv. það, er fyrir liggur, brjóti bág við sum ákvæði stjórnarskrárinnar, og eigi því að vísa því frá samkvæmt fyrirmælum 27. gr. þingskapanna. — Jeg fæ eigi sjeð, að frv. feli í sjer breytingar á ákvæðum stjórnarskrárinnar. Mjer virðist þau standa óbreytt og óhögguð eftir sem áður.

Hitt er annað mál, að aðstaða hæstarjettardómendanna verður önnur en áður gagnvart sumum ákvæðum stjórnarskrárinnar. Starfssvið þeirra er breytt með þessu frv., og af því leiðir, að ákvæði, sem nú gilda um þá í stjórnarskránni, koma þá ekki til greina. Er þar einkum að nefna skilyrði fyrir kjörgengi dómenda í 30. gr. stjórnarskrárinnar.

Það kemur ekki þessari spurningu við, hvort það er heppilegt í sjálfu sjer eða ekki að breyta þann veg afstöðu dómenda til þessara ákvæða stjórnarskrárinnar, og víst mun sú ekki hafa verið tilætlunin, þegar þessi ákvæði voru sett. En um þetta hefir eigi verið búið nógu rækilega í stjórnarskránni, svo að það er á þingsins valdi, hvort það vill nú gera aðra skipun en verið hefir eða ekki, og virðist mjer unt að koma breyting í því efni fram á formlegan hátt, án þess að breyting á stjórnarskránni sje því samfara.

Jeg tel því eigi gild rök til þess að vísa frá frv. þessu.

ATKVGR.

Brtt. 161, 1. a—c feld með 15 : 9 atkv.

1. gr. **feld** með 19 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. S., J. Þ., M. G., P. O., Þór. J., B. H., E. Þ., J. A. J.

nei: L. H., M. J., M. K., M. P., Ó. P., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. E., Gunn. S., H. K., Ing. B., Jak. M., J. B., B. Sv.

Einn þm. (Þorl. G.) fjarstaddur.

Lagafrumvörp afgr. með rökst. dagskrá.

1. Prestar og prófastar.

Á 1. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um presta þjóðkirkjunnar og prófasta (stj.frv., A. 3).

Á 3. fundi í Ed., föstudaginn 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Eins og sjest á fylgiskjalinu hjer á eftir, er frv. þetta komið frá biskupi. Það kom þegar í ljós, þegar launalögin voru komin í gildi, að breyta þurfti ýmsum ákvæðum um presta og embætti þeirra, til þess að þau gætu komist í fult samræmi við hin nýju ákvæði um laun presta.

Úr því að breyta þurfti ýmsum atriðum í löggjöfinni um embætti presta, þótti rjett að safna saman í eitt fleiri ákvæðum en þeim einum, er snertu launin, og gera dálitlar breytingar á. En hin nýjustu lög og fyrirmæli þar að lútandi hafa þó eigi verið tekin með, því að á því virtist eigi vera nauðsyn.

Jeg vil svo benda á einstök atriði í frv. þessu, og er þá fyrst að minnast á I. kafla. Hann greinir almenn fyrirmæli um skipun presta og setningu, vígslu og embættisskilyrði.

Í 2. málsgr. 2. gr. er það nýmæli, að maður, sem tekur prestsvígslu erlendis að evangelisk-lúterskum sið, getur fengið embætti hjer.

Þá vil jeg benda á nýmæli í 3. málsgr. 3. gr., að umsækjanda, sem hefir hin almennu skilyrði til að vera prestur þjóðkirkjunnar, er heimilt að skjóta til úrskurðar synodalrjettar, ef fyrir skyldi koma, að honum yrði neitað um að verða tekinn á skrá þeirra umsækjenda, er kjósendur skulu velja um. Slíkt er að vísu mjög sjaldgæft, en fyrir getur það þó komið, og því sýnist rjett að setja ákvæði þar um.

Þá er hjer og líka færður niður vígslualdur presta, úr 25 árum niður í 24 ár.

Í 4. gr. 2. lið er ákvæði um að gera rýmri aðgang að prestsembættum. Það er frjálslegt ákvæði, og getur komið fyrir, að heppilegt sje, að til þess megi taka.

Þá er í 5. gr. allmikil breyting, þar sem svo er kveðið á, að skipun presta í embætti skuli miða við 1. dag mánaðar, en eigi við fardaga, eins og verið hefir, og þeir þá skyldir að taka við embættinu án tafar. Slíkt ákvæði virðist sjálfsagt, því að mjög ósanngjarnt er að láta söfnuði vera langan tíma þjónustulausa eða því sem nær, máske fram undir ár. — Það getur verið þægilegra fyrir prestinn að þurfa ekki að taka við fyr en í fardögum, eins og áður hefir verið. En einkahagur presta verður að sjálfsögðu að víkja fyrir hags-

munum safnaðanna. Undanþágu má þó veita frá þessu, þegar sjerstaklega stendur á.

Í 7. gr. eru sett skýrari ákvæði um ábyrgð þá, sem prestar hafa á húsum og mannvirkjum á embættisbústöðum sínum, og skulu þeir undirgefnir ábúðarlögin, eins og leiguliðar á leigujörðum. Fyr hefir að minsta kosti af sumum verið litið á prestana sem eigendur prestssetranna um tíma.

Í 9. gr. er nýtt ákvæði, í samræmi við það, sem tíðkast hefir lengi.

Þá er í 11. gr. tekið upp ákvæði, sem er í gildi, en rjett þykir að minna á, og það er, að ekki megi nota kirkjur til þess, sem eigi er samboðið tilgangi þeirra, svo sem til geymslu o. fl.

Í 12. og 13. gr. er sett ákvæði um það, að prestar megi ekki hafa annarleg störf á hendi, nema með samþykki biskups. Er slíkt ákvæði nauðsynlegt, því að mjög óheppilegt er, að embættismenn hafi ýms störf á hendi, sem eru með öllu óviðkomandi embættum þeirra og máske miður samrýmileg. Um þetta hafa víða verið sett ákvæði, sem ganga enn lengra en þetta.

Um 17. gr. er það að segja, að þar eru sett ákvæði um aukaverk presta og ferðapeninga, sem sumum mun ef til vill þykja ganga nógu langt, prestunum í hag. En jeg get eigi talið það ósanngjarnt, að prestar fái sinn ferðakostnað greiddan, eins og t. a. m. læknar fá sinn.

Í 18. gr. er ákvæði um erfiðleikauppbót til presta, sem yfir sjó þurfa að sækja, og tel jeg slíkt ákvæði mjög æskilegt, því að sum prestaköll eru svo erfið, að ekki er hægt að búast við, að unt sje að halda prestum þar til lengdar. Í eldri launalögum er gert ráð fyrir erfiðleikauppbót, en í núgildandi launalögum er ekkert ákvæði um slíkt, og ekki getur nú talist minni sanngirni til að veita slíka uppbót, því að allur fararbeini hefir margfaldast í verði síðan styrjöldin hófst. Líka ættu síður að koma fram kröfur um skiftingu prestakalla, ef slík uppbót væri veitt.

Hefi jeg svo eigi ástæðu til að fara frekar út í einstök atriði þessa frv. og læt því þetta nægja að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj atkv. og til mentmn. (sjá A. bls. 656) með 6 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. F., B. K., G. G., H. Sn., Jóh. Jóh., G. B.
nei: S. J., E. Á., G. Ó., H. St., S. E.

Á 29. fundi í Nd., laugardaginn 25. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 142).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Eins og sjá má á nál. og þeirri rökstuddu dagskrá, sem fylgir því, hefir nefndin orðið ásátt um að gera till. um að vísa þessu frv. til stjórnarinnar til frekari yfirvegunar og athugunar.

Frv. þetta, sem landsstjórnin hefir lagt fyrir Alþingi eftir ósk biskups, telur nefndin eigi nægilega undirbúið, ekki verið lagt fyrir synodus á fullnægjandi hátt eða hjeraðsfundi. Að vísu mun það hafa verið sent á prestafund við Þjórsárbrú, en eigi veit jeg, hvernig þeir hafa litið á það mál, enda þeir eigi nema lítill hluti þeirra, sem eiga við að búa, ef frv. verður samþ.

Frv. þetta tekur yfir þau lagaákvæði,

sem að þessu lúta, og er ekki nema gott við því að segja að fá þau í eina heild. En ýms ný ákvæði í frv. virðast nefndinni óheppileg og koma losi á kirkjuna, og er slíkt miður heppilegt, einmitt vegna þess, að kirkjan á nú í vök að verjast að ýmsu leyti. T. d. um það, að frv. er eigi sem ítarlegast, má nefna það, að ekki er tekð fram, að kjósa eigi presta og prófasta, eins og verið hefir, þótt nefndin geri ráð fyrir, að sá sje tilgangurinn.

Þá virðist nefndinni það nýmæli orka tvímælis, að frv. gerir ráð fyrir því, að prestsefni þurfi eigi að hafa lokið prófi við háskóla Íslands. Þar virðist nefndinni gengið á rjett háskólans, og hefði verið rjett að bera þetta ákvæði undir hann áður.

Það er gert ráð fyrir því í 4. grein frumvarpsins, að menn, sem lokið hafa prófi á erlendum evangelisk-lúterskum skólum, geti orðið prestar hjer. Þetta þykir nefndinni varhugaverð nýmæli, því vitað er, að undirbúningi prestsefna frá slíkum skólum er víða ábótavant, ekki síst í Vesturheimi, en þaðan er helst búist við prestsefnum hingað.

Þá gerir sama grein frv. ráð fyrir því, að veita megi prestsembætti þeim, er tekið hafa próf á trúboðsskóla eða kennaraskóla.

Hjer þykir nefndinni helst til mikið slakað á um undirbúningsmentun presta, ef 3 ára nám á að gera þá hæfa til þeirrar stöðu, er nú þarf 10 ára nám til undirbúnings. Þetta þykir nefndinni athugavert og telur það geta orðið til þess, að gengið verði á rjett þeirra, sem stundað hafa nám hjer við háskólann. Þó að til þess þurfi undanþágu, þá geta söfnuðurnir miklu um það ráðið, með því að hafna þeim prestum, er sækja, og láta prestaköllin vera óskipuð, svo veitingarvaldið neyðist til að veita t. d. einhverjum kennara, er söfnuðurinn vill fá.

Þetta gæti orðið til þess, að aðsóknin minkaði að háskólanum og prestlærðum mönnum fækkaði. Þetta er enn óheppilegra, þegar þess er gætt, að sú stefna virðist nú ríkja hjá þjóð og þingi, að gera nú enn meiri kröfur til prestanna en áður var, og jafnvel fela þeim allmikið af starfi kennaranna.

Þá er það nýmæli, að aukaþóknun presta fyrir ýms prestsverk skuli fara eftir gjaldskrá, sem ráðherra setur með ráði biskups á 10 ára fresti.

Að vísu eru gjöldin nú nokkuð lág, en þetta hefði mátt lagfæra með því að hækka þau. Það er þegar búið að ganga fulllangt inn á þá braut að fella niður landauragjöldin, og líklega heppilegast að halda þessu í sama gjaldeyrisformi.

Hins vegar telur nefndin rjett, að presti sje sjeð fyrir fararbeina og ferðakostnaði, er hann gegnir aukaverkum. En telur þá rjettast, að viðkomandi maður annist það. En geti hann það ekki, þá borgi hann samkvæmt ferðakostnaðarreikningi prestsins. Með þessu væri girt fyrir það, að ferðakostnaðarreikningar gætu valdið ágreiningi.

Í 14. gr. er gert ráð fyrir því, að prestur geti orðið fyrir sektum, ef hann fer yfir á svið nágrannaprests. Þetta virðist nefndinni nokkuð hart, og ætti að nægja þar „codex ethicus“, ekki síður fyrir prestastjettina en læknastjettina. Ætti slíkt naumast að verða til óvildar milli presta.

Þá ákveður frv., að veita skuli prestaköll frá 1. næsta mánaðar. Þetta getur orðið prestum óþægilegt, ef þeir þurfa t. d. að flytja fjölskyldu sína um vetur. Að vísu má veita þriggja mánaða frest, en best væri að halda gamla ákvæðinu, um veitingu í fardögum, og

svifta eigi prestana þeirri hagsbót, sem því ákvæði fylgir.

Jeg fjölyrði svo ekki meira um þetta; álít rjett, að frv. gangi eigi lengra að sinni, enda tel því ekki liggja neitt á.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 142, frá mentmn., samþ. með 13. shlj. atkv.

2. Atvinnulög.

Á 1. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. febr., var útbýtt

Frumvarpi til atvinnulaga (stj.frv., A. 4).

Á 4. fundi í Ed., laugardaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Þetta frv. til atvinnulaga er borið fram til þess að fullnægja ályktun Alþingis frá 13. ágúst 1919, að því leyti sem henni er ekki fullnægt með lögum nr. 10, 18. maí 1920, um eftirlit með útlendingum. En þess ber að geta, að ágreiningur getur jafnan orðið um, hversu margar tegundir atvinnu skuli taka í lagabálk sem þennan. Í þetta frv. hafa að eins verið tekin upp ákvæði um verslun, bankastarfsemi og annað, er þar telst til, iðju, námurekstur og veitingar. Hins vegar er alveg slept hjer ýmsum atvinnugreinum, sem nú þegar er skipað með lögum, svo sem er t. d. um málfærslumenn, læknaleyfi, bifreiðastjórn, atvinnu við siglingar o. fl. o. fl. Eru taldar ástæður fyrir þessu í athugasemdum við frv., og hirði jeg ekki að endurtaka þær hjer. Fyrir þetta þing verður og lagt frv. um fiskiveiðar í landhelgi, því að rjettara þykir, að ákvæðin um fiskiveiðar sjeu í sjerstökum lögum.

Til athugunar fyrir væntanlega nefnd í þessu máli vil jeg geta þess, að síðan þetta frv. var samið hefir sú breyting verið gerð á starfsskiftingunni milli ráðherranna, að bankamálin hafa verið lögð undir fjármálaráðuneytið, og af þessari breytingu leiðir sennilega, að rjettast er að breyta ákvæðum frv. um, að leyfi til bankastarfsemi, víxlarastarfsemi og verðbjefamiðlunar skuli gefin út af atvinnumálaráðherra, á þann veg, að þetta hverfi undir fjármálaráðherra.

Frv. þetta mun eiga heima í allshn., og legg jeg til, að því verði þangað vísað að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. (sjá A. bls. 656) með 9 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., mánudaginn 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 278).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg læt mjer nægja að skírskota til nál. á þskj. 278. Vona jeg, að hv. deild samþykki dagskrártill. nefndarinnar.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 278, frá allshn., samþ. með 10 shlj. atkv.

3. Vegalagabreyting.

Á 10. fundi í Ed., miðvikudaginn 1. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 57, 22. nóv. 1907, um vegi (þm.-frv., A. 48).

Á 11. fundi í Ed., fimtudaginn 2. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Flm. (Björn Kristjánsson): Jeg vænti þess, að hv. þm. hafi kynt sjer ástæðurnar fyrir frv. þessu. Eins og menn þekkja, er Gullbringusýsla ein af þeim sýslum, er gefa landssjóði mestar tekjur. Það var því eigi furða, þótt þingið í seinni tíð veitti sýslunni nokkurt fje til að leggja vegi yfir hin ófæru hraun.

En á síðari árum, eða síðan 1913, hefir framlag ríkissjóðs farið minkandi og styrkurinn til samgangna á sjó alveg horfið. Allir aðrir flóar landsins hafa notið styrks í miklum mæli á stríðsárunum og síðan.

Alt, sem flytja þarf til Keflavíkur, verður því að flytjast landveg um þennan veg, ef það fæst ekki flutt með bátum „privat"-manna, sem engar áætlunarferðir fara. Flutningurinn verður því miklu dýrari og vegurinn slitnar þeim mun meira. Á meðan gufubátaferðir voru um sunnanverðan Faxaflóa, fóru allar þungavörur með þeim og mikill hluti farþega.

Í öllum sýslum landsins mun einhver vegarspotti heita þjóðvegur og viðhald hans kostað af landsfje, nema í Gullbringusýslu. Það mun liggja í því, að menn áður bygðu á samgöngum á sjó, sem nú eru horfnar að mestu.

Úr því þingið vill ómögulega styrkja lengur samgöngurnar á sjó, þá vænta bygðarlögin þess, að hið háa Alþingi vilji þó eitthvað gera fyrir þau, eins og aðra, í þessu efni.

Og það ætti þá að vera viðhald vegarins.

Allir sýsluvegir í sýslunni munu vera um 87 km., en þessi vegur er um 38 km. Vegur þessi er afarfjölfarinn. Auk íbúa sýslunnar nota hann, auk Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, Kjósar-, Árnes- og Rangárvallasýslur. Og alt er nú flutt á vögnum, sem slíta veginum meira en hestarnir áður gerðu.

Jeg leyfi mjer svo að stinga upp á, að máli þessu verði vísað til samgmn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgmn. (sjá A. bls. 655) með 10 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., fimtudaginn 23. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 48, n. 135).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Jeg hefi litlu við að bæta það, sem í nál. stendur. Það er öllum kunnugt, að margítrekaðar tilraunir hafa verið gerðar hjer á þingi til þess að breyta vegalögunum frá 1907, einkum í þeim atriðum, er snerta flokkun veganna, og þau ákvæði þeirra, um viðhaldsskyldu sýslufjelaganna, sem þar af fljóta. Jeg skal aðeins nefna í þessu sambandi baráttu Árnes- og Rangárvallasýslna um það að fá ljett af sjer hinni fjárhagslega drepandi viðhaldsskyldu á flutningabrautum sínum. Allar slíkar tilraunir hafa jafnan strandað á því, að ríkissjóður hefir ekki treyst sjer til þess að bæta á sig útgjöldum þeim, sem þessi breyting mundi hafa í för með sjer, þar sem vitað er, að fjöldi sýslufjelaga stynur undir þessari byrði; tekjustofnar sýslusjóðanna eru hvergi nærri nógir til þess að standa straum af viðhaldinu. Þetta hefir þingið viður-

kent í sjálfu sjer, þótt ekki hafi það sjeð sjer fært að taka einstakar flutningabrautir út úr kerfinu á sína arma. Það hefir því samþ. þál.till., nú síðast 1919, með viðbót 1920, um að endurskoða vegalögin í heild sinni og útvega sýslunum nýja tekjustofna í þessu skyni. Þetta hefir stjórnin ekki gert enn þá, en frá samgmn. Nd. kom inn á síðasta þing frv. um tekjustofna sýslusjóðanna, samið af vegamálastj., en það frv. þótti ekki aðgengilegt og var vísað til stjórnarinnar til lagfæringar; síðan hefir lítið af því heyrst — því miður.

Og þó hefir þing og stjórn viðurkent vandræði sýslufjelaganna meðal annars með því, að þau hafa, svo sem rjett er, ekki treyst þeim til að kosta endurbyggingu brautanna. Fjárhagsástand landsins hefir ekki breyst til batnaðar, eins og allir vita, og það er því engin von til, að ríkissjóður treystist frekar nú en áður til að leggja fram fje til þess að ljetta þessari byrði af sýslunum, svo að nefndin treystist alls ekki til að leggja það til, að frv. þetta, sem hjer liggur fyrir, nái fram að ganga, þar sem það mundi hafa mikinn útgjaldaauka í för með sjer, og það í hag aðeins einu sýslufjelagi. Þetta sjá allir að yrði misrjetti.

Nefndinni fanst því það ráð tiltækilegast, sem farið er fram á í nál., sem sje að veita hjálp til endurbyggingar á eyðilögðum og útslitnum köflum í veginum, vegna bifreiðaferðanna, af bifreiðaskattinum.

Vegalögunum er hjer ekkert hróflað, en ljett undir með sýslunni án þess að ganga á rjett annara.

Vegna alls þessa leggur nefndin til, að málið verði afgreitt með þeirri rökstuddu dagskrá, er fyrir liggur.

Björn Kristjánsson: Háttv. samgmn. hefir nú gert till. sínar um frv. mitt til breytinga á vegalögunum. Hún hefir ekki sjeð sjer fært að leggja til að samþykkja frv., og lái jeg henni það ekki. Svo örðug er aðstaðan.

En hún hefir gert alt, sem hún gat, til að lina fjárhagsörðugleika Gullbringusýslu, og sýnt mestu sanngirni í till. sínum, og er mjer skylt að þakka fyrir það.

Af því að mjer eru örðugleikarnir ljósir, eins og nefndinni, mun jeg greiða atkv. með hinni rökstuddu dagskrá, í von um, að upp renni betri tímar og að vegalögin verði endurskoðuð á þann hátt, að hver fái sinn þjóðvegarspotta, sem haldið er við að öllu leyti af ríkissjóði.

Viðvíkjandi skekkjunni á því, hvað landssjóður hefir lagt fram á móts við sýsluna, vil jeg taka fram, að hún er ekki mjer að kenna, því jeg fór eftir brjefi því, er fyrir lá um það efni.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 135, frá samgmn., samþ. með 12 shlj. atkv.

4. Kennaraskóli.

Á 1. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um kennaraskóla (stj.frv., A. 8).

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Hjer er allmikil breyting gerð frá því, sem nú er. Skólatíminn er lengdur, fyrst og fremst bætt við einu kensluári, og

kenslutíminn lengdur hvert árið, og í sambandi við það auðvitað kröfurnar um læringu hertar.

Það er ekki ósanngjarnt að heimta meiri undirbúningsmentun af kennurunum nú en áður. Á meðan kjör þeirra voru ekki bætt var ekki gott að heimta mikið af þeim. Þess vegna er námstíminn lengdur og hert á kröfunum. Á hinn bóginn er öll ástæða til að reyna að nota kenslukrafta kennaraskólakennara sem mestan tíma ársins.

Jeg var samt í miklum efa um, hvort rjett væri, eins og nú stendur, að bæta einu ári við skólatímann, eða gera skólann 4 ára skóla í stað 3. En jeg rjeð það af að láta frv. koma óbreytt fyrir þingið, sem þá gerir út um þetta atriði sem annað. Sjálfsagt kemur þessi breyting fyr eða síðar.

Bætt hefir verið við námsgreinum, ensku eða þýsku, eftir vali nemanda, og þjóðhagsfræði og efnafræði.

Að svo búnu sje jeg ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv.; vona, að hv. nefnd, sem hlýtur að verða hv. mentmn., athugi það vel og vandlega.

Bjarni Jónsson: Jeg hafði hugsað mjer að segja nokkur orð þegar við þessa umr., en heita skal jeg því að vera stuttorður. Ætlast jeg til, að orð mín verði fyrirspurn til hæstv. stjórnar, en þó um leið bending til háttv. mentmn.

Jeg sje, að lengdur er námstími við skóla þennan og kostnaður aukinn. Og þar sem þetta er óþarfakostnaður með öllu, verð jeg að vera á móti þessum breytingum. Það má nú vera, að það sje trú einhverra, að jeg sje hingað kominn til þess að ausa fje úr ríkissjóði, en það vil jeg ekki, og allra síst þegar svo er háttað eins og hjer, að gera má skólann betri og fullkomnari með styttri námstíma og færri kennurum.

Fyrirkomulag skóla þessa er rangt og fjarri sanni grundvöllur hans. Það á ekki að kenna það sama í kennaraskóla og kent er í öllum öðrum skólum; þangað eiga þeir einir að sækja, er gagnfræðamentunar hafa notið, og bæta þar aðeins við sig sjernáminu.

Einkennilegt þykir mjer það, að sú fræði er eigi nefnd í frv., sem mest þörf væri þó á að kend væri í kennaraskóla, er það sálarfræði eða þekking á þeim andlegu kröftum, sem í manninum búa. Er fræði þessi nú einungis kend í háskólanum, en vitanlegt má það hverjum manni, að kennurum er hin mesta nauðsyn að vita nokkur deili á grein þessari, því að sá kennari, sem eigi skilur hugarhræringar barnsins, gleði þess og sorgir, er ófær kennari. Stendur eigi á sama, hvernig er ritað á þessa óskrifuðu vaxtöflu í fyrsta sinni, en það er verk kennaranna, og skiftir því mestu máli, að þeir kunni þá fræðigreinina, sem mest er undir komið.

Ef kennararnir kæmu með gagnfræðamentun í kennaraskólann, þá gætu þeir varið öllum tíma sínum til þess að iðka sálarfræði, uppeldisfræði og kensluæfingar Annars er mjer það eigi vel ljóst, hvort það er tilgangurinn samkvæmt frv., að komið verði á fót sjerstökum barnaskóla, til æfinga fyrir kennaraefni. Væri svo, sýnist það óþarfakostnaður, því að innan handar er kennurum að fara með kennaraefni í barnaskólann og æfa þau þar.

Hefi jeg sagt þetta til þess, að nefndin og hæstv. stjórn gæfist kostur á að athuga þessar bendingar, og vona jeg, að þær verði teknar til greina.

Forsætisráðherra (J. M.): Háttv. þm.

Dala. (B. J.) spyr, hvort ráðuneytið álíti þetta skipulag, sem hv. þm. (B. J.) heldur fram, betra en það, sem frv. byggist á. Hv. þm. (B. J.) er engan veginn einn um þessa skoðun sína; margir hafa haldið því fram á undan honum, að heppilegra mundi, að inntökuskilyrðin í sjerskólana væru ströng, en tíminn styttri. Hygg jeg að nefndinni muni engin þörf upplýsinga um þetta.

En víðast mun sú hafa orðið raunin á, að heppilegra hefir þótt, að sjerskólarnir tækju við kennaraefnum frá byrjun og legðu grundvöllinn að starfi þeirra, en nokkru dýrara mun það sennilega vera. Þó er að gæta þess, að nú eru allir gagnfræðaskólar landsins fullir, svo að ekki veitir af kennaraskólanum við hliðina á gagnfræðaskólum, að því leyti sem hann veitir kennaramentun. Það má byggja á því, að ekki mundi verulegur kostnaður verða við sjerstaka æfingadeild utan barnaskólans, því að hann er orðinn alt of lítill, og mundi þetta skipulag því ljetta á honum.

Aðalkostnaðaraukinn eftir frv. er lenging námstímans um 1 ár, og tók jeg það fram í frumræðu minni, að þar hefði jeg verið í nokkrum efa, hvort sú breyting ætti að komast á nú þegar.

Bjarni Jónsson: Það átti víst að vera hnúta til mín, að nefndin hefði eigi þörf neinna upplýsinga frá mjer.

Jeg var nú eigi að bjóða mig fram sem neinn upplýsara, heldur vildi jeg aðeins sem þm. láta uppi skoðun mína, þó einhverjum kunni að sýnast hún lítilfjörleg. Sýnist mjer, að nú, þegar fjöldi nefnda er settur til þess að fækka starfsmönnum ríkisins og koma fram með ýmiskonar bjargráðatillögur, sje síst úr vegi að benda á eitthvað, sem til sparnaðar mætti verða um heilan skóla.

Skal jeg nú gera það betur og benda t. d. á það, að óþarfi er að hafa við skólann nema 1—2 æfingakennara. Kensluna í uppeldis- og sálarfræði, sem mest er þörfin á að vel sje kent, getur háskólinn annast. Þar kenna 2 ágætir kennarar þessi fræði, og mundi þeim báðum ljúft að kenna kennaraefnunum, enda gætu eigi undan því skorast, þótt þeir vildu. Mætti því spara alt nema æfingakensluna, og fá þó betri niðurstöðu.

Þorsteinn Jónsson: Jeg mundi helst kjósa, að heimtað væri gagnfræðapróf eða annað álika próf sem inntökupróf í kennaraskólann, og er jeg að því leyti samþykkur hv. þm. Dala. (B. J.), en hitt vil jeg eigi, að kennaraskólinn sje lagður niður, eða því sem næst. Væri hann 3 ára skóli, bygður ofan á gagnfræðaskóla, þá ættu nemendur frá honum að eiga aðgöngu að háskólanum.

Hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að það hefði ekki farið fram kensla í sálarfræði við kennaraskólann, (**B. J.:** Jeg sagði, að hún væri ekki nefnd í frv.), en þetta er eigi rjett, því að uppeldisfræði er að miklu leyti sálarfræði, og í henni hefir ætíð verið kensla í kennaraskólanum, og meira að segja hefir hún verið aðalnámsgrein þar. Hins vegar teldi jeg mjög æskilegt, ef kensla í henni yrði aukin, og það mundi hægt, ef strangari inntökuskilyrða í skólann yrði krafist.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið að þessu sinni, geri ráð fyrir, að hv. nefnd athugi bæði frv. og till. hv. þm. Dala. (B. J.).

En eigi að fara að gera stórfeldar breytingar á gildandi skipulagi, teldi jeg rjettara að láta málið bíða, því að það mundi lengja þingtímann ærið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16. shlj. atkv. og til mentmn. (sjá A. bls. 660) með 16 shlj. atkv.

Á 17., 18., 19., 20., 21. og 23. fundi í Nd., dagana 8., 9., 10., 11., 13. og 15. mars, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., fimtudaginn 16. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 8, n. 67).

Frsm. (Jón Þorláksson): Jeg hefi eiginlega engu við nál. að bæta.

Frv. er borið fram í því skyni að auka mentun kennaranna. Mentamálanefnd var nokkurn veginn sammála um, að í rauninni væri full ástæða til þess, þar eð ekki eru gerðar hærri kröfur til mentunar kennara en að þeir taki próf eftir 18 mánaða veru í kennaraskóla, en til þess að komast þangað þurfa þeir litlu eða engu meiri mentun en krafist er til fermingar, en með þessu prófi er þeim veittur forgangsrjettur til kennaraembætta við alþýðuskóla.

Annars voru skiftar skoðanir um, hvort rjettara væri að lengja námsskeiðið, eins og farið er fram á í frv., svo að það yrði 30 mánuðir, eða að auka kröfurnar um þekkingu við inntöku í skólann.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri tímabært að gera breytingu á þessu fyrirkomulagi nú sem stæði, af ástæðum, sem skýrt er frá í nefndarálitinu.

Þar við skal jeg eingöngu bæta, að það má ráða dálitla bót á þessu, ef nauðsyn krefur, án þess að gera nokkra breytingu á lögunum, þar sem skólastjórnin hefir í hendi sjer að herða á kröfunum, sem gerðar eru til inntöku í skólann.

Nefndinni þykir ekki tímabært að gera þessa breytingu vegna aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð og nemendur sjálfa, sem líka mundu illa færir um að bera þann kostnað, meðan dýrtíðinni er ekki frekar af ljett en orðið er. Gæti farið svo, að aðsóknin að skólanum minkaði um of, ef frv. yrði nú gert að lögum.

ATKVGR.
Rökstudda dagskráin á þskj. 67, frá mentmn., samþ. með 17 shlj. atkv.

---

5. Myntlög.

Á 16. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. mars, var útbýtt
Frumvarpi til myntlaga (þm.frv., A. 69).

Á 19., 20., 21. og 23. fundi í Nd., dagana 10., 11., 13. og 15. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., fimtudaginn 16. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg hefi leyft mjer að bera þetta frv. fram af þeirri ástæðu, að mjer þykir það of lengi hafa staðið, að engin lög um íslenska mynt

sjeu til. Eins og kunnugt er, höfum við til þessa orðið að notast við danska mynt, en þess er nú engin þörf lengur. Því samkvæmt sáttmálanum milli þessara tveggja ríkja er Íslendingum nú heimilt, ef þeir vilja, að hafa sína eigin peningasláttu. Þurfum við þá ekki annað en að gera samninga við Norðmenn og Svía um samskonar myntsamband og nú er á milli þessara þjóða. Jeg tel mjög æskilegt, að þessir samningar verði gerðir sem fyrst, og vildi því gjarnan, að frv. þetta næði fram að ganga. Og þó ekkert annað verði fyrst um sinn aðhafst í málinu en að stjórnin geri þessa samninga, þá vildi jeg hrinda þeim af stað með þessu frv.

Nú stendur svo á, að mikil vandræði hafa verið hjer upp á síðkastið með smápeninga til skifta. Stafa þau af því, að einstakir menn hafa safnað saman silfurpeningum, til þess að geta sent þá utan, affallalaust, og borgað með erlendan varning. Myndu þessi lög meðal annars ráða bót á þessu. Því þegar er þau eru gengin í gildi, þá getur stjórnin látið slá innlenda peninga til skifta.

Það er að vísu nýlega komin fram þál.till. í þessa átt, en þetta ætti ekki að koma í neinn bága við það, heldur hið gagnstæða.

Vonast jeg svo til þess, að stjórnin láti rjetta aðilja annast þessa samninga og vindi eins bráðan bug að þessu og unt er.

Geri jeg það svo að till. minni, að málinu verði, að lokinni umr., vísað til viðskiftamálanefndar.

Magnús Jónsson: Það er langt frá því, að jeg sje mótfallinn þessu frv., sem háttv. þm. Dala. -B. J.) hefir nú borið hjer fram. En hins vegar verð jeg að vefengja skoðun hans á sambandi þess við þál.till. þá, um innlenda skiftimynt, sem jeg hefi nýlega borið fram hjer í þessari hv. deild. Eins og hv. flm. (B. J.) tók fram, þá er það aðalmarkmið þessa frv. að ná samkomulagi við önnur ríki um myntsamband innbyrðis. Þótt nú ný smámynt væri slegin samkvæmt þessum lögum, þá mundi hún ekki tolla hóti betur í landinu en silfurpeningar þeir, sem verið hafa hjer í veltunni, en nú eru að þrotum komnir.

Þetta er hvorttveggja nauðsynjamál, hvort á sínu sviði, en það má ekki blanda þeim saman. Þótt hv. deild vilji líta þetta frv. góðu auga, yrði samt að bæta úr hinni brýnu þörf með útgáfu smámyntar, sem ekki væri gjaldgeng nema innanlands. — Í þessu sambandi skal jeg leyfa mjer að benda á, að skorturinn á smámynt er orðinn svo mikill, að það þolir enga bið, að úr honum verði bætt. En um þetta mál, sem hjer liggur fyrir, má búast við miklum umræðum, tilraunum og samningum í sambandi við það, sem eigi yrði lokið í bráð.

Jeg mun mega leyfa mjer að segja svo mikið úr viðskiftamálanefndinni, að málinu er lokið þar og aðeins ókomið hjer í háttv. deild aftur. Vona jeg, að það fái góðar og fljótar undirtektir, en þessi tvö mál eru alveg óháð hvort öðru.

Fjármálaráðherra (Magn. J.): Eins og háttv. flutningsm. (B. J.) hefir tekið fram, er beint gert ráð fyrir því í 9. gr. sambandslaganna, að slíkir samningar fari fram við Svíþjóð og Noreg. Þó mun þetta fremur hafa verið sett inn sem formsatriði en ætlast væri til þess, að undinn yrði að því bráður bugur.

Þegar þetta ákvæði var sett, höfðu eigi fyllilega komið í ljós ýmsir ókostir við myntsamband, eins og síðar hefir orðið. — Það hefir nú orðið sýnt sig sem afleiðing af stríðinu, að innan norræna myntsambandsins, og ekki síður innan

hins latneska, hefir myntin streymt þangað, sem gengið er hæst. Þannig hefir norræna myntin flust til Svíþjóðar. Alveg eins hefir farið innan latneska sambandsins. Þar hefir myntin streymt til Sviss, sem best gengi hefir, og að nokkru leyti til Spánar, sem einnig hefir hærra gengi en t. d. Ítalía og Frakkland. Kostir myntsambands eru auðsæir á friðartímum og þegar alt gengur vel, og eru því meiri, sem myntsambandið er stærra, en á ófriðartímum og þegar illa gengur, kemur sá ókostur í ljós, að öll myntin streymir þá til þess landsins, sem bestan fjárhag hefir.

Ef, samkvæmt heimildinni í 9. gr. sambandslaganna, yrði slegin lögleg íslensk mynt, er alls eigi sagt, að samningar við Noreg og Svíþjóð um gildi myntarinnar hjá þeim yrði formsatriði eitt, eins og nú er ástatt. Lögin yrði þá að vera svo orðuð, að þau gætu komið heim við breytingar, sem hugsanlegt er að yrðu gerðar á myntfyrirkomulagi því, sem gildir um öll Norðurlönd. —

Hitt er annað mál, að það ber brýna nauðsyn til að bæta úr vandræðunum út af skorti á skiftimynt. En með þessu frv. er alls engin bót ráðin á þeim, eins og háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) tók fram. Sú mynt, sem slegin yrði, mundi undir eins streyma út úr landinu, eins og sú, sem fyrir var áður, þegar menn gætu fengið fyrir hana norræna seðla, sem væru í hærra verði en íslenskir. —

Flm. (Bjarni Jónsson): Eins og jeg tók fram áðan, geri jeg ekki að deilumáli till. um sláttu á skiftimynt, en jeg hjelt því fram, að með lögum þessum mætti ná sama tilgangi, því ef þau ná fram að ganga, má slá mynt hjer á landi, en enn sem komið er, er það ekki leyfilegt. Jeg á því bágt með að skilja andmæli gegn frv. mínu.

Hvað það snertir, að settar yrðu skorður við gengismun milli Norðurlanda, þá yrði að breyta löggjöf allra landanna til þess, svo jeg sje ekki, að það geti orðið þessu máli til hindrunar. Það hefði auðvitað mátt koma með frv. um alt aðra mynt, ef ekki stæði svo á, að samkvæmt sambandslögunum erum við í myntsambandi við Danmörku í næstu 20 ár. Samt vildi jeg eigi, að það yrðu dönsk myntlög, sem hjer giltu. —

Mótbárur gegn íslenskri myntsláttu get jeg engar sjeð; hins vegar þætti mjer ekki ótrúlegt, að Íslendingar gætu haft hag af að slá mynt sína sjálfir. — Ættum við fyrst um sinn að koma því fyrir í útlöndum, t. d. Noregi eða Svíþjóð. Mjer er sagt, að Finnar hafi falið Dönum að slá sína mynt fyrir sig, og sje jeg ekkert á móti því, að við förum að þeirra dæmi í því efni.

Jeg læt svo útrætt um þetta mál að sinni, en vona, að háttv. deild vísi frv. til viðskiftamálanefndar.

Forsætisráðherra (S. E.): Aðeins þá stuttu athugasemd, að eðlilegast væri, að þetta mál kæmi frá stjórninni og væri undirbúið af henni. Samkvæmt sambandslögunum þarf að leita samninga við Svía og Norðmenn um málið, og væri rjettast, að því væri lokið áður en frumvarpið væri borið fram. Jeg geri ráð fyrir, að frv. verði vísað til viðskiftamálanefndar.

Flm. (Bjarni Jónsson): Það stendur svo einkennilega á um þetta mál, að það þarf engrar rannsóknar eða undirbúnings við. Við erum um 20 ára skeið bundnir við Danmörku um myntsamband. Hjer er að eins ætlast til, að Íslendingar noti rjett sinn að lögum og komist í myntsamband við Svíþjóð og Noreg. —

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 : 1 atkv. og til viðskiftamálanefndar (sjá A. bls. 663) með 18 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., laugardaginn 25. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 69, n. 137).

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Viðskiftamálanefnd hefir átt tal við hæstv. stjórn um þetta mál, og var hún þeirrar skoðunar, og þá sjerstaklega hæstv. fjármálaráðh., að það bæri að rannsaka málið áður en myntlög væru samþykt, bæði þyrfti að athuga kostnaðarhlið málsins, og auk þess kæmu hjer til greina samningar við önnur ríki.

Nefndin hefir athugað frv. og fundist það vel úr garði gert, enda er það samið af þeim manni, sem mest vit hefir á þessu efni hjer á landi, hr. fornmenjaverði Matth. Þórðarsyni. En nefndin vill af framantöldum ástæðum eindregið ráða frá, að frv. verði samþykt á þessu þingi.

Jón Þorláksson: Jeg ætla að eins að beina þeirri spurningu til háttv. nefndar, hvaða ástæður hún hafi fyrir því, að best sje, að við tökum myntsláttuna í okkar hendur sem fyrst. Það stendur hjer í nefndarálitinu, og hefi jeg verið að velta fyrir mjer, hvaða ástæður hv. nefnd hafi fyrir sjer í þessu efni, en ekki getað fundið neinar; enda eru engar ástæður fyrir þessu greindar í nefndarálitinu.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Þótt svona sje tekið til orða í nefndarálitinu, er þó alls ekki ætlast til, að við tökum að okkur myntsláttuna hvernig sem á stendur, heldur eingöngu þegar hentugleikar leyfa og vissa er fengin fyrir, að við getum gert það okkur að skaðlausu fjárhagslega. Einhvern tíma hlýtur að reka að því, að við tökum myntsláttuna í okkar hendur, og sjálfsagt, að við gerum það við fyrsta tækifæri, sem býðst, án fjárhagslegs tjóns fyrir ríkissjóðinn. Þótt við tökum myntsláttuna í okkar hendur, þurfum við ekki að hafa myntsmiðju hjer heima, heldur getum við eins fengið það gert í öðrum löndum. Ef til þess kemur, að við þurfum að flytja inn gull, t. d. til tryggingar bankaseðlum, virðist sjálfsagt, að við látum mynta það sjálfir.

Jón Þorláksson: Jeg þurfti ekki að spyrja um, hvað stæði í nefndarálitinu, því jeg hefi það fyrir framan mig, en háttv. frsm. (J. A. J.) kom ekki með neina ástæðu aðra en þá, eð sláttan væri heimiluð í sambandslögunum. En það er engin ástæða. Þótt við höfum leyfi til að slá mynt, er engin ástæða til að við gerum það, nema ef við höfum gagn af því, en jeg held, að okkur farnist ekkert betur, þó við höfum myntir með íslenskri áletran. Því fylgir að sjálfsögðu mikill kostnaður, en enginn hefir bent á neinn hagnað við það.

Jeg hefi eingöngu staðið upp af þeirri ástæðu, að ef mótmælum hefði ekki verið hreyft, mundi nefndarálitið síðar verða tekið sem ástæða fyrir því, að stjórninni bæri að gera gangskör að málinu. Svo mundi hvert sporið reka annað. Er myntsláttan væri fengin, mundu menn vilja flytja hana inn í landið o. s. frv.

Jeg held, að meðan ekki kemur fram gild ástæða fyrir, að okkur sje betra að fá myntsláttu, þá eigi þetta mál að liggja niðri, og að við getum þangað til unað

við útlenda mynt, að því litla leyti, sem við höfum efni á að eignast hana. —

Jeg skal þó taka fram, að þetta nær ekki til innlendrar skiftimyntar.

Bjarni Jónsson: Mig furðar á undirtektum þeim, sem þetta mál hefir fengið hjá háttv. nefnd og háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.).

Hjer er ekki að ræða um annað en heimildarlög, sem stjórnin á að fara eftir, ef henni þykir þörf á að slá mynt. Stjórninni eru ekki sett nein skilyrði um, hvernig hún skuli semja við Noreg og Svíþjóð, og hefir hún yfirleitt alveg óbundnar hendur þessara laga vegna.

Það er alls ekki ætlast til, að myntin verði slegin hjer heima, sje hægt að fá hana ódýrari annarsstaðar. Jeg veit, að það borgar sig að kaupa málm nú til myntsláttu, og hjer er alls ekki að ræða um kostnað, heldur hagnað. En hvers vegna má ekki setja lög um þetta? Hverjum eru þau til ama?

Jeg get ekki krufið hugi manna, en jeg hygg þó, að að minsta kosti sumum þyki of mikið sjálfstæðisbragð að lögunum. Þeir vilja máske fyrst spyrja Dani; en hjer stendur svo á, að Dani þarf alls ekki að spyrja.

Það er ekki til neins að berja við kostnaði, því hjer er að eins að ræða um, að lögin sjeu til. Af þeim leiðir enga skyldu til að slá mynt, fremur en verkast vill, en í stjórninni eru greindir menn og gætnir, sem munu bera skynbragð á, hvað þjóðinni sje til skaða.

Háttv. frsm. (J. A. J.) sagði, að hv. nefnd hefði haft tal af hæstv. stjórn og hún verið því fylgjandi, að frv. yrði ekki samþykt strax. Furðar það mig mjög, því jeg skil ekki, eftir hverju á að bíða. Meðan Danir eru í myntsambandi við Noreg og Svíþjóð er að eins rökrjett, að við sjeum það líka. Þessi lög þurfa engan frekari undirbúning en þau þegar hafa fengið, og kostnaðurinn kemur þá fyrst til greina, er á að fara að framkvæma lögin. — Það hlýtur því að vera eitthvað annað en hræðsla við kostnað eða undirbúningsleysi, sem veldur því, að menn eru þessu frv. andvígir.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Mjer skildist á hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að hann óttaðist kostnaðinn, sem af myntsláttunni leiddi. Má vel vera, að hann hafi rjett fyrir sjer í því, þótt háttv. þm. Dala. (B. J.) vilji ekki kannast við það. — Jeg skal í því sambandi benda á, að gull er nú í mjög háu verði, og er ekki ólíklegt, að það lækki eitthvað á næstu 2—3 árum. Væri þá ver farið, ef við rjeðumst þegar í stað í að slá mynt.

Háttv. flm. (B. J.) sagði, að þetta mál þyrfti einskis undirbúnings við. — Jeg skal játa, að jeg er ekki vel að mjer í þessum efnum, en jeg hefi átt tal við hæstv. fjármálaráðherra (Magn. J.), og hann taldi undirbúning nauðsynlegan.

Það, sem hv. flm. (B. J.) talaði um að spyrja Dani, tel jeg ekki svaravert.

Vona jeg, að háttv. þdm. verði nefnd inni sammála um að fresta samþykki laganna.

Fjármálaráðherra (Magn. J.): Jeg ætla aðeins að skjóta inn athugasemd um undirbúning málsins. Hann er í því innifalinn, að áður en lögin geta komist í framkvæmd þarf að liggja fyrir samningur um, hvað myntin eigi að gilda og hvar hún skuli gjaldgeng. —

Viðvíkjandi myntskipuninni, málmblöndun og öllu þvílíku, þarf auðvitað engan undirbúning; um það er nákvæmlega fyrirskipað í núgildandi myntlögum. — En annars virðist mjer ekki bera mikið á milli frv. og hinnar rök-

studdu dagskrár. Þetta eru hvort sem er heimildarlög, svo að stjórnin geti tekið að leitast fyrir um sjálfstæða þátttöku í myntsambandi Norðurlanda. En það má nú að vísu gera án þess að frv. sje samþykt, þegar stjórnin veit um vilja þingsins. Framkvæmdir verða því eflaust líkar, hvort sem frv. eða dagskráin verður samþykt.

Bjarni Jónsson: Jeg get ekki farið að þræta við hv. frsm. (J. A. J.) um það, hvort gróði sje að slá mynt. Jeg veit, að það er gróði, þótt mjer hafi láðst að taka með mjer tölur til þess að sýna það í krónutali.

Það var ekki tilgangur minn með frv. að skipa svo fyrir, að sláttuna skyldi þegar hefja. En frv. gefur stjórninni heimild til samninga. Og fyrsta skrefið til þeirra samninga er að spyrja um, hvort við megum ganga inn í myntsamband Norðurlanda með sömu kjörum og ríkin hafa, þau sem fyrir eru.

Jeg skil nú ekki, hví á að fresta þessu. Alt það, sem við það vinst, er kostnaður, og slíkt framferði sæti illa á sparnaðarþingi. Hvort sem stjórnin legði frv. fyrir næsta þing eða næst-næsta, þá mundi hún prenta þetta frv. óbreytt upp, því að það er nákvæmlega miðað við reglur og skilyrði myntsambandsins á Norðurlöndum, og það er ólíklegt að breytist, enda verða allir að breyta, ef breytt er, því að sama gengur yfir öll ríkin. Rjettast er því að láta þetta frv. ganga fram nú þegar; það sparar bæði tíma og prentunarkostnað.

Þó get jeg sætt mig við, að dagskráin verði samþykt, ef hæstv. landsstjórn vill lýsa yfir því, að hún muni hvort eð er hefja samninga um myntsambandið við Noreg og Svíþjóð, eins fljótt og föng verða á, og láta rjetta menn semja, þ. e. sendiherra Íslands, eða þá að hún geri það sjálf.

Fjármálaráðherra (Magn. J.): Jeg get ekki gefið hv. þm. Dala. (B. J.) svar fyrir hönd allrar stjórnarinnar, þegar af þeirri ástæðu, að forsrh. (S. E.) er ekki viðstaddur. En fyrir mig sjálfan get jeg sagt það, að jeg er ekki mótfallinn því, að þessara samninga sje leitað við tækifæri.

Bjarni Jónsson: Mjer virðist þá, að nefndin ætti að taka aftur dagskrártillögu sína til 3. umræðu, svo að hæstv. stjórn gæti fengið tíma til þess að gefa svar við þessu.

Jakob Möller. Það skiftir minstu máli, hvort dagskráin eða frv. verður samþ. Í nefndarálitinu eru prentuð ummæli í þá átt, að það sje vilji nefndarinnar, að myntsláttan sje gerð innlend, og í sömu átt hnigu orð háttv. frsm. (J. A. J.). Ef dagskráin er samþ., þá er það gert með þeim skilningi, að þetta beri að gera hið fyrsta.

Um það, sem hv. samþm. minn (J. Þ.) var að tala um, að myntsláttan mundi verða baggi á ríkinu, get jeg sagt það, að jeg veit hið gagnstæða, þótt jeg hafi ekki við höndina gögn til að sanna það. En hún borgar sig árciðanlega vel, vegna þess, að nafngildi peninganna er æfinlega haft svo miklum mun hærra en raunverulegu verðmæti þeirra nemur, að vel hrekkur fyrir öllum kostnaði. Hins vegar er það ekki tilgangur flm. eða krafa, að þegar verði undið að því að slá sjerstaka íslenska gull- og silfurmynt. Það væri líka í raun og veru tilgangslítið, því að slíkir peningar yrðu varla settir í umferð að svo stöddu, heldur geymdir í kjöllurum bankanna. Og

svo eru þeir málmar enn mjög dýrir, svo að í svipinn væri það sennilega ekki gróðavegur.

Og þar sem lögin verða þá að eins heimildarlög, svo sem þau og bera greinilega með sjer, sbr. t. d. 15. gr., þá gerir lítið til, hvort frv. eða dagskráin verður samþykt. Ef þingið lýsir yfir þeim vilja sínum, að að því beri að stefna, að vjer tökum myntsláttuna í vorar hendur, þá ætti málinu að vera borgið í höndum stjórnarinnar.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 137, frá samvn. viðskiftamála, samþ. með 17 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: J. A. J., J. B., M. G., M. J., M. K., Ó. P., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. Þ., E. E., Jak. M.

nei: J. S., J. Þ., P. O., S. St., B. J., Gunn. S., B. Sv.

Þrír þm. (H. K., Ing. B. og M. P.) fjarstaddir.

6. Klassisk fræði.

Á 13. fundi í Nd., föstudaginn 3. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um afnám kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands (þm.frv., A. 57).

Á 15., 17., 18. og 19. fundi í Nd., dagana 6., 8., 9. og 10. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., laugardaginn 11. mars, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg býst ekki við, að frv. þetta fái betri viðtökur en aðrar till., sem fara í sparnaðaráttina. Hjer er að vísu ekki um mikinn sparnað að ræða, en þó nokkurn.

Jeg hefi litlu við greinargerðina að bæta, en skal þó fara nokkrum orðum um þetta efni.

Það hefir verið tekið fram, að skuldir ríkissjóðs næmu um 15 milj. kr.; á síðasta ári hafa þær aukist mikið. Á árunum 1918—'19 námu afborganir ekki fullri hálfri miljón, en nú eru þær liðug ein miljón og tvö hundruð þúsund. Skuldir og afborganir nema nú á annað hundrað króna á hvert nef á landinu, og eru það ekki glæsilegar horfur. Alstaðar hefir kveðið við sama tón, á þingmálafundum og annarsstaðar, að það yrði að spara og reyna að koma fjárhagnum á rjettara kjöl en verið hefir.

Líti maður á fjárlögin, dylst ekki, að það eru miklar líkur til, en gjöldin verði meiri en áætlað er, en að varla má búast við meiri tekjum. Er áætlunin þó gerð með mestu nákvæmni.

Það hefir reynst einkenni á okkur eftir að við urðum fullvalda ríki, að skuldirnar hafa farið sívaxandi og fjárhagnum óðum hnignað. Það má raunar ekki kenna þinginu eingöngu um þetta, og ekki er heldur hægt að kenna fullveldinu það, þótt það eitt hafi kostað okkur yfir 200 þús. kr. Það eru að miklu leyti óviðráðanlegar orsakir, sem því hafa valdið. Fullveldið var okkur metnaðarmál, en þótt við sjeum eitt af minstu kotríkjum veraldarinnar, er ábyrgð okkar engu minni fyrir það, því reglan er sú, að því minna sem ríkið er að fólksfjölda og efnum, þeim mun meiri vandi er að stjórna fjárhag þess og vernda fjárhagslegt sjálfstæði þess.

Og án efnalegs sjálfstæðis gef jeg ekki eyri fyrir fullveldi. Það verður þá eigi annað en „hljómandi málmur og hvellandi bjalla.“ — Við erum og verðum garmar, sjeum við ekki efnalega sjálfstæðir. Og hafi fjárveitingavaldið það ekki í huga, fljótum við sofandi að feigðarósi og druknum í dauðahafi skuldanna.

Spurningin er nú, hvar eigi að taka fje; en ef við höldum áfram á þeirri braut, sem gengið hefir verið inn á, kemur sú tíð, að ekki verður hægt að svara öðru en að fjárhirslan sje tóm að öðru en skuldum, og ekkert sje hægt að leggja af mörkum til nauðsynlegustu fyrirtækja, því það virðist ógerningur að fara í vasa þjóðarinnar eftir meiri tekjum. Að minsta kosti er sú aðferð orðið harðneskjuleg, eins og hagur almennings nú er orðinn. En aðrar leiðer eru okkur ekki færar, því um aðrar tekjur er ekki að ræða en skatta og tolla, sem teknir eru beint og óbeint úr vasa almennings.

Sumir halda fram, að ekki þurfi annað en að taka lán, með því megi bjarga öllu við. Þessir menn hafa fengið sjálfstæðisglýju í augun og geta ekki sjeð, að einhvern tíma kemur að skuldadögunum. Og hvar erum við þá staddir? Skuldabyrðin, sem við nú eigum við að búa, stafar að miklu leyti af ráðsmensku þingsins á síðustu árum. Hæstv. forsrh. (S. E.) nefndi skuldirnar bákn og kvað það vera eitt helsta atriðið á stefnuskrá stjórnarinnar að fá þessu skuldabákni ljett af.

Það er ekki skemtilegt að sitja þing eftir þing hjer á hv. Alþingi og neyðast til að neita um fje til þjóðþrifafyrirtækja, sem nauðsynleg eru til að stuðla að velmegun þjóðarinnar. Aldrei hefir verið eins mikil þörf á tekjum og nú, og verðum við því að taka upp nýtt búskaparlag — að spara sem allra mest.

Það er gott og blessað að ætla sjer að auka framleiðsluna. En með hverju á að gera það, þegar ekki hefst inn meira fje en það, sem þarf til afborgunar og vaxta af skuldunum og til að halda uppi embættis- og starfsmannabákninu, en það bákn hefir óðum aukist á síðustu tveim árum, en atvinnuvegirnir hafa að mestu orðið að sjá um sig sjálfir og eru nú komnir í hið mesta öngþveiti.

Allir segjast nú vilja spara, en jeg hygg, að það sje meira í orði en á borði; að minsta kosti er eins og flestir leggi fram alla krafta sína til að hindra hverja sparnaðartilraun, sem fram kemur. — Mesta metnaðarmál þessa fullvalda ríkis á að vera fjárhagslegt sjálfstæði, og eins og nú er komið, verður helsta bjargráðið að spara á öllum sviðum. Hvert sparnaðarsporið er spor í rjetta átt, og margt smátt gerir eitt stórt.

Þetta frv. er ein tilraun í sparnaðaráttina. Jeg tók það fram í gær, að á þessum neyðartímum væri ekki hægt að komast hjá ráðstöfunum, er gengju nærri ýmsum mönnum og stofnunum, og jeg stend við það enn.

Lögin um stofnun kennarastóls í klassiskum fræðum voru samin þegar fjárhagur landsins var tiltölulega góður. Það var því ekki mikil ástæða til að vera á móti þessari embættisstofnun þá, enda þótt enginn fullyrti, að hún væri sjerstaklega nauðsynleg. Við stuðningsmenn þessa embættis tókum það þá skýrt fram, að þetta væri ekki stórvægilegt mál, en væri dálitið metnaðarmál fyrir prestana, að þeir væru ekki vankunnandi í því máli, sem Nýjatestamentið var skrifað á upphaflega. En sá metnaður er nú löngu kafnaður í skuldabaslinu.

Jeg stend því hvorki bleikur nje rauð-

ur, þótt jeg vilji losa ríkissjóð við þennan bagga. Það má gera án þess að skerða á nokkurn hátt heiður prestastjettarinnar. Þótt prestarnir kunni ekki grísku, geta þeir verið jafnuppbyggilegir og guðs kristni til eflingar. Enda höfum við nú fengið þýðingu af Nýjatestamentinu, sem að allra dómi tekur öllum öðrum þýðingum fram. Jeg skal taka fram, að þótt jeg hafi lært grísku, álít jeg mjer ekki fært að dæma um það, en hefi fyrir mjer lærðari menn í því efni. Þessi vegsauki prestastjettarinnar verður því að lúta í lægra haldi fyrir fjárkreppunni. Það er margt þarfara, sem kallar að, og brýnustu nauðsynjamál verða ekki int af hendi vegna fjeleysis.

Hvað viðvíkur þeim heiðursmanni, sem hefir haft þetta starf á hendi, þá skal jeg játa, að þessi ráðstöfun er alls óþægileg fyrir hann, og það því fremur, sem hann hefir ekki eftirlaunarjett og eftirlaun eru nú numin úr gildi. Tel jeg það illa farið — enda var jeg altaf andvígur því — að eftirlaun og biðlaun skyldu úr lögum numin. Það hefir líka sýnt sig, að síðan hafa eftirlaunin aukist hröðum skrefum, svo sparnaðurinn að því varð minni en enginn, og á hv. Alþingi þar sökina.

Jeg skal því taka það fram, frá mínu eigin brjósti — ekki fyrir hönd nefndarinnar — að þar sem hjer er ekki um stóra upphæð að ræða, mun jeg ekki vera á móti því, að þeim manni, sem hjer á hlut að máli, verði veitt einhver biðlaun eða uppbót.

Það er hægra að búa til embættabákn en ljetta því af. En þó ekki sje hægt að gera það alt í einu, verðum við að vinna að því, að það takist með tíð og tíma.

Jeg skal svo ekki hafa lengri formála út af þessu frv., en vona, að út af því rísi ekki deilumál eða kappræður.

Forsætisráðherra (S. E.): Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) má gjarnan rifja upp stefnuskráratriði stjórnarinnar. Svo mergjuð voru þau, að þau sitja föst í hv. þm. (S. St.), og er það gott að vita. Jeg vil þó minna á, að jafnframt því, að stjórnin lofaði að leitast við að gera embættabákn landsins einfaldara, tók hún jafnframt fram, að hún mundi ekki vilja svifta menn embættum fyrirvaralaust og að ástæðulausu. Í fullu samræmi við þetta er aðstaða mín í þessu máli. Þótt sú yrði niðurstaðan við nánari rannsókn, að embætti mætti leggja niður, þá er þó ekki hægt að gera það endurgjaldslaust til embættismannanna, eins og hjer er farið fram á. — Þar við bætist, að hlutaðeigandi er maður á sextugsaldri, þjóðþektur, og hefir gengið mjög röggsamlega fram í sjálfstæðisbaráttu vorri. Það sýnast því vera ljeleg laun fyrir vel unnið starf, og þingi og þjóðinni sist til sóma, ef á að fara sparka honum fyrirvaralaust úr embættinu.

Jeg mun ekki ræða fjárhaginn nú, því að jeg hefi ekki þær tölur nú, sem nauðsynlegt er að byggja á í því efni. En er hv. síðasti ræðumaður (S. St.) vildi skella skuldinni út af fjárþröng landsins á fullveldið, get jeg ekki orða bundist. (S. St.: Jeg hefi aldrei gert það). Jeg gat ekki skilið ræðu hans á annan veg, en mjer þykir vænt um, að hann hefir ekki meint það, enda hjelt jeg, að öllum væri ljóst, af hverju fjárhagsvandræðin aðallega stafa. Heimsstyrjöldin á auðvitað mikla sök á þeim, hjer eins og svo víða annarsstaðar í heiminum.

Jeg kom að eins með þessa stuttu at-

hugasemd til að gera grein fyrir, að jeg er á móti þessu frv.; jeg er á móti því, að menn sjeu reknir úr embættum fyrirvaralaust, en hitt stend jeg fast við, að jeg mun gera mitt ítrasta til að gera embættabáknið einfaldara.

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Nd., mánudaginn 13. mars, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 57).

Gunnar Sigurðsson: Það má víst líta svo á, að ræða sú, sem hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) flutti í þessu máli í fyrradag, hafi verið stefnuskrárræða sparnaðarnefndarinnar, þar sem hv. þm. (S. St.) er ritari og frsm. nefndarinnar, að minsta kosti í þessu máli, og þar sem enn fremur er vísað til ástæðna fyrir þessu frv. í öðrum frv. frá nefndinni.

Jeg vil nú í nafni mínu og enda nokkurra fleiri hv. þm., sem berum ekki neitt sparnaðarskilti á okkur, en viljum vera og erum sparnaðarmenn, gera nokkrar athugasemdir við fyrnefnda ræðu.

Jeg tek það fram, að jeg vil þó ekki með því óvirða viðleitni hv. sparnaðarnefndar, enda hefi jeg þegar fylgt henni að málum, og mun gera framvegis, þegar jeg sje, að um sannan sparnað er að ræða.

Svo virtist sem hv. þm. (S. St.) vildi telja kreppu þá, sem vjer erum nú komnir í, að miklu leyti að kenna fullveldinu. Vera má nú, að einhver útgjöld hafi af því flotið, sem annars hefðu sparast, en aðrar eru þó meginorsakirnar. Fjárhagskreppan, sem nú stendur yfir, og útgjaldabákn landssjóðs er gamalt mein. Aðalaukning útgjalda ríkissjóðs varð á veltiárunum, sjerstaklega á þingunum 1916—1918. Þm., eins og aðrir, urðu bjartsýnir, þegar allir framleiðendur græddu og alt stórhækkaði í verði. Með öðrum orðum, stjórn og þingi fórst eins og einstaklingum og fjelögum, sem nú í fjárhruninu hafa tapað ógrynni fjár. Allir bygðu á því, að veltiárin mundu halda áfram og að verðhrunið mundi ekki koma svona fljótt. Þetta var heldur ekki láandi. Enginn í heiminum gat sjeð þetta fyrir. Þvert á móti voru allar líkur fyrir því, að hrunið mundi ekki koma svona sviplega. Þrjú stórveldi virtust toga í þann streng, að halda verðlaginu uppi. Öðru megin verkamenn, með því að halda kaupinu sem hæstu; hinu megin bankar og ríkisstjórnir, sem höfðu hag af því vegna skulda sinna og viðskifta, að verðið hjeldist uppi. En jafnvel þessir sterku strengir hrukku líka. Verðfallið kom og fór geyst. Mögru kýrnar voru ekki lengi að eta upp þær feitu. Það fór um ríkið eins og fjelög og einstaklinga, sem höfðu mikið í veltu. Það komst snögglega í fjárþröng.

Því miður hefir farið svo um fjölmarga einstaklinga og fjelög, að tap þeirra hefir farið langt fram úr eignum. Sem betur fer er þessu langt frá svo farið um ríkissjóð vorn.

Undir eins og fjárkreppan varð fyrirsjáanleg, varð það fyrsta viðfangsefni öllum hugsandi mönnum, hvað til varnar mætti verða. Það fyrsta, sem menn sáu, var að taka lán. Jeg var nú einn af þeim, sem ákveðnast hvöttu til að taka lán í fyrra. Jeg vildi taka það stórt lán, að það nægði til þess að greiða þær skuldir, bæði ríkisins og einstaklinga, sem fallnar voru í gjalddaga. Jeg vildi taka svo stórt lán, að það gæti komið bönkunum á rjettan kjöl, svo að þeir yrðu starfhæfir aftur. Hefði þetta ver-

ið gert, mundi gengið á íslenskri krónu, sem nú er mjög óhagstætt, hafa lagast sjálfkrafa.

Lán var nú að vísu tekið, en það var of seint tekið og var of lágt. Jeg lagði til, að tekið yrði 15—20 milj. kr. lán, en það, sem tekið var, var ekki nema 10 miljónir. Nú eru „dægurskuldir" 5—6 milj. kr., svo að jeg hefi þá ekki farið langt frá vegi. Þó er jeg ekki að eggja til þess, að tekið sje meira lán nú, úr því sem komið er.

Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sagði, að eina ráðið til bjargráða væri sparnaður. Jeg held nú, að bjargráðin sjeu að minsta kosti tvö. Það er s p a r n a ð u r og f r a m l e i ð s l a, og framleiðslan er aðalatriðið; hún er jákvæða hliðin; sjerstaklega er nauðsynlegt nú að styðja hana af alefli, því nú er, sem betur fer, að rofa til um sölu afurða, a. m. k. að því er sjávarafurðirnar snertir. Þess vegna má heldur ekki spara það fje, sem verja á til þess að efla framleiðsluna.

En það er víðar, sem ekki má spara. Það má ekki þegar sómi landsins eða stofnana þess er í veði. Sparnaðurinn er auðvitað ágætur, en hann verður að vera innan sinna takmarka.

Sumir telja ekki borga sig að framleiða; þetta er kórvilla. Það borgar sig altaf fyrir þjóðina í heild sinni, að sem mest sje framleitt. Og eins eiga menn að búa sem mest að sínu. Það er sannur sparnaður. Mætti í því sambandi nefna fráfærur, sem sjálfsagt er að taka upp aftur nú, þegar kjöt lækkar í verði.

Jeg tel nú einmitt, að þetta frv., um afnám kenslu í klassiskum fræðum við háskólann, sje fyrst og fremst þess eðlis, að það komi við heiður landsins, og á því svæði má ekki beita sparnaðinum, eins og jeg sagði áðan. Háskólinn er þjóðinni hjartfólgin stofnun, og hann er það vegna þess, að hann er þ j ó ð l e g s t o f n u n.

Af þessu leiðir, að háskólinn verður að leggja mesta áherslu á þjóðleg fræði, tungu landsins og sögu þess. Á þessum grundvelli á hann að verða svo traustur, að til hans verði sótt af erlendum mönnum, enda hafa útlendingar sótt hann fyr og síðar, og nú eru þar t. d. tveir þjóðverjar.

Nú verður ekki um það deilt, að enginn getur lesið sögu Íslands til hlítar, nema hann hafi góða þekkingu í latínu að minsta kosti. Latínan var undirstaða undir mentun og menningu þjóðar vorrar um langan tíma, og fjöldi af ritum, sem snerta sögu vora og annara Norðurlandaþjóða, eru rituð á latínu. Danski sagnaritarinn þekti, Saxo Grammatikus, sem reit alt á latínu, hefir ritað mikið um Norðurlönd, og ýmislegt, sem snertir Ísland, þótt aðalrit hans (Gesta Danorum) sje Danmerkur saga. Þá má nefna Þormóð Torfason, sem var sagnaritari Friðriks III., og Arngrím lærða og loks Finn biskup Jónsson, sem reit kirkjusögu Íslands. Allir rituðu þessir á latínu, og margir fleiri. Allir vita, hver fjöldi til er af handritum á latínu frá þessum tímum, bæði í bundnu og óbundnu máli. Væri nú hart, ef sigla þyrfti til þess að láta lesa þau handrit fyrir sig, ef á þyrfti að halda. Það er því augljóst, að oss er þörf að eiga hjer við háskólann einn sjerfræðing í klassiskum fræðum.

Nú má að vísu segja, að sá, sem nú skipar sætið, sje ekki sjerfræðingur í þessum fræðum, en þetta gæti ekki sannað það, að embættið ætti ekki að vera til, heldur þá að sessunautur minn, hv. þm. Dala. (B. J.), ætti ekki að vera í því. En jeg heyri nú talið af flestum, að hann sje vel að sjer í þessum fræðum,

Jeg þykist nú hafa sýnt, að þetta kemur við sóma vorrar merkustu stofnunar, háskólans. En til frekari áherslu vil jeg leyfa mjer að benda á ummæli eins þess hv. þm., sem flutti frv. um að stofna embætti þetta, á Alþingi 1914. Hann sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er satt, að við erum minsta þjóðin, sem eigum háskóla, og jeg fyrir mitt leyti var þess ekki mjög fýsandi, að hann væri stofnaður. En úr því að við erum búnir að stofna hann, þá er það mín skoðun, að við eigum að gera hann svo úr garði, að hann geti orðið okkur til sóma." (Alþt. 1914, B., bls. 290).

Svo mælti hann, og það var rjett og mjög skynsamlegt. Þessi hv. þm. var nú einmitt sá sami, sem nú flytur frv. um afnám þessa embættis, hv. þm. N.-Ísf. (S. St.).

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Sparnaðarnefndin gekk ekki að því gruflandi, að frv. þetta mundi mæta mótspyrnu. Það mátti ráða af undirtektum undir önnur sparnaðarmál hjer í þessari hv. deild.

Háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) andmælti frv. mjög, en taldi sig þó til sparnaðarmannanna, en stimplaður sparnaðarmaður vildi hann þó ekki vera. Hefir sennilega munað eftir stimpilgjaldinu og ekki haft það handbært í svipinn.

Þessi hv. þm. (Gunn. S.) var eitthvað að tala um misskilinn sparnað. Það á við þennan háttv. þm. gamla spakmælið: „Misskilur heimur mig, misskil jeg einnig hann?" Gæti það vel verið ‚motto' fyrir öllum þingferli manns þessa, því að flest, sem hann segir hjer í deildinni, finst honum misskilið, og hann misskilur flest, sem aðrir segja.

Það er auðvitað, að altaf verður álitamál, hvaða sparnaður sje rjettmætur, en nauðsyn brýtur lög, og hagnaður einstaklingsins verður að víkja fyrir hag heildarinnar.

Mjer dettur ekki í hug að kenna Alþingi einu um það, hve illa fjárhag landsins er komið, en hann er nú einu sinni orðinn svona, og jeg fæ ekki sjeð, hvar fje á að taka til aukinnar framleiðslu, þar sem ekkert fje er til. Það er auðvitað hægt að gaspra og gjamma um sjálfstæði og framfarir, en hvað stoðar það, ef fjárhirslan er tóm? Og hafi landssjóður ekkert til að borga með, er hann löglega afsakaður, þótt hann geti ekki stutt alt mögulegt með fjárframlögum.

Hin hæstv. nýmyndaða stjórn sagði í stefnuskrárræðu sinni, að hún vildi efla framleiðsluna, en hún gleymdi að segja frá því, hvernig hún mundi fara að því. Það blandast auðvitað engum hugur um, að atvinnuvegirnir mega ekki deyja drottni sínum, en hvað er hægt að gera til bjargar? Taka lán, veit jeg að þessi háttv. þm. segir, en hvernig mæltist 10 miljón kr. lántakan fyrir, jafnvel hjá þessum háttv. þm., og þó var því fje að miklu leyti varið óbeinlínis til stuðnings framleiðslunni, með því að hjálpa bönkunum. Nei, það er sá hagnýti sparnaður einn, sem, eins og nú stendur, getur hjálpað; með honum má auka framleiðsluna, en það rignir aldrei gulli niður í ríkissjóðinn frá hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) nje öðrum, ef enginn hreyfir hönd eða fót til þess að spara og hjálpa ríkissjóðnum með því úr fjárkreppunni, svo sem auðið er.

Háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) talaði um eitt bjargráðið til stuðnings framleiðslunni, og það var fráfærur. En getur Alþingi skipað bændum að færa

frá? Þessi og önnur svipuð ummæli eru fásinna, sem fljótfærir menn og grunnhygnir geta slegið fram. Frv. um þetta lá einu sinni hjer fyrir þinginu, en var felt, því að það þótti höggva of nærri atvinnufrelsi manna. Það má segja kjósendum það heima í hjeraði, að maður sje á móti öllum óþörfum embættum, en rísa svo upp öfugur móti öllu á þingi, sem í þá átt gengur að afnema þau. En jeg fæ nú ekki betur sjeð, en að Alþingi geti með fullum heiðri afnumið þetta embætti, sjerstaklega þegar ætlast er til, að manninum sje veittur styrkur, uns hann tekur við öðru embætti. Jeg er nú orðinn svo gamall sem á grönum má sjá, enda kippi jeg mjer ekki upp við það, þó að sparnaður sje kallaður nirfilsháttur. þegar alt er komið á heljarþröm og brýn skylda er að aðhafast eitthvað til bjargar.

Þá talaði þessi sami hv. þm. (Gunn. S.) mikið um veg háskólans. Jeg segi fyrir mig, að jeg vil ekki aukinn veg hans með því, að halda uppi óþörfum embættum við hann. Og skiftir hjer engu, hvort jeg hefi stutt að þessari embættisstofnun í fyrstu eða ekki.

Þá sagði þessi sami hv. þm. (Gunn. S.), að hann væri mikill vinur klassiskra fræða. En þess er að gæta, að önnur klassisk fræði eru ekki kend en grísku, prestsefnum einum. Hefði starf manns ins orðið samkvæmt því, sem lögin ætluðu honum, hefði málið litið nokkuð öðruvísi út, en sú hefir nú ekki orðið raunin á. Þá sagði hann (Gunn. S.), að ekki mætti afnema þau vegna útlendinga, sem háskólann sæktu. Jeg verð nú að efast um það, að útlendingar sæki nokkurn tíma háskólann hjer til þess að stunda grísku. Og aldrei munum við halda uppi veg háskólans með því að gera heimspekisdeild hans að almenningi fyrir óþörf embætti. Það eitt eykur veg háskólans, að hafa þar þau ein embætti, sem eitthvert praktiskt eða vísindalegt gagn er að, en hjer er hvorugt.

Hæstv. forsrh. (S. E.) sagði, að stjórnin væri á móti frv. Jeg skil þetta og skil ekki, því stjórnin lofaði þó að finna ráð til þess að bæta fjárhaginn, en til þess er sparnaðurinn nú aðalráðið. En mig furðaði á því, að hæstv. forsrh. (S. E.) sagði, að hann gæti ekki gert sjer glögga grein fyrir þessu máli sökum þess, að hann hefði ekki kynt sjer svo fjárhaginn enn. Jeg hjelt, að rannsóknin á fjárhagnum væri nú ekki svo erfið, jafnvel hæstv. forsrh. (S. E.), því hann hefði ekki þurft annað en hlusta á fyrv. fjrh. (M. G.) til þess að komast að raun um hann, og svo að glugga eitthvað í fjárlögin. En annars býst jeg við því, að hæstv. stjórn leggist mjög djúpt til næsta þings, til þess að bæta úr fjárhagnum. Þingið lifir í þeirri trú og von, að viturlegar ráðstafanir komi frá henni, en sumir halda þó, að mest sje undir því komið, að guð gefi gott ár og góðar vertíð; það muni hjálpa meira en öll fjármálaþekking hæstv. forsrh.

Þá sagði hæstv. forsrh. (S. E.), að þessum embættismanni, sem hjer ræðir um, væri sparkað úr embætti. Þetta er ekki rjett. Meiri hl. sparnaðarnefndar mun leggja til, að honum sje veitt einhver uppbót fyrir embættismissinn.

Forsætisráðherra (S. E.): Ræða hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) gefur ekki ástæðu til langs svars. Jeg vil aðeins leiðrjetta, að það er ekki rjett, að jeg segði, að stjórnin gæti ekki tekið afstöðu til þessa máls, sökum þess, að hún hefði ekki enn kynt sjer fjárhag ríkissjóðs. En án þess er vel hægt að taka afstöðu til

þessa máls, því þetta mál hefir svo ógnar lítil áhrif á fjárhaginn. En hitt sagði jeg, að stjórnin mundi ekki taka þátt í umr. um fjárhaginn, fyr en hún hefði kynt sjer hann og grafið sig niður í hann. Enn hefir mjer t. d. eigi gefist kostur á að sjá ýmsar mikilsverðar skýrslur, sem að fjárhagnum lúta, t. d. um hag landsverslunarinnar, sjóðina við áramót o. fl., því skýrslur um þetta hafa enn ekki komið fram í þinginu. Umræðurnar um fjárhaginn verða að byggjast á tölum, annars verða þær allar út í bláinn. Og hver vill í alvöru taka þátt í slíkum rakalausum umræðum?

En eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni, þá mun stjórnin kynna sjer þetta svo fljótt sem unt er. En annars held jeg, að jeg hafi sjeð eins langt fram í tímann í fjármálunum eins og háttv. þm. Þegar jeg var fjrh., varaði jeg þingið við fjáraustrinum og hinum mikla fjárlagahalla, og dró upp mynd af því, hvernig fjárhagurinn mundi líta út í framtíðinni, og ef hv. þm. (S. St.) vildi athuga þá mynd, þá mundi hún ekki verða svo fjarska ólík því, sem nú er orðið.

En svo að hinu sje vikið. Þótt stjórnin vilji gera alt, sem unt er, til að spara, þá getur hún ekki fallist á, að viðurkvæmilegt sje að kippa einstökum mönnum út úr embættum, fyrirvaralaust, og varpa þeim út á klakann. Og þó talað sje um styrk til þessa embættismanns, hvar er trygging fyrir því, að hann fái hann?

Ef ríki og kirkja væru aðskilin á þann hátt, að með prestana yrði farið eins og hv. þm. (S. St.) og hv. nefnd leggur til að farið sje með embættismann þann, sem hjer á hlut að máli, þá mætti með því móti spara miklar fjárhæðir. Það var sýnilegur byr á Alþingi fyrir nokkru fyrir því að skilja ríki og kirkju. Frv., sem fór í þá átt, að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um málið, fór í gegnum Nd., og munaði litlu, að það kæmist einnig í gegnum Ed. Þarna væri efni fyrir hina háttv. sparnaðarnefnd að slá einu feitu striki yfir alla prestastjett landsins, og kasta henni út á gaddinn; þá þyrfti ekki heldur neinn griskudócent. Það væri gaman að heyra hljóðið í hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), ef farið væri að fitja upp á þessu. Ætli honum fyndist þá ekki farið að nálgast hjartað? Hann vitnaði í það, hv. frsm. (S. St.), að jeg hefði sagt í stefnuskrárræðunni, að embættabákn þessa lands væri mikið og þyrfti að verða einfaldara og kostnaðarminna. Þetta er öldungis rjett. Í þessa átt fóru ummæli stjórnarinnar. En stjórnin tók einnig fram, að hún vildi ekki kasta embættismönnum, sem nú eru í embættum, út á klakann, að ósekju. Einhverja vernd verður þó embættisstjettin að hafa. Jeg álít, að loforð, sem Alþingi og stjórn gefa, verði að vera loforð, sem mönnum er óhætt að treysta á. Jeg vil ekki taka upp þá stjórnmálastefnu að brigða loforð, hvorki við embættismenn eða aðra, en það stappaði nærri því, ef þeim er fyrirvaralaust kastað út úr embættum, sem þeir hafa varið bestu árum æfi sinnar til að búa sig undir, svo þeir geti gegnt þeim samviskusamlega. Annars finst mjer það dálítið undarlegt, að sparnaðurinn skuli einmitt byrja á þessum manni, sem hjer er um að ræða; til þess geta ef til vill legið sjerstakar ástæður, sem jeg skal þó ekki ræða um.

Hv. frsm. (S. St.) vjek að því, að stjórnin hefði talað um, að hún ætlaði að efla og styrkja framleiðsluna, en kvaðst ekki búast við, að stjórnin hefði mikið fje handa á milli ef sparnaðartill. nefndarinnar yrðu ekki samþ. Jeg

talaði nú ekki um það, að stjórnin byggist við að hafa mikið fje til að leggja í framleiðsluna, heldur mundi mikið komið undir landsmönnum sjálfum, svo og forsjóninni, eins og háttv. frsm. (S. St.) tók fram. En jeg sagði, að stjórnin mundi hafa opin augun fyrir því að hlynna að atvinnuvegunum og gat þess, að stjórnin mundi fara fram á fjárveitingu hjá Alþingi til þess að leita að nýjum mörkuðum fyrir afurðir vorar. Enn fremur gat jeg þess, að vjer mundum láta oss ant um, að vandaðar yrðu sem best vörur þær, sem vjer flyttum út, því jeg álít, að það sje hornsteinn allrar framleiðslu.

Jeg man nú ekki, að það sje fleira, sem jeg þarf að minnast á að þessu sinni, en jeg leyfi mjer að leggja á móti því, að þetta frv. nái fram að ganga.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg heyrði það, að hv. frsm. þessa máls (S. St.) lýsti yfir því, fyrir hönd meiri hl. sparnaðarnefndar, að hann væri meðmæltur því, að hv. þm. Dala. (B. J.) yrði veittur einhver styrkur á fjárlögunum, ef þetta *grískudócentsembætti* hans yrði lagt niður. Jeg stend því upp til að lýsa yfir því, að jeg er eindregið á móti þessu. Jeg álít, að við höfum ekkert leyfi til þess að veita vel vinnufærum mönnum styrk, þótt embætti þeirra sje lagt niður, ef við á annað borð höfum rjett til að leggja embættið niður, því að það verðum við vendilega að athuga, að þann styrk, sem við veitum einum manni þannig, fyrir ekki neitt, tökum við úr buddum annara manna. Það er talað um þetta hjer með miklum fjálgleik, að manni þessum sje kastað út á gaddinn, og hart sje og ranglátt að taka þannig af honum embættið. En jeg vil nú spyrja: Er það hart að taka alóþarft embætti af vel vinnufærum manni? Jeg álít, að við sjeum menn að meiri, ef við skerum niður slík embætti. Enda er alþjóð manna á þessu máli. Úr öllum hreppum og hjeruðum landshornanna á milli erum við eggjaðir lögeggjan til atlögu gegn öllum óþörfum embættum og bitlingum. Jeg skal geta þess, að þetta er ekki frá minni hálfu nein persónuleg árás á þennan heiðursmann, sem hjer er um að ræða, eins og hæstv. forsrh. (S. E.) virtist vera hræddur um, en jeg vil ekki láta hann fá túskilding í styrk, ef embætti hans verður lagt niður. Og það er beinlínis af þeirri ástæðu, að jeg vil ekki gera svo lítið úr honum, því að við, sem hjer erum inni, höfum ekki þurft að sjá hann eða heyra nema stutta stund til þess, að okkur yrði það fullljóst, að hann lítur sjálfur svo á, sem hann sje meira en meðalmaður og fær í flestan sjó. Og vil jeg því ekki ætla honum, að hann sje ekki matvinnungur í raun og veru og geti ekki dregið fram lífið án góðgerðastyrks.

Hæstv. forsrh. (S. E.) er auðvitað á móti þessu, af því að hann er góðhjartað göfugmenni og vill ekki, að þessi heiðursmaður missi nokkurs í af launum sínum. Og þetta er ekki nema mannlegt. En því er ver, að þetta er ekki vel eðlilegt eftir „program"-ræðu hans hjer á dögunum, þar sem hann sagði, að embættabákn þessa lands væri mikið, *og vildi minka það og breyta.* En jafnskjótt og till. kemur fram um það, að leggja niður óþarfasta embættið á landinu, þá legst hann eindregið á móti því. Jeg verð að segja, að þetta spáir ekki góðu. Jeg veit það, að alþýða þessa lands er þess albúin, að gerast þræll sannrar menningar og leggja mikið í sölurnar hennar vegna, en hitt finnur hún fullvel, að hún er hvorki fædd nje sköpuð til þess eingöngu, að safna

hunangi handa höfðingjunum. Hún veit það, að til eru embætti, sem stofnuð eru sem pólitískur bitlingur handa gæðingum stjórnarinnar, sem laun fyrir traust fylgi. Og hún veit það, að þetta embætti er eitt af þeim, sem þannig er undir komið. Og því ber oss skylda til að ala ekki á ósómanum, heldur leggja embættið tafarlaust niður.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Það gladdi mig að heyra, að hæstv. forsrh. (S. E.) tók fram, að hann hefði ekki talað fyrir munn allrar stjórnarinnar er hann talaði áðan. Annars var aðalmergur ræðu hans sami og áður; hann kom ekki með neinar röksemdir, nema þessa Rimmugýgi, sem hann hugðist að keyra í höfuð mjer, er hann var að spá, hvernig mjer mundi verða við, ef frv. kæmi fram um aðskilnað ríkis og kirkju. Hann var að vitna í það, sem fram kom í því máli hjer á þingi fyrir nokkrum árum, en það var sýnilegt, að hann hafði ekki hugmynd um, hvernig það mál var borið fram þá. Þá var ekki að ræða um skilnað ríkis og kirkju, heldur að skjóta því til þjóðarinnar, hvort hún vildi skilnað, og með því greiddi jeg atkvæði. En þótt slíkt hefði nú verið samþykt þá í hendingskasti, þá hefðum við báðir skoðað huga okkar áður en við köstuðum allri prestastjettinni út á gaddinn.

Hann talaði um það, hæstv. forsrh. (S. E.), að hann gæti ekki haldið hjer stórar fjármálaræður, með því að sjer hefði ekki unnist tími til að grafa sig nógu djúpt niður í fjárhaginn. Jeg verð nú að segja, að það þarf ekki mikinn gröft til þess að sjá, hvernig fjárhag vorum er varið. Þar liggja gögn opin fyrir, svo það er á einum hálftíma hægt að átta sig á því, hvernig „status“ ríkisins er. Hæstv. forsrh. (S. E.) hefir bæði heyrt og lesið ræðu hins fráfarandi fjrh. (M. G.), sjeð fjárlagafrv. stjórnarinnar, þar sem klipt er utan af öllum fjárveitingum til verklegra framkvæmda. Það þarf ekki að grafa djúpt til að sjá þetta. Hann kvaðst ekki vita, hvernig tekjur og gjöld ríkisins stæðust á. En jeg veit, að uppi í stjórnarráði liggja reikningar ríkisins frá 1920, svo hæstv. forsrh. (S. E.) hefði getað litið í þá, því að ekki er ástæða til að ætla, að fjárhagur vor hafi batnað síðan. En þetta veit jeg ekki, þetta veit jeg ekki, segir hæstv. forsrh. (S. E.) og þykir það góð afsökun og gild. Hann var þá að tala um að bæta markaðinn. En verslunarástandinu verður nú ekki kipt í lag í einni svipan og með orðum einum, en litlum eða engum tilverknaði. Hann virðist viðurkenna, að embættabákn þessa lands væri mikið. Því þá ekki að leggja hönd á plóginn og draga úr því og fækka óþarfaembættunum? Hjer er ekki farið fram á að kasta manninum út á gaddinn; við meiri hl. nefndarinnar viljum veita honum einhvern styrk um stund. En það sparast fyrir því nokkurt fje. Laun hans munu vera nú um 7 þús., og við mundum geta sparað helming þess. Já, það þýðir ekki fyrir hæstv. forsrh. (S. E.) að hlæja; þeir geta hlegið, sem hafa sparnaðarglamrið á vörunum, en ekki vilja spara í raun og veru. Við erum ekki nein stórþjóð, og okkur munar um, þótt ekki sje meira en þetta. En annars má segja, ef afnema á eitthvert óþarfaembætti, sjerstaklega ef þau eru hjer í Reykjavík, að þá verði eins og stendur í gömlu vísunni:

„Gnístran tanna í glæstri borg,
grátur í Tobbukoti.“

Þá talaði hann (S. E.) um, að kenna þyrfti þjóðinni að spara. En það er einskisvert hjal, af þeirri einföldu ástæðu, að það er ekki hægt að kenna henni það þjóðin hefir margar leiðir til að eyða fje sínu, þrátt fyrir öll innflutningshöft og bannlög. Jeg hygg t. d., að sumir Goodtemplarar hafi ekki eytt minna í kaffi og súkkulaði og þvílíkt heldur en þeir menn, sem höfðu það til að fá sjer á pelann öðru hverju. Jeg hygg nú, eftir reynslunni að dæma, að það sje neyðin ein, sem kent getur þjóðinni að spara.

Jeg hefi svo ekki meira um þetta að segja. Jeg vil aðeins leggja áherslu á það, að það er fullkomlega rjettmætt að leggja þetta embætti niður á þessum erfiðu tímum, þar sem það getur ekki talist þjóðarnauðsyn.

Forsætisráðherra (S. E.): Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sagði, að nefndin hefði verið því meðmælt að veita gríska-dócentinum styrk í fjárl., ef embætti hans yrði lagt niður, en rjett á eftir kemur svo fram yfirlýsing frá meðnefndarmanni hans, hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), að hann ætlist ekki til, að honum verði veittur nokkur styrkur eða uppbót, svo þeim ber nú ekki sem best saman. Annars er það svo langt frá því, að afstaða mín í þessu máli sje í mótsögn við stefnuskrárræðu mína, því að þar var það beint tekið fram, að stjórnin vildi ekki að ósekju kasta embættismönnum landsins fyrirvaralaust út á gaddinn.

Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sagði, að þegar rætt var um skilnað ríkis og kirkju hjer á þingi áður, þá hafi það aðeins verið meiningin að bera það undir þjóðina, hvort hún vildi skilnaðinn. Það var nú að vísu svo, en allir þeir, sem greiddu atkv. með því að bera það undir þjóðina, munu hafa verið með skilnaðinum, og auðvitað væri hægt að framkvæma skilnað ríkis og kirkju, án þess að spyrja þjóðina.

Þá sagði hv. þm. (S. St.), að það væri minn vilji að kasta prestastjettinni út á gaddinn. En það voru aldrei mín orð, en jeg sýndi aðeins fram á, að ef þingið fjellist á till. hv. þm. (S. St.) í þessu efni, þá mætti með sama rjetti beita samskonar harðræði gegn hans eigin stjett. Og þótt hann sjálfur sje svo efnum búinn, að honum gerði það ekkert til, þá eru þó aðrir til innan þeirrar stjettar, sem yrðu hart úti og mundu leggja litla blessun yfir hann fyrir tilræðið.

Þá hneykslaðist þessi hv. þm. (S. St.) á því, að jeg skyldi vilja grafa mig niður í fjárhaginn áður en jeg færi að ræða um fjármál við hann. Ef háttv. þm. (S. St.) vissi, hvað mikla fyrirhöfn þarf til þess að vera vel heima á öllum sviðum fjármálanna, þá mundi hann skilja þessi orð mín, en ekki mundi mjer koma á óvart, þó að hann reyndist víða grunnur í þeim málum, ef hann væri spurður þar spjörunum úr. Og lítið held jeg yrði um heildaryfirlitið. Jeg hefi oft áður heyrt þennan hv. þm. (S. St.) tala um fjárhaginn, og stundum af ótrúlega litlu viti. En í sleggjudómum hefir hv. þm. (S. St.) jafnan verið öruggur. Það þarf meira en að hafa sjeð landsreikn. 1920. Það þarf að gera sjer grein fyrir, hvers virði skip landssjóðs eru, hve mikill ágóði er af landsversluninni, gera upp skuldirnar, sjá hve mikið er í sjóði o. fl. Þetta hefir hv. þm. (S. St.) enga hugmynd um, og honum finst, að hann þurfi ekkert að vita um það. Svo undarlega vaða sumir í villu og svíma.

Jeg vil að síðustu taka það fram, að þó að jeg vilji minka embættabáknið, tel jeg það þó ekkert aðalráð til þess að bjarga fjárhagnum í augnablikinu. Þetta er aðeins sjálfsögð framtíðarráðstöfun. En til hins þarf aðrar og öflugri ráðstafanir.

Sveinn Ólafsson: Jeg finn mjer skylt að gera grein fyrir atkv. mínu í þessu máli, því jeg ætla að greiða atkv. með frumvarpinu.

Jeg skal þegar taka það fram, að orð mín má ekki skilja svo, að mjer sje í nokkru í nöp við hv. þm. Dala. (B. J.), sem frv. snertir svo mjög. Þvert á móti vil jeg greiða götu hans og sýna honum allan sóma í þessu. Jeg er samdóma hv. flm. (S. St.) um það, að hann eigi að fá sæmileg biðlaun, að minsta kosti fyrst um sinn, ef embættið fellur niður.

Jeg lít svo á, að það sje rangt að halda því fram, að hjer sje verið að vega að manni þeim, sem starfann hefir. Það er auðsætt, að ef annars á að fækka embættum, verður einhversstaðar að byrja, en það er tilviljun, að þetta embætti varð fyrst fyrir, og óneitanlegt að hægt er án þess að vera.

Sumir hafa haldið því fram, að það sje metnaðarmál fyrir þjóðina að halda þessu embætti framvegis. Jeg tel annað vera meira metnaðarmál. og það er að láta eigi embætti, sem stofnuð eru að lítt hugsuðu máli, fyrir metnaðarsakir eða af tildri, gera okkur ósjálfstæða efnalega. Sjálfstæði landsins er mjer meira metnaðarmál en kennarastólar til málamynda. Það hefir jafnvel verið tekið svo djúpt í árinni að segja, að sómi landsins lægi hjer við, ef embættið væri lagt niður. En liggur ekki sómi landsins við og nauðsyn, að reynt sje að bjarga fjárhag þess, eða að reynt væri fremur að koma upp verkvísindadeild við háskóla vorn en kenslu í klassiskum fræðum? Það er að minni hyggju meira vert; en við höfum ekki treyst okkur til þess enn, fyrir sakir fjárskorts.

Það er að vísu rjett, að saga landsins og tunga verður ekki til hlítar numin án þess að menn stundi fornmálin nokkuð, þar sem margt, sem að þessu lýtur, er ritað á þeim málum. En það er næsta ósennilegt, að þessi málakunnátta legðist niður með öllu, þó að kennarastóllinn væri afnuminn. Það er miklu sennilegra, að þeir, sem vildu stunda þessi mál, gætu fengið tilsögn í þeim annarsstaðar en í háskólanum, og hygg jeg, að langt yrði að bíða þess, að Íslendingar þyrftu að síma „út yfir pollinn", eins og hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) hjelt, til þess að fá fræðslu um þessa hluti, eða útleggingar latneskra skjala.

Hitt er ekki ólíklegt, að þessi kennarastóll yrði aftur reistur að nýju, er betur áraði og önnur nauðsynlegri embætti og meira aðkallandi væru komin á við háskólann.

Jeg hefi með þessum orðum gert grein fyrir mínu atkv., og þykir mjer bregða kynlega við, ef þetta frv. verður felt. Virðist mjer þá, að þeir verði sjálfum sjer ósamkvæmir, sem vilja draga saman seglin og fækka miður þörfum embættum, en þá játningu hefir þorri hv. þm. áður gert.

Gunnar Sigurðsson: Jeg ætla mjer að verða stuttorður, en vil þó leyfa mjer að svara hv. frsm. (S. St.) nokkrum orðum.

Eins og vænta mátti, færði hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) engar röksemdir í máli

sínu, heldur svaraði hann ræðu minni aðeins með persónulegum hnútum, án þess þó að jeg hefði gefið honum nokkra ástæðu til þess. Jeg hlífði honum þá, þótt jeg hefði ærna ástæðu til annars, eins og hv. deild þekkir.

Hann sagði, að jeg hefði „stimplað" mig sem ósparnaðarmann. Það mun öllum hv. þm. kunnugt, að jeg er albúinn að fylgja hv. sparnaðarnefnd til alls þess, sem jeg tel raunverulegan sparnað í. Því til sönnunar skal jeg benda á afstöðu mína til frv. um að fella niður prentun á ræðuparti Alþt. Sömuleiðis var jeg samþykkur því, að fækka hæstarjettardómurunum, en hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) mun nú vera fallinn frá því. Hann er altaf fljótur að skifta um skoðun.

Hann sagði, að jeg væri oft misskilinn. Jeg vísa því aðeins til hv. deildar, hvort henni virðist mál mitt sjerlega torskilið, en hinu trúi jeg vel, að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) misskilji mig oft, því hans skilningur virðist vera mjög takmarkaður, og vil jeg benda mönnum á síðustu ræðu hans. Hann segir: „Við getum ekki stutt framleiðsluna; hún verður að deyja drotni sínum." Þessi orð er ómögulegt að taka alvarlega, og jeg sje ekki, hvað þingið hefir að gera við þá menn, sem láta sjer slíkt um munn fara.

Hv. þm. (S. St.) sagði, að jeg hefði verið langorður um fráfærur. Jeg skírskota því til hv. deildar, hvað jeg sagði um þær. Aðeins það, að bændum væri nauðsynlegt að færa frá, til þess að geta búið að sínu sem mest, en jeg mintist aldrei á að láta lögbjóða fráfærur. Út af þessu verður hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) langorður og misskildi orð mín, eins og vænta mátti af honum, og bygði upp heilt fráfærnakerfi, sem jeg hefði átt að vilja láta lögbjóða.

Hann talaði og um að grafa sig niður í fjárhaginn. Honum mun nú harla torsótt að grafa sig niður í fjárhaginn af nokkrum skilningi; hitt mundi sanni nær, að hann gerði það af sínu alþekta, meðfædda moldvörpueðli. Í sambandi við þetta fjárhagsraus sitt mintist hann á fjárhag minn. Um hann er það að segja, að jeg skammast mín ekkert fyrir hann. Jeg skammast mín ekki fyrir það, þó að fjárkreppa sú, sem nú gengur yfir, hafi einnig náð til mín, og jeg mun aldrei, vegna fjármuna, gera mig að asna eða nirfli. Jeg gat þessa áðan, en jeg sagði aldrei, að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) væri nirfill, en samt sem áður tók hann það til sín. Það er þunt móðureyrað.

Hv. þm. (S. St.) gat þess í ræðu sinni, að hv. þm. Dala. (B. J.) kendi aðeins grísku í háskólanum. Þetta er allsendis rangt, því að hann kennir einnig latínu þeim, er stunda sögu og norrænu, og það er einmitt þetta, sem jeg taldi höfuðatriði í síðustu ræðu minni.

Annað var og í ræðu hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), sem jeg tek aðeins sem karlagrobb, sem sje það, að hann þóttist vera betri í latínu en jeg. Þetta er sjálfsagt rjett, en það leiðir af öðru skólafyrirkomulagi, sem hann bjó við í skóla. Ef hins vegar á að fara í mannjöfnuð, þykist jeg vera betur að mjer í nýju málunum en hann. Jeg mundi t. d. þora að bjóða honum út í ensku. Annars sje jeg ekki, hvað málakunnátta okkar kemur málinu við.

Jeg skal taka það fram, að það er ekki meining mín, að menn læri latínu nema í sambandi við annað, en jeg legg aðaláhersluna á það, að einn sjerfróður maður í þessum greinum sje í landinu.

Jeg ætlaði á engan hátt að særa hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) með ræðu minni,

en þar sem hann varð fyrri til að bekkjast til við mig, tel jeg óvandari eftirleikinn, og skal þá geta þess að síðustu, að 1914, þegar frv. um stofnun þessa embættis, kom hjer fyrir Alþingi, flutti þessi hv. þm. (S. St.) það. Er hann hafði gylt það fyrir hv. þm. og talið alla hugsanlega kosti þess, greiddi hann atkv. móti því. Jeg vona, að hann verði nú samkvæmur sjálfum sjer og greiði einnig atkv. á móti þessu frv.

Að svo mæltu skora jeg á hv. deild að fella þetta frv.

Björn Hallsson: Það hafa nú þegar orðið allsnarpar umr. um þetta mál, en jeg ætla mjer ekki að taka annan þátt í þeim en þann, að gera grein fyrir skoðun minni.

Jeg býst nú við, að hv. deild viti að mestu um álit mitt og atkv. frá því 1914, er embætti þetta var stofnað. Jeg talaði þá á móti því við 3. umr. og taldi það óþarft. Síðan hefi jeg ekki skift skoðun um það, en tel nú, eins og þá, að kensla í þessum fræðum eigi heima í mentaskólanum, en ekki í háskólanum, og að ekki hefði þurft að mynda sjerstakt embætti til þess, að prestaefni fengju kenslu í undirstöðuatriðum í þessum fræðum þar.

Þetta embætti er óþarft, og hefði aldrei átt að stofna það, því að það er hægara að mynda embættin en leggja þau niður. En nú verðum við að hefjast handa og leggja niður öll óþarfaembætti, og þá verður þetta fyrir. Jeg vil helst, að það yrði afnumið nú þegar, en fáist því ekki framgengt, vil jeg heldur, að það verði lagt niður undir eins og hv. þm. Dala. (B. J.) hefir látið af því, heldur en það standi áfram.

Almenningur úti um land starir á embættafjöldann og kostnað þann, er af honum leiðir, og hann krefst þess af fulltrúum sínum, að hvert þeirra, sem ekki er bráðnauðsynlegt, sje lagt niður; en á þingi er ekkert gert. Þar er altaf að vænta mikillar mótstöðu, ef tilraun er gerð til þess að afnema óþörf embætti. Veitir því ekki af að vera á verði fyrir stofnun þeirra.

Hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) sagði í fyrri ræðu sinni, að aðalráðið til viðreisnar fjárhagnum væri aukning framleiðslunnar. Þetta er að vísu að nokkru rjett, en það er fleira, sem kemur hjer til greina, og þá fyrst og fremst það, að lækka útgjöld ríkissjóðs með gætni í fjárveitingum og lækkun á gjöldum til starfsmanna ríkisins. Það dugir ekki að hampa því, að alt lagist með aukinni framleiðslu. Nú undanfarið hafa framleiðendur skaðast á framleiðslunni og sjá allir, að svo getur ekki haldið áfram, án þess þeir sökkvi í skuldum. Eitt aðalráðið er því að spara bæði gjöld innanlands og kaup á óþörfum vörum frá útlöndum. Þá þurfum við minni gjaldeyri þangað.

Háttv. þm. (Gunn. S.) sagði, að við yrðum að læra að lifa sem mest á eigin framleiðslu. Það er nú hægara að kenna heilræðin en halda þau. Við þurfum vöruskifti, eins og lífnaðarhættir okkar eru nú, og seljist ekki vörur okkar, er ekki annað fyrir hendi en taka lán, eins og hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) hampar altaf hjer í þinginu. En jeg er enginn lánspostuli, þótt jeg sje ekki á móti þeim, þegar nauðsyn krefur. En altaf kemur að skuldadögunum, og tel jeg því best fyrir okkur að forðast lántökur, nema brýn nauðsyn sje til.

Það má enginn skilja orð mín svo, að jeg sje að ráðast á hv. þm. Dala. (B. J.) persónulega, enda stend jeg hjer í samræmi við skoðun mín fyr og síðar; en jeg tel það skyldu mína að fylgja sem flestum frv., er í sparnaðaráttina ganga.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Hæstv. forsætisráðherra (S. E.) sagði, að jeg mundi vera illa undir búinn að svara spurningum hans um fjárhaginn, en gerði þó ráð fyrir, að jeg mundi fá 3⅔ (þrjá og tvo). Þetta tel jeg sæmilega einkunn, þegar hún er borin saman við það hvínandi gat, sem hann er á. Það er þó mikill munur á því eða einkunninni „illa", en hæstv. forsrh. (S. E.) á ekki meira skilið fyrir frammistöðu sína.

Eftir þeim ummælum, sem jeg hafði hjer fyrir meiri hl. sparnaðarnefndar, er það alls ekki meining okkar að kasta neinum út á gaddinn; er það því ástæðulaus misskilningur hæstv. forsrh. (S. E.) að halda, að vil viljum það. Jeg sagði ekki, að eina ráðið til fjárhagsbóta væri jafnan það að spara, en eins og fjárhagnum er nú komið, tel jeg það bjargráð, og því, sem sparast, má verja m. a. til þess að auka framleiðsluna.

Mjer stendur á sama um það, þótt öll deildin stæði upp og reyndi að sanna það, að þetta embætti væri svo þarft, að ógerlegt og ósæmilegt væri að leggja það niður; jeg mundi þó aldrei sannfærast um það. Þó að jeg væri með stofnun þessa embættis 1914, þá skal jeg svara því einu, að þá voru uppgangsár, og mátti því leyfa sjer meira þá en nú. Nú verðum við að losna við öll þau embætti, sem við finnum óþörf.

Eftir þessa stuttu athugasemd vona jeg, að hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) játi það, að meiri hl. nefndarinnar er því meðmæltur, að hv. þm. Dala. (B. J.) fengi biðlaun, hvað sem hæstv. forsrh. (S. E.) segir.

Forsætisráðherra (S. E.): Mjer kemur það ekki á óvart, þó að jeg fái ekki háa einkunn í fjármálunum hjá háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.); það er engin ný bóla. Jeg man vel, hvernig hann tók á móti mjer sem fjármálaráðherra hjer í þinginu. Jeg lagði þá fram nákvæmari skýrslu en nokkurn tíma hafði verið gefin áður, um allan fjárhag landsins. Háttv. þm. (S. St.) fór þá mjög geyst og heimtaði, að skýrslur mínar væru rannsakaðar af nefnd í þinginu. Lauk þeirri rannsókn svo, að nefndin fjelst alveg á alt, sem jeg hafði haldið fram um fjárhaginn. Jeg er nú orðinn svo vanur við slagorð háttv. þm. (S. St.); þau koma aftur og aftur og ganga frá einni ræðu hans inn í aðra. Það er alt bara hljómur, eintómur hljómur; rökin og tölurnar koma aldrei með. En meðan ekkert er í fjármálaræðum háttv. þm. (S. St.) nema hljómur, þá er ekki hægt að rökræða við hann í alvöru.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Ó. P., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þór. J., B. H., E. Þ., H. K., Ing. B., J. A. J., J. B., J. Þ., M. G.

nei: Þorl. J., Þorst. J., E. E., Gunn. S., Jak. M., M. J., M. K., B. Sv.

B. J. greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (J. S. og M. P.) fjarstaddir.

Á 23. og 24. fundi í Nd., dagana 15. og 16. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., þriðjudaginn 21. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 57, 94, 95).

Forsætisráðherra (S. E.): Með því að frv. þetta var sent háskólaráðinu til athugunar og umsagnar, og svar þess er ekki komið enn, vil jeg mælast til þess, að mál þetta verði tekið út af dagskrá.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg sje enga ástæðu til þess, að þetta mál verði tekið út af dagskrá nú við þessa umr. Það er aðeins óþarfur dráttur. Nefndin sendi háskólaráðinu frv. fyrir 4 dögum og bað um umsögn þess sem fyrst. Ef það dregst ekki úr hófi fram, að háskólaráðið sendi umsögn sína, þá verður hún komin fyrir 3. umr. þessa máls, og má þá athuga hana þá, en verði hún ekki komin fyrir þann tíma, þá má taka málið af dagskrá, ef menn vilja svo, en nú er það gersamlega óþarft.

Forsætisráðherra (S. E.): Jeg vil ekki gera þetta að neinu kappsmáli. Jeg fór aðeins fram á þetta sökum þess, að jeg bjóst við, að hv. deild vildi sjá athugasemdir háskólaráðsins áður en máli þessu yrði ráðið til lykta. En með því hv. frsm. (S. St.) býst við, að umsögn þessi komi áður en málið kemur til 3. umr., og er fús til að láta taka það þá út af dagskrá, ef umsögnin verður ókomin, þá hefi jeg ekkert við það að athuga, þótt málið sje nú tekið fyrir.

Forseti (B. Sv.): Með því að menn virðast hafa orðið ásáttir um, að engin þörf sje að taka málið af dagskrá, þá verður það nú til umræðu.

Pjetur Þórðarson: Það ber tvent til þess, að jeg hefi leyft mjer að flytja brtt. á þskj. 94, sem fer fram á að fresta afnámi þessa embættis, meðan maður sá, sem nú gegnir embættinu, situr í því. Fyrri ástæðan fyrir því, að jeg ber fram þessa brtt., er sú, að jeg hefi heyrt það á hv. frsm. þessa máls (S. St.), að honum fyndist sjálfsagt, að þessi embættismaður yrði ekki látinn fara úr embættinu án þess að honum yrðu veittar sómasamlegar bætur fyrir rýrnun launa hans, og munu margir sparnaðarmenn geta fallist á þessa skoðun hv. frsm. (S. St.); með öðrum orðum, fjársparnaðurinn af niðurlagningu þessa embættis yrði hverfandi lítill. — Önnur ástæða mín er sú, að jeg hefi heyrt það á mörgum mentamönnum, og þá sjerstaklega á nemendum háskólans, að þessi maður, sem hjer um ræðir, væri vel fallin til þessa embættis; kensla hans væri góð og kæmi að miklum notum. En þó svo væri nú, að þetta embætti sje ekki bráðnauðsynlegt, þá er það öllum vitanlegt, að þessi maður er vel settur þar sem hann er og notast má að vísindastarfsemi hans, og margir álíta, að í þessu embætti sje hann best settur af öllum störfum, sem hann hefir unnið. Þess vegna tel jeg ekki rjett, að embætti þetta sje tekið af honum, og því bar jeg fram mína brtt., en nú hefir komið fram önnur brtt., á þskj. 95, sem fer í sömu átt, en jeg álít hana fult svo heppilega sem mína till., og tek jeg því mína aftur, en vænti þess hins vegar, að brtt. á þskj. 95 verði samþ.

Jón Baldvinsson: Jeg var einn þeirra manna, sem greiddu atkv. með þessu frv. til 2. umr. Jeg geri það að jafnaði, ef jeg er ekki andvígur stefnum þeim, sem í frv. felast. Því er nú þannig varið hjer, að jeg er samþykkur því að leggja þetta embætti, sem hjer ræðir um, niður, en jeg er hv. nefnd ósammála um það, hvenær niðurlagningin eigi að framkvæmast. Það er ekki langt síðan Alþingi setti lög um stofnun þessa embættis, og þó að sumum kunni nú

að finnast, að slikt hafi verið í flaustri gert, þá álít jeg þó, að þingið verði að taka afleiðingunum, þótt það sjái, að það hafi gert það, sem það ekki átti að gera. Með því að setja mann í fast embætti, hefir ríkið tekist á hendur þá skyldu gagnvart honum, að hann fái að vera í því, meðan hann brýtur ekki af sjer. Þannig er það hjá atvinnurekendum; þeir verða að standa við samninga þá, sem þeir gera við menn sína. Ef einhver hefir ráðið mann til sín til eins eða tveggja ára, en hefir svo ekkert við hann að gera, þá getur hann ekki sagt honum fyrirvaralaust út á gaddinn. Jeg veit, að þessi skylda er stundum brotin af atvinnurekendum, og vil jeg þar til nefna, þegar útgerðarmenn bundu togarana við hafnargarðinn og sögðu við hásetana, sem þeir höfðu ráðið til sín: Nú höfum við ekki meira við ykkur að gera. Þó að þetta baki ekki lagalega ábyrgð, þá er það þó siðferðilegt brot. Eins er það með þetta embætti. Jeg vil ekki, að maðurinn, sem í því er, verði látinn fara úr því fyrirvaralaust; enda er það gagnstætt venju ríkisins. Þá samninga, sem ríkið eða þingið gerir, verður það að halda. Samninga verða menn yfirleitt að standa við, nema sannað sje, að þeim hafi verið þröngvað til þess að gera þá, eða verið viti sínu fjær. En þessu er hvorugu hjer til að dreifa.

Jeg er nú í hjarta mínu sannfærður um það, að komast hefði mátt af án þess að stofna þetta embætti, og snertir það ekki síður embættið í hagnýtri sálarfræði, sem er hjer næst á eftir á dagskránni, og því rjettmætt að leggja það niður. En þar fyrir vil jeg ekki láta kasta þeim manni, sem nú er í embættinu, út á gaddinn. En til þess að orðið geti sparnaður úr þessu í framtíðinni, þá hefi jeg borið fram þessa brtt. á þskj. 95. Á þann hátt hygg jeg að þingið geti skilist sómasamlega við þetta mál.

Hv. þm. Mýra. (P. Þ.) hefir nú tekið aftur brtt. á þskj. 94, og tel jeg það vel farið, því að jeg hygg, að mín till. nái betur tilgangi sínum, og vænti jeg þess, að hv. deild samþykki hana.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Það var mikið talað um þetta mál við 1. umr., og að ástæðulausu. Jeg hefði nú vel getað þagað núna, ef ekki hefðu komið fram brtt. Jeg verð að lýsa yfir því, að nefndin heldur enn við sínar fyrri skoðanir, að leggja embættið niður nú þegar, en veita manninum sómasamleg biðlaun, eða styrk í fjárlögunum, eins og jeg gat um við 1. umr.

Háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) kvaðst vera hlyntur stefnu nefndarinnar. Það var gott að heyra, en aðalstefna hennar er að fækka óþörfum eða lítt þörfum embættum. Get jeg ekki sjeð, að það skaði þjóðfjelagið, heldur virðist mjer það stefna til bóta og spara mikið fje.

Hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) var að tala um samningsrof við manninn, sem í embættinu situr. En ef löggjafinn er sannfærður um, að embættið sje óþarft, þá verða það ekki talin samningsrof, þótt hann leggi embættið niður og veiti manninum sómasamlega uppbót. Það hefir verið dregið í efa, að sparnaðurinn yrði mikill, ef uppbót eða biðlaun yrðu veitt. Eftir núgildandi launalögum geta laun þessara tveggja manna, sem hjer ræðir um, orðið hæst eitthvað um 16 þús. kr. Þá mætti þó spara svo sem 8—9 þús. kr., þó að þeim væri báðum veitt sómasamleg biðlaun. Og þessir peningar sparast án þess að þjóðin bíði

á nokkurn hátt hinn minsta baga af þessu. En jeg álít rjett að líta á málið frá sparnaðarhliðinni.

Jeg vil segja það, að þingist skiljist ekki á neinn hátt ósómasamlega við þessa heiðursmenn, þó að þannig sje að farið, og að það haldi alla samninga við þá, þótt það sje á nokkuð annan hátt en verið hefir, þegar embættismönnum voru lögtrygð biðlaun eða eftirlaun.

Nefndin heldur fast við þetta frv. og mun greiða atkv. á móti brtt., en annars vil jeg ekki fara í neina harðneskju út af þessu máli nú. Það hefir þegar verið mikið rætt, svo að ekki er ástæða til að lengja umr. úr þessu, en að síðustu skal jeg geta þess, að jeg vona, að forlög þess verði að fullu ákveðin við þessa umr.

Forsætisráðherra (S. E.): Jeg hefi hugsað mjer að verða ekki langorður nú. Skoðun minni á málinu hefi jeg áður lýst og geri ráð fyrir að taka til máls, þegar háskólaráðið hefir látið í ljós álit sitt á málinu.

Jeg vil leyfa mjer að þakka þeim hv. þm. Mýra. (P. Þ.) og hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) fyrir það, að þeir líta á þetta mál eins og jeg, að ekki sje hægt að kasta embættismönnum þjóðarinnar á gaddinn fyrirvaralaust.

Jeg er algerlega sammála hv. frsm. (S. St.) um það, að umr. um þetta mál sjeu orðnar helst til of langar.

Jeg get ekki sjeð, að mikil trygging sje í loforðum hv. frsm. (S. St.) sem verða fastari eftir því, sem málinu vindur fram, um að embættismanni þessum sjeu trygð eftirlaun, því þótt nefndin lofi því, ræður hún að eins sínum eigin atkv., en engan veginn því, hvernig hið háa Alþingi muni taka í það mál.

Ef nefndinni væri alvara, hefði hún vitanlega átt að sjá svo um, að frv. gengi ekki í gegnum þingið, fyr en þessi biðlaun væru fast ákveðin í fjárlögunum.

Magnús Jónsson: Það er ekki til neins fyrir hv. þm. að ætla að skamta umræðutíma. Það verður að eins til þess að lengja umr., því ef margir standa upp til að láta það í ljós, dregur það sig saman í heila ræðu.

Jeg hafði hugsað mjer að taka ekki til máls, þótt undarlegt megi virðast, þar sem þetta mál er mjer skyldast, og jeg kunnugastur þm. um gagnsemi þessarar kenslu.

Jeg hefi áður lýst því yfir, að jeg muni aldrei greiða atkv. með þessu frv. óbreyttu, og jafnvel þótt jeg hefði barist með hnúum og hnefum móti stofnun þessa embættis, mundi eg engu að síður vera móti frv. og skoða það metnaðarmál, að ríkið bregðist ekki svo sínum starfsmönnum, sem þar er farið fram á.

Þann þurfamannastyrk, sem háttv. nefnd vill úthluta þessum embættismönnum, tel jeg að eins muni gera ilt verra, því í fyrsta lagi er alveg óvíst, að slíkur styrkur yrði samþyktur á þessu þingi, og í öðru lagi er enn þá óvissara, að hann yrði samþyktur á næstu þingum. Þá gæti risið önnur sparnaðaralda og skolað honum út af fjárlögunum, því sjaldan er ein báran stök, og ekki þessi fremur en aðrar.

Ef nefndin hefði viljað skiljast heiðarlega við þetta mál, hefði hún átt á þessu þingi að ákveða þessi eftirlaun fyrir fult og alt í frumvarpinu. En jeg er á móti frv. yfirleitt, og sama er að segja um brtt. á þskj. 95. Jeg er á móti hvorutveggja, af því að jeg álít þessa kenslu nauðsynlega, annaðhvort á þann

hátt, sem nú er, eða einhvern annan. Það er að vísu mögulegt að læra guðfræði án þess að kunna grísku, en það má einnig kenna hana flestum mönnum meðalgreindum, sem hafa aðeins hlotið venjulega barnafræðslu. Þetta er ekki óalgengt í Vesturheimi, og þeir geta jafnvel orðið sæmilegir prestar. En þessari guðfræðikenslu er náttúrlega mjög ábótavant og mundi lækka prestastjettina, ef hún væri tekin upp almennt.

Hjer á landi mundu menn nú hafa stúdentspróf sitt, og vantar þá eigi jafnmikið, en jeg tel það mikinn baga, að geta ekki lesið Nýjatestamentið nema í þýðingum. Það er ekki gott að útskýra, en hv. þm. mega taka það trúanlegt, að í Nýjatestamentinu eru mýmargir staðir, sem ekki er hægt að skýra til fullnustu nema með grískukunnáttu.

Við eigum að vísu ágæta þýðingu á Nýjatestamentinu, en þýðingar eru venjulega þannig, að þær verða að skera úr deilumálunum, og er ómögulegt að sýna dýpstu merkingu ýmsra staða nema á frummálinu.

Það hefir að vísu verið kend guðfræði án grískukunnáttu nemenda, og var hægt að komast svo af, en hún er engu að síður mikils virði, og jeg get borið um, að það er ólíkt betra að kenna þeim guðfræði, sem grísku kunna.

Þetta mál er enn fremur fyrir mjer nokkurt metnaðarmál, en það orð má nú kannske ekki heyrast í hv. deild. Eins og menn vita, er kandidötum veittur styrkur úr sáttmálasjóði til utanfarar. Hafa farið 1—2 kandidatar á ári og til þess valist efnilegustu menn. Mjer þykir leiðinlegt, ef þeir eru sendir utan án þess að þekkja slíkt undirstöðuatriði sem gríska er talin, og skilja ekki staf í bókum skólabræðra sinna þar.

Á flestum háskólum er guðfræðingum einnig kend hebreska; hjer er nú ekki um það að ræða, þó það sje mikill skortur; hefir það og verið talinn kostur á kandidötum frá Kaupmannahafnarháskóla, að þeir hafa lesið hebresku; en hinu mundu fæstir trúa, að guðfræðingar kynnu ekki gríska stafrófið.

Guðfræðideildin vildi nú tryggja það, að stúdentar hefðu þekkingu á grísku, og heimtaði vottorð hvers nemanda um að þeir hefðu numið hana nokkuð, áður en þeir fengi að ganga undir embættisprófið. Þessu mun deildin halda áfram, en hún leggur ekki áherslu á, að þeir læri hana við háskóla Íslands fremur en einhversstaðar annarsstaðar. En ef þm. Dala. (B. J.) verður skyldaður til þess að hætta kenslunni við háskólann, þarf varla að búast við því, að hann taki að sjer þessa kenslu annarsstaðar. Það þyrfti því að fá til þess annan mann, og mundi hans kaup og biðlaun Bjarna Jónssonar draga sig saman, þannig, að sáralítið eða ekkert yrði sparað með öllu þessu.

Það hefir verið sagt hjer í deildinni, að þessi kensla væri ekki fullnægjandi. Það er alls ekki rjett. Jeg hefi verið prófdómari við grískuprófin, og get því vel borið um það. Þekking nemenda er furðanlega mikil, og þó að henni hafi verið jafnað við þekkingu manna í 2. og 3. bekk latínuskólans gamla, er það rangt; hún er miklu meiri. Jeg segi þetta alls ekki til þess að skjalla hv. embættismanninn, sem kennir hana. Þetta er og skiljanlegt, þegar þess er gætt, að stúdentarnir eru þroskaðri og betur að sjer en skólapiltar voru, og það eru menn sem vilja læra. Það er því rangt að segja, að kenslan sje ófullnægjandi eða reyna að rýra hana í augum þm. Hún er fullnægjandi til þess að lesa Nýjatestamentið.

Jeg ætla að greiða atkvæði með brtt. á þskj. 95, til að reyna að afstýra því

hneyksli, að frv. verði samþykt óbreytt, en jeg mundi helst kjósa, að hvorttveggja væri felt.

Jón Þorláksson: Hæstv. forsrh. (S. E.) hefir blandað inn í umræðurnar atriði, sem er miklu víðtækara en að það nái til þessa máls og hins næsta á eftir. Vildi jeg því ekki láta það mótmælalaust.

Hann heldur því fram, að ekki megi leggja niður embætti, nema embættismönnum þeim, sem fyrir því verða, sje sjeð fyrir framfærslu á kostnað ríkisins. Þetta hefir við engin rök að styðjast. Það hefir verið regla hingað til, að embættismenn hjeldu embættum sínum meðan þeirra er þörf og þeir hafa ekki brotið af sjer við ríkið, þannig að þeim sje vikið frá.

Hitt væri nýtt, ef ríkið þyrfti manna við til einhverra starfa, að það sje skylduugt að sjá þeim fyrir æfinlegum lífeyri, eftir að starfið er úr sögunni. Þetta nær auðvitað engri átt.

Það er ekkert tiltökumál, þó að embætti sjeu lögð niður, og hefir það hingað til þótt sjálfsagt, ef embættin hafa orðið óþörf og löggjafarvaldið ákveður sjálft þær reglur, sem það fer eftir í því. Mjer finst það ógeðfeld hugsun, að sá maður, sem kallaður er embættismaður ríkisins, hafi áunnið sjer æfinlegan framfærslurjett, nokkurskonar sveitfestu á landssjóði. Það væri vel, ef landið gæti gert svo vel við alla sína þjóna, en það ætti þá ekki einungis að gilda um embættismenn, heldur og um verkstjóra og verkamenn, sem eru í þjónustu þess, en því hefir enginn haldið fram.

Það hefir enginn haldið því fram, að þó að ríkið þurfi að leggja 10 akvegi í ár og hafi til þess 10 verkstjóra, en næsta ár leggi það 8 vegi og hafi 8 verkstjóra, að þeir 2 verkstjórar, sem það getur ekki veitt atvinnu, fái eftirlaun eða biðlaun.

Jeg vona að þetta nægi, til þess að hæstv. forsrh. (S. E.) hætti þessu skrafi um embættismenn, sem kastað sje út á gaddinn.

Fyrst jeg er staðinn upp, vildi jeg segja flm. frv. (S. St.) það, að það er dálitið ósamræmi í orðum hans og gerðum nefndarinnar. Hann lætur ekkert tækifæri ónotað til þess að láta í ljósi, að hann vilji bæta þessum mönnum upp missi embættanna, en nefndin hefir hinsvegar ekki tekið nein slík ákvæði upp í frv. En það er ljóst, að ef honum er alvara í þessu, eiga slík ákvæði hvergi betur heima en í sjálfu frv. Jeg vildi benda á þetta, svo hv. sparnaðarnefnd geti athugað það fyrir 3. umr. Háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) taldi gríska kenslu nauðsynlega til guðfræðináms. Jeg skal síst bera brigð á það, en jeg álít, að það sje mjög fjarri, að það sje fullkomið verk fyrir einn mann að kenna þessi undirstöðuatriði í grísku svo fáum nemendum, sem eru í guðfræðideildinni.

Forsætisráðherra (S. E.): Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) þótti það ógeðfelt, að ekki mætti kasta embættismönnum á gaddinn. En það er þó ekki í fyrsta sinn, sem þessu er haldið fram nú. Jeg veit ekki betur en það hafi verið algild regla hjá þjóðinni undanfarið, að veita embættismönnum biðlaun og eftirlaun, ef þeir hafa látið af embætti. Það er alt annað mál, ef embættismaðurinn sýnir sig ekki færan að gegna embætti eða brýtur eitthvað af sjer. Þá á hann enga kröfu á hendur ríkinu. Það hefir hingað til verið skoðuð siðferðileg skylda, að kasta ekki embættismönn-

unum á gaddinn fyrirvaralaust; má til dæmis nefna, þegar landritaraembættið var lagt niður o. s. frv.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) vill láta mæla vegastjórum landssjóðs í sama mæli og embættismönnunum, þannig, að ef landið þarf ekki við allra, sem hafa unnið fyrir það áður, eigi einnig að sjá fyrir þeim. Það er nú dálitið öðru máli að gegna um þá. Verkstjórinn gerir vinnusamning við stjórnina og hann veit, hve þeir samningar ná langt, en embættismanninum er veitt staðan, og þá litið svo á, frá báðum aðiljum, að hann haldi embættinu meðan hann vill og brýtur ekki af sjer. Sje honum vikið úr embættinu að ástæðulausu, er það í rauninni samningsrof af hálfu ríkisins, og það mundi verkstjóranum ekki þykja gott heldur. Enn ber á það að líta í þessu máli, að embættismaðurinn á að baki kostnaðarmikið og langt nám. Flestir íslenskir stúdentar þurfa á námsárunum að stofna miklar skuldir, og þeir gera það aðeins í því trausti, að þeir geti borgað þær, þegar þeir sjeu komnir í embætti. Ef þeir hefðu nú enga tryggingu fyrir að halda embættinu, eru að eins tvær leiðir: Annaðhvort verður að launa embættin miklu betur eða menn hætta ella að stunda nám, því það mundi ekki borga sig, og er líklegt, að þjóðinni væri lítill hagur að því.

Jeg held engu nýju fram í þessu máli. Mín afstaða er í fullu samræmi við hinn ráðandi hugsunarhátt þjóðarinnar. Hitt er nýja leiðin, sem hv. 3. þm. Reykv. berst fyrir, og má vera, að það sjeu framtíðarinnar leiðir, þó þær eigi ekki mína samúð.

Annars vil jeg geta þess, og það er víst ekkert leyndarmál, að hv. frsm. (S. St.) hefir skotið því að mjer, að hann ætlist til, að maður sá, sem hjer á hlut að máli, fái 3 þús. kr. í eftirlaun á ári, með dýrtíðaruppbót, og fer þá sparnaðurinn við að leggja embættið niður að verða tvísýnn.

Jón Þorláksson: Hæstv. forsrh. (S. E.) sagði, að það væru nýjar hugsanir, sem jeg væri að ryðja brautina, og að þær yrðu kannske sterkari. En þær eru alls ekki nýjar; löggjafarvaldið hefir ávalt fylgt þeirri reglu, sem jeg hefi haldið fram, og reglan er þessi: Embættismaðurinn, eða finni flokkurinn, fer fyrst á biðlaun og síðan á eftirlaun, og hinn flokkurinn, sem er miður finn, verður að sætta sig við sömu reglur, sem aðrir atvinnurekendur alment fylgja.

Það, sem jeg er að segja, er að gera hæstv. forsrh. (S. E.) ljóst, að það eigi ekki við að vera að rífast um einstök tilfelli, hvað gera eigi sjerstökum embættismanni til góða, ef þörf þykir að leggja niður starf hans, heldur eigi að láta landslög ráða. Löggjöfin hefir þegar látið til sín taka um þessi mál, og þeir menn, sem settu þau lög, hafa ekki álitið, að embættismönnum væri kastað út á klakann, þó að embætti væri lagt niður, sem orðið var óþarft.

Anars verð jeg að líta svo á, að þeir menn, sem lært hafa jafnmikið, sjeu vígir á fleira en eitt, og geti því unnið fyrir sjer á annan hátt. Missi þeir stöðu, eiga þeir að geta skapað sjer aðra.

Þessu er þannig varið hjá öllum atvinnufyrirtækjum, að mönnum er sagt upp atvinnu, og verða þeir þá að snúa sjer að öðru og sætta sig við það. Og það er ekkert athugavert við það, þó að ríkið fylgi hinni sömu reglu.

Forsætisráðherra (S. E.): Það er vitanlega misjafnt, hvað menn eiga hægt með að ná sjer í atvinnu, hafi þeir mist

þá, er þeir höfðu. T. d. gæti jeg trúað því, að ekki mundi auðhlaupið að því fyrir mann á sextugs aldri, sem verið hefir kennari mikinn hluta ævinnar, og aðeins æft sig í því eina starfi, að útvega sjer nýja stöðu, þegar búið væri að svifta hann embættinu. En við þetta er ekkert að athuga, sjái ríkið manninum farborða að öðru leyti.

Jeg skal nefna eitt dæmi, sem mun flestum í fersku minni og þjóðin hefir óbeinlínis lýst vanþóknun sinni á: Maður var settur landsbankastjóri og gegndi því starfi á 3. ár. Að þeim tíma liðnum var öðrum manni veitt bankastjórastarfið, og hinum, sem settur hafði verið svona lengi, sagt að fara, með aðeins mánaðar fyrirvara og án þess, að honum væri fengið annað starf. Þetta hefir mælst afarilla fyrir, eins og von er. Almenningsálitið er ekki með því, að svo sje breytt við starfsmenn ríkisins.

Þeir, sem vaða í peningum upp fyrir axlir, skilja ekki, hvað ráðstöfun eins og sú, sem jeg nefndi áðan, kemur hart niður á þeim, sem fyrir henni verða.

Það getur verið, að hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) geti gróðursett sína hörðu þanka hjá þjóðinni, en jeg fyrir mitt leyti vona, að slíkur gróður nái aldrei miklum þroska.

Þorleifur Guðmundsson: Mjer þykir það skrítið, að hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) segir, að við viljum allir láta þennan háskólakennara hafa biðlaun og eftirlaun, þegar jeg hefi einmitt lýst því yfir, að jeg vilji ekki láta hann hafa neitt. Jeg sagði það um daginn, að úr því að embættið væri óþarft, þá ætti að leggja það niður, og án þess að nokkuð kæmi í staðinn. Sje það óþarft, þá erum við búnir að borga þessum manni of lengi, og þess vegna væri það rangt að fara þá að borga honum biðlaun eða eftirlaun, þegar loksins við höfðum mannrænu til þess að losast við hann. Þetta tók jeg svo skýrt fram um daginn, að jeg hjelt, að hv. þm. hefðu skilið mig.

Jón Þorláksson: Það er örstutt athugas. og afsökun til 2. þm. Árn. (Þorl. G.). Hann einn hafði lýst sinni skoðun á þessu máli, svo að ekki var um að villast, enda voru það eingöngu ummæli hv. frsm. (S. St.), sem jeg hafði fyrir augum.

Jón Baldvinsson: Það voru orð hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), sem jeg hafði í huga, er jeg samdi brtt. mína. Þó að hv. frsm. (S. St.) hefði lofað, að háskólakennarinn skyldi fá einhver laun, þá er ekki hægt að binda atkv. sitt við það. Jeg get samþ. frv. þetta, ef trygging er fengin fyrir því, að maðurinn fái laun í nokkur ár, en ómögulegt að byggja neitt á loforðum, þegar nefndarmennirnir eru jafnsundurleitir og raun hefir á orðið.

ATKVGR.

Brtt. 94 tekin aftur.

— 95 feld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. E., H. K., Jak. M., J. B., M. G., M. J., M. K., Ó. P., P. Þ., Þorl. J., Þorst. J.

nei: B. H., Gunn. S., Ing. B., J. A. J., J. S., J. Þ., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., B. Sv.

B. J. greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (E. Þ., M. P. og Þór. J.) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., B. H., H. K., Ing. B.

nei: J. B., M. J., M. K., Ó. P., P. Þ., Þorl. J., Þorst. J., E. E., Gunn. S., Jak. M., B. Sv.

B. J. greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (E. Þ., M. P. og Þór. J.) fjarstaddir.

2. gr. feld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. S., J. Þ., M. G., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., B. H., Ing. B., J. A. J.

nei: J. B., M. J., M. K., Ó. P., P. Þ., Þorl. J., Þorst. J., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., B. Sv.

B. J. greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (E. Þ., M. P. og Þór. J.) fjarstaddir.

Fyrirsögn feld með 12 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., B. H., H. K., Ing. B., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., P. O.

nei: Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. B., M. J., M. K., Ó. P., P. Þ., B. Sv.

Þrír þm. (E. Þ., M. P. og Þór. J.) fjarstaddir.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 : 9 atkv., fyrirsagnarlausu.

Á 36. fundi í Nd., fimtudaginn 30. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 136, 145).

Forseti (B. Sv.): Það er svo um þetta frv., að ekki er hægt að lýsa heiti þess, þar sem hv. deild gekk svo frá því við 2. umr. að nema brott fyrirsögn þess.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Eins og hæstv. forseti tók fram, skildist hv. deild svo við þetta frv. við 2. umr., að það er „uden Hoved og Hale", eins og Danskurinn segir. En þrátt fyrir það hefir þessi höfuðlausi heiðursmaður lifað við bestu heilsu síðan, og ætti hann þá ekki síður að vera friskur og fjörugur, þegar búið er að gefa frv. þá læknisdóma, sem sparnaðarnefndin hefir hugað því, á þskj. 145.

Annars vil jeg ekki endurtaka það, sem jeg hefi áður sagt um þetta frv., heldur sný mjer beint að brtt. sparnaðarnefndar. Ef sú till. nær fram að ganga, þá þarf ekki hjer eftir að segja, að þessum heiðursmanni sje kastað út á gaddinn, eins og sagt hefir verið hjer í deildinni sjálfsagt 30—40 sinnum. Hjer eru honum ákveðin sómasamleg eftirlaun og full laun til næstu ársloka. Þessi till. slær því til jarðar öll ummæli um, að þessum heiðursmanni sje kastað út á gaddinn.

Því er haldið óspart fram, að lítill sparnaður sje að þessu frv. Get jeg vel trúað því, að þeim hv. þm. þyki hann lítill, sem að eins telja fje landssjóðs í tugum þúsunda. Þó mun með þessu frv. sparast 1500 kr. á ári, og auk þess dýrtíðaruppbót, sem nú er um 2900 kr. En eftir fá ár yrði hann kominn á full laun, og sparast þá þess meira.

Um nauðsyn þessa embættis segir einn hvítt, en annar svart, og má altaf um það deila. En jeg vil þó minna á það, að þegar háskólinn var stofnaður, þótti ekki nauðsyn á þessu embætti, og síðar, þegar embættið var stofnað, var það ekki gert af bráðri nauðsyn,

heldur var það metnaðarmál fyrir prestastjettina. Þegar því nauðsyn þessa embættis er borin saman við nauðsyn þess að spara fje ríkissjóðs á þessum erfiðu tímum, þá verður hún áreiðanlega minni.

Í þingbyrjun var hjer sterk hreyfing meðal hv. þm. um að leggja niður öll þau embætti, sem hægt væri, landinu að skaðlausu, og ástæðurnar til þessa komu hv. þm. með frá kjósendum sínum. Það er áreiðanlegt, að sparnaðarhugsunin hefir aldrei verið ríkari hjá þjóðinni en einmitt nú. Bendir alt í þá átt, að hún finni betur, hvar skórinn kreppir að en hv. þm., ef dæma skal eftir því, hversu þeir hafa snúist við till. sparnaðarnefndar.

Að endingu vil jeg geta þess, að nefndinni þótti ekki ástæða til að taka upp í brtt. 2. gr. frv., sem feld var við 2. umr. Leiðir það beint af 1. gr. frv., að þau lög falla úr gildi.

Skal jeg svo ekki þreyta háttv. þm. meira. Málið er þegar þaulrætt í deildinni og ekki líkur til, að hv. þm. breyti atkvæði sínu við þær umræður, sem fram kunna að fara um málið úr þessu.

Forsætisráðherra (S. E.): Eins og hv. þm. er kunnugt, þá hefir þetta mál verið lagt fyrir háskólaráðið, og áður en það ljet uppi álit sitt, var málið athugað, bæði í heimspekideild og guðfræðideild.

Heimspekideildin vísar til guðfræðideildar, að því er grískuna snertir, en sjálf lætur heimspekideildin uppi álit sitt um latínukensluna á þessa leið, ef jeg má lesa það upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Um frv. til laga um afnám kennarastóls í klassiskum fræðum við háskóla Íslands (þskj. 57) var samþ. svohljóðandi álit:

„Um kenslu í grísku vísar heimspekideild til guðfræðideildar. En um kenslu í latínu telur deildin mjög æskilegt, eins og tíðkað er við aðra norræna háskóla, að nemendur þeir, sem leggja stund á íslensk fræði, fái tilsögn í lestri latínurita Íslendinga og annara Norðurlandaþjóða frá miðöldum og síðar. Enda hafa nemendur þegar fært sjer þessa kenslu í nyt.“

Þetta segir heimspekideild, og er það hið sama, sem hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) færði fram til stuðnings þessu máli, þegar embættið var stofnað.

Guðfræðideildin telur algerlega óviðunandi, að nemendur hennar geti ekki fengið tilsögn í grískri tungu. Á þetta hefir háskólaráðið fallist fyllilega og lýsir því einróma yfir í áliti sínu, að þetta embætti sje nauðsynlegt.

Þá kemur fram mjög ákveðin brtt. frá hv. sparnaðarnefnd, um 2500 kr. eftirlaun handa þessum manni.

Þetta álít jeg varhugaverða braut. Því hjer er komið fram með sterka eftirlaunafyrirmynd, sem getur haft slæmar afleiðingar síðar. En auðvitað er með þessu fyrir það girt, að manninum sje eins kastað á gaddinn.

Það er grunur minn, að þó þetta embætti verði nú lagt niður, sem jeg teldi mjög misráðið, að þá muni sú krafa koma fast fram frá háskólanum, að kensla í latínu og grísku haldi þar áfram. Og það verður erfitt fyrir þing og þjóð að standa lengi gegn þeim kröfum, þegar tvær deildir og háskólaráðið telja hjer vera um grundvallaratriði að ræða. Og þá væri áreiðanlega ver farið en heima setið, ef sá maður, sem hjer er um að ræða, væri settur á há eftirlaun, en svo á eftir fengnir nýir menn til að kenna við háskólann grísku og latínu, eða hann sjálfur fenginn aftur til þess, fyrir sjerstaka borgun.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Gagnvart því, sem hæstv. forsrh. (S. E.) tók fram, að nú hefði háskólaráðið birt álit sitt og lagt eindregið á móti, þá verð jeg að segja það, að það er ekki háskólinn nje háskólaráðið, sem leggja út fje það, sem til skólahaldsins þarf, heldur atvinnuvegir landsins. Enda býst jeg við, að annað yrði upp á teningnum, ef þessu yrði skotið til þjóðarinnar. Jeg býst við, að þeir yrðu fáir nú, sem ekki fjellust á, að þetta embætti sje ekki nauðsynlegt. Að embætti þetta var stofnað, stafar af því, að það var metnaðarmál fyrir prestastjett landsins, en eigi af því, að neina sjerstaka nauðsyn bæri til. Get jeg borið vitni um það, að grískukunnátta mín hefir ekki komið mjer að miklu haldi í prestsembættinu, og var þó sú kensla, sem jeg naut, ekki verri en þessi, sem nú er við háskólann. Er jeg þess fullviss, að prestar geta verið jafnuppbyggilegir og góðir kennimenn, þó að þeir þekki ekki einn bókstaf í grísku. Hvað latínuna snertir, þá kemur hún varla til greina, svo lítið sem hún hefir verið kend, síðan embætti þetta var stofnað, enda tel jeg lítil not að einhverju lærdómshrafli í miðaldalatínu.

Læt jeg svo þetta nægja að sinni.

Hákon Kristófersson: Það var álitið, að það væri mjer að kenna, hve óhöndulega tókst til með þetta frv. síðast, þegar fyrirsögn þess skildi við. Jeg skal ekkert bera af mjer í því efni, en nú langar mig til að rifja lítið upp fortíð þessa máls. Jeg var þá á Alþingi, þegar þetta embætti var stofnað. Eins og menn ef til vill muna, þá var það flutt af hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Jeg var ekki þá, frekar en nú, viss um nauðsyn þessa embættis, og hallaðist jafnvel fremur að því, að það myndi vera óþarft. En þessi hv. þm. (S. St.) mælti þá með því, með hinum alkunna skörungsskap, sem honum er laginn, og með því að mjer var það kunnugt, hve ábyggilegur maður hann er, þá fór svo að lokum, að jeg ljet undan síga fyrir öruggri sókn hans og fullyrðingum um nauðsyn embættisins. Fanst mjer einkum til koma, hve átakanlega hann lýsti því, hver fróðleikur væri þá fyrir borð borinn fyrir prestastjettinni, ef grískunámið yrði forsmáð svo til lengdar. Það var því vegna hinna mjög svo sannfærandi ummæla hv. flm. (S. St.), að jeg ljeði frv. fylgi mitt til 2. umr. í hv. Ed. En svo þegar á leið meðferð frv. í deildinni, tók hann af einhverjum óskiljanlegum ástæðum að líta hornauga til þessa afkvæmis síns. Ágerðist þetta eftir því, sem á leið, og lauk með því, að hann, við 3. umr., lagðist hreint og beint á það, eins og Krónos forðum. Þótti mjer þetta að vísu ferlegar aðfarir, en fylgdist þó með, í ofurtrausti mínu til mannsins, sem verkið framdi. Því eins og áður er tekið fram, brast mig algerlega þekkingu á nauðsyn embættis þessa, og þótt jeg liti svo á, að það væri óþarft, þá reiddi jeg mig á ummæli hv. flm. (S. St.). Og þegar svo var komið, að hann var sannfærður um, að ekki væri brýn nauðsyn fyrir stofnun embættisins, gat jeg því vel snúist með honum á þá sveifina, sjerstaklega þar sem jeg hafði upprunalega lítið svo á. En hjer fór enn sem áður, að Seifur slapp, enda verður ófeigum ekki í hel komið. Nú er svo komið, að embætti þetta stendur enn við höggstokkinn, leitt þangað af sínum eigin föður. Eru jafnskiftar skoðanir um það sem áður, hvort gengið skuli milli bols og höfuðs á því eða eigi.

Þegar jeg styð mig við mína eigin skoðun eingöngu, þá verð jeg að kann-

ast við, að jeg álít, að hægt sje að komast af án þessa embættis. En ýmislegt er hjer fleira, sem taka verður til greina. Þetta frv. er nú borið fram af sparnaðarnefndinni, og vil jeg alls ekki gera lítið úr lofsverðri viðleitni hennar, bæði til að spara þetta og annað, sem án verður verið. Veit jeg og með vissu, að það er sparnaður ríkissjóðsins, sem liggur til grundvallar fyrir þessari till. hennar, en ekki það, hvaða maður er nú í stöðunni, sem ýmsir hafa þó getið til. Jeg er sjálfur fylgjandi niðurskurði embætta — en ekki embættismanna. Jeg vil með engu móti, að svo geist sje farið í þær sakir, að embættismönnum sje misboðið í nokkru. Eins og mönnum er kunnugt, þá hefir stjórnin nú lýst því yfir, að hún ætli að taka embættakerfið til ítarlegrar athugunar, gera till. um, hvar leggja megi niður embætti og hver sje hægt að sameina, og leggja þær fyrir næsta þing. Með þetta fyrir augum finst mjer helst, að þær till., sem fram hafa komið í þessu efni, megi helst skoðast sem bendingar til stjórnarinnar frá þinginu. Er því þannig farið með þetta mál. Má það vel bíða til næsta þings, enda ekkert sparað með því í bili. Svo er heldur ekki, þótt samþykt verði brtt. sú við það, er fram er komin, enda gæti hún seinna leitt til mjög vafasams sparnaðar, því eins og hún ber með sjer, er hún í þá átt að ákveða hlutaðeigandi embættismanni óvanalega há eftirlaun. Þar sem þjóðin hefir lýst sig algerlega mótfallna öllum eftirlaunum, þykir mjer það undarlegt, að hv. sparnaðarnefnd fer nú inn á þá braut. Með þetta fyrir augum leyfi jeg mjer því að koma fram með svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

Með því að deildin lítur svo á, að því megi óhætt treysta, að landsstjórnin taki til nákvæmrar yfirvegunar alla embættaskipun landsins og leggi fyrir næsta Alþingi ákveðnar tillögur um það, á hvern hátt megi gera hana einfaldari, og þá um leið ódýrari, þykir henni ekki að þessu sinni ástæða til að taka neina ákvörðun hvað þetta embætti snertir, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Jeg verð að líta svo á, að með samþykt þessarar dagskrár sje skilið sómasamlega við þetta mál. Og víst er um það, að ríkissjóði er ekki neinn geigur unninn með því að láta það bíða til næsta þings. Jeg skal játa, að jeg er þakklátur háttv. sparnaðarnefnd fyrir sumar till. hennar. En jeg verð þó að geta þess, að til eru mál, sem hún hefði fyr átt að láta til sín taka en þetta. — Þætti mjer t. d. við eiga, að hún beindi þeirri fyrirspurn til stjórnarinnar, hve lengi 2 landlæknar eigi að vera í landinu. Þeir hafa nú verið það um hríð, en nú er sá tími útrunninn, sem þess þarf með. Þó hefi jeg heyrt því fleygt af kunnugum mönnum, að vel geti þeir orðið tveir eitt missirið enn. Þótt þetta sje nokkuð utan við dagskrána, þá vil jeg samt leyfa mjer að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stjórnar, hvað hún ætlist fyrir í þessu efni. Jeg hefði annars vænst þess, að sparnaðarnefndin ljeti þetta ekki alveg afskiftalaust. Sömuleiðis furðar mig á því, að hún skuli ekki hafa komið fram með neinar till. um að fækka prestsembættum hjer á landi. Þætti mjer líklegt, að af yrði komist án einhvers guðsmannsins, ef satt er, sem sagt er, að ekki sje prjedikað í sumum kirkjunum nema 4—6 sinnum á ári. (**P. O.**: Eða tvisvar). Þá því fremur. Hygg jeg að fáum geti dulist það, að slík embætti er dýrari en svo að

þjóðin hafi ráð á að halda þeim við. Annars er það svo ótal margt, sem um embættaskipun og stjórnarfar okkar má segja, að ekki verður alt til tínt á svipstundu, enda margt hvað þess eðlis, að tæplega verður lagað, nema einhver veruleg straumhvörf eigi sjer stað í hugsunarhætti manna, frá því sem nú er.

Ætla jeg svo ekki að segja meira að þessu sinni, en leyfi mjer að afhenda hæstv. forseta þessa rökstuddu dagskrá.

Jakob Möller: Jeg hefi hlustað með athygli á þessar umr. og jeg get bætt því við, að jeg hefi ekki undrast lítið yfir afstöðu háttv. frsm. sparnaðarnefndar (S. St.) í þessu máli. Jeg hefi athugað afstöðu hans frá byrjun og reynt að gera mjer grein fyrir, af hverju hún rjeðist, hvaða „motiv" lægi að baki, og jeg held, að mjer hafi tekist þetta.

Upphaflega var það þessi hv. þm. (S. St.), sem flutti frv. um stofnun þessa embættis. Eins og menn vita, hefir hann nú margsinnis lýst yfir því, að hann hafi gert það sökum þess, að hann hafi talið það metnaðarsök fyrir prestastjett landsins að eiga yfir að ráða nokkurri gríska kunnáttu. En jeg verð þá að segja, að það hefir verið heldur stutt í þeim metnaði, úr því að hann entist ekki lengur en til 3. umr. málsins á því sama þingi, sem frv. þetta kom fyrst fram á. Því eins og menn ef til vill muna, þá var það ekki komið lengra áleiðis, þegar hann snerist gegn því. Af þessu hefi jeg dregið þá ályktun, að ekki sje rjett, að hann hafi borið það fram af metnaði.

Þessi hv. þm. (S. St.) hefir látið orð falla í þá átt, að sjer væri það áhugamál, að gamla kenslukerfið yrði aftur tekið upp í mentaskólanum og gömlu málin leidd þar í öndvegið. Það lægi því nærri að halda, að hann hafi flutt frv. til þess að bæta upp það, sem á vantaði í mentaskólanum, og gefa stúdentum kost á að nema þessi mál einhversstaðar, — en hví snerist honum þá svo skjótt hugur? — Nei, það var hvorki metnaður hans nje ást hans á gömlu málunum, sem var driffjöður hans til þess að koma fram með þetta frv. Orsökin var sú, að það var ákveðinn maður, sem átti að hljóta embættið. En það var ekki þm. Dala. (B. J.), sem þá átti að fá það. Það var annar maður, sem hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) kannast ofurvel við og jeg kæri mig ekki um að nefna hjer með nafni. En svo komst flm. (S. St.) að því, að þessi maður myndi ekki taka við embættinu, heldur þm. Dala. (B. J.), og þá var það, sem hann snerist gegn sínu eigin frv. Þetta a f t u r h v a r f hans gat þó ekki stafað af því, að sá maður væri betur til starfans fallinn, því það var hann ekki. Hann hafði tekið embættispróf í gömlu málunum, eins og þm. Dala. (B. J.), og var sá einn munur á, að hann hafði gríska að aðalnámsgrein, en þm. Dala. (B. J.) latínuna. Nei, orsökin var bara sú, að sá maður var að mun geðfeldari stjórnmálaflokk flm. (S. St.). Nú geta hv. þdm. lagt það niður fyrir sjer, hvort þessu muni ekki eitthvað svipað farið og jeg hefi bent á. Jeg er fyrir löngu hættur að furða mig á þeim undarlegu hvötum, sem virðast oft liggja að baki gerða þessa hv. þm. (S. St.), en á hinu furðar mig sífelt, hve bíræfinn hann er stundum, þegar hann er að bjóða þingheimi rök sín. — Hann kveður frv. þetta, um afnám embættisins, fram knúið af sparnaðarorsökum og ber fyrir sig þjóðarviljann. Segist hann í engum efa um, að þjóðaratkv. myndi samþykkja gerðir sparnaðarnefndar í þessu máli. En jeg man ekki til þess, að þessi áhyggja út af

þjóðarviljanum kæmi nokkurn tíma í ljós, er hann nú fyrir skemstu vildi koma á gamla fyrirkomulaginu í mentaskólanum. Hefði sú breyting þó haft ólíkt meiri kostnað í för með sjer heldur en kennaraembætti þetta. Enda býst jeg síst við, að hún hefði átt betri byr að fagna hjá þjóðinni en það.

Ástæðan fyrir því, að Alþingi stofnaði embætti þetta, var sú, að breytingar þær voru á orðnar í mentaskólanum, sem jeg hefi þegar minst á. Skyldi með þessu bæta þeim það upp, sem nema vildu hin gömlu mál, er þeir hefðu í mist við breytinguna. Var þetta og rjettmætt, samkvæmt skoðun þeirra manna, sem halda, að við nám þessara tungumála nái stúdentar fyrst þeim þroska, sem æskilegur er mentamönnum. Þótt kensla þessi hafi nú ekki verið eins vel notuð og æskilegt væri, þá er samt engin ástæða til að leggja hana niður. Væri rjettara að ganga eftir því við kennarann, að hann gerði meira að því að reyna að fá stúdenta til þess að stunda námið. Þykist jeg þess fullviss, þar sem jafngóðs kennara nýtur við, að tala nemenda muni brátt aukast, ef embættið verður látið standa. Að svo stöddu máli tel jeg því hreinasta glapræði að leggja þessa kenslu niður. — Öðru máli væri að gegna, ef gamla kenslukerfið yrði tekið upp í mentaskólanum. Þá mætti ef til vill segja, að ekki væri lengur þörf á þessu embætti. En það er nægur tími að tala um það þá.

Af þessum ástæðum hefi jeg greitt atkv. á móti þessu frv. hv. sparnaðarnefndar, og mun jeg halda uppteknum hætti.

Gunnar Sigurðsson: Jeg vildi aðeins lýsa yfir því, að jeg er meðmæltur þessari rökstuddu dagskrá hv. þm. Barð. (H. K.) og er honum þakklátur fyrir að hafa komið fram með hana.

Jeg skal svo taka það fram, gagnvart sparnaðarhlið málsins, að jeg býst við, að brtt. hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) verði ekki til mikils sparnaðar, þótt hún yrði samþ. Að draga málið eitt ár yrði að eins til þess að spara kenslluna þann tíma, en ekki launin; getur það varla heitið stórvirk sparnaðarráðstöfun. Enda mundi auk þess þurfa að fá mann í stað núverandi kennara, til að kenna námsgreinar þær, sem hann kennir þar nú. Get jeg yfirleitt ekki sjeð, að hjer muni annað sparast en ef til vill starfið, og vil jeg ekki ljá atkv. mitt til þesskonar sparnaðartilrauna.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Eins og menn sjá, þá gengur dagskrá þessi út á það að draga þetta mál, þar til till. stjórnarinnar um fækkun embættismanna eru komnar fram. Jeg hefi áður sagt, að jeg hlakka mjög til þess að fá að heyra þessar till. hennar. En hvernig sem þær annars verða, þá held jeg, að samkvæmt undirtektum hennar sje ekki hægt að gera sjer neina von um, að þetta embætti verði með í tölu þeirra, sem hún telur sjer fært að leggja niður. Hefi jeg orð sjálfs hæstv. forsrh. (S. E.) þessu til sönnunar. Jeg hefi heldur ekki breytt skoðun minni á því, að best sje að gera strax út um þetta, enda sje jeg ekki, að neinn drátt-ur hafi hjer að þýða.

Jeg skal annars staðfesta það, sem hv. þm. Barð. (H. K.) sagði, að það sje ekki meiningin með þessu frv. að bekkjast til við manninn, sem starfinu gegnir nú, og er það algerlega rangt til getið af þeim hv. þm., sem það halda.

Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) þarf jeg fáu að svara. Hann setti þetta í samband við ósk mína um það, að gamla

kenslukerfið settist aftur í öndvegið í mentaskólanum, en slíkt er algerlega úr lausu lofti gripið. Það, sem hann talaði um hvatir mínar, er alger heilaspuni. Til þess að geta sagt um slíkt, þarf að rannsaka bæði hjörtun og nýrun, en þótt þessi hv. þm. (Jak. M.) kunni að vera mikill spekingur, þá efast jeg samt um, að honum sje það fært. Dettur mjer í hug, að hitt hafi heldur ráðið tilgátu hans, að margur heldur mann af sjer.

Það er satt, að jeg flutti upphaflega frv. þess efnis, að embætti þetta yrði stofnað, en þá stóð alt öðruvísi á en nú. Og jeg er ekki einn af þeim þröngsýnu mönnum, er ekki taka neitt tillit til breyttra tíma og breyttrar aðstöðu. Þykir mjer og skylt að taka tillit til radda þeirra, sem hljóma til vor hvaðanæva af landinu, og krefjast þess af oss, að spara eins og unt er. Jeg vil taka tillit til þessara radda, því að jeg er ekki einasta þm. fyrir eitt kjördæmi, heldur fyrir alt landið. Þegar allir í landinu neyðast til að draga saman seglin, þá verður Alþingi líka að gera það. Það er margt nauðsynlegra en þetta embætti, sem menn hafa nú orðið að leggja niður. Sje jeg og ekki, að það sje nein minkun fyrir neinn mann, þótt hann, til knúður af nauðsyninni, breyti afstöðu sinni frá því, sem hún var fyrir nokkrum árum. Og ekki veit jeg, hvort meiri sómi er að því, eins og sumir gera, að líta bara á það, hvað þægilegast er fyrir einstaka menn og einstakar stofnanir hjer í Reykjavík, án þess að taka nokkuð tillit til ástandsins í landinu. Nú stendur svo á, að hver maður verður að neita sjer um alt, sem án verður verið. Á þetta vil jeg líta og haga till. mínum hjer á þingi eftir því.

Verð jeg svo að láta þetta nægja að sinni. Hv. þd. getur nú gert við málið það, sem henni líst. Það, sem hjer er um að ræða, er 3000 kr. árlegur sparnaður. Það hefir ljóslega komið fram, að menn líta misjafnt á, hvort taka beri tillit til slíkra smáupphæða, en jeg ætla undir öllum kringumstæðum að gera það. Jeg lít jafnvel svo á, að á slíkum tímum, sem nú standa yfir, þá hafi hverjar 100 kr. sparaðar sína fullu þýðingu.

Bjarni Jónsson: Aðstaða mín í þessu máli er nokkuð einkennileg, en mjer mun samt leyfilegt að bera fram þakkarávarp fyrir það, sem Bjarna Jónssyni frá Vogi er vel gert.

Það er auðsjeð af till. hv. sparnaðarnefndar, að frv. þetta er ekki komið fram af sparnaðarástæðum. Það hljóta því að liggja einhverjar dýpri ástæður til þess, sem mjer eru ekki kunnar. Hv. nefnd vill áskilja mjer 2500 kr. biðlaun, eða 5000 kr. með dýrtíðaruppbót. Öllum mun vera ljóst, að háskólinn mun biðja mig að halda áfram kenslunni þar, og sjá menn þá í hendi sjer, að jeg mundi ekki taka minna fyrir kensluna en svo, að laun mín yrðu samt hærri en þau nú eru.

Frv. miðar því auðsjáanlega að því að hækka tekjur mínar, og tjái jeg hjer með hv. nefnd þakkir mínar fyrir það. Auðvitað hefði verið beinni leið að hækka launin án allra krókaleiða, en þessi leiðin er líka heiðarleg, svo jeg sje ekkert á móti henni.

Jeg hefi svo ekki annað að segja um þetta mál, en að jeg hrærist af þeirri góðvild, sem hv. sparnaðarnefnd sýnir mjer, er hún mín vegna yfirgefur sparnaðarstefnu sína.

Jakob Möller: Af því að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) taldi hugarburð ástæður

þær, sem jeg kvað hafa orsakað snúning hans í þessu máli, skal jeg lýsa yfir því, að þær eru enginn hugarburður, heldur full vissa.

Málið er þannig til komið, að nokkrir menn í Stúdentafjelaginu fengu hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) til að flytja það, og höfðu þá í huga ákveðinn mann í stöðuna, og þarf jeg ekki að nefna, hver sá maður var.

Hv. sami þm. (S. St.) talaði um, að þingið ætti að taka tillit til radda frá þjóðinni um að spara. Í því sambandi vil jeg benda á, að hv. meiri hl. nefndarinnar grípur einmitt til þess ráðsins, sem þjóðin hefir varað þingið við, en það eru eftirlaunin. Með þessari till. er einmitt verið að ganga inn á þá braut, sem þjóðin hefir bannfært.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. Barð. (H. K.) samþ. með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: E. E., Gunn. S., H. K., Ing. B., Jak. M., L. H., M. J., M. K., M. P., Ó. P., P. Þ., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv.

nei: J. A. J., J. B., J. S., J. Þ., M. G., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þór. J., B. H., E. Þ.

B. J. greiddi ekki atkv.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Sameining Árnes- og Rangárvallasýslna.

Á 24. fundi í Nd., fimtudaginn 24. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sameining Árnes- og Rangárvallasýslna (þm.frv., A. 110).

Á 28. fundi í Nd., þriðjudaginn 21. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., föstudaginn 24. mars, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Jeg býst nú ekki við því að þurfa að vera margorður um fjárhagsástæður þær, sem liggja til grundvallar fyrir því, að þetta frv. er fram borið. Allir hv. þm. sjá, að þetta er tilraun til að spara fje ríkissjóðs til embætta, vel að merkja þó þeirra einna, er ekki geta talist nauðsynleg. Sparnaðarandi er nú ríkjandi hjá allmörgum þm. og öllum þorra kjósenda um land alt, svo sem sjá má af þingmálafundargerðum, er liggja hjer frammi í lestrarsal Alþingis. Maður sjer varla svo þingmálafundargerð, eð ekki sje þar bein áskorun til þingsins um að spara svo sem unt er fje ríkissjóðs, og víða er bent á leiðina, sem sje að fækka óþörfum embættum, og draga á þann hátt úr hinni þungu byrði, er á ríkissjóði hvílir, sökum hinna afarfjölmennu embættismannasveitar, sem óneitanlega er að verða þjóðinni um efni og ástæður fram að launa, enda að hundraðstölu óefað hærri en í flestum eða öllum nálægum menningarlöndum. Þetta frv. gengur því í þá átt að lækka þessi útgjöld, þótt að litlu sje. Allir þekkja yfirstandandi fjárhagsvandræði og þarf ekki að þylja neinar tölur til að sanna það. Nú er það svo, að því er snertir þessar 2 sýslur með afstöðu og staðhætti, að það verður ekki sagt, að sameining þeirra sje neinn ógerningur; með öðrum orðum, við flm. álítum, að vegalengdir eða víðlendi sje ekki einum manni ofvaxið til yfirferðar. Sje gert ráð fyrir, að sýslumaðurinn t. d. sitji við Þjórsárbrú, þá er það an til ystu takmarka víðast hvar ekki nema um 50 km., en austur undir Eyjafjöll, sem er mesta vegalengdin, um 78 km. Sje aftur gert ráð fyrir, að hann sæti við Ölfusárbrú, sem auðvitað vel getur átt sjer stað, þá munar það ekki mjög miklu, því að milli brúnna munu

aðeins vera 20 km. Til samanburðar má geta þess, að frá Húsavík, sem er bústaður sýslumanns Þingeyinga, og út á Langanes eru um 125 km., og frá Vík í Mýrdal til ystu takmarka sýslunnar um 250 km. Þegar líka er tekið tillit til þess, að Suðurlandsundirlendið er eitt veganet, fáar ár illar yfirferðar nema Markarfljót og Þverá, sem munu ekki vera sjerlega vond vatnsföll venjulegast, en í Skaftafellssýslu margar ófærar ár og torfærur, auk afarmikillar vegalengdar sveita á milli, þá verður samanburðurinn því engan veginn til stuðnings, að sameiningin sje nokkur fjarstæða.

Þá kem jeg að öðru atriði, en það er fólksfjöldi sýslnanna. Jeg get hugsað, að mótstöðumenn frv. muni telja það sem aðalástæðu gegn þessu frv. Árið 1920 voru í Árnes- og Rangárvallasýslunum 9500 manns, en til samanburðar má geta þess, að í Ísafjarðarsýslum og Ísafjarðarkaupstað eru íbúar eitthvað nokkuð á 9. þúsund. Þetta er að vísu ekki munur, sem mikið er úr gerandi, enda er erfiðleiki sýslumannsembættisins ekki svo mjög kominn undir fólksfjöldanum út af fyrir sig, heldur fjölbreytni atvinnuveganna, og þá ekki síst viðskiftalífinu og siglingunum. En þarna eru atvinnuvegirnir mjög fábreyttir; aðallega landbúnaður og sjávarútvegur, þó tiltölulega lítill. Þá skal jeg geta þess, að síðan 1915 hefir fólkinu fækkað um 440, og bendir það til þess, að ef atvinnuvegir og aðrir búnaðarhættir haldast óbreyttir, þá muni íbúatalan ekki vaxa að mun á komandi árum.

Þá er fróðlegt að athuga, hversu tíð málaferli eru í þessum sýslum og hversu margir dómar eru þar upp kveðnir, því að sjálfsögðu baka allar slíkar óeirðir og málsýfingar sýslumönnum mikla fyrirhöfn og tímaeyðslu. En því hefir verið þannig háttað, að árið 1917 var ekkert mál dæmt í Árnessýslu og í Rangárvallasýslu sömuleiðis. Árið 1918 í Árnessýslu 3 sakamál, en í Rangárvallasýslu ekkert. Árið 1919 í Árnessýslu 2 sakamál, dæmd, 3 lögreglumál og 1 einkamál, en í Rangárvallasýslu sama ár 1 sakamál, sem ekki var dæmt, 4 lögreglumál (brot á fjallskilareglugerðinni). Árið 1920 í Árnessýslu 2 einkamál, dæmd, og 1 lögreglumál, en í Rangárvallasýslu sama ár 1 sakamálsrannsókn, 3 alm. lögreglumál og 1 einkamál.

Þetta er þá málafjöldi þessara sýslna, og verður sannarlega ekki sagt, að það sjeu miklar róstur í hjeraði. Að vísu er ekki upplýst, hve mikill málafjöldi er í öðrum sýslum landsins á sama tíma, en ekki er ósennilegt, að í ýmsum sýslum sjeu fleiri mál en jafnvel í þessum báðum til samans, og segi jeg það sýslubúum til lofs, en ekki vansa.

Þá er að líta á siglingar til þessara hjeraða, því að það hefir mikil og margvísleg áhrif á störf sýslumannsins, ef skipaferðir eru þar miklar. En því er nú þannig varið, að til Rangárvallasýslu kemur aldrei neitt skip, og valda því hafnleysur. Í Árnessýslu koma sárafá skip á ári hverju, venjulega 2—4 og eitthvað lítið þar yfir, þegar mest er.

Að öllu þessu athuguðu lítum við flm. svo á, að það sje langt frá því að vera ókleift fyrir einn og sama sýslumann að gegna báðum sýslunum, og sje það full alvara þings og stjórnar að fara eftir vilja kjósenda, að fækka embættum, þá skilst mjer, að hjer sje ástæða til breytingar, sem ekki er hægt að ganga fram hjá.

Sjerstaklega má gera sjer von um, að stjórnin leggist ekki á móti þessu frv., því að eitt af aðalatriðunum í program-

ræðu forsrh. (S. E.) var, að stjórnin vildi taka til athugunar, hvort ekki væri hægt að minka embættabákn landsins.

Það mun kannske haft sem mótbára gegn frv. þessu, að þetta mál hafi ekki verið borið undir sýslubúa. En þar til er því að svara, að ekki var leitað til sóknarmanna hjer um árið, er prestaköllum var steypt saman, og það víða þvert á móti vilja og óskum safnaðanna. Það dundi eins og reiðarslag yfir fólkið, og munu sárafáir hafa óskað þeirra breytinga. Þingið áleit að þetta þyrfti að gera, og hjer er hliðstæð ástæða til þessa gagnvart hinu fjölmenna og afarkostnaðarsama „embættismannabákni".

Jeg skal nú ekki fjölyrða um þetta frekar; býst við að þeir, sem á móti þessu frv. ætla að leggjast, vilji nú fara að fá orðið, og skal jeg ekki standa lengur í ljósi fyrir þeim.

Gunnar Sigurðsson: Jeg get ekki neitað því, að jeg fjell í stafi, er jeg sá þetta frv. sparnaðarnefndar. Mjer datt í hug hið fornkveðna: Hversu lengi ætlar þú að níðast á þolinmæði vorri o. s. frv. Jeg leit í fyrstu með velvilja á starf þessarar nefndar og reyndi að fylgjast með henni, en komst þó brátt að raun um, að tillögur hennar voru hinar fólslegustu og starf hennar myndi eigi geta komið að neinum notum. Til þess vantaði rjetta hugsun og heilbrigða skynsemi í tillögur hennar. Þó verð jeg að segja, að þetta frv. setur kórónuna á alt hennar starf. Það er ákaflega varhugavert að taka einstök atriði út úr ákveðinni heild, án þess að taka nokkurt tillit til heildarinnar. Og hjer hefir nefndin dottið ofan á, ef ekki það allra vitlausasta, þá það næstvitlausasta, sem hægt var að stinga upp á í þessu máli. Það hefði má ske verið enn þá fráleitara að stinga upp á sameiningu Eyjafjarðarsýslu og Vestmannaeyja.

Það er heldur ekki von á góðu, er þetta er borið fram án þess málið sje nokkuð hugsað eða borið undir hlutaðeigendur. Jeg álít það alveg ósæmilegt, að ekki skuli hafa verið leitað álits sýslubúa um þetta mál. Það er þó það minsta, sem hægt er að ætlast til. Annað mál er hitt, að menn eru sjálfráðir, hvort þeir fara eftir því.

Hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) mældi margt í kilometrum, en það var alt út í bláinn og sýndi ókunnugleika hans. Yfirleitt bar öll ræða hans vott um ókunnugleika á undirstöðuatriðum þeim, sem hann bygði á. Jeg hefi nú ekki mælt sýsluna svo nákvæmlega í km., en hygg þó, að lengd þeirra takmarka á milli sje hjer um bil 200 km., og til norðurs ná þær til Sprengisands. Annars skal jeg ekki fjölyrða um þetta, því það er ekkert aðalatriði.

Þá mintist hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) á fólksfjöldann, en bygði að vísu ekki á því. En fyrir mjer er það aðalatriðið. Hvers vegna heldur hann, að bæjarfógetaembættinu hjer í Reykjavík hafi verið skift, nema af því, að bærinn var orðinn of mannmargur til þess að einn maður kæmist yfir að gegna því. Og í Árnes- og Rangárvallasýslum eru 10 þús. manns. Jeg get nú fullyrt það, að sýslumaðurinn í Árnessýslu hefir meira að gera en nokkur annar sýslumaður á landinu. Það vita allir, að embættið hefir verið í hinni mestu óreiðu síðustu ár. Enda kvartar núverandi sýslumaður yfir því, að hann geti varla annað störfum án þess að hafa fulltrúa.

Þá var landafræðivanþekking þm. (St. St.) dálítið einkennileg í laginu. Hann sagði að engar ár væru í Rangárvallas. En jeg get nú talið hjer upp fjölda, svo sem Þverá, Affall, Markarfljót o. m. fl.,

sem oft eru bráðófærar. (St. St.: Jeg nefndi ár). Já, en ekki fyr en hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) hafði hvíslað því að honum. Mjer dettur í hug skólapilturinn, sem fullyrti, að engar ár og ekkert vatnsfall væru í Rússlandi.

Þá talaði hann svo, sem Rangárvallasýsla væri eitt veganet, en þar er eiginlega ekki nema einn þjóðvegur, Holtavegurinn, og hann er oft svo ófær og illur yfirferðar, að nærri liggur, að póstgöngur stöðvist af þeim ástæðum.

Þá gat hv. frsm. (St. St.) þess, að í þessum sýslum væri enginn sjávarútvegur. Jeg vil nú minna hann á það, að í Árnessýslu eru 2 kauptún, sem til samans eru stærri en Siglufjörður, og væri meiri ástæða til að gera þau að sjerstöku lögsagnarumdæmi, og mun jeg bera fram brtt. um það, ef frv. þetta verður ekki felt frá 2. umræðu. Í þessum kauptúnum er mikill útvegur.

Þá er að minnast á verslunina. Til þessa hefir verslun af Suðurlandsundirlendinu hjer um bil eingöngu verið á Eyrarbakka. Í austurhluta þess, eða Rangárvallasýslu, eru tvö kaupfjelög, sem hafa mestan hluta af versluninni að austanverðu. Þessi kaupfjelög vilja ekki sækja til Eyrarbakka, en hugsa sjer helst að fá skip beint upp á Landeyjasand; hafa þeir nú um tíma fengið skip frá Vestmannaeyjum.

Enn er á það að líta, að Rangárvallasýsla er eitt af elstu og söguríkustu lögsagnarumdæmum á landinu; vil jeg fyrir því í nafni allra Rangæinga mótmæla því, að hún verði lögð undir önnur lögsagnarumdæmi, að minsta kosti ekki án samþykkis íbúanna.

Þá vildi jeg athuga, hver sparnaður mundi verða af þessari samsteypu.

Það er skemst frá að segja, að hann mundi enginn verða. Sýslumaðurinn mundi verða settur á biðlaun til 5 ára, en þá mundi verða að breyta þessu aftur í sama farið, vegna þess, að þá yrði fólkið orðið svo margt, ef nokkuð má af líkum ráða um það.

Það er að vísu rjett hjá hv. frsm. (St. St.), að fólkinu hefir fækkað um 400 á síðustu áratugum, en aðalástæða þess er sú, að fólk hefir flust mjög mikið til Vestmannaeyja, einkum úr Rangárvallasýslu, en þetta hlýtur að breytast í náinni framtíð, því Vestmannaeyjar eru orðnar fólksmargar; auk þess vantar þar að mestu landsnytjar; hafa því eyjarskeggjar tekið að leita til lands, til grasnytja, og landbúnaðarafurða, og er líklegt, að það fari í vöxt, en þeir sækja þá mest upp í Rangárvallasýslu. En einkum ef þess er gætt, að þessar sýslu eru bestu landbúnaðarsveitir landsins, er líklegt að fólkinu fjölgi, ef samgöngur batna, þannig, að þessi fyrirhugaða samsteypa hjeldist ekki lengi. Það yrði því enginn sparnaður að henni.

Jeg gleymdi að geta þess, þegar jeg talaði um verslunina í þessum sýslum, að hv. frsm. sagði, að þangað kæmu að eins 5 skip á ári, og þótti honum lítið. Jeg vildi nú benda hv. þm. á það, að þessi skip eru venjulega stór skip, sem koma þangað með heila farma af vörum.

Jeg hefi komið fram með þingsályktunartillögu þess efnis, að stjórnin geri uppkast að fækkun embætta, því jeg hefi sjeð, að hv. sparnaðarnefnd hefir engin tök á því. Þessi till. kemur á morgun fram í deildina. Jeg skal loks geta þess, að jeg tel að lítill vegur hefði verið að sameina Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, því hún er miklu mannfærri, og því minni líkur til þess, að þyrfti að breyta strax aftur; en þetta frv. tel jeg hina mestu endemis fjarstæðu.

Eiríkur Einarsson: Þegar jeg kvaddi mjer hljóðs, vissi jeg ekki, að hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) mundi tala, en þar sem hann hefir tekið margt það fram, sem jeg vildi sagt hafa, um þetta mál, mun jeg verða stuttorðari en ella, enda er eigi ástæða að ræða lengi jafnfeigfætt frv. og þetta er. (S. St.: Það er andvana fætt.). Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), sem er flutningsmaður frv., segir, að það sje andvana fætt. Vil jeg biðja hv. þm. að leiðrjetta það, sem jeg sagði fyrst.

Í ástæðunum fyrir þessu frv. taka flutningsmennirnir það fram, að sama sje um það að segja og sameining Dala- og Strandasýslna. Þetta er höfuðfirra. Ástæðurnar eru að vísu svipaðar, ef þannig er litið á, að strandlengjan ein skuli ráða stærð lögsagnarumdæma, en það er dálitið nýstárleg kenning. Ef miðað væri við þetta, skal jeg játa, að Árnes- og Rangárvallasýsla eru til samans minni en Dala- og Strandasýsla, en þess þarf naumlega að geta, að þessi ástæða er óframbærileg og hefir lítil áhrif á það, hvort embætti sýslumannsins er erfitt og umsvifamikið. Í sýslum, sem eru strandhægar, geta mikil ferðalög gert embætti sýslumanna erfitt, og hv. þm. hljóta ennfremur að játa, að í hinni lögboðnu yfirreið sýslumanna, manntalsþingahaldi, fer ekki lengd eða erfiði ferðalagsins eingöngu eftir vegalengd milli endimarka sýslunnar, heldur einnig eftir því, hve víða þessi manntalsþing skuli heyja, eða með öðrum orðum eftir því, hve sýslan hefir marga hreppa. Nú vildi jeg minna hv. deild á það, að Árnessýsla er 2. hreppaflesta sýsla á landinu. Hreppaflest er Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, sem hefir 18 hreppa; þó má geta þess, að þessi sýsla er steypt upp úr tveimur. Næst er Árnessýsla, með 16 hreppa, og Þingeyjarsýslur, með jafnmarga. Manntalsþingaferðir í Árnessýslu eru því venjulega taldar 3 vikna ferðalag.

Rangárvallasýsla hefir 10 hreppa. Ef sýslurnar væru sameinaðar, mundi hið nýja lögsagnarumdæmi hafa 26 hreppa, eða miklu fleiri en nokkur önnur sýsla á landinu. Nú má og líta á það í þessu sambandi, að margir af hreppum þessum eru mjög búandmargir, víða 60—90 býli, eða með öðrum orðum með býlaflestu hreppum á landinu.

Hv. frsm. (St. St.) heldur því fram, að fólksfjöldinn sje ekkert höfuðatriði í þessu máli, heldur fjölbreytni atvinnuveganna. Jeg skal játa, að hvorugt um sig ræður algerlega, heldur ræður fólksfjöldinn í hlutfalli við fjölbreytni atvinnuveganna.

Nú eru venjulegir atvinnuvegir hjer á landi sveitabúskapur og kaupstaðaatvinna. Í Árnessýslu er þetta hvorttveggja. Eins og háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) gat um, eru þar 2 kauptún og hið 3. að vaxa upp. Jeg vil biðja hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) að líta á það, að 2 þessara kauptúna eru til samans stærri en sumir kaupstaðir, eða hafa hartnær 2000 íbúa. Bið jeg hann þá að renna huganum til Siglufjarðar.

Eitt var það enn, sem einkum átti að vera mælikvarði á það, hvort sýslumannsembætti sje erfitt eða ekki, í ræðu hv. 1. þm. Eyf. (St. St.), og það var það, hve mörg mál væru dæmd árlega í lögsagnarumdæminu; en jeg vil leyfa mjer að spyrja hann, hvort embættisgæslan gæti ekki verið erfið án þess að mörg mál sjeu dæmd.

Árið 1916 var jeg settur sýslumaður í Árnessýslu, og er mjer kunnugt um, að þá var mikið að gera þar, en jeg man ekki, hvort nokkurt mál var dæmt þar þá. En lögreglumál voru þá svo mikil

í Árnessýslu, að jeg efast um, að þau hafi verið meiri nokkursstaðar annarsstaðar.

Jeg er viss um það, að ef hv. sparnaðarnefnd hefði látið svo lítið að leita upplýsinga um þetta í stjórnarráðinu, þá hefði það staðfest mitt mál.

Nú vil jeg snúa mjer að mannfjöldanum í þessum sýslum. Eftir manntalsskýrslum voru í árslok 1920 5696 manns í Árnessýslu, en Rangárvallasýslu 3865. Þá voru í Strandasýslu 1761 og í Dalasýslu 1909 manns. Í Dala- og Strandasýslum eru til samans nokkuð færri íbúar en í Rangárvallasýslu einni.

Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla þykir lögsagnarumdæmi meira en í meðallagi; skal þess getið, til samanburðar, að þar eru 3919 manns við áminst manntal.

Suður-Múlasýsla þykir stærsta og einna erfiðasta lögsagnarumdæmi á landinu, en þar eru 5169 íbúar, eða talsvert færri en í Árnessýslu.

Ef sparnaðarnefndin hefði hugsað þetta mál, mundi hún þó fremur hafa lagt til að sameina Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu; hefði hún þá getað sameinað Austur-Skaftafellssýslu og Suður-Múlasýslu. Er jeg þó ekki að mæla með þeim sameiningum.

Þetta sýnir, hve mikið fálm og flaustur þetta frv. nefndarinnar er.

Hjer hefir ekki verið minst á það, að landsstjórn og löggjafarvald hafa ákveðið, að laun sýslum. í erfiðum sýslum skuli vera meiri en í hægum, og sje það af því, að skrifstofukostnaður sje meiri. Mjer er kunnugt um, að Árnessýsla er þar í hæsta flokki, og skrifstofukostnaður í Rangárvallasýslu er talsverður. Er verið að launa þar fyrir ekki neitt? Einnig þetta ætti að vera háttv. flm. íhugunarefni. Það var tekið fram af háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), að rangt væri að líta á það, að íbúatalan hefði lækkað á síðasta áratug. Jeg hefi þá von og vissu, að fólkinu fjölgi í þessum bestu landbúnaðarsveitum Íslands; vona jeg, að hv. sparnaðarnefnd stuðli að því með löggjafarstarfi sínu.

Margir hafa talað um að leggja járnbraut þarna austur, og vonandi rætist það. Ef svo yrði, mundi fjölga fólki þar meira en hv. sparnaðarnefnd grunar. En henni er annað lagnara en að líta fram undan sjer.

Jeg mun svo ljúka máli mínu. En jeg tel mikil brjóstheilindi þurfa til þess að bera fram slíkt frv. sem þetta, einkum er þess er gætt, að hv. fyrri flm. (St. St.) hefir nýlega hampað frv. um það að fá nýjan þm. fyrir smákaupstað.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Þessir hv. þm., sem tekið hafa til máls, hafa borið svo ört á, að jeg hefi varla haft við að skrifa niður hið helsta.

Hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) byrjaði á því að skýra frá því, að hann hefði fallið í stafi yfir frv. Það er óskaplegur missir og mikill skaði um svo stóran mann.

Hann sagði, að sparnaðarnefndin hefði níðst á þolinmæði sinni og deildarinnar, en taldi sig þó hafa fylgt henni lengst af að málum. En í þessu máli gat hann loks ekki fylgt henni lengur, sem ekki var sjálfsagt fyrir það, að hann mælti þá „staðlausu stafi“ og fjarstæður, er hann gerði.

Hann gat þess, að þekking mín á vegum þarna austur frá mundi lítil vera. Jeg man það mjög vel, þegar jeg fór hjeðan úr Reykjavík fyrir nokkrum árum (1917) austur í Fljótshlíð, að þá var vegurinn ekki verri en það, að við allmargir þm. fórum í bifreiðum alla leið þangað austur. Það mundi því víðast á landinu vera talinn þolanlegur

vegur, en þar fyrir austan mun vera mikill minni hl. Rangárvallasýslubúa, svo það yrðu ekki tíðar ferðir fyrir sýslumanninn yfir óbrúuðu vatnsföllin þar austur frá. Vegalengdirnar hjá mjer sagði hann vera fjarri sanni, en gat engar vegalengdir hrakið af þeim, er jeg mintist á, enda voru það ábyggilegar mælingar. Hann sagði, að milli endapunkta sýslnanna beggja mundu vera 200 km. Auðsjáanlega hefir hann litla hugmynd um vegamælingar þar eystra; það er alt á reiki og ekki nema ágiskunin ein.

Jeg hefi sýnt fram á, að ef sýslumaðurinn býr við Ölfusárbrú, þá verður vegalengdin frá austurtakmörkunum að telja tæpir 100 km., en búi hann við Þjórsárbrú, sem jeg verð að álíta að ýmsu leyti hagkvæmara, þá verður það̃an og austur að sýslutakmörkum ekki nema 78 km. leið. Er því ekki eitt orð hrakið af því, sem jeg sagði um vegalengdina, í þessari löngu ræðu hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.).

Jeg mintist alls ekki á Holtaveginn. Það var hv. þm. sjálfur, sem gerði það, enda skilst mjer, að öll hans píslarganga í vegamálunum miðist við þennan eina vegarspotta. Annars er sá vegur sagður illur yfirferðar, gangi miklar rigningar, en annars er hann allgóður yfirferðar, eftir sögn kunnugra, og kemur það vel heim við það, hve geysimikið fje hefir verið til hans lagt.

Um siglingar til kauptúnanna austan fjalls og útflutning þaðan hafði hann lítið fram að færa á móti því, sem jeg hafði sagt. Jeg hefi hjer fyrir framan mig verslunarskýrslur Árnessýslu, og skal þá leyfa mjer að benda á það, að árið 1920 nam útflutningsgjaldið 2186 kr., og sama ár varð vörutollurinn 6891 kr. Það er næsta undarlegt, ógni mönnum sú vinna, sem fer í að gera svo smávægilegar skýrslur og heimta þessar upphæðir inn. Eða skyldi öðrum sýslumönnum og bæjarfógetum, sem afgreiða skip árlega í tugatali, blöskra annað eins og þetta? Nei, það tekur sannarlega ekki marga daga að gera upp þá reikninga.

Þá er það hv. 1. þm. Árn. (E. E.). Hann hjelt, að jeg miðaði alt við strandlengjuna í vegalengdum þeim, er jeg nefndi. Hann hefir þá ekki heyrt, hvað jeg sagði, eða ekki skilið það, eða þá að hann hefir viljað rangfæra orð mín vísvitandi. Og skal jeg ekkert um það fást, hverju af þessu þrennu er um að kenna, eða hvort því er öllu til að dreifa.

Hann sagði, að í kauptúnunum í Árnessýslu væru 2000 manns. (**E. E.:** Framt að 2000 manns). Já, framt að 2000 manns, en jeg vil benda honum á, að árið 1920 eru þar tæp 1500 manns, svo að þarna skeikar nokkru hjá háttv. þm. (E. E.).

Hann sagði líka, hv. 1. þm. Árn. (E. E.), að sýslumaðurinn í Rangárþingi þyrfti lítið skrifstofufje. Þetta kemur vel heim við það, sem jeg hefi haldið fram, að einn sýslumaður yfir báðum sýslunum, með hæfilegu fje til skrifstofuhalds, kæmist hæglega yfir að þjóna embættinu, svo þessi röksemdafærsla er mjer eindregið í vil, eða mínum málstað, gagnvart flutningi frv. — Eða máske þeir hafi óvenjumörgum hnöppum að hneppa, sýslumennirnir þarna austur frá? Og hv. 1. þm. Árn. (E. E.) væri vís að gefa upplýsingar um það, hver hafi eftirlit með bankanum eða víxlastofnuninni á Selfossi í fjarveru þm.?

Þessi sami hv. þm. (E. E.) bar saman fólksfjöldann í Dala- og Strandasýslum við fólkstöluna í Árnes- og Rangárvallasýslum. Hún er ekki stærsta atriðið. En hver getur borið saman

ferðalög um láglendið þar austur frá og allar torfærurnar og vegalengdirnar í Strandasýslu? Austur frá eru það skemtiferðalög, svo að segja á hvaða tíma sem er, í staðinn fyrir að telja má vegleysur og vonda fjallvegi að ferðast um norður í Strandasýslu.

Þá þótti honum meira vit í því að sameina Skaftafellssýlur Rangárvallasýslu og Suður-Múlasýslu. Um það þykist jeg ekki þurfa að ræða. Aðeins þykist jeg mega fullyrða, að sú breyting mundi síst eiga fleiri meðmælendur en sú, sem hann er nú að óskapast yfir.

Forseti (B. Sv.): Jeg vil geta þess, að mjer hefir borist svo hljóðandi rökstudd dagskrá frá 1. þm. Rang. (Gunn. S.):

> **Í trausti þess, að landsstjórnin athugi, hversu hentast megi koma fyrir nýrri skipun á lögsagnarumdæmum landsins og beri fram tillögu um það á næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.**

Og er þessi rökstudda dagskrá þá einnig til umr.

Þorleifur Guðmundsson: Það er ekki af því, að jeg þykist þurfa að hjálpa þeim þm., sem mælt hafa á móti frv. þessu, að jeg stend upp. Þeir hafa báðir, hv. 1. þm. Árn. (E. E.) og hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), mælt vel og einarðlega í móti.

En af því, að það stendur á frv. þessu, að það sje fram borið af sparnaðarnefnd, þá lítur svo út, að jeg sje einn af flm. En það er jeg ekki, og þess vegna þarf jeg að segja nokkur orð.

Þegar minst var upphaflega á þetta mál við mig í nefndinni, datt mjer fyrst í hug, hvort ekki mætti spara með þessari sameining, því mjer var ljóst, frá því að jeg var kosinn í þessa sparnaðarnefnd, að okkur var ætlað að benda á allskonar sparnaðarleiðir. En jeg vissi líka, að um leið og við værum að spara fyrir landssjóðinn, urðum við að rannsaka þá hliðina, sem snýr að gjaldendunum, og athuga, hvað tekið væri frá þeim. Og jeg sá, að með þessari samsteypu sýslumannaembættanna, að gerður var órjettur fjölda manna, og því gat jeg ekki skoðað þetta sparnað. Það er ekki sanngjarnt, að þessir sýslubúar borgi eins og aðrir, en missi svo þægindi; á meðan þeir borga í landssjóðinn eins og aðrir, þá eiga þeir kröfu til sömu þæginda og aðrir.

Þetta var nú aðalástæðan, sem jeg í fljótu bragði sá að mælti í móti þessari samsteypu.

Hv. frsm. (St. St.) mintist á dómana og taldi þá fáa. Það er hverju orði sannara, en dómarnir eru enginn mælikvarði á störf sýslumanna. Þeir geta haft nóg að gera, þó að þeir sjeu ekki altaf að dæma menn í tukthúsið. Þessir fáu dómar lýsa því, að þarna austurfrá eru fáir óknyttamenn og mjög lítil málaferli. Menn lifa þar í góðum friði, og finst mjer óþarfi að vera að finna að því hjer í þingsalnum.

En svo er að líta á það, að báðir þessir sýslumenn eru hraustir enn, og engin líkindi til að þeir láti bráðlega af embætti, og hvorugur þeirra verður víst látinn fara út á gaddinn, fremur en aðrir embættismenn, þó að óþarfir sjeu orðnir. Verður þetta því enginn sparnaður í náinni framtíð.

Það hefir verið sagt um mig, í sambandi við sparnaðartill. minar, að jeg bæri þær fram vegna kjósenda minna og eitt blaðið hefir skrifað eitthvað þess efnis um mig. Sjeu þessi ummæli borin saman við vilja alþýðu og þá sjálf-

sagt minna kjósenda líka, um að láta embættismenn þjóðarinnar hafa sem mest að gera, eða þræla þeim út, ef svo mætti að orði kveða, þá held jeg að ekki verði sagt með rjettu, að jeg í þessu máli sje að hugsa um kjósendaviljann. Auðvitað vil jeg, að embættismennirnir hafi nóg að gera, vinni mikið og vinni vel, en jeg er svo framsýnn, að jeg sje að þessi hjeruð, sem um er að ræða, eiga langt um meiri framtíð en önnur hjer á landi. Jeg sje framtíðarmöguleikana og fólkið fjölga, störfin aukast þegar vonirnar rætast. Og væri þá búið að slengja saman þessum tveim sýslufjelögum, myndi brátt koma í ljós, að sýslumaðurinn heimtaði fulltrúa, fyrst einn, en svo myndi þeim fjölga undirtyllunum, sem hann þættist þurfa að hafa til þess að geta rekið embættið. Þetta byggi jeg á því, hvernig farið hefir, þar sem fólkinu hefir fjölgað, hvort sem það heldur hefir verið um síldveiðitímann á Siglufirði eða annarsstaðar, eins og t. d. hjer í Reykjavík hjá bæjarfógeta og lögreglustjóra.

Hv. flm. (St. St.) mintist á verslunina austanfjalls, þótti hún lítil, og umboðsstörfin þar af leiðandi ekki umfangsmikil. En hann tók til dæmis árið 1920, en eins og búið er að benda á, þá var það ár eitthvert hið rýrasta verslunarár, sem komið hefir yfir okkur þar eystra. Hönum hefði verið miklu nær að nefna 1820, og reikna út meðalverslunarmagn austursveitanna á árunum 1820—1920, og þá myndi hann komast að raun um, að meðaltalið sýndi, að meira er út- og innflutt í þessum hjeruðum en nokkursstaðar annarsstaðar á landinu.

Það þarf að bæta samgöngur þessara hjerað, bæði á sjó og landi, og það hlýtur að gerast á næstu árum. Áveitan mikla stendur fyrir dyrum og í sambandi við hana ótal framtíðarmöguleikar. Mjer myndi því þykja mjög leiðinlegt, ef háttv. þd. samþykti þá áníðslu hjeraðsbúum til handa, með því að steypa saman sýslunum og hafa sýslumanninn t. d. við Þjórsá. Með því yrði t. d. þeim mönnum, sem minstan farkost hafa í Árnessýslu, gert erfiðara fyrir að ná fundi sýslumanns, og kæmi það hart niður á Selvogsmönnum, Eyrbekkingum og Stokkseyringum. Þess vegna verð jeg að mótmæla þessari áníðslu í nafni kjósenda minna.

Hann sagði hjerna á dögunum, hv. frsm. (St. St.), þegar hann var að berjast fyrir Siglufjarðar-þm., að hann myndi aldrei hverfa frá því að flytja rjettmætar kröfur kjósenda sinna, og er jeg honum samþykkur um það. En úr því að hann hafði þessa fögru og rjettmætu hugsun á Norðurlandi, virðist mjer lítilmannlegt að hvika frá henni þennan stutta tíma, sem hann dvelur á Suðurlandi.

Jeg ætla að sleppa að þrátta um þessar tölur um fólksfjöldann, enda hafa aðrir borið þær fram á undan mjer.

Jeg vil enda með því að segja: Við eigum ekki að hafa jafnhörð orð um sparnaðarstarfsemi þingsins eins og hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), því sparnaðurinn er það, sem bjargar þingi og þjóð. En við eigum að byggja sparnaðinn á viti og sanngirni. Hv. Alþingi hefir kosið sparnaðarnefndina til þess að spara. En við sparnaðarmennirnir erum skyldugir til að hugsa til botns till. okkar og alt það, sem við viljum láta gera.

Með þessu frv. er verið að draga úr greipum mikils hluta þjóðarinnar rjettindi, er menn telja sjer dýrmæt.

Og jeg vil bæta því við, að þó að við viljum spara, þá megum við ekki verða svo þröngsýnir í till. okkar, að við lát-

um þær verða að skýi, sem byrgir fyrir alla vonarsól á framtíðarhimni okkar, og heldur ekki að flóði, sem drekki allri sparnaðarviðleitni þingsins.

Þarna, austanfjalls, býr kjarni þjóðarinnar. Þaðan má mikils vænta í framtíðinni til blessunar landi og lýð. Þegar þið, hv. þdm., skerðið rjettindi þeirra manna, sem þarna búa eða ætla að búa, þá munið, að þið um leið stingið í hjartastað landsins.

Bjarni Jónsson: Mjer finst vel við eiga, eftir jafnsnjalla ræðu, að segja fáein borgaraleg orð.

Ætli hv. Alþingi að ráðast í að breyta dómsmálum landsins, þá verður að athuga alt kerfið í heild, en ekki að taka út úr því einstök atriði.

Jeg býst nú við, að menn hafi fest hugann við hið forna skipulag, að koma upp kviðdómi, einum dómara í hverjum fjórðungi og fimta í Reykjavík. Þá myndu sýslumenn verða afnumdir.

En þetta þarf alt að athuga og reikna út, hvort ódýrara muni að fela öðrum mönnum umboðsstörfin, og verður þetta að gerast áður en sýslumönnum er fækkað. Það er ekki að búast við, að nokkrir menn, hlaðnir störfum, á stuttum þingtíma, geti gert þær till. um þetta mál, sem Alþingi verður svo að byggja á. Því sje jeg ekki annað ráð betra, en skjóta þessu til stjórnarinnar, til frekari rannsóknar og undirbúnings, enda hefir hún einmitt heitið því, að rannsaka embættaskipun landsins.

Jeg ætla mjer ekki að dæma störf sýslumanna eftir landabrjefi. Jeg treysti mjer ekki til að segja um, hvar erfiðast sje að ferðast, og eru þó eflaust margir ókunnugri mjer.

Jeg geri það að tillögu minni, að *máli þessu verði vísað til stjórnarinnar*. Vænti jeg, að hv. sparnaðarnefnd ljái þessari sparnaðartill. minni fylgi, úr því að hún gengur svo langt í sparnaði sínum, að hún vill spara með því að fella niður kennaraembætti eins manns við háskólann, sem bundið er við nafn hans, þó hann gæti fengið sjer dæmd full laun fyrir hæstarjetti, ef hann færi í mál. En með því að vísa þessu máli núna til stjórnarinnar, sparast frekari umr. um þetta mál, þar með tími þingsins, þar af leiðandi kaup þm., skrifara og annara starfsmanna, og margt fleira, sem jeg efast ekki um, að sparnaðarnefndin geti gert sjer í hugarlund. Vænti jeg því, að þessi till. mín verði samþykt.

Gunnar Sigurðsson: Jeg skal ekki vera margorður, en jeg fæ ekki annað sjeð, en hið sama felist í till. hv. þm. Dala. (B. J.) og dagskrá minni, og skal jeg ekki gera það að kappsmáli, hvort hún er samþykt eða dagskráin.

Með því móti að samþykkja dagskrána eða vísa málinu til stjórnarinnar sparast frekari umr. um þetta mál. Í þessu sambandi má geta þess, að hv. sparnaðarnefnd hefir orðið þinginu æðidýr liður. Hún hefir nú eytt 4—5 dögum af tíma þingsins í umr. um hinar fánýtu till. sínar, og ef hver dagur er reiknaður á 4 þús. kr., þá eru það 16—20 þús. kr. Það eru líka peningar.

Það var ekki rjett hjá hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), að jeg hafi farið háðulegum orðum um sparnað yfirleitt. Það gerði jeg ekki, en jeg dró í efa gagnsemi sparnaðartill. sparnaðarnefndarinnar. Jeg vil ekki, að sparnaðarhugmyndin verði að því flóði, sem drekki öllum sparnaði.

Hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) sagði það hjer um daginn, að hann vildi sinna öllum rjettmætum kröfum sinna kjósenda, og var það síst dregið í efa af

mjer. En hvernig ætli honum yrði við, ef farið væri fram á að afnema lögreglustjóraembættið á Siglufirði? Það væri þó sönnu nær en þetta, að taka þar upp gamla fyrirkomulagið, að hafa aðeins lögreglustjóra að sumrinu. Og sparnaður væri það. En ætli það heyrðist ekki hljóð úr horni frá hv. 1. þm. Eyf. (St. St.), ef gera ætti slíkt.

Mjer þótti leitt, að hann skyldi ekki skilja hugtakið „að falla í stafi". Hann virtist skilja það svo, að jeg mundi detta í sundur! En jeg get nú fullvissað hann um það, að svo er ekki, og jeg mun ætíð verða ofjarl hans í þessu máli. Þá kom fram nýr ókunnugleiki hjá þessum hv. þm. (St. St.). Hann hjelt, að Holtavegurinn væri nýr vegur, en svo er ekki; hann er síðan um aldamót. Þá var hann mjög hrifinn af vegunum þar eystra og kvað allar ferðir sýslumannsins þar vera skemtiferðir, og virtist hann byggja það á því, að hann hefði einhvern tíma að sumri til komið í bifreið austur í Fljótshlíð. En það sannar ekki mikið. Jeg get sagt honum, að á síðustu þingmálafundaferðum mínum eystra reið jeg vatnsföll í lendar á milli skara. Vil jeg nú skora á hv. þm. (St. St.) að ferðast einhvern tíma að vetrarlagi austur, og vita, hvernig honum líst þá á. Skal jeg nú ekki fjölyrða meira um þetta, en vænti þess, að hv. þm. sjái sóma sinn í því að láta þetta frv. ekki fara lengra.

Eiríkur Einarsson: Aðeins örfá orð. Hv. frsm. (St. St.) gat þess, að sýslumaðurinn í Árnessýslu hefði ekki meira að gera en svo, að hann gæti tekið að sjer önnur störf. Býst jeg við, að hann hafi átt við það, að hann sje bankastjóri, meðan jeg er á þingi. Það er nú svo að vísu, að sýslumaðurinn er formelt bankastjóri, meðan jeg er á þingi, og er það eðlilegt, þar sem hann býr á bankastaðnum. Hins vegar gegnir hann ekki daglegum störfum, heldur er starf hans fólgið í umsjón, svipað gæslustjórastarfi. Veit jeg, að slíkt hefir tíðkast fyr, að menn, sem í embættum sátu, gegndu gæslustjórastörfum, t. d. voru Kristján Jónsson og Eiríkur Briem gæslustjórar við Landsbankann.

Háttv. frsm. (St. St.) sagði, að það stæði næst að sameina þessar sýslur, en jeg verð að segja það, að mjer fyndist standa nær, eins og jeg gat fyr um, t. d. sameining Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, og Austur-Skaftafellssýslu og Suður-Múlasýslu, og þá því fremur Eyjafjarðarsýslu og Siglufjarðar; því að aðalstarf sýslumannsins er ekki fólgið í því, að vera á þönum í allar áttir um hjeraðið, heldur í ýmsu öðru, svo sem umboðs- og innheimtustörfum fyrir ríkissjóð, gegna erindum heima fyrir og inna af hendi ýms reikningsskil. Þetta hjelt jeg, að hreppstjórinn mundi vita. En það fer eftir íbúatölu sýslnanna, hve umsvifamikil þessi störf verða. En í Árnes- og Rangárvallasýslu eru miklu fleiri íbúar en í sýslum þeim, sem jeg nefndi. Hv. frsm. (St. St.) virtist ekki gefa þessu mikinn gaum, en leggja aðaláhersluna á stærð hjeraðanna. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um þetta. Enda þýðir ekkert að deila eða rökræða við þessa hv. sparnaðarnefnd.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Það er fátt eitt, sem jeg þarf að svara. Út af orðum hv. 1. þm. Árn. (E. E.), er hann sagði, að höfuðástæða mín fyrir sameiningu sýslnanna hefði verið sú, að hjeruðin væru eigi viðáttumikil, skal jeg geta þess, að þetta er misskilningur hjá hv. þm. (E. E.). Eftir að jeg hafði lýst staðháttum þar eystra, nefndi jeg, sem

verulegan þátt í þessu máli, fólksfjöldann, og kvaðst búast við, að mótbárum myndi verða hreyft gegn frv. vegna hans. Þetta hefir hv. þm. (E. E.) víst annaðhvort ekki heyrt, eða þá misskilið orð mín.

Þá mintist háttv. þm. (E. E.) á umboðs- og innheimtustörf sýslumanna, og hve þau væru fyrirhafnarsöm. Jeg vissi ofurvel, að sýslumenn hafa innheimtustörf á hendi, en jeg hjelt, að Árnesingar væru þeir skilamenn, að innheimtan yrði sýslumanni þeirra ekki örðug, þar sem þeir hafa bankann við hendina, því þar er þó að minsta kosti hægurinn hjá, að fá lánaða hengingarvíxla.

Hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) var að reikna út, hvað sparnaðarnefndin hefði kostað. Kom þar í ljós, sem áður, að hann er því vanastur að hlaupa á hundavaði yfir málin, og lætur honum það verk allsæmilega.

Þá get jeg ekki stilt mig um að minnast á framkomu hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) í þessu máli. Hann er í sparnaðarnefndinni og var í fyrstu eindregið með frv. og tók að sjer að flytja það; get jeg í því falli vitnað til skrifara nefndarinnar, hv. þm. N.-Ísf. (S. St.); en sakir utan að komandi áhrifa, milli nefndarfunda, bað hann um lausn í náð frá flutningi þess. En því lofaði hann ótilkvaddur að tala ekki á móti því. En nú hefir hann gerst allhávær hjer í deildinni og talið oss flm. vera að stinga hníf í hjartastað landsins með flutningi þessa frv. Jeg lít svo á, að með slíkri aðstöðu ætti hann ekki að hafa hátt um sig í þessu máli. Jeg ætlaði alls ekki að minnast á þetta, en þegar hann beitir oss meðnefndarmenn sína slíkum vopnum, þá tel jeg ekki fjarri að segja allan sannleikann um framkomu þm. (Þorl. G.) í þessu sameiningarmáli.

Það hefir aldrei verið meining okkar, flm., að sparnaður yrði að þessu nú þegar, og aldrei ætlast til þess, að sýslumönnunum yrði kastað út á gaddinn. Fyr en annaðhvort embættið losnar, er sameiningin auðvitað óframkvæmanleg.

Jeg legg eindregið á móti því, að dagskráin verði samþ., og tel rjett, að hv. deild ræði þetta mál við 3 umr. Auk þess mun spurning um, hvort hún grípur ekki inn í frv. það, sem hv. þm. Str. (M. P.) flytur hjer í deildinni, um sameining Dala- og Strandasýslna, en væri svo, þá þykir mjer illa við eiga að draga það úr höndum hans, meðan hann er veikur, og því fjarstaddur.

Forseti (B. Sv.): Út af orðum háttv. frsm. (St. St.) skal jeg geta þess, að hin rökstudda dagskrá tekur einungis til þess frv., sem hjer liggur fyrir, en tekur alls ekki til þess frv., sem hv. þm. Str. (M. P.) flytur; þótt hún verði samþ., þá kemur það frv. fram hjer eftir sem áður.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg stend upp eingöngu til að bera af mjer ósönn ámæli hv. samnefndarmanns míns og flm. frv. (St. St.). Það er ekki rjett mælt, að jeg hafi lofað að flytja frv. þetta. En til þess að skýra rjett frá málinu vil jeg leiðrjetta þegar ummæli hans, svo að hv. þd. viti, að jeg hefi ekki í þessu máli brugðist neitt ódrengilega við gagnvart samnefndarmönnum mínum.

En sannleikurinn er þessi:

Einu sinni, þegar jeg kom á sparnaðarnefndarfund, var mjer sýnd till. þessi, og farið þess á leit við mig, að

jeg gerðist flm. hennar. Og sagði jeg þá, að fljótt á litið mætti sýnast, að þetta horfði til sparnaðar. Og þar sem jeg taldi sjálfsagt að styðja hverja rjettmæta sparnaðarviðleitni, taldist jeg ekki undan því, að ef annar vildi gerast meðflm., myndi jeg fús til þess að flytja hana, þótt hún fjallaði um sparnað í mínu eigin hjeraði.

En af því, að jeg hjelt, að jeg væri ekki kosinn í sparnaðarnefnd til þess að hætta að hugsa, þá tók jeg till., stakk henni í vasann og kvaðst ætla að athuga málið nánara, áður en jeg tæki fullnaðarákvörðun. Og fanst mjer það sóma mínum nær en að flýta óhugsuðum till. inn í þingið, mjer og þinginu til lítils sóma, eins og því miður hefir við brunnið hjer. Og fyrirverð jeg mig alls ekki fyrir það, þó að jeg hugsi mál mín áður en jeg ber þau fram í hinu háa Alþingi.

Þá sagði hv. frsm. (St. St.), að jeg mundi hafa orðið fyrir utan að komandi áhrifum síðan þetta gerðist, og get jeg ekki neitað því, að svo hafi verið; því að undir umr. eins máls hjer í hv. þd. sagði þessi hv. þm. (St. St.), í svarræðu til hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), þegar rætt var um styrkveitingar til Eyjafjarðarhjeraðs, að hann skammaðist sín ekki fyrir það, þó að hann vildi spara fyrir ríkissjóð, og teldi sjer enda skylt að verða við öllum rjettmætum kröfum kjósenda sinna, og þar sem mjer var það ljóst, að þessi hv. þm. (St. St.) hugsar altaf heiðarlega, þótt hann hugsi ekki ávalt að sama skapi rjett, þá sá jeg, að í þetta sinn bar mjer að feta í hin hreinu fótspor hins kjósendakæra heiðursmanns, sem ávalt mun þó laus við alt kjósendadaður, þó fastur sje hann og trúr hjeraði sínu. Og þakka jeg honum handleiðslu þessa.

Gunnar Sigurðsson: Út af orðum hv. 1. þm. Eyf. (St. St.), að jeg færi á hundavaði, er jeg reiknaði út kostnað þann, er sparnaðarnefndin hefði í för með sjer, skal jeg geta þess, að hann var síst of hátt reiknaður. Var það af hlíf við nefndina, því að jeg var henni hlyntur í fyrstu, þótt það gæti ekki orðið til lengdar, er jeg sá, hvert stefndi. Annars þarf hv. frsm. (St. St.) ekki að bregða mjer um neinn hundavaðshátt, því að ef um alvarleg og íhugunarverð mál er að ræða, þá set jeg mig eins vel inn í þau og hver annar. Hitt er annað mál, að þegar svona ómerkileg og fyrirfram dauðadæmd mál koma fyrir, þá vil jeg ekkert um þau hugsa, en segi bara: Burt með þau!

Mjer þótti vænt um að heyra, að hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) lýsti yfir því, að hann áliti sig ekki kosinn í sparnaðarnefndina til þess, að hann hætti að hugsa. Það er augljóst, að maðurinn er að vakna og er farinn að sjá, að nokkur ljóður er á ráði samnefndarmanna hans í þessu falli. Í þessu sambandi dettur mjer í hug, að jeg heyrði það nýlega, að símameyjar væru látnar ganga undir gáfnapróf, áður en þær eru teknar til starfans. Mjer finst nú ekki vanþörf á því, að sparnaðarnefndin verði látin ganga undir slíkt gáfnapróf, áður en hún ungar út fleiri frv. hjer í deildinni.

ATKVGR.

Till. frá þm. Dala. (B. J.) um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. G., Þorl. J., B. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. B., J. Þ., P. Þ., B. Sv.

nei: S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. H., Ing. B., J. A. J., J. S., M. G., M. J., M. K., Ó. P., P. O.

Einn þm. (M. P.) fjarstaddur.

Rökstudda dagskráin frá 1. þm. Rang. (Gunn. S.) feld með 18 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., Jak. M., J. B., P. Þ., B. J., E. E., Gunn. S., B. Sv.
nei: Ing. B., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. K., Ó. P., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. Þ.
Einn þm. (M. P.) fjarstaddur.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. Þ., H. K., Ing. B., J. A. J., J. S., M. G., M. J., M. K., Ó. P., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó.
nei: B. J., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. B., J. Þ., P. Þ., Þorl. G., B. Sv.
Einn þm. (M. P.) fjarstaddur.

Á 36. og 37. fundi í Nd., dagana 30. og 31. mars, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., mánudaginn 3. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 110, 164).

Frsm. (Stefán Stefánsson): Jeg bað eiginlega ekki um orðið. Jeg hefi við 1. umr. málsins tekið fram það, sem jeg tel þurfa, um helstu atriði þess, og því ekki verið mótmælt með neinum rökum, því hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), sem er að byrja „að hugsa", vil jeg ekki trufla, ef hann mætti þá verða kjósendum sínum til meiri ánægju. Sje jeg því ekki neina ástæðu til að tala frekar um málið að svo komnu.

Gunnar Sigurðsson: Jeg býst við, að hv. þdm. hafi tekið eftir brtt. þeirri, er jeg hefi borið fram við frv. þetta, og stendur á þskj. 164.

Jeg skal taka það fram, að jeg er principielt á móti sameiningu kjördæma — lögsagnarumdæma, vildi jeg sagt hafa, nema tekin sjeu í heildarkerfi til ítarlegrar rannsóknar. En ef Alþingi á annað borð gengur inn á þá braut að taka einstök lögsagnarumdæmi út úr heildinni og sameina þau, þá má fullyrða, að sameining þessi liggur einna beinast við. Er það næsta auðvelt að leiða rök að því.

Fólksfjöldinn, sem hlýtur að verða hjer eitt aðalatriðið, er meiri í þessum lögsagnarumdæmum en flestum öðrum á landinu. Eyrarbakki og Stokkseyri hafa til samans 1858 íbúa og sýslurnar báðar alls 9561 mann. Skal jeg til samanburðar geta þess, að Siglufjörður hefir að eins 1153 íbúa.

Þá kemur að því atriði málsins, í hverju þessara lögsagnarumdæma sje mest festa.

Eins og mönnum er kunnugt, er Siglufjörður að eins nokkurra ára gamall sem sá kaupstaður, sem hann nú er. Árið 1910 voru þar að eins 654 íbúar. En á stríðsárunum óx bærinn mjög, eins og vænta mátti af slíkum framleiðslustað, í jafnháu verði og öll framleiðsla var þá. Nú er hann í afturför, og þótt langt sje frá því að jeg æski þess, þá gæti vel farið svo, að sá bær muni innan skamms hverfa úr sögunni sem síldveiðistöð. Bendir til þess meðal annars það, að síðustu árin hafa aðrar síldveiðistöðvar verið mjög í uppgangi á kostnað Siglufjarðar. Skal jeg til nefna Ingólfsfjörð, Reykjarfjörð og síðast en ekki síst Höfðavatnið, sem í framtíðinni kynni að draga einna mest frá Siglufirði,

ef það verður gert að síldarhöfn. Virðist enda svo, að Siglfirðinga sjálfa sje tekið að gruna um örlög Kartagóborgar, og skal jeg sem dæmi tilfæra vísu eina, sem jeg hefi tekið upp úr dagblaði þaðan að norðan, Hún hljóðar svo:

„Skeiðs af kaupum sýpur seyði
siglfirsk kænsku-ráðsnildin.
Bráðum er kotið alt í eyði,
en alt af fjölga þúsundin."

Aftur á móti er með rökum hægt að sýna fram á það, að þorpin þarna austur í sýslunum hafa miklu meiri festu, og þarf ekki annað en benda á sögu þeirra.

Hv. frsm. (St. St.) sagði við 1. umr. þessa máls, að mjög lítill sjávarútvegur væri bæði á Eyrarbakka og Stokkseyri og víðar í þessum sýslum. Á þessu sjest best ókunnugleiki háttv. þm. á þessum efnum. Þessi tvö þorp lifa þó mest á sjávarútvegi, og svo er um ýmsa aðra staði í þessum sýslum. Má svo benda á, að Eyrarbakki og Stokkseyri standa ólíkt betur að vígi en Siglufjörður, að því leyti, að þar er sandjörð góð og kartöflurækt mikil, og auk þess víðáttumikið uppland og ágæt slægjulönd. Hjer við bætist svo það atriði, sem jeg hefi lagt mesta áherslu á, en það er, að austurhjeruðin eiga mikla framtíð fyrir höndum og hljóta bráðlega að aukast mjög að viðskiftamagni og fólksfjölda.

Þá kem jeg að því atriði, hvert af þessum lögsagnarumdæmum hafi mest lagt af mörkum hvað snertir starffært fólk, framfarir og menning í landinu. Um Siglufjörð er það að segja, að hann hefir ávalt þurft að fá fólk frá öðrum hlutum landsins, og höfum vjer Sunnlendingar og Reykvíkingar meðal annars orðið að færa þangað allmiklar mannfórnir. Og því miður hefir þessi kaupstaður oft og einatt skilað mörgu af þessu fólki aftur úr sjer gengnu, bæði efnalega, líkamlega og andlega. Um Árnes- og Rangárþing er það aftur að segja, að þaðan hefir árlega flust fjöldi hraustra og ágætra manna til annara hjeraða landsins. Skal jeg þar fyrst til nefna Vestmannaeyjar, er þessar sýslur hafa lagt til margan hraustan og harðfengan sjómanninn, og margir bestu skipstjórar Reykjavíkur eru af Suðurlandsundirlendi.

Þá skal jeg benda á menningarstarf og aldur þessara sýslna og bera saman við Siglufjörð, sem er bæði ungur kaupstaður og þykir til þessa hafa borið heldur fáskrúðuga menningu. Jeg býst við, að Haukdælir og Oddaverjar mundu þola samanburð, að því er menningu og sögu landsins snertir, við síldar- og lýsiskongana siglfirsku, Söbstad, Tynes og hvað þeir nú heita allir saman.

Jeg vil nú bjóða háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) að taka þessa till. mína aftur gegn því, að hann taki aftur frv.

Rjetta leiðin er að vísa þessu máli til stjórnarinnar og mælast til þess, að hún taki til íhugunar, á hvern hátt mætti fækka lögsagnarembættum hjer á landi. Það er hyggilega að farið, þar sem aftur á móti þetta, að taka einstök umdæmi út úr heildinni, frá mínu sjónarmiði stríðir á móti allri heilbrigðri skynsemi.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Jeg hefi verið að reyna að punkta niður hjá mjer meginatriðin í ræðu hv. síðasta ræðumanns, en hefi ekkert fundið, sem rjettlæti brtt. hans, nje gefi nokkra ástæðu fyrir rjettmæti hennar. Háttv. þm. játaði, að hann væri principielt á móti sameiningu kjördæma. (**Gunn. S.:** Það var mismæli, sem jeg leiðrjetti strax.) Jeg skildi ekki heldur, hvað þessi hv. þm. gæti átt við með því. — Þá varð honum tíðrætt um fólksfjöldann í þessum sýslum. Ef til vill man háttv. þm.,

að við 1. umr. taldi jeg einmitt fólksfjöldann sem einu ástæðuna móti samsteypunni. En það er, eins og jeg hefi áður tekið fram, ekki einvörðungu undir fólkstölunni komið, hve marga sýslumenn þarf, heldur undir hinu, hve mikið og margbreytt starf er þar að vinna, og finst mjer, að löglærður þm. ætti að skilja þetta. Háttv. þm. (Gunn. S.) sagði, að nú væri óðum að fækka á Siglufirði, og mundi því fara í eyði, en telur þó fleira fólk þar en jeg, og þangað streymir fólk árlega, til að leita sjer atvinnu, jafnvel úr Árnes- og Rangárvallasýslum. Af þessu geta allir sjeð, hve ályktunin er skynsamleg, um að fólkinu fækki á Siglufirði og að þar liggi við auðn. Við síðasta manntal var íbúatalan þar 1128, en samkvæmt því, sem þessi háttv. þm. (Gunn. S.) sagði áðan, eru þar nú 1153. Það hefir því nú á síðustu tímum enn fjölgað um 25 manns. Í Árnes- og Rangárvallasýslum hefir aftur á móti fólkinu fækkað um 441 mann tíu síðustu árin. Þetta er að segja um fjölgunina þar, en um hinn líkamlega og andlega „þroska“ fólksins er óefað snjallast fyrir okkur báða að fara sem minst út í allan samanburð hvað það snertir. Það er ekki rjett eftir haft hjá háttv. þm., að jeg hafi lagt svo mikla áherslu á það, að sjávarútvegur væri sama sem enginn í þessum sýslum. Jeg taldi hann tiltölulega fremur lítinn, eftir fólksfjölda. En um hitt gat jeg, að skipakomur væru þar mjög fáar, en eins og háttv. þm. hlýtur að vita, þá hafa þær mikil áhrif á starf sýslumannsins. Þá sagði háttv. þm. (Gunn. S.), að geysimikil kartöflurækt og þarauppgrip væru bæði á Eyrarbakka og Stokkseyri. Jú, mjer er nú að nokkru kunnugt um kartöfluuppskeru þar, en að þær eða þarinn verði sýslumanninum til sjerstaks verkaauka, skil jeg ekki. Jeg bjóst satt að segja ekki við, að sýslumenn eystra þar fengist svo mjög við þesskonar störf. Þá sagði háttv. þm. (Gunn. S.), að austurhjeruðin hlytu bráðlega að stækka. Það kann að vera, að þm. sjái fyrir Heklugos á næstunni, sem fylli upp flóa og haf eitthvað suður á bóginn, og auki þannig við landið, en þá þætti mjer trúlegt, að það kynni að fækka mannfólkinu um leið. En svo jeg víki aftur að því, sem hv. þm. (Gunn. S.) sagði, að Siglufjörður hafi oft skilað fólkinu, er þangað leitar, voluðu, bæði efnalega, líkamlega og andlega, þá vil jeg spyrja, hvers vegna skyldi fólkið þá leita þangað í stórhópum? Það kemur þó ekki af því, sem hv. þm. (Gunn. S.) gat um, að það leiti eftir volæðinu, heldur af hinu, að á Siglufirði er betri atvinnu að fá yfir aðalatvinnutímann en á nokkrum öðrum stað á landinu, og er jeg sannfærður um, að hver, sem vill nota sjer þá atvinnu, sem þar býðst venjulega að sumrinu, og fer vel með fje sitt, hann fer miklum mun efnaðri þaðan en hann kom. Þá bar hv. þm. (Gunn. S.) fram þá fáránlegu ástæðu, að Siglufjörður væri svo ungur enn og óreyndur. Jeg veit ekki, við hvaða staði ætti heldur að leggja rækt en þá, sem eru í örum uppgangi. Enda voru Siglufirði nýlega veitt bæjarrjettindi af þessum sökum, að brýn nauðsyn þótti til, vegna vaxandi fólksfjölda, mjög mikillar skipakomu eða siglinga, fisk- og síldveiða í stórum stíl, og þar af leiðandi ýmiskonar framkvæmda. Þótt aftur á móti sú gamla skipun haldist enn í austurhjeruðunum, þá er það engin sönnun þess að brýn þörf sje á, að 2 sjeu sýslumenn í Árnes- og Rangárvallasýslum, eða að svo þurfi að vera, og enginn skaði í, þótt það gamla úrelta fyrirkomulag yrði lagt niður. Jeg býst við, að bæjarfógetinn á Siglufirði hafi eins mikið að gera eins og

sýslumenn í 5—6 smærri sýslum landsins að því, er lögreglustörfin snertir, og jeg veit, að það er hans álit. Enn fremur vil jeg nefna, að árið 1920 dæmdi hann 27 lögreglumál og 15 einkamál, og árið 1921 voru þar 8 lögreglumál og 7 einkamál dæmd. Þó lögð sjeu saman nokkur ár í þessum sýslum, þá nær málafjöldi þeirra samt ekki þessu. Sannar þetta, hve mikið bæjarfógetinn á Siglufirði hefir að starfa og hve áríðandi sje að hafa þar á staðnum bæði lögreglu- og dómsvald. Þá vita allir, að austanhjeruðin hafa sáralítið til jafnaðar við Siglufjörð, hvað skipakomur snertir, því á Siglufirði liggja stundum mikið á þriðja hundrað skipa inni á firðinum í einu, enda alveg ólíkt, hvað hann leggur meira af mörkum í ríkissjóðinn en þessi hjeruð. T. d. árið 1920. Á því ári galt hann ríkissjóði í sköttum og tollum 446372 krónur, og er það engin smáupphæð. Býst jeg við, að fáum, sem athuga þetta, geti blandast hugur um, að sjálfsagt sje, að ríkið hafi þarna góðan starfsmann árið í kring til að gæta hagsmuna sinna, og það með fullkomnu dómsvaldi.

Þá skal jeg loksins minna á það, að á síðasta vetri var lögreglustjóranum á Sigluf. það að þakka, að náðist í ekki neitt smáræði af víni úr togaranum Baldri. Var það eingöngu dugnaði lögreglustjóra og manna hans að þakka, að þetta tókst, og mundi alls ekki hafa náðst, ef hann ekki hefði verið þar á staðnum. Þau vínföng námu 24 tonnum, eða alt að ¼ miljón króna virði. Gefur peningafúlga sú, sem hjer græddist ríkissjóðnum, talsvert meiri vexti af sjer árlega, en nemur launum lögreglustjórans. Geta menn af þessu sjeð, hvort það muni ekki borga sig fyrir ríkið að hafa þarna mann, sem gæti í fylsta máta laga og rjettar.

Þá skal jeg minnast lítið eitt á brtt. sjálfa.

Mjer finst það nokkuð undarleg nýbreytni, og það frá allri venju, að ætla að skipa kaupstað að kjósa sjer sjálfum bæjarstjóra, eins og í þessari brtt. er ráð fyrir gert. Bæði hjer í Reykjavík og á Akureyri hafa þau embætti verið stofnuð eftir óskum borgaranna eða bæjarbúa sjálfra, en hvers á svo þessi kaupstaður að gjalda, að hann sje neyddur til þess að löggjafarvaldinu? Í greinargerðinni er gert ráð fyrir, að hreppstjóri taki við störfum bæjarstjóra þótt kaupstaðurinn haldi rjettindum sínum. Vitanlega er þar enginn hreppstjóri; hann getur því ekki tekið við neinum störfum, enda væri sú embættisstaða dálítið brosleg, þar sem um kaupstað er að ræða. Annars er þetta svo fráleitt, að jeg vona, að háttv. deild treystist eigi til að samþykkja það. Um till. ætla jeg því ekki að eyða fleiri orðum.

Eiríkur Einarsson: Það sannast á hv. 1. þm. Eyf. (St. St.), að hann kennir eigi fyr en kemur að hjartanu. Það kveður nú dálítið við annan tón hjá honum, síðan brtt. kom fram.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta mál, en skal taka það fram, að brtt. háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) og hv. samþingismanns míns (Þorl. G.) hefir við langt um meiri rök að styðjast en till. háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.).

Jeg býst nú við, að menn telji það ekki mikla ástæðu, að annað er nýgræðingsstaður, en hinn fornfrægur menningarstaður með höfuðbólum, svo sem Haukadal og Odda. En jeg býst við, að menn líti á, að þessar sveitir eru grasgefnastar á öllu landinu og bestir landskostir, og því ástæða til, að fólkinu

muni fremur fjölga þar en fækka, ef landbúnaðurinn á nokkra framtíð fyrir sjer. En aftur á móti um Siglufjörð er engin ástæða til að ætla, að fólkinu fjölgi þar, enda meira en vafasamt, hversu heillavænlegt það væri fyrir land og lýð. —

Jeg er hissa á, að háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) skuli hafa borið þessa till. fram, því jeg hjelt, að hann hefði betur vit á því, hvaða þýðingu landkostir hafa fyrir alt landið, en þó að fólkinu hafi lítið eitt fækkað á síðustu árum í þessum sýslum, rjett undir handarjaðrinum á Reykjavík, er það engin sönnun fyrir því, að svo verði í framtíðinni, heldur er þvert á móti alt útlit fyrir, að þessar sveitir eigi mikla framtíð fyrir höndum.

Jeg hefi ekki neina trú á, að frv. um sameining þessara sýslna nái fram að ganga, og þótt brtt. sje miklu nær sanni, hefi jeg samt ekki heldur trú á, að hún verði samþykt. Það er ekki hægt að vænta þess, að slíkar breytingar, sem þessir sparnaðaryfirskinspostular gera af sliku handahófi, geti blessast. Jeg mun því leyfa mjer að bera fram rökstudda dagskrá um að eyða málinu, því það er alveg ástæðulaust að taka svona fyrir einstök lögsagnarumdæmi til sameiningar. Það er ekki til annars en að eyða þingtímanum, og er betra að slík frv. verði skorin niður þegar í stað, og þar með komið í veg fyrir þýðingarlausar málalengingar.

Jeg skal með leyfi hæstv. forseta lesa upp þessa rökstuddu dagskrá:

> **Með því að embættasameining sú, sem frv. gerir ráð fyrir, verður að teljast ósanngjörn, miðað við þá heildarskipun, sem nú er á sýslumannaembættum hjer á landi, og þar eð auðsætt er nú þegar, að frv. nær ekki framgangi á þinginu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.**

Jeg geri það vísvitandi, að skýra ekki frá, að stjórnin hafi á stefnuskrá sinni lagfæring embættaskipunarinnar, því úr því hún hefir lýst yfir því, er óþarfi að taka það fram.

Jeg þykist vita, að hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) muni nú vilja falla frá þessari flausturstill. sinni, eftir að brtt. er komin fram, enda mundi þetta frv. verða felt í Ed., þótt það kæmist í gegn um þessa hv. deild.

Jeg vona því, að hv. deildarmenn samþykki þessa rökstudu dagskrá.

Gunnar Sigurðsson: Jeg þarf ekki miklu að svara hv. 1. þm. Eyf. (St. St.). Hann sneiddi fram hjá aðalatriði málsins og reyndi aðeins að snúa út úr og afbaka það, sem jeg hafði sagt. Einna lúalegast var, hve hann reyndi að hanga í mismæli, sem mjer hafði orðið, og jeg þá þegar leiðrjetti.

Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) sagði, að **jeg þekti** ekkert til á Siglufirði, en jeg hefi hjer nýjustu hagskýrslur, og þar **stendur**, að 1919 hafi mannfjöldinn verið þar 1175, en 1920 aðeins 1125. Þetta sýnir ljóslega, að fólkinu hefir fækkað, enda vitanlegt, að aðalatvinnuvegurinn þar er í afturför. — Þá vildi hv. sami þm. (St. St.) gera mikið úr starfi bæjarfógetans, en það er ekki meira en svo, að lögreglustjóri gæti hæglega annast það, eins og áður.

Það er að vísu satt, að í sýslunum eystra hefir fólki heldur fækkað síðustu árin, en eins og jeg tók fram áðan, eru miklar líkur til þess, að því muni fjölga að mun á næstu árum.

Þá kem jeg að mismælinu, sem hv. þm. (St. St.) varð mestur matur úr. Þótt mjer yrði á að segja, að sýslurn-

ar mundu stækka, hjelt jeg, að enginn væri svo skyni skroppinn, að hann ekki vissi, að jeg ætti við mannfjöldann, enda leiðrjetti jeg þetta mismæli þá þegar.

Þá talaði hv. sami þm. (St. St.) um Heklugosin, og finst mjer tæplega sæmilegt að vera að minna okkur Rangæinga á þær mestu hörmungar, sem yfir sýsluna hafa dunið. Mætti í því sambandi benda á snjóflóðin á Siglufirði. Jeg man ekki betur en að þar hafi nýlega komið fyrir snjóflóð, sem sópaði burt húsum og gerði önnur spell. Það er því meira en vafasamt, hvort ætti að vinna að því að stækka kaupstað, þar sem altaf mætti búast við slíkum ófögnuði.

Það, sem hann talaði um þara í sambandi við sýslumanninn, var eingöngu marklaust hjal. — Þá talaði hann um, að mikið væri um málaferli á Siglufirði, og mun það rjett vera, því að þar eru óeirðamenn miklir, að minsta kosti á sumrum, en samt held jeg, að lögreglustjóri dugi til þess að halda þeim í skefjum. Aftur á móti er það misskilningur, sem hann sagði við 2. umr., að ekki væru miklar skipagöngur til Stokkseyrar og Eyrarbakka.

Hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) linaðist mjög í sókn sinni, er þessi brtt. kom fram. Skal jeg samt ekki ámæla honum fyrir það að vilja hjálpa Siglfirðingum, en vona, að ekki sannist á honum hið fornkveðna, að „sjaldan launar kálfur ofeldi."

Hvað snertir brtt. sjálfa, þá get jeg fullvissað háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) um, að hún er algerlega formleg.

Viðvíkjandi kosningu á bæjarstjóra, þá mun ekki vera hægt að banna þeim það, ef þeir vilja, en jeg held, að þeir geti látið sjer nægja hreppstjóra með lögreglustjóravaldi.

Um dagskrána skal jeg taka það fram, að mjer er sama, hvort hæstv. stjórn tekur málið að sjer, eða það verður leitt til lykta hjer á hv. Alþingi.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Jeg þarf engu að svara háttv. 1. þm. Árn. (E. E.). Hann sagði, að rökin lægju í loftinu, og var það satt hvað snertir ræðu hans sjálfs. Þau svifu svo hátt uppi í loftinu, að ómögulegt var að koma auga á þau.

Ræða hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) var að mestu leyti skýring á fyrri ræðu hans; annars talaði hann mest við sjálfan sig.

Hvað snertir snjóflóð á Siglufirði, þá falla þau aldrei á sjálfan bæinn, heldur hinum megin við fjörðinn. Þar fór um árið eitt eða tvö hús, en á þeim stað verður ekki bygt framar, enda engin ástæða til þess, því bærinn hefir nóg landrými annarsstaðar, bæði á Siglufjarðareyri og þar í nánd.

Annars held jeg, að það sje þýðingarlaust að deila lengur um þetta mál, því að sennilega hafa hv. þm. ráðið við sig, hvernig þeir muni greiða atkv.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg ætla aðeins með örfáum orðum að gera grein fyrir brtt. okkar háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.). Þetta mál hefir verið sótt á töluvert einkennilegan hátt.

Jeg þóttist verða þess var um daginn, að hv. deild vildi spara. Var þá talið sjálfsagt að fella niður þau embætti, sem helst mættu missa sig, eins og t. d. þetta. En ef hv. deild vill samþ. frv., verður hún einnig að samþ. brtt., til þess að vera sjálfri sjer samkvæm, og því mun jeg verða fylgjandi.

Vona jeg svo, að hæstv. stjórn taki þar við, sem við hættum, og samkvæmt marggefnum loforðum haldi áfram sameiningum embætta, eftir því sem við á, og um leið sjái um, að þessi hjer-

uð verði ekki órjetti beitt, samanborið við önnur. Og mun jeg því, til þess að verða sjálfum mjer samkvæmur, — ef hv. þd. samþ. brtt. okkar, sem gengur lengra í sparnaðaráttina, — samþ. frv. í heild.

Eiríkur Einarsson: Hv. 1. þm Eyf. (St. St.) vjek ekki einu orði að dagskránni, og þykir mjer vænt um það, að hann er henni ekki mótfallinn. En hann skaut nokkrum örvum til mín og talar um rökfærslur mínar, en það þykir mjer nú koma úr hörðustu átt, þar sem er hv. 1. þm. Eyf. (St. St.); það er varningur, sem hann hefir ekki að jafnaði á boðstólum. Með lygndum augum og geistlegri hógværð kvað hann ómögulegt að koma auga á mín rök. En þar sem hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) er kem jeg auga á mann, sem telur sjer fært að hafa í frammi ósvífni við þá, er hann á í höggi við, í skjóli hinnar kennimannlegu mærðar og kindarsvips. Jeg hefi einmitt leitt rök að mínu máli, tekið það skýlaust fram, sem er meginatriði og á að ráða um stærð lögsagnarumdæmanna: fólksfjöldi, fjölbreytni atvinnuvega og í þessu sambandi framtíðarhorfur.

Jeg sagði, að ef stefnt væri í rjetta átt, hlyti að reka að því, að í bestu grasræktarhjeruðunum hlyti að fjölga fólki og framfarir verða. En Siglufjörður aftur á móti er sá kaupstaðurinn, sem stundar einna ísjárverðasta og óheillavænlegasta atvinnuveginn, og dylst víst engum, að síldarútgerðin er beggja handa járn.

Það er því engin ástæða til að fara mjúkum höndum um þann kaupstað, og væri nær að athuga, hversu heillavænlegur atvinnuvegurinn er og hvernig siðferðisástandið er þar, áður en farið er að hlynna sjerstaklega að honum á kostnað bændastjettarinnar. Enda finst mjer æði einkennilegt, ef sýslurnar syðra ættu að gjalda þess, að þar búa friðsamari menn en á Siglufirði, og taka nauðsynleg yfirvöld frá sveitabændum sunnanlands, en rækta aftur gorkúlur á drafhaugum síldarinnar.

Hvað snertir flatarmál sýslnanna, þá held jeg að það sje ósannað mál, að suðursýslurnar sjeu nokkuð minni en norðursýslurnar, enda sje jeg ekki hvað það kemur þessu máli við. En það liggur í augum uppi, að þessar sýslur eiga mikla framtíð fyrir sjer og að fólkinu muni fjölga þar, enda nú í uppsiglingu að bæta samgöngur þangað og leggja járnbraut austur, og er því furða, að hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) skuli leyfa sjer að bera fram annað eins frv. og þetta. Þetta hefir verið tekið fram, en hinn sljói maður þarf að heyra það endurtekið.

Sigurður Stefánsson: Sparnaðarnefndinni kemur það ekki á óvart, þó till. hennar fái ekki góðar viðtökur.

Hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) talaði um það við 1. umr., að till. sparnaðarnefndar gengju vitfirru næst, og að hún mundi þurfa að ganga undir gáfnapróf, en jeg hygg að þeim hv. þm. (Gunn. S.) væri nær að líta í sjálfs sín barm. Hann hefir nú nýlega greitt atkv. með tveim till., sem hann hefir lýst yfir að hann væri „principielt“ á móti. Jeg held því, að það væri hyggilegra fyrir hann sjálfan að ganga undir gáfnapróf áður en hann greiðir atkvæði um fleiri mál þvert ofan í sína sannfæringu.

Hann sagði, að í þessum sýslum væri graslendi mikið. Það hefir enginn neitað því, en jeg held ekki að það muni minka neitt, þó þar væri ekki nema einn sýslumaður, nema það sje meiningin, að þessir tveir sýslumenn sjeu eða verði í

framtíðinni þeir afskaplegir grasræktarfrömuðir, að á þeim velti öll framtíðargrasrækt á Suðurlandsundirlendinu. Jeg get heldur ekki sjeð, að fólkinu muni fækka neitt fyrir þessa ráðstöfun. Geti hann fært rök að því, hefir rökvísi hans farið stórum fram upp á síðkastið. Eða býst hann kannske við, að sýslumennirnir fjölgi mest fólkinu þar eystra?

Suðurlandsundirlendið, einkum Árnessýsla, hefir hingað til verið þyngsti ómagi ríkisins, þrátt fyrir graslendisframtíðarmöguleikana, sem sífelt er verið að japla á. Þessi langi ómagaháls styttist þó dálítið við þá embættafækkun, sem hjer er um að ræða, án þess að ríða í minsta bága við grasrækt þessara hjeraða.

Um brtt. á þskj. 164 verð jeg að segja það, að jeg vil ekki spara þar, sem sparnaðurinn mundi verða hinn mesti ósparnaður, en svo er hjer. Fyrst og fremst er gert ráð fyrir, að setja þurfi lögreglustjóra yfir sumarið, og þá fer nú kúfurinn af, en auk þess eru launin fljót að fara í lakari innheimtu, þar sem veltan er jafnmikil og á Siglufirði. Fyrir nokkrum árum voru tekjur ríkissjóðs um 400000 kr. af síldveiðum á Siglufirði. En hvað ætli ríkistekjurnar af Árnes- og Rangárvallasýslum hafi þá verið? Líklega svo sem 10—12 þús. kr. Á Siglufirði veitir ekki af lögreglustjórn og tollstjórn alt árið. Jeg skrifa ekki undir þá visku, þó komin sje austan yfir Hellisheiði, að síldveiðarnar sjeu mesti óheillaatvinnuvegur landsins. Hann getur vitanlega brugðist, en það geta fleiri atvinnuvegir gert. Annars held jeg, að flm. þessarar brtt. (Gunn. S.) veiti ekki af að ganga undir gáfnapróf, áður en hann ungar út fleiri till. jafngáfulegum.

Eiríkur Einarsson: Jeg hefi aldrei haldið því fram, að ekki mætti fækka sýslumönnum vegna ræktunar landsins, eins og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) var að gefa í skyn. Hitt lagði jeg áherslu á, að skifting verður nokkuð að miðast við fólksfjölda, og þar sem landið er gott og vel fallið til ræktunar, þar á ekki að færa kvíarnar saman yfirleitt, og þar getur maður helst vænst þess, að fólki fjölgi. Ástæður mínar eru því aðrar en þær, að vel grói í kringum embættismennina, þótt slík kunni að vera reynslan vestra. Þessi sami hv. þm. (S. St.) var að glósa með það, að austursýslurnar væru ómagar á landinu. Jeg játa, að hagur þar er erfiður nú, eins og víðar, og fólki hefir aðeins fækkað á síðustu árum, en vill hv. þm. ekki líka athuga aðstöðuna. Þær eru hjer nærri hinum sogandi höfuðstað, sem dregur til sín fólkið. Og mjer virðist nær að athuga það, hvort rjettara er að beina fólksstraumunum þangað, sem ræktunarskilyrði eru góð og hægt að lifa af landinu, eða hingað á mölina, eða þá í hæpinn síldarútveg. Mjer virðist nú síldarreynslan ekkert glæsileg. Og mig hálffurðar satt að segja á hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) að láta hafa sig út í þetta. Hann er þó bóndi fyrst og fremst, en hinn maðurinn prestur, til nokkurrar afsökunar á skilningsleysi hans á veraldarefni.

Gunnar Sigurðsson: Jeg hafði hálfgaman af ræðu hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Hann var auðsjáanlega að nota sjer það, að jeg er dauður, nema hvað forseti hefir leyft mjer þessa örstuttu athugasemd.

Jeg fer því ekki út í annað en þar sem hann rjeðst á mig fyrir að hafa greitt atkv. öðruvísi en í fyrra. Jeg skýrði það nú um leið og það mál, út-

flutningsgjaldið, var á dagskrá, að það væri eingöngu til þess að forðast hinn gífurlega tekjuhalla, er annars yrði. Og þetta er ekki sett nema til eins árs, enda lýsti jeg því um leið, að skoðun mín á málinu væri óbreytt. Hún endist lengur en árið. En mjer þótti þetta koma úr hörðustu átt, þar sem þessi hv. þm. (S. St.) er þektur að því að snúast og hringsnúast eins og skopparakringla á hverju þingi, eins og jeg sannaði eftirminnilega á hann í griskudocentsmálinu um daginn. Þar snerist hann þrisvar á sama þingi, og nú í fjórða sinn, en þetta er aðeins eitt af örfáum dæmum. Jeg lái honum ekki, þótt hann tali um sparnað, en það er þreytandi að heyra altaf sömu sparnaðarræðuna vikulega eða jafnvel daglega. Hún fer nú að missa áhrifin úr þessu, sparnaðarræða hv. þm. (S. St.). Og af þessu verður nú áreiðanlega enginn sparnaður, því að sýslumaðurinn mundi fá biðlaun í 5 ár, en að þeim tíma liðnum eða fyr mundi búið að fjölga aftur..

Hvað snertir þau ummæli þm. (S. St.), að jeg þyrfti að ganga undir gáfnapróf, þá vil jeg svara honum því, að jeg er svo ungur, að mjer gæti farið fram með gáfur, og yrði þá um framfaragáfnapróf að ræða hvað mig snertir, þar sem verða mundi afturfararpróf um hann.

Að Suðurlandsundirlendið sje ómagi á landinu, þar mun þm. (S. St.) eiga við vegalagningu um hjeruðin; en mætti jeg spyrja hann, hvað austursýslurnar fá til hafna og strandferða. Nei, örin geigar eins og venjulega hjá hv. þm. N.-Ísf. (S. St.).

Hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) vil jeg leyfa mjer að minna á það, að í þessu margumrædda snjóflóði á Siglufirði skemdust þar bryggjur og mörg fleiri mannvirki, svo að tjónið nam eigi litlu fje. Það skiftir engu, hvoru megin fjarðarins það fjell, úr því að það olli skemdum á eignum kaupstaðarbúa.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 1. þm. Árn. (E. E.) feld með 15 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: M. K., P. Þ., Sv. Ó., Þorl. G., B. J., E. E., Gunn. S., H. K., Ing. B., Jak. M., J. B., L. H., B. Sv.
nei: M. G., M. J., M. P., Ó. P., P. O., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. Þ., J. A. J., J. S., J. Þ.

Till. frá 1. þm. Rang. (Gunn S.), um að **vísa málinu til stjórnarinnar** samþ. með 15 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Ing. B., Jak. M., J. B., L. H., M. K., Ó. P., P. Þ., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., B. J., E. E., Gunn. S., H. K., B. Sv.
nei: J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. P., P. O., S. St., St. St., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. Þ.

2. Sameining Dala- og Strandasýslna.

Á 7. fundi í Nd., fimtudaginn 23. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um sameining Dala- og Strandasýslna (þm.frv. A. 31).

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekin til 1. umr.

Flm. (Magnús Pjetursson): Jeg býst ekki við, að jeg þurfi að láta mörg orð fylgja þessu frv., því það er ekki nýr gestur í þessari hv. deild. Það var, eins og menn muna, hjer á ferðinni árið 1919 og var þá afgreitt með rökstuddri dagskrá þess efnis, að vilja sýslunefnda skyldi fyrst leitað í málinu, áður en sameiningin færi fram. Samt sem áður hefir þetta ekki verið gert, enda málinu ekkert hreyft síðan. Nú getur þetta varla talist rjett að farið, þar sem þá var einmitt tekið fram af ýmsum þingdeildarmönnum, að ekki væri til ætlast, að þetta yrði málinu til falls. Jeg hefi um hríð búist við, að stjórnin myndi taka upp málið, en það hefir ekki orðið, og hefi jeg því tekið það að mjer að hreyfa því.

Jeg hefi leitað álits kjósenda minna í þessu máli, og kváðust þeir vel mundu una samsteypunni.

Að öðru leyti skírskota jeg til ástæðnanna, sem fram voru færðar í þessu frv. 1919, og leyfi mjer að leggja það til, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

Bjarni Jónsson: Það mátti heita heldur mögur niðurstaða hjá milliþinganefnd þeirri í launa- og eftirlaunamálinu, sem átti að rannsaka það, hvort ekki mætti fækka sýslumönnum hjer á landi, er hún kom með þessa einu till., að tjóðra þær saman, Dala- og Strandasýslu. Þetta var þeim mun undarlegra, sem þá var á ferðinni ýmislegt fleira, sem gera átti við Dalasýslu. Furðaði mig og ýmsa fleiri stórum á þeim stefnivargi, sem þá virtist stefnt á sýslu þessa. Þó var þetta skiljanlegt þá og við að búast, af þeim mönnum, sem um málið áttu að fjalla. En á hinu furðar mig meir, að hv. þm. Str. (M. P.) skuli endilega vilja nauðga nágrönnum sínum, Dalamönnum, á þennan hátt, því að þeirra hefir jafnan verið gott í millum. Má hann og best vita, að þetta er Dalamönnum þvert um geð.

Nú er það kunnugt, að Dalasýsla er ein af merkustu sýslum þessa lands, og hefir verið svo alt frá landnámstíð. Þar var Þórður gellir, og ýms önnur stórmenni hafa búið þar — þótt jeg sleppi að nefna Sturlunga. Hefir þessi sýsla altaf verið hjerað út af fyrir sig, og er hún fyrir allra hluta sakir alt of góð til að vera hnýtt aftan í aðra sýslu, sem hún kærir sig ekki um að sameinast. Er vilji Dalamanna í þessu efni gersamlega óbreyttur frá því er mál þetta var síðast til umræðu hjer á Alþingi. Skal jeg nú lesa hjer upp tvær fundarsamþyktir, sem jeg las hjer upp á þinginu 1919. Sýna þær ljóslega vilja Dalamanna í þessu máli. Þær hljóða svo, hin fyrri:

„Fundurinn er því algerlega mótfallinn, að Dalasýsla sje sameinuð Strandasýslu, og skorar á þingmanninn að fylgja því fram, að svo verði eigi.“

Og hin síðari:

„Fundurinn mótmælir harðlega sameiningu Stranda- og Dalasýslu í eitt lögsagnarumdæmi.“

Þetta hefir ávalt verið ítrekað síðan, í hvert sinn sem mál þetta hefir komið til umr. í Dölunum, og er það því víst, að hugur Dalamanna er ákveðinn móti samsteypunni. Eins og menn vita, urðu þær endalyktir á máli þessu á þinginu 1919, að það var afgreitt með rökstuddri dagskrá, sem hljóðar svo:

„Með því að eigi hefir verið leitað álits sýslunefnda Dalasýslu og Strandasýslu um frv. til laga um sameining sýslna þessara, telur deildin ekki rjett, að því verði ráðið til lykta að svo stöddu, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Nú hefir ekki síðan verið leitað um-

sagnar Dalamanna um þetta mál. Veit jeg þetta með vissu, því jeg hefi fyrir stundu síðan átt tal við þá um þetta, hjer á ganginum, prófastinn úr Dalasýslu og fyrverandi sýslumann Dalamanna. (Um Strandamenn er mjer aftur á móti ókunnugt). Það ætti því ekki að geta komið til greina, að þessu máli verði ráðið til lykta áður en þetta er gert. Annars eru þeir nú báðir staddir hjer, sýslumaðurinn og prófasturinn úr Dalasýslu, og geta þeir, ef menn efast um, að jeg fari með rjett mál, vottað það, að jeg hefi þetta rjett hermt. — Mætti það harðræði heita af hv. þm. að kljá svo enda á þetta mál, að sýslubúum sje ekki gefið tækifæri til mótmæla, eins og ráð hafði verið fyrir gert. Skal jeg nú leyfa mjer að lesa upp brjef, sem jeg hefi nýlega fengið frá prófasti og sýslumanni Dalamanna.

Hljóðar það svo:

Á dagskrá Nd. Alþingis í dag er frv. til laga um sameining Dalasýslu og Strandasýslu, flutt af alþm. Magnúsi Pjeturssyni.

Þetta sameiningarfrv. hefir ekki verið borið undir sýslunefnd Dalasýslu, og henni því ekki gefinn kostur á að láta í ljós álit sitt um það. Af því að við erum hjer staddir og okkur er vel kunnugt um vilja Dalamanna í þessu efni, þá getum við vottað það, að Dalasýslubúar eru eindregið á móti því, að þessi sýslusameining nái fram að ganga.

St. í Reykjavík, 27. febr. 1922.

Ásgeir Ásgeirsson, prófastur.
Þorst. Þorsteinsson, sýslumaður.

Jeg læt mig engu skifta, hvort sett verður nefnd eða ekki í þetta mál, en jeg verð að gera þá kröfu, að það verði ekki látið fara lengra áður en sýslubúum er gefinn kostur á að láta álit sitt í ljós. Vænti jeg þess, að það sjeu sparnaðarhvatir, sem liggja hjer að baki, en ekki nein ástríða, endilega að bregða kutanum á þessa einu sýslu.

Flm. (Magnús Pjetursson): Jeg skal ekki fara að karpa um þetta mál við hv. þm. Dala. (B. J.), enda býst jeg ekki við, að því verði ráðið til lykta við þessa umr. Hins vegar vænti jeg þess, að hv. deild leyfi því að fara til nefndar.

Jeg get þó ekki stilt mig um að drepa lítið eitt á eitt eða tvö atriði í ræðu hv. þm. Dala. (B. J.). Hann ljet í veðri vaka, að jeg virtist hafa löngun til að nauðga Dalamönnum; en það er fjarri því, að svo sje. Jeg veit satt að segja ekki til, að komið hafi fram neinar upplýsingar um vilja Dalamanna í þessu máli síðan á þinginu 1919. — Hjer er ekki að ræða um neinn ofsóknarhug í garð þeirra. Man jeg ekki betur en að á þinginu 1919 væri einmitt rætt um það, að komið gæti til mála, að önnur sýslan vildi samsteypuna, en hin ekki, og var gert ráð fyrir, að Alþingi yrði þá að skera úr, hvorn viljann bæri að meta meir.

Það er annars altaf sama sagan, sem endurtekst. Menn tala mikið um, að spara þurfi með því að leggja niður embætti, en þegar svo til kastanna kemur, er enginn fús á að afsala sjer sínum embættismanni. Nú hafa Strandamenn komið sjer saman um að gera sitt til að þetta nái fram að ganga, — enda er þeim enginn stórbagi að. Vænti jeg þess, að hv. þm. Dala. taki meira tillit til ástandsins nú heldur en hvaða landnámsmenn hafa bygt sýslu þessa. Það er fjarri því, að jeg geri þetta að gamni mínu, heldur er það nauðsynin, er rekur hjer á eftir. Hv. þm. Dala. (B. J.) kvað það hart, ef svifta ætti Dalamenn yfirvaldi sínu mót vilja þeirra, en samskonar

kemur fyrir nær því á hverju ári, að Alþingi neyðist til að neita ýmsum hjeruðum eða hjeraðshlutum um að fá embættismenn eða stofnuð þau embætti, sem þeir óska eftir. Þeir yrðu því í engu ver úti en ýmsir aðrir.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vildi aðeins láta uppi ástæðuna til þess, að jeg leitaði ekki álits sýslunefndar Dalamanna um þetta mál. Jeg var þess fullviss, að sýslubúar myndu mótmæla sameiningunni, og fanst mjer slíkt yfirklór enga þýðingu hafa. Annars skal jeg játa, að það má vel vera, að taka mætti fleiri sýslur og steypa saman, en milliþinganefnd sú, sem um málið átti að fjalla, kom nú ekki með till. um fleiri en þessar. — En það er altaf sama sagan. Ef á að fækka embættum, t. d. prestsembættum, þá rísa menn upp sem einn maður og neita að missa prestinn sinn, en um annara presta er þeim ósárt.

Mjer finst óheppilegt, að sparnaðarnefndin skyldi ekki vera kosin í deildinni. Mál þetta hefði þá strax getað komið fyrir hana, en eins og nú er ástatt, er það ekki mögulegt.

Bjarni Jónsson: Jeg get vel orðið sammála hæstv. forsrh. (J. M.) í þessu efni, hefi sjálfur áður fyr bent á, að hugsanleg væri sú leið, að leggja niður sýslumannaembættin, en hafa í þeirra stað fjórðungsdómara. En það er nokkuð vafasamt, hvort mikill sparnaður yrði að því, því tollheimtan kæmi þá á aðrar hendur, og ef til vill yrði það fyrirkomulag engu ódýrara. Þetta mál þarf því vandlegrar athugunar við áður en unt er að taka nokkra ákvörðun í því. — Mjer þótti vænt um, að hæstv. forsrh. (J. M.) vildi ekki fara að spara í þessu einstaka atriði, er ástæðan er jafnmikil eða meiri á mörgum öðrum sviðum, enda oft ósjeð, hvað til sparnaðar verður í framtíðinni, þó í svipinn sýnist svo. Auk þess trúi jeg trauðla, að sá sýslumaður, sem nú er, verði rekinn fyrirvaralaust og sviftur launum.

Jeg ímynda mjer, að Strandamenn mundu ekki vera svo áfram um þetta, ef þeim væri betur til sýslumanns síns og hann sæti ekki á enda sýslunnar.

Þó síldveiði hafi um stund verið slök í Strandasýslu, er þó ekki svo að jafnaði, heldur mikil síldveiði þar, og ef sýslumaður væri þá til á staðnum, mætti spara sjer lögreglustjóra. En ef sýslumaðurinn sæti í Dalasýslu, væri slíkt óframkvæmanlegt, og yrði þá að setja nýjan lögreglustjóra, svo sparnaðurinn yrði meira í orði en á borði. Finst mjer nær að láta sýslumanninn sitja annarsstaðar, þar sem hann kemur betur að haldi — þá hefir sú breyting orðið á síðan frv. kom síðast fram, að ein helsta jörðin í Dalasýslu hefir verið gefin landinu og fengin sýslumanninum til ábúðar. En hann er búmaður góður, og er jörðin vel setin með honum sem ábúanda. Þykir mjer undarlegt ráðlag hjá Alþingi, ef það færi að svifta hann jörðinni, og óvíst, hvort yrði meiri hagur að því en þótt honum væri lofað að sitja í friði.

Menn verða og að hafa hugfast, að búast má við mikilli síldveiði í Strandasýslu á næstu árum, og þá yrði alls ekki nægilegur einn sýslumaður fyrir báðar sýslurnar, en ef sýslumaður Strandasýslu sæti á rjett völdum stað, myndi hann einnig geta haft á hendi störf lögreglustjóra.

Sparnaðurinn yrði heldur ekki svo mikill, ef aðeins ætti að drepa niður á þessum eina stað.

Háttv. þm. Str. (M. P.) sagði, að núlifandi menn færu ekki mikið eftir því, hvernig menn hefðu verið á landnáms-

tíð. En hann á eftir að sanna, að eigi sje jafnmikill munur á Dalamönnum og öðrum landsmönnum nú og þá var. En jeg verð að halda fram, að svo sje.

Flm. (Magnús Pjetursson): Jeg skal ekki ræða þetta mál mikið að þessu sinni, því þeir, sem vilja fá svar við ræðu háttv. þm. Dala. (B. J.), geta flett upp í þingtíðindunum 1919. (**B J.:** Þeir, sem vilja sjá, hvernig ekki eigi að svara henni!). Hann hjelt sömu ræðuna þá, hefir aðeins bætt við hana tveim nýjum athugasemdum. Hin fyrri er, að frv. kæmi fram af því, að Strandamönnum kæmi ekki vel saman við sýslumann sinn, vegna þess, að hann sæti á öðrum enda sýslunnar. En það er ekkert nýmæli; svo hefir verið um langan tíma, og því ótrúlegt, að Strandamenn væru fyrst nú að taka eftir því. Hitt er, að nú hafi ríkinu hlotnast jörð í Dölunum, sem sýslumaðurinn þar búi á.

Jeg leyfi mjer nú að skjóta því til háttv. nefndar, til athugunar, hvort þessi jörð sje svo mikill vandræðagripur, að ekki sje unt að fá henni nokkurn ábúanda, nema niður sje þar settur sýslumaðurinn.

Jeg skal ekki fara í mannjöfnuð um Dalamenn og Strandamenn, þó jeg áliti, að áhöld verði um, hvorir hafi þar betur, en við þingmann Dalamanna þori jeg hvenær sem er, að fara í mannjöfnuð.

Bjarni Jónsson: Eins og jeg tók fram áðan, geta menn ekki sjeð neitt svar við ræðu minni í þingtíðindunum 1919, heldur eingöngu hvernig ekki átti að svara henni.

Hvað viðvíkur, að sýslumaðurinn hafi lengi setið á þessum stað, þá skal jeg ekki rengja það, en jeg hygg, að það hafi verið farið fram á við hann, að hann sæti annarsstaðar, en hann ekki fengist til þess.

Um mannjöfnuðinn skal jeg geta þess, að jeg held því fram í fullri alvöru, að það sje nú jafnmikill munur á Strandamönnum og Dalamönnum, sem var á landnámstíð. En að háttv. þm. Str. (M. P.) vill fara í mannjöfnuð við mig, þykir mjer að eins vænt um, því að jeg hefi altaf farið vel með hann, þegar jeg hefi haft hann undir minni hendi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. (sjá A. bls. 660) með 19 shlj. atkv.

Á 24., 36., 37. og 39. fundi í Nd., dagana 16., 30. og 31. mars og 3. apríl, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., þriðjudaginn 4. apríl, var frv. enn tekið til 2. u m r. (A. 31, n. 91, 116, 189).

Frsm. (Jón Þorláksson): Eins og nál. á þskj. 91, sem prentað er fyrir þrem vikum, ber með sjer, hefir allshn. ekki getað fundið neina gilda ástæðu á móti frv. þessu og mælir því eindregið með því, að það fái fram að ganga.

Jeg skal leyfa mjer að gera nánari grein fyrir þessu, og er þá fyrst á það að líta, að þessi tvö lögsagnarumdæmi eru langfámennust af öllum þeim, er sjerstökum embættismanni er ætlað að þjóna, að undanteknum Siglufirði, sem er fámennasta lögsagnarumdæmi landsins, og Vestmannaeyjum, er hafa dálítið fleiri menn að telja, en bæði þessi umdæmi hafa verið tekin út úr sam-

bandi annara sýslna, af því að þau þóttu svo afskekt, að embættin yrðu ekki starfrækt viðunanlega í sambandi við önnur umdæmi.

En þegar slept er Siglufirði og Vestmannaeyjum, og Dala- og Strandasýsla sameinaðar, þá verða þær þriðja mannfæsta lögsagnarumdæmið í landinu, með um 3800 manns (Dalasýsla 2000, Strandasýsla 1800); Skaftafellssýslur eru lægstar í manntalinu (ca. 3000), og Barðastrandarsýsla næst (með 3400). Í hinum 12 umdæmum landsins, utan Reykjavíkur, er mannfjöldinn þetta frá 8200 og niður í tæp 4000, sem er lítið eitt hærra en í Dala- og Strandasýslum til samans. Það er því ótvírætt, að þessar tvær sýslur skera sig svo algerlega út úr núverandi skipun lögsagnarumdæma landsins, að óeðlilegt er að halda tvo sýslumenn til að þjóna þeim. Það væri þá aðeins af þeim ástæðum, ef sannað yrði, að eins stæði á um þær og Siglufjörð og Vestmannaeyjar, að þær væru svo afskektar, að sami maður gæti ekki þjónað þeim báðum; en slíku er ekki til að dreifa. Að vísu má segja, að umdæmi þetta verði víðlent, en þó verður það ekki víðlendasta umdæmið. En á hitt ber einnig að líta, að þarna eru sæmilegir vegir, búið að bæta þá mikið frá því, sem áður var, símar komnir víða og von á nýjum, en þar af leiðir, að víðlendið verður því ekki til jafnmikillar fyrirstöðu nú sem áður, að embættið verði vel rækt.

Til samanburðar mætti nefna Þingeyjarsýslur, sem eru miklu erfiðari yfirsóknar, auk þess sem mannfjöldi þeirra telst full 5000, og Skaftafellssýslur, sem eru langerfiðastar yfirferðar af öllum lögsagnarumdæmum landsins.

Hitt er alkunnugt, að það tíðkast víða hjer á landi, að sami maður þjónar fleiri sýslum en einni; meira að segja hafa sumir sýslumennirnir á hendi formensku tveggja sýslunefnda og eru bæjarfógetar að auki. Kæmist þessi sameining á, væru 6 sýslumenn, sem hefðu formensku tveggja sýslna, og þar að auki 3 umdæmi, þar sem sami embættismaður hefir 2 sýslur og 1 kaupstað til yfirsóknar.

Af þessum ástæðum hefir nefndin fallist á rjettmæti þessa frv., og hefir með athugunum sínum. þessu máli samhliða, ekki getað fundið annað en að hjer stæði svo sjerstaklega á, að þessi sameining sje rjettmæt, þótt ekki sje önnur breyting gerð á skipun lögsagnarumdæma.

Við þetta frv. hafa komið fram tvær brtt., og finst mjer ekki, að jeg geti gengið fram hjá þeim án þess að athuga þær lítils háttar.

Önnur þeirra, á þskj. 116, er fram borin af hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.). sem sæti á í allshn., og fer hún fram á, að sýslumaðurinn skuli vera búsettur í Dalasýslu. Jeg verð nú að líta svo á, að annaðhvort sje, að brtt. þessi sje fram borin af ókunnugleika vestur þar, eða ekki af fullri sanngirni. Sá staður, sem best liggur við sem sýslumannssetur eftir sameininguna, ef sýslumaðurinn vill búa í kaupstað, er í Strandasýslu, og er það Borðeyri, þar sem sýslumaður Strandamanna er búsettur nú. Væri því óviðkunnanlegt að ákveða hitt með lögum, ekki síst þegar á það er litið, að hvergi er ákveðið í lögum að skylda sýslumenn til að sitja á vissum stað. Þar að auki er Borðeyri stærsta þorpið þar um slóðir, og styttra þaðan á fjarlægasta bæ í Dalasýslu heldur en í Strandasýslu. Nú, vilji sýslumaðurinn heldur búa búi sínu í sveit, þá eru til

hentugir staðir innan beggja sýslna, en nefndin er á móti því að ákveða nokkuð þar um með lögum.

Þá er það hin brtt., á þskj. 189, frá hv. þm. Dala. (B. J.). Af henni er ekki annað að sjá en að hún sje sjálfstætt frv. um gagngerða breyting á allri dómaskipun í landinu. Það verður ekki vel sjeð, hver meiningin er með þessu, en virðist þó vaka fyrir flm. (B. J.), að lögsagnarumdæmin eigi að vera 5 á öllu landinu, og hefir nú engin sýslan týnst á þessu uppprentaða skjali, en áður hafði ein sýslan gleymst á skjali því, er fyrst var útbýtt.

Við 4 nefndarmennirnir, sem athugað höfum þetta lítils háttar, getum ekki annað sjeð, en það sje fjarstæða að bera þetta fram sem brtt, og erum því algerlega á móti því á þessum grundvelli.

Að vísu mun hv. þm. Dala. (B. J.) hafa sótt fyrirmynd brtt. sinnar til launanefndarinnar frá 1914. Meiri hluti hennar vildi aðgreina umboðsvald og dómsvald, vildi hafa 6 dómara á landinu og kalla starfssvið hvers þeirra „lögdæmi". En nefndin komst aldrei svo langt, að hún leiddi þetta mál í lagaform, og var það mikið óhagræði fyrir hv. þm. Dala. (B. J.). Annars hefði hann getað skrifað það upp og flutt svo sem sína lausn á málinu. En úr því svo var ekki, varð hann að taka af því, sem til var inni fyrir hjá sjálfum honum, og hefir ekki tekist það betur en svo, að hvorki hann nje aðrir geta vitað, hver meiningin er með þessari till. hans.

Það sjest hvergi, hvernig skipa eigi störfunum. Það mun þykja sennilegast, að þessir 5 sýslumenn, sem annars er ekki neitt nafn gefið í brtt., eigi að fara með dómsvaldið, en viðkunnanlegra hefði það verið, að skýrt ákvæði væri þar um í lögunum. Jeg vil ekki gera ráð fyrir, að það sje meining flm. (B. J.), að þessir 5 embættismenn eigi að taka að sjer 19 manna starf, eins og það er samkvæmt núgildandi embættaskipun landsins, en annað er þó ekki hægt að fá út úr brtt. En, sem sagt, jeg geri ekki ráð fyrir því, fyr en jeg þá heyri það af vörum hv. flm. sjálfs, og læt því hjer staðar numið um það atriði að sinni. Enda get jeg látið úttalað um brtt. þangað til hv. flm. (B. J.) hefir einhverja vörn flutt í máli þessu. Hinu treysti jeg, að hv. þd. lofi frv. að ná fram að ganga óbreyttu.

En fyrir sjálfan mig vil jeg geta þess að lokum, að framan af var jeg í nokkrum vafa um það, hvort rjett væri að sameina þessar sýslur. Mjer fanst álitamál, hvort ekki mundi rjettara að sameina Dalasýslu við aðra hvora sýsluna við Breiðafjörð, sem hún liggur á milli, því þar væri um líka hagsmuni að ræða, og bæta Strandasýslu við Húnavatnssýslu. En við nánari athugun sá jeg, að þetta mundi athugavert, og erfitt líka að fá bæði sýslumannsembættin afnumin. Hvor sýslan fyrir sig getur verið sjálfstætt sýslufjelag, þótt sami maður þjóni þeim báðum, og haft því sína eigin hagsmuni út af fyrir sig. Þess vegna fjelst jeg á rjettmæti þessarar sameiningar og vinn eindregið að því, að hún nái fram að ganga.

Bjarni Jónsson: Úr því hv. frsm. allshn. (J. Þ.) fanst svo nauðsynlegt að sýna hv. þdm., hvað hann væri mjer miklu fremri og vitrari, þá hefði honum eflaust verið ráðlegra að bíða eftir því, sem jeg hefi fram að færa í máli þessu, og dæma svo eftir því. En þetta hefir hann ekki viljað, og hann um það. Um fyndni hans viðvíkjandi prentvillunni hefi jeg ekki mikið að segja. En hafi prentvillupúkinn aldrei leikið á

hann, þá ann jeg honum þess, þó jeg hins vegar efist um, að öll hans rit og öll hans skrif, sem út hafa komið, sjeu prentvillulaus.

Því, sem hann hafði fram að færa til stuðnings sýslumannssetri á Borðeyri, furðar mig á, þar sem hann hlýtur að vera slíku kunugur frá þeim árum, er hann fór með vegamál landsins. Það er kunnugt, að þessi sameining hefði aldrei komið á dagskrá, ef ekki væri óánægja meðal Strandamanna um það, að sýslumaður þeirra sæti úti á sýsluenda.

Það er miklu nær að flytja sýslumann Strandamanna norður í Hólmavík. Þar í kring er von um, að síldarútvegur verði rekinn, og það í stórum stíl, nú á næstu árum. Það eru óhöpp í byrjun stríðsáranna, sem valdið hafa því, að þetta hefir ekki komist á fyr. Þetta vita allir, sem nokkuð eru kunnugir um Strandasýslu, og eins er það, að útvegur þessi mun fjölga sýslubúum til muna og því ástæðulaust að hlaupa til og sameina Strandir annari sýslu.

Þó að Strandasýsla gangi á biðilsbuxum, vegna óánægju um núverandi sýslumannssetur, þá er engin ástæða fyrir Dalasýslu að taka við henni.

Sú sparnaðaraðferð, sem hv. þm. nú hafa tekið upp, er annars harla undarleg. Hún minnir á aðferð arnarins, sem steypir sjer úr háa lofti, hremmir eitt lamb og flýgur burt með það. Menn ráðast að einum og einum embættismanni, en forðast eins og heitan eld að spara stórar upphæðir og gera stórfenglegar kerfabreytingar.

Í brtt. minni fer jeg fram á það að aðskilja umboðsvald og dómsvald. Var það allmikill óþarfi hjá háttv. 3. þm. Revkv. (J. Þ.) að slá því fram, að jeg vissi ekki, hvað jeg hefði átt við með brtt.; hefði hann gjarna mátt spara sjer þau orð, þangað til hann hafði heyrt ræðu mína. Þá var það og rangt, sem þessi hv. þm. (J. Þ.) sagði um fyrirmyndina að till. minni, því milliþinganefndin hafði einmitt þessa hugmynd frá mjer. Hún gekk inn á þessa hugmynd eftir tillögum mínum hjer á þingi og eftir viðtali við mig. Þessu verður hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) að renna niður, og jeg vona, að honum verði bitinn að góðu. Jeg hefi aldrei gengið þess dulinn, að til þess að koma ákvæðum till. minnar í framkvæmd þurfi að breyta dómaskipun landsins, og að slíkt verður ekki gert á þessu þingi. En fyrir því er till. engin fjarstæða. En hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hefir aðeins ekki dreymt um, að jeg ætlaði að vísa þessu til stjórnarinnar, til þess að hún athugaði málið og undirbyggi til næsta þings.

Hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) gat þess, að sjer hefði sýnst rjettara að sameina Stranda- og Húnavatnssýslu eða Dala- og Snæfellsnessýslu, en sýndist þó að falla frá rjettu máli. Ástæðan virðist helst hafa verið sú, að ómögulega hafi mátt spara nema einn sýslumann! Sameining Stranda- og Húnavatnssýslu sýnist að mörgu leyti vera auðveld, vegna samgangna á sjó, sem auðveldir mjög yfirsókn í þeim sýslum. En hitt fæ jeg ekki skilið, hvernig samgöngur á sjó eiga að gera sýslumanni hægari yfirsókn um Stranda- og Dalasýslu, nema hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) ætli honum að sigla umhverfis alla Vestfirði? Þó vegir hafi að nokkru verið bættir í þessum sýslum, þá er það algerlega aukaatriði.

Jeg vil geta þess, að þó jeg hafi sett hjer fram þessa till., um að hafa 5 fjórðungsdómara, þá er jeg ekki sannfærður um, að slíkt sje hin eina rjetta leið, eða horfir til verulegs sparnaðar. Jeg veit satt að segja ekki ódýrari innheimtu-

menn en sýslumennina. En jeg kom fram með þetta til þess, að stjórnin rannsakaði þetta, því nefndinni hefir ekki dottið í hug að rannsaka neitt; hún ræðst aðeins á einstaka embættismenn út í bláinn. Eins og öllum er kunnugt, þá lýsti stjórnin yfir því, að hún vildi draga úr embættabákni þessa lands. Er ekki ósennilegt, að hún beri fyrst niður þar sem eru sýslumennirnir. Til mála gæti og komið, að hún legði til að aðskilja ríki og kirkju. Það mundi að vísu spara ríkissjóði útgjöld, en ekki landsfólki, því prestar mundu verða hjer eftir sem áður. Hinu býst jeg ekki við, að stjórnin í till. sínum ráðist á háskólann, því hann er algerlega sjerstæð stofnun; hann er universitas. Jeg hygg því, að stjórnin muni aðallega leggja til að fækka sýslumönnum, og því þótti mjer rjett að benda henni á þessa leið. Jeg ætlast til þess, að hv. þm. sjái, að sameiningar sýslumannaembættanna nú upp úr þurru eru ekki sæmilegar, allra síst þar sem enginn eyrir sparast við það fyrst um sinn, heldur á að vísa málinu til stjórnarinnar til rannsóknar. Yrði það og hvatning til stjórnarinnar og mundi ýta undir hana að gera gangskör að því að lagfæra embættaskipunina í landinu. En ef nú á annað borð hv. þm. vilja taka fram fyrir hendur stjórnarinnar í þessu efni og fara nú þegar að káka við að sameina eina og eina sýslu, þá liggur margt miklu nær en sú sameining, sem hjer er farið fram á. Má þar nefna sameining Stranda- og Húnavatnssýslu og enn fremur sameining Dala- og Snæfellsnessýslu. Mundi tiltölulega auðvelt fyrir sýslumann að ferðast um þær sýslur báðar, hvort heldur hann væri búsettur á Staðarfelli eða í Stykkishólmi. Þá mætti og skera sundur Barðastrandarsýslu og láta nyrðri helminginn fylgja V.-Ísafjarðarsýslu, en hinn hlutann Snæfellsnessýslu. Þetta alt og miklu fleira má gera, ef menn á annað borð vilja saxa sundur gamla hjeraðaskipun í óþökk allra landsmanna. Að ganga að kjósendum eins og ræningi og slá þá þar sem sárast sviður, það er mátinn á þessu þingi. Þeir eru sviftir rjetti, án þess að svo lítið sje látið að spyrja um álit þeirra. Jeg mótmæli því algerlega, að kjósendur í Dala- og Strandasýslu verði teknir einir út úr og beittir sjerstökum rangindum, og legg því til, að þessu máli, ásamt öllum fylgjandi till., verði vísað til stjórnarinnar. Þá mun sjást, hvað rannsókn leiðir í ljós um þessi mál. Og þá kvarta jeg ekki.

Lýk jeg svo máli mínu að sinni, en geri það að tillögu minni, að m á l i n u v e r ð i v í s a ð t i l s t j ó r n a r i n n a r.

Forsætisráðherra (S. E.): Þegar samsteypa Árnes- og Rangárvallasýslu var hjer til umr. í hv. deild, þá tók jeg ekki til máls, en nú þykir mjer rjett að segja örfá orð. Jeg hefi ekki litið svo á, að nokkuð verulegt væri til fyrirstöðu þessum samsteypum, en mjer hefir ekki þótt ástæða til að tala mikið um þessi efni nú, vegna þess að stjórnin er þegar búin að boða það, að hún ætli að taka alla embættaskipun landsins til rækilegrar íhugunar. Þess vegna er það æskilegra fyrir stjórnina, að hún bindi sig ekki nú við ákveðnar till. um þessi mál. Ef hún gerir það nú, hlýtur hún að hafa erfiðari aðstöðu til þess að líta óhlutdrægt á það mál og ráða því til heppilegra lykta. Því er það, að jeg vil ekki að svo stöddu taka ákveðna afstöðu til þessara samsteypumála.

Að því er snertir till. hv. þm. Dala. (B. J.), þá gleður það mig, að hann skuli ekki ætlast til, að ákvörðun verði

tekin um hana á þessu þingi; til þess er líka málið alt of umfangsmikið.

En þó nú þessar samsteypur sýslumannaembætta eigi að verða að lögum, þá sje jeg ekkert á móti því, að endanleg ákvörðun um það dragist til næsta þings, úr því þessir sýslumenn sitja í embættum áfram hvort sem er.

Frsm. (Jón Þorláksson): Jeg skal fyrst snúa mjer að ástæðum hv. þm. Dala. (B. J.), enda voru þær ekki svo veigamiklar, að langan tíma taki að svara þeim.

Fyrsta ástæða þessa hv. þm. (B. J.) var sú, að Strandasýsla mundi vaxa að mun á næstu árum, vegna síldveiða. Það má vel vera, að einhverjar síldarstöðvar rísi þar upp; jeg skal engu um það spá. En jeg get ekki skilið það, að sýslan verði á nokkurn hátt erfiðari yfirsóknar fyrir þá sök.

Þá vildi hann neita því, að bættar samgöngur á sjó gerðu ljettara að þjóna sýslunni, og reyndi þar að snúa út úr orðum mínum. En jeg held fast við það, að sýslumaðurinn geti haft hag af því að fara sjóveg t. d. til síldstöðvanna norðarlega í Strandasýslu, og það jafnt í hvorri sýslunni sem hann er búsettur.

Enn fremur taldi hv. þm. Dala. (B. J.) það tilgangslítið að koma með frv. um þessa sameiningu nú, þar sem það ekki kæmi til framkvæmda fyr en eftir tugi ára, vegna þess, að nú sætu þar í embættum ungir sýslumenn og hraustir. Það má vera, að hv. þm. (B. J.) sje kunnugri þessum mönnum en jeg og viti, að þeir sjeu ekki hæfir til annars en að vera alla sína æfi sýslumenn í fámennustu sýslum landsins. En jeg verð að draga þetta stórum í efa. Eftir því sem jeg þekki þessa menn, og jeg er þeim allmikið kunnugur, þá hygg jeg, að þeir muni, eigi síður en aðrir embættismenn landsins, geta síðar átt kost betra embættis, og það áður en langt um líður. Og þegar slíkt er fengið, er ekkert því til fyrirstöðu að koma sameiningunni á. Hrakspár háttv. þm. Dala. (B. J.) um þessa menn eru því lítilsvirði í mínum augum, því jeg ber fullkomlega brigður á, að hann þekki þessa menn svo miklu betur en jeg, að þessi fullyrðing hans sje rjett. Og nú þykist jeg hafa skeiðriðið þar yfir, sem hann fór ofan í, svo jeg noti hans eigin samlíkingu.

Loks mintist þessi hv. þm. (B. J.) með stakri velvild á það, sem jeg sagði um sameining Dala- og Snæfellsn.sýslna. En þar kom hann einmitt fram með það atriði, sem slíkt strandar á. Hann hugsar sjer að skera hluta af Barðastrandarsýslu og bæta við Dalasýslu, og svo að leggja Snæfellsnessýslu þar við. En þá þyrfti að skera af Snæfellsnessýslu Hnappadalssýsluna og bæta henni við t. d. Mýrasýslu; og þá þyrfti líklega að skera eitthvað af Mýrasýslu líka? Eða yfirleitt, hvað á lengi að halda áfram að skera af, hvort sem haldið er norður eða suður? Jeg hefi enga von um, að samþykki næðist til þess að höggva sundur sýslufjelög, þótt einhverjum kunni að detta í hug, að slíkt sje hagkvæmt. Hygg jeg, að Barðstrendingar mundu verða þungbrýnir, ef skera ætti sýslu þeirra sundur, og að Snæfellsnessýsla mundi una því illa, ef Hnappadalssýsla væri sniðin frá henni. Yfirleitt hygg jeg, að hv. þm. Dala. (B. J.) hafi fært svo skýr rök fyrir því, að þessi leið sje of torfær til þess, að út á hana sje leggjandi, að ekki þurfi að ræða um það frekar.

Það hefir hjer í þessu sambandi einnig verið minst á hitt frv., um sameining Árnes- og Rangárvallasýslna. En þar er óliku saman að jafna. Sameining

Dala- og Strandasýslna fellur alveg inn í það kerfi, sem nú er á skipulagi lögsagnarumdæmanna. En það væri alveg sjerstætt í núverandi skipulagi, ef Árnes- og Rangárvallasýsla væru sameinaðar. Árnessýsla er fjölmennasta lögsagnarumdæmi utan Reykjavíkur, og Rangárvallasýsla er svo fjölmenn, að Dala- og Strandasýslur hafa ekki til samans jafnmarga íbúa og hún ein. Það er því alt annað að sameina Árnes- og Rangárvallasýslu eða þær tvær, sem nú eru til umr., og ekki samanberandi.

Það var nýtt atriði fyrir mjer, þar sem hv. þm. (B. J.) gat um, að hann hefði átt þessa till. um að skifta öllu landinu í 5 sýslur heima hjá sjer í borðskúffunni og að milliþinganefndin hafi fengið það hjá sjer. Þetta minnir mig á góðan vin okkar beggja, sem jafnan hefir þessi sömu ummæli um flest, sem stungið er upp á í landsmálum, nefnilega að hann hafi fyrstur brotið upp á þessu. Fyrst svona stendur á, er ekki að furða, þótt hv. þm. Dala. (B. J.) sje till. kær, og verður að virða það til vorkunnar honum, að hann hefir flutt hana hjer. En úr því hann hefir nú samt ekki haldið henni neitt fram og viðurkennir, að hún sje ekki til neinna bóta, þá skal jeg ekki ræða frekar um hana.

Hæstv. forsrh. (S. E.) endurtók loforð stjórnarinnar um að taka embættakerfið til yfirvegunar og gat þess um leið, að ekki væri neitt óeðlilegt að vísa þessu máli til stjórnarinnar. Jeg skal játa, að það kann að vera þægilegt fyrir hæstv. stjórn að hafa þetta mál óafgreitt. Þá getur hún, ef illa horfist á með efndir þessa loforðs hennar, gripið til þess og lagt það fram, og verið viss um góðar undirtektir þingsins. En hitt veit jeg ekki, hvort að svo stöddu ber að álíta stjórnina svo nauðulega stadda um efndir á þessu stefnuskráratriði sínu, að ástæða sje til að vísa þessu til hennar. Að minsta kosti er allshn. á móti því og mun því greiða atkv. á móti till. hv. þm. Dala. (B. J.).

Bjarni Jónsson: Jeg vil biðja háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) að muna það, að það er hann, sem nú ræður því, í hvaða tón er talað. Jeg hefi aldrei kastað að honum hálfu orði í þessum tón og mun væntanlega ekki gera það, — að fyrra bragði. En hitt má hann ekki ætla, eftir slíkt tilræði, að hann sleppi svo á brott, að maður nái ekki í taglið á honum.

Þessi háttv. þm. (J. Þ.) kvað síldarverin ekki mundu gera sýsluna stærri. Það eru undur mikil, að gamall vegamálastjóri skuli vera gæddur svo frábæru mannviti að geta uppgötvað það, að síldarver teygi ekki neitt úr skæklum landsins. Maður gæti alt að því ætlað slíkum vitring að skilja það, að þótt þau ekki megni þetta, þá hljóta þau samt, eftir því sem þeim fjölgar, að krefjast æ meiri lögreglustjórnar. Og innan fárra ára verða þau orðin svo mörg, fiskiverin á Ströndum, að það verður ofverk einum manni að hafa þá sýslu á hendi. Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) tók svo harðan sprett áðan, á sínum stríðalda mannvitsfák, að hann þeysti alveg óvart fram hjá þessu mikilvæga atriði.

Þá mun hann ekki heldur hafa haldið nægilega í við folann, þessi vegvísi maður, þegar hann var að tala um samgöngutækin á milli þessara sýslna. Hann kvað allan galdurinn í því fólginn að nota samgöngutæki þau, sem þar væru fyrir hendi, og sigla á skipum og bátum yfir flóann. Ja, „kóngur vill sigla, en byr blýtur að ráða“, og jeg veit ekki betur en að sami sje sjórinn þar og fyrrum, og sömu bátar og ferðir þar

á milli eins ótryggar og altaf hefir verið, en yfir fjallgarðana ganga skipin ekki enn þá. Verkfræðingurinn á eftir að finna upp slík skip.

Þá þóttist háttv. þm. (J. Þ.) heldur slá í gandinn, þegar hann fór að tala um sýslumennina í sýslum þessum. Hann fór nokkrum háfleygum orðum um hlutverk þeirra í lífinu, og mátti á honum skilja, að aðalástæðan fyrir þessu frv. væri sú, að hækka þá í embættastiganum. En eftir því sem jeg veit best, þá sitja nú ungir menn í flestum sýslum landsins. Og með því að jeg get ekki sjeð fyrir, að neinn manndauði sje í námunda, þá á jeg ekki heldur von á því, að nokkurt þessara embætta losni svo bráðlega. Og væntanlega er það þó ekki ætlan þessa háttv. þm. (J. Þ.), að aðrir menn verði reknir upp úr betri embættum, til þess að koma þessum að.

Að því er snertir aðsetursstað sýslumannsins, þá er skakt að gera ráð fyrir, að sýslumaðurinn vilji endilega sitja í kaupstað, að minsta kosti ekki sá yngri, sem býr á jörð og kysi væntanlega að halda áfram að búa. Háttv. þm. hefði því mátt finna betri rök í því efni.

Þá greip gæðingurinn nokkur víxlspor, er hann var að vitna til umyrða minna um Dala- og Snæfellsnessýslu. Blandaði hann þar öllu saman, og eins því, er jeg sagði um Barðastrandarsýslu. Annars lagði jeg aðalhersluna á það, að Alþingi bæri að forðast að gera þetta þvert ofan í vilja hjeraðanna. Þessar sýslur, sem hjer er um að ræða, eiga auðvitað sama tilkall til ríkissjóðsins sem aðrar sýslur landsins, því þær gjalda í hann að sínum hluta, eins og hinar. Ef þær nú kæra sig ekki um að spara þetta, þá virðist lítil ástæða til að þröngva þeim til þess. Að minsta kosti mætti láta svo lítið að spyrja þær um þetta. Það hefir ekki heldur hepnast þessum háttv. þm. (J. Þ.), nje sparnaðarmanninum úr Eyjafirði, að sýna fram á nokkra rökstudda ástæðu fyrir frv. þessu, og hafa ræður þeirra og rök verið fimbulfamb eitt.

Í lok skeiðsins mintist háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) með nokkrum orðum á einn vin sinn fyrir handan hafið. Tók hann í sama bili allur að skjálfa, eins og sá maður gerir jafnan, þegar hann verður fyrir mikilli andlegri áreynslu. Veit jeg ekki, hvort þetta var tilviljun ein, að hann líktist honum svo, eða eðlilegar afleiðingar sprettsins. Er mjer og sama hvort er, en á það vil jeg minna, að sá maður, sem mestu rjeð í nefndinni, er einmitt flokksmaður hans. Urðu líka auðsæ merki þess á starfsemi nefndarinnar. Allar sparnaðarráðagerðir hennar leiddu bara til þessarar till., um sameiningu Dala- og Strandasýslu, og er það bara heimastjórnarhefnd á Dalamönnum fyrir að hafa kosið mig á þing.

Forsætisráðherra (S. E.): Það er bara örlítil athugasemd við ræðu háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Það var alger misheyrn hjá þeim háttv. þm., að jeg hafi í ræðu minni áðan farið fram á það, að máli þessu væri vísað til stjórnarinnar. Jeg gerði aðeins grein fyrir, hvers vegna jeg hefði ekki tekið til máls. En því slepti jeg, sem vel mætti þó minnast á, að þar sem 1½ vika er nú gengin í það að ræða um kennaraembættin við háskólann og fleira, sem ekki hefir borið eða ber, á þessu þingi, neinn árangur, þá vildi jeg ekki að þarflausu auka umr., sem bara leiða til kostnaðar.

Gunnar Sigurðsson: Nokkur orð viðvíkjandi brtt. á þskj. 116. Það er alveg rjett, að jeg skrifaði fyrirvaralaust undir nál. allshn., af því að jeg skoðaði þessa

sýslusameiningu gerlega. Annars lýsti jeg því yfir, og munu meðnefndarmenn mínir viðurkenna það, enda bókað í fundarbókina, að jeg lít svo á, að breytingu á lögsagnarumdæmum landsins eigi aðeins að gera eftir föstu kerfi. Legg jeg ekkert kapp á brtt. þessa nú, og þeim mun síður, sem sú fjarstæða er risin upp af henni, að háttv. sparnaðarnefnd hefir lagt til, að sameinuð yrði Árnes- og Rangárvallasýsla.

Háttv. frsm. (J. Þ.) lagði áherslu á það, að sameiningin færi fram svo fljótt sem unt væri. En jeg hygg, úr því ekki sparast neitt á því í bili, að ekki geri neitt til, þótt það dragist um eitt ár og sje nú vísað til stjórnarinnar. Rjettara væri og að leita álits sýslubúa, því þótt Dalamenn sjeu yfirleitt mótfallnir sameiningu, þá getur verið, að af illu tvennu kjósi þeir fremur að sameinast t. d. Barðastrandarsýslu, og gefst þeim þá kostur að segja til um það.

Að lokum verð jeg svo að geta þess, að mjer þótti vænt um að heyra, er hv. frsm. (J. Þ.) talaði áðan um, að ósanngjarnt væri að sameina Árnes- og Rangárvallasýslu. Er gott að vita, að hann er á móti því í hjarta sínu, þótt hann hafi reynst línur mótstöðumaður þess í framkvæmdinni.

Frsm. (Jón Þorláksson): Jeg sagði ekkert um það, í sambandi við þetta, hvort jeg teldi sameiningu Árnes- og Rangárvallasýslu ósanngjarna, heldur að hún hefði breytingu á kerfi lögsagnarumdæmanna í för með sjer, og myndi það valda örðugleikum. Hjer er því ekki til að dreifa, því með þessu væri sýslum þessum bara komið í sama horf og öðrum.

Annars hefði háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) átt að geta veitt því eftirtekt, að jeg greiddi atkv. á móti frv. um sameiningu Árnes- og Rangárvallasýslu.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að segja meira í þessu máli.

ATKVGR.

Till. frá þm. Dala. (B. J.) um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 15 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. E., Gunn. S., Ing. B., Jak. M., J. B., L. H., M. J., M. K., Ó. P., Þorl. G., B. J., B. Sv.

nei: E. Þ., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. P., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. H.

Einn þm. (H. K.) fjarstaddur.

Brtt. 189 tekin aftur til 3. umr.

— 116 feld með 17 : 3 atkv.

1. gr. samþ. með 15 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. P., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. Þ.

nei: Gunn. S., Ing. B., Jak. M., J. B., L. H., M. J., M. K., Ó. P., P. Þ., Þorl. G., B. J., E. E., B. Sv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 2 atkv.

Á 43. fundi í Nd., föstudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 31, 189).

Bjarni Jónsson: Mig langaði til að segja nokkur orð, áður en gengið er frá þessu frv. hjeðan úr deildinni. Það er öllum kunnugt, að stjórnin hefir lýst yfir því, að hún ætlaði að taka til rann-

sóknar, hvort ekki væri hægt að fækka embættum, og þá tekur sú rannsókn líklega meðal annars til þess, hvort ekki muni hægt að fækka lögreglustjórum. Þá getur verið, að till. hennar fari í bága við þetta frv., að stjórnin komist að þeirri niðurstöðu, að hentugra væri að fækka lögreglustjórum á annan hátt. Eða þótt hún vildi sameina þessar sýslur, þá vildi hún sameina þær á annan hátt, eins og hjer kom fram við síðustu umræðu þessa máls, bæði hjá mjer og frsm. nefndarinnar (J. Þ.), að heppilegra væri að sameina Dalasýslu annari sýslu en Strandasýslu. Það gæti t. d. komið til mála að sameina norðurhluta Strandasýslu við Ísafjarðarsýslu, en syðri hlutann Húnavatnssýslu. Jeg nefni þetta aðeins sem dæmi upp á það, sem til mála getur komið, en þá eru þessi lög þröskuldur í vegi fyrir till. stjórnarinnar, og þyrfti að breyta því á næsta þingi. Það er heldur engin ástæða til að ætla, að sameiningin verði komin á áður en stjórnin kemur fram með sínar tillögur, og er því ekki ástæða til að hrapa að neinu. Þá skal jeg geta þess, að jeg hefi fengið nýtt skeyti, er sýnir ljóslega vilja Dalamanna í þessu máli. Skeytið er dagsett 7. þ. m., kl. 9[42] sent af stað, og er svohljóðandi:

„Öll sýslunefndin í Dalasýslu mótmælir á aðalfundi sínum í dag, 6. apríl, eindregið og kröftulega sameining Dalasýslu og Strandasýslu. Sýslunefndin."

Jeg les þetta upp hjer til að sýna, að það er ekki uppspuni úr mjer, að Dalamönnum sje þessi sameining þvert um geð.

Jeg vil því leyfa mjer að bera hjer fram svohljóðandi rökstudda dagskrá:

Stjórnin hefir lýst yfir því, að hún ætli sjer að rannsaka, hvort fækka megi embættum, og gera tillögur um það. Þar sem nú vel getur farið svo, að sameining sú, sem hjer ræðir um, fari í bága við það kerfi, er stjórnin á sínum tíma vildi leggja til, þá telur deildin óhyggilegt að láta þetta mál ganga fram og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Frsm. (Jón Þorláksson): Nefndin hefir að vísu ekki haft þessa rökstuddu dagskrá til athugunar, en jeg hygg þó, að mjer sje óhætt að segja fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar, sem ekki hefir skift skoðun frá því nál. var samið og til síðustu stundar, að hann telur ekki rjett að afgreiða mál þetta á þennan hátt. Ástæður fyrir þessu voru færðar við 2. umr. þessa máls, og jeg sje ekki ástæðu til að endurtaka þær nú. Meira þarf jeg því ekki að segja við þessu, fyrir hönd allshn. En mjer láðist að svara einu atriði, er kom fram síðast í ræðu hv. þm. Dala. (B. J.) við 2. umr. þessa máls. Hann sagði þá, að þetta frv. væri heimastjórnarhefnd á Dalasýslu fyrir það, að hún hefði kosið hann á þing. En þetta er með öllu staðlaust. Í fyrsta skifti var frv. um þetta borið fram af þm. Dala. skömmu eftir að Alþingi fekk löggjafarvald, og því löngu áður en heimastjórnin kom til sögunnar. Í annað skifti var frv. þetta borið fram af milliþinganefnd, sem í áttu sæti menn af fleiri landsmálaflokkum en heimastjórnarflokknum. Sú nefnd var ekki svo skipuð, að hún gæfi ástæðu til ummæla hv. þm. Dala. (B. J.). Í þriðja sinn er svo frv. um þetta efni borið fram hjer á þingi af hv. þm. Str. (M. P.). Það er nú margt vel um þann mann, en í augum heimastjórnarmanna hefir þó verið sá ljóður á ráði hans, að hann hefir aldrei verið heimastjórnarmaður. Hvað allshn. snertir, sem jeg tala hjer

fyrir, þá er hún skipuð fleiri mönnum en heimastjórnarmönnum.

Jeg vænti, að þetta muni nægja til þess að sýna, að það eru staðlausar getsakir, að þetta frv. eigi rót sína að rekja til þeirrar ástæðu, er hv. þm. Dala. (B. J.) vildi vera láta.

Bjarni Jónsson: Hv. frsm. allshn. (J. Þ.) taldi mig hafa farið með rangt mál, er jeg gat um, af hvaða orsökum þetta frv. væri upp runnið. En það er þó hárrjett, sem jeg sagði. Það er að vísu satt, að sá maður, sem flytur þetta frv. hjer, hefir aldrei verið við heimastjórn kendur, og því engin börn við henni getið, enda átti jeg ekki við hann. Það kemur heldur ekki málinu við, hvað gerðist í tíð feðra vorra, er ellefu manna þingmálafundur í Dalasýslu gerði ályktun. Það hefir verið sýnt, að vilji Dalamanna er allur annar nú. Jeg hefi ekki sagt, að sá uppruni væri af þeim ástæðum. En jeg átti við fæðing frv. í millilinganefndinni. Hún var af þeim ástæðum, sem jeg greindi. Nefndin fjekk áskorun frá mjer um að rannsaka, hvort eigi væri hægt að aðskilja umboðsvald og dómsvald; þótt hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) rengi það og vilji siga á mig hinum mikla sagnfræðingi, þá er það þó satt. En upp úr þessu varð svo aðeins frv. um sameining tveggja lögsagnarumdæma. Parturiunt montes, nascitur ridiculus mus. Það voru að vísu ekki eingöngu heimastjórnarmenn í þessari nefnd, en heimastjórnarmaðurinn í nefndinni kunni betur að koma sínum málum fram en hinir og vissi vel, hvað hann söng, er hann bar fram þetta frv.

Jeg hefi þóst verða þess var, að hv. þm. bæru svo mikla virðingu fyrir hv. kjósendum, að þeir vilji ekki gera sjer leik að því að gera þeim gramt í geði. En það er gert hjer, er Dalasýsla er tekin hjer út úr og á að sameina hana Strandasýslu, að íbúum Dalasýslu þvernauðugum. Hjer er að ástæðulausu verið að áreita kjósendur Dalasýslu. Jeg vænti þess, að dagskrá mín verði samþykt, en hún fer fram á, að stjórninni verði falið að rannsaka málið. Jeg hugsa, að fylgismenn stjórnarinnar muni samþykkja hana. Væri jeg í stjórnarinnar sporum, teldi jeg það móðgun við mig, ef þingið færi að grípa með blettum inn í það verk, sem jeg væri búinn að lýsa yfir að jeg ætlaði að framkvæma.

Lárus Helgason: Jeg skal ekki lengja umr. mikið, en vildi aðeins láta í ljós þá skoðun mína um þetta mál, að jeg tel rökstuddu dagskrána fullkomlega rjettmæta.

Jeg hefi orðið þess var síðan jeg kom á þing, að hjer hafa verið ýms þau mál á döfinni, sem betur væri að ekki hefðu komið inn í þingið; og svo er um þetta mál. Jeg fæ ekki sjeð, að neinn sparnaður yrði að því, þó að þetta frv. yrði að lögum, því að í báðum þeim sýslum, sem talað er um að sameina, eru ungir sýslumenn, og yrði að sjá fyrir þeim, eða öðrum þeirra, að miklu leyti af fje landsins, að minsta kosti fyrst um sinn, svo sem áður hefir verið sýnt fram á hjer í hv. deild. Sparnaður sá, sem af þessu máli leiðir, er því sá, að þingið lengist og kostnaðurinn við það eykst. Auk þessa finst mjer næsta undarlegt að grípa, að mjer virðist úr lausu lofti, tvö embætti og vilja sameina þau. Hitt er miklu heilbrigðara, að taka alt launakerfið til rannsóknar í heild sinni, eins og hæstv. stjórn hefir lýst yfir að gert verði.

Vegna þessa, sem nú er talið, mun jeg greiða atkvæði móti frv., en með rökstuddu dagskránni.

Frsm. (Jón Þorláksson): Það er ekki mitt að halda skildi fyrir milliþinganefndinni í launamálinu, hvorki þeim, sem enn eru á lífi, eða hinum, sem liðnir eru. En jeg vildi minna hv. þm. Dala. (B. J.) á, að af þeim mönnum, sem sömdu till. þá, sem hjer hefir verið getið um, var aðeins einn heimastjórnarmaður, og það er sá maðurinn, sem hefir reynst hv. þm. (B. J.) best allra heimastjórnarmanna, og betur en flestir menn aðrir; það situr því illa á hv. þm. Dala. (B. J.) að beina skeytum að þessum manni, þegar hann á ekki lengur sæti í þinginu. Auðvitað er nú ekki hægt að segja, að hv. þm. (B. J.) hafi gert lítið úr þessum manni, með því að gefa í skyn, að hann hafi ráðið einn atkv. allra nefndarmanna.

Hv. þm. V.-Sk. (L. H.) sagði, að enginn sparnaður væri í þessu frv., og jeg finn ástæðu til að segja nokkur orð út af því. Það er ekki í fyrsta sinni, sem eitthvað þesskonar er sagt. Það er orðin tíska, ef einhver sparnaðartill. kemur fram í þinginu, að segja, bæði í sjálfu þinginu og opinberum blöðum, að eini sparnaðurinn, sem af þeirri till. leiði, sje sá, að lengja þingtímann, eða með öðrum orðum enginn sparnaður, heldur þvert á móti eyðsla. Sama sagði og hv. þm. V.-Sk. (L. H.) um þetta frv. En það vita allir, að þetta er ekki rjett. Það vita allir, að þingtíminn fer ekki eftir því, hvort við sitjum lengur eða skemur á dag hjer í deildinni meðan við bíðum eftir því, að fjárlögin sjeu afgreidd í Ed. Því að það eru þau, sem fremur öllu öðru ráða lengd þingtímans. Jeg sje ekki, að þeim tíma, sem þessi deild hefir frían, meðan fjárlögin eru til meðferðar í Ed., sje betur varið á annan hátt en þann, að leggja niður fyrir sjer, hvernig best sje hægt að spara fje landsins til frambúðar. (M. P.: Kostnaðurinn við prentun þingtíðindanna?). Já, jafnvel þó að prentunarkostnaðurinn verði meiri.

Og það get jeg sagt hinum hv. nýkomna þm. (L. H.), að þó að hann þykist ekki sjá mikinn árangur af sparnaðarviðleitni þingsins, og fátt gangi fram af till., sem fara í þá átt, er mikill árangur af henni, og hann er sá, að engar till. hafa komið í gagnstæða átt. Undanfarið hefir verið í þinginu stanslaus straumur af eyðslutill, bæði styrkveitingum til einstakra manna eða fyrirtækja og um stofnun nýrra embætta og opinberra starfa. Á síðasta þingi voru þannig stofnuð milli 10 og 20 embætti, sem sumpart voru samþ. í fjárlögunum og sumpart á annan hátt. Það er því ekki lítill sparnaður, ef þessu þingi tekst að stöðva þennan straum, þannig, að því yrði svo lokið, að ekkert embætti hefði verið stofnað.

Hvað hv. deild þóknast að gera við þetta frv., er nokkuð fyrir sig, en ef það verður felt, hygg jeg, að hv. þm. fari heim með þann orðstír á baki, að þeir hafi felt allar sparnaðartill., sem fram hafa komið, því að þetta mun vera hið eina sparnaðarfrv., sem enn á sjer nokkra lífsvon.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi aðeins leyfa mjer að gera stutta athugasemd út af þeim ummælum, sem hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hafði um mann, sem hann sagði að jeg þekti, en nefndi þó ekki með nafni.

Hv. þm. (J. Þ.) hefir nú ekki sýnt enn, að hann sje meira trygðatröll en jeg, og jeg mun ekki þurfa hjálpar hans til þess að semja um milli mín og þessa manns. Hann gaf það í skyn, að jeg væri að baktala þennan mann hjer í deildinni, en jeg vil aðeins minna hv. þm. (J. Þ.) á, að það, sem jeg segi og hefi

sagt um þetta mál, má lesa í Alþt. það ár, sem málið var fyrst borið fram, og er því alls ekki rjett, að hjer sje nokkuð sagt á bak. Og jeg ímynda mjer, að jeg yrði fyrri til að verja hann en hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.), ef þess þyrfti við.

Það, sem hv. þm. (J. þ.) sagði um sparnaðinn við þetta frv., held jeg að hafi komið úr verra horninu á heilanum í honum, því að jeg tel hann of gáfaðan mann til að meina það, nema hann ætlist þá til, að annarhvor sýslumannanna í þessum sýslum sje drepinn, en það hefir ekki enn komið fram hjá þessum hv. þm. (J. þ.). Það var og ekki rjett, að þetta væri eina sparnaðartill., sem lífvænleg væri, en hitt má vel vera, að hv. þm. (J. þ.) vilji helst, að hún lifi. En jeg minnist þess nú, að háttv. þm. (J. þ.) lagðist á móti einni sparnaðartill., þar sem um mikinn sparnað var að ræða, af því að hann vildi ekki, að Reykvíkingar skyldu einir greiða skólagjöld sín. Þá var það hann og hans kjördæmi, sem átti að verða fyrir barðinu á sparnaðinum, enda var hann frv. mótfallinn.

Annars sýnir það, hve óviturlegar þessar sparnaðartill. eru, að menn eru hættir að þora að tala í alvöru um sparnað í þinginu. Hið sama sýnir enn fremur það, að hin eina sparnaðartill., sem vit var í, var drepin. Jeg á hjer við till. fjvn. Þó var þar að ræða um jafnmörg 100,000 eins og hjer um 1000.

Annars get jeg geymt að tala um þennan sparnað þangað til þingi er lokið, því að þá verður auðvelt að reikna hann út. En að síðustu skal jeg geta þess, að íslenska þjóðin er ekki svo heimsk, að það þurfi að búast við, að hún muni gína yfir sparnaðarflugum þessara atkvæðaveiðimanna.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. Dala. (B. J.) feld með 16 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., E. E., Gunn. S., Ing. B., Jak. M., L. H., M. J., M. K., P. þ., Þorl. G., B. Sv.

nei: Þorst. J., Þór. J., B. H., E. þ., H. K., J. A. J., J. B., J. S., J. þ., M. G., M. P., Ó. P., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó.

Einn þm. (Þorl. J.) fjarstaddur.

Brtt. 189. tekin aftur.

Frv. samþ. með 15 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. S., J. þ., M. G., M. P., Ó. P., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. þ., H. K., J. A. J.

nei: L. H., M. J., M. K., P. þ., Þorl. G., B. J., E. E., Gunn. S., Ing. B., Jak. M., J. B., B. Sv.

Einn þm. (Þorl. J.) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Ed.

Á 39. fundi í Ed., föstudaginn 7. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 31).

Á 42. fundi í Ed., þriðjudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Karl Einarsson: Jeg ætla ekki að halda neina ræðu um þetta mál; deildinni er það svo kunnugt, að þess gerist engin þörf.

Það eru harla skiftar skoðanir um málið, og undarlegt, að það skuli hafa komið fram, þar sem stjórnin hefir lýst yfir því, að hún ætli að taka embætta-

skipun landsins til nákvæmlegrar athugunar og gera till. um fækkun embætta, eftir því sem unt er. Af þessum ástæðum tel jeg eigi rjett að samþykkja nú frv. þetta, enda gæti svo farið, að sameining þessara embætta færi í bága við niðurstöðu stjórnarinnar að athuguðu máli. Jeg vil því gera till. um, að deildin vísi málinu til stjórnarinnar.

ATKVGR.

Till. frá þm. Vestm. (K. E.) um að **vísa málinu til stjórnarinnar** samþ. með 8 : 4 atkv.

3. Matsnefnd á erlendum gjaldeyri.

Á 42. fundi í Nd., fimtudaginn 6. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um skipun matsnefndar á erlendum gjaldeyri (þm.frv., A. 202).

Á 43. fundi í Nd., föstudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Proppé*): Eins og tekið er fram í greinargerð þessa frv., eru mjög skiftar skoðanir manna um það, af hverju stafi það verðfall, sem orðið hefir á íslensku krónunni á síðari tímum. Eins og lætur að líkum, hefir nefndin ekki haft tækifæri til að rannsaka það mál til hlítar, því að hún hefir hvorki þeim mönnum á að skipa, sem færir eru til þess, nje heldur hafa þeir haft tíma til slíkra rannsókna. Það er þó eftir talsverða rannsókn og athugun, að samvinnunefnd viðskiftamála kemur með frv. þetta inn í hv. deild.

Nefndin hefir borið sig saman við ýmsa málsmetandi menn um atriði það, sem frv. fer fram á, og mjer er óhætt að taka það fram, að næstum undantekningarlaust allir, sem málefnið hefur verið rætt við, hafa verið sammála um það, að núverandi fyrirkomulag og óvissa væri allsendis óviðunandi, og að kringumstæðurnar og ástandið krefðist þessara ráðstafana. Um hitt hafa aftur á móti verið talsvert skiftar skoðanir, hvenær byrja skyldi að skrá gengið, og það hefir þess vegna orðið að samkomulagi að láta þetta atriði vera nokkuð á valdi stjórnarinnar og nefndar þeirrar, er til stendur að skipuð verði.

Það er óhugsandi, að vjer til lengdar, eins og þjóðverjar, getum trássast við að fylgja alþjóða-viðskiftalögmáli. Og enda þótt, því miður, megi gera ráð fyrir því, að íslenska krónan verði ef til vill lág fyrst í stað, er þó hitt augljóst, samkvæmt þeim gögnum, sem nefndin hefir haft fyrir sjer, og þá sjerstaklega þegar litið er til þess, hve góðar eru nú allar framleiðsluhorfur, að gengi vort verður eigi lengi í þeirri niðurlægingu og óvissu, sem það nú er.

Samkvæmt ábyggilegum heimildum voru banka- og viðskiftaskuldir Íslendinga erlendis um síðustu áramót hjer um bil 27 miljónir króna. Aftur á móti voru inneignir erlendis á sama tíma hjer um bil 4,7 miljónir, og einnig voru á sama tíma, eftir ágiskun, óseldar íslenskar afurðir erlendis fyrir um 4 miljónir. Dragi maður þessar 8,7 miljónir frá, verða eftir 18,3 miljónir. Af sömu

* Ó. P. hefir ekki farið sjálfur yfir handrit skrifaranna að ræðum sínum í þessu máli.

skýrslum er það sjáanlegt, að af upphæð þessari skulduðu kaupsýslumenn, aðrir en bankar, um 5,2 miljónir, en það má telja alveg víst, að í minsta lagi helmingur þessarar upphæðar sje samningsbundnar vöruskiftaskuldir, og er þó síst of djúpt tekið í árinni. Dragi maður nú þennan helming frá, sem óhikað má fullyrða að eigi hafi nein áhrif á gengi vort, verða eftir 15,7 miljónir. Frá þessari upphæð mun leyfilegt að draga 2 miljónir, af vissum ástæðum, sem ekki skal skýrt frá hjer. Þá verða eftir 13,7 miljónir. Af þessari upphæð skuldar annar bankinn um 7 miljónir, sem allar líkur eru þó til að hægt verði að fá fasta afborgunarskilmála um, og það jafnvel til langs tíma. Hugsi maður sjer þessu komið í framkvæmd, en það er einmitt það, sem gert er að skilyrði fyrir byrjun skráningar, í greinargerð frumvarpsins, verða eftir 6,7 miljónir, sem eigi er ráðstafað, og vil jeg þó bæta þar við fyrir vanhöldum 1,3 milj. Þetta yrðu þá samtals áætlaðar um 8 miljónir svokallaðra dægurskulda, eða þeirra skulda, sem telja má sennilegt að meiri eða minni áhrif gætu haft á gengi hinnar íslensku krónu. Það skal þó í þessu sambandi tekið fram, og er það haft eftir bankafróðum manni, að venjulegar dægur- eða fljótandi skuldir fyrir ófriðinn muni eigi hafa verið langt frá þessari upphæð, eða eigi undir 5—6 miljónum.

Mætti maður nú gera ráð fyrir því, að báðir bankarnir væru búnir að afla sjer tryggra viðskiftasambanda erlendis, sem þegar er staðreynd um annan bankann, má telja það nokkurn veginn víst, að „kredit“ sú, sem bankarnir hefðu, mundi að minsta kosti nema því, sem jeg áður taldi óráðstafað. Er þá eftir að tryggja sjer það, sem þarf til daglegs innflutnings. Talsvert miklar ráðstafanir um innflutning mun þegar vera búið að gera, og að minsta kosti fyrir Faxaflóaútgerðina fengin trygging fyrir nægum innflutningi salts og kola, sem skiljanlega hlýtur að vera mjög stór liður í búskap vorum, og yfirleitt má enn fremur gera ráð fyrir, að innflutn. þessa árs muni eigi valda neinum vandræðum. Að vísu eru ekki enn þá fyrir hendi neinar áreiðanlegar skýrslur um það, hve innflutningur til landsins hafi verið mikill síðan á áramótum, en jeg þykist samt ekki byggja á röngum grundvelli þá ágiskun mína, sem einnig hefir við þó nokkur rök að styðjast, að innfluttar vörur frá nýári, að undanteknum kolum og salti, muni síst nema meiru en þær vörur, sem við höfum flutt út á sama tíma.

Innflutningurinn, og það jafnvel á hinum algengustu nauðsynjum, hefir aldrei verið jafnlítill og á þessu tímabili, og birgðirnar í landinu af þeim vörum eru sáralitlar. Því miður. Þessu til sönnunar nægir að taka það fram, að ekkert einasta skip, sem komið hefir til landsins síðan á áramótum. hefir haft fullfermi að flytja, og venjulegast ekki meira en einn þriðja eða fjórða af lestarrúminu. En til þess að fá einhvern flutning hafa þau neyðst til að taka kol fyrir mjög lág farmgjöld.

Önnur fullgild sönnun fyrir því, að jeg muni hjer fara með rjett mál, er sú staðreynd, að hið óskráða gengi íslensku krónunnar hefir ekkert lækkað síðan í október eða nóvember, og mun krónan nú vera, eins og þá, 70—72 danskra aura ígildi, en sterlingspund stendur óhaggað í 27 krónum.

Mjer er persónulega kunnugt um það, að fráfarandi forsætisráðherra hafði fullan skilning á alvöru þessa máls, og að hann hafði þegar í síðustu utanför

sinni undirbúið málið nokkuð erlendis, en um framhald þess undirbúnings eða þeirra málaleitana, sem þá voru á döfinni, er mjer eigi nógu kunnugt, en sennilegt þykir mjer, að hin nýja stjórn hafi lítið gert til framhalds málinu, vegna fjarveru sendiherrans íslenska, sem okkur er öllum kunnugt um. En mál þetta mun hafa hvílt í höndum hans að miklu leyti. Á hinn bóginn mun jeg mega segja það með fullri vissu, að málaleitun þessari mun hafa verið mjög vel tekið á þeim stöðum, sem borið hefir verið niður, og jeg má einnig fullyrða, að opinber skráning mundi óneitanlega vekja meiri samúð og betri skilning en núverandi óvissa og óreiðufyrirkomulag hlýtur óumflýjanlega að valda.

Að öllu þessu athuguðu virðist það liggja í augum uppi, að líkurnar til þess eru mjög miklar, að ráðstafanir þær, sem frv. gerir ráð fyrir, geti undir engum kringumstæðum skaðað okkur. — Slíkar ráðstafanir virðast miklu fremur beinlínis stefna að því að bæta úr og kippa í lag því vandræðafyrirkomulagi á verslun og viðskiftum, sem vjer nú búum við.

Um einstakar greinar frv. skal jeg ekki við þessa 1. umr. tala neitt sjerstaklega; sennilega gefst tækifæri til þess síðar. En frá eigin brjósti vil jeg er bygt á hafa flestir þeir menn, sem aðeins bæta því við, og leggja áherslu á það, að hina sömu skoðun og frv. vit hafa á þessum málum, og það er persónuleg sannfæring mín, án þess að jeg áþreifanlega geti sannað öðrum það, að opinber skráning gengis muni hafa þau læknandi áhrif á viðskiftalíf vort, að ekki einungis gengismismunurinn muni minka, okkur í hag, heldur muni einnig komast meiri festa á viðskiftin og peningaveltan muni komast í þann farveg, sem eðlilegastur er og heillavænlegastur, sem sje til bankanna. Þetta er óbifanlega trú mín, sem jeg veit að mun rætast, og sjálfur er jeg svo bjartsýnn að halda því fram, að gengismunur íslenskrar og danskrar krónu muni að mestu leyti, ef ekki alveg, horfinn fyrir næstu áramót.

Áður en jeg sest niður get jeg ekki stillt mig um að geta þess, að Bretum, þessari hagsýnustu og „kritiskustu“ fjármálaþjóð heimsins, hefir eigi fundist það ósamboðið virðingu sinni að meta ríkisskuldabrjefin okkar fyrir breska láninu frá því í haust á 98, eða með öðrum orðum tveimur undir nafnverði. En að sú virðing sje handahófsvirðing, mun víst enginn treystast að halda fram.

Magnús Kristjánsson: Jeg verð að segja, að jeg hefi ekki haft tíma eða tækifæri til þess að kynna mjer mál þetta sem skyldi. En í fljótu bragði virðist mjer þó jeg mega segja, að frv. þetta muni vera bæði meinlaust og gagnslaust og muni ekki ráða bót á því stóra meini, sem við eigum við að búa, sem er verðfall íslensku krónunnar og þar af leiðandi skortur á gjaldeyri til nota erlendis.

Jeg get ekki stillt mig um að minna á það, sem jeg hefi svo oft tekið fram hjer á þingi, þegar rætt hefir verið um gengismálið, að til þess að halda uppi verðgildi okkar peninga þurfum við að hafa gát á því, að það, sem inn er flutt, fari ekki fram úr því, sem útfluttar afurðir landsins nema. Eða, sem er enn ákjósanlegra, að útfluttar vörur nemi meira en inn er flutt.

Mjer er ekki ljóst, hvernig stjórnin getur metið erlendan gjaldeyri og skipað fyrir, hvers virði okkar króna eigi að vera, og þótt hún hafi menn sjer til

aðstoðar. Og jafnvel þótt hægt sje með lögum að banna sölu á erlendum peningum, þá er erfiðara að framfylgja þeim, og vandasamt að hafa slíkt eftirlit með höndum.

Þess vegna verða þessi lög gagnslaus, þó að þau næðu samþykki, og hafa engin bjargráð í sjer fólgin út úr þeim vandræðum, sem þeim er þó ætlað að bæta úr.

Hitt er ráðið til að bjarga gengismálinu, að flytja inn á þessu ári alt að 10 miljónum minna en andvirði afurða landsins nemur á þessu ári.

Vilji hv. Alþingi ekki fallast á innflutningshöft í sambandi við eftirlit á afurðasölunni, þá er jeg sannfærður um, að allar aðrar ráðstafanir reynast kák eitt, og þetta frv. líka.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta nú, enda læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja, hvað um frv. þetta verður, því jeg lít svo á, eins og jeg hefi áður tekið fram, að það sje gagnslaust og bæti ekki úr á nokkurn hátt.

Það mun eflaust gefast tækifæri síðar til að benda á, hve margfalt tap og skaðleg áhrif við erum búnir að hafa af gengishruninu, og lítið útlit um, að fram úr rakni, nema tekið sje öfluglega í taumana. Ráðin eru einföld til þess að komast fram hjá þessu skeri, en þau felast ekki í þessu frv.

Jakob Möller: Háttv. frsm. (Ó. P.) komst þannig að orði, eða eitthvað á þá leið, að okkur tjóaði ekki lengur að trássast við að hlýða alþjóðalögmáli viðskiftalífsins, og átti víst við með því, að við gætum ekki lengur spyrnt á móti því að láta fram fara opinbera skráning á verðmæti íslenskrar krónu. **(Ó. P.:** Við getum ekki sjálfir skráð hana.). Mjer skilst þó, að hlutverk nefndarinnar væri að miða verðmæti íslenskrar krónu við einhvern erlendan gjaldeyri, en það er sama sem gjaldeyrisskráning á íslenskri krónu. Og ef litið er á fyrirsögn frv., þá er ekki hjer um annað að ræða en opinbera skráning krónunnar erlendis. Sje um annað að ræða, þá gerir hv. frsm. (Ó. P.) væntanlega grein fyrir því.

En hvað sem hv. frsm. (Ó. P.) kallar þetta, þá bendir þó greinargerðin á, eða gerir ráð fyrir, að slá öllu á frest um stund og halda áfram að „trássast", því í greinargerðinni stendur, „að nefndin hefir álitið það rjettara, að lög þessi afgreiðist sem heimildarlög, þannig, að ríkisstjórnin og nefnd sú, sem frv. ákveður, skuli skera úr því, nær skráning skuli upp tekin."

En nú er einmitt það merkilegasta við þetta alt saman, að þau skilyrði, sem á að uppfylla áður en opinber skráning fer fram, eru þannig vaxin, að um leið og þau eru uppfylt, er líka upphafin orsökin til þess, að gengi á íslenskri krónu hefir fallið. Því að nefndin ætlast til, að fljótandi skuldirnar ytra verði samningsbundnar, eða þá greiddar áður en til kemur að skrá opinberlega gengi okkar. Og ef það er rjett, að flust hafi 10—12 miljónum króna meira út en síðastliðið ár, og líkar horfur um sama hlutfall þetta yfirstandandi ár, þá er þar með ástæðan fallin til að viðurkenna verðfall á íslenskri krónu.

Hv. frsm. (Ó. P.) vildi ekki fara inn á það, hverjar væru orsakir gengishrunsins, og jeg skal heldur ekki á þessu stigi málsins fara langt inn á það. Aðeins benda á það, að alment er álitið, að aðalorsökin sje sú, að meira sje flutt inn en út. Væri innflutningurinn t. d. 20% minni en útflutningurinn, svo

sem rannsókn hv. viðskiftamálanefndar bendir til að verið hafi síðastliðið ár, þá staðhæfi jeg, að við gætum haldið okkar krónu í „pari".

Hv. frsm. (Ó. P.) gat þess, að lausaskuldir myndu ekki meiri en oft hefði átt sjer stað áður, því að það er alkunna, að viðskiftalífi okkar hefir þannig verið varið, að bankarnir hafa orðið að skulda erlendum bönkum nokkurn tíma ársins. Samkvæmt þessu þykist jeg mega skilja sem svo, enda sjest það líka á greinargerð frv., að til þess sje ætlast, að bankarnir fái nú svo góð sambönd, að þeir geti flotið yfir þennan dauða punkt viðskiftalífs okkar. Og fáist það, er öllu bjargað og öll opinber skráning á verðmæti okkar krónu því óþörf með öllu.

Mjer skilst, sem sagt, eftir öllu, sem fram er komið, að til opinberrar skráningar á íslenskri krónu eigi ekki að koma, fyr en alt sje komið í sama horf og áður en krónan fjell. Þess vegna skil jeg ekki þetta „almenna viðskiftalögmál", er heimtar opinbera skráning.

Nú er þess og að gæta, að viðskiftum okkar út á við er öðruvísi farið en flestra annara þjóða. Peningaviðskifti vor eru bundin við eitt land, Danmörku. Af þessu leiðir, að okkar króna ætti að vera sama virði og dönsk króna. Og á meðan þetta er svo er báðum aðiljum fyrir bestu, að gengið sje hið sama.

Áður en lengra var farið átti því að „stöðva" gengi íslenskrar krónu við sannvirði danskrar krónu. Þetta hefir tekist víða um heim, eins og sjest á frjettum þeim, er hingað berast, að stöðva gengi hinna ýmsu peninga, enda eru sveiflur viðskiftalífsins minni nú en áður.

Þá er að finna ástæðuna, eða hvers vegna horfið hefir verið frá því að halda okkar krónu í jafnvægi við danska krónu. Jeg heyri sagt, að þetta sje ekki til neins, það verði ekki komist hjá því, að hið raunverulega gildi íslenskrar kr., eða sannvirði hennar, komi í ljós.

En hvert er þá hið raunverulega sannvirði íslenskrar krónu? Jeg held því að minsta kosti fram á meðan engin rök eru á móti færð. að það sje danska krónan.

Jeg veit ekki til, að neitt hafi verið gert til að skipa málunum á þessum grundvelli. Annar bankinn hefir enn þá notið lánstrausts eftir þörfum, en hinum hefir, eins og kunnugt er, ekki tekist að halda uppi lánstrausti sínu. Úr þessu verður engan veginn bætt með þessari opinberu gengisskráningu. Geti bankarnir sjálfir ekki aflað sjer lánstrausts, eru fjármál okkar í sama öngþveitinu og áður, hvað mikið sem gengi er skráð hjer. En takist bönkunum að efla lánstraust sitt og verði innflutningurinn minni en það, sem út er flutt, þá lagast þetta alt af sjálfu sjer. Geti bankarnir yfirfært og fullnægt eftirspurninni, hvers vegna á þá að fara að fella íslensku krónuna í verði? Þá getur ekki verið um neina utanaðkomandi nauðsyn að ræða, er heimti opinbera skráning. Aftur á móti ef bankarnir geta ekki staðið straum af yfirfærslunni, safnast skuldir á erlendar hendur, og þá kemur naucsynin utan að, eins og hefir verið, og því hefir krónan fallið.

Það er einmitt þetta, sem nefndin gerir ráð fyrir, að bankarnir fái lán og geti yfirfært, og að innflutningur minki til muna, en þar með er hin utanaðkomandi nauðsyn til skráningarinnar horfin.

Hins vegar skilst mjer og, að þetta hljóti svo að verða, enda er það svo skýrt tekið fram í greinargerð frv., eins og jeg hefi bent á, að stjórnin getur ekki framkvæmt þessa opinberu skráning nema undir þeim kringumstæðum, sem

þar eru nefndar, og nefndin leggur sjerstaka áherslu á, að ekkert verði gert án þess að hinum ákveðnu skilyrðum sje fyrst fullnægt.

Hv. frsm. (Ó. P.) endaði ræðu sína eitthvað á þessa leið: „að opinber skráning veiti gjaldeyrinum aftur til bankanna.“ Þetta er vitanlega því skilyrði bundið, að bankarnir hafi lánstraust erlendis og geti staðið straum af yfirfærslu peninga til skuldalúkninga erlendis. Opinber skráning er engin trygging fyrir því, að gjaldeyririnn komi aftur í bankana. Opinber gengisskráning skapar hvorki peninga nje lánstraust. Sje þetta gjaldeyrisokur áfram, eins og nú hefir verið um hríð, bætir opinber skráning á okkar krónu ekki vitund úr því ástandi.

Hv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að frv. þetta væri meinlaust og gagnslaust. Jeg get tekið í sama strenginn, enda búinn að færa rök fyrir því, að þetta er ekki ráðið til þess að bæta úr ástandinu. Þetta er aðeins formsatriði, sem ekki kemur til greina fyr en búið er að bæta úr ástandinu og fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem orsakað hafa gengishrunið.

Þess vegna átti það að vera fyrsta verk nefndarinnar að koma með ráðin, svo að skilyrðunum yrði sem fyrst fullnægt.

Og þá er opinber skráning íslenskrar krónu úr sögunni.

Sveinn Ólafsson: Jeg var veikur og fjarverandi, er viðskiftamálanefndin lagði síðustu hönd á frv. þetta; er því ekki nema eðlilegt, að eitthvað kunni að vera í því, sem jeg get ekki felt mig við.

Jeg kannast við það, að jeg var nefndinni sammála um það, að þörf væri á að meta útlenda mynt, með það fyrir augum, að gengi íslenskrar krónu yrði hafið sem fyrst, til þess að fyrirbyggja óholt gróðabrall með gjaldeyri vorn. Vegna þessa var jeg með gengisskráningu, en jeg get tekið undir með hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) um það, að óþarft sje að skrá gengið, ef ekki á að gera það fyr en alt er komið á rjettan kjöl aftur og viðskifti bankanna komin í gott horf.

En það er annað, sem liggur á milli um línanna, og kom jafnvel óljóst fram í ræðu hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.), og það er að gengisskráningin ein muni ráða bót á lággenginu, en til þess nægir ekki gengisskráning. Til þess að laga gengið þarf aðrar ráðstafanir, að mínu viti, og þetta frv. kemur ekki nálægt þeim.

Hv. þm. Ak. (M. K.) tók það fram í sinni ræðu, að aðalatriðið í viðskiftamálunum væri það, að hefja gengið, en til þess dugir ekkert annað en öflug innflutningshöft, í sambandi við eftirlit með erlenda gjaldeyrinum. Án þeirra ráðstafana kemur þetta frv. að litlu sem engu liði, og það því síður, sem ákvæði þess eiga ekki að verða bindandi fyrir banka eða einstaka menn, heldur aðeins r á ð g e f a n d i, eftir því sem skilja mátti hv. frsm.

Af hagskýrslum frá sl. ári má ráða það, að útflutningur hafi á árinu verið mun meiri en innflutningur. Hefði þetta átt að laga gengið og viðskiftin við útlönd og minka þær skuldir, sem mest áhrif hafa á gengið. En þetta hefir ekki orðið nema að litlu leyti, og samtímis hefir gengishrunið komið. Virðist þetta liggja í því, að skuldaniðurfærslan er fengin með ríkislániuu að miklu leyti, og er að því leyti færsla fjárins milli lánardrottna. En þótt útflutningur hafi orðið mun meiri en innflutningur, þá virðist fjeð hafa lent að meira eða minna leyti á viðsjálum leiðum; sýnir þetta

best, að þörf er á að taka hjer alvarlega í taumana og varna því, að útlendur gjaldeyrir fari á víð og dreif, því verði honum varið til að greiða með skuldirnar, mun gengið fljótt lagast.

Má segja, að þetta komi ekki við því frv., sem hjer liggur fyrir, en umr. hafa nú allar snúist að því, hver ráð mundu heppilegust til að hefja gengið, og því vjek jeg einnig máli mínu að því.

Frsm. (Ólafur Proppé): Hv. þm. Ak. (M. K.) og hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) álitu frv. þetta meinlaust og gagnslaust; skil jeg vel afstöðu þeirra, þótt sitt gangi hvorum til.

Afstaða hv. þm. Ak. er vel skiljanleg, þegar athugað er frv. það, um innflutningshöft o. fl., sem nú er komið í dagsljósið. Hann er þeirrar skoðunar, að eina ráðið sje hömlur á hömlur ofan, bæði á útfluttum og innfluttum vörum. Ræða hans var nú nokkuð á víð og dreif, en aðalinnihaldið var þó það, að ef flutt yrði inn 5—10 miljónum minna en út er flutt, þá mundi bót fást.

Jeg hefi nú sannað, að útflutningur var miklu meiri en innfl. á síðastl. ári, án þess að nokkrum hömlum væri beitt, og þetta ár mun sýna, að áframhald verður á þessu.

Ummæli hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) snerust aðallega um 1. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að gengisskráning komist ekki á fyr en vissum skilyrðum er fullnægt.

En nefndin vill með þessu herða á stjórninni að halda áfram þeim ráðstöfunum, sem fyrv. stjórn var byrjuð á, um að bæta gengið, strax er þingi er lokið.

Jeg gat þess einnig, að danskir bankar mundu ekki ólúsir á að hlaupa undir bagga með okkur.

Þá vildi þessi hv. þm. (Jak. M.) halda því fram, að gildi ísl. krónu ætti að vera það sama og danskrar, því að útflutningur hjeðan og verslun væri aðallega til Danmerkur.

Það er rjett, að svo var það fyrir 10—12 árum, en nú horfir þetta öðruvísi við, og þær upphæðir eru teljandi, sem nú ganga í gegnum danska banka.

Mestallur gjaldeyririnn fyrir fiskinn gengur í gegnum breska og spanska banka, og því er nú ómögulegt að halda því fram, að dönsk og íslensk króna sjeu óaðskiljanlegar. Viðskifti vor við Breta hafa aukist svo, að þau eru orðin alveg yfirgnæfandi, og væri því full ástæða til að miða ísl. krónu við sterlingspund.

Þá vildi þm. (Jak. M.) halda því fram, að í frv. væri gefið í skyn, að það bæri að trássast við það að skrá gengið. En eftir að stjórnin hefir heyrt framsöguræðu mína vona jeg, að gengið verði skráð svo fljótt sem unt er.

Þá vildi hann og halda því fram, að gengisskráning væri óþörf, ef samið væri um „dægurskuldirnar", því að þá mundi gengið lagast af sjálfu sjer. En það er full ástæða til að skrá gengið fyrir því, því að vel má vera, að þær ráðstafanir leiði til þess, að krónan komist yfir „pari", og þá er auðsætt, að hagur væri að því, að gengisskráningin væri komin á.

Þá hjelt hann því fram, að bankarnir hefðu ekki „spekulerað" á gengismuninum. Hjer er jeg honum heldur ekki sammála. Mjer er svo kunnugt um skifti bankanna við útflytjendur sl. ár, að jeg er viss um, að það má telja það í hundruðum þúsunda, sem bankarnir hafa haft af viðskiftamönnum sínum með því að gefa þeim ekki það raunverulega verðmæti fyrir „valutu" þeirra. Enda bera reikningar Íslandsbanka þetta fullkomlega með sjer, þar sem gróðinn er 2,2 miljónir. Slíka upphæð gæti bank-

inn ekki grætt af vöxtum einum. Raunverulegt gengi ísl. krónu er auðvitað háð framboði og eftirspurn, og verður það jafnt, hvort sem gengisskráningin kemur eða ekki. Nefndin á því ekki og getur ekki búið til sjerstakt verð á krónunni, heldur á hún að meta til sannvirðis gengið á hverjum tíma.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), sem er einn nefndarmanna, var forfallaður síðasta daginn, en hefir nú lýst sjerskoðun sinni. Kemur hún nokkuð eftir dúk og disk, einkanlega er hann hafði áður ekkert við þetta að athuga. Tók hann í strenginn með hv. þm. Ak. (M. K.), um að þetta væri gagnslítið og annað myndi ekki stoða en samþykt hins frv., um innflutningshömlur, en það liggur nú ekki fyrir til umræðu, og á því ekki við að ræða það nú.

Hann sagði og, að jeg teldi þetta frv. leið út úr ógöngunum. Það er rjett, og þó að jeg geti máske ekki fært full rök að því, þá segir mjer svo hugur um, að með þessu komist á það skipulag, sem lagi gengið.

Jakob Möller: Jeg ætla að halda mjer við efnið, en ekki að fara að deila um það, hvort innflutningshöft eða aðrar þvingunarráðstafanir muni verða líklegar til þess að hafa áhrif á gengið. Þetta, sem jeg vil segja, er því aðeins nokkrar athugasemdir við ræðu hv. frsm. (Ó. P.). Hann sagði, að búið væri að undirbúa það, að fullnægja þeim skilyrðum, sem greinargerðin getur um að fullnægja þurfi, áður en gengisskráningin kemst á. Þetta gleður mig. En hann hreyfði ekki við því, að þá er horfin sú ástæða, sem var fyrir gengisskráningunni. Þá sagði hann, að heppilegt mundi að hafa gengið skráð, ef íslensk króna færi yfir „pari". Jeg held, að það þurfi nú að breytast nokkuð mikið til þess, að það verði. Hann talaði einmitt um að fá aðstoð danskra banka, og þá kemur að því, að peningaviðskiftin verða aðallega bundin við Danmörku, og því er eðlilegt, að gengi danskrar og íslenskrar krónu sje hið sama, en með öllu óhugsandi, að gengi ísl. kr. komist upp fyrir danskrar. Hv. frsm. (Ó. P.) fór nokkuð út fyrir málið, er hann fór að rifja upp, hvernig viðskifti vor við útlönd hafa breyst. En til skamms tíma hefir því verið svo varið, að andvirði útfluttra vara hjeðan hefir að vísu verið greitt af kaupendum í enska banka, en síðan verið flutt þaðan beint til danskra banka, viðskiftabanka þeirra íslensku. Ensku bankarnir hafa aðeins verið millistöð. Það er því ekki nema eðlilegt, að gengi ísl. krónu sje það sama og danskrar, og enn er þess að gæta, að verslun vor er líka bundin við Danmörku á þann veg, að við kaupum flestar vörur okkar þaðan.

Enn er og það kunnugt, að dönsk verslunarfjelög hafa í sínum höndum mikið af innlendu versluninni.

Þá gerði hv. frsm. (Ó. P.) ráð fyrir því, að ísl. krónan mundi fljótt komast í „pari". Má vel vera, að svo verði, en hann tekur ekkert tillit til eins, og það er, hver áhrif gengisspekulationirnar kunna að hafa á gengið. Spekulationirnar geta verkað allóþægilega, þar eð dönsk firmu, sem alveg eru óháð hag landsmanna, ráða yfir svo og svo miklu af gjaldeyrinum.

Þá sagði hann, að jeg hefði sagt, að bankarnir „spekuleruðu" ekki í genginu. Jeg sagði það aldrei, en jeg sagði, að þeir ættu ekki að gera það. Og það ætti að vera auðvelt að sjá um, að þeir gerðu það ekki, þar sem þeir eru undir eftirliti landsstjórnarinnar, svo að hún getur gripið í taumana, ef með þarf. En hafi hann það álit á bönkunum, að

þeir sjeu gengisspekulantar, þá er enn hættulegra að skrá gengið, því að það verða altaf bankarnir, sem ráða genginu. Þeir hljóta ávalt að hafa mest ráð á gjaldeyrinum, og þeir hafa mest lánstraustið erlendis. Það breytir engu um þetta, þótt frv. geri ráð fyrir skipun sjerstakrar nefndar, og bankarnir hafi þar engan fulltrúa, því eftir hverju á nefndin að ákveða gengið, nema eftir upplýsingum frá bönkunum? Og hvernig ætti nefndin að halda uppi gengi, sem bankarnir vildu ekki hlíta?

Háttv. frsm. (Ó. P.) sagði, að gengið hlyti að fara eftir framboði ísl. kr. og eftirspurn. Þetta mun nú vera rjett í „teoriunni", en í „praxis" koma „spekulationir" einstakra manna og ýmislegt fleira til greina.

Þá sagði hv. frsm. (Ó. P.), að ekki væri það meiningin að koma hjer á *neinni falsgengisskráningu*, heldur ætti að skrá hið sanna gengi íslensku krónunnar. Nú er það vitanlega mjög óhentugt, ef þessu væri stranglega framfylgt, að gengið sje skráð nákvæmlega eftir ástandi þess tíma, sem yfir stendur. Með því móti yrði útlendur gjaldeyrir í lægra verði þegar útflutningur væri mestur, og öfugt. Jeg hefi líka altaf heyrt því haldið fram, að það ætti einmitt ekki að skrá gengið eftir þeim tíma, sem yfir standi, heldur reyna að ná sem mestu jafnaðargengi. Hitt hlýtur annars óhjákvæmilega að hafa í för með sjer, að útfluttar vörur verði feldar í verði, en innfluttar hækkaðar. Í raun rjettri verður því um þvingað gengi að ræða, en ekki um sanngengi. En meðan svo er, að farið er í kringum hið raunverulega gengi, þá er þar altaf opin leið „spekulöntunum".

Magnús Kristjánsson: Jeg hefi ásett mjer að varast að vekja deilur í þessu máli, því að mínu áliti er frv. þetta ekki svo veigamikið, að það taki því. Jeg get þó viðurkent góðan vilja nefndarinnar og lofsverða viðleitni, að gera eitthvað til bóta, en því miður eru litlar líkur til, að þetta frv. bæti nokkuð úr núverandi ástandi. Hv. frsm. (Ó. P.) þótti jeg fara lauslega yfir frv. áðan. Mjer fanst, satt að segja, ekki felast svo mikið í því, að það þyrfti að útlista það frekar. 1. gr. hljóðar um skipun nefndarinnar. 2. gr. kveður á um, að landsstjórnin skuli í samráði við nefndina ákveða, hvenær nefndin taki til starfa. 3. gr. er um það, eftir hverra tillögum stjórnin skuli skipa nefndina, og 4. gr. skyldar bankana til að gefa nefndinni nauðsynlegar upplýsingar, og kveður svo á um, að nánari fyrirmæli skuli ákveðin í reglugerð, sem landsstjórnin setji. Annað sje jeg ekki í frv., og finn jeg því ekki ástæðu til að fara neitt frekar inn á það. Hitt getur verið, að í umr. komi fram upplýsingar frá hv. flutningsm., sem kunna að hafa einhverja þýðingu.

Mjer er það ekki ljóst, hvort hjer liggur á bak við, að nefnd þessi eigi að ráða yfir bönkunum á þann hátt, að hún ákveði, hvað þeir megi taka mest af landsmönnum fyrir útlendan gjaldeyri. Það er þýðingarmikið atriði, hvort svo er eða ekki. Mín skoðun er sú, að fjarri sje því, að þetta verði lækningin á þessu meini. Það er engin aðalorsök til vandræðanna nú, að bankarnir hafi okrað svo mjög á erlendum gjaldeyri. Þeir hafa auðvitað selt hann of dýrt, einkum upp á síðkastið, og því væri aðhald í þessum efnum til bóta. En aðalorsökin er þó önnur. Hún er þessar skuldir við erlenda, — lánardrotna, vil jeg ekki segja, því það finst mjer of virðulegt nafn og óverðskuldað, — heldur ýmsa erlenda kaupsýslumenn, skuldir, sem

eru ýmist óvissar eða alveg tapaðar. Með þessar skuldakröfur eru útlendir kaupsýslumenn eða braskarar að flagga og bjóða til kaups, þegar þeir eru orðnir sannfærðir um, að skuldirnar verði ekki greiddar að fullu, og bjóða þær svo fyrir hálfvirði eða minna á markaðinum erlendis. Þegar þessi orðrómur er svo einu sinni kominn á, þá er reynt til að sjá um það, að alt, sem Íslandi viðvíkur, sje mælt á sama mælikvarða. Í þessu liggur ólánið. Til þess að forðast, að þetta verði gert, verður að gæta hófs í aðflutningi og innkaupum til landsins. Og til þess að vörur þær, sem við seljum fyrir útlendan gjaldeyri, komi oss að fullum notum, verðum við að sjá um, að hagnaðurinn á gjaldeyrismismuninum lendi ekki í vösum erlendra milliliða, eins og helst til oft hefir átt sjer stað. Þeir hafa keypt íslenskan gjaldeyri lágu verði og borgað vörurnar með honum og selt þær svo aftur fyrir útlendan gjaldeyri, sem er miklu meira virði. Skal jeg t. d. benda á, að fiskverslun vor er mestöll í höndum nokkurra útlendra manna, sem græða á gengismuninum á þennan hátt. Meðan þessu heldur svo áfram verðum vjer að borga tvo peninga fyrir einn, og er þá ekki von, að vel fari um efnahaginn, þegar til lengdar lætur. Þinginu ætti nú að vera það ljóst, að það þarf að setja undir þennan leka, þannig, að andvirði afurða landsins verði einungis greitt í útlendum gjaldeyri, sem notaður yrði eftir þörfum til skuldajafnaðar. Ef þetta verður gert, þá er engin hætta á því, að landsmenn verði að kaupa erlendan gjaldeyri með óhæfilega háu verði. En þessu verður ekki komið í framkvæmd með slíkri nefndarskipun. Þetta verður ekki, nema þjóðin sjálf rumski og sjái, hvað til síns friðar heyrir í þessum efnum. Því þótt þessi nefnd starfaði vel, þá gæti hún samt ekki haft veruleg áhrif á það, hvernig útlendingar versla með kröfur þær, sem þeir kunna að eiga á menn hjer á landi. En ef bankarnir hjer gætu hjálpað landsmönnum til að ná heilbrigðum viðskiftum við útlönd og greiða skuldirnar, þá væri brask þetta þar með úr sögunni.

Jeg þarf svo ekki að útlista þetta nánar. Jeg hefi ekki sagt þetta í þeim tilgangi að lítilsvirða þessa viðleitni nefndarinnar, heldur vildi jeg aðeins vekja athygli háttv. deildar á því, að þetta er engin veruleg lækning út af fyrir sig. Það, sem á ríður, er að menn skilji, að það þarf að breyta um stefnu hvað innflutninginn snertir og sjá um, að afurðir landsins sjeu ekki í höndum þeirra manna, sem nota ástandið og aðstöðu sína til þess að hafa stórfje af landsmönnum og stinga í sinn vasa.

Frsm. (Ólafur Proppé): Mótmæli þau, sem fram hafa komið frá tveimur háttv. þdm., komu mjer alls eigi á óvart, enda þótt jeg gangi að því visu, að sitt gangi hvorum þeirra til.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) heldur að sjálfsögðu fram þeirri skoðun, sem hann hefir hamrað á í blaði sínu og reynt að koma inn í þjóðina nú um langan tíma. Það er sú skoðun, að aldrei beri að viðurkenna sjergengi íslenskrar krónu, miðað við danska. Andmælin frá hans hálfu eru því ekki nema mjög eðlileg.

Aftur á móti eru skoðanir háttv. þm. Ak. (M. K.) um viðskifti og frjálsa verslun svo alkunnar, að það var fyrirfram vitað, hvernig hann myndi snúast í máli þessu.

Að skiftar skoðanir muni vera um þetta atriði yfirleitt, dettur mjer ekki í hug að efast um, en hitt er þó álit mitt, að meðal þeirra manna, sem skyn bera

á þessa hluti, muni meiri hlutinn vera frv. samþykkur.

Það kennir nokkurs misskilnings hjá háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), þar sem hann heldur því fram, að hjer sje um að ræða skráning eða mat íslenskrar krónu. Um það getur alls ekki verið að ræða, heldur aðeins mat á íslenskum gjaldeyri. Orð háttv. þm. (Jak. M.) snerust aðallega um þá grein ástæðnanna fyrir frv., sem ræðir um skilyrði fyrir því, að byrja skuli skráninguna.

Í henni er einmitt sá varnagli sleginn, að fyrst verður að koma hinum lausu skuldum fyrir á viðunandi hátt. En í þessu atriði hefir háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) misskilið mig. Það var aldrei ætlun mín eða nefndarinnar að leita hjálpar danskra banka í þessu efni. Það verða bankarnir sjálfir að gera með tilstyrk stjórnarinnar, og það ætlast nefndin til að framkvæmt verði nú strax að afloknu þingi.

En hitt lá í orðum mínum, að hin erlenda hjálp væri í því fólgin að fá stórbankana dönsku til þess að tryggja okkur, að ef talsverðar fúlgur kæmust inn á markaðinn erlendis, þá hlypu þeir undir bagga og keyptu þær upp með samkomulagsverði.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) gerði mikið úr því, að danskar verslanir væru reknar hjer á landi og hirtu þann hagnað, sem hægt væri að hafa af gengismunínum. Jeg veit nú ekki betur en hjer sjeu að eins 2 eða 3 danskar stórverslanir, og hafa þær innflutning að aðalmarkmiði sínu. Útflutningur er sáralítill eða enginn í höndum þeirra. Mun því heldur orðum aukinn sá gróði, sem þeir eiga að sópa frá landsmönnum í sinn vasa.

Þá gat háttv. þm. (Jak. M.) þess, að stjórnin hefði í fyrra átt að taka í taumana í gengismálinu. Jeg er sammála hv. þm. (Jak. M.) í þessu, en það er nú um seinan að tala um það. Sú misbrúkun, sem það hefir leitt af sjer, að ekkert var gert í þessu, verður ekki aftur tekin. Það, sem nú liggur fyrir, er að gera skjótar ráðstafanir til að skrá gengið og fyrirbyggja þannig tækifæri til slíkrar misbrúkunar erfirleiðis.

Háttv. þm. (Jak. M.) kvað bankana samt geta farið sínu fram, þar sem þeir kæmu til að hafa fulltrúa í nefndinni. Ekki get jeg sjeð, að nein ástæða sje til að óttast það. Eins og sjá má á frv., þá er þar eitt sæti skilið autt handa stjórninni að skipa mann í. Er ætlast til, að í það verði skipaður einn bankastjóranna. Þótti það rjettara en að hafa þá 2, því þá mætti óttast, að bankarnir yrðu of einráðir innan nefndarinnar.

Hins vegar lítum vjer svo á, að það gæti stuðlað nokkuð til að koma á góðri samvinnu á milli bankanna, ef einn maður sæti í nefndinni, sem færi með áhugamál þeirra beggja innan nefndarinnar.

Hv. þm. (Jak. M.) hjelt því fram, að lánstraust vort væri aðallega hjá erlendum bönkum, en einstaklingar hefðu ekki lánstraust hjá verslunarhúsum erlendis. Um þetta geta sjálfsagt orðið nokkuð skiftar skoðanir. Jeg þekki menn hjer á landi, sem hafa mikla tiltrú hjá enskum bönkum, og ekki mun hægt að segja, að bankarnir hjer hafi ekkert traust í Englandi. Jeg geri ráð fyrir, að þegar Íslandsbanki er kominn í horfið aftur, þá geri hann sjer far um að koma sjer innundir hjá ensku bönkunum, ekki síður en hjá þeim dönsku, enda er það sjálfsagt. Oss ætti að vera það hugfast, hvernig dönsku bankarnir reyndust oss á þeim tíma, sem oss lá mest á hjálp þeirra, og reyna að koma oss svo fyrir í framtíðinni, að vjer þurfum ekki eingöngu að treysta þeim.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) kom með þá athugasemd, hvort ekki myndi felast í frv. þessu, að matsnefnd þessi gæti skipað bankanum að selja landsmönnum erlendan gjaldeyri með ákveðnu verði, og ráðið þannig yfir þeim í þessum efnum. Það tel jeg ekki geta komið til nokkurra mála, að þetta verði skoðað sem skyldumat.

Þá talaði hv. þm. (M. K.) um áhrif þau, sem þessar skuldir vorar, sem væru í höndum erlendra braskara, hefðu á gengið. Ekki get jeg litið svo á það sem hv. þm. (M. K.). Í flestum tilfellum er það ekki fje, sem þar er boðið fram, heldur víxilskuldabrjef, sem færast þá bara yfir á aðrar hendur. Get jeg ekki sjeð, að það eigi að hafa svo mikil áhrif á gengið, þótt þau sjeu seld á hálfvirði eða minna. Þessar braskaraskuldir ganga út yfir lánardrotnana erlendis, sem jeg get tekið undir með hv. síðasta ræðumanni að eigi naumast drottinsnafnið skilið.

Jeg er sammála hv. þm. Ak. (M. K.) í því, að nauðsyn sje að gæta hófs í innflutningi til landsins. Síðustu árin hefir verið til muna flutt meira út en inn, og fyrirsjáanlegt er, hvert stefnir á þessu ári. Tel jeg sjálfsagt, að þessar 5—10 miljónir króna, sem talið er að vanti til þess að á komist verslunarjöfnuður, náist í ár.

Þá sagði hv. þm. (M. K.), að nokkrir erlendir fiskikóngar gætu ráðið „valutunni“ hjer og hagnýtt sjer hana eftir vild.

Það er að vísu rjett, að erlendir kaupsýslumenn hafa umráð meginparts hins erlenda gjaldeyris, en þegar þess er gætt, að framleiðendur geta ávalt fengið þá erlendu mynt, sem þeir sjálfir æskja, — auðvitað þá með sama gengi og hægt er að fá hjá öðrum, — þá liggur það í augum uppi, að með því að hafa fastákveðið verð á erlendum gjaldeyri, er einmitt með frv. sett undir þann leka, að framleiðendum geti stafað hætta af þessu.

Fjármálaráðherra (Magn. J.): Jeg fæ ekki betur sjeð en að háttv. nefnd hafi farið hjer fram með allri varkárni. Það er hjer ekki talað um annað en að stjórninni sje gefin heimild til að setja þessa nefnd, og svo einnig tekið fram, að sú nefnd skuli ekki taka til starfa fyr en stjórnin vill. Það er því auðsætt, að það er einungis undir því komið, hverju fram vindur, hvenær nefndin tekur til starfa. Auk þess er svo skipun manna í nefndina; þar sem Verslunarráðið og Samband íslenskra samvinnufjelaga eiga að tilnefna einn manninn, en hins vegar gæti komið fyrir, að þau geti ekki komið sjer saman um hann, þá verður það að líkindum stjórnin, sem í raun rjettri tiltekur hann. Hún kæmi þá til með að ráða tveim mönnum í nefndinni, svo ekki er undan neinu að kvarta í því efni.

Sumir háhhv. þm. hafa barið því við, að þetta geti ekki orðið til neins gagns, en aðrir hafa mælt í móti. Jeg held, að þetta liggi í því, að menn tali sinn um hvað. Það er augljóst, að þessi nefnd getur ekki orðið til neins gagns, þegar miðað er við ástandið, sem nú er. En það er heldur ekki meining nefndarinnar, sem flytur frv. Það er einmitt tekið fram, að margt muni þurfa að hafa gerst áður en nefndin taki til starfa. Er það t. d. tekið fram, að fyrst þurfi að ná samningum á lausaskuldum þeim, sem á oss hvíla erlendis, og auk þess að afla bönkunum viðskiftasambanda og trausts erlendis.

Hv. þm. Ak. (M. K.) tók það fram, að ekki sje nóg að losast úr þeirri skuldakreppu í bili, sem við sjeum í,

nefnd á alls ekkert skylt við það að koma þessu í horfið. Hún á einmitt þá fyrst að taka til starfa, þegar þetta er komið í horfið. Nú munu sumir menn ef til vill segja, að þegar svo sje komið, þá verði þessi nefnd þýðingarlaus. En svo er ekki að öllu. Þegar gott skipulag er komið á, þá er einmitt nauðsynlegt að halda því í horfinu. En það er einmitt þetta, sem þessi nefnd ætti að hjálpa til að gera. Það verður ávalt, eins og ástatt er hjer á landi, hætta á því, meðan gengið er ákveðið af bönkunum, sem altaf líta á dægurviðskiftin, að það verði nokkuð brokkgengt, og er því full þörf á slíkri matsnefnd, til þess að hjálpa til að stöðva gengið. En úr því að jeg er að tala um væntanlegt ástand, þegar fjármálin eru komin í lag aftur, skal jeg taka það fram, að allar þjóðir, sem ekki hafa gefið upp alla von um fjárhag sinn, vinna eftir megni að því að ná aftur gullmyntinni, að fá aftur innleysanlega seðla. Sumar eru enn langt frá þessu takmarki, aðrar hafa nærri því náð því, en við virðumst, því miður, eiga enn alllangt í land til þess. En á þessu takmarki megum við aldrei missa sjónir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 202).

Jakob Möller: Við 1. umr. þessa máls vakti jeg athygli á því tvennu: að vegna þess, hve verslunarvelta landsins er lítil, gæti oss stafað alveg sjerstök hætta af gengis-„spekulationum", ef tekið yrði upp að skrá íslenskt gengi, ekki síst vegna þess, hvernig peningaviðskiftum vorum við útlönd væri háttað, og í öðru lagi á því, að svo framarlega sem þeim skilyrðum fyrir framkvæmd gengisskráningar, sem sett eru í greinargerð frv., yrði fullnægt áður en skráning yrði upp tekin, þá væri heldur ekki nein knýjandi þörf fyrir sjerstaka, íslenska gengisskráning.

Að vísu hafa þeir tveir menn úr nefndinni, sem talað hafa í heyranda hljóði um þetta mál, ekki verið á eitt sáttir, hvernig skilja beri þau orð nál., sem hníga að því, hvernig eigi að samningsbinda hinar lausu skuldir. Mjer skildist á hv. frsm. (Ó. P.), að allar lausar skuldir ætti að samningsbinda, eða þá að greiða, en aftur fanst mjer háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) gera ráð fyrir, að 4 milj. þessara skulda verði skildar eftir.

Þessa upphæð tel jeg ekki svo litla, að ef nefndin gengur út frá því, að opinber skráning verði upp tekin áður en henni er komið í lag, þá geti hún gert rugling í reikningnum, því að talsverðar sveiflur má vafalaust gera á gengi íslenskrar krónu með minni upphæðum.

Því er nú haldið fram, að ef opinber gengisskráning kæmist hjer á, þá myndi það greiða mjög fyrir því, að gengi íslenskrar krónu rjetti við, samfara batnandi verslunarjöfnuði. En hjer ber þess að gæta, að hægt er að halda gengi innlends gjaldeyris svo lágu sem vera skal, að minsta kosti meðan útflutningurinn fer ekki langt fram úr

innflutningi. Þeir, sem umráð hafa yfir erlendum gjaldeyri, munu í lengstu lög reyna að halda honum í sem hæstu verði; þó að gengið sje skráð opinberlega, geta þeir haft mikil áhrif í þessa átt, með því að bjóða gjaldeyrinn dræmt út, og hægðarleikur að mynda samtök um að halda verðinu uppi. Og meðan engar ráðstafanir eru gerðar til að verka á móti slíkum tilraunum til að okra á erlendum gjaldeyri, getur algerlega brugðið til beggja vona um viðrjetting gengisins.

Því mun nú verða haldið fram, að með skipun gjaldeyrismatsnefndar verði úr þessu bætt, að nefndin hafi eftirlit með þessu.

En þá er þess að gæta, að árangurinn af starfi hennar hlýtur að fara eftir því, hvernig hún er skipuð. Jeg verð nú að líta svo á, að eins og frv. ætlast til að nefndin sje skipuð, þá sje engin trygging fengin fyrir því, að árangurinn verði sá, sem til er ætlast.

Í frv. er svo fyrir mælt, að nefndin skuli skipuð einum manni tilnefndum af Fjelagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda. Sá nefndarmaður ætti alveg ákveðinna hagsmuna að gæta í nefndinni og gæti aldrei orðið hlutlaus matsmaður. Annan nefndarmann á að skipa eftir till. Verslunarráðsins og Sambands íslenskra samvinnufjelaga í sameiningu. Það er fyrst við þetta að athuga, að það virðist ekkert sjerlega líklegt, að þessi maður yrði nokkurn tíma löglega skipaður, því að mjög óvíst er, að þessir tveir aðiljar gætu komið sjer saman. Ef svo yrði ekki, ætti stjórnin að skipa manninn á eigin spýtur, en gæti þó farið eftir till. annarshvors þessara aðilja, og leiði jeg engum getum að því, að hvors till. þá yrði farið. En þó að þessir tveir aðiljar, Verslunarráðið og Sambandið, gætu komið sjer saman um manninn, þá er þó engin trygging fyrir því, að hann yrði ekki alveg sama sinnis og fulltrúi útgerðarmannanna, því að vitanlega á Verslunarráðið og Samband íslenskra samvinnufjelaga margskonar hagsmuna að gæta, og alveg óvíst, hvað ofan á yrði. Um skipun þriðja mannsins, sem stjórnin á að vera einráð um, er alt óákveðið, en eitt er víst, að í frv. er ekki gert ráð fyrir því, að neytendur, almenningurinn, sem ekki hefir neinar útflutningsvörur að selja, eigi neinn fulltrúa í nefndinni, og er því nokkur ástæða til að ætla, að nefndinni sje einmitt ætlað að gæta alveg einhliða hagsmuna framleiðendanna.

En loks er þess að geta, að engin trygging er fyrir því, að nefndin geti haft samvinnu við bankana, sem þó vitanlega hljóta altaf að geta ráðið mestu um það, hvert gengið er á hverjum tíma. Þar gæti meira að segja alt orðið hvað upp á móti öðru.

Hv. frsm. (Ó. P.) gat þess, að það hefði vakað fyrir meiri hl. nefndarinnar, að 3. maðurinn yrði skipaður af stjórninni eftir till. bankanna. Um þennan mann er sama að segja og hina fyrri, að fyrst og fremst er engin trygging fyrir því, að bankarnir vilji skipa hann, eða kæmu sjer saman um hann. Það eru meira að segja fremur litlar líkur til þess, því að svo gæti farið, að fulltrúi bankanna yrði áhrifalaus á ákvarðanir nefndarinnar, þó að hins vegar sjeu engin ráð til þess að þröngva bönkunum til að fara eftir þeim ákvörðunum, ef þeir ekki vilja.

Um gengisskráninguna er það að segja, að óþarft er að setja nokkur lög til þess, að hún geti komist hjer á. Ef þörf er á að skrá íslenska krónu, þá getur stjórnin látið gera það í samráði við bankana. En jeg hygg, að æskilegast

væri að komast sem lengst hjá slíkri skráningu, og hefi jeg áður fært ástæður fyrir þeirri staðhæfingu. Það liggur í augum uppi, að gengisskráningin ein aflar oss ekki fjár eða lánstrausts. Hún er gagnslaus í því efni. Eina leiðin til þess að losna úr kröggunum er að greiða lausaskuldir landsins, og þær verðum við að greiða, annaðhvort með framleiðslunni eða með föstum lánum. Og jeg er ekki í minsta vafa um, að ef að því ráði væri horfið, þá mundi vera hægt að hækka gengið upp í jafnvægi við danska krónu um næstu áramót. Hærra getur gengi vort varla farið, vegna þess hve viðskifti okkar eru háð Dönum, og þýðir því ekki að skilja íslensku krónuna frá hinni dönsku, meðan þannig er háttað viðskiftum og meðan bankarnir hjer skulda dönskum bönkum stórfje.

Af því jeg sje, að gengisskráning bætir ekki á nokkurn hátt úr fjárhag landsins, og af því jeg hygg, að aðrar leiðir eigi að fara til þess að hækka gengi ísl. krónu eða bæta úr raunverulegu verðfalli hennar, þá get jeg ekki annað en greitt atkv. á móti þessu frv. Hins vegar óttast jeg það, að við opinbera gengisskráning mundu koma fram ýms áhrif á gengið, utan frá og innan, sem ekki yrði auðvelt að ráða við, og að þá gæti svo farið, að mörg ár eða áratugir liðu áður en það kæmist í samt lag aftur. En með samþykt þessa frv. væri þingið beinlínis að hvetja til gengisskráningar og ýta undir stjórnina í því efni. Vil jeg ekki, að slíkt frv. verði hjer samþ., og geri því það að till. minni, að *málinu verði vísað til hæstv. stjórnar.*

Magnús Jónsson: Jeg stend ekki upp til þess að hlaupa í skörðin fyrir hv. frsm. (Ó. P.), það er óþarfi, heldur af því að jeg var nefndur hjer í umr. áðan, og sagt, að okkur hv. frsm. (Ó. P.) hefði ekki að öllu leyti borið saman. Var því haldið fram, að í ástæðunum fyrir frv. væri gert ráð fyrir að samningsbinda allar skuldir áður en gengisskráningin færi fram, en jeg hefði aftur á móti sagt, að ekkért gerði til um 4 miljónir, hvort samningsbundnar væru eða ekki. En hvorugt þetta er alls kostar rjett. Að vísu sagði jeg eitthvað á þá leið, að 4 miljónir þyrftu ekki að hafa skaðleg áhrif á gengið, en þau orð sagði jeg í alt öðru sambandi, sem sje í ástæðum mínum fyrir afnámi innflutningshaftanna. Það stendur og ekki í nál., að skilyrðið fyrir skráningunni sje að samningsbinda *allar* skuldir, heldur „að mestu leyti", og er það því á valdi stjórnarinnar, hvenær hún lætur skráninguna fara fram.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) hjelt því fram, bæði áður og nú, að um leið og skuldir landsins væru samningsbundnar myndi íslenska krónan hækka í jafngildi danskrar krónu, og því væri skáningin óþörf. Þetta er ekki fullkomlega rjett.

Þó að allar skuldir landsins væru samningsbundnar, þá myndu þær þó geta haft áhrif á gengið, vegna þess að framleiðslan þyrfti þá auk annars að bera uppi rentur og afborganir af þessum föstu lánum.

Það er alveg rjett hjá þessum hv. þm. (Jak. M.), að ráðið til þess að laga gengið er að borga lausu skuldirnar eða semja um þær. En í þessu frv. er einmitt hvöt til stjórnarinnar um að vinda að slíku bráðan bug.

Um árangur gengisskráningarinnar má lengi deila, og um það, hvort matsnefndin muni geta haft áhrif á gengið eða ekki. Hygg jeg, að hún geti ekki skapað gengi, heldur muni hún aðeins

slá föstu því gengi, sem er. Og einmitt þess vegna legg jeg ekki mikla áherslu á, hvernig nefndin er skipuð. Jeg játa, að fram geti komið nokkuð mismunandi áhugamál hjá nefndarmönnum, því útflytjendur vilja hafa lágt gengi, en innflytjendur hátt. Og þess vegna var það lagt til, að fulltrúar beggja ættu sæti í nefndinni. Annars finst mjer þetta ekkert aðalatriði, og engri átt nær að vera á móti frv. vegna þessara ákvæða; þeim má auðveldlega breyta.

Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) þykir ekki líklegt, að gengi íslenskrar krónu verði hærra en hinnar dönsku. En jeg hygg, að vel geti svo farið, þótt ekki verði í bráð. Í Danmörku eru einmitt nú mikil peningavandræði, og líklegt, að danskir bankar eigi erfitt með að veita bönkum vorum þau lán, sem þeir þurfa á að halda. Því er ekki ólíklegt, að viðskifti vor verði nú meira en áður við aðrar þjóðir en Dani. Ríkislánið var tekið utan Danmerkur, og jeg hefi heyrt, að bankarnir hafi einnig leitast fyrir um lán í Englandi.

Jeg var með að flytja þetta frv., með það fyrir augum, að það væri algerlega hættulaust, en hvetti til þess að samningsbinda skuldir vorar og yki þannig lánstraustið og lagaði gengið.

Frsm. (Ólafur Proppé): Hvorki um innflutningshöftin eða um gengisskráninguna hefir ræða hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) breytt skoðun minni hið minsta.

Margt bendir ótvírætt til þess, að fullkomin nauðsyn sje á skipun gjaldeyrisnefndar. Hv. þm. (Jak. M.) hefir sjálfur viðurkent, að þörf sje á að laga gengið, og hæstv. fjrh. (Magn. J.) hefir þar tekið í sama streng, enda taldi hann nefndarskipuna til mikilla bóta.

Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) mintist á skuldirnar, sem þyrfti að binda samningum. Jeg þóttist hafa gert ljósa grein fyrir þeim í framsöguræðu minni. Áætlaði jeg þá 7 miljónir króna, sem Íslandsbanki skuldar erlendis, en síðan munu þær hafa minkað um 1 miljón, og eru þá eftir 6 miljónir í lausaskuldum. Jeg er sannfærður um, að þessar skuldir muni mega binda samningum, ef gerð er gangskör að því.

Við hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) erum sammála um það, að þá, þegar þessar skuldir eru samningsbundnar, muni vera eftir um 4 miljónir króna í lausum skuldum. En eftir því, sem bankafróðir menn hafa sagt mjer, mun fyrir ófriðinn venjulega hafa verið sú upphæð ósamningsbundinna skulda við útlönd. Þessar 4 miljónir ættu því ekki að þurfa að hafa mikil áhrif á gengi vort.

Jeg vil geta þess hjer, að það hefir þegar verið leitað hófanna við 3 danska banka um að kaupa þessar lausu skuldir. En ef til vill er hæstv. stjórn ekki vel um það kunnugt, vegna þess, að sá maður, sem átti að annast þetta, er nú suður á Spáni. En fyrv. stjórn taldi meiri líkur fyrir því, að þetta mundi takast. En vel getur farið svo, að til þessa þurfi ekki að koma, vegna þess, að afurðir eru nú óðum að seljast, og verður því þessi hjálp dönsku bankanna oss ef til vill óþörf.

Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) fór allmörgum orðum um skipun gjaldeyrismatsnefndarinnar og sagði, að hagsmunir landsmanna rækjust allmikið á að því er gengið snerti. Þetta er rjett, og þess vegna voru sett þau ákvæði í frv., að höfuðaðiljar þessa máls, innflytjendur og útflytjendur, hefðu tillögurjett um tvo nefndarmenn. Því að það er vitanlegt, að innflytjendur hafa

hag af háu gengi, en útflytjendur af lágu. Síðan átti stjórnin að skipa þriðja mann, og hann bankafróðan, og eru þá komnir þeir þrír aðiljar, sem gengið kemur mest við.

Sami hv. þm. (Jak. M.) talaði um, að nefndarskipunin væri óframkvæmanleg á þeim grundvelli, sem frv. gerir ráð fyrir. En jeg geri ekki mikið úr þeirri mótbáru. Jeg trúi því ekki fyr en jeg tek á, að bankarnir geti ekki komið sjer saman um mann í nefndina. Og ef svo ólíklega skyldi fara, þá skipar stjórnin auðvitað mann í sætið. Sama er að segja um þann mann, er Verslunarráðið og Sambandið útnefna. Ef þau koma sjer ekki saman, þá skipar stjórnin manninn.

Enn fremur sagði þessi sami hv. þm. (Jak. M.), að þessi nefnd mundi litla þýðingu hafa, ef bankarnir risu á móti henni. Jeg veit nú satt að segja ekki, á hverju hann byggir þessi ummæli, því fátt er ólíklegra en að bankarnir yrðu á móti nefndinni, því að hún leysir þá úr hinum mesta vanda, sem er að ákveða gengið.

Um óreiðuna, sem nú er á þessu, má til dæmis benda á það, að bankarnir hafa notað aðstöðu sína gagnvart viðskiftamönnum þeim, er þeir hafa lánað, til þess að láta þá skila erl. mynt, sem þeir hafa fengið fyrir vöru sína, með jafnvirði við þá íslensku. Veit jeg, að þetta er svo, og er það þegar stórfje, sem framleiðendur hafa þannig orðið að punga í bankana. Þessu verður endilega að koma í rjett horf, og það sem fyrst.

Það má í þessu sambandi geta þess, að það er alment álit viðskiftafróðra manna, bæði hjer og erlendis,, að hjer þýði ekki að spyrna á móti broddunum. Ef öryggi og festa eigi að nást í viðskiftunum, þá verði eitthvert ákveðið, opinbert gengi að vera á gjaldeyrinum, til þess að í viðskiftunum verði haft fast land undir fótum og eitthvað til að byggja á. Jeg skal játa það, að hagur landsins er nú að batna. Útfluttar vörur nema nú meiru en innfluttar, og útlit er fyrir, að gott verði í ári, og þá von um, að verslunarjöfnuður á komandi ári verði okkur stórum í hag. En þetta breytir engu um skráning gengisins. Á meðan jafnvirði við danska krónu er ekki náð verður að hafa eitthvað fast til að miða við. Vel gæti líka svo farið, að íslenska krónan yrði innan skamms hærri en sú danska, og yrði gengisskráningin oss þá í vil. Að vísu er slíkt best í hófi, og ekki væri óskandi, að eins færi hjá oss og Svíum, að hátt gengi yrði til að drepa atvinnuvegina.

Sami háttv. þm. (Jak. M.) taldi það nauðsynlegt, að dönsk og íslensk króna hjeldust í hendur, þar sem aðalviðskifti vor sjeu og verði bundin við Danmörku. Jeg hefi þegar mótmælt þessu, og geri það enn. Þær bankaskuldir, sem vjer erum nú í við Danmörku, eru í raun rjettri aðallega dægurskuldir, — það er skuldir, sem borgaðar verða upp fyrir áramót. Sama er að segja um skuldir annars bankans hjer við England; þær eru líka aðeins dægurskuldir. Þegar nú þannig bæði ríkið, bankarnir og einstakir menn eru farnir að taka lán í Englandi og auka lánstraust sitt þar, þá get jeg ekki sjeð, að neitt sje því til fyrirstöðu, að svo kunni að æxlast, að viðskifti vor færist smám saman frá Danmörku og yfir til Bretlands. En þegar svo er komið, er ekki lengur nein ástæða til að binda sig við dönsku krónuna.

Hv. þm. (Jak. M.) vildi að síðustu vísa málinu til stjórnarinnar. Jeg verð nú að segja það, að eftir ræðu hans í

gærdag finst mjer þetta koma úr hörðustu átt. Jeg tók þá svo eftir, að hann segði henni algerlega upp hollustu í viðskiftamálunum. Ef það því er alvara hans að trúa henni fyrir þessu þýðingarmiklu viðskiftamáli, þá er hann fljótari að skifta um skoðun en jeg hefði trúað honum til.

Jakob Möller: Jeg hefði haldið, að þessi háttv. þm. (Ó. P.) væri ekki svo ókunnugur þingsiðum, að það hneykslaði hann, þó að stjórnarandstæðingur rjeði til að vísa til stjórnarinnar máli, sem hann vildi fyrirkoma. Í stjórnarskránni og þingsköpunum er nefnilega svo fyrir mælt, að þá er þd. sjer ekki ástæðu til að taka afstöðu til einhvers máls, þá megi vísa því til stjórnarinnar. Það er því hreinasti misskilningur, að í þessu þurfi að liggja nokkurt traust til stjórnarinnar. — Jeg hefi annars ekki í hyggju að fara nú að ræða um afstöðu mína til stjórnarinnar, en vil aðeins benda þessum hv. þm. (Ó. P.) á það, hvort það muni þá koma alls kostar heim við afstöðu hans til stjórnarinnar að bera fram frv. sem þetta. Því ekki mun það þó vera meining hans með því að ljá henni fylgi sitt eða votta henni traust.

Hv. þm. (Ó. P.) talaði um það, að allir, sem vit hefðu á, teldu gengisskráning óhjákvæmilega. Þar væri um eitthvert viðskiftalögmál að ræða, sem ekki yrði farið í kringum. — Í þessu sambandi minnist jeg þess, að jeg sá í blaði einu hjer á dögunum grein nokkra um seðla- og gengismálið. Taldi höfundur greinarinnar það meðal annars vísindalega sannað, að því meira, sem gefið væri út af seðlum, því minna giltu þeir, þannig, að ef helmingi meira væri í umferð af seðlum en vöruveltan krefði, þá giltu þeir nákvæmlega helmingi minna en nafnverð þeirra. Og þetta sagði greinarhöfundurinn að væri eins ábyggilega vísindalega sannað eins og t. d. það, að jörðin væri hnöttótt. Hann hafði lesið þetta í bók eftir norskan mann, Aschehoug að nafni, og það var honum nóg. Slíkar tilvitnanir í vitra menn geta vitanlega gerið góðar, en jeg segi fyrir mig, jeg met þó reynsluna meira en slíkar staðhæfingar, hvað viturra manna sem er. Og hvað sem annars öllum þessum spekingum líður, þá veit jeg ekki til þess, að nokkur þeirra hafi haldið því fram, að nokkur setning á sviði hagfræðinnar sje vísindalega sönnuð. Þar er yfirleitt um „teoriur" einar að ræða, og þótt spakir menn hafi búið þær til, þá verð jeg samt að leggja meira upp úr reynslu þeirri, sem við höfum öðlast í þessu efni. Og reynslan er sú, að við höfum getað komist af án gengisskráningar alt fram að síðustu árum. Það hefir ekki komið til mála fyr en 2 eða 3 síðustu árin að skrá gengi íslensku krónunnar. Og orsökin er sú, að bankarnir hafa haft nægilegt lánstraust erlendis til þess að komast hjá sjerstakri gengisskráningu. Nú er spurningin: Getum við setið að þeim kjörum áfram eða ekki? Það hefir ekkert að þýða, hvað fjármálaspekingar segja um þetta. Við verðum einungis að halda okkur við horfurnar og reynsluna. Og eftir þeim að dæma held jeg, að þetta sje hægt. Verslunarjöfnuður vor er nú í því horfi, að ekki er meira flutt inn en út. Samkvæmt því eigum við að geta borgað það, sem við fáum á hverju ári frá útlöndum, en aðra tryggingu hafa viðskiftamenn vorir erlendis aldrei haft; á því einu hefir lánstraust íslensku bankanna bygst. Rökrjett ályktun af

þessu er sú, að í þessu efni eigi að vera hægt að komast af, eins hjer eftir sem hingað til.

Mjer þykir vænt um að hafa fengið skýringu á því atriði í þessu máli, sem óljósast var fyrir mjer, en það er um skilyrðin fyrir því, hvenær gengisskráningin skuli framkvæmd. Í greinargerðinni fyrir frv. stendur, að áður skuli lausar skuldir erlendis, sem gengi íslensku krónunnar stafar veruleg hætta af, vera samningsbundnar eða greiddar. Sömuleiðis er það tekið fram, að bankarnir skuli áður hafa fengið viðunandi viðskiftasambönd og lánstraust erlendis. Mjer er nú orðið ljóst, að ekki er til þess ætlast, að neitt verði farið eftir þessu. Viðskiftalögmálið algilda spyr vitanlega ekki um það, hve mikið af lausum skuldum vorum tekst að samningsbinda, eða hvort bankarnir hafa fengið viðunandi viðskiftasambönd. Hafa þessi ákvæði sjálfsagt verið sett þarna einungis til þess að friða einhverja af nefndarmönnunum, sem ekki hefir meir en svo litist á opinbera skráningu gengisins, með miljónir króna veltandi í lausum skuldum.

Það er nú gert ráð fyrir, að lausar skuldir vorar, sem ekki eigi að samningsbinda, nemi um 4 milj. króna. Því hefir verið haldið fram, að þær hafi verið jafnmiklar fyrir stríðið; en það er ekki rjett. Þetta eru skuldir, sem safnast hafa fyrir; þar við bætast svo vitanlega venjulegar dægurskuldir. — Upphæðin, sem þá má gera ráð fyrir að verði veltandi í „lausum“ skuldum framvegis, verður því talsvert meiri. Af þessu hlýt jeg að styrkjast enn betur í þeim ásetningi að koma þessu frv. fyrir kattarnef. Og jeg vil mjög eindregið vekja athygli hv. þm. á því, að ekki er lengur um það að ræða, að gengisskráning verði látin bíða þess, að samningar náist um allar skuldir landsins erlendis.

Hv. samþm. minn (M. J.) sagði áðan, að gjaldeyrismatsnefndin ætti ekki að hafa nein áhrif á gengið. Ja, hvað á hún þá að gera? Hann sagði, að framboðið og eftirspurnin hlyti að ráða genginu. En hver á að ákveða það? Það á nefndin einmitt að gera. Hún á að meta það, hvernig stendur á um hlutfallið milli framboðs og eftirspurnar, og ákveða svo gengið eftir því. Og samkvæmt því, sem haldið hefir verið fram af hv. frsm. frv. (Ó. P.), á hún ekki einmitt að ákveða gengið eftir hlutfallinu milli framboðs og eftirspurnar þann og þann daginn, eða þann og þann mánuðinn. Enda hætt við því, að gengið yrði þá nokkuð óstöðugt og óhagstætt á sumum tímum árs. Nei, nefndin á einmitt að hafa alóbundnar hendur um að meta gengið eftir því sem hún telur h e p p i l e g a s t. Það er því mikið undir því komið, hvaða menn eiga sæti í nefndinni. Auk þess er það miklum erfiðleikum bundið að fara að skrá hjer gengi, þar sem gengi hefir aldrei verið skráð hjer áður, og það ekki sambærilegt við önnur lönd, sem hafa skráð það öldum saman. Það er og hvergi síður, að þeir sjeu látnir ákveða gengið, sem eiga hagsmuna sinna að gæta í því, hvort það stendur hátt eða lágt. Bönkunum er venjulega falið þetta starf, enda mun það hollast. Þeir versla aðeins með gjaldeyrinn og eru því hlutlausir í þessu efni.

Báðir háttv. nefndarmenn vefengja, að það geti ekki komið til mála, að íslenska krónan komist upp fyrir dönsku krónuna. Færðu þeir þau rök fyrir sínu máli, að viðskiftin væru alls ekki svo bundin við Danmörku sem menn almennt álitu. Þetta kemur dálítið kynlega við, þegar hv. frsm. (Ó. P.) lýs-

ir því jafnframt yfir, að 4 stórbankar danskir muni hlaupa undir bagga með oss, ef á þurfi að halda. Ekki bæri það neitt vitni um los á viðskiftunum við Danmörk, ef þetta yrði. Eða hyggur hv. frsm. (Ó. P.), að þessir 4 bankar myndu óðfúsir að hjálpa oss til að koma gengi krónu vorrar upp fyrir dönsku krónuna? Ja, „mikil er trú þín, kona".

Háttv. frsm. (Ó. P.) reyndi svo að lýsa því, hvað nefndin ætti að gera. Kvað hann aðalstarf hennar að koma í veg fyrir, að íslenskir framleiðendur fengju afurðir sínar borgaðar í íslenskum gjaldeyri, og erlendir milliliðir hjeldu áfram að stinga hagnaðinum af gengismuninum í sinn vasa. Jeg veit nú ekki betur en að búið sje að semja um það að fá afurðirnar borgaðar í erlendum gjaldeyri í bankana hjer, svo að ekki getur þetta orðið aðalstarfið.

Þá vill háttv. frsm. (Ó. P.) segja, að nefndin hljóti að gæta hagsmuna landsmanna gagnvart bönkunum, þegar þeir skifa andvirði afurðanna í íslenskum gjaldeyri. En það er óvíst, að hún megni eínu sinni það. Það er nefnilega engin trygging fyrir því, að bankarnir fari eftir mati nefndarinnar, ef þeim ber á milli um gengið. Nefndin yrði því einmitt áhrifalaus, þegar hennar þyrfti helst með, og bankarnir rjeðu genginu eftir sem áður.

Þá sagði hv. frsm. (Ó. P.), að með því að nefndin væri svo skipuð sem ráð er gert fyrir í frv., þá komi hún til að gæta jafnt hagsmuna allra hlutaðeigenda, jafnt þeirra, sem kaupa vörur til innflutnings, og hinna, sem selja afurðir landsins útlendingum. Ekki get jeg fallist á þetta. Það er að vísu trygt þar, að framleiðendur hafi sinn fulltrúa í nefndinni. En um innkaupendur er öðru máli að gegna. Um skipun þess manns, sem ætlast er til að gæti hagsmuna þeirra, er svo fyrir mælt, að landsstjórnin skipi hann eftir till. Verslunarráðs Íslands og Sambands íslenskra samvinnufjelaga. Nú stendur svo á, að þessi tvö fjelög eiga mismunandi „interessu" að gæta, og yrði algerlega undir hælinn lagt, hvort ofan á yrði, að gæta hagsmuna neytenda eða framleiðenda. Gæti því vel svo farið, að sá maður, sem valinn yrði, yrði líka fulltrúi framleiðenda, og er þá auðsætt, í hvaða átt viðleitni nefndarinnar myndi stefna.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða þetta frekar. Jeg held fast við það, að þótt þessu frv. verði ekki hleypt í gegnum þingið, þá er svo fjarri því, að loku sje fyrir það skotið, að gengið rjettist við aftur. Og þó svo væri, að brýn nauðsyn þætti síðar til að skrá það, þá væri þetta altaf hægt fyrir stjórnina og bankana.

Viðvíkjandi því, sem háttv. frsm. (Ó. P.) sagði um illa meðferð bankanna á framleiðendum, þá vil jeg minna hann á það, að þeir einir sæta ekki ábyrgð í því efni, heldur og landsstjórnin, sem er yfir þeim og á að gæta hagsmuna landsmanna. Og hvað komandi tíma snertir, þá er það að segja, að þótt bankarnir verði látnir ráða mestu í þessu efni, þá ætti að sjálfsögðu að slá því föstu, hvaða mismunur mætti vera á kaupverði og söluverði erlends gjaldeyris. Úr þeirri átt væri því ekkert að óttast framar.

Ingólfur Bjarnarson: Eins og greinargerð frv. ber með sjer, þá var nokkur ágreiningur meðal nefndarmanna um sum ákvæði þess. Er jeg einn þeirra nefndarmanna, sem ekki gátu orðið ánægðir með 3. gr. frv., sem sje um skipun nefndarinnar. Og ósamþykkur var jeg greinargerð frv., þar sem hún gerir ráð fyrir, að þetta komi þá fyrst til

framkvæmda, þegar búið sje að samningsbinda lausar skuldir þær, er skaðlegar geti orðið fyrir gengi íslensku krónunnar. Lít jeg svo á, að úr því sje til lítils gagns að setja nefnd þessa á laggirnar. Í samræmi við þá afstöðu mína til frumvarpsins og greinargerðarinnar, sem jeg hjer hefi lýst, mun jeg greiða atkvæði með því, að málinu verði vísað til stjórnarinnar.

Jón Þorláksson: Jeg hefi ekki getað sannfærst um það af umræðunum, að skipun þessarar nefndar sje nauðsynleg eða til nokkurs gagns. Frv. segir, að nefndin eigi að meta verð á erlendum gjaldeyri. En mjer skilst, að hennar verkefni sje bara að auglýsa það verð, sem er á hverjum tíma á gjaldeyrinum í bönkunum. Finst mjer engin ástæða til að skipa sjerstaka nefnd til þessa.

Það, sem liggur hjer til grundvallar, mun vera það, að landsstjórnin bannaði bönkunum hjer að selja danskar krónur með gengismun. Var þetta í því skyni gert, að reyna að halda íslensku krónunni til jafns við þá dönsku. Það kom síðar á daginn, að þetta var óframkvæmanlegt, og þá fóru bankarnir óátalið að kaupa og selja aðrar gjaldeyristegundir, t. d. sterlingspund, fyrir hærra verð að ísl. krónutali en samsvaraði verðinu í dönskum krónum.

En bannið um sjerstakt gengi á danskri krónu var látið haldast, og held jeg, að það standi enn, í von um, að það geti þraukað svona áfram, þangað til eitthvað hægist um.

Ef þetta bann væri felt úr gildi, gætu bankarnir á hvaða tíma sem er sett verð á danska krónu, eins og þeir gera nú um sterlingspund. Það geta ekki aðrir en bankarnir ákveðið verð á útlendum gjaldeyri. Gerðu þeir það áður með því að festa upp auglýsingu um það í afgreiðslustofum sínum. Skilst mjer, að nefndin hafi ekkert vald yfir bankastjórnunum, svo að hún geti tekið fram fyrir hendur þeim, ef á þyrfti að halda. En þá er augljóst, að verðið á gjaldeyrinum yrði bankaverð. Skráningin fer eingöngu fram á þann hátt, að hlutaðeigandi bankar ákveða hvern dag, hvaða verð skuli vera á krónunni til næsta dags.

Mjer skilst nú, er krafist er skráningar á bankaverði krónunnar, að hver og einn eigi að geta fengið keyptan erlendan gjaldeyri eftir vild; en jeg hygg, að bankarnir muni ekki á næstu árum geta fullnægt eftirspurninni eftir honum, og ekki heldur heppilegt, að þeir þyrftu að afla sjer þess lánstrausts erlendis, sem nægði til þess, að þeir gætu fullnægt öllum kröfum. Það mundi verða til þess, að skuldirnar, sem nú eru að minka, færu aftur vaxandi. Býst jeg við, að bankarnir verði fyrst um sinn að haga sjer eftir því, hve mikill gjaldeyrir er fyrir hendi, fullnægja þeim beiðnum, er þeir telja nauðsynlegastar, en neita hinum.

Jeg sje því ekki nokkurn ágóða við að setja upp svona lagaða stofnun, sem yrði alveg valdalaus og ráðalaus með að koma fram vilja sínum.

Í þessu sambandi skal jeg minnast á meðferð bankanna á gengi erlends gjaldeyris, eins og hún hefir komið fram til þessa.

Bankarnir selja nú sem stendur ekki danskar krónur, heldur aðallega sterlingspund, enda berst mest til þeirra af þeim, en það hefir komist á sú tíska, að þeir selja pundin miklum mun dýrara en þeir kaupa þau. Mismunurinn er aldrei minni en 50 au. á pundi, en oft meiri. Þetta er gróðavegur fyrir bankana, og var ekki svo mikið við það að athuga, því þeir þurftu mikils við til þess að vinna upp þann halla, sem þeir höfðu

orðið fyrir. En þetta fyrirkomulag hefir líka aðrar afleiðingar. Það miðar beint til að hækka útlendan gjaldeyri í verði. Bankarnir eiga því ekki lítinn þátt í hækkun á verði erlends gjaldeyris.

Þegar útsöluverð bankanna hefir náð vissu marki, t. d. 27 kr., og þeir hafa gefið 50 aurum til 1 kr. minna fyrir pundið, þá er þetta eftir nokkurn tíma orðið alment vitað og viðurkent verð á pundinu. Seljandinn kýs því heldur að selja öðrum pundið fyrir 27 kr. heldur en bönkunum fyrir 26 kr. Þegar svo hefir gengið um tíma, vilja seljendur ekki lengur láta bankana hafa gjaldeyrinn með hinu lægra verði, og neyðast bankarnir þá til að kaupa hann við sínu upprunalega útsöluverði og selja hann svo aftur dýrara. Svo gengur koll af kolli, og þetta verður einskonar stigi, sem gjaldeyririnn gengur upp eftir.

Jeg skal geta þess, að jeg álít, að hæstv. stjórn eigi ekki að hafa neitt atkvæði um, við hverju verði bankarnir selja þann gjaldeyri, sem þeir hafa orðið að taka til láns. Með hann verða þeir að versla eins og þeim gott þykir. En um þann gjaldeyri, sem er frá landinu sjálfu, verður hæstv. stjórn að setja ákveðnar reglur, svo að eigi verði lagt um of á hann.

Aðferð bankans, að taka fyrst umboðslaun og hækka síðan gjaldeyrinn að auki, getur varla talist heiðarleg. Að minsta kosti er það ekki talið rjettmætt á öðrum sviðum viðskiftalífsins.

Mismunurinn er svo mikill, að ekki tíðkast hjá erlendum bönkum, og nær ekki nokkurri átt, að haldið verði áfram í sama horfið, eftir að bankarnir hafa rjett sig við eftir áföll þau, sem þeir hafa orðið fyrir.

Matið á hlutabrjefum Íslandsbanka sýnir, að hann hefir rjett við, og svo mun einnig vera um Landsbankann.

Jeg skýt því þess vegna til hæstv. stjórnar, hvort hún sjái sjer ekki fært að taka í taumana í þessu efni, svo að gengisfallið stöðvist, að svo miklu leyti sem það er að kenna þessum orsökum.

Frsm. (Ólafur Proppé): Jeg hefi ekkert að segja um yfirlýsingu háttv. þm. S.-Þ. (Ing. B.). Hann er einráður um, hvernig hann greiðir atkv. í þessu máli, og það er rjett, að hann hafði sjerstöðu í nefndinni, þó ekki skrifaði hann undir nefndarálitið með fyrirvara.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) vildi halda því fram, að reynslan hefði sýnt, að sambandið við Danmörku um gildi krónunnar væri svo mikils virði, að ekki mætti slíta því og skrá gengi á íslenskri krónu.

Má vel vera, að svo hafi verið fram að stríðsárunum, vegna þess, að þá höfðum við hjer um bil eingöngu verslunarsamband við Danmörku. En nú skýtur þessu máli nokkuð öðruvísi við. Þá var verslun okkar að mestu leyti í höndum erlendra kaupmanna og banka, en á síðustu 10 árum hefir verslunin orðið því nær alinnlend og bankaviðskifti öll íslensk.

Verðfall íslensku krónunnar er aðallega því að kenna, hversu illa hefir gengið sala íslenskra afurða á síðustu árum.

Það hefir hvað eftir annað verið tekið fram hjer í háttv. deild, að mismunurinn á framleiðslukostnaði vörunnar og söluverði hennar hafi skift miljónum króna og tugum miljóna. Á einu ári, 1919—'20, var 12 milj. kr. tap á framleiðslunni. Það hefir ekki verið reiknað út næsta árið, 1920—'21, en það má telja víst, að það hafi ekki orðið minna þá en árið á undan.

Aðstaða bankanna og tiltrú þeirra fyrir ófriðinn er ekki sambærileg við ástandið eins og það er nú.

Sama háttv. þm. (Jak. M.) talaði um skuldir landsins. En jeg hefi greinilega tekið fram, að auk hinna ákveðnu skulda Íslandsbanka, landssjóðs og annara, sem nema 6 miljónum kr. og fastir samningar eru um, standa aðeins eftir 4—5 miljónir kr., sem von er um að greiddar geti orðið á næstunni.

Þá sagði hann, að þar við bættust lausaskuldir. Það er að vísu rjett, en þær hafa ekki mikil áhrif á gengið, bæði vegna þess, að dægurskuldir erlendis eru mjög takmarkaðar, og svo hefir útflutningur upp á síðkastið numið hjer um bil jafnmiklu og innflutningur, svo að dægurskuldirnar borgast jafnharðan.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) fanst það líka óviðeigandi að skipa nefnd til að sjá um þetta mál. En í útlöndum er algengt, að slíkar nefndar sjeu settar og skipaðar banka- og peningamönnum, og veit jeg, að svo er í Danmörku. Þar eru skipaðir tveir aðiljar, sem eiga hlut að skráningu gjaldeyrisins. Annar er bankamaður, en hinn úr „Grosserersocietetet". Mjer finst því engin fjarstæða, þó hjer sje tekinn einn bankamaður og annar annaðhvort úr verslunarráðinu eða sambandi samvinnufjelaganna, og held jeg tæplega, að ágreiningur gæti orðið um það, frá hverjum staðnum ætti að taka manninn, þar eð hvorirtveggja hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta. En færi svo, að samkomulag næðist ekki og hæstv. stjórn skipaði svo mann úr Sambandinu, þá held jeg, að enginn skaði væri skeður, enda hygg jeg, að Sambandið muni ekki flytja minna af varningi inn en út. Ímynda jeg mjer, að þar muni í besta tilfelli standast á útflutningur og innflutningur.

Fyrir 5—6 árum var ekki talað um sölu fyrir annað en erlendan gjaldeyri, en nú er öðruvísi ástatt. Nú sjá kaupendur sjer hag í að borga með íslenskum peningum, en gefa framleiðendum jafnframt kost á að fá útlenda peninga við því verði, sem þeir fást á opinberum markaði í útlöndum. Með þessu er í raun og veru viðurkent opinbert verð íslenskrar krónu, og er því ekki hægt að komast hjá afleiðingunum af opinberri skráningu hennar.

Háttv. sami þm. (Jak. M.) var vondaufur um, að bankarnir mundu taka vel á móti mönnum þessum, en jeg trúi ekki, að þeir fari að ganga í berhögg við þá, því í 4. gr. er ákveðið, að þeir skuli styðja þessa menn eftir megni, svo að ef bankarnir veigruðu sjer við að gefa nauðsynlegar upplýsingar, má skylda þá til að gera það samkvæmt þessu ákvæði.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) og fleiri hafa viðurkent, að bankarnir hefðu ekki komið vel fram í þessu máli, en álitu, að hæstv. stjórn mundi geta bjargað við ástandinu. Er jeg ekki eins trúaður á það og þeir. Að vísu ætti stjórnin að geta komið fram vilja sínum um stjórn þjóðbankans, en jeg trúi ekki hæstv. núverandi stjórn til þess.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) getur ekki sjeð nauðsyn á að skipa nefnd, en sjer þó, að nauðsyn ber til að kippa í lag því fyrirkomulagi, sem nú er; en hann vill gera það á annan hátt. Honum finst forboð stjórnarinnar gegn því, að bankarnir megi selja danskar krónur, vera aðalatriðið. Nefndin er á öðru máli. Hún heldur, að misrjetti það, sem bankarnir hafa beitt, jafnt neytendur sem framleiðendur, beinlínis útheimti, að matsnefnd þessi verði skipuð.

Bankarnir selja hinn útlenda gjaldeyri við svo háu verði sem unt er, og mismunurinn á kaupverði og söluverði þeirra er ekkert smáræði. Það er því bráðnauðsynlegt, að sem allra fyrst verði

opinberlega skráð gengi ísl. krónu, sem sje í samræmi við hið raunverulega gildi hennar í það og það skiftið.

Jeg sje ekki nauðsyn á, að bankarnir hafi svo mikinn erlendan gjaldeyri, að þeir geti fullnægt öllum kröfum, sem kunna að koma. Ber jeg það traust til þeirra, að þeir beri skyn á, við hverja eigi að sleppa gjaldeyrinum og hverjum ekki ætti að fá hann. Er jeg ekki hræddur um, að þeir mundu láta braskara hafa gjaldeyrinn, er þörf væri á honum til nauðsynlegra fyrirtækja.

Hitt hefi jeg aldrei sagt, og ekki liggur það í frv. heldur, að ætlast sje til, að bankarnir geti fullnægt allri eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri. En jeg held, að bankarnir þekki svo vel þá, sem við þá skifta, að þeir viti, hverjum á að trúa fyrir gjaldeyrinum, og fari nær um það, til hvers á að nota hann. Og þá treysti jeg bönkunum fyllilega til þess að láta þá fá hann, sem flytja inn nauðsynlega hluti.

Að nefndin verði valdalaus og gagnslaus eru spádómar út í loftið. Ef nefndin verður vel skipuð, þykist jeg vita, að hún muni geta gert mikið gagn í þá átt, sem jeg hefi lýst.

ATKVGR.

Till. frá 1. þm. Reykv. (Jak. M.) um að **vísa málinu til stjórnarinnar** samþ. með 19 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: E. E., Gunn. S., H. K., Ing. B., Jak. M., J. B., J. Þ., L. H., M. K., M. P., P. O., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. J., B. H., B. Sv.

nei: E. Þ., J. S., M. G., M. J., Ó. P., P. Þ.

Þrír þm. (J. A. J., S. St. og Þór. J.) fjarstaddir.

Lagafrumvarp tekið aftur.

Landssjóðstekjur í gullkrónum.

Á 15. fundi í Nd., mánudaginn 6. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um það, hversu reikna skal landssjóðstekjur þær, er krónum teljast (þm.frv., A. 70).

Á 17. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Nd., fimtudaginn 9. mars, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg hefi, sem aðrir, dáðst að tillögum háttvirtrar sparnaðarnefndar Alþingis. Hún sýnir með þeim, að hún fylgir þeirri alkunnu fjármálastefnu, að hagur ríkisins sje allur undir því kominn, að sem mest sje goldið í ríkissjóð og sem minst sje látið úr honum. Mundi hún telja það best, að ríkið legði allar tekjur sínar í sparisjóðsbók, svo að ríkisbúskapurinn stæði vel.

Hitt mun að vonum, þótt nefndinni þyki landsmenn litinn rjett eiga til þessa sjóðs, og hún telji eigi eftir þeim, þótt þeir gjaldi töluvert af launum sínum í ríkissjóðinn, svo sem hinar óvinsælu dýrtíðarbætur, eða þótt þeir legði á sig 16 tíma vinnudag, er starfa fyrir ríkið, þótt aðrir vinnuveitendur heimtuðu eigi meira en 8—10 stunda vinnu fyrir hið umsamda kaup. Hefir nefndin að þessu fylgi ýmsra blaða, sem vilja eigi þola það, að verkamenn ríkisins fái aukaborgun fyrir aukavinnu. Og það fer að vonum, að hún telji það ekki nema sjálfsagt, að menn leggi niður atvinnu sína og sýni þá sjálfsafneitun að lifa við vind og snjó, til þess að bjarga landinu. Jeg dáist sem sagt að tillögum háttvirtrar sparnaðarnefndar, er byggjast á þessari heilbrigðu skoðun. En þó undrast jeg, að nefndinni hefir eigi hugkvæmst að láta þetta koma víðar niður. Þess vegna leyfi jeg mjer að leggja fyrir fætur henni þá sparnaðar- og gróðahugsjón, er felst í þessu frv.

Hjer eru ekki fáeinir menn ætlaðir til þess að fylla ríkissjóðinn, heldur alþjóð manna. Og þetta væri enginn smásparnaðar, heldur verulegur gróði. Ef gullverð krónunnar er það, sem jeg geri ráð fyrir í athugasemdunum, þá væri gróðinn töluvert meira en hálf sjötta miljón, miðað við fjáriagafrv., og yrði þá tekjuáætlun 1923 hátt á þrettándu miljón. Og væri samtímis skorið vel niður, þá yrði töluverð upphæð í sparisjóðsbók ríkisins, þegar upp væri staðið. Og með þessum hætti fengi allir leyfi til að leggja sitt fram. Allir skattar yrði hartnær tvöfaldir, og fengi þá hver skattþegn tækifærið, allir tollar slíkt hið sama, og næði þá fórnfýsi hvers manns, sem eitthvað kaupir, að njóta sín. Og

á öllum tekjum landssjóðs yrði sami hagnaður, nema þeim, sem goldnar eru í landaurum. Til dæmis væru reiknaðir á sama hátt þeir vextir, er rynni í landssjóð af seðlafúlgu Íslandsbanka, er væri úti fram yfir hámark, og slíkt hið sama það, er landsbankinn á að gjalda í landssjóð. Þó að nú bankarnir yrðu þess vegna að hækka vexti eða gæti lækkað þá seinna en ella, þá væntir mig, að hv. sparnaðarnefnd væri sjálfri sjer og stefnu sinni trú og liti á hag sparisjóðsbókarinnar, en teldi ekki eftir almenningi að borga. Einkum mun hún sjá, að þetta fyrirkomulag alt er þjóðráð til þess að ná sjer niðri á útveginum.

Jeg hefi nefnt þessa nefnd svo oft sakir þess, að frv. er gjöf frá mjer til hennar. En áður en jeg afhendi henni það til fulls vildi jeg mega vara hana við einni hættu, og þó tveim. — Hin fyrri er sú, að einhver kynni að segja, að þessi ráðstöfun kæmi í bága við ýms önnur lög, sem Alþingi hefir sett um þessi efni. En þar til getur nefndin svarað, að sjer vaxi það eigi meira í augum en að Alþingi geri annað árið nafngreindan mann að háskólakennara, og leggi embættið síðan niður næsta ár, í sparnaðarskyni. — Hin síðari hættan er sú, að hjer væri á þingi nógu margir svo grunnhygnir menn, að þeir vildi gera breytingar á frv. í þá átt að láta gullið verða mælikvarða á gjöld landssjóðs líka, og gera auk þess gullverslunina frjálsa, og draga með því úr gengismun, og enn láta bankana kaupa erlendan gjaldeyri af mönnum sama verði sem þeir selja. En þetta mundi verða til þess, að útgerðin græddi meira en ella, og væri þá viðbúið, að krónan hækkaði fljótar í verði, og yrði þetta því til þess að rýra ágóða landssjóðs af þessari ráðstöfun. Við slíku mundi háttv. sparnaðarnefnd mega sjá með viturlegum fortölum sínum og þingríki, en ekki mundi jeg bera gæfu til þess. Fel jeg því nú hv. sparnaðarnefnd forgöngu málsins alla og framhald. Væntir mig, að henni muni endast mannvit og góðgirni til að koma fram þessari gróðaráðstöfun óskemdri, og auk þess að leggja niður miklu fleiri embætti en hún hefir enn þá lagt til að afnema. Skal jeg þar leyfa mjer að benda henni á, að vel mætti komast ódýrt að biskupsembætti, ef það væri fengið í hendur einhverjum meðhjálparanum í Reykjavík, og vafalaust yrði landlæknisembætti miklu kostnaðarminna, ef einhver hjúkrunarkonan tæki það að sjer í hjáverkum, og enn að hæstarjett mætti hreint leggja niður og ætla það dómarastarf stúdentum í lagadeild, því að það hlyti að vera ágæt æfing fyrir þá að fella hæstarjettardóma, og þyrfti auðvitað ekki að launa, fremur en aðrar æfingar.

En til þess nú að sýna, að jeg ann hv. sparnaðarnefnd alls heiðursins, tek jeg þetta frv. aftur, til þess að þeir deildarmenn, sem eru í henni, fái tækifæri til að taka það upp.

Forseti (B. Sv.): Samkvæmt yfirlýsingu hv. flm. (B. J.) er frv. tekið aftur, ef enginn tekur það upp.

Enginn tók frv. upp.
Frv. því

tekið aftur.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Fræðsla barna.

Á 1. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um fræðslu barna (stj.frv., A. 5).

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg þarf ekki að fjölyrða um það, hvers vegna frv. þetta er fram komið. Það er á vitund allra hv. þdm. Hið háa Alþingi hefir svo fyrirskipað, að stjórnin legði fyrir þetta þing breytingar á lögum um barnafræðslu.

Þetta frv., sem hjer er um að ræða, er ekki mjög frábrugðið í aðalatriðunum þeirri skipun um barnafræðslu, sem nú er. Grundvöllurinn er hinn sami og kröfurnar líkar. Að vísu er bætt lítilsháttar við námsgreinar, söng og teikning, og lítilsháttar til handanna.

Ný ákvæði eru um heimavistarskóla: a) Börnin flokkuð, og hver flokkur sje 12 vikur á ári í þeim. b) Heimilað, að skólaskyldualdur þeirra færist til 12—14 ára aldurs.

Við farskóla er ákveðin að minsta kosti 12 vikna fræðsla á vetri fyrir hvert barn (áður 8 vikur).

Eitt er það í frv. þessu, sem jeg get búist við að ýmsum þyki varhugavert í fljótu bragði, sem sje ákvæðið um, að fræðsluhjeruðum sje heimilt að halda ekki uppi farskóla á almannakostnað, ef skólanefnd getur sjeð öllum börnum fræðsluhjeraðsins fyrir nægilegri kenslu á annan hátt. Jeg fyrir mitt leyti verð að líta svo á, að ákvæðið sje einmitt skynsamlegt og heppilegt. Það er betra, að heimild sje til þess í lögum að sleppa opinberri kenslu (farkenslu), þar sem sjerstakir örðugleikar eru á henni, eða svo stendur á í sveit, að hennar er síður þörf en alment gerist, heldur en sveitirnar svo að segja neyðist til að gera slíkar ráðstafanir í trássi við lög.

Krafist er prófs yfir börnum 8—10 ára (áður 10—14 ára). Kostnaður við kenslu öreiga barna telst ekki sveitarstyrkur.

Styrkur, sem veittur hefir verið til skólabyggingar, er afturkræfur, ef hætt verður að nota húsið til skólahalds. Þetta finst mjer að öllu leyti sanngjarnt og vænti jeg, að háttv. þdm. fallist á það.

Nefndarmenn, ráðunautar stjórnarinnar, sem frv. hafa samið, leggja mikla áherslu á, að skipun skólanefnda breytist frá því sem nú er, þannig, að hreppsnefndin kjósi einn mann, foreldrar barnanna tvo menn og yfirstjórn fræðslumála aðra tvo. Það fyrirkomulag, sem nú er um skipun skólanefnda, hefir ekki þótt gefast vel. Jeg tel óefað, að með frv. sje betur fyrir þessu sjeð.

Þá er eitt atriði, sem jeg get búist við að hv. þm. þyki varhugavert og vilji kannske ekki fallast á það, af því að þar er gert ráð fyrir dálitlum kostnaði, frá því sem nú er. Frv. fer fram á lítilsháttar borgun til formanns skólanefndar, líklega sem svarar alt að 100 krónum í meðalhreppi. Vitanlega er þetta ekki stórvægilegt og ætti ekki að vaxa mönnum í augum. Starf formannsins er oft umfangsmikið, og ósanngjarnt að ætlast til þess, að hann leggi það á sig þóknunarlaust. Þar að auki er þess að gæta, að nú er greidd þóknun, meiri eða minni, fyrir svo að segja öll þau störf, sem unnin eru í þágu þess opinbera, og þetta starf er ekki síður launavert heldur en ýmislegt annað.

Þá er ákvæði um skólaráð til aðstoðar við framkvæmd þessara mála: Fræðslumálastjóri, maður, skipaður af kenslumálaráðherra, og hinn þriðji, kosinn af föstum barnakennurum. Enn er gert ráð fyrir, að fje sje veitt til kensluefirlits.

Frekar þykist jeg ekki þurfa að reifa þetta mál. Jeg hefi ekki viljað gera neinar breytingar til muna á frv. Það er samið með ráði margra mætra manna, og helst þeirra, er mest um barnafræðslu fjalla með þjóð vorri, og þær breytingar einar gerðar frá því, sem nú er, sem ætla má að sjeu til bóta.

Þá vil jeg minnast á eina breytingu, sem stjórnin hefir gert, en það er að hafa prestana fyrir prófdómara, þar sem það er hægt.

Mjer finst ekki nema sanngjarnt, að prestarnir inni þessa kvöð af hendi, og það endurgjaldslaust. Það hefir þegar verið ljett svo mjög störfum af prestum, sem áður áttu þeir að inna af hendi, einmitt við fræðslu barna.

Jeg geri ráð fyrir, að frv. þessu verði vísað til mentmn. að aflokinni þessari umr., og vænti jeg þess, að hv. nefnd geti fallist á frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til mentmn. (sjá A. bls. 660) með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

2. Vatnalög.

Á 1. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. febr., var útbýtt

Frumvarpi til vatnalaga (stj.frv., A. 12).

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Alllöngu áður en atvinnumálaráðherra (P. J.) fjell frá var það ákveðið að leggja fossamálin enn á ný fyrir Alþingi, en til þess að spara sjer útgjöld við prentun þessa mikla lagabálks var ákveðið að vísa aðeins í þessu frv. til textans í frv. því, sem lagt var fyrir Alþingi í fyrra. Ef nú svo fer, að enn komist þessi mál ekki áleiðis gegnum þingið, er því litlu spilt í kostnaði, en vera má, að málið fái nokkra athugun, þótt ekki sje víst, að það verði afgreitt sem lög, eða jafnvel ekki úr þessari háttv. deild.

Jeg tel, að þetta þing eigi að vera stutt, og jeg álít því eigi rjett að lengja

þingið vegna þessa máls; tel í raun og veru, að það þoli bið. Annars verð jeg að játa það, að því miður verður mjer erfitt að svara til þessa máls, sem jeg hefi orðið að taka að mjer, nærri fyrirvaralaust, vegna dauða atvinnumálaráðherra, en jeg hugga mig við það, að áður en til verulegra kasta kemur um málið muni annar kominn í hans stað.

Eins og kunnugt er, komst mál þetta það áleiðis á síðasta þingi, að nefndarálit kom frá samvinnunefnd beggja deilda, en nefndin klofnaði, og komu báðir partar með ýmsar brtt. Í ástæðum frv. er lýst afstöðu stjórnarinnar til þessara brtt., og vísa jeg til þess.

Hingað til hefir jafnan verið kosin sjerstök nefnd í þetta mikla mál, og geri jeg ráð fyrir, að svo verði enn, og legg jeg því til, að máli þessu verði vísað til 7 manna nefndar, er til þess sje kosin, að lokinni þessari umr.

Sveinn Ólafsson: Mjer þykir rjett að láta nokkur orð fylgja frv. þessu, og það því fremur sem jeg hefi átt nokkurn þátt í meðferð þessa máls á fyrri þingum. Vil jeg fyrst láta þess getið, að mjer sýnist nægilegt, að skipuð sje 5 manna nefnd í málið. Það hefir hlotið mikinn og gagngerðan undirbúning, og ætti nefndinni ekki að vera ofvaxið að afgreiða það fljótlega, ef ekki verður hafinn nýr reipdráttur um hina fáránlegu kenningu meiri hl. frá 1919 um eignarrjettinn að vatni. — Önnur ástæða fyrir 5 manna nefndinni er sú, að hv. þm. hafa ærið nóg að starfa í nefndum, enda reynsla fyrir því fengin, að fjölmennar nefndir eru oftast seinvirkari en þær fámennu.

Út í sögu málsins ætla jeg ekki að fara að þessu sinni, en geta má þess, að þetta er í 4. sinni, sem málið er lagt fyrir Alþingi, og stafar þó þessi dráttur á afgreiðslu þess alls ekki af því, að málið hafi verið illa undirbúið, eða vafi um, hvernig ætti að afgreiða það, heldur af þeim mikla misskilningi, sem komst inn í það 1919, um eignarrjettinn að vatni.

Annars er jeg ósammála hæstv. fjrh. (M. G.) um það, að litlu skifti, hvort málið komist fram á þessu þingi eða eigi. (**M. G.:** Jeg sagði það aldrei.). Vil jeg leyfa mjer að benda á eina hættu, sem af drætti málsins getur leitt, og hún er sú, að sjerleyfislöggjöfin verður að bíða þar til vatnsrjettindalöggjöf er fengin, en meðan sjerleyfislög vantar er leiðin opin fyrir útlenda fossabraskara, sem náð hafa tangarhaldi á vötnum hjerlendis, til að notfæra sjer þau, án þeirra kvaða, sem við viljum leggja á þá með sjerleyfislöggjöfinni.

Er það kunnugt frá Noregi, að útlend fossafjelög, er náð höfðu tökum á vatnsrjetti þar í landi, urðu fljótari til að hagnýta sjer rjettindin og virkja en stjórnin og Stórþingið að koma sjerleyfislögunum fram, og sitja þau fjelög þar og hafa setið að miklu vildari kjörum en aðrir. Þessarar hættu megum við ekki bíða.

Bjarni Jónsson: Jeg á bágt með að skilja, hvers vegna hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) vill ekki hafa 7 manna nefnd. Fjöldi þm. eru þó eigi í 2 nefndum, eins og leyfilegt er þó samkvæmt þingsköpum, og auk þess margir þm. ókomnir, sem fúsir mundu að ljetta á störfum hinna. Einnig eru mannaskifti heimil o. s. frv. Hins vegar er margt óunnið í málinu og því full þörf 7 manna nefndar, ef leiða á það til lykta nú. Fer jeg annars að þessu sinni ekki út í málið sjálft.

Það hafa verið skiftar skoðanir um eignarrjettinn á vatninu og verða víst framvegis.

En jeg sje, að hæstv. stjórn hefir ekki fallist á stefnu meiri hl. þingnefndarinnar frá því í fyrra. Nú verður ekki deilt við hæstv. fjrh. (M. G.) um þetta mál, því að það hefir ekki legið í hans verkahring. Aftur næst ekki til þess, sem hafði málið. Hann er nokkuð fjarri. Og þótt hann væri á annari skoðun en jeg, mun jeg fylgja reglunni: nil de mortuis nisi bene, og ekki vekja þær deilur, sem milli okkar kynnu að hafa orðið.

Jeg held nú, að ekki væri nein hætta, þótt þetta mál drægist úr hömlu á þessu þingi. Jeg þykist þekkja svo vel fjárhag í nálægum löndum, að mjer sje óhætt að fullyrða, að fjesýslumenn muni þykjast hafa annað við fje sitt að gera en að leggja það í vafasöm fossafyrirtæki. Þeir munu því ekki bæra á sjer til næsta þings. En þótt nú svo ólíklega bæri við, þá má gera ráð fyrir, að við höfum landsstjórn, er hefði einurð til þess að segja umsækjendum að bíða næsta þings. Því að jeg fæ ekki skilið, að sá gæti orðið ráðherra hjer hjá bændaþjóðinni, sem væri sá höfuðhleypingur, að vilja hleypa stóriðju inn í landið að óundirbúnu máli. Slíkt hefði ef til vill verið hugsanlegt meðan peningamontið bar hæst hjer, en nú virðist mjer sem það sje nokkuð tekið að lækka.

Sparnaðarmönnum, sem vilja jafnvel fara að hætta að prenta umræður þær, er hjer fara fram, til þess að geta talað ábyrgðarlaust, vil jeg benda á, að rjett er að forðast stapp um mál, sem fresta má að skaðlausu. Og þeim, sem vilja stytta þingið, má benda á, að rjettara er að fækka málum heldur en flaustra þeim af. Þingmenn eiga ekki að vera hjer til þess að flaustra málunum af, heldur athuga þau sem grandgæfilegast. Og undarleg er sú skoðun sumra hv. þm., að vera þeirra hjer sje þjóðinni frekar til niðurdreps en viðreisnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Fram höfðu komið tvær till. um skipun sjerstakrar nefndar í málið, önnur frá fjrh. (M. G.) um 7 manna nefnd, en hin frá 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) um 5 manna nefnd.

Samþ. var með 13 : 6 atkv. að skipa 7 manna nefnd í málið.

NEFNDARKOSNING.

Hlutfallskosning var hiðhöfð. Fram komu þrír listar, A B og C, og voru á A-lista Sv. Ó., Gunn. S. og Þorl. J., á B-lista J. Þ., Þorl. G., P. Þ., og J. A. J. og á C-lista B. J. og Jak. M.

A-listinn hlaut 8 atkv.,
B- — 11 — og
C- — 6 —

Forseti lýsti því kjörna í vatnamálanefnd þá

Jón Þorlákssson,
Svein Ólafsson,
Bjarna Jónsson,
Þorleif Guðmundsson,
Gunnar Sigurðsson,
Pjetur Þórðarson og
Jakob Möller.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

3. Útflutningsgjald af síld.

Á 1. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o.fl. (stj.frv., A. 14)

Á 3. fundi í Nd., föstudaginn 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Þetta frv. er lagt fyrir Alþingi til þess að fullnægja ákvæðum 23. gr. stjórnarskrárinnar, um að bráðabirgðalög skuli jafnan lögð fyrir næsta Alþingi. Bráðabirgðalög þessi eru sem sje fallin úr gildi eða þýðingarlaus frá 1. jan. þ. á., og fyrir þá sök þarf ekki að samþykkja frv. og ekkert við það að gera, nema ef koma ætti fram ábyrgð á hendur stjórninni, sem jeg læt mjer ekki detta í hug.

Samkvæmt þessu virðist mjer rjettast að vísa frv. til 2. umr., þegar þessari umr. er lokið, og legg jeg til, að svo verði gert. En vegna þessa frv. sjálfs virðist mjer ekki þörf að vísa því til nefndar, en samt legg jeg til, að svo verði gert, og þá til fjhn. Ástæðan til þessa er sú, að komið hefir fram umkvörtun frá Dönum, um að tollendurgreiðsluákvæði laga nr. 60, 27. júní 1921, færi í bága við sambandslögin. Þetta sýnist mjer rjettast að sje rannsakað í nefnd, og þá má hafa þetta frv. sem grundvöll. Nefndin mun þá fá umkvörtun þessa og önnur skjöl þar að lútandi til athugunar, til þess að byggja þar á till. sínar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. (sjá A. bls. 657) með 17 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 40).

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Jeg hefi engu við að bæta það, sem í nál. stendur, og sje heldur ekki ástæðu til að endurtaka það. Málið er svo einfalt, að jeg býst ekki við, að neinar umr. þurfi, og vona, að frv. verði samþykt eins og það liggur fyrir.

Fjármálaráðherra (M. G.): Þegar jeg lagði þetta frv. fyrir hv. deild, mun jeg hafa tekið það fram, að jeg áliti þess ekki þörf, að þingið samþykti það sem lög, þar sem bráðabirgðalög þau, sem það er bygt á, fjellu úr gildi við síðustu áramót. Frv. var aðeins lagt fyrir Alþingi til þess að fullnægja 23. gr. stjórnarskrárinnar.

En hitt tók jeg einnig fram, að rjett væri að nota þetta frv. sem grundvöll eða ástæðu til að rannsaka umkvörtun Dana yfir síldartollsendurgreiðsluákvæðinu. Um þetta atriði liggur nú fyrir yfirlýsing nefndarinnar, en hún út af fyrir sig getur ekki komið til atkv., eins og málið liggur fyrir. Jeg skal nú ekkert um þessa niðurstöðu nefndarinnar segja, að því er kemur til deilumálsins við Dani, en jeg verð að endurtaka það hjer, sem jeg sagði í fyrra, að ákvæði eins og þetta, um endurgreiðslu tollsins, er óhæft í lögum, því að torvelt mun reynast að ákveða kostnaðarverðið. Hefir jafnvel þegar borið á örðugleikum á þessu.

En um frv. verð jeg að endurtaka það, að tilgangslaust er að láta það fara lengra. Það er ekkert nema fyrirhöfn og skollaleikur að fá konungsstaðfestingu á og birta í Stjórnartíðindum lög, sem eftir innihaldi sínu eru fallin úr

gildi. En fyrst frv. er nú komið á dagskrá, þá er líklega rjettast að vísa því til 3. umr. Og þá vil jeg um leið óska þess, að hæstv. forseti taki það ekki oftar á dagskrá.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Jeg hefi vitanlega ekkert á móti því, sem hæstv. fjrh. (M. G.) leggur til um meðferð þessa frv. Jeg man ekki til, að sú aðferð hafi áður verið notuð hjer, en þó getur verið, að svo sje.

Hitt þótti mjer næsta undarlegt, sem hann sagði um endurgreiðslu tollsins. Áttum við nokkurn orðastað um það á síðasta þingi, og tel jeg óþarft að endurtaka það aftur nú. Sú mótbára, að þetta sje ekki framkvæmanlegt, held jeg að sje fyrirsláttur einn og sagt út í bláinn. Jeg er sannfærður um, að ákvörðun kostnaðarverðsins er auðvelt verk, ef góður vilji er með, og sýnist mjer svo, sem nægar tryggingar sjeu í lögunum. Jeg get skilið það, að hæstv. fjrh. (M. G.) vilji fá sem mest fje í landssjóðinn, en jeg hjelt, að hann gæti látið sannfærast um, að þessi atvinnuvegur þolir ekki slíkar álögur. Enda býst jeg nú við, að því verði hreyft hjer að færa þennan toll niður, og væri æskilegt, að fært yrði að gera breytingu í þá átt.

Annars sje jeg ekki, að neitt þýði að fjölyrða um málið. Það liggur hvort sem er ekki fyrir í þeirri mynd, að þessu atriði verði neitt breytt, en jeg geri ráð fyrir, að síðar á þessu þingi gefist kostur á að ræða um tolluppháðina.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það var ekki meining mín að innleiða hjer umr. um endurgreiðsluákvæði síldartollslaganna, þótt hv. þm. Ak. (M. K.) virðist hafa skilið mig svo, enda liggur hjer ekki fyrir nein till. í þá átt, til þess að taka ákvörðun um. En jeg get vel beðið frekari reynslu um þetta ákvæði, því jeg veit, að hún muni sanna mín orð um að það sje óhæft. Og að mínu áliti er það gersamlega fráleitt að gera síldarútveg hærra undir höfði en öðrum atvinnuvegum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15. shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

4. Lærði skólinn.

Á 1. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um hinn lærða skóla í Reykjavík (stj.frv., A. 16).

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Frv. þetta er lagt fram óbreytt frá síðasta þingi og í þeim búningi, sem hjer sjest, og þótti ráðuneytinu það rjett, því að kostnaður við endurprentun þess hefði orðið allmikill, þótt ástæða hefði máske verið til að gera einhverjar breytingar nú við frv.

Vona jeg, að frv. verði tekið upp á

því stigi, sem skilið var við það í fyrra.

Annars þætti mjer mjög gott, ef hv. nefnd vildi eiga tal við mig um eitt atriði frv., sem snertir það fjárhagslega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til mentmn. (sjá A. bls. 660) með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

5. Vatnsorkusjerleyfi.

Á 1. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um vatnsorkusjerleyfi (stj.frv., A. 17).

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Um þetta frv. leyfi jeg mjer að vísa til þeirra orða, sem jeg viðhafði um vatnalagafrv., þar sem svo líkt stendur á um þetta mál og það.

Legg jeg til, að máli þessu verði, er umr. er á enda, vísað til fossanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til vatnamálanefndar (sjá A. bls. 663) með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

6. Aðflutningsbann á áfengi.

Á 7. fundi í Nd., fimtudaginn 23. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi (stj.frv., A. 36).

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Frv. þetta er lagt fyrir hæstv. Alþingi til þess að uppfylla loforð það, sem stjórnin gaf Spánverjum, eftir að það þótti sýnt, að íslenskur saltfiskur myndi lenda undir refsitoll þar að öðrum kosti.

Eins og hv. þm. er kunnugt, hafði spánska stjórnin í byrjun fyrra árs sagt upp, að því er virðist, öllum verslunarsamningum sínum við önnur ríki. Stóð þessi uppsögn í sambandi við gagngerða breytingu á tolllögum Spánverja, þar sem sú regla er tekin upp að semja við hvert einstakt ríki eftir reglunni „do ut des", en hætta við samninga, er veita bestu kjör.

Samninga sína endurnýjuðu þeir þó óbreytta til stutts tíma, með því að lengur stóð á undirbúningi hinna nýju tollaga þeirra en búist var við í upphafi; þannig var t. d. íslensk-danski tollsamningurinn endurnýjaður alls til 20. júní að telja.

16. júní s. l. fjekk utanríkisráðuneytið danska skeyti frá sendiherra sínum á Spáni, sem segir, að ekkert sje

því til fyrirstöðu, að samningur Spánar og Danmerkur yrði endurnýjaður, en Spánverjar vildu e k k i e n d u r n ý j a samninginn við Ísland, nema breytingar yrðu gerðar á áfengisbannlögunum, þannig, að leyfður yrði „frjáls innflutningur“ á spönskum vínum, sem ekki innihjeldu meiri áfengisstyrkleika en 21%. Var þess jafnframt getið, að þetta skilyrði væri sett af „principiellum“ ástæðum, en ekki fjárhagslegum, vegna samninga við önnur ríki, en eins og kunnugt er, höfðu Spánverjar þá um þriggja mánaða skeið átt í tollstríði við Norðmenn, vegna bannlaga þeirra á áfengi, og var tollur á norskum saltfiski á Spáni 72 gullpesetar pr. 100 kg. en 36 gullpesetar á saltfiski þeirra ríkja, er höfðu samninga við Spán.

Jafnframt var því lýst yfir, að Ísland gæti fengið að njóta lægri tollsins í þriggja mánaða tíma, ef íslenska stjórnin skuldbyndi sig til að hafa komið fram í þinginu innan 20. sept. s. l. breytingu á aðflutningsbannlögunum, þeirri er fyr segir.

Samningurinn fjekst þó framlengdur um mánaðartíma óbreyttur, til 20. júlí, og á drengileg ákvörðun dönsku stjórnarinnar, um að láta eitt yfir Danmörku og Ísland ganga í samningsmálinu, veigamestan þátt í þessu, því Danir hafa sjerstaklega sterka aðstöðu á Spáni, þar sem útflutningur þeirra þaðan er 14 sinnum meiri en innflutningur þeirra til Spánar.

Voru nú hafnar samningsumleitanir við Spánverja, með aðstoð utanríkisráðuneytisins, og tók danski sendiherrann á Spáni, Bernhoft, og Gunnar Egilson, umboðsmaður íslensku stjórnarinnar, þátt í þeim á Spáni. Voru gerðar ítarlegar tilraunir til að fá Spánverja til að falla frá kröfu sinni um takmörkun bannlaganna, en það reyndist árangurslaust.

Með því að íslenska stjórnin áleit og álítur enn, að það mundi stofna íslenska sjávarútveginum í voða, og þar með öllum fjárhag ríkisins, ef hinn hærri tollur yrði lagður á íslenskan saltfisk á Spáni, varð það úr, eins og segir í ástæðunum fyrir frv., að hún lofaði að leggja fyrir Alþingi frv. í þá átt, er hjer er nú fram borið, þótt hún annars telji, að æskilegast væri og heppilegast, að bannlögin hjeldust óbreytt, af haglegum ástæðum og heilbrigðis.

Sem skilyrði af sinni hálfu fyrir framlagning frv. setti íslenska stjórnin, a ð gefin væri trygging fyrir því, að íslenskur saltfiskur sætti ekki óhagkvæmari kjörum á Spáni en saltfiskur nokkurs annars ríkis, bæði meðan á bráðabirgðasamningi stæði, og með fullnaðarsamningi, o g a ð gera mætti ráðstafanir innanlands gegn misbrúkun víns, sem þó ekki mættu vera svo víðtækar, að þær gerðu takmarkanir á aðflutningsbannlögunum þýðingarlausar.

Með þessu loforði íslensku stjórnarinnar fjekst því framgengt, að íslenskur saltfiskur hefir notið lægsta tolls á Spáni hingað til og nýtur framvegis, ef frv. verður samþ.

Jeg vil ljúka þessum fáu orðum mínum með því, að hver sem verður dómurinn um framkomu mína í máli þessu, þá getur ekki orðið um það deilt, að danska stjórnin í heild, utanríkisráðherrann sjerstaklega, og erindreki Dana á Spáni, Bernhoft sendiherra, eiga hinar bestu þakkir skildar af oss Íslendingum fyrir allar aðgerðir þeirra í málinu.

Jón Baldvinsson: Með þessu frv. um

breyting á bannlögunum má svo heita, að þau lög sjeu gerð þýðingarlaus. Því eftir að þessar breytingar eru á orðnar, þá verður áfengi fáanlegt í landinu eftir því sem hver óskar. Það er hjer um að ræða bæði gamalt og nýtt deilumál, sem hefir verið á döfinni síðan 1909. Það hefir, eins og menn vita, altaf verið talsverður flokkur manna í landinu, sem hefir staðið gegn banninu, en þó jafnan verið í minni hluta. Og jeg er sannfærður um, að mikill meiri hluti landsmanna óskar enn þá, að þessi lög verði ekki ónýtt.

Jeg er þess líka fullviss, að þótt margt megi að þessum lögum finna og framkvæmd þeirra, þá hafa þau verið og eru til ómetanlegs gagns fyrir þjóðina. Jeg veit að vísu, að lög þessi hafa mjög verið brotin, og að ótal leiðir hafa verið til að ná í áfengi fyrir þá, sem þess hafa óskað, en þó er jeg í engum vafa um, að ástandið myndi versna að stórum mun, ef sú breyting yrði á, að hægt yrði að kaupa vínið í hvaða búð og veitingastað sem væri.

Það er alltítt, að menn í þessu tilliti bera saman ástandið fyrir stríðið og nú. En þar held jeg að mönnum skjátlist stórlega. Það stendur alt öðruvísi á nú en fyrir stríðið hjá öllum þorra manna. Fyrst og fremst hefir ófriðurinn komið ruglingi á í hugum manna, og auk þess hafa menn alt að þessum tíma haft meira fje undir höndum en tíðkaðist fyrir stríðið. Jeg er viss um, að það mundi koma bæði brátt og átakanlega í ljós, ef bannið yrði hafið eða breytt svo, sem nú er í orði, hver hemill bannlögin eru og hafa verið, þrátt fyrir öll brot á þeim. Eins og nú stendur, gerir allur þorri manna mjög lítið að því að kaupa vín og drekka. Helst eru það nokkrir unglingar, sem gera það af ungæðishætti, og svo einstaka maður, sem næg hefir peningaráð til að leggja fje í slíkt, — en jafnvel á þessa menn eru bannlögin mikill hemill. Þeir eru þó að minsta kosti neyddir til að fara í launkofa með drykkjur sínar. Jeg held því, ef við gætum borið saman ástandið, jafnvel hjá þessum mönnum, nú og eins og það annars væri, ef vínið væri leyft, að sá samanburður myndi sýna oss mikinn mun.

Með frv., sem hjer liggur fyrir, fæ jeg ekki betur sjeð en að lögin sjeu ónýtt með öllu. Þótt það taki fram, að með reglugerð verði fyrirbygð misbrúkun þessarar rýmkunar, þá liggur það í augum uppi, að slíkt yrði með öllu óframkvæmanlegt.

Eins og kunnugt er, þá er frv. þetta fram komið vegna kröfu frá Spánverjum, um að vjer leyfum innflutning spánskra vína. Það er og kunnugt, að þessi krafa þeirra er fram komin á síðustu stundu, og virðist það benda til, að Spánverjar sjálfir hafi ekki fundið upp á þessu, heldur einhverjir bent þeim á það. Þetta gefur oss ástæðu til að ætla, að ekki sje vonlaust um, að Spánverjar fáist til að falla frá þessari kröfu sinni, ef vjer stöndum harðlega í móti.

Hins vegar ríkir mikill ótti meðal nokkurs hluta landsmanna um það, að aðalatvinnuvegur okkar bíði stórhnekki, ef vjer neitum að verða við kröfu Spánverja. Þetta er mjög skiljanlegt, því að hjer er óneitanlega mikið í húfi. Aðalmarkaðurinn fyrir fisk vorn er, eins og allir vita, hjá Spánverjum. En jeg hygg samt, að oss beri til þess ítrasta að láta ekki undan. Á það ber einnig að líta, að þótt vjer kunnum að verða fyrir einhverjum hnekki við hækkun tollsins, þá koma þó Spánverjar sjálfir væntanlega til að bera meginhluta hans. Nú er það kunnugt, að Spánverjum

þykir íslenski fiskurinn mjög góður, og má því búast við, að það veki óánægju mikla meðal margra í því landi, ef fiskurinn hækkar mjög í verði eða verður ókaupandi sökum tollsins. Gæti þá svo farið, að kröfur frá Spánverjum sjálfum yrðu til að ljetta honum af.

Auk þess finst mjer það varhugavert, að vjer tökum upp þann sið, að breyta lögum vorum eftir kröfum erlendra þjóða. Því er ekki að neita, að við eigum margt undir erlendar þjóðir að sækja, og gæti verið hættulegt að gera slíkan undanslátt gagnvart einni þjóðinni, því önnur kynni þá ef til vill að krefjast þess sama. Mjer dettur nú ekki í hug, að Englendingar, sem við nú sem stendur skuldum stórfje og eigum að ýmsu leyti mikið undir, mundu gera neinar slíkar kröfur. En ef þeir færu fram á eitthvað þessu líkt, þá stæðum við ákaflega illa að vígi með að neita, ef vjer höfum áður slegið undan kröfum Spánverja.

Þá get jeg ekki stilt mig um, í sambandi við þetta, að geta um það, að mörgum bannmönnum hefir þótt það heldur undarlegt, að sendimaður landsins á Ítalíu skyldi einmitt valinn til þess að semja við Spánverja um þetta mál. Ekki svo að skilja, að sá maður geti ekki verið góður maður og hæfur í alla staði. En sökum pólitiskrar fortíðar sinnar virtist hann tæplega rjetti maðurinn, því eins og allir vita, var hann einn af áköfustu andbanningum hjer á landi. Að minsta kosti virðist svo, að það hefði verið hyggilegra af hæstv. stjórn að velja einhvern annan til þessa starfs, því að það hefir áreiðanlega valdið tortrygni meðal margra, að þessi maður var við samningana riðinn. Raunar trúi jeg því, að hann hafi gert alt, sem hann hefir getað, en það fyrirbyggir þó ekki grun almennings um, að eitthvað hefði verið hægt að gera meira.

Eftir því, sem jeg frekast veit, þá standa samningarnir við Spánverja, um lægsta toll af íslenskum fiski, enn um nokkurn tíma, að minsta kosti 3½ mánuð. Það er því enn þá nokkur tími til stefnu til að gera nýjar samningatilraunir. Þótt langt sje hjeðan til Spánar, þá mætti vel láta sendiherrann í Kaupmannahöfn fara þangað suður, til að gera síðustu tilraun um að fá Spánverja til að falla frá kröfu sinni. Og með það fyrir augum fyndist mjer rjettast, að þingið feldi frv. þetta þegar í stað.

Það er vitanlegt, að vjer eigum í þessu máli mikla samúð margra erlendra manna. Hefir það komið fram í ræðum og ritum nokkurra góðra manna, sem hafa reynt til þess að fá Spánverja til að falla frá kröfu sinni. Eru það einkum bindindismenn víðsvegar um heiminn, sem hafa látið hjer til sín taka. Ef vjer tökum nú hiklaust af skarið, þá styrkir það mál vort úti um heiminn, en göngum vjer hins vegar að þessum kröfum, þá gerum við að engu meðhald þeirra manna, sem fyrir oss hafa barist þar.

Svo er enn eitt, sem kemur til greina í þessu máli. Þessum lögum var á komið með þjóðaratkvæði, og því hæpið, að Alþingi geti afnumið þau eða ónýtt. Mjer virðist eðlilegast, að slík ónýting laganna, sem að mínum skilningi er hjer í raun og veru um að ræða, verði borin undir þjóðaratkvæði, því það hygg jeg að fáum geti dulist, sem athuga þetta mál til hlítar, að lögin eru sama sem afnumin með því að samþ. þetta frv. — Það eina, sem að mínum dómi á því að gera í málinu, er að fella frv. umsvifalaust.

Magnús Jónsson: Orð hv. samþm. míns (J. B.) hafa gefið mjer ástæðu til að láta í ljós afstöðu mína á þessu stigi málsins. Mjer verður ekki með rjettu brugðið um ótrúmensku við þetta mál, því þótt jeg hafi ekki oft komið opinberlega fram því til stuðnings, þá hefir það jafnan verið á þann veg, að halda hlífiskildi yfir bannlögunum. Jeg er samdóma hv. samþm. mínum (J. B.) í því, að lög þessi hafi orðið þjóðinni heillarík. Þau eru auk þess, sem flest siðferðismál, sjerstakt metnaðarmál þjóðarinnar og einmitt það málið, sem nú á síðustu tímum hefir gert land vort einna kunnast meðal erlendra ríkja. Jeg yrði því, af þessum rökum, manna fúsastur til að taka utan um hálsinn á sjerhverri tilraun til að hnekkja gengi áfengisbannsins hjer á landi. En það er fjarri því, að nú standi þannig á. Það er hjer alls ekki að ræða um neina árás á bannlögin sem slík, og vjer megum með engu móti draga þau að óþörfu inn í þessar umræður. Það, sem hjer er um að ræða, er svar við kröfu Spánverja, og í því svari ríður á, að þm. standi saman, hvernig svo sem svarið verður. Það er auðsætt, að það svar getur orðið á marga vegu, en hvernig sem það verður, þá ættu menn að hafa eitt hugfast, að hjer getur aldrei orðið um að ræða neinn sigur fyrir andbanningastefnuna, þótt undan verði látið siga fyrir ofureflinu. Hjer má ekki koma fram bannmannamálstaður gegn andbanningamálstað, heldur á hjer að vera íslenskur málstaður gegn erlendri kúgun. Það, sem hjer ríður á, er því að rannsaka málið hitalaust og reyna að finna rjetta svarið. Og samkvæmt þeirri skoðun minni greiði jeg atkvæði með því, að málinu verði vísað til nefndar.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er aðeins eitt atriði, sem jeg vildi drepa lítið eitt á. Hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) kvað það ekki hafa verið heppilegt af stjórninni að láta erindreka sinn á Ítalíu fara til Madrid til að semja þar við Spánverja, og drap á mjög einkennilegar ástæður fyrir því, að menn tortrygðu hann í þessu máli, af því að hann hafði verið á móti áfengisbanninu. Jeg hefi að vísu heyrt menn minnast fyr á þessa ástæðu, en jeg hefi aldrei getað skilið hana. Til þess að hægt yrði að bera slíka ástæðu fram með nokkrum rjetti, yrði fyrst að sanna það, að þessi maður sje ekki persónulega heiðarlegur, en jeg hefi aldrei heyrt annað um Gunnar Egilson en að hann sje hinn vandaðasti í hvívetna. Og jeg hygg, að það verði ekki eftir hinn minsti efi um það, að hann hafi komið fram bæði með alúð og dugnaði í þessu máli, er þm. hafa kynt sjer skjölin um Spánarsamningana.

Jeg er á sama máli og háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) um það, að þetta frv. snerti ekki þá deilu um bannmálið, sem verið hefir á döfinni nú síðustu árin. Hjer er um það eitt að ræða, hvort það sje nauðsynlegt að breyta áfengisbannlögunum vegna útgerðarinnar, vegna fiskmarkaðarins á Spáni, eða ekki.

Jón Baldvinsson: Jeg skil hvorki, að hv. þm. nje hæstv. forsrh. (J. M.) hafi getað skilið orð mín svo, að jeg væri að ásaka sendimann landsins, hr. Gunnar Egilson. Jeg sagði aldrei, að hann hefði ekki gert alt það, sem hann gat. En mjer virtist, og virðist enn, þrátt fyrir ræðu hæstv. forsrh. (J. M.), að óheppilegt hafi verið að velja hann til þessa starfa, vegna afstöðu hans hjer heima, þar sem hann hafði verið allmjög ríðinn við deilurnar um bannlögin. Og varla getur þó hjá því farið, að mönnum detti bannlögin í hug

í sambandi við þetta Spánartollsmál, hvað sem hæstv. forsrh. (J. M.) segir.

Jeg sje ekki, að það þurfi neitt að seinka úrslitum þessa máls, þótt þetta frv. sje felt. Samningsmálið er eftir fyrir því, þótt frv. falli, og jeg tel einmitt þá aðferð líklegasta til þess að góður árangur fáist á samningunum.

Og þó að alt um þrotni, þá er altaf hægt að taka málið upp aftur í öðru sniði. Og jeg held nú nærri því, að jeg gæti fremur greitt atkv. með hreinu afnámi bannlaganna en þessu frv., sem hjer liggur fyrir.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer skildist, að heldur hefði kent tortrygni í garð hins umrædda sendimanns landsins í fyrri ræðu hv. 2. þm. Reykv. (J. B). En mjer stendur á sama um þá tortrygni, sem ekki er á rökum bygð. Jeg skil ekki, hvernig stjórnin hefði átt að ganga fram hjá þeim sendimanni, sem var þarna svo að segja á vettvangi. Slíkt hefði lýst vantrausti á manninum. Annars tók jeg nú þetta ekki sem beina ásökun.

Hvað það snertir, að fella eigi frv. og taka það upp síðar, ef þarf, þá er því til að svara, að ekki má bera fram aftur frv., sem felt hefir verið í annarihvorri deildinni. **(P. O.:** Það má bera það fram í annari mynd.). Já, en það getur eins komið fram, þegar nefndin hefir athugað það. Og jeg held, að óvarlegt sje að ákveða nokkuð að órannsökuðu máli. Þetta er hvort sem er eitt af stærstu málum þingsins.

Bjarni Jónsson: Þegar jeg átti fund með kjósendum mínum, áður en þing kæmi saman, samþyktu þeir svofeldar ályktanir, sem lagðar hafa verið fram í lestrarsal þingsins. Þeir vildu láta gera gangskör að því að ná sem bestum tollsamningum við Spán, svo að íslenskur fiskur sætti þar bestu tollkjörum, án þess að breyta þyrfti lögum. En ef það tækist ekki, og aðeins væri að velja á milli útgerðarinnar og breytingar á bannlögunum, þá vildu þeir heldur bjarga útgerðinni, og fálu mjer að greiða atkv. með breytingu á banninu.

Stjórnin hefir nú gefið skýrslu um það, sem gert hefir verið. Sumir vilja bera brigður á, að alt hafi verið gert, sem auðið var. Jeg vil ekki leggja úrskurð á það, en það er hlutverk nefndarinnar að athuga, hver gangskör hefir verið gerð að málinu, og hafi ekki alt verið gert, þá með hverjum hætti helst væru líkur til, að úr yrði bætt. En ef frv. er drepið, þá dregst málið úr hömlu, því að ekki verður borið upp á sama þingi það mál, er felt hefir verið í annarihvorri deildinni; er það jafnt, þó að breytt sje orðalagi, ef innihald er óbreytt. Og væri þá enginn annar vegur, ef nauðsyn kallaði brátt að, en að flýta sjer brott af þingi og biðja stjórnina að ráðstafa þessu með bráðabirgðalögum. Mjer sýnist því, líkt og hæstv. forsrh. (J. M.), að það hljóti að vera spaug, er talað er um að fella frv.

Annars er þetta mál ekki annað en reikningsdæmi. Það dæmi á nefndin að reikna, og afla sjer til þess allra þeirra upplýsinga, sem henni er þörf. Þá getur hún gert upp, hvort það borgi sig að fella frv. og fá hæsta toll á Spáni. Sumir hafa í þessu sambandi talað um að flytja markaðinn frá Spáni, en jeg hefi nú ekki mikla trú á, að það takist í fljótu bragði. En hitti nokkur óbrigðult ráð til þess, þá mun jeg fagna því, eigi síður en aðrir menn. En hvernig sem niðurstaða nefndarinnar verður, þá

verður hún að leggja hana fyrir háttv. deild með skýrum og órækum tölum. Það eru rökin, sem eiga að ráða, en ekki það, sem mönnum flýgur fyrst í hug.

Mjer þótti miður að heyra hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) sveigja að sendimanni landsins á Spáni, Gunnari Egilson. Slíkt má ekki heyrast í þingsal, því að vitanlega er það skylda sendimanns að hugsa um hagsmuni þjóðarinnar og gera eftir fyrirlagi stjórnar þeirrar, er sendir hann. Þess er og gætandi, að höfuðástundun sendimanna er að reka vel erindi sín og auka álit sitt hjá stjórn sinni, til þess að geta hækkað í tigninni. Aðrar þjóðir gera sjer það að skyldu að blanda ekki sendimönnum ríkisins inn í innbyrðis deilur, og í þingsal má slíkt alls ekki heyrast. Hitt hefi jeg sagt við stjórnina, að betra væri að senda fleiri og þá einmitt þá menn, sem bindindismenn hefðu bent á, eða að minsta kosti getað treyst. Þá hefði það sjest ljósar, hvort oss er nokkurt undanfæri.

Úr því að jeg stóð upp, vil jeg geta þess, að þetta er ekki árás á sjálfstæði landsins, svo sem menn hafa viljað halda fram. Setjum svo, að jeg bjóði manni að reisa hús fyrir hann og setji honum þá kosti, sem mjer sýnist. Hann er þá sjálfráður um, hvort hann gengur að boði mínu eða ekki. Þótt jeg geri manninum harða kosti, þá er það engin árás á sjálfstæði hans. Eins er um þetta mál. Það er eingöngu samningsmál. Og ef nú svo reynist, að útgerðin þoli ekki hæsta toll, þá býst jeg við, að það verði fleiri en kjósendur mínir, sem vilja heldur taka þennan kost, þótt harður sje, en sjá útgerð vora fara í kaldakol. En hlutverk nefndarinnar er einmitt að athuga þetta. Fyrir því mun jeg greiða frv. atkv. til nefndar.

Jakob Möller: Mjer finst bera óþarflega mikið á hræðslu í þessu máli, og furðaði mig á því hjá þeim hv. þm. (B. J.), sem var að setjast.

Jeg er sammála hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) um það, að málinu væri ekki teflt í neinn voða, þótt frv. yrði felt. Ef hæstv. landsstjórn þætti það miklu varða, þá mundi hún rjúfa þing og láta fram fara kosningar um málið. Tel jeg óefað, að sú stjórn, sem sýndi þá rögg af sjer, gæti fengið framlengingu á samningum á meðan með sömu kjörum og nú er. Nú er uppsagnarfresturinn 3 mánuðir, og mætti jafnvel koma þessu í kring á þeim tíma. Hins vegar liggur í augum uppi, að ekki er hægt að vita, hvort Spánverjar falla frá kröfu sinni, nema með því að neita henni einarðlega, en það er einmitt gert með því að fella frv. Hjer er því um það að ræða, hvort þingið vill gefast upp að óreyndu, eða ekki fyr en fullreynt er. Og fullreynt er ekki nema látið sje skríða til skarar.

Þessu má nú ef til vill svara því, að þetta þurfi ekki að gera fyr en nefnd er búin að athuga málið, og er það að vísu rjett. Þó er þess að gæta, að tíminn líður, og ef Spánverjar segja upp á fyrsta fresti, þá er tíminn því naumari fyrir oss til þess að koma ár vorri fyrir borð. Þó mun jeg ekki gera þetta að kappsmáli.

Hv. þm. Dala. (B. J.) taldi þetta mál ekki vera neitt sjálfstæðisatriði, þar eð vjer værum sjálfráðir um að ganga að eða frá. Tók hann dæmi til þess að sýna þetta, en mjer virtist dæmið mjög óheppilega valið. Hann virtist sem sje halda, að útgerðin liði undir lok, ef vjer gengjum ekki að kröfu Spánverja. En ef útgerðin líður undir lok, þá ónýttist mikið af eignum þjóðarinnar, og fjárhagur hennar verður ófær. Og þá væri dæmið rjett tekið, ef jeg gengi til þm.

Dala. (B. J.) og segði: „Ger þú svo, sem jeg skipa þjer, eða jeg ónýti eignir þínar," og býst jeg við, að honum þætti nokkuð nærri sjer gengið. Satt að segja finst mjer varla hægt að ganga nær sjálfstæði manns en á þennan hátt, þótt hann sje látinn lifi halda.

Málið er svo lagt fram af hæstv. stjórn, að eigi er hægt að átta sig á, hvað Spánverjar muni gera, ef vjer neitum. Rök hafa verið færð fyrir því, að Spánverjar geti ekki haldið málinu til streitu. Fisk verða þeir að fá, og ef þeir geta látinn eða engan fisk fengið fyrir lægri toll, þá kemur tollurinn niður á þeim sjálfum. Nýfundnalandsfiskurinn getur ekki komið í stað hins íslenska, því að hann er alt önnur vara og verri. Þá hefir og verið bent á, að þeir hafa hopað fyrir Norðmönnum. Hafa Norðmenn selt sinn fisk sama verði og áður, þrátt fyrir tollhækkunina. En þetta er alt óupplýst og órannsakað hjá stjórninni. Eins er um nýja markaði, sem menn hafa talað um. Hæstv. stjórn var að hæla sjer af að hafa sent menn til Spánar. En heldur er nú lítil hjálp í því, eins og nú er komið málunum.

Eftir því, sem málið liggur fyrir, verð jeg hallast að því, að sæmilegra væri að fella það þegar við þessa umræðu. En á hinn bóginn sje jeg ekki, að það skifti miklu máli, þó að því verði vísað til nefndar og komi til úrslita-atkvæðagreiðslu við næstu umræðu, er sú nefnd hefir haft það til meðferðar.

Forsætisráðherra (J. M.): Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) sagði, að stjórnin hefði ekki rannsakað neitt, hvort Spánverjar gætu verið án saltfisksins frá Íslandi. En jeg verð að játa, að jeg skil ekki, hvaða tök stjórnin hefir haft á að rannsaka það. — Hvað snertir markað annarsstaðar en á Spáni, skal jeg geta þess, að jeg álít, að það hefði ekki haft neina þýðingu fyrir þetta mál, eins og nú stendur það, þó sendir hefðu verið menn út um lönd, til að reyna að útvega nýja markaði.

Jeg skal ekki fara lengra út í þetta mál, en vil eingöngu taka fram, að jeg er sammála háttv. þm. Dala. (B. J.) um, að ekki verði á einu ári fundinn nýr markaður fyrir jafnmikla vöru. En auðvitað er nauðsynlegt að reyna að útvega nýja markaði, einkum ef framleiðslan eykst.

Með sama skipulagi og verið hefir held jeg, að heppilegast sje, að kaupmenn sjálfir og kaupfjelög leiti fyrir sjer með nýja markaði, eftir því sem við á, með tilstyrk stjórnarinnar. Öðru máli er að gegna, ef öll sala er lögð undir eina hönd og ríkið tekur hana að sjer.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla mjer ekki að ræða þetta mál meira í dag, en aðeins segja nokkur orð út af ræðu háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.).

Í þessu efni hlýðir ekki að ræða sölu Norðmanna, nje hver niðurstaðan yrði, ef Norðmenn næðu samningum við Spánverja, en Íslendingar ekki. — En dæmi mitt er rjett. Það er sama dæmið sem á sjer stað í öllum viðskiftum: Fyrir þetta færðu þetta. — En eins og öllum er kunnugt, sem það vilja vita, er hjer ekki verið að ræða um sjálfstæði þjóðarinnar, heldur eingöngu verslunarsamning.

Hvað því viðvíkur, að kent hafi hræðslu í ræðu minni, þá skal jeg játa, að þar bólaði á einni tegund af hræðslu. Um suma er sagt, að þeir óttist guð og annars ekkert, en jeg óttast heimskuna og annars ekkert. Og svo er það um þetta mál; það er vitleysan, sem jeg óttast.

Annars vil jeg, að málið verði rann-

sakað og gangi reglulegan gang á þinglegan hátt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 : 1 atkv. og til viðskiftamálanefndar (sjá A. bls. 663) með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, en nefndin flutti nýtt frv. um sama efni, á þskj. 263. — Stj.frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

7. Lögfylgjur hjónabands.

Á 1. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um lögfylgjur hjónabands (stj.frv., A. 2).

Á 3. fundi í Ed., föstudaginn 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Eins og getið er í athugasemdunum við frv. þetta, er það eitt af þeim frv. um sifjamál, sem að hefir verið starfað meira og minna sameiginlega á Norðurlöndum, og tekin eru þar víða í lög á hinum síðustu árum sum frv. eða öll. Hjer hafa þegar verið lögleidd þrjú frv. um sifjamál, og hefir hinn sami maður, sem bjó þau út, einnig samið þetta frv., sem hjer liggur fyrir, hæstarjettardómari Lárus H. Bjarnason.

Samskonar lög og frv. þetta gerir ráð fyrir eru þegar komin á í Svíþjóð. En frv. má heita að mestu leyti þýðing á danska frv., en þó aðeins dálitið styttra.

Af lögfylgjum hjónabandsins gætir í frv. þessu sjerstaklega áhrifa hjónabandsins á fjárhag hjónanna og fjárráð.

Yfirleitt hafa konur og karlar jafnan rjett í öllum atriðum að íslenskum lögum. Þó er enn nokkur snefill eftir af misrjetti eða minni ráðum giftrar konu gagnvart manni hennar. Úr þessu á frv. að bæta.

Jeg geri nú eigi ráð fyrir, að háttv. deild hafi öðruvísi skoðun á þessu atriði en yfirleitt um rjett karla og kvenna.

Jeg get helst búist við, að gerðar verði athugasemdir við 12. og 13. gr., þar sem talað er um, að hvoru hjónanna um sig sje heimilt, á ábyrgð beggja, að gera þá samninga við aðra. Hins vegar tel jeg eigi ástæðu til að fara frekar út í frv. að þessu sinni.

Forseti (G. B.): Jeg legg til, að frv. þessu verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. (sjá A. bls. 656) með 10 shlj. atkv.

Nefndaráliti allshn. um málið, á þskj. 277, var útbýtt 24. apríl, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

8. Einkaleyfi.

Á 1. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um einkaleyfi (stj.frv., A. 7).

Á 4. fundi í Ed., laugardaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Þetta frv. er gamall kunningi Alþingis, því að það lá bæði fyrir þinginu 1919 og 1920, en hefir þó aldrei komist lengra en að vera afgreitt frá þessar hv. deild. — Í greinargerð frv. er sögð saga þess nánar, og tel jeg óþarft að rifja það upp hjer, en vísa til þess. Sömuleiðis vísa jeg til þess, sem sagt er í greinargerðinni um breytingu á frv. frá því, sem áður var.

Annars verð jeg að vera svo hreinskilinn að segja, að jeg er í nokkrum efa um, hvort rjett sje að setja hjer lög um þetta efni í því formi, sem hjer er ráðgert, og hefði jeg verið einn um, held jeg, að jeg hefði varla lagt þetta frv. fyrir Alþingi, en hinum nýlátna starfsbróður mínum var þetta frv. töluvert áhugamvl, og taldi hann nauðsyn á lögum um þetta efni. Og eins og frv. er hagað, get jeg ekki sjeð, að varhugavert sje að samþykkja það.

En það, sem fyrir mjer vakir, er það, hvort ekki mundi vera eins heppilegt fyrir oss að taka upp svipaða einkaleyfislöggjöf og tíðkast mun í Suður-Evrópu og gengur út á það, að veita ætíð einkaleyfi, þegar um er beðið, og láta svo þann, sem telur rjett sinn fyrir borð borinn með nýju einkaleyfi, vera skyldan til, ef hann vill halda rjetti sínum fram, að leita þar um úrskurðar dómstólanna. Jeg veit ekki betur en t. d. Frakkland hafi tekið upp þennan sið, og ástæðan til, að svo hefir verið gert, mun vera sú, að það þótti því nær ókleift orðið að rannsaka öll einkaleyfi, sem út höfðu verið gefin, til að sjá, hvort hið nýja gæti samrýmst hinum eldri einkaleyfum, eða færi í bága við þau. Og þar hlýtur að koma að lokum, að þessi regla verður tekin upp annarsstaðar, og sennilegast alstaðar, því að einhvern tíma hlýtur að reka að því, að ríkisvaldið segi, að það geti ekki lagt á sig að rannsaka, segjum miljónir einkaleyfa, til þess að geta myndað sjer rökstudda skoðun um það, hvort einhver ný einkaleyfisbeiðni sje þess verð, að henni sje sint.

En ef við eigum að feta í fótspor nágrannaþjóðanna í þessum efnum, og það er ef til vill rjettast, þá hygg jeg, að naumast verði fundin handhægari, auðveldari og ódýrari leið en frv. þetta ráðgerir, og með þetta fyrir augum get jeg mælt með framgangi frv.

Mjer virðist frv. þetta, eftir eðli sínu, eiga best heima í allshn., en árið 1920 mun það hafa verið í fjhn. í þessari hv. deild. Jeg læt þetta atriði liggja milli hluta og geri ekki till. um, í hvaða nefnd það skuli fara. Læt jeg hv. deild ráða því sjálfa.

Sigurður Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að gera það að till. minni, að frv. sje vísað til fjhn.

Guðmundur Ólafsson: Jeg legg til, að málinu sje vísað til allshn.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að frv. sje vísað til sjútvn., þar sem mjer er kunnugt um, að hv. 2. þm. G.-K. (B. K.), sem á sæti í þeirri nefnd, en í hvorugri hinna, sem stungið hefir verið upp á, hefir sjerstakan áhuga fyrir þessu máli og hefir kynt sjer það allra manna mest; auk þess hefir sú nefnd lögfræðingi á að skipa, svo að jeg hygg málinu þar vel borgið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Till. um að vísa því til fjhn. feld með 5 : 4 atkv.

Till. um að vísa því til allsh. feld með 5 : 5 atkv.

Frv. vísað til sjútvn. (sjá A. bls 656) með 6 : 3 atkv.

Á 21. fundi í Ed., fimtudaginn 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 101).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Karl Einarsson): Eins og hv. deild sjer, er ekki um stórvægilegar breytingar á frv. þessu að ræða.

Aðalbreytingarnar, sem nefndin hefir gert við frv. þetta, eru tvær.

Einn af háttv. nefndarmönnum hjelt því að vísu fram, að heppilegra væri að skipa sjerstaka nefnd til að hafa á hendi þær rannsóknir, sem frv. þetta gerir ráð fyrir og nauðsynlegar eru til þess að ákveða, hvort einkaleyfi skuli veita eða ekki.

Þrátt fyrir það, þó þessi hv. nefndarmaður hafi lagt hið sama til áður, vildi hann þó fallast á að fara þessa leið, sem frv. ákveður, með þeirri brtt., að ráðuneytið alt geri þær ákvarðanir, sem frv. gerir ráð fyrir að atvinnumálaráðherra skuli gera. Gildir þetta um allar greinar frv., t. d. líka um 8. gr. Kemur því til stjórnarráðsins alls, hvort leyfi þessi verði veitt eða eigi.

Hin brtt. ákveður það, að leyfið skuli veitt til 15 ára í senn, en ekki, eins og frv., gerir ráð fyrir, að það sje veitt þrisvar, til 5 ára í einu.

Nefndin hefir aflað sjer upplýsinga um það, að í öðrum löndum eru einkaleyfin víða veitt til 15 og jafnvel 20 ára. Á þetta hefir nefndin öll getað fallist og telur það heppilegra að veita það í einu, ef leyfið er veitt á annað borð.

Hjer á ekki að vera skertur rjettur neins manns, því uppgötvunin á að vera frumleg, og er þá rjett, að sá njóti þess, er hana gerði.

Þá er það brtt. við 8. gr., sem kveður svo á, að tíminn frá því að leyfi var veitt og þar til uppgötvunin er komin í framkvæmd, skuli vera 5 ár.

Nefndin áleit rjett að gera þessa breytingu, þó að þessi frestur sje víða ákveðinn 3 ár, vegna þess, að hjer á landi eru flestar framkvæmdir bundnar meiri örðugleikum en annarsstaðar.

Annars telur nefndin, að frv. geti orðið að góðu gagni með umræddum breytingum, og það teljum vjer hagfelt og tryggilegt, að stjórnin þurfi eigi að rannsaka málið frá rótum, ef sótt hefir verið um leyfi annarsstaðar og það veitt. En í þeim tilfellum, að aðeins sje sótt um leyfi þetta hjer, rannsakar ráðuneytið þetta auðvitað frá rótum.

Um aðrar brtt. þarf jeg ekki að ræða. Þær eru ýmist svo, að leiðrjettar eru prentvillur, eða bein afleiðing af þeim aðalbreytingum, sem nefndin hefir gert og jeg hefi nú lýst.

Atvinnumálaráðherra (Kl. J.): Eins og hv. frsm. (K. E.) tók rjettilega fram, þá er hjer eigi um stórvægilegar breytingar að ræða.

Aðalbreytingin, sú, að fela það öllu ráðuneytinu, sem frv. gerði ráð fyrir að fela atvinnumálaráðherra einum, er meira í samræmi við frv. í heild sinni.

Í 8. gr. er talað um atvrh., og svo í 9. og 10 gr. En alstaðar annarsstaðar er gert ráð fyrir, að ráðuneytið alt sjái um framkvæmd frv. Þetta verður því betra samræmi.

Eigi get jeg heldur sjeð neitt athuga-

vert við hina aðalbrtt., þá, að leyfið skuli veitast til 15 ára í einu, í stað þess að endurveita það á 5 ára fresti, einkum vegna þess, að leyfið mun ávalt verða veitt að nýju, og gjaldið verður hið sama. Jeg tel það hag fyrir leyfisbeiðanda, að þetta sje þannig, og eins að framkvæmdafresturinn sje lengdur úr 3 árum upp í 5 ár.

Um síðustu eða þriðju aðalbreytinguna, um að fella burtu ákvæðið um það, hvernig ráðuneytið skuli fara að, ef ekki hefir verið sótt um einkaleyfi til annara ríkja, get jeg verið samdóma hv. frsm. (K. E.). Jeg tel það ákvæði þar þýðingarlítið. Að vísu hefir hæstv. fyrverandi stjórn lagt talsverða áherslu á þetta atriði og talið það mikilvægt, en jeg fyrir mitt leyti get enga ástæðu sjeð til að ljetta þessu af umsækjanda.

Sigurjón Friðjónsson: Viðvíkjandi brtt. skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að jeg tel breytinguna um, að ráðuneytið komi í stað atvrh., til bóta. En aftur tel jeg vafasamara um þá brtt. að færa tímabilið upp í 15 ár. Jeg tel, að ef tíminn væri styttri, þá væri minni hætta á því, að leyfi þessi væru misbrúkuð.

Jeg er sem sagt dálítið í vafa um þetta ákvæði.

Frsm. (Karl Einarsson): Jeg vil leyfa mjer að þakka hæstv. atvrh. (Kl. J.) fyrir það, að hann hefir getað fallist á brtt. nefndarinnar. Vona jeg, að þær verði samþyktar og frv. nái fram að ganga.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. landsk. varaþm. (S. F.) sagði, þar sem hann kvaðst vera hræddur við að færa einkaleyfistímabilið úr 5 árum upp í 15 ár, skal jeg taka fram, að jeg skildi eigi þá hræðslu. Jeg get ekki sjeð, að það sje neitt hættulegra en að veita það þrem sinnum til 5 ára. Og því síður get jeg fallist á það eða sjeð það, þar sem þjóðfjelagið getur tekið það í sínar hendur, gegn hæfilegu endurgjaldi, ef hagur þess heimtar það. En jeg álít tæpast, að til þess muni koma, að einkaleyfi verði misbeitt, því að það myndi koma þyngst niður á leyfishafa sjálfum. Jeg geri sem sagt ráð fyrir því, að einkaleyfishafi komi sjer svo fyrir með starfrækslu sína, að ágóði hans af henni verði sem best trygður, en þá er ekki „praktiskt" fyrir hann að starfrækja það þannig, að almenningi sje lítt kleift að notfæra sjer það. Enda þá hægur hjá að láta ríkið taka það í sínar hendur.

Hjer, á voru fámenna landi, ætti þetta naumast að vera hættulegt, þar sem aðrar þjóðir, er telja tugi miljóna, veita slík leyfi til 15 ára.

Jeg fjölyrði svo eigi meira um þetta. Vona jeg, að hv. deild samþykki þessar brtt., og leyfi frv. fram að ganga, því jeg tel gott að hafa lög um þetta efni, sem fara má eftir, þegar um veitingu einkaleyfa er að ræða.

ATKVGR.

Brtt. 101, 1 samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 101, 2 samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 101, 3, a. samþ. með 10 shlj. atkv.

— 101, 3, b. samþ. með 10 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

5.—6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 101, 4 (ný 7. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 101, 5, a. samþ. með 12 shlj. atkv.

— 101, 5, b. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 101, 5, c. samþ. án atkvgr.
8. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 101, 6 samþ. án atkvgr.
9. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 101, 7, a. samþ. án atkvgr.
— 101, 7, b. samþ. með 10 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 101, 8 samþ. án atkvgr.
12. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
13.—25. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13. shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., laugardaginn 18. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 112).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 26. fundi í Nd., laugardaginn 18. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 112).

Á 29. fundi í Nd., miðvikudaginn 22. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti (B. Sv.): Frv. þetta var til meðferðar í sjútvn. í hv. Ed., og ef því er til nefndar vísað hjer, verður það samkvæmt þingsköpum að fara til sjútvn.

Magnús Kristjánsson: Jeg verð að vekja athygli hv. þdm. á því, að mjer virðist ástæðulaust að vísa þessu máli til sjútvn., sem er um of störfum hlaðin. Tel jeg litla von um afgreiðslu þess, ef því verður vísað þangað, og geri jeg það því að till. minni, að málinu verði vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.
Með afbrigðum frá þingsköpum, er leyfð voru og samþ. í e. hlj., var frv. vísað til allshn. (sjá A. bls. 660) með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

9. Sala Sauðár.

Á 3. fundi í Sþ., þriðjudaginn 21. febr., var útbýtt frá Nd.
Frumvarpi til laga um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Sauðár (þm.frv., A. 27).

Á 7. fundi í Nd., fimtudaginn 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Sigurðsson): Jeg þarf ekki að fylgja þessu litla frv. úr hlaði með löngu máli. Get að mestu leyti látið mjer nægja að vísa til greinargerðarinnar. Þó ætla jeg að leyfa mjer að drepa á örfá atriði, til glöggvunar nefnd

þeirri, sem kemur til með að fjalla um málið.

Allur fjöldi íbúanna á Sauðárkróki stundar landbúnað samhliða smáatvinnu, sem til fellur hjá kaupmönnum, og litilsháttar útgerð, og um aðra atvinnu er ekki og verður ekki að ræða í náinni framtíð, nema þá um litilsháttar smáiðju, ef t. d. rafvirkjun kæmist þar á fót.

Með lögum frá 1919 var verslunarlóð Sauðárkróks stækkuð svo, að ekki er sjáanlegt, að kauptúnið vaxi út fyrir hana fyrst um sinn, og þó að kauptúnið stækkaði til muna á næstu árum, mundi það því ekki hafa nein áhrif á jörðina Sauðá, nje hækka hana í verði.

Hjer er því alt öðru máli að gegna heldur en þar, sem um útgerð í stærri stil er að ræða. Slikt hefir altaf áhrif á jarðarverðið, og því getur verið rjett að leggjast á móti því að selja þær þjóðeignir, er svo stendur á um.

Aðalástæðan fyrir því, að frv. þetta er fram komið, er sú, að þorpsbúum er ekki einungis nauðsynlegt að fá nothæft land til aukinnar ræktunar heldur og til beitar, og að þeir sjálfir geti ráðið um girðingu á landinu.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en legg til, að frv. verði, að umr. þessari lokinni, vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. (sjá A. bls. 660) með 13 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, n. 41).

Frsm. (Jón Þorláksson): Eins og nál. ber með sjer, hefir nefndin fallist á þetta mál með þeirri breytingu, að söluheimildin gangi í gildi við ábúendaskifti.

Það hefir verið leitað samninga milli Sauðárkrókshrepps og ábúanda um, að hann stæði upp af jörðinni, og hefir hann fallist á það með ákveðnum skilmálum. En innan hreppsins munu vera skiftar skoðanir um það, hvort nauðsynlegt sje að fara samningaleiðina, og hvort ekki muni mega finna útbyggingarsakir á hendur ábúanda, ef hreppurinn ætti jörðina.

Nefndin áleit rjett að orða till. svo, því hún vill með engu móti eiga neinn hlut að máli um það, hvort byggja megi núverandi ábúanda út. En eins og ábúðarlögunum er nú háttað, er hætt við, að ábúandi brjóti í einhverju bókstaf þeirra, svo finna megi ástæðu til þess að byggja honum út, ef jarðeigandi leggur kapp á það. Auk þess virðist tilboð hans alls ekki innifela neina afarkosti, ef hreppsbúar á annað borð telja sjer umráð jarðarinnar nauðsynleg.

Ef till. nefndarinnar verður samþ., getur það orðið samningsatriði, að ábúandinn standi upp af jörðinni, en nefndin álitur ekki rjett að ganga hart að ábúandanum, sem hefir setið um 40 ár á jörðinni og nú er orðinn háaldraður.

Jón Sigurðsson: Jeg þakka hv. nefnd fyrir það, að hún hefir tjáð sig fylgjandi þessu máli, en lengra nær þakklæti mitt ekki. Fyrir brtt. kann jeg henni engar þakkir. Ástæðunum til hennar hefir þegar verið lýst, og er þar helst fært fram, að rjettur leiguliða sje ekki nægilega trygður, ef Sauðárkrókshreppur eignist jörðina. Þessa staðhæfingu byggir nefndin á því, að altaf sje hægt að fá útbyggingarsök á ábúanda, sem búið hefir á jörð í nálega 40 ár. Nú

skiftir það engu máli í þessu sambandi, hvernig hann hefir setið jörðina áður en eigendaskifti verða, heldur hvernig hann muni sitja hana framvegis. Um það má vitanlega ýmsu spá, en mjer er kunnugt um, að hreppsnefndin er manninum velviljuð og mun alls ekki reyna að þrengja kosti hans.

Þá var önnur ástæðan sú, að ábúandi hefði boðist til að standa upp af jörðinni fyrir ákveðið gjald. Það mun ekki hafa verið gjaldið, sem þótti svo óaðgengilegt, heldur aðrar kröfur, er hann gerði, svo sem ákveðnar nytjar til langs tíma. Og nú getur svo farið, að hann telji sig ekki skyldan til að standa við boðið, og gæti því sett afarkosti, ef honum sýndist.

Jeg vil leyfa mjer að benda hv. deild á það, hvers vegna Sauðárkróki er svo nauðsynlegt að ná eignarhaldi á jörðinni. Það er bráðnauðsynlegt að gera ýmsar umbætur á jörðinni, gera girðingar til varnar ágangi afrjettarpenings, og til þess að halda búsmala í heimahögum, og áveitu, sem sennilegt er að mjög mundi bæta kúahaga, og af því veitir ekki. En ef hreppurinn eignast ekki jörðina, má búast við, að þessar umbætur dragist, og það ef til vill í ein 20 ár. En hreppurinn getur látið gera þessar umbætur, þótt ábúandi sje kyr, fái hann eignarumráð jarðarinnar, því að oftast mun hægt að komast að samkomulagi við ábúanda um, að eigandi megi gera umbætur á jörð sinni; að minsta kosti þekki jeg ekkert dæmi til hins gagnstæða, og þá síst, þegar umbæturnar eru ábúanda til hagræðis, eins og hjer mundi verða. Fái hreppurinn aftur á móti ekki eignarhald á jörðinni, er hreppsnefndin óviðkomandi aðili, sem ekkert getur gert í þessu efni.

Jeg vona því, að háttv. deild líti á málið með sanngirni og bæti ekki þessu skilyrði við.

Frsm. (Jón Þorláksson): Hv. flm. (J. S.) sagðist ekki vera hræddur um, að hart yrði gengið að núverandi ábúanda jarðarinnar, þótt eigendaskiftin yrðu þegar. Þegar ábúandinn hafði gert hreppnum kost á að standa upp af jörðinni, þá var haldinn fundur á Sauðárkróki um málið. Á þeim fundi hjelt einn mikilsmegandi borgari þar ræðu og lagðist gegn því, að boði bónda yrði tekið, þar eð hægt mundi að fá útbyggingarsakir á hann. Síðan var núverandi umboðsmaður jarðarinnar spurður, hvort slíkar sakir mundu vera til nú, en hann kvað svo mundu eigi vera. En þetta er nóg ástæða til þess að vilja fara varlega.

Landsnytjar þær, sem ábúandi áskildi sjer, voru ekki ósanngjarnar. Það var að fá að vera í húsunum, hafa eina kú og afnot af fimta hluta túnsins, það sem eftir væri ábúðartímans. Ef hann stendur ekki við þetta boð, þá er það fyrir allar undirtektir Sauðárkróksbúa.

Annars hefir nefndin fyllilega viðurkent þörf Sauðárkróks til þess að eignast jörðina. Og ef alt um þrotnar, og almenningsþörf krefur, þá er til ein lögleg leið, og hún er sú, að leita eignarnáms á ábúðarrjettinum. En jeg held nú, að til þess þurfi ekki að koma.

Fjármálaráðherra (M. G.) Jeg sje ekki betur en alveg sje ástæðulaust að fara að bæta við þessu nýja skilyrði, sem nefndin leggur til. Rjettur ábúanda getur ekki orðið skertur, þótt eigandaskifti verði. Og það er alls ekki tilgangurinn að hrekja manninn burt af jörðinni. En kauptúnið langar til að fá eignarráð yfir jörðinni, til þess að geta bætt hana, eins

og hv. samþingismaður minn (J. S.) gat um.

Ef hv. þm. trúa því, að illa megi fara með manninn, þá má benda þeim á, að skilyrði nefndarinnar bætir síður en svo úr fyrir honum. Svo stendur á, að umráðamaður jarðarinnar er einmitt hreppstjórinn á Sauðárkróki, og gæti hann því alveg eins leitast við að finna sakir á manninn, þótt brtt. nefndarinnar yrði samþykt. Hún gerir hag hans engu tryggari, nema síður sje. En mjer er alveg óhætt að lýsa yfir því, að það er alls ekki tilgangur hreppsins að þröngva kosti hans.

ATKVGR.

Brtt. 41 samþ. með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: M. J., M. P., Ó. P., S. St., St. St., Þorst. J., Þór. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., J. B., J. Þ., B. Sv.

nei: M. G., M. K., P. O., P. Þ., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., H. K., Jak. M., J. A. J., J. S.

Tveir þm. (B. J. og B. H.) fjarstaddir.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 16 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. mars. var frv. tekið til 3. umr. (A. 54).

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg leyfi mjer að óska þess, að mál þetta verði tekið út af dagskrá í dag. Það er nú svo komið, að hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps er í vafa um, hvort hún kærir sig um, að frv. gangi fram, vegna þeirrar breytingar, sem á því var gerð við 2. umr. Jeg óska því, fyrir hönd okkar þm. Skagf., að málið verði tekið af dagskrá og ekki aftur á hana tekið nema ósk um það komi frá okkur.

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

10. Bjargráðasjóður Íslands.

Á 11. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum um bjargráðasjóð Íslands, nr. 45, 10. nóv. 1913 (þm.frv., A. 50).

Á 12. fundi í Nd., fimtudaginn 2. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Jeg get ekki hjá því komist að fara nokkrum orðum um þetta frv., því það felur í sjer talsverða efnisbreytingu.

Á undanförnum árum hefir orðið vart við allmikla óánægju yfir þessum lögum, og það jafnvel svo, að hún hefir komist hjer inn í þingið. Hafa hjer tvisvar komið fram till. um að fresta lögunum. Menn sáu fljótt, sem von var, að lög þessi komu ekki að tilætluðum

notum; hjálpuðu þá fyrst, þegar alt var komið í dauðann.

Það má svo segja, að öll bjargráðastarfsemi er tvíþætt:

1. Hjálp, þegar í öngþveiti er komið.
2. Vörnun þess, að vandræði og harðindi beri að höndum.

Hingað til hafa menn einkum lagt áhersluna á fyrri lið bjarðráðastarfseminnar, nefnilega að hjálpa, þegar í nauðir var rekið fyrir bændum. En um slíka starfsemi er þess að gæta, að slíkri hjálp er ekki ávalt hægt að koma við. Ef t. d. hafís er fyrir öllu Norðurlandi og jarðbönn, þá mun fje alt horfalla um alt þetta svæði, hvort sem bjargráðasjóður á hjer miljónir í bönkum eða engan eyri. Peningar segja ekkert, þegar ómögulegt er að flytja fóður þangað, sem þörf er fyrir það. Þá má og benda á það, að veturinn 1920 reyndist afarerfitt, t. d. í uppsveitum Árnessýslu, að ná í þann fóðurbæti, sem bændum þar var nauðsynlegur. Það sýnist því vera full þörf á því að taka þetta mál nokkuð öðrum tökum.

Brtt. okkar þm. Borgf. (P. O.) hniga þá og að því að leggja meiri áherslu á þá leið bjarðráðaviðleitninnar, að afstýra hallæri. Með því er engan veginn tilgangurinn að eyða bjargráðasjóðnum, heldur miklu fremur að efla hann á allan hátt, því samkvæmt till. okkar á sjóðurinn einmitt að vaxa svo, að hann verði fær um að vinna það hlutverk að afstýra hallærum, en samkvæmt þeim lögum, sem nú gilda um þessi efni, fáum við ekki sjeð, að hann geti slíkt, eins og jeg hefi þegar bent á.

Breytingar okkar snúast yfirleitt um það, að í stað þess að safna í sjóðinn eingöngu, þá eigi einnig og ekki síður að vinna að því að afstýra hallæri og undirbúa menn undir að taka á móti harðindum. Þessu hyggjum vjer að megi ná með því að styðja samvinnu eða samtök milli bænda til sjávar og sveita í þessu efni, og hefi jeg þá einkum í huga fóðurbirgðafjelög. Slíkum fjelagsskap mætti einnig vel koma á við sjávarsíðuna, og ætti sá fjelagsskapur að sjálfsögðu að njóta fullkomins jafnrjettis við hliðstæðan sveitafjelagsskap.

Hugsun okkar er sú, að bjargráðasjóður láni þessum fjelögum fje með mjög góðum kjörum, t. d. að vextir og afborgun færi samtals ekki yfir 5% árlega og gegn ábyrgð sveitarfjelaganna. Með þeim stuðningi er jeg sannfærður um, að sá fjelagsskapur fengi byr undir báða vængi, því að það er einmitt fjeleysið, sem mest hefir staðið fjelögunum fyrir þrifum.

Jeg er þess alveg fullviss, að ef þetta frv. verður samþ., og með því ýtt undir bændur að stofna og efla þennan fjelagsskap, þá muni að þessu frv. verða margfalt meira gagn en að öllum horfellis- og forðagæsluákvæðum, sem hingað til hafa sett verið. Slík ákvæði hafa verið meira og minna kák, sem ekki hefir verið hlýtt, því bændur kunna því illa að láta aðra skipa sjer fyrir um þau mál, er þeir telja sig eiga eina yfir að ráða.

Þá vil jeg að lokum geta þess, að með þessum breytingum er ekki á nokkurn hátt haggað við þeim ákvæðum bjargráðasjóðslaganna, að hvert sýslufjelag hafi þar sína sjereign og njóti hennar.

Vænti jeg, að þetta mál fái góðar og greiðar undirtektir hjer í hv. deild, og legg til, að því verði vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. at-

kv., og til landbn. (sjá A. bls. 659) með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

e k k i ú t r æ t t.

---

11. Árbær, Ártún, Breiðholt, Bústaðir og Eiði.

Á 12. fundi í Nd., fimtudaginn 2. mars, var útbýtt

Frumvarpi iil laga um að leggja jarðirnar Árbæ og Ártún í Mosfellshreppi og Breiðholt, Bústaði og Eiði í Seltjarnarneshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur (þm.frv., A. 55).

Á 14. fundi í Nd., laugardaginn 4. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Jakob Möller): Það þarf ekki mörg orð til þess að skýra þetta frv., því allar ástæður þess eru fullkomlega taldar í greinargerð þess.

Frv. þetta er samið af bæjarstjórn Reykjavíkur, og hefir hún falið þingmönnum sínum að flytja það á þinginu.

Í fám orðum eru ástæðurnar þær, að jarðir þær, sem nefndar eru í frv., eru eign Reykjavíkurbæjar og áfastar lögsagnarumdæmi hans, og þarf bærinn nauðsynlega að nota þær til eigin þarfa; það hlýtur því að sjálfsögðu að vera ósk bæjarstjórnar, að þær leggist við lögsagnarumdæmið.

Jeg geri ráð fyrir því, að hv. deild vísi málinu til nefndar, og vil gera það að till. minni, að það fari til allsherjarnefndar.

Einar Þorgilsson: Mjer virðist frv. á þingskjali 55 vera allsendis ótímabært, með því að hvorki liggur fyrir samþykki hlutaðeigandi hreppsnefnda nje sýslunefndar.

Í sveitarstjórnarlögunum frá 1905 er það tekið fram, að löggjafarvaldið megi enga breytingu gera á takmörkum hreppa nje sýslna án þess að hafa leitað álits þessara aðilja.

Nú hafa hlutaðeigandi hreppsnefndir látið í ljós fylstu óánægju við mig yfir þessu, og sýslumaðurinn í Kjósars. hefir tjáð mjer, að sýslunefnd hafi ekki verið aðspurð um þetta mál, en eins og hv. deild mun kunnugt, er Kjósarsýsla aðili í þessu máli.

Það er ekki ástæða til þess að gagnrýna málið efnislega nú, en jeg vona, að hv. deild hrapi ekki að því að samþykkja það.

Jeg legg það til, að málinu verði vísað frá, og leyfi mjer í því skyni að bera fram rökstudda dagskrá, er hljóðar svo, — með leyfi hæstv. forseta:

> **Með því að sýslunefndin í Kjósarsýslu hefir enn ekki verið aðspurð um þetta mál og því eigi gefist kostur á að láta uppi tillögur sínar, telur deildin ekki rjett, að málið gangi lengra að svo stöddu, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.**

Flm. (Jakob Möller): Mjer finst hv. 1. þm. G.-K. (E. Þ.) vera nokkuð veiðibráður, er hann vill ekki, að þetta mál komi í nefnd.

Í fyrsta lagi neita jeg því, að leita þurfi samþykkis sýslunefnda eða hreppsnefnda í máli sem þessu, þar sem að-

eins er að ræða um það, að stækka lögsagnarumdæmi Reykjavíkur með eign bæjarins, sem hann nauðsynlega þarf til afnota.

Jeg hygg, að það sje ekki venja að leita álits sveitar- nje sýslufjelaga, er svo stendur á.

Í öðru lagi vill nú svo vel til, að vel má verða við þessu, þótt málið fari í nefnd, þar sem aðiljar eru svo nærri, að harla auðvelt er að ná tali af þeim. Jeg tel því gersamlega ástæðulaust af hv. þm. (E. Þ.) að leggjast á móti því, að frv. verði vísað til nefndar, og vona fastlega, að deildin vísi því áfram.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 2. þm. G.-K. (E. Þ.) feld með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. O., P. Þ., S. St., St. St., Þór. J., E. Þ., H. K., J. S., M. G.

nei: M. K., M. P., Ó. P., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., E. E., Gunn. S., Ing. B., Jak. M., J. A. J., J. B., J. Þ., M. J., B. Sv.

Einn þm. (B. J.) fjarstaddur.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 1 atkv. og til allshn. (sjá A. bls. 660) með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

12. Sjerleyfi til vatnavirkjunar.

Á 15. fundi í Nd., mánudaginn 6. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sjerleyfi til vatnavirkjunar (þm.frv., A. 71).

Á 17. og 18. fundi í Nd., dagana 8. og 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Þetta frv. er fram borið í því skyni, að hjálpa stjórninni til að tregðast með að veita sjerleyfi til vatnavirkjunar, þar til þingið hefir gengið frá vatnalöggjöfinni. Eftir þeim lögum, sem nú eru til, er hægt að veita sjerleyfi eftir vild. En sje þetta borið undir þingið, þá er það ekki hægt umfram það, sem þingið ákveður. Þetta er því aðeins gert í varnaðarskyni, og mest sökum þess að í ráði er að stytta þingtímann nú eins mikið og unt er, og mun þá ekki vinnast tími til að fullgera vatnalögin, sem eru deilumál og taka því langan tíma.

Verði þetta frv. nú samþykt, þá er þar með fengin trygging fyrir, að ekki verða veitt sjerleyfi til stærri virkjunar en hjer er ákveðið, og stjórninni auk þess gert hægra fyrir að neita slíkum beiðnum.

Leyfi jeg mjer svo, ef frv. þetta nær samþykki deildarinnar, að leggja það til, að því verði vísað til fossanefndar.

Atvinnumálaráðherra (Kl. J.): Jeg man, að það var stundum sagt áður, þegar jeg átti sæti hjer á Alþingi, um ýms frv., sem fram voru þá borin, að þau væru bæði gagnslaus og meinlaus.

Jeg skal játa, að þetta frv., sem nú er hjer á ferðinni, er gagnslaust með öllu, en þar með er ekki sagt, að það sje alveg meinlaust, þótt það virðist svo í fljótu bragði. Frv. miðar nefnilega til þess að slá því föstu, að r í k i ð eigi alt fossaflið í landinu. En um það er, eins og menn vita, mikill ágreiningur, og hefir einmitt valdið því, að fossanefndin milli þinga klofnaði, og auk þess 2 nefndir aðrar á undanförnum þingum. Það er auðvitað, að Alþingi verður að segja álit sitt og skoðun um þetta atriði, en hitt er ekki rjett, að gera það í sambandi við þetta frv. En það er og auðvitað satt, að þótt þingið taki nú eða síðar fasta afstöðu til þessa máls í þá átt, að ríkið eigi alla vatnsorku í landinu, þá er það að engu leyti bindandi, því hafi einstaklingurinn áður átt vatnsorkuna í sínu landi, þá er ekki hægt að svifta hann eign sinni nema þá með eignarnámslögum, ef skilyrði þess eru fyrir hendi. Og þó að það nú yrði ofan á í þinginu, að ríkið eigi vatnsorkuna, þá er það engum efa bundið, að við þann úrskurð verður eigi unað, heldur verður því skotið til dómstólanna. Undir öllum kringumstæðum tel jeg það rangt að vekja málið upp á þennan hátt og taka það til úrskurðar þingsins, fyr en álit vatnamálanefndar liggur fyrir. Jeg lít svo á, að hver maður eigi vatn fyrir sínu landi, og þurfi hann ekki að sækja um sjerleyfi til stjórnarinnar til þess eins að virkja það. Öðru máli væri að gegna, ef veg þyrfti að leggja eða síma, til að koma þessu í framkvæmd. Þá þarf að sækja um leyfi til stjórnarinnar. Þetta frv. er því ekki rjett orðað. Ef það vildi leggja tálmanir í veg vatnavirkjunar, þá hefði það átt að koma með einhver ákvæði þ e s s u viðvíkjandi.

Annars þykir mjer undarlegt, að þetta frv. skuli einmitt vera fram borið af þessum mönnum, en ekki frá vatnamálanefndinni. Lít jeg því svo á, að því hljóti að vera stefnt til mín, af ótta við, að jeg myndi vera fús á að veita sjerleyfi til vatnavirkjunar, ef það stæði í valdi stjórnarinnar að veita það. En jeg skal nú lýsa yfir því, að ef farið verður fram á við stjórnina að veita sjerleyfi til vatnavirkjunar, sem nemur meiru en 1000 eðlishestorkum og hún að lögum hefði leyfi til að veita, þá dytti mjer aldrei í hug að misbeita valdi mínu svo, að veita slíkt leyfi. Því jeg tel með öllu rangt, að stjórnin taki sjer slíkt vald í máli, sem einmitt liggur undir aðgerðum þingsins.

Jeg vona svo, að hv. flm. frv. (B. J.) verði mjer samdóma um, að frv. þetta sje með öllu óþarft. — Jeg gæti annars spurt, hvers vegna flm. hafa bundið sig við 1000 eðlishestorkur, hvort það stafar af því, að þeir eigi von á, að einhver sjerstök beiðni til sjerleyfis sje á leiðinni, eða bara sökum þess, að 1000 er svo áferðarfalleg tala. (B. J.: Þessi tala er hámarkið. Fram úr henni má, eftir frv., ekki fara). Það kemur heldur ekki til, að sjerleyfi verði einu sinni veitt til svo mikillar virkjunar.

Jeg vil að lokum vekja athygli háttv. deildar á því, að í ástæðunum fyrir þessu frv. stendur, að vatnamálið muni ekki útkljáð á þessu þingi. En þá verð jeg að benda á það, að þetta er nú 3. þingið, sem hefir þetta mál til meðferðar, — og einhvern tíma finst mjer þó að það ætti að verða tekið a l v a r l e g a til aðgerða og útkljáð. Ætti það því fremur að takast, sem fá mál í þinginu hafa fengið svo ítarlegan og góðan undirbúning sem þetta.

Sveinn Ólafsson: Hæstv. atvrh. (Kl. J.) hefir nú tekið fram flest af því, sem

jeg ætlaði að segja. Jeg skal þó bæta nokkrum orðum við, til frekari skýringar frv. þessu.

Þegar vatnamálið kom fyrst til umr., á öndverðu þingi 1919, tók jeg það fram, að flýta bæri úrslitum þess sem mest, vegna hættu þeirrar, sem stafað gæti af vöntun sjerleyfislaga, en vatnsrjettindalögin eru nauðsynleg undirstaða sjerleyfislaga. Um þetta voru margir mjer sammála, og jafnvel flm. þessa frv. (B. J.).

Hættan er í því fólgin, að þeir, sem umráð hafa mikillar vatnsorku, geta, eftir núgildandi lögum, án allrar íhlutunar landsstjórnarinnar, virkjað stórvirkjunum, sem jafnvel gætu orðið þjóðfjel. ofviða og hættuleg. Benti jeg í þessu sambandi á dæmi frá Noregi, þar sem útlendir eigendur vatnsrjettinda urðu fljótari til að reisa stór orkuver en Stórþingið að afgreiða sjerleyfislög og koma að eðlilegum takmörkunum og skilyrðum.

Það er auðsjáanlega þesskonar hætta, sem hefir vakað fyrir háttv. þm. Dala. (B. J.), er hann samdi þetta frv. Hann hefir viljað afstýra þessari hættu, en sú tilraun hans hefir algerlega mishepnast, eins og hæstv. atvrh. hefir bent á. Hvort sá fiskur hefir legið hjer falinn undir steini, sem hæstv. atvrh. (Kl. J.) gat um, nefnilega að með þessu frv. eigi að læða inn óbeinni viðurkenningu þess, að ríkið eigi vatnsrjettindin alment, en ekki einstaklingurinn, það veit jeg ekki. En sje svo, þá hefir sú tilraun einnig mishepnast. Eftir núgildandi lögum er vatnsorkan háð einkaumráðum landeiganda, eins og önnur afnot vatnsins, þótt minni háttar takmarkanir sje til, og verður það þangað til þessu verður breytt með nýjum lögum. Hvort þetta frv. hefir að öðrum þræði verið borið fram í því skyni, að geta enn lengur frestað lögfestingu vatnalaga, veit jeg heldur ekki. En það er víst öllum kunnugt, hvers vegna sú töf er orðin svo löng, og hverjum hún er að kenna. Alt frá 1919 hefir sama firran þessu valdið, og er síst ástæða til að hlaða undir hana.

Það eitt er víst, að þótt frv. þetta gangi í gegn, þá erum við jafnilla staddir gagnvart þeirri hættu, sem nú hefir verið minst á, og er frv. því með öllu óþarft og markleysa ein, hvaðan sem á það er litið. Eina viðeigandi afgreiðslan á því er að rjetta þegar upp höndina á móti því.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg átti von á dauða minum, en ekki því, að hæstv. atvrh. (Kl. J.) reyndi að fá út úr þessu saklausa frv. úrskurð um eignarrjettinn á vatnsorkunni í landinu. Það er of fyndið til þess að mjer hefði getað dottið það í hug. Hafi jeg orðað eitthvað í frv. svo, að það megi skilja á þennan hátt, þá hefir það áreiðanlega orðið óvart. Það er fjarri mjer að hafa ætlað að ginna háttv. þm. eins og þursa til að samþykkja hjer eitthvað, sem þeir væru mótfallnir, enda sje jeg ekki eitt einasta atriði í þessu frv., sem skeri úr þeirri deilu. Þó einhverjum manni væri bannað að virkja foss, þá er ekki þar með skorið úr eignarrjetti hans á honum. Því þótt hann ætti hann eins tvímælalaust eins og hringinn á hendi sinni, þá mætti samt setja lög um það, hvort hann megi nota hann og hvernig. Þetta hefir líka oft og mörgum sinnum verið gert, og mun altaf verða gert.

Þó talað sje um veitingu á leyfi til vatnavirkjunar, getur eigi verið að ræða um tilraun til að taka eignarrjett af mönnum.

Tilgangur þessa frv. er að komast hjá hættunni við, að sjerleyfi yrði veitt, án þess þó að koma nálægt deiluatriðunum. Í 2. gr. frv., um veitingu leyfisins,

stendur eingöngu, hvenær og hvernig skuli leyfa, og ætlun mín var aðeins að setja skorður við því. — En eftir yfirlýsingu hæstv. atvrh. (Kl. J.) horfir málið alt öðruvísi við. Jeg tel mig hafa náð tilgangi frv. með því að fá þá yfirlýsingu, og eftir að jeg hefi fengið hana læt jeg mig litlu skifta, hvort hv. þm. ætla frv. með öllu óþarft. Jeg gæti því ef til vill tekið aftur tillöguna, því jeg efast ekki um, að hæstv. atvrh. (Kl. J.) efni orð sín, en hugsanlegt væri þó, að hann dæi og að annar, er kæmi í hans stað, áliti sig ekki bundinn af yfirlýsingu fyrirrennara síns, og er því rjettara að fara varlega.

Hins vegar mátti ekki skilja tillögu mína sem áreitni við stjórnina eða hæstv. atvrh. (Kl. J.), en er hann lagði svo ríka áherslu á eignarrjettinn, virtist þó enn meiri ástæða en áður til að fá fulla tryggingu fyrir, að eigi yrði hafist handa í málinu að öllu óviðbúnu.

Jeg get ekki sjeð, að eignarrjetturinn sje nokkursstaðar vjefengdur í þessu frv., en líki mönnum ekki orðalagið, má breyta því svo, að skýlaust sje tekið fram, að ekki sje verið að skera úr neinni deilu um það atriði.

Hvað viðvíkur tölunni, 1000 hestöflum, sem jeg vildi í mesta lagi veita leyfi til að virkja, þá er hún tekin nokkuð af handahófi; mætti eins segja 500 hestöfl. Rjettast væri, að alt yrði geymt þangað til skipulag er komið á fossamálið.

Því, sem hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði hjer um, læt jeg ósvarað. Í ræðu hans var ekkert, sem svara þyrfti, enda var hún eigi annað en endurtekning á ræðu, sem hann hafði haldið hjer áður, og jeg efast ekki um, að hann hafi munað.

Að lokum skal jeg geta þess, að í frv. bjó ekkert annað en það, sem hver maður mátti lesa, og var það eigi ætlað til þess að fleka hv. þm. til þess að skera á einn eða annan hátt úr deilumálunum um eignarrjett fossanna.

Legg jeg svo undir dóm hv. þm., hvort þeir vilja vísa frv. til 2. umr. og þeirrar nefndar, er hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) á sæti í.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 8 atkv. og til vatnamálanefndar (sjá A. bls. 663) með 16 : 1 atkv.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

13. Sala á Borðeyri.

Á 23. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sölu á þjóðjörðinni Borðeyri í Strandasýslu (þm.-frv., A. 100).

Á 25. fundi í Nd., föstudaginn 17. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Jakob Möller: Jeg vil geta þess, að hv. flm. (M. P.), sem er veikur og getur því eigi verið viðstaddur, óskar eftir því, að hv. deild vísi þessu máli til 2. umr. og allshn.

Jón Baldvinsson: Jeg sleppi aths. nú, þar sem háttv. flm. (M. P.) er ekki á fundi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 1 atkv. og til allshn. (sjá A. bls. 660) með 15 shlj. atkv.

Á 32., 38. og 40. fundi í Nd., dagana 25. mars og 1. og 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 100, n. 139).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

14. Innflutningsbann og gjaldeyrisráðstafanir.

Á 40. fundi í Nd., þriðjudaginn 4. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild til innflutningsbanns og gjaldeyrisráðstafana (þm.frv., A. 194).

Á 41. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., laugardaginn 8. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. minni hl. (Sveinn Ólafsson): Minni hl. viðskiftamálanefndar ber fram þetta frv. eftir samráði við hæstv. stjórn. Hefði mátt vænta þess, að fleiri háttv. nefndarmenn hefðu aðhylst frv., vegna þess, að nefndin mun að mestu sammála um það, að eitthvað þurfi þó að gera til þess að bæta úr þeim viðskiftaerfiðleikum, sem þjóðin nú er stödd í. En meiri hl. nefndarinnar hefir heldur kosið að fara aðra leið að þessu marki, og þess vegna kom hann hjer fram í gær með örlitið frv. um mat á íslenskri krónu, meinlítið og, að því er best verður sjeð, fremur gagnslítið. En vel má vera, að eitthvað meira sje í vændum frá hv. meiri hl., þótt mjer sje ekki um það kunnugt. En hv. meiri hl. hefir nú tekið upp það bjargráð, sem ekki hefir þekst hjer áður. Hann hefir komið hjer fram með sjerstakt nál., á þskj. 206, um frv. okkar minni hl. manna, og gengst gegn því. Skal jeg ekki ræða um það sjerstaklega að svo komnu, en minnist þess líklega síðar.

Þegar frv. eins og þetta kemur fram, þá er óhjákvæmilegt að gera sjer grein fyrir nokkrum spurningum í sambandi við það, og hversu þeim skuli svara.

Fyrsta spurningin er, hvort þörf sje á þeim ráðstöfunum, sem frv. heimilar. Þeirri spurningu munu sumir vafalaust svara játandi, en aðrir neitandi. En hvort sem svarið verður, þá er það jafnvíst, að viðskiftaástand vort þarf að batna, erlendu skuldirnar að greiðast og gengið að hefjast. En sje þetta viðurkent, þá sýnist ótvírætt vera þörf á svipuðum ráðstöfunum og frv. stefnir að. Það er að vísu rjett, að gott árferði til lands og sjávar getur mikið bætt úr erfiðleikum þjóðarinnar, en ef það góða árferði bregst og ekkert er aðhafst, þá hljóta afleiðingar aðgerðaleysisins að verða illar, þegar fram í sækir, því það efar enginn, að ef lággengið helst, þá koma afleiðingar þess

fram á þann veg, sem vjer síst mundum kjósa, og þannig, að efnalegt jafnvægi mundi raskast milli borgaranna í landinu. Lággengið getur að vísu auðgað stöku menn, en aðeins á þann veg, að aðrir þokist að sama skapi nær örbirgð og efnalegu ósjálfstæði. Yfirleitt geta áhrif þess aldrei verið holl eða heillavænleg.

Vjer flytjendur frv. úr viðskiftanefnd höfum fyrir okkar leyti svarað þessari fyrstu spurningu játandi með frv., og í raun og veru annari spurningu líka, sem sje þeirri, hvort rjett sje að grípa fram í rás viðburðanna í þessu efni með opinberri ráðstöfun.

Margir líta að vísu svo á, að sparsemdarhugur þjóðarinnar og ástundun hennar og elja við skyldustörfin og að auka framleiðsluna muni bjarga þessu öllu við. Virðist þetta vera hreint og beint trúaratriði fyrir hv. meiri hl. viðskiftan. En jeg get ekki neitað því, að mjer finst þetta nálgast allmikið oftrú; að minsta kosti gefur Reykjavíkurlífið, eins og það kemur mjer fyrir sjónir, lítið tilefni til þeirrar trúar. Þúsundir vinnufærra karla og kvenna streyma hjer daglega um göturnar, án þess að nokkurt vinnusnið sjáist á þeim, þyrpist að skemtistöðum, eins og kríur, og hvar sem einhverja tilbreytingu er að sjá eða heyra. Það liggur næst að halda, að markmið þessa fjölda sje það eitt, að fullnægja skemtanafýsn sinni og glysgirni, ef þá eigi öðrum enn lakari hvötum. Sömu söguna má segja úr öðrum kaupstöðum og kauptúnum landsins, með þeim einum mun, sem leiðir af því, að fólk er þar færra. Jeg hygg því, að vonin um það, að þessi sparnaðareiginleiki og iðjusemi fólksins bjargi oss, sje harla stopul. Iðjusemi og nægjusemi er ef til vill hægt að tala um í sveitunum og hjá tiltölulega fáum starfandi mönnum í bæjum og kauptúnum, en það nær engri átt að tala um þessa eiginleika sem þjóðardygðir; þvert á móti. Framleiðslan til lands og sjávar hvílir á lúnum höndum fárra manna, sem í góðu árferði geta hamlað upp á móti eyðslu hinna, en sjálfir verða að bíta á beiskjunni, þegar í ári versnar, af því að eyðslu þeirra iðjulausu og áhugalausu verða engin takmörk sett.

Jeg kem þá að þeirri spurningu, hvort takmarkinu, að fá verslunarjöfnuð og laga gengið, verði náð með þeim ráðstöfunum, sem frv. gerir ráð fyrir, og hvort aðrar leiðir að þessu marki mundu verða betri eða heppilegri. Frá sjónarmiði minni hl. er ekki um ágreining að ræða að því er fyrra atriði spurningarinnar snertir, en meiri hl. telur ráðstafanir frv. lítils verðar. Þó hygg jeg, að enginn geti með sanngirni neitað því, að ef þjóðin færði þá sjálfsfórn, hvort heldur væri af fúsum vilja eða eftir lagaboði, að neita sjer árlangt um ¼ allrar innfluttrar vöru, og það getur hún sjer að meinalausu, þá mundi sparast svo mikið fje af andvirði framleiðslunnar, að nægði til að greiða þær lausu og reikandi skuldir, sem nú þrýsta niður gengi krónu vorrar, og þótt þær skuldir sjeu ekki eina orsökin að gengisrýrnuninni, þá mundi þó gengið lagast af þessu tiltölulega fljótt.

Um síðari lið spurningarinnar er nokkuð öðru máli að gegna, því sitt sýnist hverjum um leiðirnar. Margir telja sjálfsögðustu leiðina að albanna þegar í stað með upptalningu allan þann varning, sem hægt er án að vera, aðrir vilja aðeins albanna nokkrar óþörfustu vörutegundirnar, en takmarka innflutning annara tegunda; enn aðrir vilja fresta öllum viðskiftahöftum að sinni, en taka þau upp síðar, og haga þeim þá eftir þörfinni og árferðinu. Allar styðj-

ast aðferðir þessar við nokkur rök, en allar hafa þær líka sína annmarka, og versti annmarkinn er og verður jafnan mótþrói og viðsjár þeirra, sem fjárvonir eiga í auknum innflutningi, og hinna, sem geta gert innflutningshöftin sjer að fjeþúfu.

Þessir annmarkar valda því, að höftunum verður aðeins að beita eftir brýnni þörf, og þau verður að hafa svo víðtæk, að fult lið megi að þeim verða. Viðskiftahöft einskorðuð og ákveðin af þinginu verða að miðast við ástandið á þeirri stundu, sem þau eru sett, og geta því eðlilega átt illa við, þegar ástæður breytast. — Fyrir því höfum vjer flm. frv. álitið rjettast að fá stjórninni heimild til að ákveða höftin, víðtæk eða langæ, nú þegar, eða síðar á árinu, eftir því sem þörfin og horfurnar gefa tilefni til.

Því hefir verið borið við, að einstakir menn geti haft innflutningshöftin að fjeþúfu. Það er satt, að fram hjá þessum örðugleikum verður ekki algerlega komist. En þeir mega þó ekki verða þess valdandi, að menn fyrir þá eingöngu leggi árar í bát.

Vjer flm. álítum, að höftin, ef til kemur, þurfi að ná til hvorttveggja, innflutningsbanns og eftirlits með útlendum gjaldeyri, ef tilganginum skal ná, viðskiftajöfnuði út á við og gengisjöfnuði.

Ýmsum fleiri spurningum mætti varpa fram, svo sem þeirri, hvort stjórninni væri trúandi til að geta farið með þær heimildir, sem frv. vill veita henni, svo að gagni komi. Þvílíkum spurningum hefi jeg heyrt varpað fram, en jeg verð að segja, að mjer þykja þær nokkuð nærgöngular. Að vísu býst jeg ekki við, að stjórnin gæti beitt þeim öllum til hæfis — slíkt væri ekki á menskra manna færi — en jeg treysti því, að hún hafi þá glöggskygni, einbeittleik og nærgætni til að bera, sem fullkomlega tryggir oss það, að heimildunum verði ekki misbeitt, enda er þetta trúnaðarstarf stjórnarinnar engu ábyrgðarmeira en margt annað, sem henni er falið, og má í þessu sambandi minna á lögin 8. mars 1920, sem heimila henni að miklu leyti sömu ráðstafanir og þetta frv. vill heimila.

Jeg veit að vísu, að ýmsum er vel sem vart, þótt lággengið haldist og dýrtíðin. Það er svo sem engum blöðum um það að fletta, að lággengið auðgar einstöku menn og jafnvel flokka manna, en á það ber ekki að líta. Heldur ekki má ráða gróðavon útgerðarmanna af lággengi fram til þess, að ársframleiðslan er seld. Það væri að láta öðrum blæða þeirra vegna á meðan. Lággengið er eitur í beinum þjóðarinnar og á að hverfa sem fljótast, eins þótt einhverjir kunni að missa við það gróðavon.

Annars verð jeg að segja það, að kenning sú, sem hjer hefir heyrst, um hættu af hastarlegri verðsveiflu krónunnar upp á við, er ekki margra fiska virði. Slík verðsveifla mundi í rauninni aðeins kollvarpa nokkrum rjettlátum gróðavonum fárra manna, en um slíka verðsveiflu er það annars að segja, að hún er nær óhugsanleg sem afleiðing hastarlegra viðskiftahafta, vegna þess, að orsakir lággengisins liggja ekki einvörðungu í viðskiftahallanum út á við, heldur jafnframt á öðrum sviðum, svo sem af ofmikilli umferð ótryggilegra brjefpeninga, sem seðlabanki landsins illu heilli hefir sent á markaðinn.

Algeng mótbára gegn viðskiftahöftum er það, að þau skapi dýrtíð meðan þau standa á þeim varningi, sem bannaður er eða takmarkaður. Þessi mótbára hefir við nokkur rök að styðjast, þótt ekki megi alla áherslu á hana leggja.

Reynslan hefir sýnt, að verðlagsnefndir og lögskipað hámarksverð hefir eigi nægt til að verja almenning fyrir ásælni seljenda. En þetta á ekki og þarf ekki að koma mjög að sök, þegar látinn er frjáls allur nauðsynjavarningur, og kaupendum er neyðarlaust að neita sjer um dýrtíðarvarning. Þennan agnúa viðskiftahaftanna verður að skoða eins og lítilfjörlegan sársauka, sem óumflýjanlegur er meðan verið er að lækna illkynjaða meinsemd eða afstýra miklu alvarlegri hættu.

Um skipun innflutningsnefndar og gjaldeyrisnefndar eru skoðanir nokkuð skiftar, meðal annars um það, hve margir og hverjir eiga að skipa hana, og hvernig hún eigi að beita eftirliti sínu, einkum á fjarlægum stöðum.

Þetta er alt fyrirkomulagsatriði, og varða minna en aðalmálið. En vjer álítum engan ávinning að fjölmenni í þessari nefnd, og teljum sjálfsagt, að stjórnin fái henni til fulltingis í starfinu aðstoð lögreglunnar á hverjum stað.

Með lánsheimild þeirri til handa stjórninni, sem 3. gr. getur, vildum vjer aðeins gera skýrt, að lántökuheimild síðasta þings vegna viðskiftakreppunnar ætti að takmarkast við þörf ríkissjóðs eins eftirleiðis, og þess vegna leggjum vjer til, að lög nr. 76, 27. júní 1921, falli úr gildi.

Það er varla ástæða fyrir mig að minnast mörgum orðum á nefndarálit meiri hlutans. En þó get jeg ekki annað en vakið athygli hv. þdm. á því, að þar virðast vera settar fram fullyrðingar, sem ekki eru alls kostar sannleikanum samkvæmar. Kemur þar ljóslega fram, að meiri hluti nefndarinnar hyggur og byggir á því, að ósjálfráð atvik muni færa alt viðskiftaástandið í lag. Telur hann einkum þrent, sem muni af sjálfu sjer bæta úr kreppunni. Í fyrsta lagi sparnaðarviðleitni hjá þjóðinni, í öðru lagi kaupgetuleysi og í þriðja lagi lækkandi verðlag á vörum. Um þessa 3 liði segir meiri hluti nefndarinnar, að þeir sjeu eðlileg og heilbrigð lausn á vandamálinu. En jeg efa stórlega, að hjer hafi meiri hluti nefndarinnar við rök að styðjast.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að sparnaðarviðleitni manna yfirleitt er meira í orði en á borði; má þar minna á jólaútsöluna síðustu o. fl. Og langt má kaupgetuleysið ganga, ef það á að verða til þess að bæta úr vandræðunum. List mjer það læknismeðal einna fráleitast, enda er kaupgetuleysi rjett skilið sama og örbirgð. Verðlækkunin á útlenda markaðinum nær heldur ekki til almennings hjer, vegna gengismunarins. En það er einmitt það, sem verið er að keppa eftir með innflutningshöftunum, að laga gengið og gera þannig almenning hluttakandi í verðlækkun þeirri, sem orðin er á erlendum markaði, en lággengið nú bannar oss að njóta.

Í nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar eru dregnar fram ýmsar tölur, sem eiga að sanna, að alt muni lagast með hægu móti og án opinberra ráðstafana. Út í þessa reikninga skal jeg ekki fara, en vil aðeins benda á, að sumar af þessum tölum eru hreinar og beinar ágiskanir. Og líkurnar virðast benda til, að hið raunverulega ástand sje mun verra en álitið sýnir. Mun það innan skamms koma betur í ljós. Samningsbundnar skuldir hafa og áhrif á gengið, þótt ekki komi það eins ljóslega fram eins og um þær lausu og kræfu. Það er heldur ekki úr vegi að minna á það, að traustið í nágrannalöndunum til bankanna hjer er ekki meira en svo, að nýlega ráðstafaði banki nokkur í Englandi inneign sinni hjá „firma“ hjer í Reykjavík á

hendur „privat"-manni, sökum þess, að hann þorði ekki að láta það ganga gegnum bankana hjer. Þvílík dæmi, þótt slæm sjeu, tala miklu skýrar en ágiskaðar tölur í nál. meiri hl., eins þótt hjer sje vitanlega að ræða um ókunnugleika enska bankans.

Jeg vænti þess fastlega, að þeir, sem hlyntir eru máli þessu og hafa líkan skilning á því og minni hl. nefndarinnar, láti ekki smávægileg ágreiningsatriði verða málinu að fótakefli eða til tafar, svo að um það þurfi að bítast fram á sumar. Get jeg svo látið staðar numið að sinni. Býst jeg við, að jeg síðar þurfi að taka til máls.

Atvinnumálaráherra (Kl. J.): Þótt það sje satt, sem hv. frsm. minni hluta nefndarinnar drap á, að einstökum mönnum væri það hagur að halda við hinu lága gengi íslensku krónunnar, þá er það víst, að það er skaði fyrir allan almenning, að gengi krónunnar hefir fallið og er fallandi. Ástæðurnar til þessa gengisfalls eru alkunnar og því óþarft að fjölyrða um það; en þar sem almenningsheill er í veði, er nauðsyn að laga það, og það er sjerstaklega skylda stjórnarinnar að gera það, sem í hennar valdi stendur, til að bæta úr því.

Um þetta mál hefir verið mikið ritað og rætt, og mörg ráð hafa verið gefin, bæði almenn og sjerstök. Um það ber flestum skynsömum mönnum saman, að tryggasta og almennasta ráðið sje að framleiða og spara. Það verður hvorttveggja að fylgjast að, því það dugir lítið að framleiða, ef það er jetið upp jafnóðum. Margir álíta þó, að alt batni bráðlega og gengið lagist af sjálfu sjer með aukinni viðskiftakreppu og yfirfærsluleysi peninga, því hvorki gegnum banka nje póst er nú hægt að yfirfæra neitt, er nokkru nemur. En þetta er hvorugt einhlítt. Margir kaupmenn hafa náð í útlendan gjaldmiðil til að kaupa vörur fyrir. Þessi gjaldmiðill hefir að vísu orðið þeim óhemjudýr, en hvað gerir það, þeir leggja það aðeins á vörurnar, og kaupendur þeirra verða svo að borga þennan dýra gjaldmiðil óafvitandi, og auk þess hefir þeim tekist að ná í stór lán erlendis.

Það mun nú vera talið nærri sanni, að skuldir við útlönd sjeu um 16—17 miljónir. Erlendir kaupsýslumenn, sem átt hafa kröfur á hendur íslenskum viðskiftamönnum sínum, hafa, er þeir voru úrkula vonar um að fá þær allar inn, boðið þær fyrir hálfvirði eða enn þá minna. Hefir af þeim sökum orðið óeðlilega mikið framboð á íslenskum peningum, og því stuðlað að því, að íslenska krónan fjell í verði. Þar af munu vera viðráðanlegar eða samningsbundnar um 10 miljónir kr. skuldir, en lausaskuldir, sem sje þær, er mest hafa áhrif á gengið, verða þá 6—7 miljónir. Hv. meiri hluti nefndarinnar hefir komið þessum skuldum niður í 4 milj. kr., samkvæmt útreikningi sínum, en það er vafalaust rangt og alt of lágt áætlað. Geta þessar dægurskuldir alls ekki verið minni en um 6—7 milj. króna. Ef þessar skuldir yrðu borgaðar, er það álit manna, að gengið mundi jafna sig.

Eitthvert fyrsta ráðið, sem komið hefir fram, til að bæta úr þessu, er, að rjett sje að taka lán og borga með því þær skuldir, sem ekki verði samningsbundnar. Þetta væri affarasælla en bann, ríkiseinokun eða þvingunarráðstafanir.

Jeg er nú ekki á þessari skoðun. Jeg álít þegar nóg lán tekin, og mjer finst óviturlegt að taka lán eingöngu til að borga með skuldir einstakra

manna, sem svo ef til vill strax reyndu að stofna ný lán. Jeg álít því ekki þessa leið færa til að komast úr ógöngunum.

Önnur leiðin, sem hægt er að fara til að laga gengið, er sú, að setja höft á verslunina og banna innflutning ýmissa vara. Nú eru til lög frá 8. mars 1921, sem heimila stjórninni að banna innflutning ónauðsynlegs varnings, og getur því verið álitamál, hvort þörf sje á nýjum lögum um þetta efni, því engum hefir dottið í hug að afnema þau, og samkvæmt þeim er nú bann gegn innflutningi ýmsra vörutegunda. — En jeg er nú þeirrar skoðunar, að þessi umgetnu lög sjeu alls ekki fullnægjandi og nái ekki tilgangi sínum; þau ná aðeins til óþarfa og ónauðsynlegra tegunda, en um það eru jafnan skiftar skoðanir, hvað sje nauðsynlegt og hvað ekki. Jeg man vel, að þegar jeg las reglugerðina, sem taldi upp ónauðsynlegar og bannaðar vörutegundir, sagði jeg við sjálfan mig: Þetta kalla jeg nauðsynlega vöru. En vafalaust hafa þó aðrir verið á annari skoðun. Það eru mjög skiftar skoðanir um það, hvort þessi eða þessi vara sje ónauðsynleg eða ekki, og bætir lítið úr skák, þó að ráðherranum sje gefið vald til að ákveða það. Að vísu er skylda að hlíta þeim úrskurði, en það er alls ekki víst, að varan sje í sjálfu sjer ónauðsynleg, þó að ráðherranum sýnist svo.

Ef bönn eða höft á annað borð þykja nauðsynleg, getur verið fylsta ástæða til að banna ekki einungis óþarfavöru, heldur og nauðsynjavöru, t. d. ef mikið er til af henni fyrir í landinu. Mjer er kunnugt um, að bankarnir hafa líka neitað um yfirfærslu á peningum, af því að kaupa átti inn vöru, sem nóg var til af áður, að þeirra dómi.

Yfirleitt ná þessi lög því alt of skamt. Ef litið er á verslunarskýrslurnar frá 1918, sjest, að þá hefir verið keypt inn í landið fyrir 1 milj. og 100 þús. kr. af þeim vörum, sem nú eru bannaðar. Síðan eru engar verslunarskýrslur til, en mjer er kunnugt um, að á fyrsta ársfjórðungi 1920 var flutt inn bannvara fyrir 150 þús. kr.

Nú er það að vísu svo, að innflutningur er venjulega minstur á fyrsta fjórðungi ársins, en eykst er á árið líður; má því búast við, að inn hafi verið flutt heldur meira en fyrir 4 × 150 þús. eða 600 þús. kr., en þó varla yfir 750 þús. kr. Nú er jafnmikið af þessari bannvöru vafalaust ekki meira virði en 4—500 þús. á að giska, svo mikið hefir dregið úr innkaupum manna vegna peningaleysis og bankakreppu. Það er því auðsætt, að eftir þessum lögum sparast aðeins tiltölulega mjög lítil upphæð, og getur bann í þessa átt því ekki haft nein áhrif til þess að efla gengi peninga vorra.

Jeg held, að það hafi verið háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.), sem taldist svo til hjer um daginn, að innfluttar vörur á árinu 1921 hefðu samtals numið 30 milj. kr. Jeg tel þetta varlega áætlað, en af því sjest, að ½ milj. til eða frá hefir alls enga þýðingu. Þessi lög eru því gagnslítil eða gagnslaus; þau eru fremur til skaða, því mönnum gremst að þurfa að sækja um, ef til vill árangurslaust, að flytja inn vöru, sem þeir vita að getur ekkert gert til nje frá, og verða óánægðir með slíkt bann, sem þeir vita að engin áhrif hefir.

Nú kem jeg að aðalatriði þessa máls, en það er, hvort þörf sje á höftum og banni nú? Um þetta eru mjög skiftar skoðanir. Sumir vilja ganga mjög langt í því að banna innflutning, aðrir vilja banna hann með vissum skilyrðum, og loks vilja sumir engin höft, hvernig sem á stendur. Að minni hyggju telja flestir

öll verslunarhöft óeðlileg „principielt“. Jeg er og þeirrar skoðunar, þó ekki að öllu leyti. Jeg hefi látið þá skoðun mína í ljós fyrir um 10 árum, í nefnd, sem jeg átti sæti í, að jeg teldi rjett, að landið tæki einkasölu eða einokun, sem það nefndist þá, á ýmsum vörum, t. d. kolum, steinolíu og jafnvel tóbaki.

Nú sem stendur getur verið, að þessi höft sjeu ekki nauðsynleg. En hver sjer inn í framtíðina? Útlitið er fremur bjart nú, það játa jeg, og jeg er miklu bjartsýnni nú en fyrir nokkrum mánuðum síðan. En menn mega ekki láta blekkjast af því, þó vel líti út nú, því vel getur farið svo, að áður en þing kemur saman næst verði ástandið þannig, að æskilegt væri fyrir stjórnina að hafa heimild sem þessa, ef nauðsyn krefði þá, að höft yrðu sett á, en slík lög mundi stjórnin aðeins skoða sem „Sikkerhedsventil“, þannig, að hún mundi aðeins grípa til þeirra í fylstu nauðsyn.

Ef litið er á, hvernig koma mætti þessu í framkvæmd, eru 2 leiðir fyrir hendi. Önnur er sú, að þingið semji lög, sem kveði skýlaust á um það, hverjar vörur megi flytja, hverjar sjeu bannaðar með öllu og hverjar megi aðeins flytja með leyfi stjórnarinnar.

Þessi lög væru mjög þægileg fyrir stjórnina og tækju af henni alla ábyrgð og vanda í þessu efni. En það er spá mín, að erfitt mundi verða fyrir hv. þm. að koma sjer saman um það, hverjar vörur ætti að banna, og mundi þá koma fram aragrúi af brtt., sem erfitt yrði að fást við; af praktiskum ástæðum tel jeg þessa leið miður til fallna.

Hin leiðin er sú, að þingið setti heimildarlög fyrir stjórnina, eins og þau, sem hjer liggja fyrir, og hún aðeins ætti að nota og mundi nota, ef brýn þörf væri á og gengið jafnaðist ekki af sjálfu sjer.

Hvort stjórnin mundi nota þessa heimild, veltur samt sem áður ekki eingöngu á þessari brýnu þörf, heldur verður og að líta á þá hlið þessa máls, hvort ríkissjóður muni þola það tekjutap, sem af þessu mundi leiða. Fjárhagur ríkisins er vissulega ekki svo glæsilegur, að hann þoli mikinn frádrátt á tekjunum. Því verður að meta og vega nákvæmlega nauðsynina á þessum höftum annars vegar, en tekjumissi ríkissjóðs hins vegar. Jeg er nú þeirrar skoðunar, að hagur ríkissjóðs yrði þar næsta þungur á metunum, og jafnvel fult eins þungur og hitt, og yrði þá nauðsynin að vera svo brýn, að engum dyldist, að nú væri nauðsynlegt að taka í taumana.

Loks ber að líta á það, að væru upptalningarlög sett í stað heimildarlaga, þá giltu þau áfram, þó nauðsynin væri ef til vill fyrir löngu horfin. Heimildarleiðin er því einnig af þessum ástæðum aðgengilegri.

Þá skal jeg að lokum í fám orðum segja frá 3. leiðnni, sem einkum kaupmenn telja heppilega, bæði hjer í Reykjavík og úti um land. Hún er sú, að leggja mjög hátt innflutningsgjald á ýmsar vörur, og eina vöru hafa þeir tilnefnt sjerstaklega, sem þeir segja að jafnvel mætti banna með öllu. Það er tóbak.

Þetta vörugjald tel jeg aðeins vera grímuklætt bann, og að því er snertir tóbakið skal jeg geta þess, að jeg vildi ekki taka á mig þá ábyrgð að banna það, því að það er sannfæring mín, að það yrði ekki vinsælt af öllum almenningi. Jeg hefi heyrt gamla tóbaksmenn segja, að þeir vildu ganga alls á mis til þess að geta veitt sjer tóbak, þeir vildu heldur þola hungur og harðrjetti en að hafa ekki í nefið.

Jeg hefi þá í stuttu mál lýst afstöðu minni til þessa frv. Jeg tel, að svo gæti

farið, að nauðsynlegt væri að hafa slík heimildarlög, sem stjórnin hefði til taks, ef á þyrfti að halda. Jeg get ekki fallist á þær röksemdir meiri hluta nefndarinnar, að ef þetta frv. væri samþ., væri það áskorun til stjórnarinnar um að beita þeim. Þvert á móti mundu þau hvetja stjórnina til þess að nota þau með mestu varúð.

Frsm. meiri hluta (Magnús Jónsson): Háttv. frsm. frv. þess, sem hjer liggur fyrir (Sv. Ó.), var hálfundrandi yfir því, að meiri hluti viðskiftanefndar skyldi skrifa nefndarálit um þetta mál. En þar sem hann upplýsti nú sjálfur, að hæstv. stjórn ætti þátt í frv., þá má nærri geta, að hún hefir ekki komið með það til minni hlutans eins, á næturþeli, heldur lá það fyrir nefndinni í heild. Og af því að minni hlutinn hefir nú tekið það til fósturs, getur meiri hlutinn ekki gengið fram hjá því þegjandi fyrir sitt leyti. Hann hefir því gefið út nefndarálit um það og valið sjer framsögumann af sinni hálfu.

Eins og vita mátti frá því fyrir alllöngu, var skoðanamunur talsverður á þessum málum, og beitti einn flokkur og eitt blað sjer fyrir því, að innflutningshöft væru sett hjer á nú, til þess að frelsa ættjörðina, eða, sem rjettara mun að segja, til þess að geta eignað sjer og sínum ráðstöfunum þá frelsun ættjarðarinnar, sem allir vonast eftir að nú sje í vændum. Öðruvísi verður það varla lagt út að koma einmitt nú með slíkar ráðstafanir, þegar vitanlegt er öllum, að þær ástæður, sem á sínum tíma áttu að rjettlæta innflutningshöft, eru að hverfa eða horfnar, og sá móralski styrkur, sem bak við slíkar ráðstafanir verður að standa, svo sem fordæmi annara þjóða, höft og erfiðleikar í viðskiftum undanfarið og sú þolinmæði, sem menn á stríðstímunum og fyrst þar á eftir höfðu gagnvart þvingunarráðstöfunum, eru úr sögunni.

En látum nú hvern um sínar hvatir. Þar kann enginn að rannsaka hjörtun og nýrun, en hitt er þá nær, að athuga, hve mikið af skynsamlegu viti, framsýni og viðskiftahyggindum, lýsir sjer í því, sem lagt er til.

Ef litið er þá fyrst alveg alment á málið og það, hve hyggilegt og hve gerlegt sje að koma nú á innflutningshöftum, þá er á það að minnast, hve mikil stefnufesta kemur fram í þessu máli. Á þinginu í hitt eð fyrra, 1920, voru sett heimildarlög fyrir stjórnina til að banna innflutning á óþarfa varningi, 8. mars. Á þeim grundvelli reisti svo stjórnin hina fögru byggingu, sem viðskiftanefnd var kölluð og menn munu tæplega gleyma á næstu árum. Gaf stjórnin út bæði reglugerð og bráðabirgðalög, er lutu að þessu, og átti nú eitthvað undan að láta. Bæði átti nú að spara allan óþarfa, svo að landið losnaði úr skuldaklípunni við útlönd, og svo líka til þess, að skipin, sem til landsins sigldu, væru ekki svo hlaðin óþarfa, að landslýðurinn sylti í hel af matvöruskorti.

Því skal nú engan veginn neitað, að ástandið, sem blasti við mönnum á þingi 1920, var ekki álitlegt, og alt öðruvísi var það þá en nú, og miklu meiri vorkunn, þótt menn vildu þá grípa til slíkra ráðstafana. Þá var líka þessi stefna uppi hjá frændþjóðum vorum og nágrönnum, og vorkunn, þótt litla barnið taki ýmislegt eftir stóra bróður. Þá var ekki heldur reynslan búin að reka skýjaborgunum þann löðrung sem nú, svo að menn lifðu í sælli og bjartri pappírsborg. Í þessa nefnd völdust góðir menn, sem fullkomlega var hægt að treysta.

Svo kom reynslan, en reynslan er, eins og menn þekkja, ekki æfinlega

leiðitöm við hugmyndasmiðina. Og óánægjan, sem fljótt kom í ljós, var besti votturinn um það, hve ómögulegt ofurefli hjer var við að etja. Til þess að gera langa sögu stutta, þá mátti svo heita, að eftir ársstarf sæist hvergi árangur haftanna. Og jafnvel meðhaldsmenn þeirra játuðu það, en sögðu, að það væri ekki að marka, því að það væri þeirra eðli, að þau gætu ekki komið að haldi fyr en alllöngu eftir á. Nefndin hefði einmitt verið búin að gera undirbúningsstarf sitt, og ávextirnir hefðu farið að koma í ljós, þegar hún var látin hætta.

Það er svo um höftin, það er eilift hefði, hefði. En eins og maður veit, þá stoðar það ekki baun. Það er vel til, að innflutningsnefndin hefði getað starfað með meira árangri næsta ár. En hvers vegna? Langmest vegna þess, að þá voru viðskiftin, alveg af sjálfu sjer, að færast í rjettara horf. Jeg efast ekki um, að hefði viðskiftanefndin starfað fram að þessu, þá væri alt það, sem nú hefir kipt úr innflutningnum, verið eignað hennar blessunarríka starfi.

Þingið í fyrra ljet nú hætta þessu. Það lagði ekki sitt nauðsynlega samþykki á bráðabirgðalögin frá 15. apríl 1920, og stjórnin ljet viðskiftanefndina hætta. Það kom úr dánarbúinu firn af skýrslum, órækur vottur um elju og starf þessara góðu „kontór"-manna, sem þar unnu, en þau ótemjulæti, sem menn hjeldu að hlaupa mundu í allan innflutning, komu ekki. Það var annað og miklu sterkara afl, sem hjelt í taumana, og það var viðskiftalögmálið. Kaupmenn hafa ekki mikla löngun til þess að flytja inn firn af óþörfum vörum, þegar markaðsverð er lækkandi, svo að hver, sem síðar kaupir, getur undirboðið hinn, og kaupgeta fólksins er lítil. Þegar fólkið fer að velta peningunum þrisvar, áður en það kaupir, þá veltir kaupmaðurinn því jafnan oft við í höfði sjer, hvað honum sje óhætt að flytja inn, svo að hann sleppi skaðlaus.

Þarna voru nú tvö þing búin að fara hvort ofan í annað í þessu máli, þar sem mest ríður á beinni stefnu. En viti menn! Á þriðja þinginu í röðinni vilja menn svo breyta um enn og snúa nú aftur, eins og ritningin segir, „til spýju sinnar" frá því í hitt eð fyrra. Og svona á þá væntanlega að „krusa", eins og skip undan kafbát, fyrst um sinn.

Í fyrra var hægt að byggja á undirbúningsstarfi viðskiftanefndarinnar. Og þá voru menn með höftin á fótunum. En þá var það ráðið af að fella þau niður. En nú, þegar búið er að gera alt starf nefndarinnar ónýtt, og þegar búið er að láta verslunina vera nokkurn veginn frjálsa í ár, þá á að fara að hefja starfið á nýjan leik.

Fyrst verður nú þá að byrja á ársundirbúningi; það er nú það minsta. Það er byrjað á því að skrafa um væntanleg höft, til þess að allir, sem geta, skuli vera varir um sig og birgja sig sem best. Mjer kæmi ekki á óvart, þótt þetta skraf, þessi urðarmáni á viðskiftafestingunni, væri búinn að gera viðskiftajöfnuðinum meira tjón en höft nokkru sinni gætu bætt upp. Svo ættu nú höftin sjálf að koma. Nú eru kaupmenn vafalaust búnir að gera langsamlega megnið af innkauparáðstöfunum sínum fyrir árið. Ekki getur komið til mála að ónýta slíkar ráðstafanir, því væntanlega yrði það ekki til þess að auka viðskiftalegt álit vort út á við, eða bæta fyrir oss þar, að neyða kaupmenn til þess að brigða orð sín eða ganga á gerða samninga.

Þetta, hve alt í þessu efni er seinvirkt, sýnir ljóslegast, hve mikil firra það er

að hringla sitt árið í hverja áttina í þessum málum. Jafnvel þótt viðskiftahöft væru annars heilbrigð, þá verða þau það aldrei með því lagi. Þess vegna get jeg svo vel skilið, að þeir, sem í fyrra voru á móti því að fella úr gildi bráðabirgðalögin og þar með viðskiftanefndina, þeir sjeu nú jafneindregnir á móti því að fara að setja höftin á aftur. En hina sálarfræðina á jeg dálítið erfiðara með að skilja, að vera með afnámi haftanna í fyrra og ónýtingu alls, sem unnið hafði verið, en vera nú með því að tjasla því upp af nýju úr slitrunum.

Þá er hitt, sem ekki er minna virði, hve miklu erfiðara er að fá menn til að sætta sig við slíkar þvingunarráðstafanir eftir að þær hafa einu sinni verið afnumdar. Ættu menn að muna reynsluna í því efni frá því, þegar átti að fara að taka upp aftur seðlaskömtun, en reyndist alveg ógerningur, af því að einu sinni hafði verið hætt. Svo mundi og verða í þessu efni, nema hægt væri að benda á alveg sjerstakar, knýjandi ástæður, og þær nýjar. Það er ekki nóg að þyrla upp mekki af almennum slagorðum um ilt ástand og mannfjölda hjer á götunum! Það verður að sýna samband þess við þetta mál. Meðalið þarf að hafa tvo kosti: Það þarf að eiga við sjúkdóminn, og það má ekki gera sjúklingnum stórskaða að öðru leyti. Hitt er skottulækning.

Þá er fyrst að líta á og gera upp fyrir sjer viðskiftaástandið. Allir munu geta fallist á, að það sje ekki gott, og langt frá því. En það ástand er arfur frá fyrri árum. Árið 1918, sem var gott ár fyrir atvinnuvegina að því er afurðasölu snertir, lokkaði menn út í stórkostlegar framkvæmdir og undirbúning framkvæmda á árinu 1919, sem fyrir ýmsra hluta sakir má kalla ógegndarárið. Framtakssama menn dreymdi gulldrauma, og lánin voru mjög laus fyrir, utan lands og innan. Alt var á hátoppi hvað verð snerti, en menn höfðu von um, að afarverð hjeldist á afurðunum. En margt brást. Má fyrst nefna síldarútgerðina. Hún var rekin með ægilegum kostnaði. Fullsöltuð síldartunna mun hafa kostað að meðaltali 60—70 krónur, og framleiðslan varð mjög mikil. En salan brást svo, að það mun ýkjulaust, að á þeirri einu atvinnugrein hafi tapast um 10—12 miljónir króna. Auðvitað kom það tap ekki alt niður á verslunarjöfnuðinum við útlönd beinlínis, en þó var það mjög tilfinnanlegt, og meiri parturinn af því mun hafa skilað sjer í þeirri mynd, beinlínis og óbeinlínis. Þá brugðust mönnum og vonir um hin stórfeldu skipakaup. Milli 10 og 20 miljónir hafa farið út úr landinu fyrir skip, stærri og smærri, en mörg þeirra komu ekki fyr en tækifærið til að græða á þeim var um garð gengið, og ekkert þeirra náði í nema skottið á gróðanum. Það þarf því enginn að standa undrandi yfir því, þótt hagurinn væri ekki góður. Auk þess fylgdi þessu afarmikil og góð atvinna, svo að menn höfðu alment mikið fje handa milli, og kaupgetan óx og verðið hækkaði, og innflutningslöngunin óx að sama skapi. Undir slíkum kringumstæðum verður verslunarjöfnuðurinn ekki góður, þegar afurðasalan bregst samtímis.

Það getur því varla komið neinum mjög á óvart, þótt viðskiftaskuldir við útlönd væru í marsmánuði 1921 undir það 34 miljónir kr. umfram inneignir.

Nú er viðskiftaástandið það, að um áramót voru viðskiftaskuldir umfram inneignir um 23 miljónir. En þá lágu óseldar afurðir, sem innlendir menn áttu, fyrir um 4 miljónir, en þær eru nú víst seldar, og andvirði þeirra má

reikna frá þessum skuldum, en þá verða eftir 19 miljónir. Ef nú er bætt við þetta um 4 milj. af enska láninu, sem líklega mun rjett, ef gera á upp við sig viðskiftareikningana fyrir árið, þá eru þær skuldir, sem sambærilegar eru við þessar 34 miljónir í fyrra, nú 23 miljónir, eða 11 miljónum minni en í fyrra. Þetta ætti þá að sýna nokkurn veginn verslunarjöfnuðinn á árinu. Og jafnvel þótt enn væri af þessu slegið, og það allverulega, þá verður þó aldrei hægt að fara svo með reikningana, að ekki verði útkoman sú, að á árinu 1921, sem var þó að mörgu leyti erfitt ár, hafi verið borguð allveruleg upphæð af eldri skuldum, en það þýðir sama sem að verslunarjöfnuðurinn hafi verið hagstæður. Það má ef til vill segja, að útgerðin hafi grætt á ósamkomulagi Spánverja og Norðmanna, en ekki vil jeg leggja mikið upp úr slíku, en hitt er víst, að það aðfengna efni, sem útgerðin starfaði með, var langtum dýrara en framvegis þarf að vera, og um landbúnaðinn vita allir, hve óhagstæða afurðasölu hann bjó við. En samt hefir verið borgað það, sem aðfengið var, og talsvert mikið umfram.

Því miður hefir maður ekki skýrslur til að byggja á í þessu efni, til þess að sýna, hvernig þessi verslunarjöfnuður er á kominn. En þó má sjá það, að árið 1920 hefir yfirleitt verið lægra en 1919 með innflutning, og þó hygg jeg, að öllum muni koma saman um, að árið 1921 hafi verið til muna lægra með innflutning en 1920, og á því byggist þetta að miklu leyti. Hjer í höfuðstaðnum hygg jeg að fá mætti óræka vitnisburði um það, hve verslun öll hefir verið miklu minni en árin á undan, og alt gengið treglegar út, en það ræður vitanlega mestu um það, hve mikla áherslu kaupmenn leggja á það að nálgast vöruna, því þótt sumum virðist það ekki ljóst og haldi, að kaupmenn vilji helst hrúga inn birgðum á birgðir ofan, ef verslunin sje frjáls, þá þarf ekki nema heilbrigða skynsemi til þess að sjá, hve fjarstætt slíkt er. Allur fjöldinn, eða allir rjettara sagt, þurfa lán til vörukaupa, en auk þess, hve erfitt er um að fá lán, þá er það ekki bein freisting fyrir kaupmenn að leika sjer að því að liggja með birgðir upp á tugi þúsunda og borga af því milli 8 og 9%. Nei, úrkippur í kaupgetu fólksins leiðir af sjer á augabragði úrkipp í innflutningi, — nema menn eigi von á innflutningshöftum, og kem jeg að því atriði síðar.

En svo er annað, sem veldur því, að innflutningurinn 1921 hefir numið minna en á undan, og það er stórlækkað innkaupsverð. Það er ekki nóg að líta á tonnatalið, því það er sitthvað, hvort borgaðar eru 150 krónur fyrir hlutinn eða 100.

Ef oss þykir ótrúlegur hinn góði verslunarjöfnuður ársins sem leið og leitum að orsökum hans, þá eru þær því í raun rjettri auðsæjar strax á því að athuga innflutninginn, bæði magn vörunnar og verð.

Hinar 3 eðlilegu orsakir til takmörkunar á innflutningnum eru þessar:

1. Sparnaðarviðleitni hjá þjóðinni.
2. Kaupgetuleysi, sem stafar af því, að peningar verða fastari fyrir.
3. Lækkandi vöruverð, sem hvetur menn til þess að geyma innkaup sín í lengstu lög.

Þessar ástæður eru nú þegar farnar að starfa, og þær hafa gert það, sem löggjafarvaldinu mistekst, og hlýtur að mistakast að gera með bolatökum.

Ef vjer lítum svo á horfurnar, sem nú eru fram undan, þá verður ekki sagt, að þær sjeu neitt illar hvað snertir at-

vinnuvegina. Auðvitað má segja, að alt slíkt sje spádómur, og jeg skal ekki fara að taka hjer þátt í þessum deilum, sem orðið hafa hjer í þessari háttv. deild um gildi slíkra spádóma, árekstur sólkerfa og bráðan bana allra og annað slíkt, sem getur ruglað alt rím, en jeg hygg þó, að það verði jafnan erfitt fyrir hið háa Alþingi að komast alveg hjá því að meta horfur og miða ráðstafanir sínar að nokkru við þær. Og það er ekki neitt skynsamlegt vit, sem segir manni, að afkoma ársins 1922 muni verða lakari en ársins 1921.

Jeg hygg því, að það verði nokkuð erfitt að finna því stað, að ætla nú að fara að gera slíkar ráðstafanir, sem hjer er um að ræða, ráðstafanir, sem ekki verða rjettlættar með neinu nema alveg sjerstökum og nýjum voðahorfum.

Þá er að líta á hitt atriðið, sem jeg drap á áður, að meðalið yrði að eiga við sjúkdóminn og að það mætti ekki gera sjúklingnum annan og verri skaða.

Jeg þykist nú hafa sýnt, að hjer er ekki neinnar skottulækningar þörf. Náttúrunnar læknandi máttur er farinn að starfa, og hann mun, ef látinn er afskiftalaus, verða einhlítur. En setjum nú svo, að menn vildu óvægir nota meðalið og segðu eins og í sögunni: Það skal í hann! Hvaða áhrif hefði það? Hvaða áhrif mundu viðskiftahöft þau, sem frv. gerir ráð fyrir, hafa? Við skulum um fram alt horfa á það með opnum augum og berum, en hvorki blundandi nje gegnum neinar litarbrillur.

1. Það er þá fyrst, að bann eða höft á vörum mundu valda verðhækkun, sem engin stjórnarvöld, nefndir nje reglugerðir mundu ráða við, enda játaði hv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.) það í vissu falli. — Horfum aðeins með berum augum á verðlagsráðstafanir vorar á undanförnum árum. Það er von, þótt menn villist í fyrsta sinni, og það er afsakanlegt í annað sinn. En það er óafsakanlegt, að geta a l d r e i lært af reynslunni. Þegar samkepni er útilokuð, og jafnvel hætta á þurð, þá hækkar varan. Við getum eins vel gert lagaráðstafanir til þess, að ekki hækkaði í sjónum um aðfall, eins og í þessu efni.

En svo er líka annað. Er það afsakanlegt, þegar verðlag fer lækkandi á erlenda markaðnum, að banna innflutning á þeirri nýrri vöru, en vernda okurverð á því, sem flutt er inn undir óhagstæðari skilyrðum.

Vjer lendum altaf í sama feni, og ef við viljum hafa innflutningshöft, þá eigum við að taka þau með þessari vissu fyrir augum, en ekki ljúga að sjálfum oss, til þess að friða flokkssamviskuna.

2. Í nánu sambandi við þetta er önnur afleiðing haftanna, en hún er sú, að vörukaup almennings glæðast og aukast strax þegar bann eða höft koma á vöruna, og slá höftin þar sjálf sig löðrung. Vonin um verðlækkun, sem er langsterkasta aflið til sparnaðar, er þá tekin burt, og í stað hennar kemur óttinn við, að varan hækki eða fáist alls ekki, sem hefir þær afleiðingar, að menn reyta sig til þess að ná í vöruna. Við það eykst eftirspurnin, og verðið hækkar, og þegar varan er þrotin, er tekið að knýja á með undanþágur, og þá er ekki dregið af upphæðunum, til þess að vera viðbúinn afslættinum. Þó að slík nefnd skeri pantanir manna niður í ⅓ eða ¼, þá er það engin sönnun fyrir því, að nefndin hafi í raun og veru heft innflutninginn um nokkra ögn, því að kaupmenn miða pantanirnar við þekkingu sína á niðurskurðarhæfileikum nefndarinnar. Höftin vekja þannig beina tilhneiging til aukins innflutnings. En sje nú alveg bann á við-

komandi vöru, þá verður freistingin afarmikil að afla hennar á óleyfilegan hátt, en eftirlitið hjer þekkja allir, og það um bannvöru, sem sterkara afl stendur á bak við og gerir vart við sig með afleiðingum sínum á töluvert skýrari hátt en t. d. gullhringur eða silkipjatla. Nei, ekki skulum vjer heldur í þessu efni loka augunum og svikja oss sjálfa.

3. Þetta er sparnaðarráðstöfun fyrir heildina, segja menn. Öllum getur komið saman um það, að ástand vort lagist ekki, nema með því að hætta að kaupa meira en við getum borgað. Það er ósköp einfalt mál, og ekkert deilt um það, þó að haftamenn haldi, að þeir hafi einhverskonar „patent“ á þessum sannleika. En það, sem deilt er um, það er, hvort innflutningshöft sjeu nauðsynleg í þessu efni, og hvort þau verki. En þá er að líta á það, að þessi sparnaður fyrir heildina verður að ósparnaði fyrir flesta einstaklinga þjóðarinnar. Þetta verður með tvennum hætti. Fyrst með því að sprengja upp vöruverðið, eða í besta falli koma í veg fyrir verðlækkun. En svo er líka á annað að minnast. En það er það, að ríkissjóður mundi missa allverulegar tekjur við innflutningshöftin, ef þau yrðu nokkuð annað en kák. Og reyndar kannske að sumu leyti þótt þau væru kák, að svo miklu leyti sem þau hlaða undir viðleitni manna til leynilegs innflutnings. Fyrir þessu tekjutapi yrði að gera jafnframt því, að höftin væru sett á, og skil jeg raunar ekkert í því, hvers vegna háttv. flm. frv. hafa ekki jafnframt bent á leið til þess. Það hefir kannske verið litið svo á, að það mundi ekki afla frv. vinsælda. Því sje það oftraust á stjórn, að fela henni það vald, sem í frv. felst, þá er það þó enn meira oftraust að fela henni skattalöggjöf um leið. En jeg býst við, að fjeð í ríkisfjehirslunni verði, því miður, ekki of mikið, þótt skattstofnar þeir, sem nú er bygt á, verði ekki snertir. — Hvar ætti nú að bera niður til þess að ná þessu fje? Tekjuskatturinn býst jeg ekki við að heimtist of vel, eins og hann er. Nei, ætli það yrði ekki að flýja til tollhækkunar á því, sem frjálsastur væri innflutningur á, sem sje nauðsynjavörunum? En þá er það auðsætt, að sparsemdarmaðurinn, sem neitar sjer um óþarfann, hann er neyddur til að bera hlutfallslega meira af skattabyrðinni en rjett er, og sparnaður hans gerður að sama skapi erfiðari og árangurslausari.

4. Þá vil jeg nefna það með ókostum slíkra ráðstafana, að svifta hóp manna atvinnu fyrir það, að atvinna þeirra byggist beinlínis eða óbeinlínis á innflutningi óþarfavöru. Þessir menn hafa rekið atvinnu sína án þess að þeir eða aðrir hafi nokkru sinni talið það óheiðarlegt eða skaðlegt fyrir landið. Gullsmiðurinn hefir t. d. rekið sína atvinnu nákvæmlega jafnt undir lögum landsins eins og bakarinn. Menn hafa varið miklu til þess að koma atvinnugrein sinni upp, og það er alósýnt, að þessir menn hlaupi þegar inn í aðra atvinnu, sem þeir geta lifað af. Jeg skal játa, að jeg tel þetta ekki með stærsta böli haftanna, en jeg tel það samt alveg óforsvaranlegt að gera fjölda manna slíkan usla fyrir dægurþyt, sem ef til vill er á næsta ári liðinn hjá, því hver veit nema þessir sömu hv. þm. verði orðnir alls annars sinnis á næsta þingi. Þeir geta alveg eins skift um skoðun nú, milli þinga 1922 og '23, eins og milli þinganna 1921 og '22. En þá eru menn hraktir frá atvinnunni, og ósýnt, að þeir geti tekið hana upp aftur.

5. Þá má minnast á það, að inn-

flutningsbann er alls ekki ávalt sparnaður. Á sumum vörum er það sparnaður, t. d. á tóbaki og slíku, sem menn nota jafnóðum og brúka ekki meira af síðar, þótt þeir spari þetta árið. En þetta er alls ekki svo um allar vörur. Viðvíkjandi mörgum vörum verka innflutningshöft í rauninni eingöngu eða að mestu sem frestun. Hún getur verið góð í sjálfu sjer, en hún er ákaflega varasöm í vissu efni. Það er eins og að stífla vatnsrás. Vatnið verður ekki að engu, heldur safnast fyrir. Þegar stíflan er svo tekin úr, getur flóðið gert miklu meiri usla en nokkru sinni fyr. Það er ekki mín skoðun eingöngu, eða meiri hl. nefndarinnar, heldur og margra ágætra manna, sem jeg hefi talað við, að þegar höftin verði af tekin, (og það verður væntanlega einhvern tíma, og það kannske fyr en varir), þá hljóti, svo framarlega sem höftin hafi verkað, að komast á mjög illur verslunarjöfnuður fyrst í stað, með öllum sínum afleiðingum, einmitt þessum afleiðingum, sem nú á að frelsa þjóðina frá.

6. Og hvað munu svo aðrar þjóðir halda um þessar ráðstafanir? Það er einróma álit, að oss riði á að vernda lánstraust vort og fjárhagslegt álit út á við. Á því veltur svo afarmikið fyrir öll viðskifti, og (svo að maður minnist á það eitt) fyrir gengi okkar krónu. En hvað mundu menn draga af þessu, að vjer förum nú að tildra þessu upp, sem bæði við sjálfir og aðrar þjóðir eru áður búnar að afnema, til þess að sýna, að fjárhagsafkoman sje að komast í lag. Og hvernig væri litið á þessi síkubbuðu verslunarsambönd við Ísland? Höftin mundu áreiðanlega, bara í álitshnekki einum, eta upp alla nytina sína fyrir þjóðina.

Og þá er loks að minnast á þessa nýju ástæðu, sem á að rjettlæta það, að demba öllu þessu böli yfir, en það er hið lága gengi íslenskrar krónu.

Gengismálið var hjer til umr. í þessari hv. deild í gær, svo að jeg get farið þar fljótt yfir sögu, og jafnframt því að vitna í nál. meiri hl. gert að mínum orðum útreikninga hv. frsm. gengismálsins (Ó. P.), því að reikningum og áliti okkar mun að mestu bera saman, enda ekki um að villast samkvæmt þeim skýrslum, sem fyrir liggja frá hagstofunni. Það var líka játað í gær, í sambandi við gengismálið, einmitt af hv. frsm. þessa frv. (Sv. Ó.), að verslunarjöfnuður síðasta árs hefði verið góður, þó að hann reyndi, að ástæðulausu, að draga úr því. Útlendu viðskiftaskuldirnar eru 15 miljón krónum lægri nú en í fyrra. Og af þeim eru að minsta kosti 10 miljónir, sem beinlínis hafa verið borgaðar og sýna afgang þjóðarbúskaparins. Og af þessum viðskiftaskuldum, sem eftir eru, eru það einar 4—5 miljónir, sem áhrif þurfa að hafa á gengið, sje lagt kapp á að festa þær skuldir, sem festar verða. — Það er ekki til neins að berja höfðinu við steininn og segja, að við þurfum viðskiftahöft til þess að laga gengið. Og jeg vil miklu heldur segja, að höft gætu haft skaðleg áhrif, ef þau hefðu nokkur áhrif. Þau gætu sem sje valdið því, sem er skaðlegast af öllu, og enn þá skaðlegra en fast lágt gengi, sem sje óeðlilegum sveiflum, fyrst upp og svo niður aftur.

Þá verð jeg að minnast ofurlítið á gjaldeyrisráðstafanir þær, sem gert er ráð fyrir í frv. Það er umsjónarrjettur og ráðstöfunarrjettur, sem stjórninni er heimilaður.

Í greinargerð frv. er ekkert vikið að framkvæmd þessa eða fyrirkomulagi, og er það ekki nærgætnislegt um jafndularfult atriði sem þetta, jafnnýstárlegt og órannsakað mál, sem umfram

alt þyrfti að hugsa út í æsar. Sama þögnin hvildi yfir þessu í framsöguræðu hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). En af ræðu eins háttv. þm. í gær, sem reyndar er ekki flytjandi þessa frv., en mun vera því mjög hlyntur, skildist mjer það, að ein ástæðan til slíkra ráðstafana væri sú, að útlendir menn keyptu svo mikið af fiskframleiðslu vorri og fengju þannig í hendur erlenda gjaldeyrinn. Þeir keyptu svo íslenskar krónur mjög lágu verði, sem þeir svo notuðu hjer og dræpu alla samkepni með. Já, gott og vel. Það er nú fyrst og fremst ekki víst, að þetta þurfi að vera svo afarmikið til baga. En sleppum því. Það er bara spurningin, hvaða bót frv. ræður á þessu. Hvorki það nje nokkur okkar lög geta náð gjaldeyrinum úr höndum þessara manna. Frv. gerir ekkert annað en gefa þessum útlendingum yfirtökin algerlega, þar sem þeir geta valsað með sinn erlenda gjaldeyri, en Íslendingar verða að telja sinn gjaldeyri fram eða jafnvel afhenda hann til ráðstöfunar. Beina afleiðingin af þessu ákvæði væri því sú, að öll framleiðslan yrði seld þessum útlendingum fyrir íslenskar krónur, og við eignuðumst alls engan erl. gjaldeyri til ráðstafana. — En fyrir utan það, þá er þetta svo stimplað pappírsgagn sem mest má verða, því hvernig ætlar stjórnin að fara að troða upp í allar þær smugur, sem menn geta notað til þess að smjúga fram hjá þessum ákvæðum? Nei, hjer er ekkert á ferðinni nema ein af þessum óteljandi syndum gegn tilverunni, eins og hún er í raun og veru, þessi bolatök, sem menn halda að hægt sje að beita við tilveruna. Eina heilbrigða leiðin er sú, að vinna að því, að bankarnir geti rækt yfirfærslustarf sitt óhindrað og án þvingunarráðstafana við framleiðendur, og þá verða þeir, eins og á öllum eðlilegum tímum, sá farvegur, sem gjaldeyririnn streymir um. Það verður að ná sólskininu inn í kofann með því að opna því eðlilega leið, en er ekki til neins að ætla, eins og Molbúar, að ausa því inn með skjólum eða öðrum ílátum. Og það er víst, að það sem er viðskiftaástandi voru nú óþarfast af öllu, það er slíkur hugsunarháttur, að vilja þvinga alt og neyða þvert ofan í eðlileg viðskiftalög.

En svo er loks að minnast á það, sem náttúrlega er mjög notað, að þetta sjeu aðeins heimildarlög. Jæja, það er þó gott, að háttv. flm. finna sjálfir, að það er kostur við frv., að það kemur líklega aldrei til framkvæmda. Jeg skal fallast á það, að ef þetta frv. yrði að lögum, þá væri það þess helsti kostur, að það væri ekki skylda að brúka þau.

En hinu má ekki þar fyrir gleyma, að slík heimildarlög eru alls ekki skaðlaus, jafnvel þótt þau væru aldrei notuð, heldur væru þau beinlínis háskagripur, og alveg óverjandi af Alþingi að setja þau, með það fyrir augum, og alveg óverjandi af nokkurri stjórn að taka við slíkum bögli. Það má fullyrða, að umtalið eitt um væntanleg viðskiftahöft er nú þegar búið að gera landinu stórskaða, eins og jeg mintist á áður. Þetta frv., bara í frv.-formi, gerir skaða á hverjum degi, sem það fær lifi að halda. Og þó væru lögin sjálf auðvitað miklu sterkari í þessu efni, jafnvel þó að þau væru geymd niðri í skrifborðsskúffu stjórnarinnar. Þetta er svo einfalt mál, að það ætti ekkert slíkt barn að sitja á þingi, sem ekki sjer það í hendi sjer.

Þegar vöruverð er lækkandi á heimsmarkaðinum, eins og nú hefir verið og er, þegar lán eru vandfengin og dýr, eins og nú, þegar kaupgeta fólks er lítil, eins og nú, þá má eiga það víst, að enginn kaupmaður með viti (jeg á hjer

ekki við æðisgengna braskara og svikara), enginn kaupmaður með viti flytur inn meira af vörum en hann hefir nokkurn veginn vissu um að geta selt fljótt, og hann reynir að stilla þannig í hóf kaupunum, að hann þurfi sem minst veltufje og geti jafnan notið hverrar verðlækkunar. — En þessi verslunaraðferð byggist á því, að verslunin sje frjáls. Hún getur ekki þrifist undir eilífri haftabliku á lofti. Þegar kaupmenn heyra sífelt tal um væntanlegt innflutningsbann, þá taka þeir þann kostinn, sem þeir mundu annars ekki láta sjer detta í hug, að birgja sig að vörum, til þess að vera ekki slyppir, ef óveðrið skyldi skella á. Nú þegar hafa þeir vafalaust margir gert ráðstafanir miklu víðtækari en þeir hefðu gert, ef óttinn við höft á atvinnu þeirra hefði aldrei verið til. Fyrir bragðið verðum við að hafa vöru með óhagstæðara verði. 8—9% á lánum til vörukaupa koma vitaskuld niður á vöruverðinu því meira, sem þeir taka meiri birgðir og umsetja sömu peningana sjaldnar. Lakari innkaup koma líka ver niður, bæði á kaupendunum og á verslunarjöfnuði ársins. Ef á að fara að samþykkja slík heimildarlög sem þessi, án þess þau sjeu brúkuð (og það veit jeg að engin stjórn leggur út í), þá er það beinlínis að gera gyllingar til þess að spilla verslunarhag vorum inn á við og út á við, með því að örfa bæði kaupendur og kaupmenn til óþarflega mikilla vörukaupa, með þessum yfirvofandi höftum. Lögin verkuðu eins og grýla, sem hræddi menn til eyðslusemi. Og þá væri tilgangur laganna kominn laglega upp í loft. En þetta er nú sannleikurinn. Jeg álít því, að það sje hrein og bein skylda þingsins að fella þetta frv. nú þegar frá 2. umr., eða sem fyrst.

Þá uppfyllist líka sú von frsm. meiri hl., að þingið dragist ekki vegna þess fram á sumar.

Umr. frestað.

Á 45. fundi í Nd., mánudaginn 10. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 194, n. 206).

Magnús Guðmundsson: Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá er jeg meðmæltur skynsamlegum innflutningshöftum. Hins vegar hefi jeg ekki getað fylgt þessu frv., og tel jeg því nauðsyn að skýra afstöðu mína í nokkrum orðum.

Frv. þetta fer fram á þrennskonar heimildir handa landsstjórninni, sem sje:

1. Heimild til innflutningshafta.
2. Heimild til gjaldeyrisráðstafana.
3. Heimild til lántöku.

Jeg mun nú fara nokkrum orðum um hverja tegund þessara heimilda.

Um innflutningshöftin er það að segja, að jeg get enga nauðsyn sjeð á því að samþykkja þessi ákvæði frv., því að þau eru síst betri en ákvæði laganna frá 8. mars 1920, og mjer er það algerð ráðgáta, hvað hv. minni hl. viðskiftanefndar hygst að vinna við að lögleiða fyrri hluta 1. gr. frv., í stað nefndra laga. Hæstv. atvinnumálaráðherra (Kl. J.) taldi þessi ákvæði víðtækari. Þar er jeg ekki á sama máli. Alt er í hvorttveggja lagt á vald stjórnarinnar, bæði um framkvæmdir og val þeirra vörutegunda, sem bannið tæki til. Jafnvel þótt með sjeu talin ákvæðin í 2. gr. frv., um nefndarskipun, þá er þar engu við bætt, því að slík heimild hefir einnig verið talin liggja í lögunum frá 1920, enda hafa þau verið framkvæmd svo.

Þótt jeg sje meðmæltur innflutningshöftum, sje jeg því alls enga ástæðu til að greiða atkv. með þessu frv. Hitt virðist mjer fremur þarflaust, og alt að því hlægilegt, að prenta þannig upp gildandi ákvæði, óbreytt að efni til, þótt orðum sje vikið við, og þykjast þar vera að setja ný lög.

Þá skal jeg snúa mjer að seinni hluta 1. gr. Það er annað atriðið, sem jeg nefndi, gjaldeyrisráðstafanirnar. Það er vissulega ekki hægt að segja, að þessi ákvæði sjeu skýr. Þar segir, að heimilt sje að hafa umsjón með erlendum gjaldeyri landsmanna og með gjaldeyri fyrir útfluttar vörur, og ef nauðsyn krefur að ráðstafa slíkum gjaldeyri. Hvorki hv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.) nje hæstv. atvrh. (Kl. J.) mintust á þetta einu orði, og hefði þó síst veitt af að skýra þessi ákvæði. (**Atvrh. Kl. J.**: Það heyrði ekki undir mig). Mjer virðist nú hv. frsm. (Sv. Ó.) segja, að frv. væri borið fram að beiðni hæstv. stjórnar, og þá er jeg viss um, að hæstv. atvrh. (Kl. J.) getur skýrt þetta fyrir mjer og fleirum, þótt það heyri ef til vill ekki beinlínis undir hann. Þetta er áreiðanlega ónákvæmlega orðað, því að hvað felst í þessum orðum? Hverskonar umsjón og ráðstöfun á erlendum gjaldeyri er hjer um að ræða? Jeg skil varla, að umsjónin geti verið annað en að safna skýrslum um erlenda gjaldeyrinn og fá vitneskju um, hvað af honum verður. En ef svo er, virðist mjer þetta frekar vera verk hinnar væntanlegu gengisnefndar. Og hví er þetta þá ekki sagt skýrum orðum, því í umsjón getur falist miklu meira en þetta? Mjer er líka ekki vel ljóst, hvernig stjórnin á að hafa „umsjón" með gjaldeyri fyrir þær útfluttar vörur, sem erlendir menn flytja út, og því síður hvernig hægt er að „ráðstafa" honum. Og hverskonar ráðstöfun er hjer átt við? Það getur þó ekki verið tilætlunin að taka gjaldeyrinn af innlendum eða erlendum mönnum án fulls endurgjalds. En hvað vinst þá? Þetta virðist mjer svo þokukent, að jeg verð að beiðast skýringar á því, betri skýringar en þegar hafa komið fram. Annars verð jeg að segja það, að ef þessi umsjón eða ráðstöfun á gjaldeyrinum á að vera til nokkurs, ætti hún helst að vera til þess að sjá um, að útflytjendur leggi ekki peningana fyrir í útlendum bönkum, og svo værum vjer gjaldeyrislausir heima fyrir; en jeg hefi aldrei orðið þess var, að nokkur hætta væri á slíku svo að neinu nemi, allra síst þegar gengi fer hækkandi, eins og okkar gengi nú fer og hlýtur að fara, ef ekkert alveg óvænt kemur fyrir. Nei, á þessu er alls engin hætta, því að það mundi geta orðið stórskaði fyrir hlutaðeigendur. Ef sjeð er fyrir því, að meira verðmæti sje flutt út en inn, held jeg, að engar aðrar ráðstafanir þurfi, því þá getur eftirspurnin eftir erlendum gjaldeyri ekki orðið meiri en að hægt sje að fullnægja henni, og þá fellur hann í verði, eins og hver önnur vara, sem nóg er af, eða með öðrum orðum, okkar gjaldeyrir hækkar í verði. Um það þarf ekki að hugsa. Þá umsjón, sem ræðir um í þessu frv., með erlendum gjaldeyri, væri miklu nær að fela gjaldeyrisnefndinni, sem um ræðir í öðru frv., sem hjer er á ferðinni.

Jeg get því ekki sjeð, að nokkur vinningur sje í því að lögleiða þessi ákvæði. Ráðstöfunin á gjaldeyrinum býst jeg við að hljóti að vera í því fólgin, ef til kemur, að taka erlendan gjaldeyri af framleiðendum og útflytjendum og láta þá fá íslenska peninga í staðinn, en hver á þá að meta verðið á hvoru um sig, svo að bindandi sje? Gengisnefndin hefir ekki slíkt vald, og getur nokkrum dottið í hug, að jafnan verði samkomulag

um verðið? Það mun verða sagt, að úr þessu verði bætt með reglugerð, en aðallínurnar má og á að draga í lögum; á því eiga borgarar þjóðfjelagsins heimtingu.

Þá kem jeg að 3. atriði frv., og það er lántökuheimildin. Jeg hafði, satt að segja, ekki hugsað mjer, að lán þyrfti að taka í ár. Jeg hefi áður bent á það hjer, að allar líkur sjeu á því, að á yfirstandandi ári þurfum vjer, til þess að fá greiðslum ríkissjóðs lokið, að fá um 1 miljón króna, auk tekna ríkissjóðsins, og þessa miljón hafði jeg hugsað mjer að landsverslunin mundi greiða af skuld sinni við ríkissjóðinn, og ef þetta yrði, þyrfti væntanlega ekkert lán. Samt viðurkenni jeg, að fyrir geti komið, að nauðsyn sje á, eða hagkvæmt þyki, að taka bráðabirgðalán á árinu, en til þess þarf stjórnin enga lánsheimild. Vegna lánsheimildarinnar þarf því ekki að samþykkja þetta frv.

Mjer er sagt, að hæstv. stjórn, eða einhver úr henni, hafi látið það í ljós við viðskiftanefnd, að allmikið fje sje ógreitt til útlanda, sem fallið hafi verið í gjalddaga, er jeg fór frá. Þætti mjer gott að fá að heyra, hvaða fje þetta er, því jeg kannast ekki við slíkt að neinum mun. Að vísu veit jeg um eina smáskuld, 11 þús. kr., sem fallin mun í gjalddaga. Má og vera, að hjer sje átt við afgjaldið til Stóra norræna símafjelagsins, en um hana var ekki kominn reikningur, þegar jeg fór úr stjórninni, svo að ekki var von, að þetta væri borgað.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að fara hjer neitt að ráði inn á nál. hv. meiri hl. vegna þess, að jeg er samþykkur honum í meginatriðum. Þó þykir mjer hann ganga of langt í sumum ástæðum sínum, t. d. þar sem hann segir, að innflutningshöftin sjeu þýðingarlaus, en þó tapi ríkissjóður á þeim stórfje. Jeg viðurkenni það, að ríkissjóður tapi á innflutningshöftunum, en jeg er þeim fylgjandi þrátt fyrir það. Og ekki nær neinni átt að áætla það tap 1 miljón króna; það ætti þá að samsvara öllum vörutollinum á árinu.

Hv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.) talaði mest um gengismálið. Það mál kemur ekki þessu frv. beint við, og því rjettara að setja þær umræður í samband við gengisfrv. Auðvitað neita jeg því ekki, að innflutningshöftin hafi áhrif á gengið, en mín skoðun á þeim er gersamlega óbreytt.

Hv. frsm. talaði um, að eitthvert enskt firma hefði ekki trúað bönkunum hjer fyrir lítilfjörlegri upphæð. Tók hann þetta sem dæmi um fjárhagsástand vort. Jeg held, að það sje allvarhugavert að draga fram svona dæmi og álykta af þeim, að bankarnir hjer njóti sáralítils trausts erlendis. Landsbankinn hefir nú nýlega fengið allstórt lán í Englandi, og það sannar miklu meira í þessu efni, heldur en þó eitt firma vilji af einhverjum orsökum ekki láta fje sitt liggja í bönkum hjer.

Út af orðum hæstv. atvrh. (Kl. J.) vil jeg taka það fram, að samkvæmt lögum er ekkert því til fyrirstöðu að auka tölu bannaðs varnings. En ástæðan til þess, að ekki var á síðastliðnu ári bætt við þá tölu, var eingöngu sú, að fyrv. atvrh. (P. J.) taldi sig bundinn við vilja þingsins í fyrra. En ef hæstv. atvrh. (Kl. J.) veit nú, að hann hefir meiri hl. þings með sjer í þessu efni, þá er honum fyllilega heimilt að fjölga þeim vörutegundum, sem bannaður er innflutningur á.

Hv. frsm. meiri hl. (M. J.) sagði, að enginn árangur hefði sjest af starfi innflutningsnefndarinnar. Þar get jeg ekki verið honum sammála. Jeg er ekki í

minsta vafa um, að innflutningshöftin hafa sparað okkur marga peninga.

Að lokum vil jeg taka það fram, að jeg vænti þess að fá skýringu á því frá hv. frsm. (Sv. Ó.), hvernig nefndin hafi hugsað sjer framkvæmd gjaldeyrisráðstafananna, og frá hæstv. stjórn um það, hvernig hún hafi hugsað sjer það framkvæmt, þegar til hennar kasta kemur.

Jón Auðunn Jónsson: Þótt jeg hafi skrifað undir nál. meiri hl. fyrirvaralaust, þá er jeg þó ekki sammála meiri hl. í ýmsum atriðum nefndarálitsins, og af fyrri framkomu minni í þessu máli vona jeg, að hv. þm. viti, við hver atriði jeg á. Hins vegar er jeg sammála í höfuðatriðinu, sem sje að fella frv.

Hv. þm. er kunnugt, að jeg var mjög fylgjandi innflutningshöftunum 1920. Við flutningsm. sáum, að landsmenn brúkuðu þá miljónir króna í óþarfa, eða miður þarfa vöru, enda höfðu menn þá enn yfir allmiklum peningum að ráða, og kom ekki til hugar, að nú væru veltiárin þegar um garð gengin. Fyrri part ársins 1920 voru hús, jarðir, skip og lifandi peningur í allra hæsta stríðsverði, og menn áttuðu sig ekki á því, að verðfallið vofði yfir, og þegar menn svo höfðu peninga í höndum, þá var freistingin mikil að kaupa, jafnvel óþarfa. Þar við bættist, að vörur voru sífelt hækkandi í verði, svo fólk keypti meira og minna fyrirfram, til að forðast verðhækkun. Afleiðingin varð sú, að innflutningur jókst á ónauðsynlegum vörum. En þetta breyttist nokkuð í byrjun síðastliðins árs; kaupgeta manna fór minkandi, og því náðist samkomulag hjer á þinginu um að láta innflutningsnefndina hætta að strfa. Jeg get nú ekki viðurkent það, að innflutningsnefndin hafi ekkert gagn gert. En slíkar nefndir geta aldrei náð tilgangi sínum á stuttum tíma. Kaupsýslumenn gera samninga um vörukaup oft löngu fyrirfram. Þar, sem slíkt hafði átt sjer stað, vildi innflutningsnefndin ógjarnan rifta þeim samningum, og þess vegna var flutt inn á árinu 1920 meira en í raun og veru var ætlast til; með öðrum orðum, nefndin gat ekki starfað með fullum krafti, meðal annars af því, að hún hafði tekið þá stefnu, að ónýta ekki gerða verslunarsamninga.

Aðalástæðan fyrir því, að innflutningsnefndin var látin hætta störfum, var verðlækkun á erlendum markaði. Hv. þm. vildu ekki standa á móti því, að nauðsynjavörur flyttust inn í landið með lægra verði en áður. Jeg var því fremur andstæður, að innflutningsnefndin yrði lögð niður í fyrra, þótt jeg ekki beint snerist á móti því. Jeg vissi, að ef tímarnir versnuðu, þá væri hennar full þörf. En úr því nú einu sinni er búið að afnema nefndina, og úr því að kaupgeta almennings er nú mjök takmörkuð, svo lítil hætta er á, að landsmenn eyði miklu fje í óþarfa, þá sje jeg ekki ástæðu til að skipa þessa nefnd aftur nú, og það því fremur, sem nú hlýtur að líða langur tími áður en gagnsemi hennar kemur í ljós. En í bráðina verður afleiðingin sú, að ýmsar vörur hækka í verði. Og því minni ástæða er til að skipa þessa nefnd nú, þar sem alt útlit er fyrir, að úr muni rakna fjárhag vorum með hagstæðum verslunarjöfnuði á þessu ári. Ef oss sýnist þörf á að setja viðskiftanefnd og innflutningshöft að nýju, til viðrjettingar genginu, þá þarf áreiðanlega aðrar ráðstafanir og fljótvirkari en þær, sem frv. fer fram á. Hefir mjer komið til hugar, að ef til einhverra ráða þyrfti að grípa í þessu efni, þá yrði best að banna algerlega einhverja eina vörutegund í 1½ ár, t. d. vefnaðarvöru alla. Hefi jeg

talað um þetta við nokkra kjósendur mína, og þeir verið mjer sammála. Slíkt bann mundi að vísu koma illa niður, en svo yrði um alla nauðsynjavöru, sem bönnuð yrði. Efnamennirnir mundu birgja sig upp, en hinir fátæku yrðu á hakanum, og kæmi slíkt því harðast niður á þeim, sem síst mættu við því. Jeg slæ þessu hjer aðeins fram, en hygst ekki að bera fram neitt frv. um þetta efni.

Hv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.) sagði, að vjer mundum geta verið án ¼ alls innflutnings án þess að baka oss með því mikil óþægindi. Jeg hefi nú farið í gegnum verslunarskýrslurnar og athugað þetta, og sje enga leið til þess að takmarka innflutninginn nærri svo mikið, enda rökstuddi hann ekki þessa fullyrðingu.

Þessi sami hv. þm. (Sv. Ó.) sagði, að ýmsir ljetu sjer í ljettu rúmi liggja, hvort gengi íslensku krónunnar hækkaði eða ekki. Þetta eru þung orð, og jeg vona, að hann hafi þar ekki átt við okkur meiri hl. nefndarinnar, enda skal því svarað, ef beint verður til okkar.

Þá sagði hann, að útvegsmenn hefðu hag af lágu gengi íslenskrar krónu. Það er að því leyti rjett, að þeir verða fyrir tapi, ef gengið hækkar mjög áður en sala fiskjarins fer fram, af því að þeir hafa keypt allar vörur til útgerðarinnar með lággengis-gjaldmiðli. Hitt er jafnvíst, að útgerðarmenn sem aðrir tapa á lágu gengi ísl. krónu í framtíðinni, því lággengi skapar dýrtíð, og þá að sjálfsögðu há vinnulaun.

Þá benti hæstv. atvrh. (Kl. J.) á það, að til mála gæti komið að hækka innflutningstolla að miklum mun. En það vað held jeg að sje tæplega fært, sjerstaklega vegna þess, að þjóðin er svo sköttum hlaðin, að hún þolir ekki meira. Það hlýtur að vera, að slíkur tollur lendi að mestu leyti á nauðsynjavörum, því að jeg hygg, að á þessu ári muni lítið verða keypt af óþarfavörum.

Hv. frsm. meiri hl. (M. J.) rjeðst allhvast á innflutningshöftin og kvað reynsluna hafa rekið þeim rokna löðrung, með því að enginn árangur hafi orðið af skipun viðskiftanefndarinnar. Við erum nú ekki sammála um það, en um hitt erum við sammála, að eigi beri að auka innflutningshöft nú, heldur rýmka þau. Hann gat þess og, að það væri ógerningur að hefta verslunina, vegna þess, að svo margir hefðu atvinnu af henni. Það er að vísu svo, að það er ilt að spilla atvinnu manna, en það mætti þó ekki standa í vegi, ef um þjóðarnauðsyn væri að ræða.

Hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) hefir svarað hv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.) um traustleysi bankanna erlendis, er hann gat um, að Landsbankinn hefði nýlega fengið hagfeldan viðskiftasamning erlendis. Þetta ætti að nægja til að benda á, að hann er ekki traustslaus. Jeg vil í sambandi við þetta geta þess, að jeg er sannfærður um, að ef Íslandsbanki gæti fengið nauðsynlegt lán erlendis, þá mundi gengið lagast á stuttum tíma. Það, sem stendur fyrir hækkun íslensku krónunnar, er það, að Íslandsbanki hefir ekki getað yfirfært, en ef hægt væri að bæta úr því, þótt ekki væri nema til hausts, þá mundi gengið lagast mikið nú strax, en það er mín sannfæring, að gengi ísl. krónu verði ekki mikið lægra en danskrar um næstu áramót.

Atvinnumálaráðherra (Kl. J.): Það virðist svo, sem miklar breytingar hafi orðið á hugum manna á tveggja ára tímabili. Á þinginu 1920 bar hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) fram frv. um innflutningsbann á óþörfum varningi. Þá urðu umr. um það litlar hjer í þessari hv.

deild, og sama sem engar í hv. Ed. En nú er búið að eyða í þetta frv. meiri tíma, við þessa umr. hjer, en eytt var í allar umr. 1920. Og þeir, sem þá voru með höftunum, eru nú snúnir á móti þeim. Það kann nú að vera, að tímarnir sjeu breyttir. Það, sem hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) fann þessu frv. aðallega til foráttu, var það, að þetta frv. væri ekkert betra en lögin, sem fyrir eru, færu í engu lengra, m. ö. o. væru sömu lögin. En ef hann álítur, að það sjeu sömu lögin, sem hjer eru á ferðinni, þá hygg jeg, að það sje ekki erfitt fyrir hann að samþykkja þetta frv. En ef það er skýrara en hin eldri lög, þá er heldur ekki nein óvirðing fyrir hann að samþykkja það, því að það kemur þráfaldlega fyrir, að lögum, sem sett eru á einu þingi, er breytt á næsta eða næstu þingum, ef það kemur í ljós, að þau eru eigi nógu skýr. Jeg er ekki í nokkrum vafa um það, að í þessu frv. er skýrara orðað og lengra gengið með heimild til stjórnarinnar en í lögunum frá 8. mars 1920. Þar er miðað við óþarfan varning, en hjer er ekki eingöngu tekið til óþarfa, heldur og annarar vöru, sem nægar brigðir eru til af í landinu. Hv. 1. þm. Skagf. hefir að vísu skilið hin gildandi lög svo, að í þeim væri næg heimild fyrir stjórnina til þess að hefta innflutning á vöru, er nóg væri til af. Hann hefir sjálfur haldið því fram, og skal jeg með leyfi forseta lesa það hjer upp:

„Hins vegar verð jeg að geta þess, að það er álitamál, hvað er þörf vara og hvað óþörf. Jeg lít svo á, að þegar flutt er of mikið inn af vörunni, sje hún óþarfavara, og fellur hún þá hjer undir.“

En það er ekki nóg, þótt hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) hafi skilið þetta á þennan veg. Jeg veit það að vísu, að þegar verið er að skýra lög, þá er oft athugað, hvað frsm. og aðrir þm. hafa sagt við undirbúning laganna á þingi, og er oft mikil stoð í því, en þau ummæli eru aðeins til leiðbeiningar um, hvernig eigi að skilja lögin. En bindandi er slíkt auðvitað ekki. Ef þeir menn, sem dæma eiga eftir lögunum, líta öðrum augum á það, þá binda þeir sig ekki við það.

Það þarf ekki annað en líta á, hvernig þessi lög hafa verið skilin í framkvæmdinni, til þess að komast að raun um, að þau hafa ekki verið skilin á þann veg, sem hv. 1. þm. Skagf. gerði. Stjórnarráðið gaf út reglugerð 31. mars 1921. Ef litið er á 1. gr. þeirrar reglugerðar, er fljótt hægt að ganga úr skugga um það, að þar er ekki um nauðsynjavörur að ræða, eða um þær vörur, sem í daglegu tali eru nefndar svo.

Hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) sagði, að þessi lög hefðu gefist vel og sparað landinu mikið fje. En þar eru bankarnir ekki á sama máli. Jeg fór ekkert út í það í fyrri ræðu minni, en vil nú skýra frá, hvaða álit bankarnir höfðu á þessum lögum. Það er þá fyrst, að stjórnir beggja bankanna skrifa stjórninni brjef, 24. sept. f. á., þar sem þær skora á hana að herða á innflutningshöftunum. Er þar meðal annars komist svo að orði:

„Vjer leyfum oss að skjóta því til stjórnarráðsins, hvort það telur sjer ekki fært að banna innflutning á ýmsum fleiri vörutegundum en þeim, sem innflutningur er nú bannaður á, og viljum vjer leyfa oss að mæla mjög með því, að farið verði svo langt í því efni, sem stjórnarráðið frekast sjer sjer fært.“

Stjórnarráðið brá þá við og sendi viðbótarlista, en þar er enn sem fyr, það eru eingöngu óþarfar vörur, sem teknar eru á listann. Þáverandi atvinnumálaráðherra hefir þá skilið heimildina þannig, að hún tæki aðeins til óþarfa varnings, er hann sendi þennan viðbótarlista. En bankarnir vildu ekki líta við

þessu. Þeir töldu þetta ónógt, það næmi engu, en hins vegar ástandið orðið þannig, að Landsbankinn segir í brjefi 28. okt. f. á.: „Í sambandi við það, sem sagt er hjer að framan, leyfum vjer oss að vekja athygli stjórnarráðsins á því, að það er nú orðið öllum lýðum ljóst, að ástandið er þannig, að það er með öllu óhjákvæmilegt, að stjórnin taki í taumana."

Í líka átt fer álit Íslandsbankastjórnarinnar. Hún segir, að viðbótin nemi ekki nema ½ miljón, og lítið muni um það.

Þannig líta nú bankarnir á þetta kák, en þeir eru öðrum hæfari til að dæma um það, enda kom viðbótarreglugerðin aldrei.

Ef það er rjett hjá 1. þm. Skagf. (M. G.), að heimild sje fyrir stjórnina í núgildandi lögum til þess að hefta innflutning á nauðsynjavörum, þá er þetta frv. auðvitað óþarft. En jeg lít svo á, að sú heimild sje ekki þar, og minni hluti viðskiftan. hefir einnig litið svo á. En ef hv. 1. þm. Skagf. getur fullvissað mig um það, að í lögunum frá 8. mars 1920 felist sama heimild og hjer er farið fram á, þá skal jeg vera ánægður. En jeg hygg, að honum takist það ekki.

Þá gat sami hv. þm. þess, að hvorki frsm. minni hl. eða jeg hefði minst á gjaldeyrisspursmálið. En hann veit vel, að það heyrir ekki undir minn verkahring, og það er ekki viðeigandi, að einn ráðherrann gangi inn á verksvið annars. En fjármálaráðherrann á eftir að tala, og mun hann þá minnast á það.

Þá skal jeg minnast stuttlega á ræðu frsm. meiri hl. (M. J.). Hún var löng og þræddi nál., en jeg skal nú ekki fara út í mörg atriði ræðu hans, þótt ástæða væri til þess. Hann gat þess, að það væri óánægja meðal almennings út af höftunum. Það er ekkert nýtt; menn vilja leika sjer og þola engar takmarkanir á sjálfum sjer. En til þess má ekki taka mikið tillit, þegar almenningsheill er annars vegar. Hann kvað höft vera óþörf, því að óþarfavörur gengju illa út hjá kaupmönnum. En það er öllum augljóst, að kaupm. hefir ekki gengið illa að koma út vörum sínum. Þeim mönnum, sem sáu í búðargluggana hjer um jólaleytið, gat ekki dulist, að mikið var þar af óþarfavörum, og kaupmenn láta af því, að jólasalan síðasta hafi gengið fremur vel.

Þá er eitt atriði, sem jeg vil leggja áherslu á. Hv. frsm. meiri hl. (M. J.) sagði, að menn ættu að byggja líf sitt á horfum. Þetta er rjett, en þá verður að líta á horfurnar frá fleiru en einu sjónarmiði. Horfurnar eru góðar nú og mikil höft óþörf að svo stöddu, þó allir játi reyndar, að ástandið sje hvergi nærri eins og það ætti að vera og venjulega er. Jeg skal játa, að jeg er miklu bjartsýnni nú en jeg var fyrir nokkrum mánuðum, þar sem tíðarfar er svona gott, afli nægur og útlit fyrir gott fiskverð. En þetta getur breyst; það getur komið hafís fyrir Norður- eða Vesturlandi og haldist langt fram á sumar, svo sem komið hefir fyrir. Hvað þá? Þá er betra að vera við öllu búinn. Það ber ekki aðeins að líta á björtu hliðina, heldur verður og að gefa gaum hinni lakari. Það gera allir góðir búmenn.

Ingólfur Bjarnarson: Frv. þetta, sem minni hl. hv. viðskiftamálanefndar ber fram, á þskj. 194, hefir verið ítarlega skýrt og nauðsyn þeirra ráðstafana, er það ræðir um, bæði af hv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.) og hæstv. atvrh. (Kl. J.). Ætla jeg eigi við það að bæta, en lítillega snúa mjer að þeim andmælum, er komið hafa fram gegn frv.

Í nál. meiri hl. viðskiftamálanefndar,

á þskj. 206, er gengið inn á það, að því er skilið verður, að innflutningshöft hafi verið rjettmæt og nauðsynleg, er þau voru sett 1920, en eftir tæpt ár hafi þörfin mikið verið horfin fyrir það, meðal annars, og einkum vegna þess, að ástæður almennings hafi þá verið orðnar svo slæmar, að kaupgetan hafi verið lítil orðin. Því hafi verið rjettmætt að afnema hömlur þessar á þinginu 1921, eins og gert var. Og úr því það hafi verið gert, þá sje óhugsandi að taka höftin upp aftur nú, og enda tekið fram, að samkvæmt rjettri hugsun ættu þeir, sem aðhyltust innflutningshöft á síðasta þingi, að snúast á móti þeim nú.

Þessa röksemdaleiðslu er dálítið erfitt að skilja. Ef ástæður almennings voru orðnar svo slæmar um þing 1921, að kaupgetan var mjög á þrotum, virðist það einmitt allgild sönnun fyrir því, að hömlunum þurfti að halda áfram, hafi þær verið rjettmætar árinu áður, og að frekar hefði þurft að herða á þeim, svo þær gætu komið að haldi, til hjálpar og lagfæringar viðskiftunum. Enda sýndi reynslan, að þessa var síst vanþörf, því að árið reyndist hið erfiðasta viðskiftaár fyrir almenning. Er gengisfall ísl. krónunnar á síðasta ári talandi vottur um viðskiftaörðugleikana. Vil jeg telja víst, að hefði þingið í fyrra hert á viðskiftahöftunum, í stað þess að upphefja þau, mundu viðskiftaástæður þjóðarinnar hafa orðið stórum mun betri við síðustu áramót en raun varð á. Til sönnunar þessu má taka fram, að báðir bankarnir munu ótvírætt hafa látið þá skoðun uppi, bæði síðastliðið haust og eins nú, að þeir teldu mjög nauðsynlegt, til viðreisnar fjárhagsástandi þjóðarinnar, og þá sjerstaklega til viðreisnar peningagengi okkar, að öflugar ráðstafanir yrðu gerðar til þess að hefta innflutning á óþörfum varningi. Verð jeg að telja skoðanir þeirra í þessu efni mjög mikilsvert atriði. Og þar sem draga verður þá ályktun af því, sem jeg hefi hjer sagt, að það hafi verið mjög misráðið að afnema innflutningshöft á þinginu 1921, leiðir þar af, að beint liggur við að taka þau upp aftur nú, eða gera ráðstafanir til, að hægt verði að grípa til þeirra, ef nauðsyn krefur, eins og frv. þetta ætlast til.

Skal jeg að vísu játa það, að sem stendur eru horfur um árgæsku góðar, og hugsanlegt er, að rætist þær eftir bestu vonum, og verslunin reynist þolanleg, þá *geti* þetta komið viðskiftaástandinu á rjettan kjöl. En takist svo til, koma heimildarlög þessi vitanlega ekki til framkvæmda. Engin hætta er á, að til þeirra verði tekið nema brýna nauðsyna beri til, eins og hæstv. atvrh. (Kl. J.) hefir tekið fram.

Í nál. hv. meiri hl. er gert ráð fyrir því, að viðskiftaskuldirnar hafi minkað á árinu 1921 um 10 miljónir króna. Þar er það óábyggilegt og villandi, að frá skuldunum í árslok eru dregnar óseldar innlendar afurðir, sem áætlaðar eru 4 milj. kr. En ekki dregið neitt frá skuldunum í ársbyrjun fyrir óseldum afurðum, og hafi þær verið jafnmiklar sem við árslok, sem jeg fyrir mitt leyti verð að álíta, meðan annað er ekki upplýst, skakkar þarna um 4 miljónir, sem afborgun skuldanna er oftalin. Einnig má benda á, að ekki eru í þessu yfirliti taldar nema 6 miljónir af enska láninu sem viðskiftaskuldir, en þar sem lánið var 10 miljónir, hefir þjóðin þó aukið skuldir sínar um þær 4 miljónir, sem ótaldar eru, og því rjett að taka tillit til þessa, þegar verið er að gera upp afkomu ársins.

Þegar þessa hvorttveggja er gætt, fer

að verða minna um þessar miklu skuldagreiðslur, sem svo mjög hefir verið hampað með, enda sýnist það ekki sem líklegast, að um mjög miklar raunverulegar afborganir geti verið að ræða, þar sem um endilangt landið heyrast einróma skýrslur um það, að almenningur hafi stórtapað og skuldir aukist feikilega. Veit jeg ekki, hver hefir átt að greiða þessar miklu skuldalækkanir. Vera má þó, að þolanlega hafi gengið fyrir nokkrum útgerðarmönnum og þeir hafi máske sumir eitthvað á unnið um skuldalækkanir. En hitt er aftur víst, að hjá landbúnaðarmönnum og verkamönnum hafa skuldir aukist mjög mikið síðastliðið ár.

Jeg held því, að skuldir þjóðarinnar í heild sinni hafi mjög lítið lækkað á árinu, og álit hv. meiri hl. viðskiftamálanefndar ekki á rjettum rökum bygt hvað þetta atriði snertir.

Þá heldur hv. meiri hluti því fram í áliti sínu, að innflutningshöft mundu auka dýrtíð í landinu, örva kaupalöngun fólksins og meina einstaklingunum að spara. Enn fremur muni þau baka þjóðinni álitshnekki út á við. Þetta virðist alger öfugmæli. Aðalætlunarverk haftanna er það vitanlega, að hefja gengið, og auðsjeð, að við það mundi dýrtíðin einmitt minka, og sjálfsagt, að fólkið mundi af fremsta megni takmarka kaup sin og fresta þeim, bæði vegna væntanlegrar verðhækkunar sem og þess sparnaðaranda, er alment mun ofarlega hjá þjóðinni, og álit hv. meiri hl. færir þetta atriði sem rök í öðru sambandi, fyrir því, að innflutningshöft eða yfir höfuð aðrar ráðstafanir sjeu óþarfar. Jú, það mun óhætt að segja það, að almenningur vill gjarnan spara. En það vill reynast örðugt í framkvæmdinni, og því æskir þjóðin eftir aðstoð löggjafarvaldsins í þeirri viðleitni, sem sjá má af hinum mörgu áskorunum um, að komið sje á öflugum innflutningshöftum, sem koma fram í þingmálafundargerðum víðs vegar frá.

Þá þarf varla að taka það fram, sem hersýnilegt má vera, að ráðstafanir til viðreisnar fjárhagsástæðum okkar hljóta að auka okkur traust út á við, en ekki hið gagnstæða, t. d. með því að hefja gengi ísl. krónu.

Þá vill hv. meiri hluti telja óþarft að leggja hömlur á innflutninginn í því skyni að rjetta við gengi ísl. krónu. Telur hann, að það eigi að vera komið í sæmilegt horf um næstu áramót án nokkurra slíkra ráðstafana. En hvernig kemst hann að þessari niðurstöðu? Jú, í fyrsta lagi, að af áætluðum 10 milj. kr. lausaskuldum muni vafalaust mega telja allmikið tapaðar skuldir, t. d. 2 milj., og af þeim 8 milj., sem þá sjeu eftir, muni um helmingurinn vera þannig vaxnar, að „ekki ætti að vera ómögulegt að samningsbinda þær". Þá sjeu eftir 4 milj. kr. lausaskuldir, er ekki ættu að hafa veruleg áhrif á gengið. Í öðru lagi segir meiri hlutinn, að árið muni ekki bregðast vonum manna um gott árferði.

Við þetta er nú það að athuga, að eftir margra manna áliti eru lausaskuldir meira en 10 milj. kr. Engin vissa er um þessar töpuðu skuldir, og ekki virðist álitlegt að byggja mikið á því, að samningar fáist um að festa skuldirnar, þar sem nál. kveður ekki ríkara að orði um það atriði en svo, að „ekki ætti að vera ómögulegt" að samningsbinda þennan hluta þeirra. Þá virðist og hugsanlegt, að vonirnar bregðist um árgæskuna. Að minsta kosti eru rök þessi svo veik, að tæplega er verjandi að leggja allar öryggisráðstafanir til hliðar þeirra vegna.

Jeg skal svo ekki eyða mikið fleiri orðum um málið. Jeg held því eindregið

fram, að þjóðin sje nú svo tæpt stödd efnalega og skuldum hlaðin, að þingið hljóti að gera ítrustu tilraunir til þess að beina ástandinu í batnandi horf með þeim ráðum, er best kunna að verða fundin.

Tel jeg heimildarlagafrv. þetta líklegustu leiðina, sem fyrir hendi er, þó að annmarka megi sjálfsagt á því finna, enda er það aðeins komið fram vegna þess neyðarástands, sem nú er, og kann að verða, viðskiftalega sjeð. Frv. kemur vitanlega ekki til framkvæmda, ef þær góðu vonir rætast, að viðskiftavandræði okkar lagist af sjálfu sjer, vegna viðvarandi árgæsku, hagstæðari verslunar, sjálfkosnum sparnaði almennings o. fl.

En jeg tel það alveg óverjandi að byggja svo mjög á þessum vonum, að þingið geri engar öryggisráðstafanir til að ráða bót á því fjárhagsöngþveiti, sem þjóðin er nú stödd í. Það væri sannarlega „að fljóta sofandi að feigðarósi".

Fjármálaráðherra (Magn. J.): Jeg vildi aðeins leyfa mjer að gera nokkrar athugasemdir við þetta frv., til þess að umr. þurfi ekki að snúast um óljós atriði í frv. viðvíkjandi gjaldeyrisráðstöfunum.

Umræðurnar hafa einungis snúist um heimild til innflutningshafta. Þetta er gamalt mál og hefir áður verið til meðferðar í þinginu, enda er það auðheyrt á umræðunum.

Jeg lít nú þannig á málið, að það sje gjaldeyrisráðstöfun, og þar sem frv. fer fram á takmörkun á innflutningi, tel jeg það aðalgjaldeyrisráðstöfun þess og þá aðalefni þess. Hin önnur ákvæði þess, sem lúta að gjaldeyrismálinu, tel jeg vera þar til vara.

Þegar er að ræða um ráðstöfun á innflutningnum, þá er þar að ræða um skipulag, eða takmörkun á skipulagi, en að því er snertir umsjón með gjaldeyrismálinu er þar að ræða um eitt skipulag eða annað. Nú hefir til þessa verið eitt skipulag á þessu máli, en þá er nú spurningin, hvort rjett muni að fela umsjón gjaldeyrisins þeirri nefnd, sem hjer hefir verið rætt um að stofna í þeim tilgangi. Mjer þætti nú eðlilegast, að þessi nefnd færi með þær gjaldeyrisráðstafanir, sem hjer er um að ræða, því að hún yrði að vera kunnug öllu gjaldeyrisástandinu í heild og hafa sem fylst yfirlit yfir það, og mundi þar sannast, að sárast er það, er í sjálfum liggur. Það virðist rjett, að sú nefnd, sem hefði með höndum innflutningsráðstafanir, ætti að vera sem kunnugust gjaldeyrisástandinu, hverra krafa og hverra tekna mætti vænta á hverjum tíma. Það er því ekki hægt að segja, að það sje óljóst, að slík nefnd geti haft umsjón með gjaldeyrinum, og er hjer aðeins að ræða um skipulagsráðstafanir í þá átt, að allar upplýsingar í þessu efni geti gengið sem greiðast og komið niður í sem rjettastan stað.

Það hefir einnig verið nefnt hjer í hv. deild, að það væri óljóst tekið fram í frv., að þessi nefnd gæti enn fremur, ef nauðsynlegt þætti, ráðstafað gjaldeyrinum. Þetta er ljóst, og sjest það best, ef menn hugsa sjer, að rísi upp „baisse spekulationir" í íslenskri krónu, þannig, að boðin væri út íslensk króna „in blanco", sem svo ætti að skila eftir mánuð eða hálfan mánuð. Það er auðsjeð, að þannig lagaður „organiseraður baisse" á íslenskri krónu gæti eyðilagt gengi hennar. Slíkar ráðstafanir gætu þó aðeins komið til greina, ef brýn nauðsyn krefði, og þá þar sem verslað er með íslenska krónu, en það er einkum í Kaupmannahöfn, en þar er nauðsynin ekki sjerlega brýn, vegna þess, að kauphöllin þar hefir gert ráðstafanir móti „blan-

co-sölu", og er ekki mikil hætta á, að þær ráðstafanir verði afnumdar fyrst um sinn.

Hinar aðrar ráðstafanir þessa frv., um gjaldeyrinn, eða vararáðstafanirnar, sem jeg nefndi þær áðan, eru skýrar, en jeg vil þó taka það fram um þær, að þar er aðeins að ræða um skipulag, um að leggja málið undir þessa nefnd. En ef það væri nú ekki lagt undir hana, mundi mestur hluti fjárins fara gegnum bankana, en þeir mundu þá best vita um, hvernig gjaldeyrisástandið væri.

Frsm. minni hl. (Sveinn Ólafsson): Sessunautur minn, hv. frsm. meiri hlutans (M. J.) þrumaði yfir mjer 70 mínútna langan lestur við fyrri hluta þessarar umr. Það má því ekki minna vera en jeg, að gömlum og góðum sveitasið, þakki honum lesturinn, En til þess að sýna honum, að jeg hafi ekki sofið um lestur, skal jeg minnast á nokkur atriði, er ræða hans gaf tilefni til.

Lesturinn var engin nýung, ekkert frumlegt, ekkert annað en bergmál af umr. síðasta þings um viðskiftamálin, umr. forsvarsmanna reykvískrar kaupsýslu og hagsmuna hennar. Efnið var þetta margendurtekna auragræðginnar evangelium ófyrirleitinna kaupsýsluprangara um frjálsa kaupsýslu, frjálsa, ótakmarkaða samkepni og frjálsræði fyrir þá til að hrúga í vetlinginn aurum skilamannanna skapþungu, án alls tillits til hagsmuna heildarinnar, eða vandkvæða þeirra, sem við þjóðinni blasa, og stjetta þeirra og einstaklinga, sem viðskiftaókjör og gengishrun íslenskra peninga er að örmagna.

Þessir fjölvitru kaupsýslugarpar og ágætu föðurlandsvinir þykjast hafa og vilja hafa ráð þjóðarinnar í hendi sjer, og þykjast rjettkjörnir til að hirða hvern eyri, sem afgangs verður brýnustu þörf landsmanna, eða þeirra, sem tískunnar vegna, glysgirni og ljettúðar glæpast á skrumi þeirra og glingri. Um efnalegt sjálfstæði þjóðarinnar eða einstaklinga hennar varðar þá ekki. Þeir verða fyrst og fremst að fylla vetlinginn og láta ekki vanta í neinn þumalinn.

Talsmaður þessara heiðursmanna, þessara föðurlandsvina og fjármálagæðinga, er hv. frsm. meiri hl. (M. J.), og er það hlutskifti, sem jeg öfunda hann ekki af. Auðvitað fordæmir hann, vegna skjólstæðinga sinna, öll viðskiftahöft og telur þau til tjóns, sem ekki verði tölum talið. Þetta er nú ekki meira en vænta mátti, en hitt er furðulegra, er hann lýsir innræti þeirra og borgaralegri skyldurækni svo sem hann gerði. Hann taldi sjálfsagt, að ef innflutningsbann væri sett á vörur, mundu þeir flytja inn forboðinn varning og selja hann, en svíkjast undan vörutolli; en ef eftirlit yrði haft með útlendum gjaldeyri, mundu þeir á bak við það fara, ráðstafa fjenu utanlands og gæta þess, að það kæmi ekki hingað til lands. Þarna mun lambinu rjett lýst, og hv. frsm. meiri hlutans (M. J.) þekkir auðvitað, eins og góður hirðir, sína sauði, en hæpið er, að virðing þeirra vaxi við þessa tilgátu hans.

Hv. frsm. meiri hl. (M. J.) kvað hina „mórölsku" ástæðu viðskiftahaftanna horfna. Ekki veit jeg, hvernig hann ætlast til að þetta sje skilið. En mjer finst liggja beinast við að skilja orð hans svo, að þessir margnefndu skjólstæðingar hans hafi öðlast einhvern „móralskan" rjett til að leika lausum hala og láta greipar sópa um þá litlu kaupgetu, sem eftir er, „spekúlera" í lággenginu og spilla gjaldgetu þjóðarinnar með ginnandi sölu óþarfavarnings. Hann má eiga þennan „móral" fyrir mjer og samgleðjast í honum skjólstæðingum sínum.

En reyndar finst mjer, að hann ætti að kjósa sjer sæmra föruneyti, og hálfgildings eftirsjá að honum í þá Jörfagleði. Annars mun hann hafa slegið þessu fram litt hugsuðu, því móralska ástæðan fyrir höftum er jafngild nú, ef ekki gildari en hún hefir nokkru sinni verið, og hún byggist á því, að þjóðarheildinni er að blæða til ólífis, fjárhagslega skoðað, fyrir óáran og fljótandi skuldir út á við. Þessu veldur langvarandi dýrtíð, hrakleg sala á afurðum landsmanna og loks lággengið, en í skjóli þess geta kaupmenn, jafnvel þeir, sem ráða yfir erlendri mynt, fært söluverð útlendrar vöru fram úr hófi.

Hv. frsm. meiri hl. (M. J.) furðar sig á því, að heimtuð skuli höft nú, þar sem feld voru niður í fyrra, og telur ástandið hafa batnað svo mjög síðan, að ástæða til hafta sje horfin með öllu. Jeg veit ekki, hvort hann mælir þar sjer um hug, eða þetta er sprottið af hans alkunna verslunarviti. Hitt vita allir, að ástandið hefir breyst frá í fyrra, og mest þó til hins verra. Afnám viðskiftanefndar og hafta í fyrra var, illu heilli, fljótræðisverk, þvingað fram af hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) og öðrum talsmönnum kaupmannahagsmuna, og ýttu þá undir tyllivonir um viðskiftabót þá, sem erlenda ríkislánið til Íslandsbanka mundi veita, en þær vonir eru nú að engu orðnar, enda er nú fram komin í algleymingi sú ástæðan, sem í fyrra var öllum óljós, sem sje gengishrunið. Það kreppir afskaplega að ríkissjóði og þeim, sem greiða þurfa fje úr landi, öðrum en kaupmönnum, sem náð geta gengismuninum aftur af skiftavinum sínum, með því að færa fram verðið á því, sem inn er flutt og selt.

Hv. frsm. meiri hl. (M. J.) veit vel, að hjer er brýnni ástæða til viðskiftaráðstafana en líklega nokkru sinni áður. Og jeg hygg, að hann viti það líka, að skuldir vorar út á við, sem nál. á þskj. 206 telur, og tölur þær, sem hann nefndi í ræðu sinni, eru að nokkru ágiskaðar, yfirleitt of lágar og sumar villandi, eins og jeg mun sýna fram á.

Þegar ræða er um 1 milj. kr. skuld, sem vjer nú þegar þurfum að greiða erlendis, þá verður upphæðin nær 1400000 íslenskar krónur, eftir núverandi gengi. Með öðrum orðum, þær fljótandi skuldir landsmanna í dönskum krónum eru í reyndinni fullum þriðjungi hærri, þegar þeim er breytt í íslenskar krónur. Hv. þm. (M. J.) ætti einnig að vera kunnugt um það, að líkurnar, sem hann og meiri hl. telur fyrir því, að samningsbinda megi að meira eða minna leyti skuldir Íslandsbanka, eru mjög hæpnar, og að samningstilraunir um þetta hafa árangurslaust verið gerðar við nokkra af bönkunum í Kaupmannahöfn nú nýlega. En máske hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) tækist að koma þessu í lag, ef hann skryppi út yfir pollinn; þetta hefir samt enn ekki tekist, og má vera, að fjármálaþekkingu hv. þm. (M. J.) hafi þar vantað til samninga.

Að neita því, að viðskiftaráðstafanir sjeu nauðsynlegar og geti hjer að liði orðið, er sama og að meta stundarhagnað nokkurra einstaklinga meira en hag heildarinnar, og hv. frsm. meiri hl. (M. J.) auglýsir mjög eftirminnilega sitt kaupmannlega hugarþel, þegar hann talar um kaupgetuleysi almennings eins og allsendis heilbrigt og eðlilegt ástand.

Við sama tóninn syngur og í nál., á bls. 4, þar sem hann telur þær 7 plágur, er hann hyggur að gangi yfir landið, ef viðskiftahöft verða tekin upp. Mig furðar reyndar ekki á því, þótt jafnbiblíufróður maður komi með þessa helgu tölu, enda mun hann hafa haft í

huga Faraós-beljurnar mögru, og skulum við þá athuga fyrstu beljuna, eða fyrstu pláguna, sem hann telur atvinnuspjöll ekki svo fárra manna, er verslun hafa að atvinnu, og hann telur þarflaust að leggja stein í götu fyrir. En um þessa plágu er það að segja, svo fremi jeg sje, að hana mætti miklu fremur skoða sem þjóðfjelagslegt happ, ef hún leiddi til þess, að nokkrir þeirra, sem lifa af viðskiftaatvinnu með munaðar- og glingursvarning, hyrfu frá því að annari sæmilegri atvinnu, eða færu úr landi, því vissulega er hjer margfalt fleira af þessum mönnum en þörf þjóðarinnar krefur, og þess vegna er þeirra starf ekki aðeins gagnslaust þjóðfjelaginu, heldur má telja það böl og byrði fyrir heildina, þegar fjöldi manna legst á meltuna og lifir á þeim, sem björgina sækja úr skauti náttúrunnar og heiðarlegri störf stunda. Á þetta sjerstaklega heima um þennan bæ, sem að vísu sýgur næringu frá öllum landshlutum, og sagt er að hafi um 500 verslanir, og líklega elur á viðskiftahagnaði af þessum 500 stofnunum sem svarar 5—6 þús. manns, eða ⅓ allra íbúa bæjarins, í stað þess að geta líklega komist af með svo sem 5—6 hundruð vel æfðra og starfshæfra manna á þessu sviði.

Ef rjettur þessara manna, þessara þúsunda, til að lifa af starfi annara, og það jafnvel í dýrðlegum fagnaði, á að vera ríkari en nauðsyn þjóðfjelagsheildarinnar, þá er kenning hv. frsm. meiri hl. (M. J.) um atvinnuskerðinguna laukrjett; ella er hún háskaleg villukenning, og það tel jeg hana vera.

Líkt er nú farið hinum beljunum 6, eða plágunum, sem nál. telur; þeim sleppi jeg að mestu leyti, enda mintist hv. þm. S.-Þ. (Ing. B.) á þær.

Hv. frsm. meiri hl. (M. J.) hefir hvervetna endaskifti á sannleikanum, er hann ræðir um plágur þessar; sýnir öfugar niðurstöður, nema í einu atriði, þar sem hann talar um tekjumissi ríkissjóðs, en um þann annmarka haftanna er það að segja, eins og hæstv. atvrh. (Kl. J.) benti á, að hjer er aðeins um skerðing á stundarhag ríkisins að ræða, sem fljótlega vinst upp aftur, með hækkuðu gengi og bættum þjóðarhag; en því vil jeg bæta við, að mestur yrði sá þjóðarhagnaður, ef höftin leiddu til þess að losa oss við nokkuð af þeirri óhollu kaupsýslu, sem er eldur í efnum þjóðarinnar, og nú á tímum hefir átt og á enn sorglega mikinn þátt í að skapa viðskiftaerfiðleikana, og ætið er sami þrándur í Götu fyrir lagfæringu þeirra. Það segir sig sjálft, að annmarkar fylgja viðskiftahöftum, og er eigi sannlegt að gera þar úlfalda úr mýflugu. Á óþægindin af slíkum ráðstöfunum verður að líta eins og stundarsársauka, sem óhjákvæmilegur er til að geta læknað alvarlega meinsemd.

Hv. frsm. meiri hl. (M. J.) telur alóþarft ákvæði frv. um eftirlit með erlendum gjaldeyri, og rökin fyrir því eru, að það muni rýra framleiðsluviðleitnina og draga úr framleiðslulöngun manna. Það er eins og hann hugsi sjer, að sjómenn vilji ekki fiska og sláttumenn ekki slá, af því að eftirlitið kunni að aftra milliliðunum frá því að græða óhóflega á gengismun erlends og innlends gjaldeyris og halda með því niðri íslenskri krónu. Nei, hjer eru vissulega röksemdirnar hjá hv. frsm. meiri hl. (M. J.) farnar að nálgast öfugmæli, eða talar hann hjer í líkingum og mælir alt utan garna, eins og hann raunar tíðum gerir, og er jafnfráleit staðhæfing hans og þessi minna en einskis virði.

Hvötin til framleiðslu glæðist við

horfur um batnandi kjör, en lamast við horfur um viðskiftaörðugleika. Kaupmenn greiða ekki ótilknúðir framleiðendum innlendu vöruna í erlendum gjaldeyri eða gengismuninn frá útlenda gjaldeyrinum, heldur yfirleitt í vörum, með verði, sem miðað er við lággengi íslensku krónunnar.

Það má nefna hliðstætt dæmi frá 1918. Útflutningsnefnd útbýtti eftir á til kaupmanna yfir 20% hagnaði, sem varð á fisksölunni, frá áætlunarverði því, sem sett var í upphafi, en uppbót þessa neituðu margir kaupmenn að greiða framleiðendum, þar sem skriflega samninga vantaði, og þó var hvervetna fyrirfram dreginn frá áætlunarverðinu umboðskostnaður kaupmanna. Þetta leiddi sumstaðar til málaferla milli þessara tveggja aðilja. Kaupmenn margir skoðuðu þetta eins og hvalreka eða verslunarhapp, sem þeir ættu að njóta.

Auðvitað voru nokkrir sanngjarnir kaupmenn, sem greiddu uppbótina refjalaust, en þeirra gætti minna.

Fráleit er sú kenning hv. frsm. meiri hl. (M. J.), að viðskiftahöftin skapi dýrtíð á nauðsynjavöru, þótt seljendur kunni að hafa hneigð til að hækka hana í verði. Höft á henni verða vitanlega engin, og kaupfjelög og landsverslun, sem að rjettu lagi á að starfa framvegis á meðan þetta ólag stendur, eiga að geta haldið í horfinu og varið almenning fyrir áseilni kaupmanna.

Hv. frsm. meiri hl. (M. J.) taldi furðanlegt, ef hv. þm. hefðu breytt skoðun á höftunum frá í fyrra. Slíkt er þó reyndar mjög eðlilegt, að skoðun manna hafi breyst við nýja reynslu í viðskiftamálunum, enda er viðhorfið alt annað nú en þá, og hagurinn, einkum ríkisins lakari, en ekki betri en hann var í fyrra, hvað sem hv. meiri hl. segir um fljótandi skuldirnar. Síðan hefir og gengishrunið bæst við, sem fáir sáu þá fyrir, og enginn hugði víst að yrði svo mikið, sem raun ber nú vitni um.

Gengishækkun íslenskrar krónu af sjálfsdáðum, sem hv. frsm. meiri hl. (M. J.) gerði svo mikið úr, svaraði jeg í framsöguræðu minni. Nenni jeg ekki að endurtaka það svar.

Spádómar háttv. frsm. (M. J.) um illar afleiðingar viðskiftaráðstafana eru að engu hafandi. Hann hefir engin skilyrði til að sjá þar betur fram í tímann en aðrir, en lög, sem gera viðskiftaráðstafanir mögulegar, eru sjálfsögð til tryggingar. Köpur- og kringilyrðum hv. frsm. meiri hl. (M. J.) er eigi ástæða til að svara. Hann kemst jafnan, er þessi mál eru á dagskrá, út í einhvern líkingarmálsalgleyming eða „rethoriskan“ hávaða, sem erfitt er stundum að skilja; sjer ofsjónir og undraviðburði og hafnar sig venjulega í Fróðárundrum. Í fyrra lenti hann í þessu sama máli á Fróðárselnum illræmda og komst þar í mestu mannraunir eða jafnvel lífsháska. Nú lenti hann á urðarmánanum frá Fróðá, sem auðvitað gengur rangsælis við aðra mána, og eftir því, sem mjer skildist, gerði þessi sjón honum þann geig, að hann í ofboðinu greip granataki, sem hann nefnir bolatak, á selnum, sjer til bjargar. Öll þessi „symbolik“ hv. frsm. meiri hl. (M. J.) er harla eftirtektarverð í sambandi við hversdagsleg viðskiftamál, og virðist jafnvel oft, sem alt þetta sje utan garna hjá honum gert, til að þóknast þeim h á t t v i r t u, en um það finst mjer mega segja, að of mikið gefi hann fyrir „pípuna“.

Þá þótti hv. frsm. meiri hl. (M. J.) jeg og aðrir, sem mælt hafa með frv., hafa fært lítil rök að nauðsyn þess. Um þetta hefði hann getað talað djarft, ef hann hefði haft sjálfur nokkuð að bjóða

í því efni, en svo var ekki, og ekki heldur við því að búast. Mörg og innantóm slagorð hjá honum sanna ekkert. Frekari svör þykist jeg ekki þurfa að gefa hv. frsm. meiri hl. (M. J.) um það. Að fara að tína upp allar fullyrðingar hans um skaðsemi haftanna, spásagnir um framtíðina og útúrsnúninga úr frv., væri álíka tilgangslaust eins og að ætla sjer að tína upp lambaspörð af heilum afrjetti.

Þá kem jeg að hv. 1. þm. Skagf. (M. G.). Játa jeg fúslega, að í þessu máli hefir hann verið rjettur maður á rjettum stað undanfarið. Árin 1920 og 1921 var hann sá einbeittasti og ákveðnasti í þessu máli, og bar það fram til sigurs á 2 undanförnum þingum. Hann var einnig eindreginn stuðningsmaður haftanna nú í þingbyrjun, svo að jeg verð að segja, að ummæli hans nú komu mjer ærið á óvart. Þau virtust jafnvel benda til þess, að hann mundi ekki greiða atkv. með frv., og ástæðan, sem hann færði fyrir þessu, var sú, að þær heimildir, sem frv. gæfi stjórninni, væru allar til í fyrri lögum. En þessi ástæða hans stendur á flugufótum, og er auk þess alls eigi rjett, því að þetta frv. er miklu víðtækara og skýrara en þær eldri heimildir, sem það líka felur í sjer, og hvað sakar það, þótt þessar heimildir sjeu allar sameinaðar í eitt frv., sem er ljósara og ákveðnara en eldri heimildirnar? Nei, þetta er engin ástæða til stefnubreytingar hjá hv. þm. (M. G.), og jeg trúi því ekki fyr en jeg tek á, að hann hverfi frá fyrri stefnu sinni, enda þótt helst mætti ráða það af orðum hans, að hann hefði tekið sinnaskiftum. Hann telur lánsheimildina í frv. óþarfa af því, að hún væri áður til. Jeg hygg, að það muni nú nokkuð orka tvímælis, hvort svo sje, því að varla ætlast hv. þm. (M. G.) til, að stjórnin taki aftur miljónalán handa Íslandsbanka, en það eitt væri ef til vill heimilt, eftir eldri heimildunum.

Hins vegar getur verið full nauðsyn á því að gefa stjórninni heimild til þess að taka viðskiftalán vegna nauðsynlegra útgjalda ríkisins, og við það eitt miðar frv. heimildina.

Þá taldi hann ákvæðin í frv. um eftirlit með útlendum gjaldeyri óþörf. Sagði hann, að gjaldeyririnn útlendi mundi fara sína rjettu boðleið hvort sem væri. Það hefir nú stundum kveðið við nokkuð annan tón um þetta hjer og verið sagt, að hann færi öfuga boðleið og ekki í gegnum bankana, þótt þeir ættu tilkall til hans. Hv. þm. (M. G.) beindi þeirri fyrirspurn til mín, hvernig við hefðum hugsað okkur þessu eftirliti gjaldeyrisins hagað. Jeg sleppi að svara því, sökum þess, að hæst. fjrh. (Magn. J.) hefir gert það á sama veg og jeg hefði viljað gera.

Þá sagði hann, að jeg hefði farið óvarlega, að fara að tefla því fram í umr., að enskt firma hefði ekki þorað að trúa bönkunum hjer fyrir fje. Var að heyra, sem hann teldi þetta goðgá og að það mundi kasta skugga á bankana. En það verður að segja hverja sögu eins og hún gengur, og jeg hefi fullar sannanir fyrir því, að þetta er satt. En auðvitað sannar þetta ekki annað en það, að firmað hefir ekki þekt nógu vel til bankanna. En það sýnir líka, hve skemmileg áhrif lággengið hefir fyrir okkur, bæði erlendis og hjer. Skal jeg svo ekki svara þessum hv. þm. (M. G.) meira að sinni nje ætlja undirtektir hans. Síðar sjest betur, hverju hann spilar út.

Kem jeg þá að hv. þm. Ísaf. (J. A. J.). Hann virtist hafa nokkuð sjerstaka afstöðu. Sýndist helst vilja fara bil beggja, enda var hann fylgjandi höftum á síð-

asta þingi. Veit jeg varla, hvoru megin hann ætlar að vera, eða hvort hann ætlar að vera hálfur hvorumegin. (J. A. J.: Jeg greiði atkv. á móti frv.). Jæja, þá það; þá sýnir þetta fimi hans í því að fara í gegnum sjálfan sig, og læt jeg úttalað um það.

Jón Þorláksson: Jeg ætla fyrst að minnast á gjaldeyrishöftin, sem frv. heimilar stjórninni að innleiða. Raunar er þetta nokkuð erfitt, því að enn þá er það mjög á huldu, hvað ætlast er til af flm. í þessu efni; verður því eingöngu að fara eftir orðum frv.

Frv. heimilar ríkisstjórninni að „hafa umsjón með“ erlendum gjaldeyri í eign landsmanna, og með gjaldeyri fyrir útfluttar afurðir, og „ef nauðsyn krefur að ráðstafa slíkum gjaldeyri“. Aðaltilgangur frv. er því sá, þótt undarlegt megi virðast, að heimila stjórninni að ráðstafa eignum einstakra manna. Er heimild, sem gengur í líka átt og þessi, venjulega nefnd eignarnám eða lögnám í lögum, en hjer eru önnur orð viðhöfð, svo tilætlunin hlýtur að vera sú, að hjer sje ekki um venjulega eignarnámsheimild að ræða. Það kom líka í ljós hjá hv. þm. Ak. (M. K.) og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að tilætlunin væri sú, að gera með þessu tilraun til þess að hindra gengislækkun íslensku krónunnar. Raunar hafa þeir ekki sagt þetta berum orðum, en hv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.) sagði, að það ætti að hamla því, að milliliðir gerðu gengismuninn að gróðavegi fyrir sig, en alt er þetta í raun og veru umskrifanir fyrir það, að haldið verði áfram því, sem bankarnir voru að reyna síðastliðið sumar, að taka gjaldeyrinn af framleiðendum fyrir lægra verð en þeir geta fengið fyrir hann annarsstaðar.

Vildi jeg nú athuga, hverjar afleiðingar slík heimild mundi hafa fyrir verslun landsmanna með útflutningsvörur, og hvort hún mundi líkleg til þess að beina hinum útlenda gjaldeyri í þann farveg, sem eðlilegastur er talinn, en það er að hann renni í gegnum bankana, og frá þeim aftur til vörukaupa og skuldagreiðslu erlendis. Fyrst er þá að athuga það, sem frv.-orðin sjálf benda til, að þessi og önnur lagaboð íslensk geta vitanlega ekki náð til annars erlends gjaldeyris en þess, sem á hverjum tíma er í eign íslenskra manna eða útlendinga hjer búsettra, og að því er þá síðastnefndu snertir, þá einungis til þess erlends gjaldeyris, sem þeir eiga hjer á landi. Aftur á móti getur löggjöfin alls ekki náð til þess gjaldeyris, sem útlendingar eiga eða eignast erlendis, jafnvel þótt þeir hafi eignast hann fyrir íslenskar vörur. En hvaða afleiðingar hefir það nú, ef haldið er áfram þeim tilraunum, sem bankarnir gerðu sig seka um síðastliðið sumar, að reyna að ná andvirði útfluttu vörunnar, erlenda gjaldeyrinum, fyrir lægra verð en eigendur mundu geta fengið fyrir hann á frjálsum markaði, og að neyða þá til þess að verja honum á annan hátt en þeir telja sjer hagkvæmastan?

Fyrsta afleiðingin hlýtur að verða sú, að framleiðendur reyni að búa svo um, að þeir komist undan högginu; reyni að komast undan ákvæðunum. Beina leiðin fyrir útflytjendur til þess er sú, að selja afurðirnar í íslenskum krónum. Þá verða þeir frjálsir að því að nota andvirðið eins og þeim sýnist, og með því móti geta þeir líka fengið hærra verð fyrir vöruna en þeir gætu fengið á annan hátt.

Því er raunar slegið fram, að ekki sje víst, að heimildin verði nokkru sinni notuð, en þetta er líkt því, sem maður

segði við hest, um leið og hann væri búinn að reiða upp svipuna til höggs: Þú þarft ekki að forða þjer strax, ekki fyr en höggið ríður af. — Menn bíða ekki eftir högginu, heldur forða sjer í tíma. Annars er lærdómsríkt að athuga aðferð annara þjóða í þessum efnum. Tveimur ríkjum hefir þótt nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að ná í hendur stjórnarinnar gjaldeyrinum fyrir útfluttar afurðir; þessi ríki eru Rússland og Þýskaland. Í Rússlandi tók stjórnin í sínar hendur einkasölu á öllum útfluttum vörum, en í Þýskalandi var bannað að selja útfluttu vörurnar gegn innlendum gjaldeyri. Með slíkum ráðstöfunum er auðvitað hægt að ná gjaldeyrinum í hendur stjórnarvalda landsins, en það fylgir sá böggull skammrifi, að gengið á sjer ekki viðreisnarvon eftir að svona ráðstöfunum hefir verið beitt, enda ekki beitt annarsstaðar en þar, sem vonlaust er um gengið. Vill nú auðvitað enginn líta við þýskum mörkum, eftir að ekki er lengur unt að fá þýskar vörur fyrir þau.

Jeg hefi viljað nefna þetta, því að ekki sýnist örgrant um, að sú hugsun hafi gægst fram, sem gengur í líka átt og þessa, þó að ekki sjáist á frv., að því sje ætlað að ganga svona langt.

Það þarf engum getum að leiða að því, hvaða áhrif þetta hafi á framleiðslu og atvinnuvegi landsins, að menn eigi slíka stjórnarheimild yfir höfði sjer. Það myndi verða til þess að gera atvinnurekendur hrædda og hikandi, en það er lífsskilyrðið nú eins og ávalt, að þeir menn reyni að færa út kvíarnar, eftir því, sem þeir sjá sjer fært og aukning getur borið sig. Hæstv. fjrh. (Magn. J.) gat þess hjer á dögunum, að þær þjóðir, sem ekki væru komnar svo langt að vera búnar að missa alla von um að rjetta við gengið, vildu umfram alt rjetta það til móts við gullverð. Jeg er sammála hæstv. ráðherra (Magn. J.) um það, að oss beri líka að reyna þetta, en til þess að það geti hepnast verðum vjer að varast öll höft og ráðstafanir, sem myndu verka í gagnstæða átt.

Þá verð jeg að minnast ofurlítið á innflutningshöftin. Jeg hefði helst kosið að sleppa við það, en get nú ekki leitt það hjá mjer, sökum umyrða, sem fallið hafa, um afstöðu síðasta þings til þessa máls.

Frv. það, sem hjer er um að ræða, fer fram á aukna heimild fyrir landsstjórnina til að leggja á innflutningshöft. Hvort sem þeim hv. þdm., sem lítið virðast þekkja til viðskiftanna hjer, kann að þykja það ótrúlegt eða eigi, þá er það nú staðreynd, að tal það um innflutningshöft, sem nú er orðið, hefir þegar haft allmikil áhrif á framkvæmdir ýmissa kaupsýslumanna hjer í bænum. Er mjer t. d. kunnugt um, að eitt firma hjer, sem verslar með þennan varning, sem nú er verið að ræða um að banna innflutning á, símaði nýlega út og bað um að senda sjer vörur svo skiftí hundruðum þúsunda króna virði. Eru þessar vörur að vísu ekki óþarfar, en heldur ekki nauðsynlegar nú sem stendur, og hefðu heldur alls ekki verið pantaðar nú, ef talið um yfirvofandi innflutningsbann hefði ekki vakið kauplöngun firmans. Aðferðin hjer er líka rammskökk. Fyrst tala menn lengi um þetta og gefa mönnum þannig tækifæri til að búa sig undir breytingarnar og birgja sig upp að vörum. Afleiðingin verður þannig gagnstæð við það, sem ætlað er. Nei, ef þetta á að gera á annað borð, þá ríður á því að tala fátt, en framkvæma fljótt. Og það stoðar ekkert, þó að gefin sje heimild til að gera þetta einhvern tíma í framtíðinni. Það yrði að

smella höftunum sjálfum strax á, ef duga skyldi. Það á sama við hjer og um hækkun tolla á vörum. Til þess að ná tilganginum verður að afgreiða það í flýti og fyrirvaralaust.

Þá langar mig til að athuga lítið eitt, hvað í þessu frv. er nýmæli. Í því efni get jeg ekki orðið samþykkur háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.). Jeg get ekki fallist á það, að efni þessa frv. sje það sama og í núgildandi lögum um þetta efni. Hjer er því bætt við, að stjórninni skuli heimilað að banna innflutning á nauðsynjavörum. Að vísu mætti segja, að þetta væri heimilað með núgildandi lögum, ef ekki hefði verið girt fyrir þann skilning þeirra á síðasta þingi. Það var einmitt þetta, sem síðasta þing gerði, að taka úr höndum stjórnarinnar heimildina til að hefta innflutning á nauðsynjavöru. Var það og ekki að óþörfu gert, heldur hafði þingið til þess góðar og gildar ástæður. Þessar ástæður gilda enn þá, og skal jeg nefna þær helstu.

Fyrsta ástæðan er sú, að reynslan var búin að sýna, að höftin höfðu í för með sjer verðhækkun á nauðsynjavöru. Liggja fyrir skýrslur, bæði frá Verslunarráði Íslands og Sambandi íslenskra samvinnufjelaga, um það, að vörur þessar voru þá í miklu hærra verði en þær hefðu þurft að vera, ef innflutningur hefði verið frjáls. Enda kom það fljótt í ljós, þegar losað var um höftin, að vörurnar lækkuðu í verði. Það er engin tilviljun þetta, heldur er það algilt viðskiftalögmál, sem hjer er um að ræða.

Önnur ástæðan er sú, að það verður enginn gjaldeyrissparnaður að því að hefta innflutning á nauðsynjavöru, nema þá því aðeins, að um leið sje gripið til þess að skamta mönnum vöruna. Því hvaða stjórn neitar um innflutning á nauðsynjavöru, ef hún er þrotin? Með skömtuninni myndi aftur seðlafarganið fylgja, með öllum sínum töfum og tilkostnaði. Jeg á auk þess bágt með að skilja, hverju máli það skiftir, þótt birgðir af nauðsynjavörum, til tveggja mánaða eða svo, liggi í landinu. Þær birgðir eru ekki meiri en svo, að bara má telja þær til bóta og öryggis, ef eitthvað kæmi fyrir, sem tepti aðflutning frá útlöndum um tíma. Nei, jeg tel það rakalaust með öllu, að innflutningshöft á nauðsynjavörum geti áorkað gjaldeyrissparnaði.

Auk þess er hætta á því, að þegar farið væri að beita þessu, þá gæti svo farið, að stjórnin reyndist ekki nægilega alvís til að sjá fyrir allar hættur og möguleika.

Hæstv. atvrh. (Kl. J.) og háttv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.) mintust áðan á hafísinn. Er það máske heppileg ráðstöfun gegn honum að hefta innflutning á nauðsynjavörum? Jeg hefi aldrei heyrt talað um, að hættum þeim, sem hafísnum eru samfara, yrði afstýrt með því móti. Jeg skal raunar játa, að þetta gæti orðið, ef aðeins er talað um höftin, en ekkert lögleitt, og þannig ýtt undir kaupmenn að birgja sig upp. En á annan hátt yrði það ekki.

Nú er vitanlegt, að ef innflutningshöft kæmust á allar vörur, þá yrði að setja nefnd á stofn, eins og síðast, með þeim óheyrilega kostnaði fyrir ríkissjóðinn og alla, sem viðskifti reka. Þá yrðu menn aftur að sækja um leyfi fyrir hvern vöruslatta og þola þær tafir og óþægindi, sem því eru samfara. Það var einmitt þetta óþolandi pappírsflóð, sem gerði þetta fyrirkomulag óvinsælast síðast. Á jeg líka bágt með að finna nokkra ástæðu til að byrja á því fargani að nýju. Kemur mjer dálítið á óvart, ef hæstv. stjórn fer nú fram á það að fá heimild til þessa. Því jeg var svo

frægur að vinna með hæstv. forsrh. (S. E.) í þeirri nefnd, sem átti að fjalla um þetta á síðasta þingi, og man jeg, að hann var þá allra manna ákveðnastur í því, að sjálfsagt væri að ljetta innflutningshöftunum af nauðsynjavörum. Býst jeg við, að hann sje enn þá sama sinnis í þessu efni.

Það hefir annars glatt mig að heyra það, að þeir háttv. þm., sem hafa talað fyrir þessu frv., hafa eingöngu miðað orð sín við innflutningshöft á óþarfavöru. Þeir virðast ekki hafa athugað það nægilega, að fyrir því er einmitt fullkomin heimild í núgildandi lögum. Það er ekki rjett ályktað hjá hv. þm. S.-Þ. (Ing. B.), að ef stjórnin hefði hert á höftunum, þá mundi ástandið vera betra en nú. Jeg álít einmitt, að það hafi verið um síðustu forvöð að ræða að ljetta þeim af. Framleiðendur gátu ekki orðið risið undir dýrtíð þeirri, sem þau gerðu sitt til að auka, og á ýmsan annan hátt urðu þau til að lama framtakssemi þeirra.

Þá vil jeg minnast á annað atriði, sem sami hv. þm. (Ing. B.) talaði um, en það var, að flestir íslenskir framleiðendur hefðu haft tap árið 1921, og því gæti það ekki rjett verið, að það ár hefði verið borgað mikið af erlendum skuldum. Og háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) tók í sama strenginn og kvað þjóðinni nú vera að blæða til ólífis. Þetta getur þó vel átt sjer stað, að allur þorri framleiðenda hafi tapað árið 1921, en samt borgað nokkuð af erlendum skuldum. Það má ekki gleyma því, að opinber gjöld til landssjóðs og sveitarsjóða eru nú orðin svo afarþung, að þeirra vegna getur vel orðið tap á atvinnurekstrinum, þótt meira sje framleitt en það, sem þarf til að borga fyrir aðfluttar vörur.

Þá kemur hjer enn nýtt atriði til greina. Ef slík höft, sem hjer er um að ræða, reyndust „effektiv", þá myndi það rýra svo tekjur ríkissjóðsins, að þótt vel horfi fyrir, þá gæti árið vel endað með halla. Þetta er alvarlegt atriði, og ber að athuga, hvort hjer væri ekki stefnt í ófæru. Gæti afleiðingin vel orðið sú, að enn yrði að þyngja á atvinnuvegunum og láta þá borga þann halla. Það er sagt, að þjóðin óski eftir hjálp laganna til að spara. En jeg held, að hún óski fyrst og fremst eftir því, að fá að halda því, sem hún aflar, en þurfa ekki að greiða ⅓ af því í ríkissjóðinn eða aðra sjóði.

Það er annars eftirtektarvert, að þótt sumir háttv. þm. leggi kapp á að koma fram frv., þá gefa þeir þó altaf í öðru orðinu í skyn, að það sje ekki meiningin að nota þessa heimild fyrst um sinn, eða á meðan ástandið er eins og nú. Jeg verð nú að segja það, að jeg læt mjer ekki einu sinni detta í hug, að stjórnin noti þessa heimild nokkurn tíma. En að því er snertir innflutning á óþarfavöru, þá hefi jeg heyrt hæstv. atvrh. (Kl. J.) lýsa yfir því, að þessi höft, sem nú eru, væru gagnslaus til gjaldeyrissparnaðar. Tók hann því fjarri, að stjórnin myndi nota þá heimild, sem hún hefir í því efni, til að hefta innflutning á tóbaki. Hefi jeg ekkert við það að athuga, en skil þó ekki, til hvers slík höft eru, fyrst þau eru ekki notuð á þann óþarfa, sem helst munar um. En hvað sem um þetta er annars að segja, þá er víst um það, að ekki þarf að greiða atkv. með þessu frv. til þess, að næg heimild sje fyrir hendi til að hefta innflutning á óþarfavöru, þótt reynt hafi verið að láta líta svo út, að hjer sje aðallega um það að ræða. Það er því ekki um þetta, sem jeg greiði hjer atkv., heldur um þau nýmæli, sem frv. flytur, um heimild til

að hefta innflutning á nauðsynjavöru, og um heimild til gjaldeyrishafta, og báðum þeim nýmælum er jeg mótfallinn.

Magnús Guðmundsson: Jeg þarf að svara hæstv. atvrh. (Kl. J.) nokkrum orðum. — Hann sagðist geta fallið frá frv., ef hægt væri að sannfæra hann um það, að nægileg heimild sje í lögunum frá 1920. Jeg á hægt með að sanna hæstv. ráðh. þetta. Skal jeg þá benda honum á, að 11. maí 1920, þrem dögum eftir að lögin öðluðust gildi, þá var skipuð nefnd sú, sem hafði með innflutningshöftin að gera. Hún starfaði í eitt ár. En svo tók þingið í taumana og ljet í ljós, að innflutningshöftin skyldu ekki ná til nauðsynjavara. Lögunum var annars ekki breytt, svo að ef nýr þingvilji er með höftum á öllum vörum, þá er næg heimild í lögunum til þess að hægt sje að framfylgja honum.

Jeg skal líka benda á, að hæstv. atvrh. hefir lýst yfir því, að þessi lög komi því aðeins til framkvæmda, að ekki rætist hinar góðu vonir, sem menn gera sjer um hið yfirstandandi ár. Þar af leiðir, að augljóst er, að lögin frá 1920 eiga að falla úr gildi, án þess að nokkuð komi í þeirra stað, og hjer er því um afturför að ræða.

Hæstv. fjrh. (Magn. J.) sagði, að vitaskuld væru innflutningshöftin aðalatriði frumvarpsins. — Má vera, að honum sýnist svo, en eins og jeg hefi skýrt lögin frá 1920, þarf alls ekki að lögleiða þetta frv. vegna innflutningshaftanna. Sagði hann, að síðasta gr. frv. væri óljóst orðuð; þar væri átt við gróðabrall í lággengi íslensku krónunnar (baisse). En orð greinarinnar eru miklu víðtækari en það.

Þá ætla jeg að svara hv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.) nokkrum orðum. Það er leitt, að hann skuli ekki geta orðið nefndinni sammála um, hve mikið hafi verið afborgað af skuldum á síðasta ári. Annars get jeg þakkað háttv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.) fyrir orð hans í minn garð í byrjun ræðu hans, en hann sneri við blaðinu, er hann fór að segja, að jeg hefði horfið frá minni fyrri stefnu. — Hvernig er hægt að segja, að jeg hverfi frá minni stefnu, er jeg held fram lögunum, sem jeg bar fram 1920? Mjer þykir æði undarlegt að kalla það stefnuskifti.

Afstaða hans aftur á móti er sú, að hann greiddi atkvæði móti frv. 1920. (**Sv. Ó.**: Jeg kannast ekki við það.) Hann talaði að minsta kosti á móti því, það er mjer kunnugt um, því jeg las það í gær, og hygg jeg því, að hann hafi einnig greitt atkv. á móti því. Í fyrra vildi hann, að sumar vörutegundir væru frjálsar, sumar skyldu hafa innflutningsleyfi með undanþágu, en á öðrum algert bann. En hvers vegna gerist hann þá formælandi þessa frv. nú, sem fer fram á alt annað? Það er því þessi hv. þm. (Sv. Ó.), sem hefir snúist tvisvar í málinu síðan 1920, en jeg held því fram enn, sem jeg hjelt fram bæði 1920 og 1921.

Jeg verð að endurtaka það, sem jeg sagði áðan, að lánsheimildin er gersamlega óþörf, af því að hún er þegar til, enda á þessu ári engin ástæða til að taka nema bráðabirgðalán, sem stjórninni er ávalt heimilt að taka.

Jeg held, að það verði erfitt fyrir hv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.) að víta framkomu mína í þessu máli, því hún er alveg hin sama nú og í fyrra og hitt eð fyrra.

Þá var það eitt atriði í ræðu háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), sem jeg þurfti að svara. Hann sagði, að ekkert hefði sparast á þeim höftum, sem verið hefðu. En það var reiknað út í fyrra,

að miðað við verðlag árið 1917 og innflutning á því ári hefði sparast upp undir 2 milj. kr. á innflutningshöftunum. (J. Þ.: Jeg hafði þetta eftir hæstv. atvrh.). Það er rangt samt, og það sýna gögn þau, sem til eru um þetta efni síðan á þinginu í fyrra; og þessi upphæð er alls ekki svo lítil, er tekið er tillit til þess, yfir hve lítið svið höftin náðu.

Umr. frestað.

Á 46. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Atvinnumálaráðherra (Kl. J.): Jeg kvaddi mjer hljóðs í gærkveldi, til þess að svara stuttlega þeim háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) og háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Jeg skal ekki vera langorður, því að eins og jeg tók fram í gær, tel jeg langar ræður óþarfar og árangurslausar. Jeg gæti, eins og aðrir, haldið langar ræður um þetta mál, með almennum athugasemdum á víð og dreif og 'slagorðum, en jeg tel það ástæðulaust. Það nær því ekki til mín, sem hjer hefir verið sagt um það, að menn væru langorðir, því að í ræðu minni í gær var jeg stuttorður, og var strax kominn inn í „medias res".

Jeg veit, að háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) er dauður, en „turniment" okkar um skilning laganna frá 8. mars 1920 hefir farið fram með fullri „kurt og pí", og jeg skal reyna að haga svo orðum mínum, að hann hafi ekki ástæðu til að tala, en þykist þó vita, að hæstv. forseti muni leyfa honum að gera athugasemd, ef hann æskir.

Háttv. þm. (M. G.) hjelt því fram, að þessi lög, frá 8. mars 1920, hefðu í praxis verið skilin svo, að þau næðu einnig til nauðsynjavöru. Þetta er rjett, þau voru skilin svo 1920—21, en samvinnunefnd viðskiftamála, sem hafði þessi lög til meðferðar í fyrra, gaf skýringar á þeim, sem ganga í þveröfuga átt við það, sem háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) sagði. Vil jeg nú, þessu til sönnunar, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkur atriði úr nál.:

„Það hefir orðið að samkomulagi að fallast á, að lögin 8. mars 1920 hjeldust í gildi fyrst um sinn, en með því skilorði, að „óþarfur varningur" í þeim lögum merki einungis óþarfar vörutegundir, en alls ekki nauðsynlegar vörur". (Alþt. 1921. A. bls. 540—541).

Það sjest á þessu, að þessi nefnd tekur það skýrt fram, að lögin nái aðeins til óþarfa. Jeg verð því að álíta það rjett, sem jeg hjelt fram í gær og háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) fjelst einnig á, að ef banna ætti innflutning nauðsynjavöru, væri þetta frv. nauðsynlegt til frekari heimilda. Enn fremur virtist mjer háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) óttast það, að ef þetta frv. væri samþ., væru lögin frá 8. mars 1920 í voða. Jeg get nú ekki sjeð, að hann hafi ástæðu til þess ótta, því að ef þetta frv. verður felt, gilda auðvitað hin eldri lög áfram. Það er að vísu satt, að það má nota þau miklu frekar en gert hefir verið, og mjer er kunnugt um, að fyrverandi stjórn hafði í hyggju að bæta við þær vörur, sem bannaðar væru, öðrum, sem nema munu 600.000 kr., en hætti við það eftir tillögum bankanna, en eftir þeim má ekki banna innflutning nauðsynlegra vörutegunda, þó birgðir sjeu til.

Þá hjelt þessi háttv. þm. (M. G.) því og fram, að bannaðar vörur mundu samtals nema 2—3 milj. króna. En jeg hafði áður talið, að þær mundu nema 1.100.000 kr., eftir verslunarskýrslum

frá 1918. Jeg veit nú ekki með vissu um þetta, því að jeg hafði upplýsingar mínar frá Íslandsbanka, en taldi þó, að þær mundu rjettar. (M. G.: Málið var rannsakað í nefnd í fyrra). Jeg fer hjer aðeins eftir skýrslum bankans, og skal ekki þrátta um það, en jeg hygg, að þær skýrslur sjeu rjettar. Þá hjelt háttv. þm. (M. G.) enn fram, að hann sem haftamaður vildi, að taldar væru upp allar þær vörur, sem bannaðar væru með öllu, og sömuleiðis þær, sem bannaðar væru með skilyrðum, og ef það væri gert, gæti hann orðið með frv. Þetta getur háttv. þm. sýnt í verkinu enn þá með því að greiða atkv. með frv. til 2. umr. og gera þá þær brtt., sem honum líkar, enda þótt frv. tæki gerbreytingum við þær. Það hefir oft verið gert áður, og það er skemst á það að minnast, að háttv. þm. sjálfur kom fram með brtt., sem hefðu gerbreytt innihaldi frv., og taldi jeg þær brtt. til bóta. Sama getur hann enn gert. Og þessi leið væri vandaminst fyrir mig, eins og jeg hefi bæði tekið fram hjer og í viðskiftanefnd.

Þá hefi jeg ekki fleira að athuga við ræðu háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.).

Við ræðu háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hefi jeg ekki margt að athuga. Hann var sammála mjer um það, að ef banna ætti nauðsynjavörur, þyrfti frekari heimild frá Alþingi. Aftur hjelt hann því fram, að umræður og undirbúningur frv. hefðu valdið því, að kaupmenn væru búnir að birgja sig að þeim vörum, sem líklegt væri að bannaðar yrðu, svo frv. væri þýðingarlítið. Það má nú vera, að svo sje. en hitt hafði jeg heyrt, að kaupmenn biðu einmitt eftir úrslitum þessa máls hjer í þinginu, til þess að sjá, hvað best mundi henta þeim um kaupin. Hvort sannara er, veit jeg ekki, en hvorttveggja er slæmt, því jeg skal játa það, að langur undirbúningur á slíku máli sem þessu er óhæfur. Það á að fara fram í þinginu með allri leynd, líkt og tolllög, þannig að menn komi sjer saman um það bak við tjöldin, og gera það að lögum á svo stuttum tíma, að kaupmenn fengi ekki svigrúm til að byrgja sig að þeim vörum, sem banna ætti. En það er ekki mjer að kenna, þó ekki sje svo með það farið, og sennilega engum einum hv. deildarmanni.

Þá hjelt þessi hv. þm. (J. Þ.) því fram, að bannið mundi hafa þau áhrif, að vörur hækkuðu að mun í verði. Þetta þarf ekki að vera svo, því að eftir frv. á að hafa eftirlit með þessu. Það á að skipa nefnd, sem mundi þá ákveða verð varanna; get jeg því ekki sjeð annað en hægt sje að koma í veg fyrir þetta, en það mundi eins fara um þessi lög og önnur, að þau mundu verða til einkis gagns, ef þeim væri ekki framfylgt.

Þá spurði háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), hvort það mundi þjóðráð að banna innflutning á nauðsynjavörum, ef ís legðist að landinu. Jeg sagði ekkert það, að ástæða væri til að fá þetta út úr orðum mínum, og jeg hefði fyrir margra hluta sakir síst grunað þennan háttv. þm. um það, að hann mundi snúa út úr orðum mínum eða annara. Jeg sagði, að menn mundu gera of mikið úr hjörtu hliðinni, einkum háttv. meiri hl. viðskiftanefndar. Því þótti mjer ástæða til að minna menn á, að önnur hlið væri til á horfunum, að hafísinn gæti komið nú, eins og oft áður, og vildi með því benda mönnum á það neyðarástand, sem þá mundi geta orðið í landinu. Það hafa allir ræðumenn hjer í hv. deild tekið það fram, að þeir teldu ástandið ekki sem ákjósanlegast nú, hvernig sem á málið er annars litið. En hvernig mundi

það verða, ef hafísinn legðist nú að? Mundi þá ekki þörf á víðtækum ráðstöfunum, höftum og öðrum neyðarráðstöfunum? Jú vissulega. Jeg hygg. að flestir sjeu mjer sammála um það, og þá væri gott að hafa heimildarlög sem þessi, bæði hvað höft og gjaldeyrisráðstafanir snertir.

Loks endaði sami háttv. þm. (J. Þ.) ræðu sína á sama hátt sem háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.), að stjórnin hefði nægа heimild til haftaráðstafana í gildandi lögum, og rökstuddi það á rjettari grundvelli. Við þetta hefi jeg í rauninni ekkert að athuga, því það sýnir, að báðir þessir háttv. þm., eins og reyndar öll deildin, telja, að höft sjeu nauðsynleg, og að það sje sjálfsagt, að stjórnin hafi heimild til að beita þeim. Þetta má skoða sem ótvíræðan vilja þingsins, því enginn hefir farið fram á að afnema lögin 8. mars 1920.

Jeg get nú látið úttalað um þetta mál og býst ekki við, að jeg muni frekar skifta mjer af því, sem fram kemur, úr því mótstöðumenn haftanna telja, að stjórnin hafi heimild til að grípa til sinna ráðstafana, þó að engin frekari ákvæði um innflutningshöft verði samþykt nú.

Frsm. meiri hluta (Magnús Jónsson): Hæstv. atvrh. (Kl. J.) endaði ræðu sína með því, að hann myndi ekki frekar skifta sjer af máli þessu, og þykir mjer það undarlega mælt. **(Atvrh. Kl. J.:** Jeg sje, að útbýtt hefir verið núna á meðan jeg talaði, breytingartill., sem jeg mun að sjálfsögðu minnast á, þegar að þeim kemur). Jæja, við skulum láta það gott heita.

Hæstv. atvrh. (Kl. J.) vildi efast um, hvort rjett væri að álykta, að í þessum heimildarlögum fælist nokkur áskorun til stjórnarinnar um að setja á höft. Að vísu er þessi stjórn ung og óreynd, svo jeg veit ekki, hvernig hún lítur á þingviljann. En fái hún þessi lög samþykt með þeim forsendum, að þjóðinni sje að blæða til ólífis, alt sje að sökkva og drukna í óþarfa, og að iðjuleysingjarnir sjeu að gera út af við hinar fáu framleiðandi hendur, lúnar og beinaberar — þá kalla jeg hana bara góða og byrja vel, ef hún treystist að hundsa þann þingvilja, er að baki stendur. En fari þingið nú, þvert ofan í sjálft sig í fyrra, að setja slík heimildarlög, þá getur það ekki orðið með öðru móti en því, að þingið fallist á þessar röksemdir, er jeg nefndi, og haldið hefir verið mjög á lofti af talsmönnum viðskiftahafta.

Hitt er aukaatriði, að hafa lögin í bakhönd, ef hafís skyldi umkringja landið og önnur óáran af völdum náttúrunnar, enda hafði enginn minst á þetta atriði fyr en hæstv. atvrh. vakti máls á því.

Jeg man ekki, hvort jeg taldi óánægju fólksins með höftin sem ástæðu gegn þeim. En þó verður hæstv. atvrh. (Kl. J.) að viðurkenna, að erfiðara muni um framkvæmd þeirra laga, sem valda almennri óánægju.

Hann sagði líka, að kaupmenn biðu eftir úrslitum þessa máls með að birgja sig upp, svo mjer finst það ekki koma vel heim við þann flýti, sem hann vill hafa á þessari lagasetning. Því þingið og lögin gefa undir fótinn og segja: Kaupið á meðan tími er. Með þessu sýndi og sannaði hæstv. atvrh. (Kl. J.) einmitt mitt og meiri hl. mál, hve háskalegt er að vera að reiða haftasleggjuna á loft, því jafnvel áður en hún fellur, og áður en víst er, að hún muni falla, fer hún að gera skaða, með því að eggja menn á innkaup, meiri en annars mundi í ráðist.

Þá kem jeg að hv. þm. S.-Þ. (Ing. B.). Hann segir, að í nál. okkar meiri hl. manna sje gengið inn á það, að höft hafi verið nauðsynleg 1920. Það er þá prentvilla, ef svo er. Að vísu hefi jeg rekið mig á tvær prentvillur í nál., en ekki þessa, enda gefst jeg upp við að leita að henni. Þetta, sem hann segir, er hvergi viðurkent í nál., enda útrætt og afgert mál fyrir löngu. En það er sagt, að þær ástæður, sem þá voru, sjeu nú horfnar eða að hverfa, og á þessu hálmstrái byggir hann svo ályktanir sínar.

Hann hafði líka eftir mjer, að það væri rökrjett hugsun, að þeir, sem voru með höftunum í fyrra, væru nú á móti þeim. Þetta sagði jeg ekki, og er óviðkunnanlegt að vitna í orð manna og rangfæra, því það kostar altaf erfiði og tíma að rekast í því. Jeg sagðist vel geta skilið þá afstöðu manna, sem hefðu verið með höftunum í fyrra, en á móti nú. Og ein ástæðan er sú, að í fyrra var hægt að byggja á árs undirbúningsstarfi, en nú þarf að byrja á öllu frá rótum, og kemur öllum saman um, að undirbúningurinn einn kosti altaf minst eitt ár.

Hann sagði, að ef það væri rökrjett hugsun, að skakt hefði verið að afnema viðskiftahöft í fyrra, þá ætti að setja þau á nú aftur.

Það er nú svo. En það er þó sagt, að erfitt sje að iðrast eftir dauðann. Þó að maður sjái eftir að hafa skorið góðan grip, þá er ekki hægt með rökrjettri hugsun að lífga hann aftur. (L. H.: Þá reynir maður að afla sjer sem fyrst jafngóðs grips í staðinn.) En það verður aldrei sami gripurinn. Með afnámi haftanna í fyrra voru höftin slegin af, og ef nú á að grípa til bjargráða, þá verða þau að vera einhver önnur.

Þá taldi hv. þm. S.-Þ. (Ing. B.) reikninga mína ranga, af því að jeg dreg frá 4 miljónir króna, sem voru í óseldum afurðum. En þetta er bara hreinn og beinn misskilningur hjá hv. þm. (Ing. B.), eða þá útúrsnúningur, því reikningsskilin nú eru miðuð við áramót, en í fyrra voru þau miðuð við marsmánuð. Til þess að miða við sama tíma varð að telja það selt, sem í marsmánuði var selt, svo rjettur samanburður fengist.

Þá skildist mjer, að hann vildi draga alt enska lánið frá. Að vísu getur það verið álitamál, hvað mikið skal draga frá, en það nær engri átt að draga það alt frá. Stjórnin tók vist 2 miljónir í sínar greiðslur, og var það viðskiftunum óviðkomandi. Þá mun Landsbankinn hafa fengið £ 100000 eða 2700000 kr., sem hann telur með skuldum á þessu ári engu síður en í fyrra, og er í þessum 23 miljónum.

Þá taldi sami hv. þm. (Ing. B.) óhugsandi, að borgað hefði verið af lánum, og bygði þau ummæli á því, að atvinnuvegirnir hefðu ekki borgað sig. En þetta er misskilningur. Sje mikið framleitt og það selt sæmilega, þá gerir það sitt gagn í viðskiftaveltu landsins út á við, jafnvel þótt einstaklingarnir sjálfir bíði halla. Það, sem borgast af, kemur ekki eingöngu frá eigendum atvinnufyrirtækjanna af hreinum arði. Það getur verið stórgróði fyrir landið, að t. d. togarafjelag afli ágætlega og selji vel, jafnvel þó að eigendur bíði talsvert tjón, vegna of hárra verkalauna, of hárra skatta o. s. frv. Þessu tvennu ólíku má því ekki rugla saman.

Það mun vera satt hjá hv. sama þm. (Ing. B.), að almenningur vill spara. Þetta vilja allir, og sjálfsagt er, að við, löggjafarnir hjálpum til þess. En viðskiftahöftin geta ekki orðið sú hjálp,

sem þjóðin og einstaklingarnir þarfnast, með þeirri vaxandi dýrtíð, sem þeim fylgir. Hann hefir líklega miðað þetta við bændur, og að þeirra vegna væri óhætt að setja á höft, en gleymir hinu, að með því hækka allar vörur og vinnulaun líka.

Þá sagði sami hv. þm. (Ing. B.), að óhugsandi væri, að innflutningshöftin spiltu áliti landsins og lánstrausti út á við. Það getur verið, að þetta sje ekki fallegt til afspurnar, en satt er það samt, að fátæktarmerki spilla lánstrausti. Ef við skellum á innflutningshöftum nú, verðum við í augum erlendra þjóða stimplaðir sem fátækir menn, og spursmál, hvort þeim þykir mikið við okkur eigandi. Hitt er hverri þjóð nauðsynlegt, að halda áliti sínu út á við og láta á því bera í augum heimsins, að þær sjeu vel stæðar.

Enn sagði sami hv. þm. (Ing. B.), að ekki væri mikið byggjandi á því, að 2 miljónir sjeu tapaðar. Það er líklega satt; tapið, þegar öll kurl koma til grafar, er líklega m e i r a, svo um það skal jeg ekki frekar deila.

Annars finst mjer, eftir því sem fram hefir komið í máli þessu, að þá sjeu nú flestir gamlir sótraftar á sjó dregnir, úr því hafís, eldgos og jarðskjálftar eru orðnir meðal þeirra hyrningarsteina, sem höftin eiga að byggjast á. Eftir þeirri kenningu gætum við aldrei haftalausir verið, því að þó að hjer sjeu margir spámannlega vaxnir, hefir þó enginn sagt fyrir enn, hvenær vænta megi, að öll þessi undur dynji yfir landið.

Hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) er ekki viðstaddur, enda á jeg lítið vantalað við hann. Honum fanst mótsögn í nál. okkar að segja, að höftin væru kák, en þó tapi ríkissjóður miklu fje. Hjer má nú segja: „skýst, þó skýr sje“, því að í nál. stendur, „að ef höftin væru nokkuð annað en kák, mundi þurfa að hugsa ríkissjóði fyrir nýjum gjaldstofnum upp á hjer um bil 1 miljón króna“.

Þá taldi hann upphæðina, 1 milj., of háa.

Jeg hefi tekið nokkrar þær vörutegundir, sem gera má ráð fyrir að höftin banni innflutning á, svo sem v i n d l a o g v i n d l i n g a, t ó b a k, s ú k k u l a ð i, k a k a ó, v e f n a ð a r v ö r u, k o n f e k t o g b r j ó s t s y k u r, og gert meðaltalsskýrslu um innflutning og innborgaðan toll í ríkissjóð fyrir árin 1916—20.

Og sú skýrsla verður á þessa leið:

Vindlar og vindlingar	kg. 26	þús.	á 8	kr.	= 208.000
Tóbak	„ 92	„	„ 4	„	= 368.000
Súkkulaði	„ 64	„	„ 0/75	„	= 48.000
Kakaó	„ 19	„	„ 0/50	„	= 9.500
Vefnaðarvara	„ 678	„	„ 0/18	„	= 122.000
Konfekt og brjóstsykur	„ 27	„	„ 2	„	= 54.000

Þetta nemur til samans kr. 809.500, og verður ekki annað sagt en það fari að nálgast miljónina. En svo mætti eflaust nefna fleiri vörur, og gæti þá ríkissjóður og þjóðin fundið, að hjer væri ekki um neitt kák að ræða, og einhversstaðar frá yrði þessi tekjumissir að bætast.

Hann sagði, hv. sami þm. (M. G.), eða mjer heyrðist það, að jeg hefði haldið því fram, að enginn árangur hefði orðið af starfi viðskiftamálanefndarinnar. Jeg man nú ekki, hvað jeg sagði um þetta efni, enda skiftir það litlu máli. Í nál. er sagt, að enginn verulegur ávöxtur af starfi hennar hafi komið í ljós. Jeg skal ekki frekar fara út í þetta atriði, enda mundi það draga gamalt deilumál fram, sem vel má liggja í þagnargildi mín vegna.

Annars ætla jeg ekki að fara að karpa við hv. 1. þm. Skagf. (M. G.). Við erum að mestu sammála um þetta

frv., þó við hins vegar eigum ekki samleið um höft yfirleitt.

Eins er um hv. þm. Ísaf. (J. A. J.), að honum þarf jeg ekki miklu að svara, enda er lítið, sem okkur skilur. Hann vill taka einhverja stóra vörutegund, eins og t. d. vefnaðarvöru, og banna innflutning á henni algerlega. En á þessu eru ýmsir gallar, eins og hv. þm. (J. A. J.) benti á, og myndi koma misjafnlega niður. Í fyrsta lagi myndi vera hægt að sulla út í fólkið ónýtri vöru, en með ránverði. Auk þess er vefnaðarvaran margháttuð, og sitt þarf hver, en öllu slíku hægt þó að slá á frest um stundarsakir og birgja sig betur upp, þegar losað er um aftur. En þó veldur mestu, að vefnaðarvöruinnkaup eru gerð til eins árs í senn að mestu, og að þessu sinni búið, svo sparnaðurinn myndi lítill verða á þessu ári, þó bannaður væri innflutningur.

Jeg varð mjög glaður, þegar hæstv. fjrh. (Magn. J.) reyndi að komast úr þokunni, sem hvílt hefir yfir gjaldeyrisráðstöfununum, því vitanlega hafa flm. haldið þessu fram án þess að vita, hvað þeir fluttu. Hv. frsm. (Sv. Ó.), er var að bregða mjer um „utangarnamálflutning", hjó víst fullnærri sjálfum sjer hvað þetta atriði snertir.

En von mín brást. Hæstv. fjrh. (Magn. J.) útskýrði eiginlega ekkert, sló öllu á dreif, en vildi þó láta eins og skína í gegnum, að með þessum gjaldeyrisráðstöfunum væri raunar ekkert gert. Hann vildi gera mönnum skiljanlegt, að með „umsjón" væri átt við að safna skýrslum sem fyrst, og þeim sem mestum og bestum, svo hafa mætti gjaldeyrisástandið á því hreina. En þetta er ekki rjett. Þetta á önnur nefnd að gera, gengisnefndin, eða skráningarnefndin. Umsjón þýðir alt annað og meira. Henni fylgir íhlutunarrjettur. Þegar lögreglan hefir umsjón með umferð á götunni, þá er ekki nóg, að hún horfi á árekstrana. Hún á að koma í veg fyrir þá og reyna að bæta úr þeim.

En svo kom ráðstöfunin hjá hæstv. fjrh. (Magn. J.), og hann hugsaði sjer aðeins eitt tilfelli: „spekulation með íslenska krónu in blanko". Þetta er vitanlega „svindl", og kemur ekki nema þegar óheilbrigt verslunarástand er og einstakir menn „spekulera" í að selja einhverja vöru, sem þeir eiga ekki. T. d. þekkist slík verslun vestur í Ameríku, að menn selja hveiti, sem þeir eiga ekki, en kaupa það svo á eftir fyrir andvirðið, sem þeir fengu fyrir það.

Þetta eina tilfelli er því óhugsandi, því það er hindrað án okkar tilgerða. Nei, ráðstöfunin er auðvitað sú, að taka gjaldeyrinn og nota hann fyrir þarfa, en ekki óþarfa.

Þá er jeg nú kominn að hv. frsm. (Sv. Ó.). Skjöplaðist honum ærið málsvörnin, því að hann kom ekki nálægt málinu sjálfu, en hristi úr klaufunum á mig. Vonast hann víst til, að jeg reyni að dusta af mjer þetta ryk. Hafði jeg raunar ætlað að tala um þetta mál án nokkurrar áleitni, og gerði það í fyrri ræðu minni, en úr því svona er komið, verð jeg að svara honum í svipuðum tón, enda ekki hægt að svara honum öðruvísi, þar sem hann vjek ekki að málinu sjálfu.

Fyrst er það ýmislegt í fyrri ræðu hans, sem jeg hefði viljað svara, en get ekki tímans vegna. Honum þótti öll rök meiri hl. ljettvæg, án þess þó að hann loftaði nokkru þeirra, en aftur á móti bar hann fram þung og gullvæg rök máli sínu til stuðnings, svo sem mannfjöldann hjer á götunum, sem alt væru slæpingjar, sem hvíldu á lúnum höndum fáeinna framleiðenda. Hann sýnist hafa nokkuð þröngan og mjóafjarðar-

legan sjóndeildarhring í þessu efni. Hann heldur sýnilega, að slátturinn í Firði sje helsta framleiðslan. Hvað skyldi hann t. d. halda að margir hjer í Reykjavík sjeu framleiðendur? Líklega svona 20—30 menn, sem aldrei sjást á götunum af því að þeir eru svo lúnir. Þetta vil jeg kalla utangarnarök hjá hv. frsm. (Sv. Ó.).

Framleiðslan er meira en bara að losa gras og draga fisk úr sjó. Allir þeir, sem starfa að vörunni, eru líka framleiðendur. Allir, sem starfa að því, að kenna framleiðsluna, sömuleiðis. Það má gaspra um milliliðaleysi, en öll vara gengur gegnum millilið eftir millilið og hefir í för með sjer aukastörf. Þetta tal hv. frsm. (Sv. Ó.) er marklaust baðstofuhjal. Þetta, um mannfjöldann á götunni, er eins og álfur úr hól hefði talað, en ekki margvíðreistur, sigldur gáfnaberserkur, sem vafalaust hefir sjeð þennan vott um starfsemi í borgunum, en ekki iðjuleysi: mannfjöldann.

En hann er nokkuð utan garna, og honum er vorkunn, þótt hann æpi ekki alt eftir nótum, þegar honum er sveiflað í hengingaról síns eigin flokks, og flokkapólitíkinni er á hann sigað, svo að hann er ekki sjálfráður að orðum sínum.

Þetta eru hans rök. — Eða þá þegar hann telur þær tölur, sem í nál. eru teknar úr opinberum skýrslum, ágiskun, en færir svo á móti slúðursögur um eitthvert enskt firma, sem ekki þori að geyma peninga hjer í banka.

Vill hann ekki nefna firmað og bankann og kaupanda kröfunnar og kröfuna sjálfa og annað slíkt, því þá færi fyrst að verða á þetta lítandi. En þangað til skulum við skoða þetta eins og marklaust bull ráðþrota manns. Það er áreiðanlega heppilegast trausti voru, að slíkar sögur sem þessar sjeu ekki fóstraðar við barminn, og ábyrgðarleysi má það heita af þm. að bera slíkt fram í þingsalnum sem góð og gild rök.

Ræðu sína í gær byrjaði hann með því, að jeg hefði haldið 70 mínútna lestur. Skrökvaði hann nú ekki nema 10 mín., svo að eftir þeirri byrjun gerði jeg mjer góðar vonir um ræðu hans. En svo góð músik hefir hans eigin málrómur verið honum, að hann gætti þess ekki, að hann talaði sjálfur í 60 mínútur. Svo byrjaði nú ballið. Ekkert annað en reyna að spila á hatur til kaupmanna og það, að jeg væri þeirra útvalda verkfæri! Jeg gengi í hálfgert óþverrastarf fyrir þá háttvirtu. Borgaði of mikið fyrir pípuna. Hvaða pípu?

Ekki vantar illkvitnina, þó að rökin sjeu smá. „Berið þið mig í slarkið," sagði karlinn. Hann var örvasa, en vildi í slarkið. Hv. þm. (Sv. Ó.) hefir langað til að narta, en sárt er, að ekki skuli vera nema ein gemlan eftir. Það er náttúrlega ekki til neins að biðja um nein rök fyrir þessu. Hann er hjer bara að vinna óþverraverk, sem honum er vorkunn að vera settur í, og ekki vert að angra hann með, gamlan manninn. Hann kallar hina frjálsu verslun evangelíum auraprangaranna. Það er nú svo, að þessi lausn á viðskiftum hefir sína ókosti, en samt er hún það, sem menn hafa næst komist því, sem er öllum heppilegast. Það er svo mikil firra, sem engu tali tekur, að það sjeu kaupmenn, sem á því græði. Samkepnin er einmitt það nauðsynlega band á sjálfræði þeirra, — en hún ríður þá á slig, sem vilja okra. — En hafta-evangelíið, það er leiguþjóna evangelíum, því það gengur út á verndun einstakra, sem ekki þola samkepnina.

Frsm. (Sv. Ó.) rak sjálfum sjer löðrung, þegar hann sagði, að jeg talaði illa um skjólstæðinga mína. Smygl og ann-

að. Datt ekki í hug það, sem nær lá, að hjer væri ekki um neina skjólstæðinga að ræða, heldur þvert á móti. Haftamenn hafa sagt, að ýmsir kaupmenn sjeu með höftum. Og því get jeg trúað.

Þá sagði hv. frsm. (Sv. Ó.), að kaupmenn græddu í skjóli lággengisins og peningaskortsins, og væru jafnvel þeir einu, sem það gerðu. Maður gæti næstum því haldið, að mannauminginn hefði látið eitthvað ofan í sig, sem hefði svift hann ráði og rænu, því hvernig geta kaupmenn grætt á því að kaupa vörur dýrt inn, en svo eru engir, sem geta keypt af þeim.

Þá taldi hann, að tölurnar í nál. væri villandi. Skuldirnar væru í erlendum peningum, og væru því talsvert meiri vegna gengismismunarins, en hjer er það við að athuga, að langmest af skuldum Íslandsbanka er í íslenskum krónum. Þetta hefir hann alt getað gengið úr skugga um í nefndinni, svo að hann skrökvar þessu.

Þá koma plágurnar 7. Var hann ekki viss um, hvort það væri plágur eða kýr, horaðar kýr. En hvort sem það voru plágur eða kýr, þá rjeðst hann á þær af svo miklum móði, að maður hjelt, að hann ætlaði að leiða út úr sínu andlega fjósi 7 feitar kýr innflutningshaftanna. En hvernig fór?

Hann leggur í þá fyrstu, atvinnutjónið. Jeg tók það nú skýrt fram, að jeg taldi það ekki stærstu ókostina við höftin. En hann fjekk það út, að það væri „þjóðfjelagslegt happ", að þessar þúsundir manna mistu atvinnu við höftin.

Þegar hann svo hafði teymt þessa einu atvinnuleysiskú fram, þá gafst hann upp og slepti hinum 6. — Það er ekki ljót landbúnaðarsýning þetta, sem innflutningshöftin leiða fram.

Þá fór hann að tala um gjaldeyrisráðstafanir, og fór um leið að tala um, að jeg væri utan garna, enda hefði annað starf. Það er kanske eitthvað annað en þessi hv. sessunautur minn (Sv. Ó.), sem lifir ekki í öðru en stjórnmálum og stjórnvisku. Skaði meðan honum er ekki gefinn stjórnarhattur, svo að hann líkist sem mest fyrirmyndinni. — En hvernig fór svo, þegar hann fór að rekja sínar pólitísku garnir í þessu efni.

Man nokkur háttv. þm., hvað hann sagði um gjaldeyrisráðstafanir? Nei, og ekki hann sjálfur. Þegar hann byrjaði að tala, vissi hann ekki, hvað hann ætlaði að segja; meðan hann var að tala, vissi hann ekki, hvað hann var að segja, og eftir á veit hann ekki, hvað hann hefir sagt. Ekkert nema eitt gaul í tómum görnum.

Hann talaði um alt, nema málið sjálft. Fyndinn vildi hann vera og brá sjer í þeim erindum vestur að Fróðá. Náttúrufræði ætlaði hann að fara að kenna, en ruglaði saman bola og sel og gafst svo upp.

Jeg nenni ekki að elta þetta lengur. Hann sagði, að jeg væri að vinna óþverrastarf. Já, það er satt, það er óþverrastarf að fást við mann, sem slettir aur á allar hliðar, og jeg geri það ekki af ánægju að deila með þessum hætti. Í fyrri ræðu minni hjelt jeg mjer að málinu og hafði enga áreitni við neinn. En þessi illkvitni háttv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.) gerir það að verkum, að eftirleikurinn er óvandari. En mjer getur þótt vænt um þetta. Það gerir minst, þótt á mig slettist. Hitt er meira vert, að þetta frv., sem hjer er til umr., verði ekki látið gera óþarfa skaða.

Fjármálaráðherra (Magn. J.): Aðeins fáar aths. viðvíkjandi síðustu ræðu hv.

4. þm. Reykv. (M. J.). Mjer skildist á orðum hans, að honum þætti orð mín og afstaða í þessu máli ekki nógu skýr. Var auðheyrt, hvar skórinn krepti, að hann vantaði eitthvað í mitt mál til að ráðast á. En því er nú svona varið um hvert mál, sem er blátt áfram og ekki vafið neinni blekkingarvoð, að það er ekki gott að finna fangstað á því. Það, sem jeg sagði um þessi ákvæði, er nákvæmlega það, sem liggur í þeim, en ekkert meira, og verður háttv. þm. (M. J.) að afsaka það.

Háttv. þm. (M. J.) mintist á það, viðvíkjandi umsjón með gjaldeyrinum, að meira þyrfti að gera en bara vita, hvernig sakirnar stæðu þar. Þessu gerir frv. einmitt ráð fyrir, en þær frekari ráðstafanir, sem háttv. þm. (M. J.) hugsar um, þurfa engan veginn að vera gjaldeyrisráðstafanir, heldur það, sem frv. ráðgerir: takmarkanir á innflutningi. Það verður sama nefndin, sem um gjaldeyrinn á að fjalla, og sú, sem fer með heimild til að hefta innflutninginn, og verður starfi hennar í þessum efnum aðeins tvær hliðar á sama málinu. Þegar nefndin sjer fram á gott gjaldeyrisár, þá þarf hún ekkert annað að gera en sjá það. Sje útlitið aftur á móti skuggalegt, þá verður hún að taka til sinna bragða, innflutningshaftanna.

Háttv. þm. (M. J.) sagði, að það lægi í augum uppi, að enga nauðsyn bæri til gjaldeyrisheimildarinnar, því á gengis-„spekulationum“ sje nú mest hættan í Kaupmannahöfn, en þar sjeu einmitt til höft gegn þeim. Þetta er að nokkru leyti rjett, en það er að engu leyti í okkar valdi, hvort lagaákvæði eða reglugerðir í öðrum löndum standa lengur eða skemur. Finst mjer eðlilegt, að íslenska ríkið ætti íslensk lög til þess að hefta brask með íslenskan gjaldeyri, án þess um nauðsyn fram að flýja á náðir annara ríkja í þessu efni Getur og vel komið fyrir, að slíkt brask ætti sjer stað hjer heima, og væri þá ekki verra, að heimild sje til að hefta það. Því hefir verið haldið fram af sumum hv. þm., að heimild til innflutningshafta og yfirleitt viðskiftaráðstafana geti leitt af sjer mikið tjón. En jeg vil þá benda mönnum á, að einmitt slík heimild, sem frv. fer fram á, er gott dæmi upp á það, að heimildin ein getur verið til mikils og jafnvel fulls gagns. Vitneskjan um það, að stjórnin geti á hverju augnabliki tekið í taumana, gerir einmitt alt gjaldeyrisbrask að svo fullkomnu áhættuspili, að heimildin ein getur orðið til þess, að alls ekki sje byrjað á þvílíku háttalagi.

Frsm. minni hl. (Sveinn Ólafsson): Jeg vil fara að ráðum hæstv. atvrh. (Kl. J.), sem óskaði eftir því, að umr. um þetta mál yrðu ekki teygðar að óþörfu; enda er það ekki holt fyrir mál, sem er svo mikilsvert sem þetta, að farið sje út fyrir eðlileg takmörk þess og því drepið á dreif. Jeg vil líka fúslega kannast við það, að hv. þdm. hafa fylgt þeirri reglu í þessum umr. að orðlengja ekki mikið, og ef undantekningar eru frá því, þá munu þær helst snerta okkur nágrannana hjerna á horninu.

Jeg þykist mega ráða það af öllum veðurmerkjum, að hugir hv. þdm. sjeu smám saman að þokast nær hugmynd þeirri, sem bak við þetta frv. liggur, og þykir mjer vænt um það. Hitt er mjög eðlilegt, að fyrirkomulagsatriðin valdi nokkrum ágreiningi. Frv. kom fyrirvaralítið inn í deildina, og er því eðlilegt, að menn þurfi nokkurn tíma til að átta sig á því. Tveir hv. þm. hafa að vísu tekið illa upp aðferðina, en þó

hefir það komið í ljós í ræðum þeirra, að þeir eru hugmyndinni hlyntir. Það eru þá einkum fyrirkomulagsatriðin, sem eru þyrnar í augum þeirra. Að hugir hv. þm. sjeu smám saman að þokast í áttina til frv. sýna brtt. þær, sem fram eru komnar við það. Að vísu er jeg ekki alls kostar ánægður með þær, en verð þó að líta á þær sem skynsamlega tilraun til málamiðlunar. Jeg ætla annars ekki að fjölyrða neitt um málið að þessu sinni, og síst af öllu að kljást við sessunaut minn (M. J.). Aðeins vil jeg leyfa mjer að benda á það, að hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) virtist hafa misskilið þau ákvæði frv., sem ræða um eftirlit með gjaldeyrinum. Hann lítur svo á, sem hjer sje um það að ræða að svifta menn yfirráðum yfir fje sínu og fara lögnámsleiðina. Eins og hæstv. fjrh. (Magn. J.) hefir nú tekið fram, þá er það ekki hugsunin, nema þá í ítrustu nauðsyn. Annars tel jeg rjett að aftra því, að þeir, sem útlendan gjaldeyri eiga, noti áhrif sín til að fella íslensku krónuna í verði með honum. Að öðru leyti get jeg ekki betur sjeð en að hv. þm. geti fallist á innflutningshöftin, ef skýrt kæmi aðeins fram, um hvaða höft sje hjer að ræða eða hve víðtæk.

Hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) þarf jeg ekki að svara frekar en jeg hefi gert. Jeg hefi altaf vænst þess, að hann að lokum myndi fylgja þessu frv., er það væri komið í það horf, sem honum væri geðfelt, en það virðist ekki gott að gera honum þar til hæfis. Hann hefir sjerstaklega á móti ráðstöfun gjaldeyrisins, en óbeit hans á þeirri ráðstöfun ætti að hverfa við skýringu þá, sem hæstv. fjrh. (Magn. J.) gaf.

Mjer er það vel skiljanlegt, að frá sjónarmiði andstæðinga frv. sjeu ákvæðin um gjaldeyrinn hættulegri en höftin sjálf. — Jeg skal annars ekki tefja tímann með því að fara út í það frekar, en verð nú, fyrir siðasakir, að lúka máli mínu með nokkrum orðum til hv. sessunauts míns (M. J.). Hann áleit, að eftir fyrri ræðu mína þyrfti ekki að rökræða málið við mig, og hefði jeg í stað raka ráðist á hann. Jeg veit ekki betur en að það væri hann, sem byrjaði að tala án raka í þessu máli, og mældi jeg honum aðeins í sama mæli og hann hafði mælt mjer. Þykir mjer undarlegt, að hann skuli ekki muna það, að það var hann, sem vakti þessa deilu og rjeðst á mig þegar eftir framsöguræðu mína. Geri jeg þó ráð fyrir, að þetta stafi frekar af minnisleysi en af hinu, að hann fari vísvitandi með rangt mál.

Um ræðu hans er annars það að segja, að hún var einn óslitinn loddaraleikur, til þess gerður að reyna að skemta þeim „háttvirtu“ á áheyrendapöllunum. Hv. þm. (M. J.) uppskar líka tvo hlátra fyrir sitt erfiði, en heldur hygg jeg það magra uppskeru, því jeg hygg, að hjer hafi ræst málsháttur inn: „Löngum hlær lítið vit.“ Annars fór hv. þm. (M. J.) ekki sjerlega óvilhalt í sakirnar. Hann bútaði í sundur ræðu mína og sneri út úr henni, setti fram setningar í öfugum samböndum, og reyndi svo að finna höggstað á þeim vanskapningum, sem hann var þar búinn að búa til. Er ekki undarlegt, þótt með þessu móti sje hægt að fá skringilegar niðurstöður til að skemta með hláturmildum mönnum og heimskum. Verði þeim gott af, er á hlýddu, og sakar ekki, þótt kjósendur þessa hv. þm. (M. J.) fái að sjá, hvernig umhorfs er í hans „andlega fjósi“, og hversu fimlega honum farast fjósaverkin. Í alvöru talað verð jeg annars að segja, að mjer fanst þessi ræða hans tæplega samboðin slíku prúðmenni, enda var hún fyrir neðan alla „kritik“.

Eitt atriði í ræðu hans snerti þó málið, og vil jeg svara því. Hann vildi nefnilega rengja það, sem jeg hafði sagt um föllnu skuldirnar, og vill hann fullyrða, að þær sjeu yfir 2 miljónir króna. Jeg hygg nú, að það megi með alt eins góðum líkum segja, að ekkert af þeim skuldum, sem hjer er um að ræða, sjeu týndar skuldir, heldur rjettkræfar. Honum fanst jeg líka sekur um goðgá, þar sem jeg leyfði mjer að vefengja opinberar skýrslur hagstofunnar. Það er lítil ástæða fyrir hv. þm. (M. J.) að reyna að vefja málið á þennan hátt. Hjer er ekki um það að ræða, að vefengdar sjeu skýrslur hagstofunnar, heldur það, sem meiri hl. nefndarinnar hefir hnýtt aftan við þær. Er þetta svo augljós blekkingartilraun, að furðu gegnir, að nokkur skuli hafa einurð til að bera hana fram, og sýnir hún, hve ófeiminn þessi hv. þm. (M. J.) er, þegar hann ætlar að „hrista úr klaufunum“, eins og hann kveður svo spaklega að orði.

Hann hjelt því fram, hv. þm. (M. J.), að samkepnin væri eini hemillinn á kaupmönnum, sem dygði, og sjálfsagt væri því að láta hana leika lausum hala. Þetta er maður nú búinn að heyra aftur og aftur á stríðsárunum. Og þegar jafnvel við lá, að sulturinn yrði landlægur hjer, þá var þessu einna mest hampað. En það vildi nú samt svo heppilega til, að þau lokaráð urðu ekki upp tekin að fá henni einveldið, og fyrir það tókst nokkurn veginn að ráða bót á neyðinni, sem yfir vofði þá, og vikja frá þessari blekkingarkenningu. Kenningin er líka hættulegt vopn, sem enginn maður með óskertri ábyrgðartilfinningu ætti að leyfa sjer að beita. Vopn, sem að vísu sakar lítið, þegar öll viðskifti eru komin í lag, en verður banvænt, ef í harðbakka slær, og erfiðir tímar steðja að.

Skal jeg svo ekki tefja tímann frekar.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. atvrh. (Kl. J.) viðurkendi það í raun rjettri, að í lögunum frá 1920 lægi það, sem jeg sagði í fyrri ræðum mínum, en hins vegar kvað hann samvinnunefnd viðskiftamálanna í fyrra hafa skýrt þau svo, að það gengi í þveröfuga átt við skoðun mína. Jeg verð nú að halda því fram, að orð þeirrar nefndar eða skýringar geti ekki að neinu leyti breytt lögunum. Í þeim er stjórninni heimilað að hegða sjer á ákveðinn hátt, og því verður ekki breytt nema með nýjum þingvilja og nýjum lögum. Nú hefir þingviljinn í fyrra heft framkvæmd þessara laga, um höft á nauðsynjavörum, og stendur því óhaggað það, sem jeg hefi sagt, að ekkert þarf annað en upphefja þann þingvilja með öðrum nýjum, og þá hafa þessi lög aftur öðlast fullan kraft. Hæstv. ráðh. (Kl. J.) er því á villigötum í þessu máli. Lögin frá 1920 eru í fullu gildi, ef meiri hl. þingsins vill svo vera láta. Ný lög þarf því engin. Ef hann er ekki sannfærður um þetta, er það af því, að hann vill ekki láta sannfærast.

Það er eigi vegna ákvæðisins í fyrri hluta 1. gr., sem jeg er á móti frv., heldur vegna ákvæðisins í öðrum hluta sömu greinar.

Jeg skil ekki, hvað hv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.) meinar með að segja, að jeg sje nú að þokast nær. frv. Jeg hefi ekki látið nokkurt orð falla í þá átt; hefi aðeins tekið fram, að jeg sje ekki á móti fyrri hluta 1. gr. þess.

Þá þóttist hann ekki geta skilið, að skýring hæstv. atvrh. (Kl. J.) gat ekki sannfært mig. Jeg sje ekki neina ástæðu

til að setja lög út af einhverri óþektri hættu, sem ef til vill gæti komið fyrir einhvern tíma í framtíðinni. Þá mætti halda áfram óendanlega.

Annars þykir mjer vænt um, að hv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.) heldur eigi lengur fram, að jeg sje horfinn frá stefnu minni.

Jakob Möller: Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka til máls við þessa umr., og get jeg ímyndað mjer, að háttv. þm. þætti rjett, að jeg hefði staðið við þann ásetning minn, en eftir því, sem umræður hafa fallið, get jeg ekki látið hjá líða að segja nokkur orð.

Jeg verð að játa, að mig furðar á því, hversu ýmsir háttv. þm., sem voru á þingi í fyrra, geta nú feimnislaust, eða feimnislítið, algerlega snúið við blaðinu og talað þvert á móti því, sem þeir greiddu atkv. með í fyrra. Við nánari athugun verður þetta samt ekki svo undarlegt, því að í þessu máli hafa hv. þm. altaf verið að snúast síðan það fyrst kom fram, og það er því varla von, að þeir geti hætt að snúast fyrst um sinn.

Mál þetta kom fyrst til þingsins kasta 1920. Það hefir áður verið bent á það af háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.), hvað snertir innflutningshöftin, og jeg get bætt við því, að gjaldeyrishöftin voru þá líka á döfinni, en frv. um þau var felt með rökstuddri dagskrá.

Hv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.) var þá á móti þessum frv. Hann neitaði því að vísu í gær, en honum þýðir ekkert að neita því, því jeg man, að hann var það, og man líka orðin, sem hann viðhafði. Sagðist hann verða að vera á móti frv., ef skipa ætti nefnd; en nú er hann ekki einungis með frv., heldur einnig með því að skipa nefnd. Hefir alveg snúið við blaðinu.

Jeg skal benda háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) á, að það, sem hann sagði í gær, að hæstv. stjórn hefði eftir lögunum frá 1920 sömu heimild og farið er fram á í þessu frv., er æði hæpið. Man jeg ekki betur en að fyrverandi stjórn vildi mjög eindregið fá frekari heimildir í fyrra, en það var felt. En nú er ætlast til, að þingið jeti ofan í sig þá ákvörðun.

Annað, sem mig furðar á, er það, hve ástúðlega háttv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.) getur komið saman við hæstv. atvrh. (Kl. J.) um þetta mál, er litið er á, hvernig orð hæstv. atvrh. (Kl. J.) hafa fallið. Frv., og fylgi háttv. frsm. minni hl. við það, er bygt á því, að nú þegar sje knýjandi nauðsyn á að grípa til öflugra innflutningshafta. Hæstv. atvrh. (Kl. J.) er á móti því og segir, að nú sje ekki nokkur nauðsyn á innflutningshöftum, og ekki komi til mála, að stjórnin noti heimildina að svo stöddu, þó að hún fái hana, en jeg hefi samt ekki orðið var við, að háttv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.) hafi neitt við framkomu hans að athuga. En þar með er þó öllum grundvelli kipt undan frv. Það er ekki einungis orðið ástæðulaust, heldur og beinlínis stórhættulegt, svo sem bent hefir verið á.

Jeg held, að það sje rjettast að geyma til síðasta stigs málsins hugleiðingar um, hvað úr þessu muni verða. — Jeg sje ekki betur en að frá þessu frv. sje þannig gengið, að ómögulegt sje að sjá, hver meiningin er með því. Eftir orðum frv. eiga hömlurnar að ná til alls varnings, nauðsynlegs sem ónauðsynlegs, en eftir ræðu aðalflutningsmanns (Sv. Ó.) aðeins til ónauðsynlegs varnings. Mjer sýnist því, að niðurstaðan muni verða sú, að frv. verði ekki samþ. óbreytt, og sje jeg líka, að fram er komin breytingtillaga við það, til skýringar, þó að ekki

sje hún frá flm., og mun þá sennilega koma í ljós, að það dregur sig saman, sem saman á hjer á þinginu, þegar sú till. kemur til umr.

Aðaltilefnið til þess, að jeg stóð upp í þetta sinn, var, að mjer þótti ekki úr vegi að athuga afstöðu hæstv. stjórnar til þessa máls. Jeg er í vandræðum með að fá nokkurn botn í hana.

Jeg hjó eftir því hjá hæstv. atvrh. (Kl. J.), að hann neitaði fyrst, að umtalið um höftin hefði haft nokkur áhrif á vöruinnflutning til landsins, en hann játaði, að það væri beðið með óþreyju eftir úrslitum málsins. Það er því augljóst, að hann gerir sjer þess fulla grein, að ef frv. yrði samþ., mundu menn flýta sjer að flytja sem mestan varning inn í landið. — Hæstv. atrh. (Kl. J.) hefir þannig játað, að lögin, þegar á fyrsta stigi, mundu ganga í þveröfuga átt við tilgang sinn.

Þá sagði hæstv. atvrh. (Kl. J.), að stjórnin ætlaði sjer alls ekki að nota þessa heimild strax, heldur vildi hún aðeins fá lögin samþykt, og svo ætlar hún með jafnaðargeði að taka því, þótt kaupmenn rjúki til og kaupi upp kynstrin öll af allskonar varningi, þörfum og óþörfum.

Ef hæstv. stjórn gerði sjer ljóst, hver afleiðingin mundi verða af þessum heimildarlögum, og ekki ætlaði sjer að nota heimildina strax, þá ætti hún með hnúum og hnefum að berjast á móti lögunum, í stað þess að hún nú leggur alt kapp á að fá þau samþykkt.

Vegna þessa get jeg ekki varist að draga þá ályktun, að hæstv. stjórn sje sjer ekki vel meðvitandi, hver ábyrgð fylgir till. hennar, í hvaða máli sem er, og ekki síst í slíkum málum sem þessu.

Hæstv. forsrh. (S. E.) sagði í stefnuskrárræðu sinni, að stjórnin mundi í samráði við þingnefndir rannsaka, hvort ekki bæri að takmarka vöruinnflutning til landsins, til að hækka gengi ísl. kr. Mjer skilst, að slík rannsókn hafi nú farið fram, og að meiri hl. hv. nefndar hafi komist að þeirri niðurstöðu, að þetta bæri e k k i að gera. Mjer skilst sömuleiðis, að hæstv. stjórn sje háttv. meiri hl. nefndarinnar sammála; að minsta kosti verða orð hæstv. atvrh. (Kl. J.) ekki skilin á annan veg.

Með öðrum orðum, stjórnin hefir í samráði við þingið rannsakað málið, en komist að þeirri einkennilegu niðurstöðu, að hún eigi að hegða sjer þveröfugt við árangurinn af rannsókninni.

Eins og jeg tók fram áðan, get jeg ekki sjeð, að þetta beri vott um þá ábyrgðartilfinningu, sem gera má kröfu til að hæstv. stjórn hafi.

Ef ætti að gera grein fyrir afstöðu hennar, er ekki hægt að álykta annað en að hún sje að reyna að synda á milli skers og báru í þinginu. Hún veit, að hún situr að völdum fyrir tilstilli tveggja ólíkra flokka. Það er auðvitað mjög óheppilegt fyrir hana, en mjer skilst, að undir þeim kringumstæðum sje ekki til nema ein leið, að hún myndi sjer sjálfstæða skoðun og hagi sjer þar eftir. — En til að ljetta áhyggjunum af henni skal jeg lýsa því yfir — af því að jeg kann að einhverju leyti að hafa verið talinn stuðningsmaður þessarar hæstv. stjórnar, — að mín vegna þarf hún ekki að haga seglum eftir vindi, því jeg sje nú, að jeg get ekki átt samleið við hana.

Það er ekki nema gleðilegt, að maður komi í manns stað, og sje jeg, að svo muni verða. Fagna jeg því, og óska hæstv. stjórn til hamingju með þá fylgismenn, sem henni hafa áskotnast.

Ingólfur Bjarnarson: Jeg skal ekki eyða tímanum í að þræta um óveruleg atriði, svo sem skilninginn á nál. hv.

meiri hl. En jeg vil halda því fast fram, að jeg hafi haft ástæðu til að leggja þann skilning, sem jeg gerði, í ummæli nál., að þar væri kannast við rjettmæti innflutningshafta, enda hafa sumir hlutaðeigendur viðurkent það. Skal jeg aðeins skjóta þessu skilningsatriði undir dóm hv. deildarmanna.

Einnig vil jeg geta þess, að orðin, sem jeg tilfærði úr nál., að eftir rjettri hugsun ættu þeir, sem voru á móti höftunum í fyrra, að vera á móti þeim nú, eru rjett eftir höfð, en auðvitað lagði jeg ekkert upp úr þessum ummælum, og því þýðingarlaust að þrátta um þau.

Þá kem jeg að aðalatriðinu, en það er útreikningur hv. meiri hl. um, hve miklar afborganir hafi orðið á árinu.

Jeg þakka hv. frsm. meiri hl. (M. J.) fyrir skýrslu hans, sem sannaði alt annað en að athugasemd mín væri ónákvæm eða villandi. Hann sagði, að óseldar afurðir við síðustu árslok hefðu verið dregnar frá, til samræmis, af því að fyrri skuldauppgerð væri miðuð við marsmánuð. Látum svo vera. En þá hefir fallið úr ekki ómerkur liður, sem sje úttektin frá janúar fram í mars, eigi samanburðurinn á annað borð að vera í samræmi við ástandið á sama tíma í fyrra. Jeg veit ekki, hvað hún muni nema miklu nú, en á 1. ársfjórðungi í fyrra nam hún á 7. milj. kr. Líklega er hún nokkru minni nú, en á þennan tíma falla þó að sjálfsögðu innkaup mikil til útgerðarinnar, kol, salt og olía; og hlýtur því þarna að koma til greina upphæð, sem ekki getur verið minni en jeg áætlaði í fyrri ræðu minni, eða um 4 milj. kr.

Annars tel jeg, að það hljóti að vera ljóst, að ekki geti annað komið til mála en byggja verði á þeim tímamótum, er skuldirnar voru teknar upp á, og sömu aðferðinni verði að beita, nefnilega draga óseldar innlendar vörur frá skuldunum í hvorttveggja skiftið, eða hvorugt. Og þá líka jafnaugljóst, að meiri hl. hefir í áliti sínu oftalið skuldaafborganir um 4 miljónir, þar sem hann hefir dregið þá upphæð frá skuldunum í árslok fyrir óseldar afurðir, en ekkert dregið frá í ársbyrjun fyrir óseldum afurðum, sem þó hafa sjálfsagt verið eins miklar, enda ekki á móti því mælt.

Þá vil jeg til upplýsingar benda á, að við árslokin hafa verið stórum minni útlendar vörubirgðir í landinu en við ársbyrjun. Sú skuldaminkun, sem fram er komin við útlönd á árinu, með því að ganga þannig á vöruforðann, hún tilheyrir í raun rjettri varla þessu ári. Þetta vildi jeg taka fram til að sýna, að samanburðurinn verður af þessum sökum villandi.

Um enska lánið fanst mjer, að við hv. frsm. meiri hl. (M. J.) mundum vera nokkurn veginn sammála. Jeg sagði, að ekki væri talið nema um 6 miljónir kr. í skuldauppgerðinni af enska láninu í greinargerð hv. meiri hl., en þjóðin hefði komist í 10 milj. kr. skuld, og ætti það alt að teljast, ef sjá ætti, hvort skuldir þjóðarinnar hefðu aukist eða minkað á tímabilinu.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl. (M. J.), að þjóðin gæti minkað skuldir sínar út á við, þótt atvinnurekendur biðu halla við reksturinn, og hið sama var háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) einnig búinn að taka fram. Jeg játa, að þetta geti verið rjett, og hefi aldrei haldið því gagnstæða fram. Aðeins álít jeg, að þegar tapið á framleiðslunni hefði verið jafnmikið og almennt og í fyrra, gæti naumast verið að ræða um miklar afborganir út á við.

Mjer virtist hv. frsm. meiri hl. (M. J.) vilja halda fram þeirri skoðun, að

hagfræðislega sjeð væri hollara að bera sig borginmannlegar en ástandið gæfi rjett til og reyna að villa öðrum sýn um, hvernig hagurinn væri. Þetta er kenning, sem vitanlega sumir hallast að og hegða sjer eftir; en jeg hjelt, að hún yrði naumast flutt á þingi þjóðarinnar sem heilsusamleg eða viðeigandi. Held jeg og, að hollara sje að kannast við hið raunverulega ástand, bæði fyrir sjálfum sjer og öðrum, og gera þær ráðstafanir til að lagfæra það, sem tiltækilegar kunna að þykja.

Jón Baldvinsson: Það hefir verið sagt, að best mundi að koma með athugasemdir þær, er gera þyrfti við frv., nú við 1. umr. þess, því að það mundi ekki eiga langt líf fyrir höndum. Nú heyrist mjer samt helst, að fremur muni eiga að lappa upp á það og láta það svo lafa; en jeg ætla þó að segja nokkur orð þegar.

Jeg hefi enn þá sömu skoðun og jeg lýsti hjer í fyrra, að innflutningshöft sjeu ekki til bóta. Vjer vitum, hvernig gekk um framkvæmd þeirra meðan viðskiftanefndin var, og var hún þó skipuð helstu viðskiftafrömuðum þessa bæjar. Árangurinn varð nauðalítill. Aftur er það víst, að höftin auka dýrtíð á þeim vörum, sem bannaðar eru, en það kemur niður á neytendum varanna, og mundu það einkum verða kaupstaðarbúarnir. Þeim ákvæðum frv., sem um höftin fjalla, er jeg því gersamlega andvígur.

En það er annað í þessu frv., sem komið gæti til mála að halda í, og þó því aðeins, að það yrði lagað. Það eru gjaldeyrisráðstafanirnar. Ef hægt væri að koma því til vegar, að allur gjaldeyrir erlendur, sem til fellur, færi um bankana, þá væri það áreiðanlega mikil úrbót. Það er eitt skilyrði þess, að koma lagi á fjármál vor út á við og bæta gengi peninga vorra. En þar eru nú voldug öfl, sem toga á móti. Framleiðendur hafa nú sjeð það, sem vitanlegt var, að þeir mundu eiga fleiri krónur í haust, ef krónan fjelli. Og jafnvel hjer í hv. deild hefir því verið haldið fram, að þetta væri hagur þeirra. En hitt er áreiðanlegt, að þetta er ekki hagur fjöldans, því að vörur hljóta þá að stíga og dýrtíð að magnast af nýju. Og gróði framleiðenda er óviss líka, því að kaupgjald hlýtur að stíga með vöruverðinu, nema menn sjeu látnir vinna fyrir minna en þeim ber. Og mörgu krónurnar eru ekkert mætari en hinar fáu, þegar ekki fæst meira fyrir þær af raunverulegum verðmætum. Þó er nú sennilegt, að þeir meti stundarhag sinn mest og vilji því láta krónuna falla. Þá taka þeir að bralla með gjaldeyrinn utan hjá bönkunum og reyna að koma honum sem hæst. Ef bankinn selur sterlingspund á 26 kr., en getur ekki fullnægt eftirspurninni, þá bjóða þeir það ekki lægra en 27 kr. Það eykur enn meira eftirspurn eftir sterlingspundum hjá bönkunum, af því að þau eru lægri en aðrir bjóða, og það endar með því, að bankinn neyðist til að kaupa af útflytjendum fyrir 26 kr. hvert pund sterling, en þá hækkar hann um leið útsöluverðið upp í kr. 26.50 eða svo. Þessu líkt hefir víst gengið undanfarið, því að krónan hefir fallið talsvert þrátt fyrir góðar horfur um framleiðslu og sölu. Sterlingspund hafa nú á allstuttum tíma hækkað úr 26 kr. upp í 27,50 í bönkunum. Og bankarnir virðast hafa verið alveg máttlausir gagnvart þessu.

Að vissu leyti má nú víst segja, að þetta sje bönkunum að kenna, en samt sem áður er jafnnauðsynlegt að hefta það, ef nokkur tök eru á, og koma því

lagi á, að landsmenn fái gjaldeyrinn, sem fæst fyrir sameiginlega framleiðslu þeirra, við sanngjörnu verði. Jeg kannast ekki við forrjettindi hinna svonefndu „framleiðenda“ til þess að bralla með gjaldeyrinn, sem fyrir framleiðsluna fæst, öllum almenningi til böls.

Nei, þá kýs jeg heldur, að höfð sje „umsjón“ með gjaldeyrinum, en jeg veit ekki, hvort það næst með frv., sem þarf að nást. Hygg jeg, að betra hefði verið, að alt væri selt sameiginlega; landið hefði einkaútflutning og sölu. Það hefir þann mikla kost, að þá þarf ekki að vera að braska við að ná í gjaldeyrinn, og ekki þarf heldur að deila um verð á honum.

Þótt jeg sje algerlega á móti innflutningshöftunum, þá mun jeg samt greiða frv. atkv. til 2. umr., en koma þá með brtt. í þá átt, sem jeg hefi lýst, til þess að náð verði þeim tilgangi, sem frv. á að hafa. Annars var það slysalegt að rugla saman þessum tveimur atriðum í frv., en koma ekki með hvort um sig sjerstakt, því að annað gat vel gengið fram, þótt hitt fjelli.

Magnús Kristjánsson: Jeg hafði ekki ætlað að taka til máls við þessa umr. Mjer þótti þess ekki þörf, því hæstv. atvrh. (Kl. J.), hv. þm. S.-Þ. (Ing. B.) og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hafa svo rækilega haldið fram hinum rjetta málstað, að jeg hefi litlu við að bæta, enda var frekar sókn en vörn af þeirra hendi.

En það var hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), sem kom mjer til að standa upp. Hann taldi hv. þm. hafa hringlað í þessu máli. Ekki þykist jeg hafa gefið tilefni til þeirra orða, enda hefir hann líklega ekki átt við mig. Mjer var það ljóst, og er enn, að ráðstafanir þær, sem gerðar voru 1920, voru í rjetta átt, þótt minni árangur yrði en skyldi. En það var af því, að þingið í fyrra hringlaði í málinu aftur. Í fyrra var talsvert talað um stjórnarskifti; jeg var ekki með þeim, því jeg hjelt, að stjórnin mundi halda fram af alefli innflutningshöftunum, svo að árangur gæti orðið. Enda hafði hún líka skipað innflutningsnefnd, sem hefir hlotið ómaklegt ámæli.

En því miður varð jeg og fleiri fyrir miklum vonbrigðum, þegar stjórnin ljet undan síga fyrir mótstöðumönnunum; henni fjell þá allur ketill í eld, og hún gerði ekkert. Hún notaði ekki einu sinni nándar nærri þá heimild, sem hún hafði. Þó hygg jeg, að öll stjórnin hafi ekki átt þar um óskift mál, heldur mun fyrverandi fjrh. (M. G.) hafa viljað nota heimildina frekar en gert var, en hve mikið kapp hann hefir lagt á það, veit jeg ekki.

Jeg er nú enn sama sinnis og þá, og lít á það sem óhappaverk, að viðskiftanefndin var afnumin í fyrra; er jeg viss um, að af því hefir hlotist óútreiknanleg bölvun. En þótt víxlspor væri stigið þá, er ekki rjett að halda áfram á rangri braut. Þvert á móti þarf að bæta fyrir það, sem gert var, og koma lagi á aftur. Það dugir ekki að leggja árar í bát, heldur bjarga því, sem bjarga má.

Það er furðulegt, hve margar fjarstæður hafa komið fram hjá háttv. andstæðingum, og þó einkum hjá háttv. frsm. meiri hl. (M. J.). Annars var það undarlegt af meiri hluta nefndarinnar að gera hann að frsm. í þessu máli, sem liggur svo fjarri fræðigrein hans. Voru þó vist aðrir til, sem færari hefðu átt að vera. En hv. meiri hl. hefir víst haldið, að þetta hæfði málstaðnum, og var það að vissu leyti rjett. Eða þá að hann hefir álitið þetta hagkvæmara þar eð þessum háttv. þm. (M. J.) yrði öðrum fremur fyrirgefið, vegna þess, að hann vissi ekki, hvað hann gerði. Enda kem-

ur það nú á daginn. Fjarstæðurnar voru sem sje svo margar, að ógerningur er að elta þær allar.

Ein var t. d. sú, og heldur litt afsakanleg, að mikil verðhækkun mundi verða á vörum, sem fyrir eru. Við þessu er nú sleginn varnagli í frv. Og svo bætti hann því við, að mjög mundi farið í kringum lögin. Þetta hvorttveggja álít jeg alveg óviðeigandi aðdróttun til kaupmanna, og nokkuð hastarlegt af talsmanni þeirra hjer að lýsa því með átakanlegum orðum, að þeir muni hvorki skirrast við að fjefletta samborgara sína nje brjóta landslög, ef þeir geta komið því við.

Þá var það eitt meginatriði í ræðu hans, að ekki geti komið til mála að taka til þessara ráðstafana nú, þótt þörf hafi verið á þeim 1920 og jafnvel 1921. En hvernig ver hann þá framkomu sína í fyrra?

Hann hjelt því og fram, í sambandi við þetta, að allar skuldir muni hverfa á þessu ári, ef atvinnuvegirnir ganga vel. En þetta er ekki rjett. Ef ekkert eftirlit er haft, þá eru allar leiðir opnar til þess, að sá afgangur eða ágóði, sem verða kann af rekstri atvinnuveganna, lendi utan við og í hendur braskaranna, eða jafnvel úr landi, vegna óhagstæðs gengis, en vjer sætum uppi með skuldasúpuna. Til þess að geta grynt á skuldunum, og hagur vor batni, þarf fyrst og fremst afgang, hagnað á þjóðarbúinu, og í öðru lagi þarf að verja þeim afgangi til þess að greiða það, sem mest kallar að. Þetta er ofur einfalt mál, og vona jeg, að jeg þurfi ekki að eyða fleiri orðum að því.

Þá vildi jeg svara háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) nokkrum orðum. Hann var nú nokkuð beggja blands, eins og hann ætti sjö börn á landi og sjö í sjó. Mjer virtist hann telja það aðalmótbáruna, að kaupmenn, sem ættu vörur, gætu fengið hærra verð fyrir þær heldur en nýjar vörur kynnu að kosta. Þetta er sama kórvillan og hjá háttv. frsm. meiri hl. (M. J.), því að í frv. eru ákvæði, sem fyrirbyggja þetta.

Það getur varla talist hyggilegt að halda altaf áfram að flytja inn vörur, þótt nóg sje til fyrir í landinu, einungis af þeirri ástæðu, að verðið kunni að hafa lækkað eitthvað lítilsháttar. Nei, heldur hitt, að koma öllum nothæfum vörum, sem í landinu eru, í hæfilegt verð, og umfram alt að n o t a alt, í stað þess að láta það grotna niður og kaupa nýtt í staðinn. Þessi röksemdafærsla þykir mjer næsta undarleg af jafnglöggum manni.

Þá vildi hann láta bankana taka lán, til að hjálpa mönnum til að losna við skuldirnar. En bankarnir treystast ekki til að taka slík lán. Þau fást ekki nema til skamms tíma. Venjulega verður að greiða þvílík bráðabirgðalán í árslokin, en bankarnir eiga ekki víst að hafa þá fengið fjeð inn aftur í tæka tíð og í þeirri mynt, sem nota þarf.

Þá vildi jeg víkja nokkrum orðum að háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Lítur hann ærið einhliða, að mjer finst, á mál þetta, þó að sumt kunni ef til vill í skoðunum hans að hafa við einhver rök að styðjast. Hann lagði mikla áherslu á, hve alvarlegt það væri, ef einhverjar hömlur væru lagðar á gjaldeyri atvinnurekenda, og sagði, að þeir mundu ekki una slíkri íhlutunarsemi. En jeg sje það ekki, hvernig hv. þm. (J. Þ.) fær það út úr frv., að beita eigi þessa menn nokkurri rangsleitni, og að taka eigi af þeim gjaldeyrinn með lágu verði. Því engin rangsleitni er þessum mönnum sýnd, þó að gjaldeyrinum sje fyrst og fremst varið til þess að borga með nauðsynjavörur. Hugsa jeg miklu frem-

ur, að atvinnurekendur mundu telja sjer skylt að styðja þessa viðleitni. Það, sem afgangs væri, notuðu þeir svo til sinna þarfa og eftir vild, en ljetu stjórninni aðeins þennan hluta eftir, gegn fullu gjaldi í íslenskum krónum Þetta er því algerlega ástæðulaus ótti, og líklega einungis tómur fyrirsláttur, en því einkennilegra er, að þessi háttv. þm. (J. Þ.) skyldi ganga svo langt að telja víst, að framleiðendur mundu leggja árar í bát og hætta að framleiða. En jeg veit, að framleiðendur, að minsta kosti sumir þeirra, eru ekki svo illa innrættir, að þeim detti þetta í hug.

Þá sagði sami háttv. þm. (J. Þ.), að auðsætt hefði verið, hve brýn nauðsyn hefði verið á, að afnema viðskiftanefndina, því að ef hún hefði staðið deginum lengur, mundu atvinnurekendur hafa orðið að hætta atvinnurekstrinum.

Sennilega á háttv. þm. (J. Þ.) hjer við, að þá hefði verðið á því, sem til framleiðslunnar þurfti, haldist svo hátt, að hún hefði ekki borið sig. En hver eru nú sannindin í þessu? Skömmu eftir að höftin eru afnumin, leggja atvinnurekendur árar í bát. Hjer varð því það gagnstæða við það, sem reynt er að halda fram, en nóg vitni eru að því, að það er satt, sem jeg segi.

Meira ætla jeg ekki að tala að þessu sinni, en verði ráðist að mjer fyrir þessi hógværu orð, neyðist jeg til að nota rjett minn og taka aftur til máls, ef mjer þykir ástæða til.

Jón Auðunn Jónsson: Háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að jeg ætti sjö börn í sjó og sjö á landi. Það er satt, að jeg á sjö börn á landi, en hann mun eiga sjö börn í sjó. Á jeg hjer við afstöðu hans til stjórnarinnar. Hann sagðist hafa orðið á móti fyrv. stjórn sökum þess, að hún hefði ekki framfylgt viðskiftahöftunum, en þó fór hann fyrst til þess mannsins, hæstv. forsrh. (S. E.), sem var andvígur höftunum, og bað hann að mynda stjórnina, manninn, sem mest hefir barist gegn innflutningshöftunum.

Þá sagði hann, að jeg óttaðist það, að ef innflutningshöftin kæmu, myndu kaupmenn fá selt vörur sínar, sem þeir lægju með. En þetta er rangt haft eftir. En sjálfur kvaðst hann vilja, að þeir gætu selt þær með sem hæstu verði. Jeg vil, að kaupmenn geti selt nauðsynlegar vörur með skaplegu verði, en jeg vil ekki, að þeir geti selt ruslið, nje selt með óhæfilega háu verði, eins og háttv. þm. Ak. (M. K.) virðist vilja.

En annars var þetta engin aðalástæða fyrir mjer til að vera á móti innflutningshöftum þeim, sem hjer er farið fram á, heldur er hún sú, að þau mundu altof seinvirk til viðreisnar genginu og gera minna gagn nú en 1920, sökum þess, að hætt var við að framkvæma þau í bili.

Jeg skal nú ekki fara að verja fráfarandi stjórn, en það verð jeg að segja, að jeg gat ekki vænst þess, að hún gerði mikið að því að beita höftunum, og mjer þykir undarlegt, ef hv. þm. Ak. (M. K.) gat vænst þess, því jeg man ekki betur en að hann væri einn í þeirri nefnd á síðasta þingi, sem komst að samkomulagi um það að leggja niður viðskiftanefndina, og þá var kipt fótunum undan því, að innflutningshöftin gætu framvegis verkað nokkuð í þá átt að laga gengið.

Hv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.) sagði, að jeg hefði farið í gegnum sjálfan mig í þessu máli. Hann sjálfur heldur því þó fram í öðru orðinu, að innflutningshöftin mundu engin veruleg áhrif hafa á gengið, en í hinu, að verslunarjöfnuðurinn muni lagast með innflutnings-

höftum. Hann fer hjer því sjálfur svo greinilega í gegnum sjálfan sig, að það sjest ekki einu sinni í iljar honum. En það er ekki að fara í gegnum sjálfan sig, þó jeg hafi breytt skoðun sökum þess, að aðstaðan hefir stórbreyst frá í fyrra. Jeg hefi ekkert talað um það, að jeg vildi, að bankarnir tækju stórlán erlendis, og skal ekki að þessu sinni láta álit mitt í ljós um það, en hitt er ekkert undarlegt, þó að sumum sýnist dálítið einkennilegt, ef þessari „umsjón", sem talað er um í frv., er einungis ætlað að ná til þess að vita, hvernig hagur okkar stendur gagnvart útlöndum hverju sinni. En þetta er það eina, sem á að gera, eftir því sem hæstv. fjrh. (Magn. J.) hefir skýrt frá.

Annars mun sannleikurinn sá, að aðstandendur frv. eru sinn á hvorum stað og vilja sitt hvað, en stjórnin vill ekkert.

Hefði gjarnan mátt spara að koma með málið, svona undirbúið, inn í þingið. En annars fýsir mig að heyra það af vörum stjórnarinnar, hvort það sje tilgangurinn að taka allan gjaldeyrinn til ráðstöfunar, eins og mátti skilja að væri meiningin, eftir orðum hv. þm. Ak. (M. K.). Ef þetta væri meiningin, færi þokunni dálitið að ljetta, en jeg ætla að bíða að lýsa afstöðu minni til þess, þangað til jeg fæ yfirlýsinguna frá hæstv. stjórn.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv. (A. 194, n. 206).

Jón Þorláksson: Hæstv. atvrh. (Kl. J.) og háttv. frsm. frv. (Sv. Ó.) gerðu tilraun til þess að skipa mjer í flokk í þessu máli og ljetu svo um mælt, að jeg mundi vera haftamaður. Þetta var algerður óþarfi af þeim, því að á síðasta þingi gerði jeg mitt til þess, að byrjað væri að fella úr gildi þær þvingunarráðstafanir, sem leiddu af heimsófriðnum. Þótt jeg hafi þá ekki kostað kapps um að afnema þær allar, þá verður mín afstaða aldrei önnur en sú, að afnema þær smám saman, eða allar í einu, eftir því hvernig ástandið er. Slíkt öfugstreymi sem það, að vilja nú innleiða þessar stríðsráðstafanir, þegar svona langt er frá liðið og ástandið er komið í það horf, sem nú er, geta þeir fundið annarsstaðar en hjá mjer. Þeir verða að líta sjer nær, er þeir leita að slíkum hugsunarhætti.

Þá hafði hv. þm. Ak. (M. K.) rangt eftir mjer eitt atriði, sem að vísu skifti ekki miklu máli. Hann kvað mig hafa sagt, að framleiðendurnir mundu hætta að framleiða, ef hömlur yrðu lagðar á atvinnurekstur þeirra. En jeg sagði, að það mundi draga úr vilja þeirra og áhuga til að færa út kvíarnar, ef slíkt yrði gert. Þetta veit jeg að er rjett, a. m. k. hvað snertir þróttmestu grein sjávarútvegarins, togaraútgerðina. Útgerðarmenn láta sjer ekki á sama standa, hvort löggjafinn bætir nú gráu ofan á svart, með því að leggja hömlur á atvinnurekstur þeirra, í viðbót við það að sjúga út úr þeim háa skatta, sem eru ærið nóg byrði fyrir þá.

Ef einhverjir halda því fram, að það skifti ekki miklu máli, að þessi atvinnugrein aukist á næstunni, vil jeg minna þá á, að á hverju ári, og ekki síst á þessu síðasta, hafa farið margir tugir ungra og efnilegra manna í sjóinn af smábátum og mótorbátum, af því að útbúnaðurinn var of ljelegur, en togaraútgerðin er hin eina grein útgerðar, sem nokkurn veginn hefir verið laus við þessar hörmulegu slysfarir.

En það er nú þessi framleiðslugrein, sem verður fyrst og mest fyrir barðinu á gjaldeyrisráðstöfunum þeim og innflutningshöftum, sem nú á að smeygja inn, af því að hún er rekin í svo stórum stíl, að hún er þess umkomin að annast sjálf útflutning á afurðum sínum.

Þá vefengdi hv. þm. (M. K.), að það hefði verið nauðsynlegt að afljetta aðflutningsbanni á nauðsynjavöru á síðasta þingi, til þess að ljetta undir með framleiðendum, og vitnaði til þess, að nokkru eftir afnám innflutningshaftanna hefði togaraflotanum verið lagt í lægi; hlyti það því að hafa haft aðrar orsakir. En hann hefir gleymt því, að það liggur skjallega fyrir frá síðasta þingi, í brjefi frá togaraeigendum, að þeir sjái sjer ekki fært að halda úti togurunum sökum dýrtíðar, og meðal annars vegna hafta á innflutningi nauðsynjavöru. Þetta varð upphaf þess, að samkomulag komst á um að fella niður innflutningshöftin, en það átti einna drýgsta þáttinn í því, að hægt var að byrja aftur að gera út togarana, er mánuður var liðinn af vertíðinni, eða um 20. mars. Hitt er þessu máli óviðkomandi, að árferði var þannig, að ekki var hægt að halda skipunum úti nema á vertíðinni, en vegna innflutningshaftanna hjelt við borð, að eigi væri hægt að gera út þá heldur.

Það fer mjög á huldu, hver meining sje með gjaldeyrisráðstöfunum frv. Jeg hefi hlustað með athygli, hvort engin skýring kæmi fram um þetta atriði í umr., en jeg verð að játa, að fátt hefir komið fram í þá átt. Ræða hæstv. fjrh. (Magn. J.) flutti aðeins röksemdir móti því, að nauðsynlegt væri, að þær kæmust á, og það gladdi mig. En háttv. þm. Ak. (M. K.), sem er sennilega ekki síður kunnugur hugsun frv. en aðrir hv. þm., viðhafði í ræðu sinni í gær þau orð, sem varpað geta nokkru ljósi á þetta mál. Hann bar að vísu á móti því, að taka ætti erlendan gjaldeyri af framleiðendum fyrir ekki neitt, en það datt heldur engum í hug. Hinu mótmælti hann ekki, að það ætti að gefa þeim minna fyrir hann en þeir gætu fengið annarsstaðar. Jeg vil nú gefa honum hlje, til þess að hann geti mótmælt þessu. (**M. K.**: Jeg fæ tækifæri til þess síðar). Hv. þm. (M. K.) viðhafði þau orð, að það ætti að greiða framleiðendunum í innlendum gjaldeyri þegar í stað, eða í sömu mynt, þegar um hægðist. Þetta varpar nýju ljósi á málið. Er það meiningin að fara eins að nú og um árið, þegar togarárnir voru seldir og tekið þvingunarlán hjá seljendunum? Er það meiningin að taka vörurnar af framleiðendunum að láni og borga þær seinna, er um hægist? Mjer skilst, að hv. þm. (M. K.) eigi hjer við það, að hjer eigi að taka erlendan gjaldeyri að láni hjá seljendunum, og ef það er gert án þess, að þeir kæri sig um það, er lánið nauðungarlán. Jeg hygg, að heimildin til gjaldeyrisráðstafana sje svo rúm og óákveðin, að það sje mjög athugavert að hleypa þeim til stjórnar, sem hv. þm. Ak. (M. K.) ræður jafnmiklu hjá og þeirri, sem nú situr að völdum.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Það er nú ekki sjerlega margt, sem jeg hefi að taka fram að þessu sinni. Þó vildi jeg leyfa mjer að víkja að nokkru að ýmsum atriðum í ræðum hv. þm. um þetta mál.

Hæstv. fjrh. (Magn. J.) hjelt, að jeg væri einna gramastur gjaldeyrisráðstöfunum frv. af því, hve lítið var þar að ráðast á. Þetta er að vissu leyti rjett. Það er einn meðal annara ókosta við

frv., hve það er óákveðið og fróðukent, en það, sem er þannig, er ekki ætið sem best viðureignar, eins og t. d. Beigur í Pjetri Gaut, sem alstaðar þvældist fyrir honum, án þess þó að hann gæti yfirstigið hann.

Hæstv. fjrh. (Magn. J.) sagði, að frv. væri ofur einfalt. Jeg er nú hræddur um, að hann hafi lesið sína eigin skynsemi inn í það, en það er ekki nóg, þegar frv. ber ekki þá skynsemi með sjer.

Það hefir verið sýnt fram á það, af mjer og öðrum, hve mál þetta sje víðtækt. Það er því ekki hægt að hugsa sjer, hver ókjör mætti bjóða mönnum, ef þetta frv. yrði að lögum, og vil jeg ekki endurtaka rök mín fyrir því.

Þá vil jeg snúa mjer að háttv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.). Það kom nú fátt nýtt fram í ræðu hans, enda var þess ekki að vænta, því að hann hafði talað tvisvar áður, og mun röksemdasjóður hans hafa verið þorrinn með öllu. En hann lýsti yfir því, að hann óskaði þess, að veðrunum færi að slota í þessu óveðrahorni. Jeg er þessu samþykkur, en jeg kannast þó ekki við, að jeg sje sá Hræsvelgur, er hefi komið þeim stormi af stað, því að eins og hv. þdm. hafa heyrt, hjelt jeg mjer við málefnið í framsöguræðu minni og gaf ekki tilefni til persónulegrar deilu. Það mun því reynast þessum hv. þm. (Sv. Ó.) torvelt að koma sökinni af sjer.

Hv. þm. (Sv. Ó.) gladdist yfir brtt., sem var útbýtt hjer í deildinni í gær, og fanst honum, að nú mundu hugirnir renna saman í sætan samhreim. Það virðist nú vera að draga sig saman, sem saman á, en þó get jeg ekki borið á móti því, að mjer þykir nokkuð kynlegt, ef flm. frv. geta gert sig ánægða með brtt., svo mikið sem hún þó sníður af frv., og minnir það helst á manninn, sem vildi fá 100.000 kr. lán, en þegar hann gat ekki fengið svo mikið, færði hann það niður og ljet sjer að lokum nægja að fá 2 kr.

Þá vefengdi hv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.), að jafnmikið af skuldum landsmanna væru tapaðar eins og jeg hafði haldið fram. Jeg vil nú ekki þrátta við hann um það, því að ilt er að safna nákvæmum skýrslum um það, en eftir þeim gögnum, sem mjer hafa borist, og sögusögn þeirra manna, sem kunnugastir eru, verð jeg þó að halda fast við það, að þessar töpuðu skuldir sjeu alls ekki of hátt áætlaðar.

Enn þá prjedikaði hv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.) móti frjálsri samkepni. Jeg er nú satt að segja hálfhissa á því að heyra slík orð og hann viðhafði hjer hjá þessari þjóð, því að vjer Íslendingar höfum dýra reynslu í því efni, reynslu, sem jeg hjelt að hefði brent sig inn í þjóðarmeðvitundina. Jeg á hjer við einokunarverslunina illræmdu. Það vantaði ekki um hana, að hún var fegruð með pappírsreikningum og loforðum um góða vöru og sanngjarnt verð. Það var og sýnt þá með skjölum og skilríkjum, að heppilegast væri, að sem fæstir kaupmenn flyttu vörur til landsins, og það var sagt mönnum, að kaupm. kæmu hingað mest af brjóstgæðum, og legðist einokunin af, mundu allir hætta að sigla til landsins. En þessi loforð, reikningar og röksemdir reyndust allar falskar. Þar vantaði hið eina, sem er bjargvænlegt, og það er frjáls samkepni.

Þegar vörurnar hækkuðu á stríðstímunum, stafaði það mestmegnis af því, að frjáls samkepni fjekk ekki að njóta sín lengur, og því meiri misbrestur sem varð á því, því meiri ókjörum urðu menn að sæta í verslun. Því er nokkuð undarlegt að heyra það, að frjáls samkepni eigi að vera verndun á einni stjett. Það er þveröfugt, hún er

verndun fjöldans gegn sjerstökum stjettum.

Háttv. þm. S.-Þ. (Ing. B.) sagðist halda fast við þá skoðun sína, að nál. viðurkenni, að höftin hafi verið nauðsynleg 1920. Hann verður að fá að halda henni fyrir mjer, en jeg held aftur minni skoðun, því hin prentuðu orð nál. eru skýr.

Þá hjelt hann því einnig fram, að rangt hafi verið að draga frá þessar 4 milj. í óseldum vörum um áramót, og því sömuleiðis rangt að reikna ekki úttektina á 1. fjórðungi ársins. Jeg held, að honum takist nú aldrei að sanna sitt mál um það, því að ef fá á sambærilega upphæð við þær 34 miljónir, sem landsmenn skulduðu í mars í fyrra, verður að reyna að setja sig í spor þess nú. Ef nú hefði verið safnað í mars þetta ár líka, hefðu þessar óseldu vörur ekki komið til greina, því að þá voru þær seldar, en andvirði þeirra er komið þjóðarbúskapnum að góðu. Um veltu 1. ársfjórðungsins er sama nú og í fyrra. Þá var flutt út fullri 1 miljón kr. meira en inn var flutt. Að vísu hafa menn ekki skýrslur um verslun 1. ársfjórðungsins nú, en menn vita þó um það hjer um bil. Innflutningur á tveim fyrstu mánuðunum er sama sem enginn, en útflutningurinn talsverður, svo það er fjarri að ætla, að skuldir hafi aukist síðan um áramót fram í mars.

Jeg held, að jeg geti að mestu slept að tala um ræðu hv. 2. þm. Reykv. (J. B.). Hann taldi gjaldeyrisráðstafanirnar aðalkost frv. Það verður því sennilega ekki álitlegt í hans augum, þegar búið er að fella þær burtu, eins og á að gera með brtt. En jeg er honum samdóma um það, að ef þessar ráðstafanir ættu að verða að gagni, yrði ríkið að taka sölu afurðanna í sínar hendur, en jeg get sparað mjer að ræða frekar um það, því að slíkt mun nú varla til mála koma.

Þá kem jeg að hv. þm. Ak. (M. K.). Jeg held, að jeg þurfi ekki að svara honum mjög miklu, því ræða hans var fremur ljettvæg að röksemdum, en nokkuð persónuleg. Hann var hissa á því, að jeg skyldi vera valinn til þess að hafa framsögu fyrir meiri hl., og skýrði það helst á þann hátt, að mjer yrði fyrirgefið, af því að jeg vissi ekki, hvað jeg gerði. Þetta er nú ekki ákaflega sannfærandi. Jeg þekki líka ýmsa menn, sem efast um hans miklu hæfileika til að standa fyrir stóru verslunarhúsi. Jeg þykist vita, að hann taki nú ekki mikið mark á því sjálfur og virðist það lítið sannfærandi. Svo er og um mig, að jeg skifti ekki skoðun á þessu máli, þó að hv. þm. Ak. (M. K.) sje hissa á því, að jeg skyldi vera valinn frsm. í því.

En þessi hv. þm. (M. K.) er nú vanur því að segja um suma menn, að þeir hafi ekki vit á málinu, ef þeir eru honum mótdrægir og hann er kominn í röksemdaþrot, og við aðra, sem hann þorir ekki að bregða um fíflsku, segist hann vera undrandi, að jafnskynsamur maður skuli halda fram öðru eins máli. Annars sagði hann, að í ræðu minni hefðu verið óendanlega margar öfgar, og hann tók eitt atriði til dæmis, og það var, að jeg hefði haldið því fram, að vöruverð mundi hækka, ef höftin yrðu sett á. Á móti þessu færði hann eina röksemd, en hún var býsna sterk. Hann sagði, að það væri beinlínis bannað í frv. Það vissi jeg nú að vísu, og þurfti ekki að fá hv. þm. Ak. (M. K.) til að segja mjer það. En það er dálitið, sem skilur á milli, hvort það er bannað á pappírnum, eða hvort hægt er að koma í veg fyrir, að bannið sje brotið, og jeg

hjelt, sannast að segja, að háttv. þm. væri of kunnugt, hve farið er kringum slík bönn, til þess að vitna í það. Það er ekki deilt um það hjer, hvort bannið sje prentað í frv., heldur hitt, hvort hægt muni að framfylgja því, og jeg held, að við höfum þegar nóga reynslu til þess að sjá, að það er ómögulegt. Þetta var nú sú vitleysan í ræðu minni, sem hann valdi að sýnishorni, og úr því að rök hans voru svona sterk þar, þá má nærri geta um hitt, sem hann treystir sjer ekki til að nefna.

Þá sagði hv. þm. (M. K.), að brýn þörf hefði verið á höftum 1921, og enginn gæti brugðið sjer um það, að hann hefði skift um skoðun. Það ber honum víst enginn á brýn, að hann muni nokkurn tíma snúast á rjetta skoðun í þessu máli, því að hann hefir ekki haggast í því hingað til, og altaf haldið fram höftunum. En hitt held jeg, að það sje heppilegast, að sú skoðun hafi ekki alt of marga formælendur, ef þeir geta ekki fært fram betri rök en þau, sem hv. þm. Ak. (M. K.) hjelt að yrðu rothögg á mínar röksemdir.

Þá vildi hann loks neyða menn til þess að kaupa alt það, sem til væri í landinu. Það er hrein þvingunar-„pólitík“ og mundi síst verða til að bæta úr hag þjóðarinnar.

Er svo útrætt um þetta mál af minni hálfu.

Magnús Kristjánsson: Það gleður mig sannarlega, að þessi fáu orð, sem jeg talaði í gær, hafa vakið eftirtekt nokkurra hv. þdm. og sannfært suma þeirra. Að minsta kosti er jeg mjög þakklátur háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) fyrir hans hlýju orð í minn garð, því hann sagði, að jeg hefði komið með það eina skiljanlega og varpað ljósi yfir málið. Jeg vil nú vanalega tala umbúðalítið og ljóst og er honum því þakklátur fyrir þessa viðurkenningu. (**J. Þ.**: Jeg þakka fyrir þakklætið!).

Hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) bar á móti orðum, sem jeg hafði eftir honum, nefnilega „að togaraeigendur myndu ekki sætta sig við, að lagðar væru neinar hömlur á gjaldeyri þeirra.“ Þessi orð hafði jeg skrifað eftir hv. þm. (J. Þ.), svo það er ekki til neins fyrir hann að mótmæla þeim. En svo bætti hann við, að búið væri að útsjúga togaraútgerðina með háum og ranglátum sköttum og íþyngja henni á margskonar hátt, en þessu er kastað fram óhugsuðu og án nokkurra minstu röksemda, svo því þarf ekki mörgu að svara.

Það er líklega nokkuð mikill vandi að gera upp á milli togaraeigenda og annara atvinnurekenda, enda óvíst, hvort þyngra er á þeim en öðrum. Þess vegna þýðir ekki að taka eina stjett út úr og hamra og glamra á því, að hún sje órjetti beitt og henni einni beri að bjarga.

Þá voru það gamlar orðahnippingar milli mín og háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), út af afnámi viðskiftanefndarinnar í fyrra. Sú deila er hv. þdm. kunn, svo um hana þarf ekki mikið af fjölyrða frá minni hlið. Þó verð jeg að mótmæla í því sambandi einni af mörgum kórvillum hv. þm. (J. Þ.) í þessu máli. Hann sagði, hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að það lægi skjallega fyrir, að togaraeigendur hefðu ekki sjeð sjer fært að halda útgerðinni áfram, nema viðskiftanefndin væri afnumin.

Vitanlega átti þetta að vera rothögg á mig og það, sem jeg hafði haldið fram. En þó að þetta liggi nú fyrir frá öðrum aðilja þessa máls, þá er það ekki mikils virði. Það, sem hv. þm. (J. Þ.)

ætlaði því að sanna, er jafnósannað enn, og alt hans hjal í þessu efni órökstuddar fullyrðingar.

Það vill nú svo vel til, að annað hefir komið í ljós á eftir, og skal jeg þá byrja þar, sem hv. þm. (J. Þ.) hóf sögu sína, að tapast hefði af vertíðinni í fyrra um mánaðartími, af því að þessir háttvirtu herrar, sem að togurunum stóðu, sáu sjer ekki fært að leggja út á djúpið á meðan viðskiftanefndin var ekki aftekin. En þetta er eintóm blekking, eins og sjálfur háttv. þm. (J. Þ.) veit. Togaraeigendur hjeldu skipum sínum inni í höfn, vegna þess, að þeir töldu sjer hag í því að byrja seinna. Þeir þóttust nokkurn veginn vissir um, að sú fisktegund (upsinn), sem fylla mundi vörpurnar, yrði í svo lágu verði, að veiðin borgaði sig ekki. Þess vegna betra að bíða, þangað til víst væri um, að þorskurinn ljeti ekki á sjer standa. Það sanna í þessu máli er, að einmitt þegar búið var að afnema viðskiftahöftin eða gera þau máttlaus, þá hættu togararnir veiðum og lágu í höfn mikinn hluta ársins, að minsta kosti sumir þeirra.

Þá er eitt enn, sem jeg þarf að leiðrjetta. Hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) sneri út úr orðum mínum og rangfærði það, sem jeg sagði í gær um gjaldeyrismálið. En jeg gaf þó þar svo ljósa og glögga skýringu á málinu, að hver meðalgreindur maður átti að geta skilið, ef hann þá vildi það, enda stend jeg við alt, sem jeg sagði, og skal nú stikla aftur á aðalefninu:

Eins og við horfir nú, getur það orðið stórum erfiðleikum bundið fyrir ríkisstjórnina að standa í skilum með greiðslur þær, er hún þarf að inna af höndum á þessu ári, og yrði hún neydd til þess að nota þann innlenda gjaldeyri, sem hún gæti fengið, þá væri það í reyndinni sama sem að greiða tvo peninga fyrir einn.

Nú geri jeg ráð fyrir, að ýmsir stærri framleiðendur og kaupendur hafi erlendis fjárhæðir afgangs þörfum sínum, og ætti það fje þá að geta komið þjóðinni til gagns. Þess vegna ætti ríkisstjórnin að hafa íhlutunarrjett og fá að nota þetta fje, sem þeir þyrftu ekki á að halda í bili, vitanlega eftir samkomulagi við þá, sem eiga það, og greiða með því erlendar skuldir. Þetta ætti að vera framleiðendunum útlátalítið, en heildinni stórgreiði. Fjárhæðir þessar mætti greiða hjer strax eða þá síðar, enda finst mjer sennilegt, að sumir þessir fjáreigendur erlendis gætu beðið nokkurn tíma með að eyða þessu fje, og væri það landinu fyrir bestu.

Að þetta sje heppilegasta leiðin, vona jeg að hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) sjái, og sannfærist því um, að jeg hafi á rjettu að standa. Get jeg svo horfið frá þessu atriði, en vænti, að háttv. þm. geti fallist á eitthvað af því, sem jeg hefi sagt, og greiði svo að lokum atkv. með frv.

Þá finst mjer, að jeg verði að snúa fáeinum orðum til hv. frsm. meiri hl. (M. J.). Jeg hafði búist við, að hann tæki dýpra í árinni en hann gerði. Því honum hættir við að vera stóryrður og margmáll, þó um smámuni sje að ræða, en að þessu sinni held jeg, að hann hafi nokkurn veginn ratað meðalhófið, og er það mikil framför.

En auðvitað var ræða hans krydduð með rangfærslum á orðum annara, staðlausum fullyrðingum hans og röksemdaþroti. Hann sagði t. d., að með höftunum yrði verslun okkar færð í sama horfið og á einokunartímunum. Þetta er auðvitað fjarstæða, sem engri átt nær og engum dettur í hug að leggja trúnað á, jafnvel ekki honum sjálfum, þó að hann kasti því fram óhugsuðu,

eins og svo mörgum öðrum fullyrðingum sínum. Það er mikill munur, hvort þing og stjórn gera bráðabirgðaráðstafanir til þess að hafa hönd í bagga með verslun landsmanna, svo viðunandi sje, eða þegar öll verslun þjóðarinnar var ofurseld erlendum auðfjelögum, sem skömtuðu vöru og verð úr sínum hnefa.

Aftur á móti væri ekki ástæðulaust að hugsa sem svo, ef þessi marglofaða og ágæta frjálsa verslun fengi að halda áfram og leika lausum hala án íhlutunar ríkisins, að hún yrði með tímanum litlu betri en á blómaöld einokunarinnar. Að minsta kosti hefir ýmislegt það komið í ljós nú á síðari árum, sem bendir í þessa átt, þó jeg hins vegar sleppi að nefna einstök dæmi, enda vil jeg ekki gefa neitt sjerstakt efni til, að umr. þessari verði haldið öllu lengur áfram.

En hitt þótti mjer óþarft af hv. frsm. meiri hl. (M. J.), að taka mjer svo óstint upp, þó jeg benti á, að á meðal samherja hans í nefndinni myndu vera einhverjir honum fremri og færari til þess að flytja þetta mál í deildinni. Hann mætti þá vera fjölhæfari en margur hafði búist við, ef hann, auk aðalstarfs síns og kennimensku, væri svo vel lærður í verslunarfræðum, að enginn meðnefndarmaður hans stæði honum þar á sporði. Jeg hafði haldið annað, og því hafði jeg orð á því, að mjer kæmi undarlega fyrir sjónir, að sá maðurinn, sem hlyti að hafa einna minsta þekkingu á þessu máli, skyldi valinn frsm.

Jeg neita harðlega, að í þessum orðum mínum felist nokkur móðgun, enda þarf ekki annað en lesa nál. og ræðu frsm. (M. J.), sem nú er að koma út í blöðunum. Þar fæst sönnun fyrir því, að jeg hafi ekkert ofmælt, svo hv. þm. (M. J.) getur ekki ætlast til, að mjer sje mögulegt að afturkalla hið minsta af því, sem jeg sagði.

En svo var enn eitt, sem mjer kom undarlega fyrir í ræðu hv. frsm. meiri hl. (M. J.). Hann sagði, að ekkert gerði til, þó að frv. yrði samþykt og hitt og þetta stæði í lögunum. Engum kæmi til hugar að gera neitt með það, sem í lögunum stæði. Sje hægt að slá þessu föstu fyrirfram, þá held jeg, að við ættum að hætta þessum leik. Hann er þá búinn að kosta nógu mikið. En ætli þetta sje ekki síðasta hálmstráið, sem gripið er til. Hv. frsm. (M. J.) sjer, að innflutningshöftunum hefir aukist fylgi með öllu hans skrafi á móti þeim, og hann er að búa sig undir að taka á móti þeim, með því að reyna að trúa því, að þau komi ekki að neinu gagni.

Hann sagðist heldur ekki búast við, að sjer tækist að sannfæra mig, eða „að jeg mundi ekki komast til sannleikans viðurkenningar í þessu máli," eins og hann orðaði það svo mjög prestslega.

Hann um það. En jeg veit með fullri sannfæringu, að mín skoðun er hollari þessari þjóð, en sú, sem hann hefir barist fyrir af miklu kappi, en litlum rökum.

Og jeg get bætt því við, hv. frsm. (M. J.) til huggunar, að jeg er sannfærður um, að mín skoðun sigri á sínum tíma, þótt það verði máske ekki nú þegar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. H., E. E., Gunn. S., H. K., Ing. B., J. B., J. S., L. H., M. G., M K., P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv.

nei: B. J., E. Þ., Jak. M., J. A. J., J. Þ.,

M. J., M. P., Ó. P., S. St., Þorl. G., Þór. J.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

15. Sveitarstjórnarlög.

Á 10. fundi í Ed., miðvikudaginn 1. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905 (þm.frv., A. 44).

Á 11. fundi í Ed., fimtudaginn 2. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Flm. (Björn Kristjánsson): Jeg hefi leyft mjer að koma fram með frv. þetta eftir beiðni kjósenda minna.

Ástæður þær, sem færðar eru fyrir frv., að því er laxveiðina snertir, eru teknar upp úr brjefi Mosfellshrepps til Alþingis, dags. 17. febr. þ. á. En við þær ástæður vil jeg bæta fáeinum orðum.

Eins og hv. deild þekkir, hefir laxveiði jafnan verið talin til hlunninda jarða. Og því hærra hefir jörðin verið metin, sem veiðin hefir verið meiri og betri. Því hefir sú jörð, sem hafði góða laxveiði, altaf verið hundraðafleiri en önnur, sem að öðru leyti hefir verið eins, og jafnframt betri gjaldstofn að sama skapi.

Áður var það sjaldgæft, að veiði væri seld eða leigð frá jörðum, en nú er það orðið mjög alment. Vaxandi efnahagur einstakra manna innanlands og erlendur ferðamannastraumur hefir valdið því.

Laxveiði, sem áður var einungis rekin til gagns, er nú víða rekin með stöng, ýmist til gagns eða gamans, eða hvorttveggja. Þó oft sje örðugt að greina á milli, hvort veitt sje til gagns eða gamans, hvort heldur veitt er með netum eða stöng, þá er þó ekki hægt að villast á því, að það er oftast allmikið verðmæti, sem notað er, þegar laxveiði er notuð, þó að þetta verðmæti sje notað til gamans.

Þar sem nú veiðin getur gefið arð, og hann oft mikinn, ef hún er rekin í því skyni að hafa arð af henni, þá virðist svo sem auðsætt, að þjóðfjelagið getur ekki mist hana frá því að vera tekjustofn; þó aldrei nema einhver útlendur eða innlendur auðmaður fari að nota þessa eign sem leikfang, þá verður verðmæti eignarinnar að geta haldið áfram að vera tekjustofn sveitarsjóðanna. En geti menn ekki fallist á þetta, þá hljóta líka jarðir, eða jarðahlutar, að verða útsvarsfrjálsar, ef þær væru notaðar til gamans, og jafnvel þó að þær væru notaðar til gagns og gamans. Því setjum svo, að einhver efnamaður keypti einhverja jörð og notaði aðeins tún hennar fyrir fótboltaleik eða leiki. Hann ætti því að vera útsvarsfrí, af því að hann notar jörðina aðeins til að leika sjer með hana. Á slíkan hátt nota engir veiði eða jarðir nema efnamenn. Og þeir eru sannarlega ekki of góðir til að greiða útsvar til sveitarsjóðs, úr því að þeir hafa afnot af hlunnindum í sveitinni. Og þeir hafa enga kröfu til þess að geta haft þessar tekjur af sveitarsjóðnum. Jeg segi hafa af sveitarsjóðnum, af því að áður hafði sveitin tekjur af laxveiðinni.

Jeg verð því að halda því fram, að hafi hlunnindi jarðar, svo sem laxveiði, verið verðmæti, þá getur og svo verið áfram, ef rjett er að farið, og þá líka borið aukaútsvar. Því má löggjafinn

með engu móti láta viðkomandi hrepp missa þennan tekjustofn fyrir þá sök eina, að einhver aðvífandi ríkismaður finnur upp á því að kaupa hlunnindin, eða leigja þau, til þess eins að leika sjer að þeim.

Þessi skoðun mín er alls ekki ný, því jeg hjelt hinu sama fram 1903, og margir nýtir þingmenn. Og á þeirri skoðun mun 36. gr. í sveitarstjórnarlögunum frá 1905 vera bygð, að því er álag á laxveiði snertir, því að þá urðu ákvæði um það efni fyrst að lögum, og vil jeg sjerstaklega benda væntanlegri nefnd í málinu á þingskjöl frá 1903, nr. 184, og umr. í B-deild Alþt., bls. 727, og í A, bls. 444.

Þá kemur hitt atriðið:

Eins og kunnugt er, er Sandgerði eitt af bestu fiskiverum Faxaflóa. Þangað sækja útgerðarmenn úr ýmsum áttum og öðrum sýslum og reka þar útgerð frá því í febrúar og til vors. Samkvæmt ákvæði lagabreytingarinnar frá 1919 getur Miðneshreppur ekki lagt á þessa útgerð, sem virðist alveg óeðlilegt. — Ákvæði þetta getur því ekki átt heima í þessum lögum. Fyrir þá sök er hjer lagt til, að ákvæðið, sem nefnt er í ástæðum frv., verði felt burtu.

Jeg legg svo til, að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndar.

Sigurður Jónsson: Jeg leyfi mjer að leggja til, að frv. verði vísað til sjávarútvegsnefndar.

Sigurjón Friðjónsson: Eins og háttv. þm. muna, var á síðasta þingi áskorun þeirri beint til stjórnarinnar, að láta fara fram rannsókn á sveitarstjórnarlöggjöfinni og leggja frv. um það efni fyrir næsta þing. Jeg býst nú við, að stjórnin leggi till. sínar um þetta efni fyrir næsta þing. Sje jeg því enga ástæðu til að tefja þingið nú með frv. þessu, sem mjer virðist þýðingarlítið.

Jeg sje heldur ekki betur en að frv. ráðist á samvinnufjelagalögin frá síðasta þingi og hjer sje verið að smeygja aftur inn rjetti til álagningar á kaupfjelögin á þeim gamla grundvelli, sem burt var kipt. Þetta hefir háttv. flm. frv. (B. K.) líklega ekki athugað eða gert sjer ljóst. Frv. virðist því vera nokkuð mikið flaustursverk, og yfirleitt þess eðlis, að ekki sje vert að eyða tíma þingsins með því að þessu sinni.

Flm. (Björn Kristjánsson):. Hjer stendur líkt á og 1903. Þá sat milliþinganefnd á rökstólum að undirbúa breytingar á sveitarstjórnarlögunum. Þá kom fram frv. um breytingar á nefndum lögum, og mætti mótspyrnu af sömu ástæðum. Þó var samþykt með 13 : 10 atkv. að skipa nefnd í málið. Frv. varð svo að lögum og var síðan felt inn í sveitarstjórnarlögin 1905, 36. gr.

Viðvíkjandi ákvæðinu um útsvarsskyldu kaupfjelaganna, þá var það af vangá, og fór jeg að hugsa um það eftir að frv. var komið í prentsmiðjuna, hvort það kæmi eigi í bága við umrædd lög. En þetta má fella burt í nefnd, og vona jeg, að frv. verði látið ganga til nefndar, þrátt fyrir mótmæli hv. 1. landsk. varaþm. (S. F.).

Halldór Steinsson: Jeg legg til, að frv. verði vísað til allsherjarnefndar.

Flm. (Björn Kristjánsson): Jeg er algerlega mótfallinn því, að málinu verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 : 1 atkv. og til landbn. (sjá A. bls. 655) með 8 : 3 atkv.

Nefndarálit kom ekki, en landbn. flutti nýtt frv. samnefnt, á þskj. 86. — Frv. var því ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

16. Vestmannaeyjajarðir.

Á 37. fundi í Ed., miðvikudaginn 5. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sameign ríkissjóðs og bæjarsjóðs Vestmannaeyja á Vestmannaeyjajörðum o. fl. (þm.-frv., A. 193).

Á 38. fundi í Ed., fimtudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Ed., föstudaginn 7. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 8 : 4 atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Karl Einarsson): Jeg ætla mjer ekki að tala langt mál að þessu sinni, aðeins skýra frá tilgangi frv., svo sem þingsköp mæla fyrir.

Eins og hv. deildarmönnum er kunnugt, er Vestmannaeyjakaupstaður eign ríkissjóðs og hefir verið um langan aldur. Aðeins ein jarðeign er þar í eign einstaks manns. Þegar sú sala fór fram, munaði minstu, að ríkissjóður misti allar eyjarnar í hendur útlendingum. Eyjarnar voru þá til sölu fyrir 30 þús. ríkisdali. Hefði það verið hið mesta óhappaverk, ef ríkið hefði þá mist yfirráð sín yfir Vestmannaeyjum. En svo sem jeg tók fram, hafa þær haldist í eign ríkisins fram á þennan dag, og hefir ríkið haft þar sjerstakan umboðsmann. Jarðir hafa þar verið leigðar með svipuðu fyrirkomulagi og aðrar þjóðjarðir, og lóðir flestar á erfðafestu, og hefir gjaldið að nokkru farið eftir því, hve hentugar þær hafa verið fyrir framkvæmdir í verklegum efnum.

Fram að aldamótum voru lóðirnar mest notaðar til ræktunar, og lítil eftirspurn eftir þeim. En eftir aldamót breytist þetta hraðfara. Leiga var upphaflega lág og er það enn í dag, og mun haldast, meðan ríkið eigi gerir breytingu á því með lögum. Það er hverjum manni auðsætt, að óheppilegt var að leigja lóðir þannig, en í því efni er engan hægt að áfella, þar sem slíkt var lagaskylda, sem bæði ríkið og einstaklingar urðu að beygja sig undir.

Með frv. verður þessu kipt í lag, því þar er gert ráð fyrir, að bæjarstjórn og stjórnarráð ákveði afgjald jarða og lóða, hverrar tegundar fyrir sig. Eins vil jeg benda á það, að þegar bæði ríkið og bærinn eru orðnir eigendur, verður alt eftirlit nákvæmara. Og þá er eitt eftir enn, sem jeg tel aðalatriðið: Öll sanngirni mælir með því, að verðhækkun, sem verða kann í framtíðinni, falli í hlutaðeigandi bæjarsjóð, því það eru íbúar Eyjanna, einstaklingarnir, sem auka verðgildi jarðeignanna og lóðanna með fjárframlögum og atorku sinni, en ekki aðgerðalaust ríkið. Það er því mjög eðlilegt, að Vestmannaeyingar vilji, að bæjarsjóður þeirra fái hlutdeild í þessari verðhækkun Eyjanna, enda hefir bærinn lagt mikið fje fram til þess að gera Eyjarnar byggilegri. Sem dæmi má nefna höfnina, sem allir kunnugir vissu hve mikil nauðsyn var á, þar sem Eyjarnar liggja fyrir opnu hafi. Með hliðsjón af því er farið fram á það í frv., að landið á vissu svæði kringum

höfnina falli endurgjaldslaust til hennar. En til þess að ná þessum rjetti þarf að breyta ákvæðum í hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar frá 1913. Eins er athugandi, að lóðir allar út frá þessu svæði, sem fellur til hafnarinnar, hækka í verði, og að ræktun og ýms afnot af þeim verður meiri en áður, og verður það gróði landsins og bæjarsjóðs.

Jeg álít, að þetta mál sje svo þýðingarmikið, að eigi megi flana að því á neinn hátt, og væri mjer kærkomið, ef því yrði vísað til allsherjarnefndar, því jeg álít hana vel bæra að dæma um þetta með sanngirni, og því vildi jeg vísa málinu frekar þangað en til fjárhagsnefndar, að í allshn. á einn lögfræðingur sæti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 : 6 atkv. og til allshn. (sjá A. bls. 656) með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

17. Útflutningsgjald af síld.

Á 38. fundi í Ed., fimtudaginn 6. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld (þm.frv., A. 203).

Á 39. fundi í Ed., föstudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Ed., þriðjudaginn 11. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Karl Einarsson): Ástæðurnar fyrir því, að frv. þetta er fram komið, eru teknar fram í greinargerðinni, og get jeg látið mjer nægja að vísa til hennar. Vænti jeg þess, að hv. deild skilji nauðsyn málsins og leyfi frv. að ganga áfram. Legg jeg það til, að því verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til fjhn. (sjá A. bls. 654) með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.